ÁR 1901, hinn 1. dag júlímánaðar, var hið 16. löggefandi alþingi sett í Reykjavík.

Fyrst söfnuðust alþingismenn ásamt landshöfðingja Magnúsi Stephensen í alþingishúsinu og gengu þaðan til guðsþjónustugerðar í dómkirkjunni.

Magnús prófastur Andrésson, þm. Mýr. prédikaði og hafði fyrir texta Koloss. 3, 17, en lagði út af orðunum: „Fram í Jesú nafni".

Að lokinni guðsþjónustugerð, gengu menn aftur í þinghúsið og inn í þingsal neðri deildar. Var þá fyrst sunginn sálmurinn: „Alþingi vér setjum í allsherjar konungsins nafni" o. s. frv. og leikið með á horn. Gekk landshöfðingi því næst til forsetasætis og las upp skipun konungs til sín um að setja þingið, dags. 17. maí 1901, svo hljóðandi:

Christian hinn níundi, af guðs náð Danmerkur konungur, Vinda og Gauta, hertogi í Slesvík, Holsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski, Láenborg og Aldinborg.

Vora sérlegu hylli!

Vér veitum allrmildilegast þér, sem landshöfðingja Vorum yfir Voru landi Íslandi, vald til að setja hið reglulega alþingi, sem kemur saman mánudaginn 1. júlímánaðar næstkomandi, og átt þú þar að auki að birta alþingi boðskap Vorn, sem hérmeð fylgir og dags. er í dag.

Þetta er vilji vor!

Felandi þig guði!

Ritað á Amalíuborg 17. maí 1901.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.). *Goos.*

Til Vors elskulega herra Magnúsar Stephensens, kommandörs af dannebrogsorðunni og dannebrogsmanns, Vors landshöfðingja yfir Íslandi!

Að því búnu kvaðst landshöfðingi samkvæmt því valdi, er honum þannig allramildilegast væri veitt, lýsa því yfir, að

Alþingi Íslendinga væri sett.

Stóð þá upp þm. Reykvíkinga Tryggvi Gunnarsson og mælti:

„Lengi lifi konungur vor Kristján hinn níundi", og tóku þingmenn undir það í einu hljóði.

Því næst las landshöfðingi upp boðskap konungs til alþingis, dags. 17. maí 1901, svo hljóðandi:

Christian hinn níundi *o. s. frv.*

Vora konunglegu kveðju!

Með alúðar þakklæti og gleði höfum vér veitt móttöku ávarpi því, er neðri deild alþingis hefir sent Oss, og er nýr vottur um hollustu hinnar íslenzku þjóðar til Vor og hlýja hluttöku hennar ekki síður í þeim sorgum, sem Vér höfum orðið fyrir og Vor konungsætt, en í fagnaðaratburðum þeim, er Oss hefir auðnast að lifa.

Vér lítum og með gleði aftur í tímann á þann dag, er Oss auðnaðist með návist Vorri á hinni minningaríku eyju að vígja hið nýja tímabil í sögu Íslands, er hefst með stjórnarskránni frá 1874, og Vér lítum með alþingi Voru á það með þakklátri viðurkenning, hve miklar framfarir hafa orðið síðan á þeirri undirstöðu, er þá var lögð.

Óskir þær, er menn engu að síður hafa á Íslandi um breytingar á þessari undirstöðu, hafa hingað til ekki fengið fylgi alþingis með þeirri takmörkun á þeim, er

geri það hægt yfirleitt að verða við þeim, eða í þeirri mynd sérstaklega, er stjórn Vor hefir á tveim síðustu þingum lýst aðgengilega, án þess hún hafi sjálf borið málið fram; en fáist fylgi alþingis til þessa í ár, er það framvegis ætlan Vor að synja ekki, er til kemur, um samþykki Vort til þess, að þannig breytt skipun megi komast á.

Með hinum heitustu óskum um framtíð Íslands og einlægri von um, að starf alþingis verði og landi til heilla og hamingju, heitum vér því hylli Vorri og konunglegri mildi.

Ritað á Amalíuborg 17. maí 1901 undir vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.

(L. S.). *Goos.*

Boðskapur konungs til alþingis.

Þessir þingmenn mættu við þingsetninguna:

A. Konungkjörnir.

Julius Havsteen, 1. kgk. þm.
Hallgrímur Sveinsson, 2. kgk. þm.
Kristján Jónsson, 3. kgk. þm.
Jónas Jónassen, 4. kgk. þm.
Árni Thorsteinsson, 5. kgk. þm.
Eiríkur Briem, 6. kgk. þm.

B. Þjóðkjörnir.

Axel V. Tulinius, 1. þm. S.-Múl.
Björn Bjarnarson, þm. Borgf.
Björn Bjarnason, þm. Dal.
Björn Kristjánsson, 2. þm. G.-K.
Einar Jónsson, 1. þm. N.-Múl.
Guðjón Guðlaugsson, þm. Strand.
Guðlaugur Guðmundsson, þm. V.-Sk.
Guttormur Vigfússon, 2. þm. S.-Múl.
Hannes Hafstein, 2. þm. Ísf.
Hannes Þorsteinsson, 1. þm. Árn.
Hermann Jónasson, 1. þm. Húnv.
Jóhannes Jóhannesson, 2. þm. N.-Múl.
Jósafat Jónatansson, 2. þm. Húnv.
Klemens Jónsson, 1. þm. Eyf.
Lárus H. Bjarnason, þm. Snæf.
Magnús Andrésson, þm. Mýr.
Magnús Torfason, 2. þm. Rangv.

Ólafur Briem, 1. þm. Skgf.
Ólafur Ólafsson, þm. A.-Sk.
Pétur Jónsson, þm. S.-Þing.
Sigurður Jensson, þm. Barðstr.
Sigurður Sigurðsson, 2. þm. Árn.
Skúli Thoroddsen, 1. Ísf.
Stefán Stefánsson, 2. þm. Eyf.
Stefán Stefánsson, 2. þm. Skgf.
Tryggvi Gunnarsson, þm. Rvk.
Valtýr Guðmundsson, þm. Vestm.
Þórður Guðmundsson, 1. þm. Rangv.
Þórður J. Thoroddsen, 1. þm. G.-K.

Ókominn til þings var þm. N.-Þing. Arnljótur Ólafsson og gat landshöfðingi þess að hans væri eigi von að svo stöddu sökum sjúkleika.

Kvaddi þá landsh. hinn elzta þm. er viðstaddur var, hinn 5. kgk. þm., Árna Thorsteinsson, til að gangast fyrir prófun kjörbréfa hinna nýkosnu þingmanna og kosning forseta hins sameinaða þings.

Gekk þá hinn 5. kgk. þm., Árni Thorsteinsson, til forsetasætis og kvaddi sér til aðstoðar sem skrifara 1. þm. N.-Múl., Einar Jónsson, og hinn 6. kgk. þm., Eirík Briem.

Þá var þingmönnum öllum skift í 3 deildir með hlutkesti, til þess að prófa kjörbréf hinna nýkosnu þingmanna.

Að lokinni prófun kjörbréfa (sjá síðar), og er allar kosningar voru teknar gildar, lét aldursforseti útbýta eiðsskýrslunum til undirskriftar. Tók þá

Klemens Jónsson til máls á þessa leið: Eg sé að h. aldursforseti lætur útbýta eiðsstafsblöðunum til undirskriftar til allra þingmanna. En eg skil 30. gr. stjórnarskrárinnar þannig, að það sé einungis þeir þingmenn, sem eiga að vinna eið, sem ekki hafa áður átt sæti á alþingi. Ætti greinin að skiljast þannig, að allir þingmenn ættu að vinna eið að stjórnarskránni eftir nýjar kosningar, væri orðið „nýjar“ í nefndri grein með öllu óþarft; greinin ætti þá blátt áfram að hljóða þannig: „Sérhver þingmaður skal vinna eið“ o. s. frv. Þessi skilningur kemur auk þess

alveg heim við það, sem venja er, bæði í borgaralegum málum og sakamálum, að taka ekki eiða af neinum, nema ástæða sé til, en þessi eiður er gersamlega óþarfur þeim, sem áður hafa unnið hann. Ástæðan til þess, að allir þingmenn hafa að undanförnu verið látnir vinna þennan eið eftir nýjar kosningar, er vafalaust sú, að tilsvarandi grein (55. gr.) í hinum dönsku grundvallarlögum var þangað til fram yfir 1880 skilin á þennan veg, að allir ættu að vinna eiðinn, en þá var þetta aftekið. Þótt vér höfum nú ekki haldið þessari óvenju eins lengi, eins og Danir, finst mér þó vera kominn tími til að afnema hana, og leyfi mér því að skjóta því til h. aldursforseta og hæstv. landsh., hvort þeim finnist ekki ástæða til að aftaka þessa venju, sem eg vona að eg hafi sýnt fram á að er gagnstæð réttum skilningi á stjórnarskránni.

Aldursforseti bar þá þetta undir landshöfðingja, og lýsti hann því þá yfir, að hann hefði haft þennan skilning á greininni, og auk þess fyndust sér þessir ítrekuðu eiðar ekki miða til annars en að rýra helgi eiðsins.

Samkvæmt þessu voru einungis þeir þingmenn látnir vinna eið að stjórnarskránni, er eigi höfðu átt sæti á þingi áður.

Þá var kosinn forseti hins sameinaða þings og var 6. kgk. þm.,

Eiríkur Briem,

kosinn með 18 atkv., — 2. kgk. þm., Hallgrímur Sveinsson, hlaut 16 atkv.

Gekk þá hinn nýkosni forseti til forsetasætis og lét kjósa varforseta hins sameinaða þings og hlaut kosningu 1. kgk. þm., Julius Havsteen, með 18 atkv.; næst honum fékk 3. kgk. þm., Kristján Jónsson 14 atkv.

Þá voru kosnir skrifarar sameinaðs þings, og hlaut Jóh. Jóhannesson, 2. þm. N.-Múl., kosningu með 17 atkv. Hannes Hafstein, 2. þm. Ísf., og Ólafur Ólafsson, þm. A.-Sk., fengu 15 atkv. hvor; var þá hlutkesti látið ráða, og kom þá upp hlutur Ólafs Ólafssonar.

Því næst var gengið til kosninga á 6 þjóðkjörnum þingmönnum, til þess, ásamt hinum konungkjörnu, að eiga sæti í efri deild.

Fyrir kosningu urðu:

Ólafur Ólafsson,	þm. A.-Sk.	með 34 atkv.
Sigurður Jensson,	þm. Barðstr.	— 33 —
Gutt. Vigfússon,	2. þm. S.-Múl.	— 33 —
Axel Tulinius,	1. þm. S.-Múl.	— 18 —
Guðj. Guðlaugsson,	þm. Strand.	— 18 —
Magnús Andrésson,	þm. Mýr.	— 18 —

Var síðan fundi slitið.

Rannsókn kjörbréfa.

Eftir að þing var sett, og aldursforseti hafði tekið fundarstjórn í sameinuðu þingi, var þingmönnum öllum skift í 3 deildir með hlutkesti, til þess að prófa kjörbréf hinna nýkosnu þingmanna, og urðu þessir þingmenn í 1. deild:

Guðlaugur Guðmundsson,
Hannes Þorsteinsson,
Jónas Jónassen,
Kristján Jónsson,
Lárus Bjarnason,
Magnús Andrésson,
Magnús Torfason.
Ólafur Ólafsson,
Sigurður Jensson,
Skúli Thoroddsen,
Þórður Thoroddsen,

en í 2. deild:

Björn Bjarnarson, þm. Borgf.
Björn Kristjánsson,
Einar Jónsson,
Eiríkur Briem,
Guttormur Vigfússon,
Hannes Hafstein,
Jóh. Jóhannesson,
Jul. Havsteen,
Stefán Stefánsson, 2. þm. Eyf.,

Valtýr Guðmundsson,
Þórður Guðmundsson,

og í 3. deild:

Axel Tulinius,
Björn Bjarnason, þm. Dal.,
Guðjón Guðlaugsson,
Hallgrímur Sveinsson,
Hermann Jónasson,
Jósafat Jónatansson,
Klemens Jónsson,
Ólafur Briem,
Pétur Jónsson,
Sigurður Sigurðsson,
Stefán Stefánsson, 2. þm. Skgf.,
Tryggvi Gunnarsson.

Síðan gengu deildirnar burt úr salnum að starfi sínu. Að nokkrum tíma liðnum, komu deildirnar aftur í salinn og skýrðu frá rannsókn kjörbréfanna.

Fyrsta deild, sem rannsakaði kjörbréf þjóðkjörinna þingmanna í 3. deild, hafði kosið sér framsögumann, 3. kgk. þm.,

Kristján Jónsson, er gat þess að hans deild hefði fengið til rannsóknar kosningargjörðir 11 þingmanna. Að því er snerti kosningu 10 þeirra, væri þess að geta, að smágallar væru að vísu á sumum af kjörbréfunum og kosningargjörðunum, en deildin áliti þó, að þeir hefðu ekki þá þýðingu, að þeir gætu staðið fyrir samþykki kosninganna, enda hefði engin kæra komið fram þeim viðvíkjandi; aftur á móti væri öðru máli að gegna að því, er snerti kosningu þingmanns Dalamanna (Bj. Bj.); henni viðvíkjandi hefði deildinni borist kæra frá 4 kjósendum í Dalasýslu, og þess óskað í kærunni, að þingið tæki kosninguna til athugunar. Misfellur þær, sem kvartað er yfir, eru þessar: Að kjörfundardagurinn hafi ekki verið auglýstur með nægum fyrirvara, og birting hans hafi verið yfir höfuð í því ólagi, að ekki hafi verið trygging fyrir því, að kjósendur fengju að vita kjörfundardaginn, sízt fyrr en í ótíma. Hitt kæruatriðið er um framkomu þingmannsefnisins kjördaginn. Það er kvartað yfir því, að hann sem kjörstjóri hafi mælt nokkuð freklega með sjálfum sér, en móti keppinaut sínum. Kæru þessari fylgja ýms vottorð. Deildin gat ekki tekið kæruna til nógu rækilegrar rannsóknar vegna naumleika tímans, en áleit, að það bæri þó að gefa henni þann gaum, að kjósa nefnd, til að íhuga hana, svo að kærendur geti ekki borið þinginu á brýn, að það hefði virt kæru sína að vettugi og hrapað að því að samþykkja kosninguna. Fyrir því kvaðst hann hafa umboð til fyrir deildarinnar hönd að bera þá tillögu fram, að frestað yrði að samþykkja kosningu þm. Dal. (Bj. Bj.), þangað til nefnd hefði fjallað um málið.

Klemens Jónsson kvaðst verða að játa, að sér fyndist kæra þessi koma nokkuð undarlega við, þar sem hún kæmi ekki hinn vanalega veg nfl. gegnum landshöfðingjaskrifstofuna, heldur hefði henni nú á þessu seinasta augnabliki verið varpað inn á þingið, á bak við þm. Dal. (B. B.), og án þess að honum hefði gefist tími til nje tækifæri að kynna sér hana, og koma fram með sínar aths. gegn henni. Hann kvaðst álíta kæruna þannig vaxna, að ekki væri ástæða til að fresta samþykki kosningarinnar hennar vegna; framsm. hefði ekki nefnt nema 4 undirskrifendur undir kærunni, og bæri það ekki vott um mikinn áhuga á málinu í Dalasýslu, auk þess mundi einn af undirskrifendunum, Guttormur Jónsson, ekki einu sinni hafa verið kjósandi. — Það hefðu aðallega verið borin fram tvö kæruatriði; annað það, að kjörfundur hefði ekki verið boðaður með nægum fyrirvara, en hitt, að þingmannsefnið hefði mælt fram með sjálfum sér. Hvað fyrra atriðið snerti, væri hægt að sanna, að kjörfundurinn hefði verið boðaður með nægum fyrirvara, þar sem auglýsingin hefði verið dagsett 14. ágúst, en kjörfundurinn eigi haldinn fyr en 15. september og fundarboðið borist um alla hreppana 18. og 19. ágúst,

nema eina tvo, nfl. Laxárdals- og Hvammshrepp, en það væri upplýst orðið, að það hafi ekki verið kjörstjóra að kenna að fundarboðið barst eigi í tíma um þá hreppa. Hann kvaðst hafa í höndum vottorð, gefið undir eiðs tilboð, frá verzlunarstjóranum í Búðardal um það, að hann hafi veitt kjörfundarboðinu í þessa tvo hreppa móttöku 18. ágúst, og að hann hafi sent það frá sér, en það hafi á einhvern hátt glatast. Enn fremur kvað hann það vitanlegt, að þegar sýslumaður varð þess vísari, að kjörfundarboðið kom eigi fram í Laxárdalshrepp í tæka tíð, þá hafi hann gert sér það ómak að taka afskrift af því og fara með það sjálfur um allan hreppinn. Það væri og eitt atriði, er sýndi það, að kjósendum hafi verið kunnugt um kjördaginn, að af 27 kjósendum í Laxárdalshreppi hefðu 19 mætt á fundinum, og af hinum 8 hefðu 3 verið fluttir burt úr hreppnum, þetta gæti hann sannað nú þegar, því hann hefði í höndum kjörskrá þessa hrepps í frumriti. Þegar það nú væri vitanlegt, að kjörfundur hefði verið boðaður með nægum fyrirvara í mestum hluta sýslunnar, og að þar sem misbrestur hefði orðið á því, hefði verið bætt úr því á þann hátt, sem nú var greint, þá virtist ekki vera minsta ástæða til að neita að samþykkja kosninguna fyrir þessar sakir, einkum þegar tekið væri tillit til þess, að það hefði hingað til verið venja þingsins að vilja því að eins ónýta þingmanns kosningu, að sýnilegt væri, að gallarnir hefðu haft áhrif á kosningarúrslitin, en um það væri alls eigi að ræða, auk þess sem atkvæðamunur væri harla mikill, þar sem þingmaðurinn hefði fengið 93 atkv. en keppinautur hans að eins 56 atkv. Í þessu sambandi mætti og benda á kosningu, sem tekin hefði verið gild áður, þar sem kjörfundur í öllum hreppum einnar sýslu hefði verið boðaður með að eins þriggja vikna fyrirvara í öllum hreppum, nfl. við kosningu þm. Mýr. 1894, og væri því eigi ástæða til annars en taka kosninguna gilda, enda væri innan handar samkvæmt 3. grein þingskapanna að setja síðar nefnd, til að rannsaka málið betur. Hvað hitt atriðið snerti, nfl. að þingmannsefnið hafi mælt freklega fram með sér í kjörstjórasæti, þá mundi, eftir þeim upplýsingum, sem hann hefði fengið, ekki hafa verið nein veruleg brögð að því, enda lægi hér ekki fyrir nein kvörtun frá keppinaut hans yfir því og væri það bezta sönnunin fyrir því, að ekki væri neitt að athuga við kosninguna, það lagi í hlutarins eðli, að eigi væri hægt að bjóða sig fram til þings, án þess að mæla fram með sér.

Lárus H. Bjarnason kvaðst geta verið sammála 1. þingm. Eyf. (Kl. J.) um það, að rétt væri fyrir þingið að amast eigi við kosningu, nema full ástæða væri til, en úr því á annað borð væri farið að hreyfa þessu máli, þá væri vert að athuga, hvort 2. þm. Árn. hefði fullnægt kjörgengisskilyrðunum; það mundi vera nokkuð vafasamt, í hvaða flokk kjörgengra manna honum yrði skipað. Að vísu hefði sér verið skýrt frá, að hann mundi vera kaupstaðarborgari, en þá væri spurningin um það, hvort hann hefði greitt 8 kr. til sveitar, því að öðrum kosti hefði hann eigi kjörgengi. Hann kvað sér að vísu í þessu augnabliki vera sýnd kvittun fyrir því, að hann hefði greitt 10 krónur, en þá væri enn vafi á því, hvort þessar 10 krónur hefðu verið sveitaútsvar eða ekki.

Kristján Jónsson (frsm.) kvað hér blandað saman tveimur málum, sem hann áliti að ættu ekki saman; hann kvaðst geta fullvissað þm. Snæf. um, að hræðsla hans að því, er snerti kosningu 2. þm. Árn., væri ekki á rökum byggð. Í höndum deildarinnar væri bréf frá bæjarfógeta Reykjavíkur, er sýndi, að þingmaðurinn, Sig. Sigurðsson, hefði 12 .spet. 1900 verið verzlunarborgari; sömuleiðis væru og skilríki fyrir því, að honum hafi borið

að greiða 10 kr. í aukaútsvar til Reykjavíkur bæjar, því að téðu gjaldi hefði verið jafnað á hann sem auka-útsvari, áður en hann bauð sig fram til kosningar. Um þetta kvað þingm. sér kunnugt, með því að hann sjálfur hefði setið í niðurjöfnunarnefnd bæjarins. Að því er snertir kosningu þm. Dal., væri síður en svo, að hann vildi koma ógætilega fram eða meinbægilega í hans garð; en það mætti ekki taka tillit til tilfinninganna einna saman í þessu máli, heldur yrði einnig að gefa því alvarlegan gaum, að heiðvirðir borgarar, kjósendur á þessu landi, bera fram kærur sínar fyrir þingið. Þeir treysta því að sjálfsögðu, að það muni taka þær til rækilegrar íhugunar. Hér sé spurning um það, hvort rétt sé og sæmilegt að varpa frá sér kæru, sem geti verið á rökum bygð, og gefa henni ekki einu sinni svo mikinn gaum, að vísa henni til sérstakrar nefndar; einmitt þeirri reglu hafi verið fylgt, þegar kært var yfir kosningu þm. Mýr. fyrir nokkrum árum, og nefnd sú, sem þá var skipuð, hafi sett sér það mark og mið, að rannsaka til fullnustu, hvort misfellur þær væru fyrir hendi, er mundu hafa getað haft nokkur áhrif á kosningarúrslitin. Niðurstaða rannsóknarinnar hafi orðið sú, að svo muni eigi hafa verið, og eins gæti vel verið, að hér færi. Hann kvað rannsóknina einkum nauðsynlega, þegar svo alvarlegar kærur væru bornar fram, sem þær, að sumir kjósendur hefðu alls eigi vitað um kjörfundardaginn og aðrir eigi fyr en 3—4 dögum á undan honum. Hann hélt því alvarlega fram, að þingið ætti að fresta málinu, til þess að það yrði rannsakað ýtarlega, hver fótur væri fyrir kærunum, svo að kærendurnir eigi gætu sagt, að þeim væri hrundið umhugsunarlaust og að óprófuðu máli. —

Klemens Jónsson kvað framsm. hafa talað um, að þingið ætti að bera rétt kjósenda fyrir brjósti sér, en þess væri þó að gæta, að kærur kjósenda gætu verið svo ástæðulausar, að sómi þingsins væri í veði, ef þeim væri sinnt, þótt ekki skyldi neitt um það sagt, hvort hér væri um slíkt að ræða; hvað eigi ástæðu til að fara harðara í sakirnar hér, en þegar kærurnar komu fram um kosningu þingmanns Mýr.; þar virtust þó gallarnir hafa verið enn meiri en hér, þar sem það hefði verið samfara, að kjörfundur hefði ekki verið boðaður, nema með þriggja vikna fyrirvara, og hitt, að kjörstaðurinn hefði verið fluttur í heimildarleysi; eigi að síður hefði kosningin verið tekin gild, aðaláherzluna kvaðst hann annars leggja á það, að það hefði jafnan verið föst venja af þinginu að samþykkja kosningu, þótt einhverjar misfellur hefðu átt sér stað, að eins ef þær hefðu ekki verið þess eðlis, að þær hefðu haft áhrif á kosningarúrslitin. Þar sem slíkt nú hefði ekki átt sér stað hér, þá væri það lítt skiljanlegt, að þessari kosningu yrði hnekt, og því, eigi ástæða til að eyða tíma þingsins með því að skipa nefnd, til að rannsaka málið.

Skúla Thoroddsen fanst þm. Eyf. líta fremur á þessa kosningu frá pólitisku sjónarmiði, en frá sjónarmiði sanngirninnar og réttlætisins; 1. þm. Eyf. (Kl. J.) virtust kærur þessar lítilsverðar, af því að þær hefðu ekki komið landshöfðingjavegginn, en þess væri að gæta, að það væri mjög eðlilegt, þótt kjósendur beindu málum sínum fremur beint til þingsins sjálfs, þar sem þeir mundu yfir höfuð vænta meiri árangurs af því, en af hinu, að fara skrifstofuleiðina, eins og hún oft og einatt reyndist hér á landi. Hvað því viðvíki, að svo fá nöfn væru rituð undir kæruna, þá mætti eigi meta gildi hennar eftir því, því að sjálfsagt hefði verið hægt að safna fjölda undirskrifta undir hana, en þess eigi verið talin þörf, því að í sjálfu sér væri þinginu jafnskylt að tak til athugunar kæru frá einum kjósanda, eins og frá hundrað. Taldi hann það á-

ríðandi að hrapa eigi að, að samþykkja kosninguna nú þegar. Kjörfundurinn hefði verið mjög óreglulega boðaður. Eftir því sem segir í kæruskjalinu hefði fundarboðið að vísu verið dagsett fullum 4 vikum fyrir kjörfundinn, en eftir því sem sýslumaðurinn hefði skýrt sjálfur frá á kjörfundinum, þá hefði hann eigi þann dag, er hann dagsetti fundarboðsseðlana, verið búinn að dagsetja sjálfan kjörfundardaginn, en hefði látið vera eyðu fyrir dagsetningunni, og eigi fylt þá eyðu út fyr en síðar. Reyndar mun sýslumaðurinn hafa reynt að bæta nokkuð úr misfellunum á kjörfundarboðinu með því að ríða sjálfur um hrepp þann, þar sem kjörfundarboðið kom eigi fyr en 3—4 dögum á undan kjörfundi, en þó lægju hér fyrir vottorð frá 2 kjósendum um það, að þeir hefðu eigi fengið nein skeyti, hvorki frá sýslumanni né öðrum um það, hvenær kjörfundurinn ætti að haldast. Hvað því viðvíki, að svo mikill atkvæðamunur hefði orðið við kosninguna, að misfellurnar hefðu engin áhrif getað haft á úrslit hennar, þá væri þess að gæta, að í kærunni stæði, að sumir hefðu verið fulltrúa um, að kjörfundur, sem að boðaður væri, sem kjörfundurinn í Dalasýslu, væri ólögmætur, og kosning sú, sem þar færi fram, ógild, svo að árangurslaust væri að sækja kjörfundinn og nota kosningarrétt sinn; kjörfundarskýrslan bæri það og með sér, að margir hefðu setið heima, og hver má vita, hve margir hafa gjört það einmitt fyrir þessa sök? Þetta væri nú annað kæruatriðið, en hitt kæruatriðið væri eigi minna vert, þar sem kjörfundarstjóranum væri borið á brýn, að hann hefði mælt kröftuglega fram með sjálfum sér, en móti keppinaut sínum; meðal annars hafi hann steytt hnefann úr kjörstjórasætinu framan í kjósendurna og gefið í skyn, að þess skyldi verða minnst, hvernig kjósendur kæmu fram gagnvart sér. Einmitt nú á þessum tímum, þegar þeir, sem setið hafa í kjörstjórasætum, hafa vaðið töluvert uppi, þá væri brýn þörf á, að þingið heimtaði, að fyrirmælum kosningarlaganna væri stranglega fylgt. Þeir, sem þektu, hve lítilsigldur og bundinn margur kjósandinn væri, mundu geta getið því nærri, hver áhrif það gæti haft, þegar hnefunum væri steytt frá kjörstjórasæti framan í kjósendur. Ef því nú þingið varpaði kærunni frá sér og vildi ekki virða hana svo mikils, að rannsaka hana, þá mætti það teljast ósæmilegt. Þetta kvað hann vaka fyrir sér, er hann vildi, að frestað væri að samþykkja kosninguna.

Lárus H. Bjarnason kvaðst vilja gera þá stuttu athugasemd, að sér þætti svo sem lítið gagn mundu verða að því, að setja nefnd til að rannsaka málið, með því að óhjákvæmilegt mundi vera, að senda vestur í Dalasýslu til að leita upplýsinga og vottorða, svo framarlega sem rannsóknin ætti að verða nokkuð annað en hálfverk, en til þess yrði vitanlega enginn tími.

Björn Bjarnarson (þm. Dal.) kvaðst verða að gera nokkrar athugasemdir við ræðu h. 1. þm. Ísf. (Sk. Th.). Hvað því þá fyrst og fremst viðviki, að hann hefði skrifað eyðublöð og fylt þau út síðan og að það hefði verið ofseint gert, þá væri því að svara, að svo hefði staðið sérstaklega á, að sér hefði ekki verið hægt að ákveða kjörfundardaginn, um leið og hann dagsetti kjörfundarboðið, en það hlyti þó hver maður að sjá, að eyðurnar hefði hann orðið að fylla út, áður en hann sendi kjörfundarboðið frá sér, en það hefði hann gert dagana 16.—18. ágúst Kveldið áður en kjörfundur var haldinn, hafi hann fengið hótunarbréf þess efnis, að ef hann eigi hætti þessu kosningabraski, þá mundi verða kært yfir ýmsu atferli hans við undirbúning kosninganna, sem þagað mundi yfir, ef hann drægi sig til baka. Þegar nú þar að auki einn maður á kjörfundinum hefði beitt við sig persónulegum

skömmum, þá hefði sér runnið í skap, lesið upp bréfið, steytt hnefann, eða eiginlega steytt bréfið út í loftið, og sagt, að þetta skyldi koma í blöðin; en þetta hefði hann ekki gert sem kjörfundarstjóri, enda eigi minsti efi á, að ef svo hefði verið, þá mundu þessir háttv. herrar hafa verið búnir að kæra sig fyrir yfirboðurum sínum. Hvað það atriði snerti, að kjörfundurinn hefði verið boðaður ofseint, þá gæti hann sannað það, að hann hefði afhent réttum hlutaðeigendum kjörfundarboð í alla hreppa sýslunnar nema tvo, nfl. Hvammshrepp og Laxárdalshrepp, dagana 16, 17. og 18. ágúst, og af vitnisburði verzlunarstjórans í Búðardal sæist það, hvernig á því stæði, að kjörfundarboðin í þessa tvo hreppa hefðu eigi komið í tækan tíma, og mundi varla vera hægt að gefa sér sök á því. Þá væri nú að athuga það, hvort það gæti haft nokkur áhrif á kosninguna, að kjörfundarboðið úr Laxárdalshreppi glataðist um stund; kjósendur í þeim hreppi væru alls 27, og af þeim hefðu 19 mætt á kjörfundinum, en 3 verið fluttir burt úr hreppnum. Sönnun fyrir því, að menn hafi þar alment vitað um kjörfundinn, mátti telja það, að andstæðingar sínir riðu um þveran og endilangan hreppinn á undan kjörfundinum. Úr Hvammshreppi mættu allir kjósendur nema einn; hér gæti því eigi verið að ræða um fleiri en 6 atkvæði manna, er segja mætti um, að ekki hefðu vitað af kjörfundinum, og þar sem hann nú hefði fengið 93 atkvæði við kosninguna, en mótstöðumaður hans að eins 56, þá væri það auðsætt, að þessi 6 atkvæði hefðu engin áhrif getað haft á hana. Þar sem sér væri borið það á brýn, að hann hefði mælt á móti keppinaut sínum, þá væru þau rök fyrir því, að þegar hann hefði eignað sér vegalög vor og vegabætur þær, sem gerðar hefðu verið, síðan þau komu í gildi, þá kvaðst hann hafa sagt, að það væru eigi lögin, heldur fjárframlögin, sem hefðu komið vegabótunum til leiðar, og enn fremur kvaðst hann hafa talið sig kunnugri í sýslunni, en maður úr öðrum landsfjórðungi gæti verið.

Valtýr Guðmundsson kvað það að vísu hafa verið tekið fram, að gallar á kosningunni væru eigi svo mikilvægir, að þeir gætu haft áhrif á úrslit hennar, en sér fyndist, að ræða hins heiðraða þingmanns sjálfs hafi staðfest töluvert af því, sem í kærunni stæði. Þingmaðurinn hefði sjálfur kannast við, að kjörfundarboðin hefðu komið ofseint í suma hreppa og að hann hefði á kjörfundi komið fram með reiði og steytt hnefann; þar sem slík framkoma væri algerlega á móti fyrirmælum kosningarlaganna, þá væri varhugavert að löghelga þannig lagaða framkomu framvegis, og ef þingið tæki eigi til greina slík gögn og hér eru fram komin frá hlutaðeigendum sjálfum, þá virðist svo sem rétt sé að álíta, að þingið telji öllum kjörstjórum á landinu leyfilegt að koma fram á líkan hátt og kjörstjóri sá, sem hér ræðir um, er sakaður um að hafa komið fram á. Sér fyndist hér vera tvent, sem yrði að taka tillit til, bæði til kjósenda, sem leita ásjár hjá þinginu, og til þingsins sjálfs, að það eigi ekki að láta mönnum haldast það uppi, að ganga ábyrgðarlaust í berhögg við ákvæði kosningalaganna; slíkt mundi geta haft hættuleg eftirköst.

ATKVGR.: Þegar hér var komið, var eftir ósk 12 nafngreindra þingmanna samþykt, að umræðum skyldi hætt.

Því næst var samþykt með 19 atkv., að taka kosning þm. Dal. gilda. Síðan voru hin kjörbréfin 10, er deildin hafði til meðferðar, samþykt umræðulaust.

2. deild hafði rannsakað kjörbréf 1. deildar og 3. deild kjörbréf 2. deildar, og var ekkert við nein kjörbréfin að athuga annað en það, að sumstaðar var eigi tilgreind atkvæðatala, er greidd hafði verið

á kjörfundunum. — Kjörbréf beggja deilda voru þá samþykt.

Málið um kjörbréf þingmanns Dalamanna var því næst tekið til frekari umræðu á 2. fundi í sameinuðu þingi 9. júlí eða uppástunga um að setja nefnd til að rannsaka kæruna út af kosningu hans.

Valtýr Guðmundsson: Eins og menn muna, kom fram kæra á 1. fundi hins sameinaða alþingis yfir kosningu þingm. Dal., og var þá jafnframt tekið fram, hverjar misfellur hefðu verið á kosningu þessa þingmanns, en þingið skoðaði þó málið svo, að ekki væru svo miklar misfellur á þessari kosningu, að það gæti ekki eins fyrir það tekið hana gilda, svo að ekki er framar um þá hlið málsins að ræða. En það er gert ráð fyrir því í þingsköpunum, að setja megi nefnd til að rannsaka kæru yfir kosningu þingmanns, þó að kosningin sé tekin gild. Þar sem ýmsar af misfellum þeim, sem kært er yfir, geta haft hættuleg eftirköst í för með sér. ef þingið lætur ekki með einu orði óánægju sína í ljósi yfir þeim, þá verð eg að halda því fram, að rétt sé að kosin verði nefnd til að segja upp álit sitt í þessu efni.

Það er líka til önnur ástæða til þess, að þess konar nefnd verði skipuð, sem sé sú, að enn vantar á þing einn þingmanninn, þm. N.-Þing. (Arnljót Ólafsson), sem enn getur komið og yrði þá að prófa kjörbréf hans, en það gæti þá þessi nefnd gert, ef hann kæmi síðar.

Það er því tvöföld ástæða til þess, að slík nefnd yrði skipuð. Það yrði þá á valdi nefndarinnar, hvað hún vildi gera við hina framkomnu kæru, og henni yrði þá líka falið það atriði til yfirvegunar hvort ekki virtist ástæða til að biðja yfirvöldin að brýna það vel fyrir kjörstjórunum, að líkar misfellur komi ekki fyrir aftur.

Eg finn ekki ástæðu til að fara út í einstök atriði hinnar framkomnu kæru, því að um þau var rætt á fyrsta fundi hins sameinaða alþingis.

Lárus H. Bjarnason: Eins og h. þingmönnum er kunnugt, er fyrsti fundur hins sameinaða alþingis sá almenni hreinsunareldur, sem allar kosningar þingmanna verða að ganga gegnum. Í 3. gr. þingskapanna er svo gert ráð fyrir nefnd, sem kjósa megi til að rannsaka kjörbréf þau, sem seinna hafa komið fram, og kæruatriði þau, sem þingið hefir ekki haft tök á að taka ákvæði um. Það getur sem sé hugsast, að kjörbréf komi of seint. Í öðru lagi geta kæruatriði verið svo vaxin, að ósanngjarnt væri, að þau yrði leidd til lykta á stuttum fundi. Í þriðja lagi getur verið um ný kæruatriði að ræða, sem komið hafa fram, eftir að kosning hefir verið tekin gild. Það eru þannig 3 flokkar, sem þingsköpin gera ráð fyrir, þegar um slíka nefnd er að ræða. En undir engan af þessum flokkum er hægt að heimfæra það atriði, sem hér liggur fyrir, kæruna út af kosning háttv. þingm. Dal. Kjörbréfið kom í tæka tíð. Þingið áleit ekki kæruatriðin svo vaxin, að þau þyrfti að rannsaka nánar, það tók kosninguna gilda. Og engin ný kæruatriði hafa komið fram síðan.

Eg sé því ekki betur, en að það sé enda brot á sjálfum þingsköpunum að fara að skipa nefnd í málið. Hún ætti því að eins við, að um ný kæruatriði væri að ræða.

Eða hvað á nefndin að gera? Ekki annað en að lesa kæruatriðin. En það er sannarlega of stórt „apparat“ að fara að skipa nefnd til þess eins. Eg álít, að það sé ekki að eins á móti þingsköpunum að setja nefnd í svo vaxið mál, heldur sé hún líka allsendis óþörf. Hún getur ekki annað gjört en komið ef til vill með áskorun til landstjórnarinnar um það, að hún gefi þessum embættismanni eða öðrum, er líkt kæmi fyrir hjá, ávítanir í því

efni. En landstjórnin var til staðar í þinginu og þekkir alla málavexti. Landstjórninni er því innan handar sjálfri að gera það, sem henni virðist réttast í þessu máli. Eg verð enda að álíta, að ef þingið setur nú nefnd í málið, þá sjái það ekki fyllileg sóma sinn. Eg get hugsað mér, að landstjórnin áliti sér ekki skylt, að verða við neinni áskorun frá nefnd, sem er sett, til að blanda sér í mál, er henni kemur ekkert við. Þetta mál heyrir undir „forum" landsstjórnarinnar, en ekki alþingis.

Þessi eru aðalatriðin, sem mæla móti því, að nefnd sé skipuð í málið, og skal eg svo ekki fara fleirum orðum um þau, fyr en eg heyri þeim mótmælt.

Julius Havsteen: Að því leyti er til yfirvaldanna kemur í þessu máli, þá skal eg gefa þá upplýsing, að þegar eg í fyrra haust sá grein í „Ísafold", þar sem fundið var að þingkosningar-aðferðinni í Dalasyslu, fann eg ástæðu til að leita álits sýslumanns um greinina. Eg meðtók þar næst skýrslu hans um málið, og sendi hana landshöfðingja; jafnframt tók eg það fram í bréfi mínu til hans, að eg eigi gæti séð, að næg ástæða væri til þess, að koma fram ábyrgð gegn sýslumanni eftir 39. gr. kosningalaganna.

Valtýr Guðmundsson: Eg varð dálítið hissa á ræðu hv. þm. Snæf., þar sem hann gat þess, að sér fyndist það vera brot á þingsköpunum, að kjósa þessa nefnd; en í 3. gr. þingskapanna stendur, að kjósa skuli nefnd til þess að prófa þau kjörbréf, sem fyrst koma fram, eftir að hinni almennu prófun er lokið, og svo til þess að rannsaka kosningar, sem þingið hefur frestað að viðurkenna gildar, eða kærur, sem snerta kosningar, sem þegur eru teknar gildar. Getur nú nokkuð verið ljósara en þetta? Hér er farið fram á að kjósa nefnd til tvenns konar starfa; í fyrsta lagi til þess að rannsaka kjörbréf þm. N.-Þing., sem enn þá eigi er komið fram; í öðru lagi ákveða þingsköpin, að kjósa megi nefnd, til að rannsaka kærur, er snerta kosningar, sem þegar hafa verið teknar gildar; þetta síðarnefnda hlutverk nefndarinnar snertir þá kosningu þm. Dal., sem hér er um að ræða. H. 1. kgk. þm. tók það fram, að hann hefði ekki sem amtmaður fundið ástæðu til að gjöra neitt í þessu máli, eftir þeim upplýsingum, sem hann hefði fengið frá kjörstjóranum sjálfum um þetta mál. En eg get með engu móti talið það fyllilegar upplýsingar, þótt hann hafi fengið umsögn mannsins sjálfs, án þess að hafa séð eða kynt sér kærur þær með undirrituðum vottum, sem fyrir þinginu liggja, og sem þingið hefur enn þá eigi haft tök á að kynna sér, og enda spursmál um, hvort kjördeildin hefur haft tíma til að kynna sér öll vottorðin. Eg verð að álíta það hvatvíslega að farið, ef þingið hirti alls eigi um þessar kærur, er koma frá heiðvirðum kjósendum, og léti þær með öllu afskiftalausar. Það hefur verið tekið fram að kjörfundarboðsskýrslurnar í heild sinni hafi eigi verið sendar út í tæka tíð og fyrst verið dagsettar 14. ágúst, en þá eyða fyrir kjördeginum. H. þm. Dal. hefur sjálfur játað, að hann hafi gefið seðlana þannig út og fylt út síðar í eyðurnar, af því að hann hefði eigi þann dag, er hann dagsetti kjörfundarboðsseðlana, verið búin að ákveða sjálfan kjörfundardaginn. Sömuleiðis virðist aðferð kjörstjóra á sjálfum kjörfundardeginum næsta vítaverð; og þegar svo þar við bætist, að kjörfundurinn var eigi boðaður sumstaðar fyr en 4 dögum á undan, þá riður það næsta mikið í bága við lögin. Ef þetta er látið ganga óátalið, þá verður að álíta, að kjörstjórunum sé heimilt að koma fram á sama hátt framvegis. Vill alþingi slá því föstu að kjörstjórum sé slíkt atferli heimilt framvegis? Ef þingið eigi gjörir neinar athugasemdir við þetta, þá hefur það þar með lýst yfir, að það sé heimilt hér eftir, þótt kjörfundarboð komi eigi fyr en 4

dögum fyrir kjörfund. *(Lárus H. Bjarnason:* útúrsnúningur). Mér finst þingmenn megi eigi í þessu efni taka of mikið tillit hvor til annars; það verður líka að gæta sóma síns sjálfs og laganna; til þess eru lögin, að hlýða þeim. Ef framkoma kjörstjóra kemur að einhverju leyti í bága við lögin, þá er það bein skylda þingsins að finna að því. Ef yfirvöldin eigi hlutast til um það, þá er það eitt af hlutverkum þingsins, að sjá um, að lögum landsins sé hlýtt.

Guðlaugur Guðmundsson: Eg get eigi betur séð en, að eftir þingsköpunum sé skylda að kjósa kjörbréfanefnd. Það er jafnvel skoðun merkra manna, að það skuli gjört undir öllum kringumstæðum, og þar sem enn þá vantar kjörbrjef eins þm., þá álít eg sjálfsagt að kjósa slíka nefnd. Eg skil eigi, að neitt geti verið á móti því, að þeirri nefnd væri falið að láta uppi álit um, hvort henni þætti kosning þm. Dal. (B. B.) þannig löguð, að ástæða væri til, að þingið léti það frekar til sín taka. Eg get eigi betur séð, en að róleg og hlutlaus íhugun í nefnd sé báðum pörtum góð. Ef nefndin ekki finnur neitt athugavert við kosninguna, þá er bæði fyrir þm. sjálfan og, þá sem fylgja svo fast hans máli, þar með sleginn niður sá orðasveimur, að kosning hans sé vítaverð; en ef hún er vítaverð, vilja þá h. þm. varna því, að misfellurnar komi í ljós? Eg efast ei um, að h. þingmenn muni svara þessari spurningu með nei. Eg sé því eigi betur en, að það sé rétt, að kjósa kjörbréfanefnd, hafandi það fyrir augum, að eitt kjörbréf er enn þá ókomið, og vísa svo þessu máli til þeirrar nefndar. Eg efast eigi um, að sú nefnd mundi íhuga málið hlutlaust og rólega og gefa glögga og áreiðanlega skýrslu um það. — Af því að búið er að ræða og rita svo mikið um þetta mál og það með talsverðu kappi, þá álít eg þessa aðferð nauðsynlega, svo að eigi verði eftirleiðis svigrúm fyrir getsakir eða dylgjur, hvorki gagnvart þm. sjálfum eða flokksbræðrum hans. Leyfi eg mér því að koma fram með svo hljóðandi tillögu, sem eg vil með leyfi h. forseta lesa upp, og óska, að sé borin upp til samþyktar: Sameinað þing ályktar, að kjósa kjörbréfanefnd, til þess að rannsaka kjörbréf þm. N.-Þing., þegar það kemur fram. Nefndinni er jafnframt falið að taka til íhugunar kosning þm. Dal. og láta uppi álit um, hvort ástæða sé til þess, að alþing láti þetta mál frekar til sín taka.

Lárus H. Bjarnason: Eg vildi að eins gera eina leiðréttingu við ræðu h. þm. Vestm. (V. G.), þar sem hann bar fyrir sig þingsköpin, þá skal eg leyfa mér að lesa þann part úr 3. gr. þeirra er þetta atriði snertir. Þar stendur: „Sömuleiðis skal kjósa nefnd til þess að prófa þau kjörbréf, *sem fyrst koma fram, eftir að hinni almennu prófun er lokið*, og svo til þess að rannsaka kosningar, *sem þingið hefir frestað að viðurkenna gildar*, eða kærur, *sem snerta kosningar*, sem þegar eru teknar gildar". Í þessum 3. lið liggur ótvíræðlega, að hér er að eins að ræða um kærur eftir að kosningin hefir verið tekin gild, og eg skýt því til allra lögfróðra manna í þinginu, hvort þessi skýring sé eigi rétt.

Að því er tillöguna snertir, þá er eg ekkert á móti því, að setja nefnd, til að rannsaka það eina kjörbréf, sem enn er ókomið, en eg álít það vera ástæðulausan slettirekuskap, að hreyfa nokkuð við kosningu þm. Dal. (B. B.). Það væri þá betur heima setið en á stað farið, ef nefndin gæfi bendingar til landstjórnarinnar, sem landstjórnin ef til vill gæti virt að vettugi. Skal eg svo eigi fara lengra út í þetta mál.

ATKVGR.: Var tillagan svo borin upp í tvennu lagi. Fyrri liður till. samþyktur með 19 atkv. Annar liður till. feldur með 16 : 16 að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu

Já:
Jóh. Jóhannesson,
Ól. Ólafsson,
Axel V. Tulinius,
Björn Kristjánsson,
Guðl. Guðmundsson,
Hallgr. Sveinsson,
Kristján Jónsson,
Magnús Andrésson,
Magnús Torfason,
Ólafur Briem,
Sig. Jensson,
Sig. Sigurðsson,
Sk. Thoroddsen,
St. Stefánsson, 2. þm. Skagf.,
Valtýr Guðmundsson,
Þ. J. Thoroddsen,

Nei:
Árni Thorstsinsson,
Björn Bjarnars. þm. Borgf.,
Einar Jónsson,
Guðjón Guðlaugsson,
Guttormur Vigfússon,
Hannes Hafstein,
Hannes Þorsteinsson,
Hermann Jónasson,
Jónas Jónassen,
Jósafat Jónatansson,
Julius Havsteen,
Klemens Jónsson,
Lárus H. Bjarnason,
St. Stefánsson, 2. þm. Eyf.
Tryggvi Gunnarsson,
Þórður Guðmundsson.

Þm. Dal. greiddi eigi atkvæði.

Var þá kosin nefnd samkvæmt 1. lið tillögunnar og hlutu kosningu:
Kristján Jónsson, 3. kgk. þm., með 19 atkv.
Guðl. Guðmundsson, þm. V.-Sk. — 14 —
Ólafur Briem, 1. þm. Skagf. — 12 —

Í nefndinni eru samkvæmt 3. gr. þingskapanna forsetar beggja deilda sjálfkjörnir.

FYRSTI FUNDUR í efri deild, mánudag 1. júlí.

Eftir að hið sameinaða alþingi hafði lokið störfum sínum, kom efri deild alþingis saman í þingsal efri deildar.

Þessir þingmenn áttu sæti í deildinni og voru allir komnir:

Konungkjörnir þingmenn:
1. Julius Havsteen, 1. kgk. þm.
2. Hallgr. Sveinsson, 2. — —
3. Kristán Jónsson, 3. — —
4 Jónas Jónassen, 4. — —
5. Árni Thorsteinsson, 5. — —
6. Eirikur Briem, 6. — —

Þjóðkjörnir þingmenn:
1. Axel V. Tulinius, 1. þm. S.-Múl.
2. Guðjón Guðlaugsson, þm. Strand.
3. Guttormur Vigfússon, 2. þm. S.-Múl.
4. Magnús Andrésson, þm. Mýr.
5. Ólafur Ólafsson, þm. A.-Sk.
6. Sigurður Jensson, þm. Barðstr.

Eftir áskorun landshöfðingja stýrði elzti þingmaður deildarinnar, Árni Thorsteinsson, 5. kgk. þm., forsetakosningu og kvaddi sér til aðstoðar sem skrifara þá Magnús Andrésson, þm. Mýr., og Ólaf Ólafsson, þm. A.-Sk.

Forseti var kosinn:
Árni Thorsteinsson, 5. kgk. þm., með 11 atkv.

Síðan stýrði hann kosningu varaforseta deildarinnar. Við þá kosningu fékk
Kristján Jónsson, 3. kgk. þm., 3 atkv.
Sigurður Jensson, þm. Barðstr., 3 —
Julius Havsteen, 1. kgk. þm., 3 — og
Hallgr. Sveinsson, 2. kgk. þm., 2 —
Var þá kosið aftur óbundnum kosningum og hlaut þá Jul. Havsteen 3 atkv., Kristján Jónsson 3 atkv., Sigurður Jensson 4 atkv. og Hallgr. Sveinsson 1 atkv.; en með því að enginn hafði enn fengið næga atkvæðatölu, var kosið bundinni kosningu um þá Kristján Jónsson og Sig. Jensson. Var þá kosinn varaforseti Kristján Jónsson með 7 atkv.

Því næst voru kosnir skrifarar deildarinnar:

Ólafur Ólafsson með 9 atkv. Sig. Jensson og Axel Tulinius fengu 5 atkv. hvor, og var þá varpað hlutkesti um þá, og kom upp hlutur Sigurðar Jenssonar.

Forseti lagði fram bréf landshöfðingja dags. 1. júlí, um að hann mundi fyrir hönd stjórnarinnar leggja fram 13 lagafrumvörp á næsta fundi deildarinnar.

ANNAR FUNDUR, þriðjudaginn 2. júlí kl. 1 e. h. Allir á fundi.

Landshöfðingi lagði fram til útbýtingar meðal þingmanna þessi stjórnarfrumvörp:

1. Frv. til póstlaga.
2. Frv. til laga um checka og aðrar ávísanir, er borga á við sýning.
3. Frv. til laga um, að lög 25. okt. 1895 um leigu eða kaup á eimskipi og útgerð þess á kostnað landsjóðs skuli úr gildi numin.
4. Frv. til laga um viðauka við lög 6. nóv. 1897 um undirbúning verðlagsskráa.
5. Frumvarp til laga um manntal í Reykjavík.
6. Frv. til laga, er banna að flytja vopn og skotföng frá Íslandi til Kína.
7. Frv. til laga um takmörkun á rétti til fasteignaráða á Íslandi.
8. Frv. til laga um bólusetningar.
9. Frv. til laga um fiskiveiðar hlutafélaga í landhelgi við Ísland.
10. Frv. til laga um kirkjugarða og viðhald þeirra.
11. Frv. til laga um útvegun á jörð handa Fjallaþingaprestakalli.
12. Frv. til laga um próf í gufuvélafræði við stýrimannaskólann í Reykjavík.
13. Frv. til laga um breyting á 1. gr. laga 13. des. 1895 um skrásetning skipa.

Stjórnarskipunarmálið.

FRUMVARP til stjórnarskipunarlaga um breytingu á stjórnarskrá um hin sérstaklegu málefni Íslands 5. jan. 1874 (C bls. 386), 1. umr., 30. júlí.

Kristján Jónsson: Mér virðist ástæða til að taka nú til máls hér í deildinni og heilsa eða fagna hinum nýja gesti frá háttv. Nd., sem er harla nýstárlegur fyrir oss frá þeirri deild, en það er frv um breyting á stjórnarskipunarlögunum, og eru nú allar líkur til, að það verði samþ. hér í deildinni og muni síðan öðlast staðfestingu hans hátignar konungsins. Er þetta fagnaðar- og gleðiefni fyrir oss, og ber vott um, að málið hefir verið rætt af alvöru og einlægum vilja um framgang þess. Vér stöndum nú á merkilegum vegamótum eða krossgötum. Ef vér lítum til baka lítið eitt, sjáum vér, að frv. þetta er afspringur þeirrar stjórnarbótarbaráttu, er háð hefir verið nú í fjórðung aldar.

Eg vildi fyrir því minnast lítið eitt á sögu þessa máls á hinum liðna aldarfjórðungi, og skal eg reyna að vera stuttorður. Eins og mörgum þingmönnum mun vera minnisstætt, þá var það eins konar skilorð frá hálfu alþingis, að endurskoða mætti hina væntanlegu stjórnarskrá innan viss tíma, þá er alþingi lagði stjórnarbótarmálið á vald konungs árið 1873. (*Landshöfðingi:* Ekki skilorð). Jæja, þá ósk alþingis, og einmitt til þeirrar óskar benda ávörp beggja þingdeildanna til konungs árið 1875. Eg veit það vel, að hér var ekki um juridiskt skilorð að ræða og að því leyti hefir hæstv. landsh. rétt; en meining og vilji þingsins var ótvíræð.

Svo var í samræmi við þetta ekkert hreyft við málinu fram yfir 1880. En eftir þann tíma var þegar farið að hreyfa við því, og 1885 var fyrst samþ. frumv. um algerða og gagngerða endurskoðun á stjórnarskrá Íslands, og var þar farið fram á að umsteypa stjórnarfarinu algerlega,

sambandinu við Danmörku og stöðu Íslands í ríkinu. Síðan var háð aukaþing árið eftir, eftir að alþingi hafði verið leyst upp og stofnað hafði verið til nýrra kosninga, og á því aukaþingi var hið endurskoðaða stjórnarskrárfrumvarp samþykt, en því var synjað staðfestingar þegar á eftir, eins og stjórnin hafði þegar látið í ljós í auglýsingu til Íslendinga 2. nóv. 1885. Þar er skýrt tekið fram, að ágangurslaust sé að fara fram á neina þá breytingu á stjórnarskránni, er raski alríkisheildinni eða stöðu Íslands í ríkinu. Eg vil sérstaklega leiða athygli háttv. þingmanna að auglýsingu þessari, því hún sýnir glögglega afstöðu stjórnarinnar í þessu máli, og það er það sem maður verður fyrst og fremst að athuga í hverju máli sem er, nefnilega hver sé afstaða mótpartsins, sem maður á við, ástæður hans og skilningur á málinu o. s. frv. Eg vil benda á ástæður stjórnarinnar í augl. 2. nóv. 1885 fyrir synjunarúrskurðinum, en þær eru þessar: 1. að eigi megi hreyfa við stöðu Íslands í ríkinu, og 2. að eigi megi raska setu ráðgjafa vors í ríkisráðinu eða ákveða, að hann skuli vera búsettur annarsstaðar en í aðsetursstað konungs eða við hlið hans. Auglýsing þessi var, að eg ætla, samin af Nellemann, og hann er ekki einn um þessa skoðun, heldur er það eflaust skoðun allra Dana, er við stjórnmál fást, af hverjum flokki sem þeir eru, á hinu stjórnskipulega sambandi milli Íslands og Danmerkur, sem í auglýsingunni felst. Þessi auglýsing, sem er þó þýðingarmikil, hefir ekki verið nærri því nægilega gaumgæfð hér á landi í stjórnarskrárbaráttu vorri.

Því næst kemur fram hin svokallaða miðlunarstefna í stjórnarbaráttunni árið 1889, en hún fékk ekkert fylgi, fór í mola og féll síðan alveg úr sögunni. Þá var aftur á þingi 1893 samþ. frumv. um gagngerða endurskoðun á stjórnarskránni, að mestu leyti samhljóða frumvarpi því, er samþykt var á þingi 1885. Á aukaþinginu 1894 var það aftur samþykt, en svo var því synjað staðfestingar af konungi, og var þá skírskotað til auglýsingar 2. nóv. 1885.

Eg þori að fullyrða það, að endurskoðunarstefnan leið algerlega undir lok eftir þingið 1894, enda var á þingi 1895 farinn annar og nýr vegur; þá tóku menn það ráð, að samþykkja tillögu til þingsályktunar, sem tók fram öll þau aðalatriði, er menn vildu fá breytt í hinni gildandi stjórnarskrá. En þá fengum vér það svar í ráðgjafabréfinu 29. maí 1897, að þessar kröfur yrðu ekki teknar til greina, og var þá enn skírskotað til augl. 2. nóv. 1885. En jafnframt fékst fyrir forgöngu einstaks þingmanns að vísu óformlegt vilyrði eða tilboð frá ráðgjafanum til þingsins 1897 um tilteknar breytingar á stjórnarskránni. Eg kalla vilyrðið eða tilboðið óformlegt, af því að það kom eigi beint frá ráðgjafanum til þingsins, heldur var landshöfðingi látinn lýsa því yfir, að ráðgjafinn væri eigi ófús á að ganga að nokkrum breytingum á stjórnarskránni, ef frumv. um þær kæmi fram af hálfu þingmanna. Nú var oss að minsta kosti kunnugt um, að hugsanlegt var að ná samningum um breytingar á stjórnarskránni. Þá kom ljóslega fram, að endurskoðunarstefnan var algerlega undir lok liðin.

Var þá (1897) lagt frumv. til stjórnarskrárbreytingar fyrir háttv. Nd. af einum þjóðkjörnum þingmanni. Í frumvarpinu var ekkert ákveðið um ríkisráðssetu ráðgjafans, en undir meðferð málsins í háttv. Nd. var ríkisráðsfleygnum svonefnda skotið inn í frumv. Þegar það kom til Ed., var hann numinn burt aftur sökum þess, að vér sáum glögglega, að hann mundi verða málinu til falls. Síðan var frumv. þannig breytt og bætt, að eg kalla, sent aftur til Nd., en þar var það felt umsvifalaust.

Þá kom fram á þingi 1899 frumv. samhljóða frumv. Ed. frá 1897, og kom það fyrst fram hér í deildinni. Var frumv. samþ. hér og afgreitt til Nd., en hún feldi málið, án þess gerð væri nokkur grein fyrir því, hvað að frumv. væri, og án þess nokkurra samninga væri leitað um umbætur og breytingar á því. En nú er svo komið, að von er um, að stjórnarbótarmálið nái fram að ganga, að það frumv. nái staðfestingu konungs, sem hin háttv. Nd. hefir samþykt og sent hingað til Ed., og vér nú höfum til meðferðar. Þær vonir byggjum vér á ráðgjafabréfinu 26. maí 1899, sem afmarkar samningagrundvöllinn, á yfirlýsingum landsh. á þingi 1899 og framar öllu öðru á konungsboðskapnum 17. maí 1901, sem er stórmerkilegt heitorð konungs um stjórnarbót, mikilsvert á borð við konungsbréfið 23. sept. 1848, sem Jón Sigurðsson jafnan skírskotaði til og að miklu leyti studdi kröfur sínar við í stjórnarbótarbaráttunni. — Þennan konungsboðskap verðum vér að skilja á þá leið, að það sé fyrirætlun konungs vors að synja ekki um neinar breytingar á stjórnarskránni, sem vér getum rökstutt með skynsamlegum ástæðum og ekki koma í bága við þann samningagrundvöll, sem afmarkaður hefir verið. Vegur þessa máls hefir verið þröngur og vandfarinn; við samningu frumv. var annars vegar þess að gæta, að ekkert ákvæði væri inn í það sett, er ástæða væri til að ætla að stjórnin væri ófáanleg til að samþykkja, þannig, að það fyrirsjáanlega yrði málinu til falls. Hins vegar varð að setja inn í það ýmisleg ákvæði, sem nauðsynleg eru, til þess að það gæti fengið fylgi á þinginu, og að þjóðin vilji aðhyllast það. Til þess að forðast staðfestingarsynjun hefir verið slept kröfunni um, að ráðgjafinn skuli eigi sitja í ríkisráðinu. Um það atriði hefir öll Nd. verið sammála. Af sömu ástæðu hefir ekki verið farið fram á það, að ráðgjafinn skuli vera búsettur hér á landi, enda er eg sannfærður um, að stórmiklar umbætur geta fengist á stjórnarhögum vorum þótt þessari kröfu sé eigi fram haldið. En í því skyni, að láta að óskum þjóðarinnar og tryggja frumv. fylgi hennar, hafa verið tekin upp í það ýms ný fyrirmæli, einkum um breyting á skipun Ed. og um lögmæti þingfunda.

Grundvallarreglan hefir verið sú, að taka ekkert upp í frumv., sem bersýnilega yrði því til falls, en að taka svo mikið upp í það, sem nauðsynlegt er til þess, að þjóðin veiti því fylgi sitt og aðhyllist það.

Um 61. gr. stjórnarskrárinnar er það að segja, að ótvíræð reynsla er fengin fyrir því, að þjóðin í heild sinni vill halda henni óbreyttri. Menn kunna að líta misjöfnum augum á, hve hyggilegt þetta sé af þjóðinni; en enginn vafi leikur lengur á því, að vilja hennar er þannig háttað í þessu efni. Og það er harla ó-ótrúlegt, að stjórnin leggi það kapp á að fá þessari grein breytt, að hún synji stjórnarskrárbreytingarfrumv. staðfestingar, af því að þessi grein er látin standa óhögguð, þar sem sönnun er fengin fyrir vilja þjóðarinnar í þessu efni, en á hinn bóginn verður að líta svo á, að stjórninni geti eigi verið kappsmál að fá neinni grein stjórnarskrárinnar breytt. Sumir hafa sett það fyrir sig, að frumv. muni verða samþykt með svo litlum atkvæðafjölda á þessu þingi, að konungur muni fyrir þá sök synja því staðfestingar; en til þessa liggur það svar, að það er ekki atkvæðamagnið á þessu þingi, sem kemur til greina við staðfestinguna á frumv., heldur atkvæðafjöldinn á aukaþinginu næsta ár, og það mun sannast — og það er trúa mín — að hann muni verða miklu meiri með frumv. þá en nú. Það hefir komið ljóst fram á þingmálafundunum, sem haldnir hafa verið í vor, og á öllum almennum fundum, þar sem málið hefir

verið rætt, að mikill meiri hluti þjóðarinnar er ráðinn í því, að fá málinu ráðið til lykta, ef þær umbætur eru fáanlegar, sem farið er fram á í þessu frumv.

Þar sem eg er eins sannfærður, eins og eg er um það, að það er bót að þessu frumv., að það er veruleg stjórnarbót í því falin, þá er mér það ekki nema ljúft að mæla með því, að frumv. verði samþykt af þessari háttv. deild, og eg segi það satt, eg óska þess af heilum hug, að frumv. fái framgang, annaðhvort óbreytt eða með breytingum, sem ekki þyrfti að óttast, að yrðu því að falli í háttv. Nd. Eg vil óska og vona, að deildinni megi auðnast, og að henni megi hlotnast sú gæfa, að leiða mál þetta farsællega til lykta, svo að úrslitin verði til gagns og blessunar fyrir þjóðina, og að frv. verði þannig úr garði gjört, að vænta megi að stjórn vor geti fallist á það.

Eg skal að sinni ekki fara neinum orðum um einstök atriði frv., en býst við, að nefnd verði skipuð í málið, þegar það hefir verið rætt til hlítar hér við 1. umr.

Þar eð eigi tóku fleiri til máls, lagði Kristján Jónsson til, að 5 manna nefnd væri sett í málið.

ATKV.GR.: Nefnd samþykt í e. hlj. og hlutu kosning í hana:

Eiríkur Briem	með	10	atkv.
Guttormur Vigfússon	—	10	—
Hallgr. Sveinsson	—	7	—
Kristján Jónsson	—	7	—
Magnús Andrésson	—	6	—

Framhald 1. umr., 6. ágúst (Cbls. 386, 473).

Framsögumaður meiri hlutans (*Kristján Jónsson*): Síðan um daginn, að eg talaði í þessu máli, hefir nefnd sú, er kosin var, til að íhuga það, rætt málið ýtarlega. Eg verð að skýra frá því óhappi, að nefndin klofnaði, og get því ekki talað, nema fyrir hönd meiri hluta hennar.

Eg ætla ekki að þessu sinni að lengja umræðurnar um málið og get frá sjónarmiði meiri hlutans látið mér nægja að vitna í nefndarálitið og til ræðu minnar við 1. umr., og æski eg þess jafnframt, að hin háttv. þingd. samþykki frumv., eins og það liggur fyrir. En það er vegna hins háttv. minni hluta, að eg ætla að leyfa mér að segja nokkur orð og minnast á hinar 2 aðalástæður hans fyrir ágreiningsáliti hans í málinu. Í fyrsta lagi tekur háttv. minni hluti það fram á þgskj. 312, að til þess að gera þá breytingu, sem farið er fram á í 1. gr. frumv., þurfi enga stjórnarskrárbreytingu. Þetta getur rétt verið, en aðalákvæði frumv. eru í 2. og 10. gr. þess, og þeim breytingum verður eigi komið á, nema með stjórnarskrárbreytingu. Hin önnur ástæða minni hlutans er sú, að með ákvæðunum í frumv. sé numinn burt sá vísir til innlendrar stjórnar, sem „felist“ í seinni lið 3. gr. í núgildandi stjórnarskrá, samanbornum við 2. gr. hennar. Þessi vísir hefir nú stað í stjórnarskránni í 27 ár og hvorki þroskast né borið ávöxt, og er því ekki hægt að gera sér miklar vonir um, að úr honum verði hér eftir sá ávöxtur, er að haldi komi.

Fyrir 7 árum voru margir hér á þingi, sem lögðu áherzlu á þenna vísi og bygðu talsvert á honum, en þeir munu hafa tapað trúnni og traustinu á honum síðan, eftir því sem þeir hafa séð framrás og myndbreytingar þessa máls. Frumv. gerir ekki breyting á þessum ákvæðum í heild þeirra, og 3. gr. er mikið til óbreytt og 2. gr. alls óbreytt. Eg þykist geta fært sannfærandi rök fyrir því, að ástæður minni hlutans séu ekki á rökum bygðar. Þar sem mér finst að þeir gefa í skyn, að hér sé um afsal réttinda að ræða, þá neita eg því afdráttarlaust. Eg leyfi mér að vitna til orða hæstv. landshöfðingja á þingi 1899, þar sem hann tók það fram skýlausum orðum, að ekki væri ástæða til að leggja frekara inn í frumv. í þessa átt, en það, sem beinlínis stæði í því, og

að hér gæti ekki verið um neitt afsal réttinda að ræða. Eg vil lýsa yfir þessu svo alvarlega sem eg get.

Eg veit ekki, hvort eg nú á að minnast á atvik, sem skeð hefir, síðan málið var til 1. umr., sem sé það, að stjórnarskifti hafa orðið í Danmörku, en það fréttist hingað í gær. Þar eru nú Vinstrimenn komnir að völdum, og er þar um pólitiskan flokk að ræða, sem hefir aðra skoðun í innanríkisstjórnmálum Dana en Hægrimenn hafa, sem hingað til hafa verið við völdin; en eg hygg, að þetta hafi engin áhrif með tilliti til þeirrar breytingar á stjórnarskipun vorri, sem vér æskjum að fá framgengt. Eg er ekki vonlaus um, að þeir muni verða ljúfari við þingið í ýmsum málum, er snerta borgaralega félagsskipan, og að frumv. eins og til dæmis að taka um kjörgengi kvenna, sem lá hér nýlega fyrir deildinni, mundi sæta góðum undirtektum hjá þeim. En hvað viðvíkur sjálfstjórnarkröfum vorum og spurningunni um stöðu Íslands í ríkinu, get eg með fullri sannfæringu sagt það, að eg býst eigi við, að þessi flokkur verði oss ljúfari viðureignar. Þetta er ekkert fleypur, heldur er það bygt á 30 ára athugun á stjórnarfars- og þingmálasögu Danmerkur. Er það því fullkomin sannfæring mín, að vinstri manna stjórn — svo eg brúki það nafn — verði engu ljúfari að lina á tengslunum við Danmörku, en hægrimannastjórnin hefir reynst oss. Eg heyrði þess getið í dag, að einn af foringjum vinstrimanna, sem nú er í tölu ráðgjafa konungs, hafi nýlega sagt, að ekki kæmi til tals að leysa ráðgjafa Íslands úr ríkisráðinu.

Um búsetuspurninguna er eigi heldur neinn vafi. enda er varla hugsanlegt. að hinni æðstu stjórn Íslands verði leyft að sitja 300 mílur frá konunginum, eftir því, hvernig Danir skoða ráðgjafastjórn og samband ráðgjafanna við konunginn. Eg ætla ekki að fara fleiri orðum um málið nú, en mun gera það betur við 2. umr. Eg óska þess að eins, að það fái að ganga til 2. umr.

Eiríkur Briem: Framsögumaður meiri hlutans (Kr. J.) nefndi í ræðu sinni ágreiningsatriðin, sem voru þess valdandi, að nefndin gat ekki orðið samferða. Eins og við minni hlutinn tökum fram í áliti okkar, er sumt í frumvarpi því, er hér liggur fyrir, t. d. ákvæðin í 1. gr. þannig löguð, að enga stjórnarskrárbreyting þarf til þess að koma þeim á; svo framarlega sem stjórnin er þeim sinnandi, þá má fá því framgengt, er þar ræðir um. Aðalákvæði frumv. í 2. gr. og 10. gr. segjum við að felli burt þann vísi til innlendrar stjórnar, sem fólginn sé í núgildandi stjórnarskrá. Í allri stjórnarbaráttu Íslendinga hafa verið tvö atriði, sem aðaláherzlan hefir verið lögð á, 1. að alþingi fái fult löggjafarvald og 2. að stjórnin verði sem mest innlend.

Með stjórnarskránni 1874 höfum vér fengið fyrra atriðinu fullnægt, og þar er einnig vísir til innlendrar stjórnar.

Háttv. framsm. (Kr. J.) sagði, að ekki sæist mikill ávöxtur af þessum vísi eftir þessi 27 ár, sem hann hefir staðið.

En eg efast ekki um það, að ef Íslendingar hefðu bundið sig betur við þau atriði stjórnarskrárinnar, sem heimila þessa innlendu stjórn, hefðu þeir getað aukið það vald, sem landshöfðingjadæminu er heimilað. Það er ekkert efamál, að samfara hinni pólitisku ábyrgð, sem ákvæðin er í síðara lið 3. gr. í núgildandi stjórnarskrá, er og pólitiskt vald, vald, sem stjórnarskráin heimilar að stórum væri aukið. Með frumv. þessu er hin pólitiska ábyrgð landshöfðingja feld burt, og liggur þá í hlutarins eðli, að hið pólitiska vald hinnar innlendu stjórnar, er vér höfum, er rýrt, og loku skotið fyrir, að það verði aukið. Hér er farið fram á að slá því föstu, að landshöfðingi sé ekki

annað en verkfæri í hendi þess ráðgjafa, sem búsettur er í Kaupmannahöfn. Það er sannarlega annað en Íslendingar hafa óskað hingað til, og eg skil ekki, að þetta sé vegurinn til stjórnarfyrirkomulags, sem samsvari þörfum vorum og óskum, að fella burt þann visi, sem vér höfum til innlendrar stjórnar, án þess að nokkuð komi í staðinn. Við þessa umr. getur maður ekki farið út í hinar einstöku greinar, en eg ætla mér alvarlega að vara menn við því, að fara að samþykkja það, sem vér innan skamms verðum óánægðir með og getur orðið því til fyrirstöðu, að vér fáum því framgengt, sem landi og þjóð er heillavænlegast.

Það er enginn sá spekingur til, sem geti sagt, að allir mögulegleikar til að fá innlenda stjórn séu tæmdir.

Sem sagt vil eg endurtaka það, að ráða hinni h. deild frá að samþykkja þetta frv., þar eð í því eru engar þær breytingar fólgnar, sem fullnægja þörfum vorum og óskum.

Guttormur Vigfússon: H. meðnefndarmaður minn (E.B.), sem talaði síðast, hefir talað svo vel fyrir minni hluta þessa máls, að eigi er vert að fjölyrða um það, en samt vildi jeg fara örfáum orðum um afstöðu mína í því.

Við fyrri umræðu þessa máls rakti h. 3. kgk. þm. (Kr. J.) stjórnarbaráttuferil vorn frá því fyrsta, og sérstaklega útskýrði hann rækilega stjórnarbótarmálið á tímabilinu frá 1881—1895 og sem raunar öllum var kunnugt um áður, kom það ljóslega fram í ræðu hans, að sá rauði þráður, sem gengið hafði gegn um alla þá baráttu, var að reyna að fá heimastjórn eða með öðrum orðum að færa stjórn vorra sérstöku mála sem allra mest inn í landið. Á þessu tímabili heyrðist varla nokkur rödd, sem bar minstu brigður á, að kröfur vorar væru bæði eðlilegar og réttmætar, að sjálfsagt væri að halda þeim áfram, þangað til vér fengjum þeim framgengt; hins vegar tók h. frsm. (Kr.J.) það líka alveg rétt fram, að á þessu tímabili hefði komið mörg snurða á þráðinn, en einmitt þessar snurður hafa orðið vort mesta mein, það er tvídrægnin og sundurlyndið, sem hefir valdið því, að vér höfum eigi alt af getað verið sammála um, hvern veginn skyldi halda, jafnvel þó allir hafi viljað ná sama takmarkinu, en það hefir ávalt staðið fyrir mér sem vissa, að það sé okkar ógæfa, að við gátum eigi þegar í fyrstu, er stjórnarbaráttan var hafin 1881, fundið eitthvað það, sem við gátum haldið fast við; þá hygg eg, að við mundum vera komnir lengra áleiðis en við erum nú. Þannig var þá málinu háttað fram að árinu 1895. Þá fyrst komst breyting á það, þá var þingið orðið þreytt á baráttunni, og þá var valin ný leið, til þess að reyna að hrinda málinu áfram, nfl. með þingsályktunartillögu. Eg er viss um það, að h. þm. muna það allir og vita það vel, að þjóðin var þá eigi á neinn hátt horfin frá að berjast fyrir fullkominni heimastjórn; fjarri fer því; það var þingið, að þjóðinni fornspurðri, sem vildi fara þessa nýju leið, sem sé þá leið, að biðja stjórnina um að segja, hvað hún væri fáanleg til að gera fyrir okkur í þessu máli; en aðal-umgjörðin um þingsál. tillöguna var ótvíræð ósk um fullkomna heimastjórn í hinum sérstöku málum vorum. Eg man svo langt, að margir h. þm. í Nd. tóku þá svo skarpt til orða, að ef stjórnin eigi vildi bregðast vel við þessari tillögu, og mæta oss þannig á miðri leið, þá skyldi hún fá að sjá, að við hefðum fulla einurð á með fullum krafti að heimta okkar fylstu kröfur upp fyltar, og ættum við eigi að hætta fyr en sigurinn væri unninn.

En sumarið 1897 lá við sjálft að allur vindurinn frá 1895, væri horfinn úr hinum sömu mönnum, og það svo gersamlega, að alt virtist dottið í dúnalogn og það svo mikið logn, að það þótti ganga glæpi

næst að minnast á heimastjórn. Hverjum það var að kenna, er fullkunnugt, og skal eg ekkert dæma eða ásaka þá menn nú; eg vil ímynda mér, að þeir, sem þá breyttu stefnunni og vildu fara enn þá nýja leið í þessu máli, hafi álitið hana heppilega undir þeim kringumstæðum, og að bæði þeir sjálfir og að þeirra áliti einn ig þjóðin orðin svo þreytt af sífeldu neii stjórnarinnar, að þeim hafi eigi dottið í hug, að það væri til neins að fara lengra, að svo stöddu. Hinir, sem á móti þessari stefnu mæltu, héldu því stöðugt fram, eins og sést af umræðunum um þetta mál 1897, að frv. það, sem þá lá fyrir þinginu, væri svo úr garði gert, að það gæti eigi á neinn hátt fullnægt þörfum vorum og mundi aldrei geta fengið meðhald þjóðarinnar; 1899 var alveg sama tilfellið; en altaf harðnaði baráttan, þessi óheillabarátta innanlands milli þingm. og landsmannna, þangað til menn að lokum urðu þreyttir á að stæla við stjórnina og þreyttir á úlfúðinni innanlands. Á þinginu 1899 var sótt af miklu kappi að koma fram frumvarpi, sem eigi gekk lengra í sjálfsstjórnarkröfunum en frv. frá 1897; og þeir, sem voru því mótmæltir, voru eigi að eins kallaðir óalandi og óferjandi, heldur jafnvel föðurlandssvikarar. En hverjum er nú að þakka, að ekki varð á þinginu 97 eða 99 samþ. frumvarp, sem varla nokkur alþ.maður nú mundi greiða atkv. með? Að mínu áliti er það eingöngu að þakka mótspyrnu þeirra manna, sem andmæltu frv. þá og enn fremur þrautseigju þjóðarinnar í heild sinni, og afleiðingin af þessari mótspyrnu er sú, að nú er komið fram frv., sem tekur langt fram báðum þeim frumvörpum frá 1897 og 1899, það skal eg strax játa; en þá er að eins spurningin um það, hvort þetta frv., sem nú liggur fyrir þinginu, gangi svo langt, að vér eigum að aðhyllast það skilyrðislaust, eða hvort kringumstæðurnar hafi eigi breyzt svo, að það sé beinlínis rangt að aðhyllast það. H. frsm. (Kr.J.) tók það fram, að þessi sjálfstjórnarvísir, sem felst í núgildandi stjórnarskrá vorri, væri orðinn 27 ára gamall og enn þá eigi nema vísir; þessu atriði hefir h. meðnefndarmaður minn, 6. kgk. þm. (E. B.), svarað; en eg vil einnig benda h. frsm. (Kr. J) á, að það er mikill munur, undir hvaða kringumstæðum vísirinn þroskast; eg legg eigi svo mikla áherzlu á, að hann ekki hefir getað borið ávöxt hingað til, af því að hann hefir verið kúgaður undir ófrjálslyndri stjórn, er eigi að eins hefir gert okkur Íslendingum lífið leitt og margt til ógagns, heldur Dönum líka, unz hún nú nýlega valt úr sessi. Þá kem eg að því atriði, að það geti legið þau atvik að í þessu máli, sem geri það enn þá meira rangt, að samþykkja þetta frv. nú en annars hefði verið; þetta byggi eg á því, sem h. frsm. (Kr.J.) sagði að hann bygði ekkert á, nfl. fregninni um ráðaneytisskiftin í Danmörku. Mér dettur eigi í hug að segja það sem óskeikula vissu, sem eg segi; en það er mitt hjartans mál, að þegar eg í gær frétti þau tíðindi, sem h. frsm. (Kr. J.) gerði svo lítið úr, um ráðaneytisskiftin í Danmörku, þá fanst mér þau vera svo stórvægileg, að annar eins viðburður hefði eigi skeð síðan stjórnarskráin var gefin 1874; svo misjafnar eru vonirnar, og svo mikið lagði eg upp úr þessari fregn. Þar sem h. frsm. (Kr.J.) sagði, að hann hefði von um, að þessi nýja stjórn mundi verða okkur betri í smámálum, svo sem t. d. máli um kjörgengi kvenna, og sem stjórnin að undanförnu hefði synjað staðfestingu, þá er eg viss um, að þessi nýja stjórn mundi einnig fult eins vel í þessu stórpólitíska máli verða oss hlyntari en hin fyrri, og þó það eigi væri nema von, þá álít eg, að varasamt sé á slíkum tímamótum, sem þessum, að við sýnum eigi okkar fulla vilja og komum fram með fylstu óskir okkar fyrir þessa stjórn sem væntanlega verður okkur betri en hin fyrri, og að

það sé beinlínis rangt, að segja ekki nú þegar, áður en nokkur viss braut er byrjuð í þessu stjórnmáli þjóðarinnar, hvað við viljum fylst, og að við höldum fast við að fá hinni gömlu stefnu framgengt, sem sé sérstaka heimastjórn. Eg get eigi hugsað mér annað stjórnarfar fullkomið fyrir okkur. Mín skoðun er sú, að við eigum að halda áfram að biðja um það fylsta, sem hægt er, nfl. innlenda stjórn. Eg hélt, að allir gætu sameinast um þetta. En eftir að hafa heyrt ræðu hins h. frms. (Kr. J.) verð eg að játa, að þeir menn, sem eru þeirrar skoðunar, að þetta frv.. sem hér liggur nú fyrir, verði fullnægjandi þörfum þjóðarinnar um lengri tíma, og að menn hér á landi séu eigi vaxnir öðru meira, og verði fyrst að ná meiri pólitiskum þroska, áður en þeir færi að sækja um innlenda stjórn, hafi fulla ástæðu til að fara ekki lengra í kröfum sínum en hér er farið, og þá skoða eg framkomu þeirra í alt öðru ljósi en áður. Frá þessu sjónarmiði skoðað get eg vel skilið, að þessir menn vilji eigi fara þá leið, sem eg nefndi, nfl. að biðja um innlenda stjórn. H. frms. (Kr. J.) gat þess að hann væri fús til að taka öllum breytingum, sem gætu orðið til þess, að bæta frv. Eg get vel hugsað mér, að eg einmitt í tilefni af stjórnarskiftunum í Danmörku vildi koma mér saman um breyt. till. við frv., sem gengi eitthvað í heimastjórnaráttina eða að færa stjórnina meira inn í landið. Eg skal svo eigi þreyta þd. á lengri ræðu í þessu máli; eg finn mig eigi færan til að halda þá ræðu, sem eg gjarnan vildi; en um leið og eg lík máli mínu, datt mér í hug atvik nokkur frá unglingsárum mínum: Eg var eitt sinn að lesa í gömlum dagbókum afa míns Guttorms Vigfússonar. Eg las þær rækilega og datt þá ofan á dagbókina frá þjóðfundinum 1851, og þegar eg kom að frásögunni um fundarslitin og las þessi merkilegu orð: „Vér mótmælum allir“, þá varð eg svo hrifinn og fanst svo mikið til þessara manna koma, að eg, unglingurinn, skoðaði þá sem nokkurs konar helga menn, og síðan hefi eg jafnan litið upp til þeirra með þakklæti og virðingu. Síðan þetta skeði, eru nú liðin rétt 50 ár, og eg álít, að við stöndum nú á mjög líkum tímamótum, og að það sé varasamt, að stíga nokkurt spor nú, sem við þurfum að iðrast eftir á næstu árum.

Framsögumaður m. hl. (Kr. Jónsson): Það var eitt atriði, sem gladdi mig sérstaklega í ræðu h. 2. þm. S.Múl. (G.V.) Eins og kunnugt er, höfum við setið á þingi síðan 1893 og tvívegis setið saman í nefnd um stjórnarskrármálið. Nú sagði þessi h. þm. í ræðu sinni, að hann vildi styðja þetta mál með br.till. og að hann sé framgangi málsins hlyntur. Svona fer það, að mótstöðumenn þessa máls láta sannfærast að lokum. Eg vona, að það einnig fari svo fyrir h. 2. þm. S.Múl. (G.V.) áður langt líður, þótt eigi verði það nú þegar. Það er að eins eitt aðalatriði í ræðu h. þm., sem eg vildi fara nokkrum orðum um. Hann tók það fram aftur og aftur og það var aðalkjarninn í ræðu hans, að hann vildi fá innlenda stjórn; en hvað er innlend stjórn? Getur h. þm. (G.V.) sagt, hvað það er?

Eg tók það fram við 1. umr. þessa máls svo skýrt, sem eg gat, að þungamiðjan í þessari pólitisku baráttu væri vonin um eða jafnvel vissan um, að frv. það, sem samþykt væri af þinginu, gæti orðið staðfest; að fara fram á annað en það væri barnaskapur, sem eigi væri samboðinn þinginu, og eigi bjóðandi stjórninni, og að vér þess vegna eigi mættum fara fram á neitt það, sem allir heilvita menn sjá, að sjórnin eftir atvikum þeim, sem fyrir hendi eru, eigi getur borið fram til konungsstaðfestingar. Svo að eg víki aftur að hinni svo kölluðu „innlendu stjórn“, þá vil eg taka það fram, að stjórnin getur eigi kallast innlend, nema því að eins, að ráðgjafinn sé búsettur hér á landi. En

hér getur hann eigi verið búsettur, nema hann sé fyrir utan ríkisráðið, og þá er þm. (G.V.) kominn alveg í hring, alveg út í hið ómögulega. Vér höfum óyggjandi yfirlýsingar stjórnarinnar um, að setu ráðgjafans í ríkisráðinu og búsetu hans í aðseturs-stað konungs megi eigi raska. Þá gerði h. þm. (GV.) sér vissa von um, að stjórnarskiftin mundu hafa mikil áhrif á þetta mál; en eg verð að segja, að eg geri mér eigi minstu von um, að þau hafi nokkur veruleg áhrif á það, og þeirri skoðun held eg, nema mér verði sýnd full rök fyrir hinu gagnstæða; ef það væri gert, þá gæti eg fallist á það, að sett væri í frv. ákvæði um svo kallaða innlenda stjórn, ef menn þá gæti komið sér saman um, hvernig hún ætti að vera; að öðrum kosti yrði það að eins til að eyða málinu. Að því, er snertir hinn marg-umtalaða „vísi“ til innlendrar stjórnar, þá neita eg því ekki, að hann kunni að finnast í hinni núgildandi stjórnarskrá; en eg held ekki, að h. formælendur hans hafi tekið eftir því, sem eg sagði, nfl. að þeir, sem áður hafa viljað byggja á þessum vísi og dubba upp á hann, hafa yfirgefið hann sem ómögulegan eftir öllum atvikum. Það er sögulegur sannleiki, að menn yfirgáfu þá leiðina, af því að þeir voru vonlausir um að geta fengið innlenda stjórn upp úr þessum vísi. Eg held því eigi, að það sé vert, að fara nú að dubba upp á hann, eg hygg eigi, að það sé heillavænleg braut fyrir okkur.

Hvað því viðvíkur, að pólitisk ábyrgð hafi pólitiskt vald í för með sér, þá getur það verið á pappírnum; en vér höfum því miður reynt, að þetta innlenda pólitíska vald er eigi mikils virði; og er það sannarlega eigi því að kenna, að maðurinn, sem hefir átt að hafa þetta vald, hafi eigi í alla staði verið fær og vel fallinn til þess, að bera það uppi og beita því, heldur er það stjórnar-fyrirkomulagið, sem gerir það að verkum, að þetta innlenda vald er oss lítilsvert og ónýtt, og að það hefir eigi getað orðið annað en vísnaður vísir; og þegar menn voru orðnir sannfærðir um það, að eigi mundi takast að gera úr þessum „vísi“ öflugt og gagnsamlegt innlent pólitiskt vald, þá var valin hin leiðin, sem virtist betri, greiðfærari og happasælli, nfl. sú að færa hið pólitiska vald ráðgjafans inn í landið, eftir því sem kostur væri á, reyna að gera hann að íslenzkum embættismanni. Þetta kalla eg eigi að færa valdið út úr landinu. Það getur verið, að landshöfðingjavaldið hafi minna álit eftir en áður, þó eg búist eigi við því, en það er ekkert tekið af hinu verulega valdi þess. Það getur verið, að landshöfðingjaembættið þyki þá eigi eins glæsilegt, eins og nú, en það þarf þó alls eigi að fara svo. Eins og vér höfum bent á í nefndarálitinu, mundi í raun og veru öll samvinna milli landshöfðingja og ráðgjafans geta orðið auðveldari, happasælli og notadrýgri, en hún nú virðist vera, ef það fyrirkomulag kæmist á, sem farið er fram á í frv. Hvað þá staðhæfing snertir, að samþykking frumvarpsins nú geti orðið til fyrirstöðu frekari umbótum á stjórnarfarinu síðar, er spádómur, sem eigi er svaraverður. Það er vitanlegt, að löggjafarvaldið hefir heimild og rétt til að gera breytingar á hinu stjórnskipulega ástandi síðar, ef það ekki skyldi reynast fullnægjandi. Lögunum fyrir þjóðfélagið er svo varið, eða réttara sagt, þjóðlífinu er svo varið, að það verður að breyta þeim, lögunum, eftir því sem mannlífið breytist, ef þau eigi eiga við það á einhverjum vissum tíma.

Eg get eigi leitt hjá mér að minnast á það, sem h. 2. þm. S.Múl. (G. V.) sagði, að það hefði verið mikill vindur á þinginu 1895. Það er algerlega rangt, að svo hafi verið fremur að því, er þann flokk snertir, sem eg fylgi. Eg hygg, að vindurinn hafi verið fult eins mikill hinu meg-

in, sérstaklega 1895 og 97; þá vorum við, miðlunar- eða réttara sagt stjórnarbótarmenn, dæmdir óalandi og óferjandi. Þetta vildi eg að eins benda á, til þess að sýna, að frásaga h. þm. (G. V.) var eigi rétt að því, er þetta atriði snertir. Þá minntist h. sami þm. (G. V.) á, að fregnin um stjórnarskiftin væri stórvægilegur boðskapur. Það getur verið, að hann verði svo fyrir Dani, en varla fyrir oss; og meðan eg fæ eigi full rök fyrir hinu gagnstæða, þá get eg eigi breytt skoðun minni í því efni. Eitt atriði erum við þó sammála um, nfl. að eigi þurfi að óttast, að minni háttar ákvæði verði þessu máli að falli hjá þeirri stjórn, sem nú er komin til valda í Danmörku. Eg hef alt af haldið því fram, að hún mundi verða mýkri og ríkari við oss í öllum þeim málum, sem snerta minni háttar atriði, og sem eigi snerta stöðu Íslands í alríkisheildinni, en að hún aftur á móti í þeim atriðum eigi mundi verða oss betri viðfangs en sú stjórn, sem vér áður höfum átt við að búa. Sá ráðgjafi, sem nú hefir á hendi stjórn íslenzku málanna, hefir aldrei fengist neitt við íslenzk mál, og eg held hann sé þeim alókunnugur, og bendir það eigi á, að mikið tillit hafi verir tekið til vor við skipan ráðgjafaembættanna, og vér getum vænt oss meira fylgis af þeim flokki, sem nú er kominn að völdum, en vér hingað til höfum átt að fagna í baráttu vorri. Þessi umr. er orðin lengri en eg hafði búist við; en eg hefi verið til neyddur að minnast á ýmisleg atriði vegna ræðu háttv. 2. þm. S.-Múl. (G. V.), sem hann áður talaði og fór svo víða um.

Guttormur Vigfússon: Eg ætla að eins að segja örfá orð. Framsm. meiri hlutans (Kr. J.) gladdist af því, að eg væri ekki ófáanlegur til að semja og gera breytingar á frumv., eins og það liggur fyrir. Það gleður mig ætíð, þegar eg get glatt einhvern. Hann sagði, að eg hefði verið ófáanlegur til samninga 1897, og eg þakka mínum sæla fyrir að hafa verið það, því nú er svo komið, að við höfum orðið til þess, að knýja andstæðingaflokkinn til að koma með miklu aðgengilegra frumv. en það, sem hann var að burðast með áður.

Frams.m (Kr. J.) sagði, að eg vildi gera breytingar við frumv., en þær breytingar eru á þeim grundvelli, sem eg hefi skýrt tekið fram, sem sé heimastjórnargrundvellinum. Þau ákvæði, sem eg vildi koma inn í frumv., eru viðvíkjandi búsetu ráðgjafans hér á landi. Hann virðist vera vondaufur um innlenda stjórn og segir búsetuna óhugsandi, en eg verð að álíta, að slíkt séu lausir spádómar, og að eins mikið megi byggja á stjórnarbaráttunni frá 1848—95, því allan þann tíma héldu allir ágætismenn vorir því fram, að búseta ráðgjafa hér á landi væri vel möguleg, og eg trúi ekki öðru en, að með góðri aðstoð frs.m (Kr. J.) væri hægt að koma inn einhverju þvílíku ákvæði, er að haldi kæmi.

Guðjón Guðlaugsson: Það mun nú líklega að eins verða til þess, að teygja umræðurnar, ef eg stend upp, því að nú mun vera svo um búið, að árangurinn verður lítill af því að fjölyrða um þetta mál; svo mun og vera til þess ætlað, að hvorki eg né aðrir af mínum flokksmönnum geti sannfært hina, enda er hér líklega hvorki stund né staður fyrir þá til þess, að láta sannfærast. Auðvitað ætla eg mér ekki þá dul, að reyna að sannfæra einstaka menn hér í þessu máli, enda þykist eg því eigi vaxinn að því, er hæfileika snertir, það er því ekki heldur meining mín að svara einstökum mönnum, heldur vildi eg ræða mál þetta frá mínu sjónarmiði, því að eg skoða þetta svo, að með því að ræða málið fram og aftur, þá skapist nýjar hugmyndir og nýjar vonir, en þá um leið oft og einatt nýjar efasemdir, og svo mun vera um marga hér í deildinni og fjölda marga meðal þjóðarinnar. Það sem, eg þó vildi helzt festa mál mitt við að þessu sinni, er ræða

háttv. 3. kgk. þm. (Kr. J.) í upphafi 1. umr. þessa máls. Hann fór þá fyrst um það mörgum fögrum orðum, að meðal vor væri nú sem stæði merkileg tímamót, — vér stæðum eins og á krossgötum eða á þýðingarmiklum vegamótum. Hann leit aftur í tímann og virti fyrir sér 30 ára stjórnarbaráttu vor Íslendinga, en því miður hryggir það mig, að þessi háttv. þm. sá, að þar var ekki alt harla gott. Flest það, sem vér höfum farið fram á við hina útlendu stjórn, segir hann að hafi eigi einungis verið árangurslaust, heldur og einfeldnislegt. Hann byrjaði á skilorði þingsins 1873 um nýja stjórnarbót og með því hefði verið fylgt óskum þjóðarinnar, en þetta hefði að eins verið bráðabirgðarósk um að endurnýja innan viss tíma. Hann benti á það, að það hefði verið eindreginn vilji að fara lengra í þessu tilliti, en í hvaða átt? Auðvitað að fá frekari innlenda stjórn. Þetta má fullkomlega sjá af stjórnarskránni 1874. Háttv. 3. kgk. þm. (Kr. J.) leit einnig yfir þingin 1885 og 1886. Þá hefðu helztu mennirnir tekið að minnast þessa skilorðs frá 1873 og hefðu viljað stefna að því takmarki að fá fullkomlega innlenda stjórn. En á hinn bóginn skal eg játa það, að það hafi verið óheppilegt að fara þegar í stað eftir 1880 að þrefa um stjórnarskrána eftir svo stuttan tíma, þá er þetta stjórnarfyrirkomulag var búið að standa svo stutt yfir og menn eigi farnir að sjá neinn verulegan árangur af því. Bezt hefði verið að lofa því fyrst að sýna sig frekar, áður en menn tóku að halda málinu til streitu. Eftir 1880 kemur það líka fullkomlega í ljós, að þing og þjóð vill algerlega innlenda stjórn. Þetta má sjá af því, þá er frumv. til stjórnarskrárbreytingar var samþykkt á þingi 1885 og aftur óbreytt 1886, en eftir það hafa menn alveg „lensað“ undan, já hreint og beint hætt. Eftir þann tíma tóku einstakir menn að narra þjóðina og nota sér það, að hún hafði ekki næga þekkingu á því, sem við þurfti, en alt um það hefir henni aldrei fallist hugur um það, að heppilegast væri að fá alinnlenda stjórn, og einmitt það sýna þing þau, er eg nefndi. En það var á undan tímanum — þjóðin þurfti að fá reynslu og festu, til þess að halda baráttunni fram með fullum og öruggum krafti. Þá er breytingin var samþykt á þinginu 1885, kom þetta mikla skjal 2. nóv. 1885, sem háttv. 3. kgk. þm. (Kr. J.) kallaði merkilegast af öllum bréfum og skjölum úr þeirri átt. Eg vil að vísu játa, að skjal þetta sé afarmerkilegt, en nú er það fallið úr sögunni og er eigi merkilegt lengur en til dagsins í gær. Loks sagði þessi háttv. þm. (Kr. J.) að miðlunarstefnan 1889 hefði verið afleiðing af þessu skjali, sú stefna, sem eg álít með þeim beztu og skynsamlegustu, er komið hafa fram í þessu máli. Eg álít, að þetta umrædda skjal hafi verið skoðun þáverandi stjórnar, og sýni hana því, eins og hún var þá, og eg hygg líka, að öll skjöl sýni slíkt framvegis. Þetta virðist mér auglýsing þessi sýna oss glögglega, og ef mikið á að byggja á henni, þá má segja, að oss séu allir vegir ófærir að því, sem heita má innlend stjórn. Frumv. frá 1889 var felt og fótumtroðið einmitt af þeim mönnum, sem nú geta ekki beygt sig, og sem nú þykjast bera frelsisfána þjóðarinnar hærra en nokkrir hafa áður gert. Þessir og þvílíkir menn dauðadæmdu frumv. frá 1889, sem eg álít altaf skynsamlegt í þessu máli, þótt það hefði sína galla. Það er sorglegt, að þessir menn hafa farið langt niður fyrir það, sem það frumv. ákvað, og vilja nú ekkert fara lengra, ekkert frekara þiggja, og frumv. frá 1897 er alt og sumt, sem þeir óska eftir. En hvernig hefir svo þessu frumv. gengið? Það er ekki búið að fá það samþykt enn á alþingi, fyr en ef það verður nú; þótt það sé nú auðvitað talsvert breytt og

fari í nokkuð aðra átt, þá fullnægir það þó engum kröfum og því verður aldrei hægt að fá þjóðina til að samþykkja það, því að meðal hennar á það engan meiri hluta. Þessi stefna raskar alveg stjórnarbaráttu vorri frá fyrri tímum, sem háð var undir forustu beztu leiðtoga. Það gengur alveg yfir mig, að háttv. 3. kgk. þm. (Kr. J.) skuli ekki sjá, þegar hann lítur yfir tímann frá 1873, neinar þær myndir, sem sýni honum fagra frjóanga anda og þjóðrækni, en það hefði honum þó verið skylt. Það gengur yfir þenna háttv. þm., (Kr. J.), að vér skulum fara fram á það, að fá ráðgjafann búsettan hér á landi en í annan stað yfir gengur mig skilningur þessa manns á málinu, en þessar kröfur gerir þjóðin, og bendir alt þetta á, að hún vill fá innlenda stjórn, en ef ekki fæst innlend stjórn, þá finst mér þetta stjórnarbreytingarfrv., sem hér liggur fyrir, hvorki fugl né fiskur, og ekkert nema apaspil og blekking, sem er alveg gagnstætt fyrri kröfum, er stjórnarmál vor snerta.

Háttv. 3. kgk. þm. (Kr. J.) tók fram, að þessi tíðindi, sem vér fengum í gær, um það, að skift væri um ráðaneyti, eða að önnur stjórn væri kominn til valda, væri ekki svo mikilsvarðandi, og sagðist ekki gera sér neinar vonir um það, að þessi stjórn myndi fremur sinna kröfum vorum, allra sízt hvað búsetu Íslandsráðgjafa snerti. Um þetta sagðist hann vera fullviss, en hver hefir gefið honum fullvissu í þessu efni. Eg veit, að þó hann sé hálærður og háttstandandi embættismaður og mörgum fremri í því efni, þá skil eg ekki, hver getur leitt hann í allan sannleika um þetta. Þrátt fyrir alla hans góðu hæfileika og lærdóm, þá getur hann ekki vitað það, að vinstrimanna stjórn verði oss eins að reyna og hægrimanna stjórn, en eg þykist nú að minsta kosti viss um, að hún reynist ekki eins, en þó svo reynist ekki, þá er sjálfsagt að reyna hana. „Sá veit gerst, sem reynir“, segir gömul setning, og hún hefir æfinlega sitt gildi Reynslan er sá eini lærimeistari, sem á má byggja. H. 6. kgk. þm. (E. B.) tók fram með réttu, að í 1. gr. frumv. feldist engin stjórnarskrárbreyting. Eg man eftir því á síðasta þingi, þegar hæstv. landsh. kom með breytingar við þessa 1. gr., um það að kippa úr greininni orðunum um, að ráðgjafinn skyldi mæla og rita á íslenzka tungu. Þá sagði h. 2. kgk. þm. (H. Sv.), að í rauninni hefðu þessi orð ekki mikla þýðingu, en þau hefðu svo góðan hljóm í eyrum þjóðarinnar. Það er þessi hljómur, sem mér dettur alt af í hug, þegar eg minnist á frumv. frá 1897, þessi hljómur tvídrægninnar og táldrægninnar, sem er lífakkeri þeirra manna, sem berjast fyrir því frv. Þetta frumv. er því eintómur hljómur og ekkert annað. — Eg skal játa það, að þetta frumv. fer lengra nú en 1897, eins og það var borið upp þá, en það vantar þó í það það, sem hefir verið fyrsta og helzta krafa Íslendinga í allri stjórnarbaráttunni og er því aldeilis ekki berandi fram fyrir nýja stjórn, án þess að reyna fyrst, hvort ekki væri unt að fá meira. Fullkomin stjórnarbót verður slíkt aldrei og getur ekki heitið því nafni, því að engar verulegar umbætur eru annað en það, sem þjóðin krefst og hún finnur að hún þarfnast. Að samþykkja nokkra aðra breytingu á stjórnarfarinu, en þjóðin vill, er synd á móti þjóðinni.

H.3.kgk.þm.(Kr.J.) gladdist mjög mikið af því, að þm. S.-Múl. (G. V.) var eigi fráleitur að gera breyt.till. við frv. þeirra, hann þóttist sjá af því, að þm. S.-Múl. vildi fá málið áfram. En eg vil leyfa mér að spyrja: Hvers vegna hefir hann svona ranga trú á manni, sem hann hefir unnið saman við á mörgum þingum? Slíkt finst mér ganga ærumeiðyrði næst. Það hefði verið dálítil vorkunn, ef hann hefði ekki þekt manninn neitt, en því er ekki hér að heilsa, þar sem þeir hafa unnið

saman í fleiri ár. Eg þykist vita, að hann hefir haft fyrir augum þingið 1899, þegar tvídrægnin og táldrægnin ætlaði að skipa öndvegi, en þá fékst eindregið svar, — stjórnin kvaðst ekki vilja ganga inn á það, sem samþykt var 1897 í deildinni. En þá flytja tveir menn í efri deild frv. sömu stefnu og frumvarpið 1897, auðvitað ekki frá sínu eigin brjósti, heldur fyrir hönd alls flokksins, og vil eg geta þess í sambandi við þenna flokk og honum til verðugs lofs, að það, sem einn hefir komið upp með, það hafa allir viljað. Þetta frumv. var felt, eins og menn muna, í neðri deild, því hún sá, að þetta var að eins gert til að blekkja hana og leika sér að henni, sem auðvitað var alls ekki boðlegt. Eg kalla slíkt að leika sér að mönnum og það eins og úlfur að lambi, auðvitað engan gleðileik, þar sem vænast má, að gengið verði milli bols og höfuðs, er mist vonum varir. Eg er í engum vafa um það, að h. þm. S.-Múl. (G. V.) vill áfram í málinu, það hef eg og viljað frá upphafi á hverju stigi þess, sem verið hefir, en þó með það fyrir augum að víkja aldrei frá kröfum þjóðarinnar. Vér getum aldrei borið fult traust til þeirra manna, sem farið hafa fram á að breyta 61. gr. stjórnarskrár vorrar, og það jafnvel þó að þeir víki frá því atriði til málamynda. H. 3.kgk.þm.(Kr.J.) sagði, að landshöfðingjavaldið ykist, þótt þessi sérstaki ráðgjafi yrði. Það getur vel verið, að það sé ekki að marka, hvað eg held um það, en ólíklegt þykir mér það og ótrúlegt. að innlenda valdið ykist, þó að það færðist drjúg sneið af því út fyrir pollinn til Danmerkur.

Það er alveg rétt, sem h. 6. kgk. þm. (E.B.) sagði, að í vorri núgildandi stjórnarskrá felist réttur vísir til innlendrar stjórnar, því að vor innlenda stjórn, sem er, er að eins á pappírnum, eða að minsta kosti að mestu leyti. H. 6. kgk. þm. (E.B.) tók líka fram, að vér þyrftum að hlúa að þessum vísi, til þess að hann geti borið ávexti. Þessum vísi þurfum vér endilega að hlúa að og vernda hann fyrir ýmis konar næðingum, fyrir næðingum sundurlyndis og metorðagirndar. Ef vér færum landshöfðingjavaldið út úr landinu, þá hlúum vér ekki að þessum vísi, sem í stjórnarskránni má telja sem vísi innlendrar stjórnar. — Eitt gladdi mig af því, sem 3. kgk. þm.(Kr.J.) sagði, og það var sú játning hans, er hann sagði, að vér gætum hvílt oss, þegar þetta væri komið á, sem þeir fara fram á í frv. sínu. Það er gleðilegt, að menn skuli hætta að klifa á þessu máli, sem er svo alvarlegt og bera það svo fram fyrir nýja stjórn, sem svo gleypti við þessum breytingum, þá gætum vér fengið hvíld um æfilangan tíma, en þá fengjum vér líka reynslu, en hún yrði oss líklega dýr, það yrði oss sönn sorgarreynsla. Mér finnast alls ekki gildar ástæður fyrir því, að vinstri menn myndu neita því eða geta ekki gengið inn á það, að ráðgjafinn sitji ekki í ríkisráðinu, þá þyrfti ekki að kaupa reynsluna dýru verði, ef beðið væri um það fyrst. Það vill h.3.kgk.þm.(Kr.J.)ekki eða hans flokksmenn; honum finst það víst skiljanlegt og sagði, að hann gæti ekki haft „Control“ yfir hinum sérstöku málum Íslands, ef hann ekki situr við hlið konungs. En er það þá ekki mikilsvert, að hann getur gert bráðabirgðarráðstafanir hér?

H. 3. kgk. þm. byrjaði ræðu sína með því, að hann vissi og vonaði, að þetta frumv.yrði fyrsta frumv. frá neðri deild, sem hann hefði fullkomna von um að yrði samþ. hér í h. efri deild og þá að það næði samþykki stjórnarinnar. Eg get ekki gert mér skiljanlegt, á hverju hann byggi þessa von sína. Í þessari deild eru ekki nema 5 menn, sem hann hafði ástæðu til að halda að samþyktu þetta frumv., af því þeir hefðu gert það áður eða 1899, og svo má gæta þess, að hér er ekki sama frumv., og þeir tveir, 1.(J.H.) og 4. kgk. (J.J.),

hafa aldrei verið valdir upp á þau ákvæði, sem í þessu frumv. standa. Það sýndi bezt ráðgjafabréfið '99, sama árið og þessir menn voru valdir. Það getur verið, að þessar vonir hans rætist, en þó ekki, nema með því móti, að hann og hans flokksmenn geti fengið ístöðuleysið sér til aðstoðar, annars geta þær ekki ræzt, en þó svo verði, getur það eigi orðið glæsilegur sigur. Mikill meiri hluti getur það ekki orðið, eftir því sem nú á horfist og aldrei meira en eins atkvæðis munur. En sú mikla von h.3.kgk.þm.(Kr.J.) í þessu efni til staðfestingar stjórnarinnar er óskiljanleg, því að það er alveg gagnstætt yfirlýsingu hennar 1899. Og nú hefir hæstv. landsh. gefið skýra og ótvíræða yfirlýsingu um vilja stjórnarinnar, og hvað hún sé fáanleg til, og er sú yfirlýsing alt annað en sigurvænleg fyrir þetta frumv. Hvernig skyldi nú eiga að skilja þetta? Hvernig stendur á því, að h. 3. kgk. þm. (Kr. J.) segir þetta alveg gagnstætt hæstv. landsh.; mér finst þetta ganga því næst að lýsa hæstv. landsh. ósannindamann, og er eg hissa á h. 3. kgk. þm. (Kr. J.), slíkum manni, að hann skuli leyfa sér slíkt. Auðvitað er þetta nokkuð breytt, en nú geta menn ekki lengur sagt, „hingað og ekki lengra“ og ekki lengur hártogað konungsboðskapinn frá 17. maí, en um leið hafa þeir enga vissu um það, hvað muni samþ. verða, og ekki heldur, hvað hægt sé að samþykkja; um þetta hafa þeir alls enga fullvissu.

Eg get ekki skilið, á hverju menn byggja það, að meiri hluti verði þessu frumv. hlyntur á næsta þingi, þótt örlítill meiri hluti sé því fylgjandi nú. Er það af samkomulagsviðleitni hins flokksins? Nei, fjarri fer því. Að vísu skal eg fúslega viðurkenna, að sá flokkur á marga samvinnugóða og heiðarlega menn, en hins vegar verð eg að halda því fram um leið, að þeir hafa ekki gert neitt til samkomulags á þessu þingi. Að vísu tóku þeir á-kvæði upp í frumv. í þingbyrjun, er fór í sömu átt og hinna, en þeir gerðu það að eins í samráði við þá, til þess að kvelja fram vesælan meiri hluta. Það var óttinn, sem knúði þá til þess; ekki var dygðinni fyrir að fara. En þegar nú meiri hlutinn ekki vill sýna nokkra tilslökun, þá virðist það eigi benda á, að friður eða fullkomið samþykki fáist á næsta þingi. Eg skil þó ekki, að h. 3. kgk. þm. (Kr. J.) búist við, að okkar flokkur, minni hlutinn, sé svo lítilsigldur og þýðingarlítill, að hann geti eigi gert uppistand á móti þessum öfluga flokki. Að vísu er tveggja atkvæða munur í Nd., af því að einn úr minni hlutanum situr í forseta sæti en hinn forfallaður heima. Þegar svo lítið er á afstöðu flokkanna í Ed., þá er þar eins atkvæðis munur; það er þó ómögulegt, að málið geti flotið fram á hálfu atkvæði. Þar situr líka maður í forsetastól, sem stendur máske eins nálægt minni hlutanum eins og hinum. Þetta virðist mér benda á alt annað en vissan meiri hluta fyrir þessu frumv. á næsta þingi. Hvað því viðvíkur, að þjóðin sé orðin þreytt af þessari baráttu, þá er það af því, að hana vantar öflugan fyrirliða, en þeir geta komið síðar.

Því hefir verið haldið fram um minni hlutann, að hann vantaði „prógram“; en nú er það breytt. Nú er hægt að koma fram með þannig lagað prógram, að það verði í samræmi við óskir þjóðarinnar, og þegar berjast á um innlenda stjórn, þá er vafasamt, hvar meiri hlutinn lendir. Eg skal engu spá um það. Það er leitt að spá um það, ef reynslan sýnir, að það eru barnalegar vonir, bygðar á manns eigin vilja. Eg hygg eigi, að það sé nein hætta á ferðum um það, að þjóðin eigi vilji halda því áfram, sem er þungamiðja í þessu máli, nefnilega að heimta innlenda stjórn við næstu kosningar. Eg er alls eigi hræddur við, að þreyta eða þolleysi þjóðarinnar verði svo mikið við næstu

kosningar, að hún sýni þeim mönnum viðurkenningu, sem á þessu þingi álíta þetta frumv. fullnægja óskum hennar; og eg álít það mjög óheppilegt og illa farið, að senda þessarri nýju stjórn neitt það, sem ekki nema helmingur þjóðarinnar aðhyllist og ekki það, sem þjóðin í heild sinni hefir haldið fram um langan tíma. Því álít eg réttast annaðhvort að senda ekkert frumv. til stjórnarinnar nú eða þá það frumv., sem gengur nógu langt eða stillir kröfurnar nógu hátt; því að altaf er hægt að slá af, og ef kröfurnar eru hærri en svo, að þær geti fengist, þá er ekki annað á hættu en að bíða 1 eða 2 ár til að fá samkomulag og frið. Að því er búsetu ráðgjafans hér á landi snertir, þá hefir minni hlutinn gert þær tilraunir, sem honum frekast var auðið, til að fá að eins þessari kröfu fullnægt, en meiri hlutinn gerði þeim þessa kröfu alveg ómögulega, svo að um hana fekkst ekkert samkomulag, og það er einkennilegt, að einmitt frumkvöðlar þessa frumv. hafa staðið þar fremstir í flokki, til að lifa í ófriði og sundurlyndi við hinn flokkinn. Minni hlutinn í Nd. hefir boðið hinum flokknum upp á að gera að eins eina br.till. við frv. þeirra og falla frá sínu frumv. að öðru leyti, en það vildi hinn flokkurinn ekki taka í mál. Ef þetta er eigi samkomulagsviðleytni, þá veit eg eigi, hvað það er, nefnilega að fá menn til að reyna að semja um það, sem hægt er að fá, og fyrir þessu var ekkert í vegi, nema 2 ára bið til þess að geta fengið eindregið samheldni um málið; og þessir menn eru að tala um að það spilli fyrir málinu að bíða, og standa þó á móti þessu, einmitt af þeim ástæðum, að góðar vonir eru um, að þjóðin skeri úr þessu máli. En það getur orðið um seinan og að búið sé að spilla fyrir því á annan hátt. Nú er annaðhvort að gera, að stilla upp þær fylstu kröfur eða alls ekkert, fyrir þessa nýju stjórn. Ef hún svo eigi vill sinna þeim, þá verðum við að lúta þeim sterkari og láta oss nægja með að ganga inn á það, sem eigi er alveg fullkomið, en þó eigi kaupa frið fyrir það, sem er afturför með tilliti til stjórnarbótar landsins.

Framsögumaður meiri hlutans (Kristján Jónsson): Eg skal reyna að vera svo fáorður, sem mér er frekast unt. Eg get það því fremur, sem orð h. þm. Strand. (G. G.) fóru ýmist fyrir ofan garð eða neðan, að því er þetta mál snertir, sem hér liggur fyrir. Það var ekki nema örlítið brot af ræðu hans, sem snerti málið og þær horfur, sem nú eru fyrir hendi. Hann þræddi sögu málsins og fór í því efni alveg eftir mér, er eg rakti sögu málsins hér við 1. umr., og eg hygg, að hann hafi ekki rangfært hana mikið. En alt hitt var ekki annað en getgátur og talað út í bláinn. Þó skal eg geta þess, að ræða hans var í alla staði kurteis og höfleg, og mun eg gæta þess einnig, eins og hann.

Hann talaði um, að lítið hefði verið reynt til að sannfæra mótstöðumennina um réttmætar ástæður frumv. þessa; en þó að ekki hafi verið gert í því efni eins mikið, og hægt hefði verið, þá veit eg þó, að það er ekki all-lítið, sem aðhafst hefir verið í þá átt. Að vísu mun ekki hafa verið lagt mikið að honum sjálfum, því að það var hjá okkur, eins og einhver bifur, einhver grunur um, að það mundi ekki hafa orðið til mikils, ekki af því að þingmanninn vanti greind til að skilja ástæðurnar, heldur hitt, að hann mundi vanta vilja til að skilja þær.

Hann mintist á, að nóvemberauglýsingin frá 1885 hefði verið merkilegt skjal þangað til í gær, að fréttir komu um nýja vinstrimannnaráðaneytið í Danmörku. En eg skal benda á, að þó að stjórnarbreyting eigi sér stað, eru þeir ráðherrar, sem setjast í sess hinna, ekki skyldugir til að hafa aðra skoðun en fyrirrennarar þeirra eða að kollvarpa öllu því, sem fyrirrennarar þeirra hafa aðhafst í stjórnmálum ríkisins. Það má miklu fremur búast við,

að hinir nýju ráðgjafar: sem eru vinstrimenn, byggi á sama grundvelli og fyrirrennarar þeirra, sem voru hægrimenn. Það hefir aldrei verið neitt þrætuepli milli þessara flokka, hvernig stjórnmálum vorum er fyrirkomið, og það er ástæða til að ætla, að sú stjórn, sem tók við 20. júlí, muni byggja á sama grundvelli og nóvemberauglýsingin frá 1885.

H. þm. hélt mjög fram frv. frá 1889 og virtist elska það, þó að í því væru ákvæði um lagasetninguna, sem að minu áliti voru svo löguð, að þau gjörðu nefnt frv. alveg óaðgengilegt. — Hann rakti sögu málsins rétt, en kom með spurningu, sem alls ekki snerti neitt sögu málsins, þá, hverja vissu eg hefði fyrir því, hvernig frv., eins og það nú liggur fyrir, mundi reiða af hjá þjóð og stjórn, ef það yrði samþykt óbreytt af þinginu. Getur hann ekki skilið það, að eg hef vissu þessa sjálfur fyrir mig, vissu, sem eg hef sjálfur aflað mér og studd er við rök, sem eg lýsti hér við 1. umr. málsins. En eg get ekki að því gjört, þó hann geti ekki skilið þau.

Hann talaði mikið um hljóminn í 1. gr. Hún væri ekkert annað en hljómurinn. Í henni felst þó ákvæði um serstakan ráðgjafa, sem ekki hafi öðrum stjórnarssörfum að gegna og tali og riti íslenzka tungu. Er ekki mikið varið í þetta? Er þetta hljómur? Nei það er sannarlegur verulegleiki. Auðvitað er það, að þessu mætti kippa í lag án strórnarskrárbreytingar, t. d. með konungsúrskurði, en úr því að þurfti að breyta ákvæðunum í 2. og 10. gr., þá var eðlilegt, að þessi breyting væri tekin með, því að þetta atriði er annað hið mikilsverðasta í frv. og alls enginn hljómur. Í sambandi við þennan hljóm talaði ræðumaður um, að reynt hefði verið að glepja sjónir fyrir mönnum og strá sandi í augu þeirra. Eg kannast ekki við, að þau orð geti átt við flokk vorn. Þvert á móti! Eg held að hann hafi farið öllu gætilegar að ráði sínu en mótflokkurinn. Eg skal ekki deila um það, en vil að eins varpa frá mér slíkum ákúrum, og eg álít, að þær eigi fullkomlega eins heima gagnvart mótflokknum.

H. þm. Strand. (G. Guðl.) ítrekaði það, að þetta frv. miðaði að því að rýra landshöfðingjavaldið. Þetta kalla eg að tala úti á þekju, þegar ekki er eitt einasta ákvæði í frv., sem bendir í þá átt. Eg tók fram áðan, að hið pólitiska álit landshöfðingja eða landshöfðingja-embættisins mundi ef til vill minnka, en valdið mun ekki rýrna fyrir það minnstu vitundar ögn.

H. þm. Strand. spann mikið út úr þeirri játnig minni, að ef frv. þetta næði fram að ganga, þá vænti eg þess mikilega, að hætt verði alveg um stundar sakir öllum tilraunum til að breyta stjórnarfyrirkomulaginu, því að eg býst við, að við þetta, sem vér Íslendingar nú fáum með þessu heillavænlega frv., megi una um nokkuð langan aldur. Þó er það ekki svo að skilja, að ekki eigi að reyna að fá breytingum á komið, ef hið fyrirhugaða stjórnfyrirkomulag reynist ekki viðunanlegt, því að þegar stjórnarástandið er ekki viðunanlegt, og útsjón er til þess að geta fengið því breytt á sem hagfelldastan hátt, þá á auðvitað að sæta því tækifæri, hvenær sem það gefst. En eg vona það, að það líði langur tími á milli og að þetta frv. fullnægi okkur um all-langan aldur í flestum greinum.

H. þm. talaði um konungsboðskapinn og kvað hann lítt áreiðanlegan eða eigi lagaðan til að byggja á nú, er ný vinstrimannastjórn væri komin að völdum, eftir að hann var gefinn út. Það er fullkominn misskilningur. Núverandi stjórn er fullkomlega skyld til að meta til fulls og hlýða þeim konungsúrskurði, sem gefinn hefur verið. Það getur verið, að hin nýja stjórn leggi annað til en það, sem

samkvæmt er konungsboðskapnum, og það getur hún gjört, en ef það er gagnstætt vilja konungs, — og að svo sé, sannar boðskapurinn oss — þá verður stjórnin að fara frá aptur og útvega aðra, sem geta framkvæmt vilja konungs. Eg vildi óska, þingsmannsins sjálfs vegna, að hann hefði aldrei farið að tala um þetta. *(Guðjón Guðlaugsson:* Tómur misskilningur).

Þá fór þm. (G.G.) afarmörgum orðum um, hve sáralítinn atkv. fjölda frv. þetta hefði við að styðjast hjer á þingi. Hann kallaði hann aumlegan, lítilfjörlegan og ýmsum nöfnum, sem honum er lagið. Það er svo í hverju máli, sem barist er fyrir, að það hlýtur að gleðja flokksmenn málsins, hver sigur sem er unninn, þegar menn komast yfir markið og verða í meiri hluta, — þótt atkv.magnið sé lítið í fyrstu. Hver sem hefir lesið sögu þjóðanna, veit það, að það er þýðingarmesta atriðið, þegar menn, er áður hafa verið í minni hluta, eru að hefja sig yfir markið og ná meirihlutanum. Menn munu reka sig á þetta iðulega, ef menn kyntu sér sögu enska þingsins, einkum árin 1832, 1867 og 1885—86, er menn þá sigruðu þar að eins með fárra atkv. mun og glöddust því frekar af þeim sigri, sem þeir höfðu áður lotið í lægra haldi, — en málin voru mikilsverðari. — En eg skal ítreka það hér, að eg er eins vongóður um það, að flokkur okkar eflist, eins og h. þ. m. Strand. (G.G.) er vongóður um hið gagnstæða.

Ef það skyldi nú verða ofan á, að þjóðin við næstu kostningar sýndi það, að hún væri ekki ánægð með þetta frv. og vildi hafna því, þá skal eg vera fyrstur manna til að beygja mig undir þann úrskurð þjóðarinnar, svo framarlega sem kosningar túlka hug og vilja þjóðarinnar réttilega

H. þm. Strand. talaði um „prógram" flokks síns. Eg veit ekki hvað það er. *(Guðjón Guðlaugsson:* 10 manna frv. N-d.). Ef það er prógram hans, þá finnst mér heldur stinga í stúf, því að hvað er þar farið fram á annað eða frekara, en það að ráðgjafinn sé að nafninu búsettur hér á landi. Eina atriðið er þetta, að hann er kallaður búsettur hér á landi; alt annað af hinum fornu kröfum er felt niður. Þetta er því ekki frekara farið en í okkar frv., þó að búseta sé þar ekki nefnd á nafn. Hann hefði því getað sparað sér stórmælin, þegar um þetta 10 manna frv. er að ræða, þar sem það er lítilræði eitt, sem það fer fram á, fram yfir vort frv., en þó nóg til þess að gera frv. þeirra alveg óaðgengilegt, með því að vonlaust er um staðfestingu þess, og nóg til þess, að gera frv. voru örðuga leiðina til samþykkingar. Eg skil ekki, hvað hann fór, er hann var að tala um frelsisfánann, en eg skil það, að mönnum hefir leikið hugur á að tefja fyrir málinu og fresta því um óákveðinn tíma.

Guðjón Guðlaugsson: H. 3. kgk. þm. (Kr. J.) tók það fram með miklum krafti, að landshöfðingjavaldið minkaði ekki né rýrnaði, þó að frv. flokksmanna hans yrði að lögum og sérstakur ráðgjafi kæmi og sæti á þingi. Hann taldi það öfgar og vildi ekki gera mikið úr því. En hann hefir ekki hugsað um þetta atriði nógu glöggt, því að annars hefði hann getað séð, að dregið er mikið úr valdi landshöfðingjadæmisins með ákvæðum frv. — stendur ekki í stjórnarskránni, að landshöfðingi sé staðfastur, sjálfsagður milliliður milli stjórnar og þjóðar á löggjafarþinginu, að hann eigi að taka þátt í löggjafarsmíðinu? En í frv. því, sem hér liggur fyrir um ráðgjafa, er sitji í Kmhöfn og mæti á alþingi, er rétti landshöfðingja til að taka þátt í löggjafarverkinu kippt burtu, sú sneið af valdi hans, sem í raun og veru er þýðingarmest og veglegust og alvarlegust, skorin niður og fengin í hendur þessa blendings-ráðgjafa, svo að öll afskifti landshöfðingja af löggjafarmálum eru tekin úr höndum hans

og afhent manni, búsettum í öðru landi, launuðum af danskri þjóð, sem engin trygging er fyrir að verði nokkurn tíma Íslendingur, né mæti nokkurn tíma á alþingi, því að alveg að ástæðulausu má hann samkvæmt ákvæðum frv. senda annan mann í stað sinn og það annan en landshöfðingja (sbr. 9. gr. frv.).

H. 3. kgk. þm. (Kr. J.) misskildi orð mín um nóvemberauglýsing stjórnarinnar 1885. Eg tók það fram, að hún gæti ekki skoðast lengur sem svar þeirrar stjórnar, er settist að völdum í Danmörku í mánuðinum sem leið. En það má búast við, að ekki sé hægt að fá framgengt hjá hverri danskri stjórn sem er öðru stjórnarfari en því, sem tryggi Dönum einhverja yfirstjórn yfir okkar málum.

H. 3. kgk. þm. (Kr. J.) gaf fyllilega í skyn, að hann stæði ofar mér í stjórnmálaþekkingu, og þurfti hann ekki að taka það fram, því að eg viðurkenni það fyllilega. Hann sagði, að konungsboðskapurinn hefði gildi eftir sem áður, þó að ráðherraskifti hefðu nú orðið í Danmörku. Menn verða að líta líka um leið á kringumstæðurnar. Hvers vegna urðu ráðgjafaskiftin í Danmörku? Ekki beint vegna vilja konungs, því að hann hefir lengi verið þeim móthverfur, heldur fyrir vald og vilja vinstrimanna flokksins og meiri hluta þjóðarinnar í Danmörku. Þess vegna er hæpið það, sem 3. kgk. þm. staðhæfði, að konungur mundi láta ráðherrana segja af sér og fara frá, ef þeir fylgdu ekki þessu konungsbréfi til Íslendinga, sem samið er af hægrimanna-stjórninni, er á undan þeim var. Þar er áreiðanlega stór snurða á þræðinum hjá h. 3. kgk. þm., því að svo mikilsvert skjal er konungsboðskapurinn áreiðanlega ekki. Og það eru auk þessa hreinustu skýjaborgir, sem hafa verið byggðar á þessum konungsboðskap og er hann að því, er virðist, óendanlega teygjanlegur, og þó er þar skýlaust tekið fram, að ekki sé aðgengilegt eða vænlegt til staðfestingar frv., nema það sé í þeirri mynd, er stjórnin hefir á síðustu tveim þingum lýst aðgengilega, þ. e. frv. frá 1897. Grundvöllurinn er enn hinn sami og þá, og frv., sem gengur í aðra átt, eins og hið fyrirliggjandi frv., getur ekki eftir því vænzt staðfestingar konungs, ef bygt er á þeim grundvelli. En nú verður að ætlast til alls annars, þegar eins stórkostleg breyting á konungsstjórninni hefir í rauninni orðið við gagngerð skoðanaskifti í æðstu ráðherrastjórn lands og ríkis, og því vona eg, að hin nýja vinstrimannastjórn unni Íslendingum miklu meiri og gagngerðari breytinga en konungur hefir lofað oss, svo framarlega sem vér afþökkum þær ekki, eins og h. 3. kgk. þm. (Kr. J.) og hans flokksmenn vilja fyrir hvern mun, með því að senda hinni nýju vinstrimannastjórn kröfur um það allra minsta í breyting á stjórnarfarinu og langtum minna en þjóðin hefir jafnan barist fyrir að fá.

H. 3. kgk. þingm. gerði mikið úr þessu þýðingarmikla marki, sem flokksmenn hans væru komnir yfir á þingi, að þeir væru orðnir í meiri hluta, sem hann kallaði það eða unnið gleðiríkan sigur. Vitnaði hann um leið í þingsögu Breta, þar sem líkt hefði verið ástatt. En þó að eg sé nú ekki því eins kunnugur og h. 3. kgk. þm. (Kr. J.), þá þarf enginn að telja mönnum trú um slíkt, að sá sigur sé svo frámunalega veglegur, sem bygður er á einlægum tilviljunum. Fyrst á þeirri tilviljun, að einn af mótstöðumönnunum er sjúkur og fjarverandi og því næst á þeirri tilviljun, að einn af mótstöðumönnunum er gerður óvígur, með því að skipa hann í forsetasæti og gera atkvæði hans að engu. Svo að öllu samanlögðu, þá er minni meirihluti nú, en var á þingi 1899. Hvar er þá þessi fagnaðarríki sigur? Jú hann er í því falinn að geta borið hinn flokkinn ofurliði fyrir aðstoð tilviljunarinnar einnar.

Það gleður mig að heyra, að h. 3. kgk.

þm. (Kr. J) lofar því, eins og hann gerði í ræðu sinni áðan, að verða fyrstur maður til að falla frá þessu frv. og ganga í okkar flokk, ef kosningar nýjar fara fram og þær fara okkur í vil. Hann ætlar þá að verða með hverjum flokknum, sem sigrar. Það er nú ekki svo undarlegt, að hann verði með sínum flokki, ef hann sigrar; en það væri stór viðburður, ef hann, svo öflugur forvígismaður, sem hann hefir verið í þeim flokki, er fylgir fram Hafnarstjórnarráðgjafanum, snýr við blaðinu, ef okkar flokkur verður í meiri hluta við næstu kosningar. Hann vill vera í þeim flokknum, sem er sterkari í það skiftið, eða fylgja meiri hlutanum, hver sem hann er. Eg vildi óska, að sem flestir af flokksmönnum hefðu þessa skoðun, að þeir ættu að ganga úr flokknum við næstu kosningar, sem auðvitað munu ekki ganga á móti búsetu æðsta valdsins í landinu sjálfu eða innlendri stjórn.

H. 3. kgk. þm. (Kr.J.) talaði töluvert um 10 manna frv., sem hann taldi hafa lítið fram yfir frv., er hér liggur fyrir, nema búsetuna. Hún er nú þröskuldurinn, sem liggur milli beggja flokka. En samt hefir okkar flokkur gengið miklu lengra í samningatilraunum við hinn flokkinn, heldur en hann hefir farið. Það sýnir ekki mikla samkomulagsviðleitni, ef frumvörpin eru bæði mjög lík, að eitt örlítið ágreiningsatriði er ekki tekið til greina. Það var farið fram á, að hinn flokkurinn, sem fyrir tilviljun hefir töglin og hagldirnar á málina á þessu þingi, gæfi það eftir, að sameiginlega væri leitað fyrir sér, hvort ekki fengist hjá stjórninni, að hinn sérstaki ráðgjafi mætti verða búsettur á Íslandi, áður en ráðið væri til fulls frá þingsins hálfu frumvarpi þessu til lykta. Nei, svo litla tilhliðrunarsemi gat mótflokkurinn ekki sýnt, og það ekki einu sinni, þó að enn væri gengið til hins ýtrasta frá okkar hálfu og gefin full trygging fyrir, að ef við sæjum, að búsetan væri ófáanleg eftir heiðarlegar tilraunir í þá átt, þá skyldum við sleppa okkar kröfu um búsetuna og ganga inn á hitt frumv. Þeir hafa hrint frá sér hvað eftir annað heiðarlegum og réttmætustu tilboðum fulltrúa þjóðarinnar í þessu velferðarmáli, þegar mest lá á, og það er því sá flokkurinn, sem ber ábyrgðina á framtíðar-stjórnarfari vorrar afskektu þjóðar.

Það gladdi mig að heyra, að h. 3. kgk. (Kr. J.) var mjög feginn því, að 2. þm. S.-Múl. (G. V.) ætlaði að koma fram með breytingar við frumv. Það virðist þá svo, sem hann vilji gefa breytingum á frumv. gaum og ganga inn á þær. Raunar er það svo, að þeir flokksmenn hans þykjast oft mjög glaðir yfir að heyra, að menn vilja leita samkomulags og koma á veg til þeirra, en þegar á herðir, þá er það venjulega látalæti og þeir geta þá ekki fallist á neinar breytingar, er til kemur. Nú geri eg ráð fyrir að koma með ýmsar breytingar við frumv., er eg álít að geri það aðgengilegra. Auk þessara smærri atriða, yrði þá búseta ráðgjafans meðal annars eitt atriðið, en þó að h. 3. kgk. (Kr. J.) gæti nú ekki greitt atkvæði með henni, þá vænti eg fastlega, eftir því sem honum hafa farist orð, að hann fallist á hinar smærri breytingar, sem ekki breyta hinum ímyndaða grundvelli, er hann vill láta frumv. byggjast á, og sýni, að samkomulagsviðleitni hans og fögnuður í þá átt sé meiri á borði en í orði.

En það má finna það oftar en hér, að hinum flokknum virðist, sem hann hafi alla yfirburðina, hann hafi meiri þekking og betri skilning. Og það er svo, sem hann ekki einungis líti þannig á sjálfan sig, heldur geri einnig kröfu til, að aðrir áliti hann því sem næst óskeikulan. *(Kr. Jónsson:* Ræða mín gaf ekki tilefni til slíkra athugana). H. 3. kgk. (Kr. J.) reyndi þó að slá því fram, að eg hefði

ekki eins mikla þekking á þessu máli og hann og hans menn, og að hann hefði fengið gildar sannanir fyrir því, sem enginn getur fengið gildar sannanir fyrir nú, ntl. að stjórnin samþykki þetta frumv. og þjóðin taki því feginshendi við næstu kosningar, og ýmislegt fleira, sem eg og mínir líkar gera lítið úr, þó að slík orð komi úr þeirra munni, sem einir þykjast vita. Eg minnist einnar biflíusetningar, þegar eg hugsa hér um þetta atriði og flokkaskiftinguna: „Verið slægvitrir sem höggormar og einfaldir sem dúfur“. Það má heimfæra hana eins upp á þingið, sem einstaklinginn. Mótflokkurinn vill og ætlast til, að við séum eins og dúfurnar einfaldir og vörumst ekki hrekkina, og það er stundum aðalstoð þeirra, sem um stutta stund hreykja sér uppi, en falla á sjálfs sín bragði.

ATKVGR.: Frv. vísað til 2. umr. með 8 atkv. gegn 1.

Önnur umr., 9. ágúst (C bls. 386, 473, 486, 547).

Framsögumaður meiri hlutans (Kristján Jónsson): Þegar eg við þessa umr. mæli fyrir meiri hluta nefndarinnar, get eg verið stuttorður. Við 1. umr. leitaðist eg við að skýra stefnu frumv. og sýna fram á þær breytingar, sem ætlast er til að það geri á því stjórnarfari, sem nú er. Álít eg því óþarfa að fara fleiri orðum um málið í heild sinni, þar sem aðalatriðin hafa verið all-ýtarlega rædd En eg ætla mér nú að ræða hin einstöku atriði málsins, og skýra frá aðalákvæðum frumv. — 1. gr. frumv. ákveður, að konungur láti ráðgjafa fyrir Ísland framkvæma stjórnarathöfnina, að þessi ráðgjafi megi eigi hafa annað ráðgjafaembætti á hendi og að hann verði að tala og rita íslenzka tungu. Þessi atriði málsins hafa verið rædd svo rækilega áður hér í þingd., bæði nú á þingi og í hitt eð fyrra, að eg sé ekki ástæðu til að fara að fjölyrða um þau, enda mun eg síðar víkja að þeim aftur, ef þörf gerist. 2. gr. ákveður, að ráðgjafinn beri ábyrgð á stjórnarathöfninni, og að alþingi geti kært hann fyrir embættisrekstur hans. Með 3. gr. er sú breyting gerð á núgildandi stjórnarskrá, að þingtíminn er ákveðinn 8 vikur í stað 6 vikna samkvæmt núgildandi stjórnarskrá. Þetta er í sjálfu sér engin breyting á því ástandi, sem nú er, því í fjölda mörg ár hefir þingtíminn verið lengdur um 2 vikur á hverju þingári. Breytingin á þessu ákvæði stjórnarskrárinnar er því eðlileg og sjálfsögð. Sömuleiðis höfum vér sett skýlaust ákvæði um það, að breyta megi með lögum ákvæðum greinar þessarar, þar sem ákvæðin um þetta í núgildandi stjórnarskrá, 5. gr., eru eigi alveg ljós. Þar sendur: „Breyta má þessu með lögum“, og verður því ekki séð með fullri vissu, hvort átt er við báða eða að eins annan lið þeirrar greinar. 4. gr. fer fram á, að tölu þjóðkjörinna þingmanna sé fjölgað úr 30 upp í 34. Þessi breyting er gerð samkvæmt óskum þjóðarinnar og bygð á skynsamlegum ástæðum. Fólki hefir fjölgað allmjög síðan 1874, að stjórnarskráin kom út, og sumstaðar hefir íbúatalan vaxið að mjög miklum mun, en fækkað að vísu aftur á öðrum stöðum. Atvinnurekstur almennings hefir breyzt og að ýmsu leyti er nú alt annað ástand, en þegar stjórnarskráin var gefin út. 5. gr. kveður á um deildaskiftingu alþingis og tölu þeirra þingmanna, er sæti eiga í hvorri deild; eru þessi ákvæði eðlileg afleiðing af ákvæðunum í greininni á undan. 6. gr. gerir nokkra breyting á kosningarrétti til alþingis. Aðalbreytingin frá því, sem nú er, er, að aukaútsvarsupphæðin, sem miðað er við í núgildandi lögum um kosningarréttinn, er færð niður í 4 krónur, og orð greinarinnar eru yfirleitt víðtækari en áður. Þetta styðst við almenningsvilja, að eg ætla. Það hafa á síðari árum

komið upp ýmsir flokkar manna, sem ekki hafa kosningarrétt samkvæmt núgildandi lögum, en öðlast hann, ef breyting þessi kemst á, eins og t. d. ýmsir iðnaðarmenn, einkum í kaupstöðunum, skipstjórar og stýrimenn, menn, sem hafa kenslu fyrir atvinnuveg o. fl. Allir þessir geta verið heiðarlegir atvinnurekendur, og eiga heimting á að fá að njóta almennra borgaralegra réttinda. Síðasta málsgrein 6. gr. hljóðar um það, að með lögum megi afnema aukaútsvarsgreiðsluna sem skilyrði fyrir kosningarrétti. Margir álíta, að eigi sé rétt, að binda kosningarréttinn við útsvarsgreiðslu, og er líklegt, að sú skoðun ryðji sér æ meir og meir til rúms. Þykir því rétt að taka þetta ákvæði upp í frumv. Það er farið fram á það í frumv. (7. gr.), að ákvæðum 19. gr. stjórnarskrárinnar um samkomutíma alþingis megi breyta með almennum lögum, og mun ekkert vera athugavert við það. 8. gr. frumv. fer fram á að breyta 1. lið 25. gr. í stjórnarskránni samkvæmt þeirri breytingu, sem á er orðin, síðan stjórnarskráin var gefin, nfl. að hið svokallaða aukatillag falli niður; er því að eins nefnt hið fasta tillag til landssjóðs úr ríkissjóði. Breytingin í niðurlagi gr. leiðir af ákvæðum 10. gr., um að ráðgjafinn eigi sæti á alþingi. Breytingarnar í 9. og 11. gr. frumv. á 28. gr. og 36. gr. stjórnarskrárinnar eru þær, að ályktanir í sameinuðu alþingi skuli vera gildar, svo framarlega sem meira en helmingur þingmanna úr hvorri þingdeildinni um sig sé á fundi og greiði atkvæði, og að hvorug þingdeildin megi gera ályktun um neitt málefni, nema meir en helmingur deildarmanna sé á fundi og greiði þar atkvæði, þar sem eftir núgildandi stjórnarskrá útheimtist til þessa, að $^2/_3$ þingmanna úr hvorri deildinni fyrir sig mæti í sameinuðu þingi, og $^2/_3$ deildarmanna mæti á deildarfundi og taki þátt í atkvæðagreiðslunni. Með þessum ákvæðum, sem vér hyggjum að hafi almennings fylgi, höfum vér viljað fyrirbyggja það, að hægt væri að ónýta framgang mála með því, að fáeinir menn til þess að gera, gengju af fundi og gerðu með því fundinn ólögmætan. En dæmi þessa þekkjum vér í þingsögu vorri. Eg álít fyrir mitt leyti, að breyting þessi sé til stórmikilla bóta. Við 1. umr. mintist eg ýtarlega á ákvæði 10. gr. og get vitnað til ummæla minna þá. Um 12. gr. er það að segja, að hún er eðlileg afleiðing af ákvæðum 2. gr. frumv. og í samræmi við hana, þar sem hún ræðir um málshöfðun á hendur ráðgjafanum út af embættisrekstri hans.

Eg hefi nú í stuttu máli gert grein fyrir þeim breytingum, sem frumv. þetta gerir á núgildandi stjórnarskrá; og nú ætla eg í fám orðum að víkja að brtill. þeim, sem fram eru komnar við frumv. þetta frá háttv. þingmönnum. Við 1. umr um þetta mál gat eg þess, að sá vegur, sem frumv. þetta hafi orðið að þræða, hafi verið þröngur og vandrataður, og sanna breyt.till. þær, sem fram eru komnar, það mál mitt. Því aðrar þeirra benda á, að vér höfum farið of langt, hinar, að vér höfum farið of skamt; en meðalveginn þykjumst vér þá hafa farið, og hann er sannarlega jafnan farsælastur, og það vona eg, að hann reynist nú.

Breyt.till. á þskj. 342 miða að því, að setja frumv. í sama form og það hafði 1897, og líkt eins og frumv. frá Ed. 1899 var. Hinir háttv. flutnm. finna það líklega skyldu sína, að halda fast við frv., eins og það var 1897, en þá var það sniðið eftir yfirlýsingum þeim og vilyrðum, sem fengist höfðu hjá þáverandi Íslandsráðgjafa, Rump heitnum. En nú eru önnur skilyrði fyrir hendi, og ástandið alt annað en þá var; Rump er látinn, eftirmaður hans farinn frá, og annar pólitiskur flokkur kominn til valda í Danmörku; það er því eigi nauðsyn til þess, að ríghinda sig nú við yfirlýsingar og

skoðanir Rumps, og svo verður að líta á það, að í þessu máli eru tveir aðilar, sem að sjálfsögðu verður að taka tillit til beggja, sem sé þjóðin öðrum megin og stjórnin hinum megin. Samkvæmt vilja þjóðarinnar, eftir því sem vér teljum, að hann hafi komið glöggast og skýrast í ljós, höfum vér tekið ýms ákvæði upp í frumv. þetta, sem eigi voru í frumv. 1897 og 1899, og teljum vér þessi ákvæði svo nauðsynleg fyrir framgang málsins hjá þjóðinni, að vér erum eigi í efa um, að það verður bráður bani fyrir frv., ef samþyktar eru breyt.till. á þskj. 342. Eg skal nú fara um þær nokkrum orðum. Á breyt.till. undir tl. 2 við 2. gr. um að orðin: „fyrir sitt leyti“ bætist inn á eftir orðinu „alþingi“ get eg alls ekki fallist. Eg man eftir því, að um þetta var töluvert þráttað hér í Ed. 1899 og lét eg þá í ljósi þá skoðun mína, að eg áliti rétt, að fella þessi orð („fyrir sitt leyti“), sem þá voru í frumv., úr því, með því að annars mætti ef til vill skilja greinina svo, að vér með henni viðurkendum það, að grundvallarlögin dönsku giltu hér á landi. En það get eg aldrei viðurkent, og vil ekkert samþykkja, er geti skilist sem viðurkenning í þá átt. Legg eg því eindregið á móti breyt.till. þessari, og óska, að hún verði feld. Með skírskotun til þess, sem eg hefi sagt um hinar einstöku greinar frumv., svo og til nefndarálits vors og álits stjórnarskrárnefndarinnar í Nd., legg eg það enn fremur til, að breyt.till. undir stfl. 3, 4, 5 verði feldar. Sömuleiðis leggjum vér til, að breyt.till. undir tl. 6 a sé feld, því vér álítum það vel ráðið, að breyta tölu þingmanna, og þá einmitt tölu þjóðkjörinna þingmanna, þannig að þeim sé fjölgað, eins og farið er fram á í frumv. Tölul. 6 b fer fram á, að breyta 61. gr. stjórnarskrárinnar og orða hana, eins og Ed.-frumv. 1899. Við 1. umr. málsins gerði eg ýtarlega grein fyrir því, hvers vegna vér höfum ekki tekið upp þessa breyt. á 61. gr., og sömuleiðis eru ýtarleg rök færð fyrir þessu í nefndaráliti meiri hlutans. Mér er það að vísu lítt skiljanlegt, hvað ráðgjafa vorum, Rump heitnum, gat gengið til þess, að leggja svo mikið kapp á, að fá þessari grein breytt, þó að hún ef til vill sé komin í stjórnarskrána fyrir vangá. Eg get því eigi búist við því, að núverandi ráðgjafi vor leggi sama kapp á það, að fá greininni breytt. Persónulega vildi eg helzt, að greininni væri breytt, eða jafnvel, að hún væri alveg numin úr gildi, og hefi eg áður fært ástæður fyrir þessu áliti mínu hér í deildinni; en það verður að líta á fleira, en persónulegar tilfinningar og vilja einstaks manns. Það er orðið full-ljóst — ekkert atriði í þessu máli er orðið ljósara en það —, að vilji þjóðarinnar er eindregið með því, að halda greininni óbreyttri, og að þjóðin hefir gert þetta að höfuðatriði í málinu. Fyrir þessum augljósa þjóðarvilja verðum vér að beygja oss, og þess vegna legg eg það til, að breyt.till. sé feld, svo að hún verði ekki málinu að falli, þegar til þjóðarinnar kasta kemur. Stjórninni getur á engan hátt verið áhugmál að fá greininni breytt, þessari grein, sem staðið hefir í stjórnarskránni í 27 ár, og einkum höfum vér ástæðu til að líta svo á, þar sem vér höfum reynslu fyrir því, að grundvallarregla stjórnarinnar hefir ætíð verið sú, að halda öllu sem frekast óbreyttu og í gamla horfinu. Stjórnin er í eðli sínu íhaldssöm, konservativ, í þessu sem öðru. Eg sé enga ástæðu fyrir h. flutnm. til að halda fast við stefnuna og skoðanirnar í þessu efni frá árunum 1897 og '99, þar sem málið er í framsókn og svo margt og mikið hefir breyzt, heldur ættu þeir að fylgjast með í framsókninni, og bezt mundu þeir hjálpa málinu með því, að leggja ekki neina sérlega áherzlu á breyt.till. sínar, og gefa málinu atkvæði sitt, þótt þær væru feldar.

Þá kem eg nú að hinum endanum á máli þessu, og er um langan veg að fara, því að mikið djúp er staðfest milli breyt.-till. þeirra, sem um hríð hefir verið umtalsefnið, og þeirra, sem eg nú verð að taka fyrir til umræðu; eg á við breyt.till. þær, sem sendar voru út í gær á þgskj. 386, og er mér ógeðfelt að þurfa að rannsaka þær nákvæmlega og fara ýtarlega út í þær, þar sem þær aðallega ganga í sömu átt og 10 manna frumv. í h. Nd., sem þar kom fram og þar var felt; eg held, að þær breytingar við 10 manna frumv. Nd. sem felast í þessum breyt.- og viðaukatill. á þgskj. 386, séu lítilvægar og hafi eigi nein veruleg áhrif á aðal-kjarna málsins. Sé það nú svo, sem eg tel hér um bil víst, þótt eg eigi hafi haft tíma til að bera þær nákvæmlega saman við 10 manna frv., að í þeim felist nærfelt hið sama, sem í 10 manna frv. Nd., þá verð eg að kalla það dirfsku, að bera þessar till. fram hér í deildinni. Það var með nægum atkvæðafjölda sýnt í Nd., að þær gátu eigi fengið framgang þar, og ef flutningsmenn þeirra ætlast til, að þær verði samþyktar hér í deildinni, þá verður eigi betur séð, en að þeir ætlist til, að frv. sé leitt undir öxi, eins og sauðir undir hníf. Svo miklir sauðir erum við þó ekki, að við förum að samþykkja þær br.till. við málið hér í deildinni, sem þegar er áður búið að fella með ótvíræðum og nægum atkvæðafjölda í Nd.

Eg hef svo varla annað meira að segja um þessar breyt.till.; en úr því að eg stend hér á gólfinu á annað borð, þá skal eg samt stuttlega minnast á einstöku atriði þeirra. Í 1. gr. er farið fram á, að skipaðir skuli 2 ráðgjafar fyrir Ísland, annar búsettur í Kaupmannahöfn, en hinn hér í Reykjavík. Það er sannarlega nokkuð leiðinlegt að þurfa að taka upp aftur og aftur hið sama, sem eg eftir megni skýrði og útlistaði við 1. umr. málsins, og sem sannarlega hlýtur að vera h. þm. full-skiljanlegt; eg hygg það vera ómótmælanlegt, að yfirlýsingar frá fyrverandi ráðgjöfum og leiðandi mönnum í Danmörku séu svo skýrar og ákveðnar um þetta efni, að vér þurfum eigi að vera í vafa um það, að þetta ákvæði sé svo lagað, að eigi sé von um, að stjórnin muni geta aðhylst það, og að það sé svo óaðgengilegt, að það hljóti að verða frumv. að falli. Þetta leitaðist eg við að útlista svo nákvæmlega, sem mér frekast var unt við 1. umr. þessa máls. Eg held eigi, að ráðaneytisskiftin hafi nokkur áhrif á þetta atriði.

Eg skal svo eigi fara frekar út í þetta ákvæði að svo stöddu, en minnast lítið eitt á önnur ákvæði 1. gr., sem mér virðast æðiathugaverð. Þar stendur, að ráðgjafi sá, sem búsettur er í Reykjavík, skuli að jafnaði bera lög og önnur mikilsvarðandi málefni sjálfur fram fyrir konung. Þetta ákvæði er æðióákveðið og athugavert. Hve nær getur ráðgjafi þessi látið vera að bera málin fram fyrir konung, svo að honum sé það ábyrgðarlaust? Hver dæmir um það, hvernig hann uppfyllir þá skyldu, að bera að jafnaði lög og önnur mikilsvarðandi málefni fram fyrir konung? Þetta vildi eg að eins benda á, til þess að sýna, hve athugavert þetta ákvæði er. Þá kem eg næst að því ákvæði í 1. gr., að annar ráðherrann fyrir Ísland skuli vera búsettur í Kaupmannahöfn. Það hefir aldrei áður verið farið fram á það, að lögfesta beinlínis og með stjórnarskár-ákvæði búsetu ráðgjafans í Kaupmannahöfn, þannig að beint sé ákveðið, að hann skuli vera þar búsettur, eins og hér er gert í þessari breyt.till.; þvert á móti höfum við, sem fylgjum fram stjórnarbótar-frumv., hagað því svo, að þessi spurning liggur opin fyrir og óútkljáð. Nú vilja h. flutnm. þessara breyt.till. lögfesta búsetu ráðgjafans í Kaupmannahöfn með því að kveða svo á, að hann skuli vera þar búsettur. Ef litið er á þetta mál með eftirtekt og sanngirni, þá hygg eg, að engum geti blandast hugur um, hverjir eru nær því að fara í framsóknaráttina og fara gætilega og stillilega í málið, vér

eða hinir, sem með beinu lagaákvæði vilja lögfesta búsetu ráðgjafans í Kaupmannahöfn. Eg tók það fram við frh. 1. umr., að eins og frumv. okkar er orðað, þá er ekkert því til fyrirstöðu að ráðgjafinn sé látinn vera búsettur í Reykjavík. Þegar nú ráðgjafi sá, sem búsettur er í Kaupmannahöfn, samkvæmt 10 manna frumv., er maður, eins og gera verður ráð fyrir eftir þessu frv. og br.till — sem hvorki kann íslenzku eða þekkir neitt verulega til íslenzkra mála, en svo hefir því verið varið til þessa með ráðgjafa vora, — en á alt að einu að hafa vald til að framkvæma þær stjórnarathafnir, sem eigi má fresta, þangað til úrskurður ráðherrans á Íslandi verður fenginn, — þá virðist mér þetta ákvæði hið háskalegasta af öllum þessum breyt.-till. Það er eigi hægt að segja fyrirfram, hve mikill hluti sérmála vorra verði lagður á vald þessa ráðgjafa, sem vér aldrei fáum að sjá og sem eigi verður búist við, að hafi þekkingu á eða „Interesse" fyrir íslenzkum málum, eigi einu sinni til jafns við hinn núverandi Íslandsráðgjafa, sem eftir stöðu sinni hefir öll sérmál vor til umönnunar, — og þessi maður á samt að geta ráðið til lykta fjölda af sérmálum vorum, án þess að gera alþingi neinn reikningsskap fyrir því. Þá sný eg mér að ákvæðinu í 2. gr., sem fer í þá átt, að þegar ráðherra sá, sem búsettur er í Kaupmannahöfn, ber lög og önnur stjórnarmálefni undir konung í umboði ráðherrans á Íslandi, þá á hann að eins að bera ábyrgð á því, að málið sé rétt framflutt og afgreitt. Að vísu eru mér eigi kunnar skoðanir þeirra stjórnmálaráðherra, sem nú sitja að völdum í Danmörku viðvíkjandi ákvæðum grundvallarlaganna um ábyrgð ráðgjafanna, en það man eg glögt, að þegar eg var við háskólann, þá kendi prófessor Matzen glögt og ljóst, að það væri óhugsanlegt eftir skilningi Dana á stjórnlögum þeirra, að nokkur annar ráðgjafi gæti undirskrifað lög og aðra stjórnarúrskurði með konungi en sá, sem hefir ábyrgð á þessum málum, eigi að eins formlega, heldur líka í „Realiteten", eða með öðrum orðum, að sá ráðgjafi, sem undirskrifar, hljóti jafnan að bera ábyrgðina á stjórnarathöfninni, ekki að eins „formelt" (á undirskriftinni), heldur einnig reelt (o: á innihaldi úrskurðarins eða skipunarinnar). Þetta segi eg að eins sem lærdóm, sem mér hefir verið kendur í Danmörku, lærdóm, sem eg eigi sé ástæðu til að vikið sé frá, frá sjónarmiði Dana, því að eg hygg, að hann eigi við góð rök að styðjast. Það getur verið, að þetta sé öðruvísi í öðrum löndum; en það byggist þá á staðlegum eða sögulegum ástæðum; en við verðum að byggja á þeim ástæðum, sem leiða af sambandi voru við Danmörku og stöðu Íslands í ríkinu, eins og hún nú er „faktiskt".

Eg skal svo eigi fara frekar út í þetta atriði. Þá kem eg næst að ákvæðunum um kosningarréttinn til alþingis, og hef eg vegna naumleika tímans eigi almennilega getað glöggvað mig á þeim. H. flutn.-menn hafa eigi viljað rýmka þenna rétt með því að lækka auka-útsvarsgjaldið, og vilja halda 8 kr. útsvarinu óbreyttu, en vilja að öðru leyti orða kosningarréttarskilyrðið þannig, að kjósandi sé ekki háður öðrum einstökum manni sem hjú eða fastur fæðis- og atvinnuþiggjandi hans mestan hluta ársins. Hér er því farið fram á að halda útsvarsupphæðinni óbreyttri, eins og hún er ákveðin í stjórnarskránni, og þess vegna er þetta ákvæði lakara og ófrjálslegra en í okkar frv.

Þá er farið fram á það í breyt.till. þessum, að orða 7. gr. þannig, að breyta megi samkomudegi alþingis með lögum. Eg veit eigi vel, hvað þessir háttv. herrar hafa haft fyrir sér eða meint með þessari breytingartill. Það getur verið, að einhver djúp speki liggi til grundvallar fyrir þessu, og verð eg þá að bíða, þangað til eg heyri eitthvað um það. Þá kem

eg að því breytingarákvæði við 10. gr., að ráðgjafanum á Íslandi skuli vegna embættisstöðu sinnar, heimilt að sitja á alþingi. Því hefir verið haldið fram á þingunum 1897 og 1899. að þetta ákvæði ætti að vera orðað þannig, að ráðgjafanum skyldi vera skylt að mæta á alþingi, og hin endilega orðun á greininni varð sú, að ráðgjafinn eigi að hafa sæti á alþingi; þessi orðun álízt sæmileg og kurteisleg. en felur þó í sér nægilega skýrt það, að það sé stjórnskipuleg eða pólitisk skylda ráðgjafans, að mæta og sitja á alþingi; en þessir menn, tillögumennirnir, vilja nú leggja áherzlu á það, að honum skuli að eins vera það heimilt. Ef þetta hefði verið meinining framsóknarflokksins á alþingi 1897 og 1899, þá er mjög líklegt, að þessu ákvæði hefði aldrei verið breytt, eins og hér er farið fram á; en nú er einu sinni búið að koma sér saman um breytingu á því, breytingu, sem hefir alment fylgi hér á þinginu, og þá álít eg eigi rétt að vera að rugla í því aftur. Breyting 10. greinar á 34. gr. stjórnarskrárinnar, hefir verið gerð eftir óskum framsóknarmanna hér á landi, og að fara nú að orða þessa grein, eins og farið er fram á í breyt.till., er að mínu áliti einber hégómi.

Í 7. lið breyt.tillaganna er farið fram á, að taka upp ákvæði, sem að réttu lagi eiga heima í kosningalögunum. Í nefndaráliti meiri hlutans um málið, er það tekið fram, að bráðnauðsynlegt sé, að gera nýja skipun á kjördæmunum, en til þess þarf eigi stjórnarskrárbreyting, heldur að eins breyting á kosningalögunum frá 14 sept. 1877. Ef þetta frv., sem hér liggur fyrir, fær framgang nú, og ef það verður samþykt á næsta aukaþingi, þá liggur beinast við, að það aukaþing, taki þá um leið kosningalögin öll til meðferðar. Vér verðum því algerlega að vera á móti þessari breyt.till.

Eg hef nú gegnum gengið breytingartill. á þingskjali 386, og leyfi eg mér að leggja það til, að þær verði allar feldar, sumpart sem ónauðsynlegar og óþarfar, sumpart sem gagnslausar, og sumpart sem skaðsamlegar.

Eg skal svo eigi fjölyrða frekar um málið að þessu sinni. Að vísu eru einstök atriði, sem enn þyrfti nánari upplýsinga, en eg vil bíða með þau, þangað til eg hef heyrt ummæli h. þd. manna um þau.

Julius Havsteen. H. 3. kgk. þm. (Kr. J.) er þegar búinn að fordæma breytingartillögur mínar, áður en eg hef fengið tækifæri til að bera þær upp Auðvitað var honum það fullkomlega leyfilegt, en það sýnir á hinn bóginn, að við getum eigi verið á eitt sáttir um neitt í þessu máli. Þegar við 1. umr. þessa máls lét þm. (Kr.J.) í ljósi, að hann væri fjarskalega glaður yfir því, að frv. þetta væri komið hingað upp í deildina; eg vissi þá eigi, hvort það var gleði yfir þeim meiri hluta, sem frv. fekk í Nd. eða yfir innihaldi þess, en síðan hefir það komið fram, að hann er glaður yfir hvorutveggja. Eg get nú eigi samfagnað h. þm. yfir því, að sú leið hefir verið yfirgefin, sem einn háttvirtur þm. tók upp 1897 í stjórnarbótarmáli voru, og sem miðaði til þess, að fá nokkrar endurbætur á stjórnarskránni, sem líklegar voru til þess, að öðlast samþykki stjórnarinnar, svo alt stjórnarskrárþref yrði leitt til lykta, að minsta kosti fyrst um sinn. Þessari leið var svo haldið áfram 1899; en nú er komið annað hljóð í strokkinn og annar vegur farinn. H. 3. kgk. þm. (KrJ.) spáði, að þetta frv. mundi fá meðhald hjá stjórninni, og get eg eigi annað en furðað mig á því; eg veit eigi til, að honum sé kunnugra en okkur hinum um afstöðu stjórnarinnar, hvorki þeirrar, sem var, eða þeirrar, sem er, til þessa máls; sérstaklega furðar mig á þessum spádómi hans, þar sem honum þó að líkindum eru kunn ummæli hæstv. landshöfðingja um þetta

mál í Nd. Að vísu hefir hæstv. landshöfðingi talað við aðra stjórn en þá, sem nú er komin til valda, um þetta mál, en samt hygg eg, að þegar ný stjórn kemur til valda, þá muni hún helst fylgja sömu stefnu, sem hin eldri í slíkum málum, sem þessu.

Eg álít það skyldu þingsins að reyna nú að koma þessu máli í sama horf, sem 1899, því að þá er eg viss um, að það fengi framgang hjá stjórninni; en eins og frv. er nú orðað, er engin vissa fyrir, að það fái nokkurn framgang; þvert á móti er eg viss um hið gagnstæða. Að vísu hef eg eigi mikla von um, að breytingartillögur mínar og háttv. 4. kgk. kjörna þingmanns á þingskj. 342 verði samþyktar hér í deildinni, en samt hef eg leyft mér og álitið það skyldu mína, að koma fram með þær; í öllu falli sýna þær, að vér munum eigi greiða atkvæði með frumvarpinu, eins og það nú liggur fyrir, þótt h. 3. kgk. þm. (Kr.J.) segði um daginn við 1. umr. þessa máls, að líkindi væru til, að frv. þetta fengi góðan meiri hluta nú í þessari deild, af því að í henni sætu nú fleiri af þeim mönnum, sem áttu sæti í henni 1899; en það er aðgætandi, að hér liggur fyrir alt annað frumvarp, og eg skal strax lýsa því yfir, að ef þessar breytingartill. mínar verða eigi samþyktar, þá mun eg greiða atkvæði á móti frumvarpinu. Um hin einstöku breytingaratriði mín get eg verið stuttorður, því h. frsm. (Kr. J.) hefir þegar útlistað þau, að vísu frá sínu sjónarmiði. — Fyrst höfum við þá lagt það til, að 1. gr. frv. falli burt, enda er þessi grein ekki í samræmi við frv., eins og það lá hér fyrir 1899. Þar stóð, að ráðgjafinn fyrir Ísland yrði að skilja og tala íslenzka tungu, en nú er það orðað, að hann verði að tala og rita íslenzku; að vísu legg eg eigi svo mikla áherzlu á þennan mun; en eg skal í þessu sambandi taka það fram, að eg með hálfum hug greiddi atkvæði með þessari grein 1899; eg álít nfl., að það eigi ekki við að setja H. H. konunginum reglur um þetta atriði, og ef honum væru settar reglur um þetta, þá mætti eins setja fleiri skilyrði, svo sem að ráðgjafinn fyrir Ísland þekti íslenzk lög og íslenzka stjórn.

Um 2. gr. frv. er eg líka á gagnstæðri skoðun, sem h. 3. kgk. þm. (Kr. J.) Mér finst mega til að orða greinina svo, að alþingi geti fyrir sitt leyti kært ráðgjafann fyrir embættisrekstur hans. Stjórnin hefir lýst því yfir, að hún áliti þetta ákvæði nauðsynlegt, og hefir hún vitanlega í huga, að aðrir, en alþingi geti komið ábyrgð fram á hendur ráðgjafanum. Vér leggjum það til, að 4. og 5. gr. frumvarpsins, um breyting á tölu þingmanna og skifting þeirra í deildirnar, falli burt, af því að við álítum þessi ákvæði varúðarverð að því leyti, er snertir viðtöku frumvarpsins hjá stjórninni, og teljum það mjög efasamt, að stjórnin geti fallist á þær. Þessi ákvæði eru heldur eigi heppileg að því leyti, sem vantar í frumvarpið ákvæði um, hvaðan þeir þingmenn eigi að koma, sem bætt er við. Viðvíkjandi 6. gr. frv., sem samsvarar 17. gr. stj. skr., þá höfum vér ráðið til, að hún sé feld burt, enda stingum vér upp á því (6. a), að breyta megi ákvæðunum í 17. gr. stjórnarskrárinnar með lögum. Viðvíkjandi staflið 6 b á þskj. 342 um breytingu á 2. málsgr. 61. gr. stj.skr., þá álítum vér mjög nauðsynlegt, að þessi breytingartillaga verði tekin til greina, enda var þessi breyting tekin upp í stjórnarskrárfrumvarpið, sem samþykt var hér í deildinni 1899, og nefndarálitið, sem prentað er í alþingistíðindunum 1899, og sem er undirskrifað bæði af 2. og 3. konungkjörna þingmanni, sýnir, að menn álitu það heillaráð þá, að breyta 61. gr., 2. málslið. Eg vil svo ráða h. þingdeild til að samþykkja þessar breyt.tillögur okkar. Þær hafa þó að minsta kosti eitt til síns

ágætis, nefnilega það, að ef þær verða teknar til greina þá verður frumv. laust við þann galla, sem í því er og sem bent er á í 7. breyt.till. á 1. á þgskj. 386, sem sé um það, hvaðan þeir alþm. eiga að koma, sem á að bæta við töln þeirra, sem nú eiga sæti á þingi. Eg álít það alveg sjálfsagt, að ákvæði um þetta standi í þessum lögum og að þau eigi ekki að koma í öðrum lögum. Það er mín fasta sannfæring, að við fáum stjórnarskrárbreytingu, ef þessar breyt.till. verða samþyktar.

Guðjón Guðlaugsson: Við framh. 1. umr. hafði h. 3. kgk. þm. (Kr. J.) mjög fögur orð um breytingar á frumv. þessu og sagðist álíta það sprottið af velvild til málsins og þóttist líklegur til að breiða faðminn móti tilraunum þeim, er gerðar mundu verða í þá átt. En nú kallar hann það ótilhýðilega dirfsku að koma með breyt.till. þær, sem prentaðar eru á þgskj. 386.

Manninum hefir algerlega snúist hugur á svona stuttum tíma.

En slík orð, sem h. ræðumaður viðhafði, verð eg að álíta miklu meiri dirfsku gagnvart sinni eigin þjóð, töluð hér á opinberum stað, alþingi Íslendinga.

H. þm. vildi réttlæta þessi ummæli sín með því, að hér væri farið fram á samhljóða breytingar og farið er fram á í 10 manna frumv., sem feldar voru í Nd. Fyrst er nú það, að hér er ekki farið fram á samhljóða breytingar og þó svo væri, þá þekki eg ekki nokkur lög, sem banna það að koma fram með breytingar, sem feldar eru í annari deildinni. Er slíkt ekki altítt í fjárlögunum o. s. frv.

Eg skil því ekki, hvernig h. þm. getur brúkað orðatiltækið „ótilhlýðileg dirfska“ í þessu efni. Þessar breytingar, sem vér förum fram á, eru að vísu sama efnis og frumv. minni hlutans í Nd. en þó er þar ýmsu breytt, eins og t. d. ákvæðum 7. gr. og auk þess bráðabirgðarákvæðunum.

Það er óþarfi fyrir okkur að tala fyrir þessum breytingum okkar yfir höfuð; okkar breytingar fara fram á að gera stjórnina sem mest innlenda og vilja hafa stjórnina búsetta í landinu sjálfu; en maður getur ekki neitað því, að þeir menn, sem vilja fyrir hvern mun hafa hina æðstu stjórn landsins í 300 mílna fjarlægð, vilji ekki innlenda stjórn. Eg hygg óþarfa fyrir h. flokk að gera sér glæsilegar vonir um fylgi þjóðarinnar, þar eð hið gagnstæða hefir ætíð verið ósk hennar í þessu máli. Hún verður aldrei svo blinduð, að hún sjái ekki, að aðalskilyrði fyrir innlendri stjórn sé það, að æðsti maður í stjórnarkeðjunni sé búsettur í landinu sjálfu. Nú ætla eg mér að drepa stuttlega á hinar einstöku greinar í sambandi við breyt.till. þær, er við höfum leyft oss að koma með.

Alt það, sem nýtilegt er í 1. gr. frumv., er og tekið upp með breyt.till. okkar og þar að auk búsetan er ákveðin í landinu sjálfu. Ákvæðin um, að ráðherrann tali og riti íslenzka tungu, eru og tekin fram hjá okkur. Þessi atriði, sem feld voru í Nd., álít eg rétt að komi einnig fyrir þessa deild, svo þjóðin að minsta kosti sjái, hverir eru í sannleika hennar megin. Okkar 1. gr. vantar ekkert til að jafnast á við 1. gr. frumv. annað en, að æðsti embættismaður þjóðarinnar sé hádanskur. 2. gr., sem hljóðar um ábyrgðina, fer ekkert styttra, heldur en við framsókarmenn í því efni sem öðru eftir umsögn h. 3. kgk. þm. (Kr. J.). Ábyrgðin er eins gild hjá okkur og í frumv., en sá er munurinn, að hjá okkur er það innlendur dómstóll, sem síðar verður ákveðinn með lögum, sem á að dæma ráðgjafann, en hjá frumvarpsins fylgifiskum á hæstiréttur að dæma þau mál, sem höfðuð verða gegn honum, hæstiréttur, aldanskur dómstóll, enda er það eðlilegt frá þejrra sjónarmiði, að danskur dómstóll dæmi afbrot aldansks þegns.

Eg gleymdi að geta þess við 2. gr., að við ætlumst til, að Nd. geti kært ráðherrana fyrir embættisrekstur þeirra, þar sem alþingi öllu er samkvæmt frumv. heimil-

aður ákæruréttur. Þetta þótti okkur meiri trygging tyrir þjóðina, þar sem Nd. er í raun réttri þjóðarinnar deild.

Sömuleiðis eru skýrlega gerðar ráðstafanir í breyt.till. okkar í sjúkdómstilfellum, eða ef ráðherrann deyr, það sem vantar algerlega í frumv. Því líklega verður hann dauðlegur, þó hann verði sérstakur.

Til þess að konungur hafi ráðgjafa sér við hlið í fjarveru heimaráðherrans, höfum við sett annan búsettan í Kaupmannahöfn, sem annast skuli þau stjórnarstörf, sem ekki má fresta o. s. frv.

Er þetta gert, til þess að gera frumv. mun aðgengilegra, og í annan stað vantar þá ekkert í það, er geri það fullkomin stjórnskipunarlög fyrir landið. Þá komum við að 3. breyt.till. við 6. gr. H. 3. kgk. þm. (Kr. J.) tók það fram, að breyt.till. þessar færu aftur á bak, án þess að færa rök fyrir þeirri staðhæfingu. Sömuleiðis fullyrti sami h. ræðumaður, að þetta væri ósk þjóðarinnar, en eg leyfi mér að vefengja það. Eg er víða kunnugur og hef haft tal af mörgum, sem telja ákv.ðið gjald til opinberra þarfa eina rétta mælikvarðann fyrir kosningarrétti. Enginn hefir atkv. um sveitarmál, nema sá, sem borgar eitthvað í sveitarsjóð, enginn í kirkjumálum, nema sá, er eitthvað geldur til kirkju o. s. frv. Hið sama ætti að gilda um landssjóð. Aðalverk þingsins er einmitt að ráðstafa fé landssjóðsins; finst mér því, að enginn, sem ekki geldur 8 kr. að minsta kosti í útsvar eigi að hafa atkvæðisrétt um það fé. Þegar um einar 8 krónur er að ræða, getur það alls ekki talist hátt.

Þetta á að girða fyrir það, að óþroskaðir menn, sem ekki geta talist menn með mönnum og ekki er hægt að leggja neinar 8 krónur á, geti haft atkvæðisrétt í mikilvægum þjóðmálum.

Mér finst skörin færast upp í bekkinn, þegar Pétur, sem ekki leggur neitt til sveitarsjóðs, sýslusjóðs, amtssjóðs eða landssjóðs á að fara að ráðstafa því fé, sem Páll leggur til allra þessara sjóða. Eg hygg einnig, að breyting sú, er frumv. fer fram á, sé mjög stór og mikill fjöldi kæmi til að taka þátt í kosningum, ef það yrði að lögum, og að mönnum þætti nóg um. Þeir menn, sem nú hafa kosningarrétt sökum prófs síns, munu tæplega missa hann, þó breyt.till. okkar komist að, nema svo sé ástatt, að þeir séu þeir ræflar, að þeir eigi tæplega skilið að hafa kosningarrétt þrátt fyrir sitt próf. Við höfum ekki viljað gera greinarmun á nokkurri stétt, og bóndi, sem ekki greiðir þessa ákveðnu upphæð til hins opinbera, strykast að sjálfsögðu út af kjörskrá.

4. breyt.till. okkar um, að síðasta málsgrein 6. gr. falli burt, er sökum þess að við álítum það ákvæði fjarstæðu eina.

Viðaukatill. okkar undir sama tölulið er þess efnis, að með lögum megi veita ekkjum og öðrum ógiftum konum kosningarrétt til alþingis, ef þær fullnægi hinum öðrum skilyrðum, sem sett eru um karlmenn. Það gengur yfir mig, að þessir frjálslyndu menn skuli ekki vilja setja ekkjur, sem oft eru hámentaðar, jafnfætis óþroskuðum drengjum og hverjum slæpingnum. Þeir eiga að verða fjárráðamenn þessara kvenna. Eg held, að ef þessir menn vilja á annað borð taka nokkrum skynsamlegum breytingum, þá ættu þeir að ganga inn á þessa, því hún raskar þó í sannleika ekki hinu pólitiska sambandi milli Íslands og Danmerkur.

H. 3. kgk. (Kr. J.) gerði mikið úr því, að breyt till. okkar við 10. gr. frumv. (34. gr. stjskr.) væri spor aftur á bak, að ráðherranum **skal** heimilt að sitja á alþingi. Eg sé ekki, að það sé nein afturför, því að þegar hann, eins og við leggjum til, verður búsettur hér á landi, þá er full trygging fyrir því, að hann mæti sjálfur á alþingi undantekningarlaust, nema einhver sérstök forföll hamli. En eftir frumv. því, sem hér liggur fyrir,

eru miklu meiri líkindi til, að ráðgjafinn mæti ekki á alþingi, t. d. ef hann yrði danskur maður, sem hann getur orðið alveg eins og Íslendingur, og vildi hlífa sér við að koma fram fyrir fulltrúa þjóðarinnar, af því að hann þættist ekki nógu fær í málinu, og sendi því einhvern annan í sinn stað.

Síðasta breyt.till. okkar er viðaukatill. við frumv., að bætt verði við ákvörðunum um stundarsakir. Eg hygg, að hún sé eins löguð og breyt.till. okkar um, að með lögum megi veita konum kosningarrétt til alþingis, að hún sé sprottin af velvild við frumv. Það er alveg ótilhlýðilegt, að stjórnarskipunarlagafrumv. standi og falli með öðrum lögum, eins og h. 1. kgk. (J. H.) mintist á áðan. Menn vita það, að aukaþingin hafa ekki, nema mjög stuttan, takmarkaðan tíma, og aukaþing að ári mundi hafa mörg fleiri lög til meðferðar en kosningarlögin, sem auk þess er ætlast til, að gerðar verði á stórfeldar breytingar frá því, sem nú er, svo að ólíklegt er, meira að segja, að næsta þing geti komið þeim frá sér; en þó að nú svo væri, þá er aldrei hægt að taka fyrir það, að á þeim kynnu ekki að verða einhverjir formgallar af vangá, sem kynnu að hamla því, að þau næðu staðfesting konungs. Og þá vantaði, eins og stjórnarskrárfrumv. er orðað, alveg ákvæði í það, svo að það yrði þá að falla með hinu frumv., kosningarlagafrumv. H. 3. kgk. þm. (Kr. J) getur ekki verið á móti þessum ákvæðum; hann hlýtur að sjá, að þetta eru alveg nauðsynleg bráðabirgðarákvæði, sem aldrei mundu koma til framkvæmda, nema í mesta lagi á einu þingi. Því að ef kosningalögin ná fram að ganga á næsta þingi, þá koma þessi ákvæði ekki til framkvæmda. Þau eru sett hér af beinni velvild til frumv., svo að ef mótflokkinum er það kappsmál að koma málinu fram, þá get eg ekki skilið, að hann verði á móti þessari breytingu. Eg trúi því ekki, þó að h. framsm. (Kr. J.) kallaði breyt.till. okkar dirfsku, að hann vilji ekki ganga að einhverjum þeirra, og þá er eg ánægður, þótt hann þá kalli sumar hinar þessu nafni.

H. framsm. (Kr. J.) var mjög hreykinn af, að breyt.till. í sömu átt og þetta hefðu verið feldar með nægilegum meiri hluta. Þær voru feldar með 11 atkv. gegn 11, en ekki með 12 : 10, eða þeim atkvæðamun, sem frumv. þetta var samþykt með. Þess vegna er ómögulegt að segja, að h. Nd. sé gerð vanvirða með því að senda henni frumv. aftur með breytingum. Flokkarnir í Nd. voru jafnstórir; þeir hafa báðir jafnan rétt. Ef þessar breytingar eru dirfska gegn öðrum flokknum, þá eru þeirra gerðir, er fara í öfuga átt, dirfska gegn hinum flokknum, og það lítur út fyrir, að h. Ed. vilji úrskurða, hvor þessara flokka, sem hafa jafnan rétt, eigi að verða ofan á.

Það er eitt atriði, sem h. framsm. (Kr. J.) mintist á, að reynt sé í frv. að girða fyrir, að minni hluti geti eyðilagt meiri hluta með því að ganga af fundi. Mér finst nú, að hann og flokksmenn hans ættu sem allraminst að breiða sig mikið út yfir þetta atriði, því að fyrsta ganga þess flokks var að brjóta lög þingsins; hún var vond, en eg hygg, að nái flokkurinn því marki sínu, að koma þessu frumv. sínu sem lögum út fyrir pollinn, þá sé síðasta ganga hans brennimerkt sem það af verri hinni fyrstu.

Framsögumaður meiri hlutans (Kristján Jónsson): Það lítur út fyrir, að ekki sé nú um feita drætti að ræða hjá mótstöðumönnum frumv. fremur en við 1. umr. Þó skal eg minnast á fáein atriði, sem hafa verið umtalsefni.

H. 1. kgk. þm. (J. H.) lýsti stöðu sinni í þessu máli, og get eg vel skilið þær ástæður, er hann færði fyrir afstöðu sinni til málsins, og skal eg ekki finna að

framkomu hans, þó að eg geti ekki fallist á hana.

Það var eitt atriði sérstaklega, er eg vildi athuga í ræðu hans. Hann talaði á móti því ákvæði, að ráðgjafanum sé gert að skyldu að kunna, tala og rita íslenzka tungu. Hann taldi það fjarstæðu, því að ekki væru heimtuð nein slík þekkingarskilyrði eða vottorð af ráðgjöfunum í Danmörku. En hér er öðruvísi háttað; hér er um menn að ræða, ráðgjafa vora, sem búast má við, eftir þeim högum, sem vér eigum við að búa, að ekki þekki vort land, né viti deili á sögu vorri, né hafi haft tilefni til að nema tungu vora; þá virðist það vera réttmætt, að setja það skilyrði, að þeir að minsta kosti geti talað og ritað tungu vora, þegar þeir taka að sér svo mikilsvert embætti, sem ráðgjafaembættið er. Þessu lík ákvæði eru til hjá öðrum þjóðum, þannig — að eg ætla — hjá Norðmönnum, að konungur þeirra skuli kunna norsku, og sama á sér stað um stjórnarherra Suðurlandaþjóða, að þeim eru sett þau skilyrði, að kunna mál þjóðarinnar. Mér virðast það engar öfgar, þó að þetta skilyrði sé sett ráðgjafa vorum, að hann eigi að skilja, tala og rita mál vort, ekki síður en aðrir embættismenn vorir. Eg álít ekki þinginu heimilt að víkja frá þessari kröfu. Eg veit það að vísu, að ráðherra sá, er fyrstur fékst til að fallast á breytingar á stjórnarskránni í þá átt, sem hér er farið fram á, nfl. Rump sálugi, hafði mikinn imugust á þessu ákvæði, en hann áleit það þó sjálfsagt, að ráðgjafinn ætti að kunna íslenzku, en honum þótti ákvæði um það atriði í sjálfri stjórnarskránni óviðfeldið, og hafði á móti því, að það væri tekið upp í frv. Eg get þó ekki verið á því máli, að rétt sé að sleppa ákvæðinu, þar sem sömu ákvæði gilda um alla aðra embættismenn landsins, og það er viðurkent, að nauðsynlegt sé, að ráðgjafinn kunni tungu vora. Að sleppa ákvæðinu fyrir þá skuld, að það sé óviðkunnanlegt eða óviðfeldið, finst mér eigi geta komið til mála.

Þá mintist h. 1. kgk. þm. (J. H) á það, að hann áliti rangt, að taka upp í þetta frumv. ákvæði um fjölgun þingmanna. Eg get ekki skilið, að andmæli hans séu á rökum bygð. Eg hefi áður gert ýtarlega grein fyrir því, hvers vegna farið var fram á þessar breytingar. Þjóðinni virðist hafa verið það áhugamál, að fá þessum breytingum framgengt, fjölgun þjóðkjörinna þingmanna, og í sambandi við það breyting á skipun þingdeildanna. Þegar litið er á þær breytingar, sem orðið hafa á högum þjóðarinnar, á mannfjölgun hér á landi o. fl., síðan árið 1874, þá getur þetta ákvæði varla þótt varasamt að neinu leyti.

Eg heyrði það á ræðu h. 1. kgk. þm. (J. H.), að hann er mótfallinn frumv., eins og það er. Mér þykir það sorglegt og eg gat ekki búist við því. Þar sem kringumstæðurnar eru svo mjög breyttar síðan 1899 og 1897, og stjórnarfarsbreyting hefir nú nýskeð orðið í Danmörku, þá er oss heimilt að líta svo á, að stjórnin muni eigi verða því mótfallin, þótt nokkuð sé lengra farið nú í breytingum á stjórnarskránni en 1899, og bjóst eg því við því, að h. 1. kgk. þm. (J. H.) mundi nú geta verið með oss, eins og hann var með oss 1899. En hann er ef til vill ekki sjálfur í hjarta sínu hlyntur neinum breytingum á stjórnarfarinu, og má þá búast við, að það muni ríða baggamuninn, er hann greiðir atkvæði í þessu máli.

Háttv. þm. Strand. (G. G.) taldi breytingar þær við frumv., sem hann hefir komið fram með ásamt öðrum háttv. þm., gagnlegar, nauðsynlegar, ákjósanlegar og s. frv. Þetta má vel vera. En eg skal svara honum því, að vér, sem höldum þessu frumv. fram, viljum gera sem minstar breytingar á stjórnarskránni fram yfir þær, er vér höfum komið fram með og

teljum aðalmark stjrnarfarsbreytingarinnar, og eru fólgnar í 1., 2. og 10. gr. frv. — Allar aðrar minni háttar breytingar, sem gætu orðið til samkomulags, mundi þó sjálfsagt að taka til greina, eins og eg gat um við 1. umr., enda hafa ýmsar slíkar breytingar verið teknar upp í frv. —, ef þær álítast nauðsynlegar til þess, að afla frumv. fylgis, og á hinn bóginn eru eigi þess eðlis, að óttast megi, að þær verði frumv. að fótakefli. annaðhvort hjá stjórninni eða þjóðinni. Lengra má ekki fara að sinni, því að það væri að stofna frumv. í hættu eða setja það á vogun. Þó að sumar af þessum breytingum, sem eru til umr., geti talist hagkvæmar og eðlilegar, get eg þó ekki fallist á þær að þessu sinni, eins og þær liggja fyrir. og vil því ráða til, að þær verði feldar. Hér er ekki um gagngerða endurskoðun á stjórnarskránni að ræða; ef svo væri, þá væri rétt að taka þær br.till. til athugunar. Hér er að eins um lítið brot, lítinn þátt, en þó mikilsverðan, af stjórnarfarinu að ræða, sem vér leitumst við að gera umbætur á. H. þm. Strand. (G. G.) mintist á, að breytingar hans færu í þá átt, að gera stjórnina innlenda, ráðgjafann búsettan hér á landi. En honum á að vera það skiljanlegt. hvers vegna vér ekki getum fallist á þetta, og að vér hljótum að skoða þessa tillögu hans um svokallaða innlenda stjórn, sem þýðingarlausa og gagnslausa út af fyrir sig, en skaðsamlegar fyrir málið, eins og það nú horfir við. Til þess að stjórnin geti verið innlend o: búsett hér, verður auðvitað æðsti stjórnandi landsins að vera hér búsettur. Nú getum vér ekki átt von á því, að konungur vor verði sjálfur búsettur hér. En úr því svo er eigi, þá verður spurningin, hvort vér getum fengið einhverja „ímynd" hans búsetta hér á landi, til að stjórna í umboði hans („Stedfortræder" konungs, „Vicekonung" eða því um líkt). Þessu hefir verið haldið fram með landsstjórafrv., en sú stefna var gjörsamlega yfirgefin um og eftir árið 1895. Þessi landsstjórahugmynd var hugsunarrétt, bæði eins og hún kom fram á þingi í miðlunarfrumv. 1889 og á þingunum 1885—86, og 1893—94, en hún hafði ýmsa þá annmarka, sem leiddu til þess, að nauðsynlegt var að yfirgefa hana, einkum þann, að engin von var um, að stjórn vor fengist til að aðhyllast hana. — Eg er fullviss um það, að engin stjórn, sem situr að völdum í Danmörku, hver svo sem hún er, getur fallist eða mun fallast á þá stefnu, eins og samband landanna nú er skoðað og skilið í Danmörku af leiðandi mönnum. Og það er heldur ekki meiri von um, að ákvæði um búsettan ráðgjafa á Íslandi fái áheyrn hjá stjórninni, því að búseta ráðgjafans hér er ómöguleg, nema því að eins. að jarl eða annar slíkur umboðsmaður konungs, ábyrgðarlaus fyrir öðrum en konungi, verði þá hér á landi líka og standi í broddi fyrir stjórn landsins. Búseta ráðgjafa hér er því að eins möguleg, að skipaður sé um leið landsstjóri (eða vicekonungur) hér á landi. Stefna háttv. 6. kgk. þm. (E. B.) í þessu máli, er að þessu leyti logiskt og pólitiskt rétt, eftir því sem eg skildi hann í nefndinni; hann hefir fyrir augum innlenda stjórn með landsstjóra, líkt og farið var fram á 1889, en meinið er, að þetta mun nú eigi vera fáanlegt, enda nokkur vafi á því. hvort þjóðin vill nú halda þeim kröfum fram, vegna kostnaðarins og annara annmarka. Búseta ráðgjafa hér með öðrum kosti en þessum, sem eg hefi nefnt, held eg sé alveg ómöguleg eftir því, hvernig stjórnin í Danmörku lítur á stöðu Íslands í ríkinu. Eg held, að það sé hreint og beint hégómamál, að vera að berjast fyrir búsetu ráðgjafans hér á landi, nema þá um leið sé hafin barátta fyrir gamla landsstjórafrv. Þó að einhver stefna sé „teoretisk" rétt, þá er eigi þar með sagt, að hún sé

„praktisk“. Landstjórastefna Benedikts Sveinssonar er ef til vill teoretiskt réttari en okkar stefna, en það dugar ekki, að halda fast við hana, af því að hún er „praktist“ ómöguleg, óframkvæmanleg og ófáanleg.

Háttv. þm. Strand. (G. G.) áleit ekki rétt, að eg talaði mikið um dirfsku hjá mótflokknum. Hann hlýtur þó að sjá, að það er ekki til annars en að ögra mönnum, að koma með breytingar á stjórnarskrárfrumv., sem í háttv. Nd. hafa verið feldar með nægilegum atkvæðafjölda. Það má vel kalla það dirfsku, já ofdirfsku, að koma fram með breyt.till., sem fallið hafa í hinni deildinni. Þetta er venjulega eigi gert, nema við meðferðina á fjárlögunum, þegar am lítinn atkvæðamun að er ræða. Það er venjulega gert ráð fyrir því, að fjárlögin komist í sameinað þing, og þá er vant að telja saman atkvæðin fyrir einhverri fjárveitingu eða móti henni, til að sjá hvort atkvæðamagn muni verða nægilegt í sameinuðu þingi. — Annars er það föst þingregla, og á að vera það, að önnur deildin taki eigi upp óbreytt það, sem hin deildin hefir felt eftir ýtarlegar umræður og með nægum atkvæðafjölda.

Eg skal bera það af mér og *mínum* flokki, að vér séum á móti landshöfðingjadæminu. Eg hefi ýtarlega gert grein fyrir því áður, við 1. umr. að vér viljum að eins, ef eg má svo að orði komast, „islandisera“ ráðgjafann, gera hann svo íslenzkan, sem unt er; vér viljum ekki á nokkurn hátt kasta rýrð eða skugga á landshöfðingjaembættið. Það hefir sama vald eftir sem áður, þótt frv. vor: nái fram að ganga, og sjálfsagt fær það þá meiri viðgang en nú, þegar landshöfðingi hefir ráðgjafann hér hjá sér annaðhvort ár, til viðtals og ráðagerða. Það er meira að segja ástæða til að ætla, að okkar fyrirkomulag kasti nýjum ljóma yfir þetta embætti og ljái því meiri vegsemd en nú á sér stað.

Það hefir verið minst á, hvernig ætti að fara að, ef ráðgjafinn forfallaðist, yrði sjúkur eða bráðkvaddur. Það er eðlilegt, að það þá verði farið eftir þeim reglum, sem konungur er vanur að fylgja í þeim efnum í rikisstjórn sinni. Það þarf ekki á neinum nýjum reglum að halda. Það er vitanlegt, að þegar ráðgjafinn ferhingað upp til landsins, þá verður hann að setja annan mann erlendis í stað sinn á meðan. Ef einhver forföll koma fyrir ráðgjafann, meðan hann er hér á landi, þá heldur hinn setti ráðgjafi áfram, þar til konungur hefir fengið annan í embættið á lögskipaðan hátt. Á því þurfa engin vandkvæði að verða.

H. þm. Strandam. (G. Guðl.) bar mjög brigður á það, að þjóðin óskaði þeirra breytinga á kosningarréttinum sem frv. fer fram á. Ef til vill er þessu svo varið í kjördæmi hans. En eg efast um, að hann sé kunnugur víðar en þar um það, hverjar óskir manna eru í þessu efni úti víðs vegar um landið; hann er að eg ætla að eins kunnugur á Vestfjörðum, en hvergi annars staðar. En við hinir þykjumst vita það með vissu, að þjóðin alment vill fá kosningarréttinn rýmkaðan í þessa átt og það er að minsta kosti almenn ósk manna hér í Reykjavík, og á ýmsum þingmálafundum annars staðar hefir hún komið fram. Hvort rétt sé að taka þar óskir til greina, getur verið tilfinningamál, sem hver verður að ráða með sjálfum sér, en að þær séu ósanngjarnar og fari í ranga átt, getur enginn sagt; við álítum rétt að lækka aukaútsvarið að mun sem skilyrðifyrir kosningarrétti, en viljum þó eigi fella það alveg burtu; gjaldi maðurinn eitthvert aukaútsvar, þó lágt sé er nokkur trygging fyrir því, að hann sé sjálfstæður í fjárhagslegu tilliti, og þá á honum ekki fyrir þá sök að vera meinað að njóta kosningarréttarins. Eg hygg, að ekki muni vera lagt 4 kr. aukaútsvar á mann, nema hann sé nokkurn veginn fjárhagslega sjálfstæð-

ur. Þó að menn ekki beinlínis þiggi af sveit, þá er það engin sönnun fyrir því, að þeir séu fjármunalega sjálfstæðir, ef þ'ir ekki gjalda neitt til sveitarþarfa.

Mér þótti háttv. þm. Strand. (G.G.) ekki skýra nógu vel ástæður sínar fyrir því, að ekkjur og ógiftar konur ættu að fá kosningarrétt til alþingis, en hvað sem því nú líður, þá gekk okkur ekkert annað til, þá er vér sleptum því ákvæði úr frv., eða réttara sagt, létum vera að taka það upp í frv., en það, að vér þóttumst vita með vissu, að það atriði myndi að sinni eigi öðlast samþykki hans hát. konungsins. Vér verðum að vera varfærnir, þegar um stjórnarfars-breytingarmál er að ræða, og vér megum engin þau atriði taka upp í breytingar vor'r á stjórnarskipaninni, er vér getum búist við að muni að einhverju leyti tefja fyrir framgangi málsins, eða geta orðið því til falls.

Ég hygg líka að sú stjórn, sem nú er komin að völdum í Danmörku muni í öllum verulegum greinum fylgja því, sem hin fráfarandi stjórn hélt fram. Að öllu óprófuðu, verðum vér að líta svo á. Það er ekki enn þá komið í lög þar, að ekkjur eða konur hafi kosningarrétt til ríkisþings, og fyrst þetta er ekki komið á í Danmörku, er eigi líklegt, að stjórnin álíti tíma kominn til að lögleiða það hér. Fyrir þessar sakir legg eg til, að þessi breytingartillaga sé felld; eg er hræddur um, að hún mundi ekki verða til annars en til að spilla fyrir frumv., og ef til vill að fótakefli fyrir það, ef henni væri sint.

Þá er síðast að minnast á ákvarðanirnar um stundarsakir, sem standa hér síðast, og eru það einkum ákvæðin um kjördæmin. Eg skal nú vera stuttorður um þessi ákvæði og geta þess að eins, að engin grundvallarlög, sem eg þekki, taka þessi ákvæði upp meðal stjórnskipunarlagaákvæðanna; eg veit t. d. það, að ekki taka hin norsku grundvallarlög slíkt upp og ekki hin dönsku. Yfir höfuð er þessi upptalning kjördæmanna og niðurskifting þeirra mjög athugaverð; hún verður að byggjast á nákvæmri rannsókn. og fara eftir því, hvernig mannfólkið flyzt til úr einu kjördæminu í annað, og hversu mannfólkinu fjölgar í hinum ýmsu kjördæmum í einu meira, í öðru minna; það þarf því við og við að gera breytingar á kjördæmaskipaninni. þó að stjórnlögunum sé annars eigi breytt. Því finst mér það alls ekki rétt að taka þetta ákvæði upp í stjórnarskrá vora. Það var af sérstakri ástæðu, að þau voru tekin upp í stjórnarskrána 1874 sem bráðabirgðarákvæði, en féllu síðan burtu með kosningarlögunum 1877, sem tóku upp ákvæðin um kjördæmin. Ef nú þetta frv. yrði samþykt á þessu þingi og aukaþing yrði að ári, þá á það að vera hlutverk aukaþingsins, að semja kosningarlög þau, sem stjórnarskrárfrv. gefur tilefni til. Málefni þetta, sem er mikilsvert, en lítið athugað, mætti þá athuga og undirbúa þangað til. Mér finnst því rétt að fresta þessum ákvæðum til væntanlegs aukaþings, ef frv. verður samþykt nú. Það gladdi mig, að þm. Strandam. sagði, að það væri af velvild til frumv., að hann hefði komið með þessar breytingartillögur, og ef svo er, ef alvara fylgir máli hans, þá vona eg, að hann greiði nú atkvæði með frumv., og sýni með því, velvild sína til málsins.

Landshöfðingi. Ég gæti hugsað mér, að háttv. þingmenn muni líta svo á, að eg get ekki lagt neitt til þessa máls sem fulltrúi stjórnarinnar, þar sem mér hljóti að vera allsendis ókunnugt um afstöðu þeirrar stjórnar, sem nú er komin til valda, til stjórnarskrárbreytingarinnar. Eg get auðvitað ekki talað hér fyrir hönd núverandi stjórnar og engar leiðbeiningar gefið fyrir hennar hönd og ekkert eindregið sagt af eða á um skoðanir hennar í þessu máli. Það, sem eg get sagt, byggi eg á viðtali við þann ráðgjafa, sem nú er farin frá völdum. Háttv. frms. (Kr. J.) tók

oft fram, að hin nýja stjórn myndi byggja á alveg sama grundvelli og sú, sem frá er farin. Eg vil ekki halda fram, að núverandi stjórn fylgi alveg sömu grundvallareglum og hin fyrri stjórn; eg skal ekki fullyrða, að hin núverandi stjórn vilji halda eins fast við það, að breyta 61. gr. stjórnarskrárinnar, eins og hin fyrri stjórn, en þó eru það auðvitað ýms atriði, sem eg held að hún haldi eins fast við. Háttv. frms. (Kr. J.) tók það fram, hvaða reglu flokksmenn hans hafi viljað fylgja, og hún hafi verið sú, að gera engar aðrar breytingar á stjórnarskránni, en þær, sem þeir væru fullvissir um, að hægt myndi vera að koma fram. Eg get samt ekki kannast við, að þessari grundvallarreglu sé fylgt í þessu frv. Aðalatriðið og það, sem alt frá 1897 hefir verið fylgt fram, er það, að Ísland fái sérstakan ráðgjafa, er sé Íslendingur og mæti á alþingi og beri ábyrgð á stjórnarathöfnum sínum. H. frms. (Kr. J.) sagði líka í ræðu sinni, að það væri almenn ósk í Danmörku, að látið væri í þessu efni að vilja Íslendinga og því er eg fullkomlega samþykkur, en frv. fer lengra, það eru tekin í það ýms fleiri ákvæði, sem ekki eru nauðsynleg, til að koma aðalatriðinu, sem eg áður nefndi, fram, og sem alls ekki er víst að hin núverandi stjórn fallist á. Þannig er ekki nauðsynlegt að taka ákvæðin í 4. og 5. gr. með í frumv. Háttv. frms. (Kr. J.) sagði það vera mjög almenna ósk landsmanna að fjölga tölu þingmanna. Eg veit nú ekki til, að sú ósk frá hálfu landsmanna hafi komið mjög alment fram, og eg held eg megi segja, að hún hafi hvergi komið fram, nema á einum fundi í héraði, hinum svo kallaða Rangárfundi; held eg því, að slík ósk sé ekki almenn, því að mér er hvergi kunnugt um hana annarsstaðar. Frmsm. (Kr. J.) vildi ekki taka neitt tillit til breytingarinnar á ákvörðununum um stundarsakir, sem flutningsmenn breytingartillögunnar hafa sett um það, hvernig kjósa skuli hina nýju þingmenn, en mér finst þó nauðsynlegt að gera ákvæði um það til bráðabirgða, hvernig kjósa skuli þessa 4 þingmenn, sem við verður bætt. Það er rétt, að það er ekki vani í stjórnarskrám að telja upp kjördæmi, því að það er ekkert eðlilegra en, að slíkum ákvæðum þyrfti oft að breyta; en nú eru í stjórnarskrá vorri einmitt ákvæði til bráðabirgða um skipun kjördæma, bygð á þeirri tölu þjóðkjörinna þingmanna, sem tiltekin er í stjórnarskránni, og þegar þessari tölu er breytt, virðist sjálfsagt að breyta ákvæðinu um kjördæmaskipunina samkvæmt því. Framsm. (Kr. J.) lagði mikla áherzlu á það, að alt skyldi ákveðið í kosningarlögum, er kosningar snerti, þar eð svo oft þyrfti um það að breyta, og er það að vísu satt. En eg er á líku máli og þingm. Strand. (G. G.) um það, að oft megi svo atvikast, að ráðagjörðir manna nái ekki að rætast af ýmsum atvikum, og þannig gæti farið um ráðgerð kosningarlög á væntanlegu aukaþingi; skyldi svo óheppilega atvikast, að ný kosningarlög næðu ekki fram að ganga á næsta þingi eða næðu ekki staðfestingu konungs, þá gæti stjórnarskráin, þó hún hefði bezta byr á aukaþingi og öðlaðist konungsstaðfestingu, ekki komið til framkvæmda vegna vantandi ákvæða um, hvernig eigi að kjósa hina nýju 4 þingmenn. Svo var annað ákvæði í frumv., sem eg vildi benda á; eg get ekki skilið, að háttv. framsm. (Kr. J.) þurfi að vera svo mótfallinn breytingunni á 2. gr. frumv., sem tveir h. kgk. þingm. hafa komið með, nefnilega, að í stað orðanna: „Alþingi getur“ komi: Alþingi getur fyrir sitt leyti.

Í ráðgjafabréfi 26. maí 1899 er það tekið skýrt fram, hvers vegna stjórnin leggi svo mikla áherzlu á, að orðunum „fyrir sitt leyti“ sé haldið; með þeim sé gefið í skyn, að fleiri en alþingi geti kært ráðgjafann, en úrfelling þeirra muni eiga að tákna, að ríkisþingið geti ekki kært

ráðgjafann, en það komi í bága við grundvallarlögin. Að hin núverandi stjórn muni líta öðru vísi á þetta atriði, virðist mér næsta ólíklegt. Sé það svo, að með breytingunni á 2. gr. stjórnarskrárinnar eigi að gefa í skyn, að fólksþingið geti ekki kært ráðgjafa Íslands, þá hygg eg, að núverandi stjórn mundi ekki síður en hin fráfarna stjórn halda fram rétti fólksþingsins, því að það hefir verið orðtak vinstrimanna: „Enginn yfir og enginn jafnfætis fólksþinginu", og ef nokkur heldur fram rétti fólksþingsins, þá má búast við, að þessi stjórn geri það, og ef vefengja ætti rétt þess í einhverju efni, þá er þessi stjórn ekki síður hörundssár en hin. Eg vil fyrir mitt leyti ráða hinni háttv. deild til að greiða atkv. með breytingartillögunni við tölulið 2 á þgskj. 342, því að eg gæti hugsað, að ef það verður ekki gert, að það gæti orðið ásteytingarsteinn fyrir frumv., miklu hættulegri en sá viðauki, að ekkjum og ógiftum konum megi veita kosningarrétt með lögum. Því að alt það, sem getur orðið ásteytingarsteinn hjá stjórn þeirri, sem nú er, þegar kemur til að staðfesta frv., ætti þingið að varast. Eg vildi því biðja menn að athuga þetta vandlega, og hugsa um, hve viðurhlutamikið það er fyrir þing og land, að eiga á hættu, að frv. verði felt vegna þessa. Þó að 2. gr. stjórnarskrárinnar sé haldið óbreyttri, þá liggur ekki í því nein viðurkenning á því, að fólksþingið geti komið fram ábyrgð á hendur ráðgjafanum fyrir Ísland, og því síður á gildi grundvallarlaganna hér, sem h. frsm. (Kr. J.) er svo hræddur við. Því hefir aldrei verið haldið fram, að nein slík viðurkenning liggi í greininni, eins og hún er orðuð í stjórnarskránni, og þá er engin hætta á að láta hana standa óhaggaða. Hins vegar dylst mér ekki, að h. frsm. (Kr. J.) í sumum öðrum tillögum sínum vill láta þingið varast að samþykkja neitt, sem gæti riðið í bága við grundvallarlögin, t. a. m. um setu ráðgjafans í ríkisráðinu, svo þó hann vilji ekki viðurkenna, að þau gildi fyrir oss, sem eg ekki lái honum, þá kannast hann við, að ekki megi búast við, að stjórnin samþykki neitt, sem henni kynni að virðast koma í bága við þau. Eg vil því ráða þingd. til að fella burtu 4. og 5. gr. frumv. og samþykkja breyting tveggja þingmanna við 2. gr. þess. Skyldi svo fara, að þessi atriði yrðu frv. að fótakefli, get eg ávalt huggað mig við, að hafa varað þingd. við þeim.

Eiríkur Briem: Eg hefi tekið það fram, bæði í nefndarálitinu og við 1. umræðu þessa máls, að eg get ekki verið frumv. fylgjandi. Eg mintist á aðalatriði málsins við 1. umr. og einnig einstök atriði, sem eg gæti ekki verið með. Hvað 3., 4. og 5. gr. frumv. snertir, þá eru þær þess efnis, að eg gæti gefið þeim atkvæði mitt, en aftur er 6. gr. um kosningarréttinn stórvægilegur galli á frumv., þar sem stendur undir staflið b, að allir karlmenn í kaupstöðum og hreppum, sem ekki eru öðrum háðir sem hjú, skuli hafa kosningarrétt, ef þeir gjaldi að minsta kosti 4 kr. á ári sem aukaútsvar, en svo er gert ráð fyrir, að þessu skilyrði megi sleppa. Þetta sýnist að koma í bága við staflið a, þar sem ákveðið er, að allir bændur, sem grasnyt hafa og gjalda nokkuð til allra stétta, skuli hafa kosningarrétt. Enn fremur er athugavert, að hér er gerð breyting á hlutfallinu milli hinna einstöku stetta, sjávarstéttar og sveitastéttar, um rétt þeirra til kosninga til alþingis. Af frumv. leiðir, að þar sem lausamenn og þurrabúðarmenn í sjávarsveitunum hefðu kosningarrétt í stórum mæli, þá yrðu þar miklu fleiri kjósendur í sjávarsveitunum hlutfallslega, heldur en í landsveitunum með jafnmiklum fólksfjölda, þar sem vinnuhjúin yrðu svo mörg, sem engan kosningarrétt hafa. Það er engin ástæða til að gefa hverjum þeim kosningarrétt, sem getur keypt sér lausa-

menskubréf fyrir 15 krónur, en láta hann ekki hafa kosningarrétt, ef hann ræður sig sem hjú í vist. Þessi grein frumv. raskar eðlilegu hlutfalli milli lands- og sjávarstéttar, auk þess sem hún skamtar réttinum misjafnt niður persónulega. Það væri eðlilegt, að jafnmargir kjósendur kæmu tiltölulega niður á hvert hundrað manna. En eftir þessu frumv. verða tiltölulega miklu færri, sem fá kosningarrétt uppi í sveitunum, heldur en í sjávarhéruðunum, með öðrum orðum: hið pólitiska vald er á óeðlilegan hátt flutt frá bændastétt landsins til lausamanna, þurrabúðarmanna og daglaunamanna við sjóinn. Enn fremur finst mér þetta fyrirkomulag verða til þess, að slá skugga á hjúin, sem ekki fá kosningarrétt, þar sem aftur margir þeir menn fá kosningarrétt, sem standa oft á lægra stigi en hjúin.

9. og 11. gr. frumv. álít eg til engra bóta. H. framsm. (Kr. J.) tók fram, að komið gæti fyrir, að stór minni hluti gæti hamlað framkvæmdum meiri hluta. En er þá meiri heimild til þess, að það sé mögulegt, að minni hluti geti drifið fram mál í trássi við meiri hluta í deildinni, heldur en að geta í bili frestað framkvæmdum einhvers máls? Eg skal nefna dæmi. Ef 4 vantar hér á fundi deildarinnar, at þeim, er hana skipa, þá getur málið ekki fengið framgang. En ef 4 þingdm. vantar undir þeim kringumstæðum eða með þeim ákvæðum, er þetta frumv. skapar, þá geta 4 aðrir deildarmenn drifið fram mál, þó að stór meiri hluti, 7 manns, í deildinni væru eindregið á móti því. Það gerir minna til, þó að mál dragist, heldur en að mál sé þvingað fram með örlitlum minni hluta, því að það getur ýmislegt borið til þess, að menn geti ekki í einstakt sinn komið á fund.

Eg get með engu móti fallist á frumv. þetta, og það því síður nú, er eg veit, að gagngerð breyting hefir orðið á stjórninni í Danmörku, og vinstrimenn þar komist til valda með algjörlega nýjar skoðanir á stjórnmálum, þar sem það er vitanlegt, að frumv. þetta er fram komið og byggist á yfirlýsingum hægrimannastjórnarinnar, sem nú er alveg úr sögunni. Það getur verið, að þessi nýja stjórn haldi fram því sama, og hin fráfarandi, en þó er miklu fremur við hinu að búast, að skoðanir hennar séu alt aðrar á þessu máli, en hinnar fráfarandi hægri stjórnar, þar sem svo mikill stefnumunur í stjórnmálum er ríkjandi milli þessara tveggja stjórnarflokka.

Framsögumaður meiri hlutans (Kristján Jónsson): Ræða hæstv. landsh. hlýtur að hafa glatt alla fylgjendur þessa máls, og yfir höfuð get eg verið honum þakklátur fyrir þær bendingar, sem hann gaf þingdeildinni og nefndinni um ýms atriði í málinu, þótt eg eigi geti gefið þessum bendingum þann gaum, sem þær ættu skilið, ef aðrar kringumstæður væru fyrir hendi, en nú eru. Þar sem hæstv. ldsh. mintist á, að það mundi vera þénanlegt fyrir framgang þessa máls, að fella burt 4. og 5. gr. frumv. um fjölgun þjóðkjörinna þingmanna og um skifting þingmanna í deildirnar, þá veit hann það vel, að til þess að frumv. fái framgang, þá þarf það ekki einungis að fá samþykki konungs, heldur einnig alþingis, og eftir þeim skýrslum, sem fram hafa komið á almennum mannfundum, í blöðunum, hér á alþingi og á annan hátt, virðist það vera alment álitið, að sú breyting á Ed. og Nd., sem farið er fram á í 4. og 5. gr. frumv., sé eitt með nauðsynlegustu skilyrðunum fyrir því, að þetta stjórnarskrárfrumv. nái fram að ganga eða fái fylgi almennings, en þessi breyting er fólgin í því, að auka tölu þjóðkjörinna þingmanna um 4, nfl. um 2 í Nd. og 2 í Ed., og verða þjóðkjörnir þingmenn þá þar í meiri hluta; þessi breyting hefir orðið ofan á í h. Nd., og með henni hygg eg,

að fullnægt sé þeim óskum almennings, sem fram hafa komið bæði á þingmálafundum, á kjörfundum og í blöðunum, en ef eigi hefði verið tekið tillit til þeirra, þá hefði frv. eigi fengið framgang í h. Nd. Um það er eg full-viss. Eg vona, að eftir þeim atvikum, sem nú eru fyrir hendi, þá sé þetta atriði eigi þess eðlis eða svo mikils vert í augum stjórnarinnar, að það geti orðið frumv. að falli.

Eg skil eigi annað en það sé rett, þrátt fyrir ummæli hæstv. landsh., að láta reglurnar um kjördæmaskiftinguna liggja fyrir utan þetta frumv. Ef frumv. verður að stjórnlögum, verður hvort sem er að semja ný kosningalög, eða það tel eg sjálfsagt, en undir téð lög heyra ákvæðin um kjördæmaskiftinguna. Það er enn fremur ástæðulaust að hrapa að þessu máli, sem er al-óundirbúið, því að eg tel eigi starf þm. Strand. (G. G.) nægilegan eða sæmilegan undirbúning á því. Þá er og það, að búast má við, að talsverðar deilur verði um kjördæmaskiftinguna, og að það eigi nokkuð langt í land, að vér verðum þar á eitt sáttir. Hvernig sem á er litið, er það ærið athugavert, að ráða þessu mikilsverða máli til lykta með því að samþykkja breytingaratkv., þó það sé nú frá sjálfum þm. Strand. (G. G.). Þá mintist hæstv. landsh. á, að sér fyndist nauðsynlegt að breyta 2. gr. frumv. þannig, að í staðinn fyrir „alþingi getur kært ráðgjafann“ o. s. frv. komi: „alþingi fyrir sitt leyti getur“ o. s. frv. Það hefir oft verið talað um það, að fyrverandi ráðgjafi vor, Rump hafi látið í ljósi, að hann vildi hafa greinina orðaða svo, eins og landsh. bendir á, en að hann hafi gert það að beinu skilyrði fyrir samþykkingu frumv., held eg ekki að geti verið. Spurningin gat eigi haft nógu mikla þýðingu til þess einmitt frá hans sjónarmiði. Þetta var nú fyrir þing 1899. en eg minnist þess eigi, að neinar yfirlýsingar snertandi þetta atriði hafi komið síðan frá ráðgjafanum. Það er fullkunnugt þinginu, að h. Ed. orðaði þetta ákvæði svo í frumv. 1899, og eftir nákvæma athugun komst nefndin nú að þeirri niðurstöðu, að réttast væri að orða greinina, eins og hún nú er orðuð í frumv. og Nd. hefir fallist á hana.

Eg held því, að réttast sé að halda sér við þessa orðun greinarinnar, einkum af því, að þó vekja megi efasemdir um hana, þá voru mótbárur ráðgjafans 1899 á svo veikum grundvelli bygðar, að tæplega er ástæða til að taka tillit til þeirra. Það stendur eigi annað en þetta í gr.: „alþingi getur kært“ o. s. frv. — Hún segir ekkert um það, af eða á, hvort einhver annar, konungur eða ríkisþingið, geti kært ráðgjafann. Hún gefur ekkert í skyn í þessu efni. Hvernig getur nú stjórnin haft á móti þassu? Svo mikils sem eg met till. hæstv. landsh., þá held eg samt, að við verðum að aðhyllast ákvæðið, eins og það er orðað hér í frumv. Það liggur í augum uppi, að þetta ákvæði, þannig orðað, getur alls eigi skilist svo, sem vér ætlum að traðka rétti fólksþingsins á nokkurn hátt eða tileinka oss þess rétt, enda getum við það vitanlega eigi, og eg skil eigi, að stjórnarherrann geti skilið það svo. Þá virtist mér h. 6. kgk. þm. (E.B.) vilja gera mikið úr misrétti milli kjósenda til sjávar og sveita, sem eiga að leiða af ákvæðum frv. um kosningarrétt. Eg skildi ummæli hans svo, að kjósendum mundi fjölga mjög við sjóinn, en eigi að sama skapi til sveita, og að fólki til sveita, sem að réttu lagi ætti að hafa kosningarrétt og mundi hafa hann, ef það væri í sjáfarsveitunum, væri þar (ɔ: til sveita) neitað um téðan rétt með þessum ákvæðum; en eg held eigi, að þetta sé svo athugavert. Sé hér um nokkurt misrétti að ræða, þá leiðir það ekki af ákvæðum frumv.. heldur er það bein afleiðing af því, að öðru vísi hagar til við sjóinn en til sveita, að þar er fleira húsfólk, lausafólk, og ýmsir iðnrekendur, sem

eigi þekkjast til sveita. Það hefði ef til vill verið rétt að halda 8 kr. aukaútsvarinu; en í þessu efni var farið eftir mjög almennum óskum um breyting, einkum úr kaupstöðum og sjávarhéruðum; sumir vilja hafa þessi ákvæði enn þá rýmri, og fella gjaldið alveg niður; en eg hef áður gert grein fyrir því, hvers vegna það var afráðið, að hafa ákvæðið, eins og það nú er í frumv. Það getur vitanlega aldrei fengist full trygging fyrir því, að þeir menn, sem annars ættu að hafa jafnan rétt til hluttöku í stjórn á opinberum málum, geti komist jafnt að afskiftum á þeim, og það verður aldrei hægt að koma því svo fyrir, að allir verði í reyndinni, í framkvæmdinni, jafnréttis aðnjótandi í þessu tilliti.

Eg held því eigi, að þessi ákvæði gangi í öfuga átt eða séu lakari en þau, sem hingað til hafa verið gildandi. Þvert á móti vil eg ætla, að þau séu betri. Um ákvæðin í 9. og 11. gr. frv. hefi eg áður heyrt h. 6. kgk. þm. (E. B.) tala utan þings, og veit þess vegna, að honum þykja þau athugaverð, en mér var nú eigi fyllilega ljóst, hvað hann meinti með orðum sínum um þau. Mér virtist hann helzt álíta, að eftir þeim gæti lítill minni hluti komið fram sínu máli, ef hinir, meiri hlutinn, á einhvern hátt væru forfallaðir frá að mæta á þingfundi; en það getur þó því að eins orðið, að hinir, meiri hlutinn, hafi engan áhuga á málinu; því að varla er gerandi ráð fyrir, að svo margir sýkist eða teppist í einu, að eigi verði fundarfært, og ef það skyldi fyrir koma, vil eg gera ráð fyrir því, að vér höfum góðan, gætinn og réttsýnann forseta, eins og vér höfum haft, er gæti þess, að málunum verði eigi varpað undir atkvæði, þegar svo á stendur, að margir þingmenn geta eigi mætt fyrir forfalla sakir. — Á hinn bóginn er lítandi á það, að eins og lögin eru nú, getur mjög lítill minni hluti eyðilagt framgang allra mála, með því að svíkjast um að mæta á fundi.

Eg held því, að þessar efasemdir h. 6. kgk. þm. (E. B.) séu eigi annað en grýla, og að þær séu eigi á neinum gildum rökum bygðar. Eg skal svo eigi fara fleiri orðum um þær mótbárur og aðfinningar við frumv., sem fram eru komnar, að þessu sinni.

Guttormur Vigfússon: Eg mundi eigi hafa tekið til máls, ef fáein orð h. frsm. (Kr. J.) hefði eigi neytt mig til þess. Eg gat þess við 1. umr. framh., að eg mundi koma með breyt.till. við frv. í ákveðna átt; framsm. (Kr. J.) gladdist mikið yfir því og kvaðst fús á að taka öllum þeim breytingum, sem menn vildu gera við frumv. og sem hann áliti til bóta. En þegar breyt.till. okkar komu fram, þá kallaði hann það fyrst dirfsku og jafnvel svo mikla ofdirfsku, að við munum álíta hann og flokksmenn hans svo mikla sauði, að þeir mundu ganga að breyt.till. okkar og mintist á speki þessara herra, sem flyttu breyt.till., og átti víst hvorttveggja að vera undirstrykað hjá honum. Eg veit nú eigi, hvað hann á við með því að leggja þessa miklu áherzlu á speki þessara herra, þótt við flytjum breyt.till., sem við og fleiri skoðum réttmætar og mikið til bóta. Hann talaði mikið um dirfsku. Er það dirfska að flytja breyt.till., sem vér álítum til verulegra bóta? Hann sagði enn fremur, að þær hefðu verið feldar með nægum atkvæðamun í Nd.; en hver var svo þessi atkvæðamunur? Það var 11 atkv. móti 11, og það er einmitt það, sem h. framsm. (Kr. J.) er svo hræddur við í Nd. Hann veit það eins vel, eins og eg og allir í deildinni, að ef breyt.till. þessar yrðu samþ, mundu þær ganga gegnum Nd.; því þá yrði þar ekki atkvæðamagn til þess að fella þær.

H. meðflutnm. minn (G.G.) hefir minst svo rækilega á breyt.till. okkar, að eg get

verið mjög stuttorðum um þær. H. frsm. (Kr. J.) sagði, að það gengi yfir sig, að við skyldum hafa sett inn í breyt.till. okkar ákvæði um að annar ráðgjafinn skuli vera búsettur í Kaupmannahöfn. Eg fæ eigi betur séð en, að þetta ákvæði leiði af sjálfu sér, þegar um tvo ráðgjafa er að ræða; en ef h. frsm. (Kr. J.) hefir eitthvert betra fyrirkomulag en þetta að bjóða, þá skal eg vera fús til að fallast á það, en eins og hann vel veit, er meiningin auðvitað sú, að reyna að synda fyrir það sker, sem heimastjórnarfrumv. hefur altaf að undanförnu verið talið til foráttu, nefnilega að enginn ráðgjafi væri við hlið konungs. Eg veit, að h. framsm. (Kr. J.) skilur vel, í hvaða átt þetta ákvæði gengur, þó hann þykist ekki skilja það.

Um ákvæðin í 6. gr. viðvíkjandi kosningarréttinum hefir verið talað svo rækilega, að eg þarf engu þar við að bæta.

Eg er alveg samdóma h. 6. kgk. þm. (E. Br.) um það, að eg álít þessi ákvæði eigi til bóta, en breytingarákvæði okkar miklu betri. Enn fremur er eitt ákvæði í þessari grein, sem er beinlínis skaðlegt, og mundi gefa mönnum hvöt til að fara kringum lögin, því þegar landbændur sæju, hvaða misrétti væri beitt við þá gagnvart kjósendum í sjávarplássunum við kosningar til alþingis, þá mundu þeir neyðast til að fara kring um lögin á þann hátt, að kalla alla vinnumenn sína lausamenn, og á þann hátt veita þeim atkvæðisrétt; með þessu móti mætti hóa saman töluverðum hóp af kjósendum, sem þá gætu frekar hamlað upp móti kjósendafjöldanum úr kaupstöðum og sjóþorpum. Þar sem stendur í síðari málsgrein 6. gr. á þgskj. 386, að með lögum megi veita ekkjum og öðrum ógiftum konum kosninnarrétt til alþingis, ef þær fullnægja sömu skilyrðum, sem sett eru um karlmenn, þá skil eg ekki, að háttv. framsm. (Kr. J.) skuli áííta, að þetta ákvæði geti orðið frumv. að falli hjá þeirri stjórn, sem nú situr að völdum í Danmörku. Eg hélt þvert á móti, að háttv. framsm. (Kr. J.) væri þetta ákvæði kært, af því að hann nýlega hélt svo hjartnæma ræðu fyrir kjörgeugi kvenna, og eg hélt auk heldur, að hann mundi helzt vilja veita konum kosningarrétt nú þegar. — Annars er ekki til neins fyrir mig að halda langa ræða um þetta mál, af því eg í því stend á alt öðrum grundvelli en háttv. framsm. (Kr. J.) og flokkur sá, sem hann fyllir. Við viljum reyna að draga stjórnina sem mest inn í landið, og álítum, að til þess se sporið stigið með þessum breyt.till okkar. Aftur á móti er aðalstefna hans flokks alveg gagnstæð, þar sem hann álítur alt stjórnarfyrirkomulag óhugsandi, sem fari í þá átt, að hafa ráðgjafa Íslands búsettan hér á landi. Eg skal vera háttv. framsm. (Kr. J.) þakklátur fyrir ummæli hans um landstjórafrv., því að eg held, að sú stefna hefði verið sú eðlilegasta og farsælasta; en grundvöllur sá, sem háttv. framsm. (Kr. J.) og flokkur hans standa á í þessu máli, er vitanlega sá, að ómögulegt sé að koma því svo fyrir, að við getum fengið stjórnina inn í landið, og að við verðum því enn lengri eða skemri tíma að una við útlenda stjórn.

Eg skal svo ekki lengja umræðurnar með því að tala lengur að þessu sinni.

Guðjón Guðlaugsson: Eg skal nú verða stuttorður, því að tíminn er nú orðinn langur, sem umræður um mál þetta hafa staðið yfir, og þar sem eg sé, að vér höfum ekki leyfi til neinna breytinga í þessu máli. Háttv. framsm. (Kr. J.) hefir sýnt það í dag, að hann aldeilis ekki vill ganga inn á neina breyting á frumv. þeirra; á því er enginn efi. Yfir höfuð hefir hann ekkert sagt gegn breytingum vorum, sem hér hafa komið fram, nema stór orð, ekkert annað en það, sem sagt var móti

breyt.till. minni hlutans í Nd. Það hafa ekki verið sýnd nein rök fyrir þeirra máli, allra sízt rétt, ekkert nema ástæðulausar staðhæfingar. Eg ætla því ekki að fara út í einstök atriði í ræðu háttv. framsm. (Kr. J.). Það er auðséð, hvað hann vill. Hann vill hafa ráðgjafann í Kaupmannahöfn eingöngu. Þótt hann skildi íslenzku, þá væri hann samt alveg fyrir utan hina íslenzku þjóð. Háttv. þm. (Kr. J.) talaði mikið um þann voða og þá heimsku, að leggja mál sín eingöngu undir þennan Kaupmannahafnarráðgjafa, aldanskan mann og að líkindum ráðgjafa fyrir Danmörku. Þetta er þó aldrei annað en það, sem á sér stað nú, og svo slepti þm. (Kr. J.) að minnast með einu orði á aðalmannninn, sem alt verulegt mun gjöra nfl. innlenda ráðgjafann. Þetta er þó sannarlega að fara kringum sannleikann, og er eg ekki laus við að halda, að h. 3. kgk. (Kr. J.) hafi talað á móti betri vitund í dag í þessu máli. Hann hélt langa lofræðu um endurskoðunarstefnu Beuedikts Sveinssonar, en það er eg handviss um, að þvílík ræða hefði ekki komið úr því pokahorni, ef það mál væri nú til umræðu hér í deildinni. Það er auðvitað alt af hægt að lofa og skjalla á eftir þá, sem fyrir löngu eru í val fallnir, og þeirra málefni, ef svo ber undir, að það gæti orðið til þess, að einhverju leyti, að kasta skugga á þá framsóknarstefnu, sem fer alveg í sömu átt. Því að það, sem hér liggur fyrir frá vorri hálfu, er aðallega það, að fá innlenda stjórn, sem mest má verða. Því að allar stefnur, sem miða í aðra átt en það, í sínu aðalprincipi, eru að eins til þess, að baka landi voru og þjóð tjón í heild sinni. Þetta höfum vér svo oft tekið fram, að eg held, að það væri óþarfi, að nefna það oftar. Þá er nú atriðið um kosningarnar. Þessi háttv. kgk. þm. (Kr. J.) efaðist um það, að eg væri eins kunnugur og hann vilja þjóðarinnar í þessu máli, en eg efast nú aftur á móti um, að hann sé eins kunnugur, og það er einmitt það líklega. Eg hygg, að hann hafi varla ferðast eins mikið um í ár og eg, og reynt eins til að kynna sér vilja og skoðanir manna yfirleitt. Eg get sagt honum það, að eg er ekki að eins nákunnugur því á Vesturlandi, heldur og víða annars staðar, og eg ímynda mér því, að við séum ekki að eins jafnkunnugir, heldur sé eg svo miklu kunnugri vilja þjóðarinnar en hann. Og þó að eg sé ekki vel kunnugur skoðunum þeirra, sem hafa ekki atkvæði, þá er eg þó víða mjög vel kunnugur vilja þeirra, er atkvæði geta greitt. Ef þeirra frumv. kæmist á, þá gætu allir vinnumenn greitt atkvæði, því að þeir þurfa alls ekki að vera öðrum háðir, þeir þurfa ekki annað til þess en að þykjast vera lausamenn, og svo er því líka varið um marga vinnumenn, þeir þurfa ekki annað en kaupa sér lausamenskubréf og þykjast þannig vera engum háðir, en verið svo vinnumenn, þegar svo ber undir, geta verið ársmenn að öllu leyti, en þó haft kosningarrétt eins og hinir. Það er eins og háttv. 2. þm. S-Múl. (G. V.) tók fram, að það verður aldrei nema á pappírnum, þeir geta verið vinnumenn með lausamannsnafni, þótt þeir sé fullkomlega öðrum háðir. Hæstv. landsh. mintist á kosningarrétt ekkna og annara kvenna, og þarf eg því engu þar við að bæta. Í þessu efni sýndi það sig, að háttv. 3. kgk. þm. (Kr. J.) hefir ekki þótt það nógu danskt, að konur hefðu kosningarrétt, þótt hann fyrir skemstu hafi haldið langa ræðu hér í deildinni um kvennfrelsi, einmitt í þessa stefnu. Hann tók það fram, að það þýddi ekkert að setja þessi ákvæði, að þessu mætti breyta með lögum, þar sem slík lög yrðu aldrei staðfest, en eg held, að það væri þá ekki annað en synja þeim alt af. En við þetta atriði er ekki komandi, hann er svo hræddur um, að það muni verða frumv. þeirra til falls, sem þessi svokallaði meiri

hluti er svo gortinn af, að hafa marið í gegn, þó það viti allir, að það er ekki nema með 11 atkv. gegn 12. Eg get þó ekki ætlað háttv. 3. kgk. annað og mörgum af hans flokki, en að þeir vilji fá meira, vilji gera hærri kröfur en þetta. En er það þá ekki undarlegt, að leyfa ekki hæstu kröfunum að komast að?

Að vilja ekki gefa stjórninni bendingar um það, hvað það er, sem vér getum gert okkur ánægða með, og hvað vér viljum fá, sem sé stjórnina sem mest inn í landið, — eg held stjórninni útlendu sé altaf innan handar að synja. En ef nú stjórnin væri ósk vorri hlynt, eigum vér þá ekki að reyna að fara fram á sem mest. heldur en spyrna á móti því sem vér getum fengið? Það er því óskiljanlegt, að flokkurinn samþykki nú þetta frumv., án þess að taka sönsum, og láta það detta niður, því eins og eg hefi oft tekið fram, viljum vér alls ekki annað en innlenda stjórn. En þessum flokki, sem berst á móti því, mun það víst fylgja, eins og skuggi til grafarinnar frá þeirri stundu, sem þeir samþyktu þetta frumv. í trássi við svo mikinn meiri hluta þjóðar vorrar. Það er blettur, sem þeir aldrei að eilífu geta þvegið af sér, að hafa þannig spilt mesta velferðarmáli fósturjarðar sinnar. Það verður límt við nöfn þeirra, löngu eftir að þeir sjálfir eru komnir inn í eilífðina. Það var alls ekki loku skotið fyrir það, að öldin byrjaði með nýrri stjórnarskrárbreytingu, þó að því máli væri frestað um eitt ár. Þetta eru skuggalegar horf- og skuggalegur tilgangur, sem flestum í flokki þessum er varla ætlandi. Eg ætla svo ekki að fjölyrða meira um þetta, því að árangurinn mun ekki verða meiri en fyrri, í að sannfæra slíka menn.

Framsögumaður meiri hlutans *(Kristján Jónsson)*: Það er auðvitað ekki ástæða til að gegna því, sem þm. Strand. (G. G.) var að segja, en það er þó eitt orð í ræðu hans, sem knýr mig til þess að standa upp. Hann bar það nefnilega á mig, að eg bæri fram mál móti betri vitund; eg vona, að forseti hafi heyrt það, þótt hann eigi fyndi ástæðu til að víta það. Eg vil hrinda þessu ámæli af mér, og eg kasta því framan í þingmanninn aftur. Það er eftir honum og hans nótum — eg leyfi mér að viðhafa það orð, — að leggja það svo út, að maður breyti móti betri vitund, þá er maður ber mál fram með fullri sannfæring um, að það sé gott og heillavænlegt, jafnframt og ljós rök, sem þessi þingmaður ekki hefir burði til að hrekja, eru leidd að því, að málið er praktiskt, og málefnið, eða það, sem barist er fyrir, fáanlegt, en hitt ófáanlegt, sem sett hefir verið upp á móti, og getur maður sannlega ekki kallað það föðurlandssást, að setja það upp og berjast fyrir því, sem vitanlega er ófáanlegt og óframkvæmanlegt — Hann bendir á veginn, sem er ófær, og er það eftir honum og í samræmi við hans framkomu annars. Það er og líkt honum og hans von og vísa, að hann hefir tvívegis í sumar farið yfir strykið, út fyrir öll sæmileg takmörk, varpað að mér illyrðum, sem ekki hafa verið viðunandi, og borið ódæmaóhróður í þingræðu á fjærverandi utanþingsmenn, sem ekki hafa getað borið hönd fyrir höfuð sér. En hann skal ekki halda, að eg sé hræddur við hann. Það er að vísu meira en lítið sjálfsálit, sem hann hefir á sér; þegar hann kom hér fyrst á þing. sátum við í deild saman, og atvikaðist það þá svo, að eg sat í nefnd með honum ásamt justitiarius þessa lands. Þá man eg það, að hann ætlaði í fullri alvöru að knésetja justitiarius og kenna honum lög, og þótti mér það næsta skoplegt. Við erum nú búnir að sitja hér um bil jafnlengi á þingi, svo að mér er vel kunnug þingsaga hans; þegar hann hafði verið hér í deild um nokkurt skeið, var honum hrundið héðan ofan í Nd.; eg átti eigi þátt í þeirri ráðagerð, en mér var

vel kunnugt um hana. Eigi var það fyrir það, að Nd. langaði í þingmanninn, heldur vegna hins, að Ed. vildi ekki hafa hann, og efri deildarmenn fengu því þá ráðið. Nú hefir það reynst svo, að eigi hefir verið tjónkandi við hann í Nd., og var því í vor afráðið, að setja hann upp í Ed; ekki var það af því, að Ed. girntist hann; síður en svo; hvar sem þingmaðurinn situr, situr hann í óþökk og vanþakklæti þeirra, er hann á sess með. Hér í deildinni vill hann bæði leggja mig á kné sér og alla deildina, og kenna oss stjórnfræði og ríkislög, og prédika fyrir oss „moral“. Hann gætir ekki hófs í neinum hlut og hefir ekki hemil á tungu sinni, eins og þegar hann nýlega fór að minnast á föður minn heitinn, mann sem hann hefir aldrei séð og aldrei þekt hið minsta. (*Guðjón Guðlaugsson:* Eg sagði tómt lof um hann), en hann skal þá heyra það, úr því þingmaðurinn (G. G.) er að blanda honum inn í þetta mál, að faðir minn hafði mikla kosti, sem þm. Strand. (G. G.) gersamlega vantar. Hann hafði það, sem Englendingar kalla „public spirit“; hann leit á málin frá almennu sjónarmiði; hann hugsaði um það, hvað öllu landinu var fyrir beztu, en hugsaði ekki eingöngu um hag síns sveitarfélags eða sinnar sýslu; hann hafði sjálfsafneitun til þess að beygja sig og sínar skoðanir, þegar nauðsyn eða almenningsþörf krafði. Ekkert af þessu er þm. Strand. (G. G.) fær um. Hreppurinn hans og sýslan hans er hans sjóndeildarhringur. Þm. Strand. sagði enn fremur, að ekki væri eitt einasta atriði rökstött af því, sem eg hefi flutt fram, en þá vil eg segja honum það, að þetta er blátt áfram ósatt, en að hans rök eru sannarlega ekki nógu sterk, þegar hann er að staðhæfa út í bláinn og segja, að við viljum engum sönsum taka, og að við hirðum ekki um hinar hæstu kröfur, sem gera megi, heldur stefnum að tómum gagnlausum hégóma, og að við viljum ekki innlenda stjórn. — Þetta er svo barnalega talað, röksemdalaust, og þess utan fyrir utan allan sannleika, að eg vil engum orðum eyða um það. Vér gerum hinar hæstu kröfur, sem vér getum búist við, að verði gagn að, og að vér getum fengið framgengt; vill þm. Strand. (G. G.) þá ekki taka sönsum og fallast á það? Hann er ekki líklegur til þess. Eg leyfi mér einnig að kasta þeim áburði í hann aftur, að mér þyki þetta og þetta ekki nógu danskt, og vilji því eigi samþykkja það. Þetta er ástæðulaus og heimskulegur áburður; vort málefni er svo íslenzkt, sem mál getur verið, og get eg fært ómótmælanleg rök að því. Og eg fullyrði, að eg og mínir flokksmenn séum fullkomlega eins íslenzkir, og þm. Strand. (G. G.). En hvað sem nú því líður, þá ætti hann að sjá, að vér megum ekki sleppa beztu tækifærinu, sem býðst til þess, að fá fram komið hinum nauðsynlegustu umbótum á stjórnarskipun vorri, — en að vísu hefi eg litla von um, að hann sé svo skygn, að hann sjái þetta.

Vegna þess, að umr. eru orðnar nokkuð langar, þá mun eg eigi fara fleiri orðum um þetta að sinni, þótt það sé margt enn að athuga við það, sem þm. Strand. (G. G.) sagði, en honum, þm. Strand. (G. G.), er bezt að þegja í þessu máli, því að hann skilur ekkert í því, hvorki upp né niður, frá upphafi til enda. Þetta er einlæg ráðlegging mín honum til handa.

ATKV.GR.:

1. breyt.till. á þgskj. 342 við 1. gr. feld með 6 : 3 atkv.
1. breyt.till. á þgskj. 386 við 1. gr. feld með 6 : 3 atkv.
   1. gr. frumv. samþ. með 6 : 2 atkv.
2. breyt.till. á þgskj. 386 við 2. gr. þar með fallin.
2. breyt.till. á þgskj. 342 við 2. gr. feld með 7 : 2 atkv.
   2. gr. frumv. sþ. með 6 : 4 atkv.
   3. gr. frumv. sþ. með 7 shlj. atkv.

3. breyt.till. á þgskj. 342 við 4. gr. feld með 6 : 3 atkv.
4. gr. frv. sþ. með 7 samhlj. atkv.
4. brreyt.till. á þgskj. 342 við 5 gr. feld með 7 : 2 atkv.
5. gr. frv. sþ. með 7 samhlj. atkv.
5. breyt.till. á þgskj. 342 við 6. gr. feld með 6 : 2 atkv.
3. og 4. breyt.till. á þgskj. 386 við 6. gr. feld með 6 : 5 atkv.
6. gr. frv. sþ. með 6 : 4 atkv.
5. breyt.till. á þgskj. 386 við 7. gr. feld með 6 : 5 atkv.
7. gr. frv. sþ. með 6 atkv.
8. gr. frv. sþ. með 7 shlj. atkv.
9. gr. frv. sþ. með 6 : 1 atkv.
6. breyt.till. á þgskj. 386 við 10. gr. þar með fallin.
10. gr. frv. sþ. með 6 : 1 atkv.
11. gr. frv. sþ. með 6 : 1 atk.
6. breyt.till. á þgskj. 342, stl. a., feld með 6 : 2 atkv.
6. breyt.till. á sama þgksj., stl. b., feld með 9 : 2 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, eftir ósk 3. þingmanna og sögðu

já:	*nei:*
Jónas Jónassen,	Ólafur Ólafsson,
Julius Havsteen	Sig. Jensson,
	Axel Tulinius,
	Eiríkur Briem,
	Guðjón Guðlaugsson,
	Gutt. Vigfússon,
	Hallgr. Sveinsson,
	Kristján Jónsson,
	Magnús Andrésson.

7. breyt.till. á þgskj. 386, tl. 1., feld með 6 : 5 atkv.
7. breyt.till. á þgskj. 386, tl. 2., þar með fallin.
12. gr. frv. sþ. með 7 samhlj. atkv.
Fyrirsögn frv. sþ. með 6 samhlj. atkv.
Málinu vísað til 3. umr. með 6 : 5 atkv.

Þriðja umr., 13. ág. (C bls. 386)

Framsögumaður meiri hlutans (Kristján Jónsson): Eg ætla mér ekki að lengja tímann að þessu sinni með umræðum um þetta mál, en í tilefni af bréfi því, er forseti — þrátt fyrir andmæli mín, sem studdust við ótvíræð orð þingskapanna í 27. gr. þeirra — las upp hér í deildinni, og sem tjáist vera frá nokkrum þingm í Nd. vil eg, með leyfi þingdeildarinnar og hins hv. forseta, lesa upp yfirlýsingar, sem mér hafa verið fengnar í hendur frá nokkrum öðrum samþingismönnum vorum í Nd. Þær eru 2, eru samhljóða og hljóða þannig:

„Undirritaðir þingmenn í Nd. alþ. biðjum hérmeð innilega flokksbræður vora í Ed. þingsins að láta stjórnarskrármálið ganga tafarlaust fram samkvæmt dagskránni".

Reykjavík, 11. ágúst 1901.

Undir aðra eru skrifaðir þessir h. þingm: Valtýr Guðmundsson, Stefán Stefánsson, Magnús Torfason, Sigurður Sigurðsson, Jóhannes Jóhannesson, Þórður Guðmundsson, og Ólafur Briem; en undir hina þessir h. þingmenn: Þórður J. Thoroddsen, Guðl. Guðmundsson, Björn Kristjánsson og Skúli Thoroddsen.

Eg hefi nú engu við það að bæta, sem eg hef áður sagt um málið, og vil að eins leggja það til, að hin háttv. deild samþykki frumv. eins og það liggur fyrir.

Guðjón Guðlaugsson: Enda þótt það væri máske réttast að taka ekki til máls, þar sem eg efast um, að orð mín hafi nokkur áhrif á framgang málsins, þá sýnist mér á hinn bóginn, að aðferðin, sem menn brúka, til að keyra málið fram, verðskuldi engu að síður, að um hana sé talað. Það er því um aðferðina en ekki um málið sjálft, sem eg ætla mér að tala fáein orð.

Það, sem kom mér til að taka til máls við þessa umræðu, var aðallega síðasta ræða h. 3. kgk. þm. (Kr. J.) við 2. umr. málsins. Eg ætla að taka það fram, að eg ætla að reyna að halda mér engu síður innan réttra og sæmilegra takmarka, en hann gerði þá, enda þótt eg ætli mér að svara nokkrum persónulegum árásum hans

á mig, en þá má margur hugsa, að óvandaðri sé eftirleikurinn. Án tillits til persónulegra fúkyrða í minn garð, sem eg álít fyrir mitt leyti sé langt fyrir neðan það takmark, sem mönnum er sett í þessum sal, þá finst mér ótilhlýðilegt að taka slíkri ræðu með þögn og þolinmæði. Mér finst, þótt einu af Reykjavíkurblöðunum þyki mikið koma til framgöngu hans gagnvart mér, sem ekki lýsir öðru en siðferðislegu heilsufari blaðsins, þá bera samt orð þingmannsins gagnvart mér vott um siðferðislega veiklun í því augnabliki, sem þau voru töluð og veikan málsstað og algert röksemda-þrot.

Það má vel vera, að eg hafi verið nokkuð þungorður, þegar eg var að kryfja til mergjar þá aðferð, sem hér hefir verið brúkuð, og orð, sem töluð voru í því sambandi þess vegna misskilin, rifin út úr sambandinu. En hann bar mér á brýn, að eg hefði átt að segja, að hann flytti mál móti betri vitund, en slíkt er misskilningur. Mér hefir aldrei komið til hugar að bera nokkrum af fylgismönnum þessa frumv. það á brýn. En orð mín, sem hljóðuðu einhvern veginn á þann veg, áttu einungis við aðferðina í þessu máli, þá aðferð, að fótum troða alla viðleitni mína og annara, til að koma inn í frv. ákvæðum, sem voru til sýnilegra bóta. Eg á ekki við hin stærri þrætuepli, eins og búsetuna t. d., heldur ýms smærri atriði, svo sem kosningarrétt kvenna og kjördæma-skiftinguna, sem miða að því, að gera frumv. aðgengilegra og alls ekki stríddi á móti stefnu þess, og því óskiljanlegra var mér það, sem hann staðhæfði, að frumv. hefði fullan meiri hluta í Nd., og þar sem fullnægur tími var til þess, að afgreiða málið alt fyrir það. Þetta fanst mér fullkomlega ótilhlýðilegt gagnvart okkur í jafnþýðingarmiklu máli, og æðiótilhlýðileg samtök, að svifta aðra deildina alveg atkvæði sínu.

Þetta finst mér vægast talað ekki sýna annað en það, hvernig meiri hluti á ekki að breyta gagnvart minni hluta, hvernig ein þingdeild á ekki að breyta gagnvart annari, og hvernig löggjafarþing á ekki að vera yfir höfuð að tala.

Hafi nú þingm. talað eftir beztu vitund, er hann fullyrti, að málið hefði fullkominn meiri hluta í Nd., og að hann vildi taka hverjum þeim breytingum, sem gerðu frumvarpið aðgengilegra, og að hann og hans flokkur vildi fá samkomulag á þingi og frið hjá þjóðinni, þá verða víst fleiri en eg, sem ekki skilja hugsunarþráðinn í því, sem hann talar eftir beztu vitund.

Eg trúi því ekki, að einhverir virði mér eigi til vorkunnar, þó eg hafi sagt, að aðferðin sé ólík því, sem eg bjóst við í þessu máli. Þessi afsökun er nauðsynleg, því það er þungur dómur, að einn breyti á móti beztu vitund í stærsta velferðarmáli þjóðarinnar; eg játa það fyllilega.

Menn hljóta að viðurkenna það, að það eru ótilhlýðileg samtök að svifta aðra deildina atkvæði sínu, þegar tíminn er nægur til að útræða málið, þó það væri sent til hennar, og þegar búið er að nema burt búsetuspursmálið, og eg veit, að h. 3. kgk. þm. (Kr. J.) þykir það ekki síður óréttlátt en mér, ef hann gætir sín.

En nú þegar svo er komið, að þessi meiri hluti er ekki framar til í Nd., sem þeir hafa ávalt verið að klifa á, sé eg ekki betur, en það sé beinlínis ósæmilegt að senda svona lagað frumvarp frá þinginu, sem ekki hefir einu sinni meiri hluta þess, hvað þá hjá þjóðinni. Af þessum ástæðum þakka eg skaparanum fyrir, að eg hef ekki verið þessu fylgjandi, sem eg hika ekki við að nefna politiskan glæp, sem getur haft það í för með sér að spilla betri málstað.

H. 3. kgk. þm. (Kr. J.) mintist á færslu mína milli deildanna; þá verð eg að leiðrétta sögusögn hans. Fyrst þegar eg kom á þing, var eg sem nýr þingmaður kos-

inn upp til Ed. í fullu trausti, og að eg var ekki kosinn árið eftir, var einungis vegna þess, að eg óskaði sjálfur heldur að eiga sæti í Nd. og hafði þá þegar eignast svo góða kunningja í þinginu að þeir kusu mig ekki samkvæmt ósk minni, og það að eg er nú í Ed. er heldur ekki af vanvirðandi ástæðum. Þetta er nú alveg eins óviðkomandi málinu, og eg hefði farið að minnast á sýslumann, sem var lypt upp í æðri sess og vakti almennan fögnuð við burtför sína með tilliti til ýmislegs viðvíkjandi fjárforræði ómyndugra o. s. frv.

Annað óviðkomandi atriði, sem 3. kgk. þm. (Kr. J.) kom með í ræðu sinni, var, að eg hefði viljað fara að kenna justitiarius lög, þá hermir hann ekki rétt þá orðasennu, því hún kom út af drætti á nefndarstörfum, sem h. 3. kgk. þm. (Kr. J.) átti hlut að máli. Það var eins óviðkomandi málinu, og að eg hefði farið að tala um manninn, sem einu sinni sat í amtmannssessi, og bakaði með því mínu sveitarfélagi og fleirum tilfinnanlegt fjártjón með með drætti og miður röggsamlegri embættisfærslu.

Eitt atriði er það enn, sem eg verð að leiðrétta og það er það, að skilja mátti á ræðu þingmannsins, að eg hefði farið niðrandi orðum um föður hans, löngu látinn heiðursmann, en það vita allir, sem heyrt hafa orð mín hér, að þetta er fjarri öllum sanni. Hér hefir þm. þó tæpast talað eftir beztu vitund, enda vil eg heiðra minningu hans, en ekki vanheiðra, því við hana finst mér ekkert loða leiðinlegt annað en það, að hann á eftir sig son, sem ekki gengur það eins vel, og skyldi, að feta í fótspor föður síns, enda fer í öfuga átt.

Hann tók það fram í þessari sömu ræðu, að þessi stefna, þessi svo kallaða Valtýska, hefði verið einmitt sama stefna, sem fyrir sér hafi vakað eftir 1894, þegar endurskoðunin var fallin úr sögunni. Það er því rangnefni að kalla stefnu þessa Valtýsku, ef hún hefir komist frá h. 3. kgk. þm. (Kr. J.) til þm. Vestm. (V. G.) gegnum nokkurs konar andlega tregt. Það færi miklu betur á því, að hún væri t. d. kölluð „Kristjánska". Ef maður athugar þessa stefnu, sem núna er uppi á teningnum, og ber hana saman við þá stefnu, sem þm. Vestm. (V. G.) hélt fram, þá eru þær næsta ólíkar. Þm. Vestm. (V. G.) kom fram með stefnu, sem var viss um sigur hjá stjórninni. Hann vildi ekki bera fram annað en það, sem hann var viss með sigur, og hefir að líkindum líka ætlað sér að vinna sér ógleymanlegt nafn.

En um þessa stefnu, sem nú er, getur maður ekki sagt, að hún sé viss með sigur, því hæstv. landsh., og hans orð eru ekki síður takandi trúanleg en annara hér í deildinni, hefir bent á ýmislegt í þessu frv., sem geri það ekki líklegt til staðfestingar. Þessi stefna hefir ekki áreiðanl. fylgi stjórnarinnar og ekki þingsins og þ. í síður þjóðarinnar.

Það færi því bezt á að skíra þessa stefnu í höfuðið á hinum 3. kgk. þm. (Kr. J.)

H. þm. (Kr. J.) endaði ræðu sína með þessu alþekta slagorði, að eg hefði ekkert vit á málinu; en þetta er svo útslitið, og þar að auki helg eign Ísafoldar, að mér finst ekki réttlátt að taka það frá henni og þar eð það hefir þar að auki ekkert sönnunargildi.

Eg verð að álíta, að við nú stöndum á næsta-þýðingarmiklu augnabliki, þar sem um það er að ræða, að sleppa þessu frv., eigi að eins frá þessari deild, heldur líka frá þinginu, og að við þess vegna verðum vandlega að athuga, hvað hér er verið að gera; hér er sem sé verið að afgreiða þetta mál í trássi við meiri hluta þingsins, og sönnun fyrir því höfum við fengið í dag, og það í fylsta gildi, þótt eigi væri það í lögformi, sem þingmál.

Í öðru lagi verð eg að líta svo á, sem þetta mál sé afgreitt í trássi við þjóðina, þar sem eigi hefir verið tækifæri til að bera það undir hana, og sízt af öllu hefir hún getað látið uppi nokkurt álit sitt um það, síðan sú mikilvæga breyting hefir á orðið, þar sem um stjórnarskiftin í Danmörku er að ræða, og það, sem eg legg eigi minsta áherzlu á, er það, að þetta mál er afgreitt í trássi við frið og eindrægni; því að það verð eg að játa, að fyrsta og helzta skilyrðið fyrir farsælum framgangi þessa máls er friður og eindrægni í landinu, og ef vér vildum ganga svo langt, sem vér eigi getum með fullum rétti, að grenslast inn í hugskot manna, þá verð eg að lýsa yfir þeirri skoðun minni, að þetta mál sé afgreitt í trássi við æði marga í þeim flokki, er að nafninu til fylgja því fram, og get eg í þessu sambandi bent á, að einn mikilsvirtur og sérstaklega heiðvirður maður úr þessari deild hefir gert sitt til þess, að leita samkomulags, og sem gat orðið sá eini rétti úrslitamælikvarði fyrir þetta mál, en það varð árangurslaust, eigi af því, að allir í hinum flokknum væru á móti því, heldur voru margir þeirra nógu sterkir til þess að ráða afdrifum málsins, og sem gerði það að verkum, að þessi heiðursmaður neyddist til þess að skerast eigi úr sínum flokk, og skal eg verða manna síðastur til að álasa honum fyrir það. Síðast og eigi sízt skal eg taka það fram, að þetta mál er barið fram í trássi við guð, sem eigi sízt á hlutdeild í þessu máli sem aðalvelferðarmáli þjóðarinnar. Þegar svo þess er gætt, að eitt einasta atkvæði ræður úrslitum þessa máls, þá hefir það eina atkvæði þunga ábyrgð, og þegar svo á hitt er litið, að ef eitt atkvæði hinu megin hefði riðið baggamuninn, þá hefði sú ábyrgð horft alt öðruvísi við, þar sem kringumstæðurnar eru þar alt aðrar. Þar hefði úrslitum málsins eigi verið ráðið í mótþróa, trássi eða mótsetningu við skoðun þjóðarinnar, af því að hún hefir ekkert svar gefið um málið. Eindrægni og friður er það eina meðal, sem hægt er að hugsa sér, til að koma þessu máli fram, og þegar alt er athugað, þá er eg viss um, að það hefði verið síður í trássi við guð. Þegar eg hefi þetta hugfast nú og veit, að gerðir okkar í þessu máli verða lagðar undir dóm allra óhlutdrægra manna, undir dóm þjóðarinnar í framtíðinni og undir dóm sögunnar, og að sjálfsögðu undir dóm samvizku þeirra manna, sem ráða þessu máli til lykta — svo framarlega sem hún er með nokkru lifsmarki og ekki alveg sofandi — þá hika eg eigi við að greiða atkvæði á móti þessu máli nú, með því að eg er viss um, að það verður aldrei skoðað sem blettur á mínu nafni.

Sigurður Jensson: Eg ætla, áður en gengið verður til atkvæða, að tala nokkur orð, einkum út af skjali því, sem lesið var upp hér í deildinni í fundarbyrjun. Eg skal eigi gera mikið út af því, hvort það hafi verið þingleg aðferð að lesa það upp hér í deildinni. Eins og við vitum, er það regla, að öll skjöl séu lögð fram fyrir þingmenn einum degi áður en þau eru tekin til umræðu; þetta er einnig gert við lítilfjörlegar breyt.till., og ætti því fremur að gera það, þegar um mikilsvarðandi skjöl er að ræða, sem eiga að hafa áhrif á eitthvert mál. En að því, er snertir innihald þess skjals, sem lesið var upp hér í deildinni í dag, þá skal eg láta þess getið, að ef það er meiningin með því, að reyna enn þá einu sinni að fá samkomulag milli þessara tveggja flokka með því, að taka málið út af dagskrá og fara svo enn þá að reyna að semja um það, að þá hefi eg fyrir mitt leyti enga von um neinn árangur af því, og eg álít alveg óhugsanlegt, að það sé til nokkurs, að vera frekar að gera tilraunir til þess, en þegar hefir verið gert. En ef hitt er meiningin, með áðurnefndu skjali,

að hafa áhrif á þingmenn og koma okkur flokksmönnum meiri hlutans til að greiða atkvæði móti frumv., þá verð eg að segja, að slíkt er líka óhugsandi, að við gætum gert það, án þess að þingið geti komið sér saman um neitt annað, og að það væri sama, sem að ónýta margra ára undirbúning og standa á alveg berum grundvelli. Við höfum samþykt frumv. og bygt það á þeim grundvelli, sem boðskapur konungs, er lesinn var upp í byrjun þessa þings, heimilaði okkur að byggja á, við höfum jafnvel farið svo langt, að setja inn í frumv. kröfur, sem við, eftir þessum konungsboðskap, engan veginn gátum verið vissir um að stjórnin vildi ganga að. Nú þegar ný stjórn er komin til valda í Danmörku, þá gerum vér oss vissari vonir um, að þessar breytingar á stjórnarskránni fái samþykki stjórnarinnar, og vér getum jafnvel hugsað oss, að þessi nýja stjórn mundi fást til að ganga enn lengra en hér er gert. En það er spurningin um, hvað þetta meira er, sem fara eigi fram á, sem menn ekki geta komið sér saman um. Eg vil segja það, að ef þingmenn nú strax hefðu getað komið sér saman um, að setja inn í frv. þetta þær fylstu kröfur, sem nokkur von gæti verið um, að hin nýja stjórn vildi ganga að, þá hefði eg fyrir mitt leyti getað verið með því, en nú vitum við, að hinum flokknum, minni hlutanum, sem nú vill fella þetta frumv., hefir eigi tekist að formulera neitt, sem kallast geti fyllri kröfur en þetta, eða sem við ynnum meira við að fá. Sem dæmi þess, í hversu miklum vandræðum menn eru með að setja fram aðrar kröfur, skal eg láta þess getið, að skynsamir menn hafa sagt við mig, þegar eg hefi spurt þá, hverjar frekari kröfur þeir óskuðu eftir að teknar væru inn í frumv. — þeir hafa sagt, að við þurfum ekki annað en okkar gömlu stjórnarskrá, ef hún að eins er uppfylt í fullum mæli, og eg skal játa, að það er nokkuð til í því. Það er ekki svo mikið komið undir því, hvernig stjórnarskipunin er orðuð, heldur hvernig hún er framkvæmd, að hún sé framkvæmd ærlega og með góðum vilja. En ef svo er, að jafnvel hin gamla stjórnarskrá vor hefði getað fullnægt þörfum vorum og gæti enn, þá er ómögulegt að neita því, að vér stöndum þó enn betur að vígi með þessari viðbót og lagfæring á stjórnarskránni.

Sumir hafa ef til vill viljað setja fram aðrar kröfur, einn þessa, annar hina, en aldrei hafa neinar kröfur verið settar fram, sem hafi safnað meira fylgi en þessar kröfur okkar. Að vísu má segja, að vér höfum ekki stjórnina hér til að tala við og semja við, og engan af hennar hálfu, og þess vegna er vandasamara að eiga við málið og komast að fastri niðurstöðu; en þó við samþykkjum nú þetta frumv., getum við þá ekki samt samið við stjórnina á eftir, og getum vér ekki látið í ljósi t. d. í ávarpi til konungs, að óskir okkar séu eigi alveg uppfyltar með þessu frv., og að við vildum fegnir fá meira sjálfforræði, ef við þá að eins sjálfir gætum komið okkur saman um, hvað heimta skuli. Nú sem stendur get eg ómögulega séð, að nokkuð annað sé mögulegt, en að samþykkja það frumv., sem hér liggur fyrir, og það því fremur, sem það hefir inni að halda þau ákvæði, sem verða mikilsvarðandi réttarbót, ef það verður samþykt, fram yfir það, sem við nú höfum. En ef við feldum þetta frv. nú og fengjum ekkert annað í staðinn, þá mundum við standa margfalt ver að vígi en nokkurn tíma áður, þar sem við þá værum búnir að missa það, sem við svo lengi höfum verið að stríða fyrir.

Eg mun því óhikað gefa frumv. þessu atkvæði mitt, með því að eg álít, að í því felist mikilsverð réttindi, ef við að eins kunnum að fara vel með þau, og að uppfylla þær skyldur, sem ávalt standa í sambandi við öll réttindi.

Áður en gengið var til atkvæða um málið, gat forseti þess, að til sín væri komin skrifleg beiðni frá Guðjóni Guðlaugssyni, Guttormi Vigfússyni og Eiríki Briem um. að nafnakall yrði viðhaft við atkvæðagreiðsluna. Sams konar beiðni var og fram komin frá Kristjáni Jónssyni, Hallgr. Sveinssyni, Magnúsi Andréssyni og Ól. Ólafssyni.

ATKV.GR. Frv. í heild sinni samþ. með 6 atkv. gegn 5, að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:	*Nei:*
Ólafur Ólafsson	Eiríkur Briem
Sigurður Jensson	Guðjón Guðlaugsson
Axel Tulinius	Guttormur Vigfússon
Hallgr. Sveinsson	Jónas Jónassen
Kristján Jónsson	Julius Havsteen.
Magnús Andrésson.	

Frv. síðan afgreitt til landsh. sem frv. til stjórnarskipunarlaga frá alþingi.

Bankamál I.

FRUMVARP til laga um heimild til að stofna hlutafélagsbanka á Íslandi, 1. umr., 17. ágúst. (C bls. 654).

Hallgrímur Sveinsson: Allir munu samdóma um það, að frv. það, er hér liggur fyrir, lúti að mjög merkilegu og þýðingarmiklu efni. Það er kunnugra en frá þurfi að segja, að hér er um mikið áhugamál þjóða innar að ræða. Það er viðurkent af öllum, að peningastofnun, sem fullnægi þörfum landsmanna, sé bráðnauðsynleg, því að það er töluverð eftirspurn eftir peningum og frekari en Landsbankinn er fær um að leysa úr, og það er enginn efi á því, að eftirspurnin mundi verða enn meiri, ef Landsbankinn hefði meira fjármagn, en hann nú hefir. Menn vita það fyrirfram, að þeir alloft verða að búast við, að lánin verði töluvert takmörkuð vegna þess, að peningamagnið er svo lítið, sem þessi stofnun hefir yfir að ráða, og þetta heldur án efa mörgum aftur, sem annars mundu vilja fá peningalán til ýmsra nauðsynja.

Frv. um sama efni lá fyrir þinginu í hitt eð fyrra og var lagt fram í Nd., bygt á tilboði 2 manna í Kaupmannahöfn, sem vildu gerast frumkvöðlar þess fyrirtækis, að komið yrði á fót öflugri peningastofnun í landinu, og buðu til þess liðsinni sitt. Frv. þetta tók nokkrum stakkaskiftum í Nd., sem leitaðist við að bæta það og tryggja hag og réttindi landsmanna. Voru þær umbætur töluvert mikilsverðar, og var í þeim efnum mikill stuðningur fyrir þingið, að stofnendur fyrirtækisins voru staddir hér í Rvík og gátu gefið þinginu ýmsar leiðbeiningar, svo að það gat betur áttað sig á frv. Þegar frv. síðan kom til h. Ed., var svo áliðið þingtímans, að málinu varð eigi ráðið til lykta á því þingi, enda var það ósk margra þingmanna, að þjóðinni væri gefinn kostur á að segja álit sitt um málið, þar sem það væri bæði nýtt og þýðingarmikið, og þar sem tíminn einnig var tæpur, þótti eigi rétt að hraða málinu meir en góðu hófi gegndi. Var nefnd hér sett í málið, sem íhugaði það mjög rækilega, og ber nefndarálitið vott þess, að nefndin var málinu hlynt og áleit það mjög mikilsvarðandi. Yfirleitt leizt nefndinni mjög vel á aðalstefnu frv. og áleit það mundu verða landinu til stórmikilla hagsmuna og hrinda atvinnumálum landsmanna og ýmsum nýjum fyrirtækjum fram á leið. En jafnframt þóttu ýmisleg ákvæði frv. athugaverð, og var því kosið að fela stjórninni málið til rækilegrar íhugunar og meðferðar, og ef hún væri samþykk því í aðalatriðunum, var farið fram á, að hún legði frv. þess efnis fyrir næsta þing. Sjórnin varð vel við þessum tilmælum þingsins og leitaði álits kunnugra og mjög vel færra manna í því efni við Þjóðbankann danska. Lögðu þeir mjög mikla rækt við málið og athuguðu það grein fyrir grein og lið fyr-

ir lið; þeir komust að þeirri niðurstöðu, að í aðalatriðunum væru þeir frv. um hlutafélagsbanka samþykkir, þó með ýmsum breytingum. Stjórn Þjóðbankans lýsti því áliti yfir, að Landsbankinn gæti ekki, eftir öllum framkomnum upplýsingum, fullnægt viðskiftaþörfum landsmanna og að ekki væri hægt að auka Landsbankann, svo viðunandi væri, með útgáfu nýrra óinnleysanlegra seðla, nema innan töluvert þröngra takmarka; gæti það heldur ekki orðið til bóta, nema um stuttan tíma, og þá yrði aftur þörf á, að eitthvað væri gert til að auka peningamagn í landinu. En tiltækilegast áleit þjóðbankinn, til þess að ráðin yrði bót á þessari fjáreklu landsmanna, að stofnaður yrði hlutafélagsbanki með seðlaútgáfurétti, og honum yrði veitt þau hlunnindi, sem farið var fram á að fá af hálfu stofnendanna. Þegar ráðaneytið hafði tekið við áliti Þjóðbankans á málinu, var aftur leitað álits hinna upprunalegu frumkvöðla fyrirtækisins um uppástungur og athugasemdir Þjóðbankans, bæði munnlega og skriflega. Buðust þeir til að taka athugasemdir Þjóðbankans til greina í allflestum atriðum. Var ráðaneytið að öllu leyti á sömu skoðun og Þjóðbankinn. Var nú byrjað á samningum milli ráðaneytisins annars vegar og forgöngumanna bankafyrirtækisins hins vegar, er enduðu með því, að svo mátti heita, að frumkvöðlar fyrirtækisins hefðu gengið að öllum kröfum ráðaneytisins. Þeim bar að eins lítið eitt á milli, en þó nóg til þess, að ráðaneytið gat á endanum ekki orðið við þeim óskum alþingis, að leggja frumv. til laga um hlutafélagsbanka fyrir þingið í ár.

Eg skal ekki dæma um það, hvort ráðaneytið hafi gert rétt í því að leggja frumv. ekki fyrir þingið, en það hefir sjálfsagt þózt hafa góðar og gildar ástæður til þess, að haga aðgerðum sínum, eins og það hefir gert.

Í síðasta bréfinu, sem komið hefir þingmönnum fyrir sjónir í því safni, sem prentað hefir verið og útbýtt hér, frá þeim Arntzen og Warburg tjá þeir sig enn fúsa til að greiða sem bezt fyrir málinu, en segjast hins vegar hafa búist við, að samningum hefði verið haldið áfram, þar til öll ágreiningsatriði hefðu verið útkljáð.

Kveðast þeir reiðubúnir til að verða við tilmælum, sem koma kynnu fram í þessa átt frá þinginu, og fylgja málinu fram bæði af áhuga á því að bæta úr peningaþörf landsins, og til að leiða það mál til heppilegra úrslita, er þeir einu sinni hafa byrjað á.

Í frumv. því, er hér liggur fyrir, um stofnun hlutafélagsbanka, eru feld burt úr hinu upphaflega frumv. 2 atriði, sem einna mestum mótmælum höfðu sætt af hendi Þjóðbankans og ráðaneytisins, sem sé um starfstofu í Kaupmannahöfn og um töluverðan stofnunarkostnað, sem leggjast átti á bankann.

Þegar þessi atriði eru numin burt, er engin ástæða fyrir stjórnina að hafa á móti frumv.

Upphaflega var farið fram á að fá seðlaútgáfuréttinn í 90 ár, en Þjóðbankinn áleit það mikils til of langan tíma og var tillaga hans því að færa tímatakmarkið töluvert niður, og varð það úr, að 40 ára tími var ákveðinn í samráði við stjórnina. En frumv. þetta fer enn lengra í að takmarka einkaréttartímann, þar sem það setur hann niður í 30 ár. Mér er ekki kunnugt um, hvort stofnendur bankans hafa gengið að slíkri styttingu á seðlaútgáfuréttartímanum, en það er líklegt, að h. nefnd í Nd. geri ráð fyrir, að þetta verði málinu ekki til falls.

Eins og frumv. nú liggur fyrir, fæ eg ekki annað séð, en að það sé í alla staði mjög aðgengilegt. Málið hefir verið ýtarlega íhugað í Nd. og þótt eitthvað bresti á í einhverjum smáatriðum, hvað búning eða því um líkt snertir, þá má vafalaust telja þetta með þeim málum, sem beztan

undirbúning hafa fengið af málum þeim, sem þingið hefir haft til meðferðar í sumar.

Þess er eigi að dyljast, að málið á frv. er eigi gott, og mætti, ef tími væri nægur, liðka það og bæta allmikið. Í slíkum málum, sem þessum, er þó búningur og orðfæri eigi það, sem mestu varðar, en ætti þó að vera svo vandaður, sem föng eru á.

Þar eð tilgangurinn er að bæta úr peningaþörf landsmanna, sem talin er orðin talsvert knýjandi, verða menn að sætta sig við það, þó búningurinn sé ekki sem ákjósanlegastur, ef frumv. að öðru leyti bætir úr verulegri nauðsyn.

Ef deildin vill sinna þessu máli, sem eg alls ekki efast um, þá verður að koma því fram án nokkurs dráttar, og er því mikið efamál, hvort tími verður nægur til að setja nefnd í málið, þó hins vegar sé ilt að afgreiða þetta mál frá deildinni án þeirrar nákvæmu íhugunar, sem nefndarmeðferð gefur færi á. En eins og hér eru málavextir, verð eg að telja heppilegast, að deildarmenn reyni að meðhöndla málið, án þess að tefja fyrir því með nefndarkosningu, en komi nauðsynlegum umbótum á frumv. að með breyt.till.

Eg fyrir mitt leyti vil gera mitt til, að frumv. fái sem greiðastan gang gegnum deildina.

Landshöfðingi: Eg verð að gera þá sömu játning, og á síðasta þingi, að mig brestur nægilegan bankafróðleik til þess að geta fyllilega dæmt um þetta mál. Eg græddi að vísu eigi all-lítið á ræðu h. 2. kgk. (Hallgr. Sv.), en get samt eigi sagt, að þekking mín á bankamálum hafi aukist svo, að eg geti gert mér fullkomlega ljósa grein fyrir affarasæld þessa frumv. fyrir land og lýð.

Þessi stofnun eða hlutafélagsbanki, sem hér á að koma á fót, er fögur á að líta og góð að eta af, en annað mál er það, hversu girnileg hún er til fróðleiks, það getur reynslan ein sýnt. Það er eitt, sem eg botna aldrei í, og það er það kapp, sem þessir 2 heiðursmenn Arntzen og Warburg leggja á að koma þessum hlutafélagsbanka á fót. Hvernig víkur því við, að þeir leggja fram mikla fyrirhöfn og jafnvel beinan kostnað, til að útvega miljónir þær, sem til þarf, án þess sýnilegt sé, að þeir fái nokkurn tíma fyrirhöfn sína og útlagða peninga endurgoldið. Það hefir verið sýnt fram á í Nd., að hinn fyrirhugaði hlutafelagsbanki muni ekki gefa hluthöfum sínum meira í rentur og dividenda, eða hvað það nú heitir, en 5%, og alt fyrir það treysta þeir sér til að útvega stórfé til bankans. En hlutabréf, sem ekki gefa af sér meira en 5%, þykja mjög lítilfjörleg verðbréf erlendis, og þar vilja menn alls ekki líta við verðbréfum, alt hvað þau gefa ekki af sér 8—10%. Það er óskiljanlegt, að þessir menn geti útvegað 2 milj. í hlutabréfum erlendis, svo framarlega sem ágóðinn á ekki að verða meiri en 5% af þeim. Þetta gerir það, að eg get ekki losað mig við þann grun, að hér liggi eitthvað bak við, hér se fiskur undir steini fólginn.

Það er öllum ljóst, að hérmeð er landsbankinn af dögum ráðinn, svo þessi fyrirhugaði banki verður einn um hituna. Stofnendur hans hugsa sér líka gott til glóðarinnar með það, að losna við landsbankann, og verða svo einir um alla peningaverzlun landsins. Þeir geta hugsað sem svo, að þingið muni slaka á klónni síðarmeir og veiti þeim frekari hlunnindi, þó þeir fari hógværlega í kröfum sínum í fyrstu.

Það er hægra að koma asnanum inn í herbúðirnar, en að koma honum út aftur; og asninn er kominn inn í herbúðirnar, ef þetta frumv. verður að lögum. Hér vakir fyrir mér, að eitthvað sé á bak við, sem vér ekki sjáum, því þetta, sem eg hef bent á, er næsta ískyggilegt við þetta mál. Það er því nauðsynlegt, að íhuga frumv. vandlega og rækilega, áður en vér

stígum það mikla stig, að leggja niður banka vorn, sem óneitanlega hefir gert oss mikið gagn í þessi 15 ár, sem hann hefir starfað, og selja fjármál vor útlendum mönnum í hendur. Til þess að það geti orðið sem rækilegast íhugað, veitti ekki af, að nefnd væri kosin.

Eg get ekki að því gert, að mér detta í hug þessi orð, sem skáldið Virgilius leggur Laokoon hofgoða í munn, þegar eg sá þetta frumv.: Quidquid id est, timeo Danaos et dona ferentes.

Jónas Jónassen: Það er merkilegt, að h. 2. kgk. þm. (Hallgr. Sv.) vill helzt ekki láta skipa nefnd í þetta mikisvarðandi mál. Ef það væri ástæða til að setja nefnd í nokkurt mál, þá væri það í þetta. Mál þetta kom fyrst fyrir þingið í hitt eð fyrra, og þá dembdu þessir dönsku herrar því inn á þingið, og það er alls enginn efi á því, að Ludvig Arntzen og Alexander Warburg gera það ekki af „interesse" fyrir Íslandi eða Íslendingum yfirleitt að stofna hér banka. Að nokkrum manni skuli detta sú fjarstæða í hug, skil eg ekki; þeir gera það einungis, til þess að græða á Íslendingum og hafa stóreflis hag af fyrirtæki þessu, — það er svo sem auðvitað. Þeir vilja flækja oss inn í það, sem fáir bera skynbragð á. En nú á að fleygja landsbanka vorum í hendur þessara manna. Það klingir alt af sú bjalla, að hér sé mikið peningaleysi, en þess er ekki gætt, að hér er hægt að fá nóga peninga, ef eitthvað væri til að setja í veð fyrir lánunum. Þessi banki útlendra auðmanna getur aldrei orðið til annars, en að verða Íslendingum til bölvunar, en kaupmönnum og útlendum auðmönnum til hagnaðar. Þetta ættu Íslendingar að athuga, áður en þeir afgera nokkuð í þessu efni. H. 2. kgk. þm. (Hallgr. Sv.) réð h. Ed. til að setja ekki nefnd, til að athuga þetta mál, en það hlýtur hver maður að sjá, að þetta mál þarf vandlegrar íhugunar, og ef þetta frumv. er samþykt, eins og það liggur fyrir hér í deildinni, án þess að setja það í nefnd, álít eg, að efri deild hafi gert hið stærsta glappaskot, sem nokkru sinni hefir átt sér stað hér á þingi Að hugsa sér það, að samþykkja þetta án hinnar nánustu íhugunar, væri voðalegt, þar sem um svo alvarlegt mál er að ræða fyrir land og þjóð. Eg skal ábyrgjast það, að þessir menn, Arntzen og Warburg, sækja þetta mál svo kappsamlega, að eins til þess að sjá sér leik á borði, til að geta grætt nóg á Íslendingum, að láta sér detta annað í hug, er einfeldnisleg fjarstæða. Þetta eru útlendir Gyðingar, sem ætla sér að féfletta Íslendinga, sem framast er unt, og nota sér það, að Íslendingar séu nógu grunnhyggnir, til þess að gína við slíkri danskri flugu. Nei, eg vonast til þess, að Ed. alþingis sé ekki svo skyni skroppin enn þá, að hún setji nú ekki nefnd í þetta alvörumál, og sjái til, að það verði athugað og rannsakað, eins ýtarlega og framast er kostur er á, og hleypi því ekki enn þá gegnum þingið, því að svo er það alvarlegt og varhugavert.

Eiríkur Briem: Eg tek til máls, af því að mér heyrðist h. 2. kgk. þm. (Hallgr. Sv.) vera því heldur mótfallinn, að nefnd væri sett í þetta mál. Mér sýnist nú mál þetta vera svo mikilsvert, að mér finst ómögulega mega ganga fram hjá því, að setja það í nefnd, því að þetta mál er alt annað en vanalegt mál, og eg þori óhikað að segja, að það er hið langstærsta peningamál, sem þingið hefir nokkru sinni haft með höndum. *(Jónas Jónassen:* Heyr, heyr!) Hér gefur landssjóður vor privatmönnum seðlaútgáfurétt um 30 ár, og við þetta hlýtur landsbanki Íslands að líða undir lok, en það er auðsætt, að gróði og framför landsbankans er gróði landsins. Stofnendur þessa banka takast hér á hendur ábyrgð og trygging fyrir að útvega með ákvæðisverði þá hlutaupphæð, er Íslendingar hafa ekki skrifað sig fyrir samkvæmt 2. gr., en — peningarnir eru allir

þeirra eign og í þeirra höndum og enn fremur einkarétturinn, sem útilokar aðrar stofnanir, svo að ekki er hægt að snúa sér í neina átt nema til þessa banka, til þess að fá peninga. Hér er um privatfélag að ræða, og er því fullkomin ástæða til að athuga nákvæmlega, hvort hér sé nægileg trygging fyrir því, að hlutafélagið verði landinu til þess gagns, er samsvari því, sem lagt er fram af hálfu hins opinbera, til að styrkja þetta fyrirtæki. Félagi þessu er þar að auki stjórnað af þeim mönnum, sem landið getur ekki, nema að nokkru leyti, haft áhrif á. Hvort hér sé næg trygging fyrir öllu, þarf því vandlegrar athugunar, þar sem um svo stórkostlegt mál er að ræða, og það er því sannarleg léttúð, að láta mál þetta ganga fram, án þess að skoða það rækilega í nefnd. Það er vitaskuld, að tími þingsins er orðinn naumur, en það má þó samt sem áður ómögulega ganga fram hjá þessu máli svo, að það sé ekki sett í nefnd. Menn eiga ekki hægt með án þess að gera fullnaðargrein fyrir atkvæði sínu og geta ekki rökstutt þau fyr en eftir vandlega umhugsun. Eg vil því leyfa mér að stinga upp á nefnd og þá helzt 5 manna nefnd.

Hallgrímur Sveinsson: Eg sting upp á 3 manna nefnd.

Sþ. með 7 atkv. að setja nefnd í málið.

Samþykt að kjósa 3 manna nefnd.

Þessir hlutu kosningu:

Eiríkur Briem	með	10	atkv.
Hallgr. Sveinsson	—	6	—
Magnús Andrésson	—	6	—

1. umr. málsins frestað.

Framhald 1. umræðu, 20. ágúst (C bls. 654, 690).

Framsögumaður (Hallgrímur Sveinsson): Þar sem þegar er orðið svo áliðið kvöldsins, þá skal eg leyfa mér að vera stuttorður í þessari framsögu. Hér liggur fyrir h. deild nefndarálit í þessu máli, og skýr- ir það frá afstöðu þeirri, sem nefndin hefir tekið í því; hún hefir eigi getað fylgst að, eins og h. þingdm. munu hafa tekið eftir, en hefir skifzt í meiri hluta og minni hluta. Meiri hlutinn hefir eindregið getað fallist á frv. h. Nd., en þó með nokkrum og sumpart eigi óverulegum breytingum. Minni hlutanum finst aftur á móti frumv. ekki fela í sér nægilega trygging fyrir því, að sú stofnun, sem hér ræðir um, mundi koma landinu að þeim notum, sem æskilegt væri, og telur eins vel farið, þó það eigi fengi framgang á þessu þingi. Að þessu sinni skal eigi farið út í einstök atriði frumv., þar sem þetta er fyrsta umræða málsins, heldur skal eg að eins leyfa mér að óska þess, að frumv. fái að ganga til 2. umr. og mun þá verða gerð grein fyrir þeim einstöku breytingum, sem meiri og minni hluti nefndarinnar hafa stungið upp á.

ATKVGR: Frumv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Önnur umr. 22. ágúst (C bls. 654, 690, 749).

Br.till.á þsk. 604 hafði komið með ónógum fyrirvara, og var samþ., að hún kæmist að.

Framsögumaður (Hallgrímur Sveinsson): Eg gat þess stuttlega við framh. 1. umr., að nefndin, sem skipuð var í mál þetta, hefði eigi getað orðið samferða, heldur skifzt í meiri og minni hluta. Ágreiningurinn var þó ekki nema í fáum atriðum, en í flestum breyt.till. höfum vér orðið sammála. Aðalágreiningsefnið var það, hvort heldur það skyldi vera skylda eða heimild fyrir landstjórnina að láta landssjóð kaupa hlutabréf í hinum fyrirhugaða banka. Öll nefndin var sammála um það, að það væri æskilegt, að landsmenn gætu haft nægilega hönd í bagga með bankastjórninni og allri framkvæmd hennar og aðalfundarins, því að eins og gefur að skilja, stendur það á

mjög miklu. Oss þótti tryggingin ekki nægileg, nema að landsmenn réðu mestu bæði í fulltrúaráðinu og bankastjórninni. Þetta virtist meira hlutanum nokkurn veginn trygt með því, að alþingi kýs 3 menn í fulltrúaráð bankans, sem sjálfsagt eru áreiðanlegir fylgismenn lands og þjóðar, eins og einnig má ætla um ráðgjafann, sem er sjálfkjörinn í fulltrúaráðið. Með þessu fyrirkomulagi sýnist mega treysta því, að bankastjórnin og fulltrúaráðið gæti engu fram farið, sem verða mætti landinu til tjóns, heldur miklu fremur til gagns og hagsmuna, eins og tekið er fram að til sé ætlast í inngangsorðum frumv. Þess hefir verið til getið, að bankastjórnin kynni að láta fé bankans ávaxtast og starfa annars staðar en hér, til baga fyrir þarfir þessa lands. Til þess nú að fyrirbyggja alt slíkt, alla slíka misbrúkun, þurfa að vera ákvæði um það, að Íslendingar geti haft yfirráðin í öllum atriðum stjórnarinnar, bæði í fulltrúaráðinu, bankastjórninni og á aðalfundinum. Þetta væri þá fyrst óyggjanlega trygt, ef landssjóður skrifaði sig fyrir fullum helmingi hlutafjársins, því að þótt einstökum mönnum væri leyft að skrifa sig fyrir hlutum, þá hygg eg, að það myndi ekki verða notað að stórum mun, beint vegna þess, að landsmenn hafa ekki mikið fé aflögum. Þá er menn sæi, hversu féð ber góðan ávöxt í þessum fyrirhugaða banka, þá myndu að vísu nokkrir einstakir menn og ef til vill einhverir sjóðir reyna að eignast þar hluti; en það yrðu þó naumast stórar upphæðir. En upphaflega þyrfti það helzt að vera landssjóður, sem skrifaði sig fyrir flestum hlutunum og notaði þannig heimildina í ríkum mæli. En hér kemur sá agnúi, að landsstjórnin hefir lýst því, að hún myndi ófús á að nota þessa heimild. Meiri hluti nefndarinnar hyggur þó, að svo framarlega sem þingið gefur stjórninni verulega hvöt til þess, mundi hún fáanleg til að nota heimildina, og meðal annars verja til hlutabréfakaupa þeim varasjóði Landsbankans, sem við breytinguna rynni til landssjóðs. Hve mikið fé það myndi verða, er ekki gott að ætla á, þó mun næst að ætla, að það yrði 100,000 kr. og líklega meira. Það má líka telja með varasjóðnum þá upphæð af seðlum, sem glatast hafa, og það má búast við, að það verði ekki svo lítil upphæð, þegar þeir væru kallaðir inn, og vitanlega er það gróði fyrir landssjóð. En þetta yrði hvergi nærri nóg til þess, að landsmenn hefðu meiri hluta atkvæða á aðalfundi. Eg hygg þó, að hér sé ekki svo mikið að óttast, þar sem landsmenn hafa yfirráð í fulltrúaráðinu; ekki er heldur ástæða til að gera ráð fyrir því versta, að ágreiningur þyrfti að koma upp á milli landsmanna annars vegar og bankans hins vegar, eða þá, að útlendir eigendur hlutabréfa myndu gerast svo ráðríkir hér, að fjárhag landsins eða landsmanna sé hætta búin. Til þess þó að byggja fyrir, að hægt sé að koma nokkrum slíkum yfirgangi við, þá miða ákvæði vor nefndarmanna að því í málsgrein þeirri í 20. gr., er vér leggjum til að skjóta skuli þar inn og sem verður næstsíðasta málsgrein: „Nú þykir ráðgjafanum fyrir Ísland einhver ályktun aðalfundar koma í bága við tilgang bankans eftir inngangsorðum þessara laga, og getur hann þá felt þá ákvörðun úr gildi“. Með þessu hugði meiri hluti nefndarinnar, að bygt væri fyrir það, að bankanum yrði stjórnað landsmönnum í óhag. Hitt atriðið var öll nefndin sammála um, að landssjóði væri áskilinn hlnti af arði bankans í lægsta lagi, þegar búið væri að greiða lægstu vexti, 4%, af hlutafénu, það er að segja af þeirri upphæð, sem eftir verður, þegar kostnaðurinn er dreginn frá. Lögin gera ráð fyrir þessum hluta, 10%, samkvæmt 14. gr. Þetta virtist allri nefndinni lítið og ef gróði bankans yrði fremur lítill, þá myndi þetta fé verða jafnvel töluvert minna en það, sem

landssjóður fær nú hjá landsbankanum. — En það má eigi að eins líta á þetta útaf fyrir sig; hlutafélagsbankinn mun einnig á annan hátt leggja nokkuð af mörkum landsmönnum í hag. Þannig eru í frv. bein ákvæði um stofnun útibúa í landinu, sem mikil líkindi eru til að verði notuð og vinni landsmönnum gagn. Útibú þessi er ráðgert að verði á þremur stöðum, svo að sem flestum gefist kostur á að nota sér lánin, þótt það á annað borð verði talsverður kostnaðarauki fyrir bankann, og full líkindi til, að þessi útibú hvergi nærri beri sig í mörg ár fyrst framan af. Meira hluta nefndarinnar þótti rétt að taka tillit til þessa, og fara því ekki fram á að hækka þetta ákveðna gjald, þó að hinn beini arður landssjóðs yrði ekki mikill. Hitt höfðum vér miklu fremur fyrir augum, þau hlunnindi, sem landinu yfirleitt getur hlotnast með þessu fyrirkomulagi. Minni hlutinn aftur á móti vildi hækka þetta gjald upp í 20 % og ákveða þannig til landssjóðs hærri hundraðatölu af arðinum. Ætla eg ekki að fara frekar út í það, því að hinn háttv. minni hluti mun sjálfsagt gera grein fyrir sínu áliti.

Þá skal eg snúa mér að hinum einstöku brtill. nefndarinnar, sem hún öll hefir getað orðið sammála um.

Stfl. b. er vart lítið meira en leiðrétting á prentvillu; „hluta fjárins“ mun af misgáningi prentað í 2 orðum.

Stfl. c. Samkvæmt atkvæðagreiðslu í Nd. áttu orðin „fyrst um sinn“ í 2. gr. að falla burt, en fyrir vangá hefir það ekki verið leiðrétt.

Stfl e. er að eins leiðrétting á prentvillu.

Stfl. f. Þykir nefndinni sjálfsagt, að hér standi veðskuldabréf, en ekki skuldabréf, til þess enginn efi sé á, við hvers konar bréf er átt.

Stfl. g. er réttara mál.

Stfl. h., brtill. við 4. gr., að á eftir „málmforðanum“ í síðustu línu bætist inn: svo og öðrum kröfum, sem á bankanum hvíla. — Það mætti segja, að þessi orð væru ekki beinlínis nauðsynleg hér, því að sama væri tekið fram í 7. gr. En nefndin áleit samt rétt að taka þetta upp í 4. gr., því fremur sem slíkt stendur í frv. frá stofnendum fyrirtækisins, sem lagt er til grundvallar fyrir samningi þessa frv.

Stfl. i. við 5. gr., að fyrir orðin „er gjaldist“ komi: sem greiddar verða. Áleit nefndin það fyllra og ná betur orðinu „betalbar“, sem stendur í frv. stofnendanna.

Stfl. j. er leiðrétting á prentuninni.

Stfl. k. er leiðrétting á málinu.

Stfl. l. sömuleiðis.

Stfl. m. áleit nefndin fyllra að orða þannig landsstjórnarinnar fyrir: „stjórnarinnar“, svo að bygt væri fyrir allan misskilning.

Stfl. n. er sömuleiðis fyllri orðun á greininni.

Stfl. o. Nefndin áleit, að málsgreinin væri betur orðuð þannig.

Stfl. p. að eins orðabreyting, en réttara mál.

Stfl. q. sömuleiðis.

Stfl. s. við 14. gr, að í enda greinarinnar bætist við: af hlutafé þeirra. Það er talað um gjaldið til landssjóðs, sem greiða skuli, þegar búið sé að úthluta hluthöfum 4%; — af hverju? Við hvað er miðað? Gæti hugsast við afganginn, sem eftir er, en ekki hlutaféð. En hér getur engin efi á verið, að átt er við hlutaféð, enda sést það greinilega af orðum danska frv., sem lagt er til grundvallar. Þess vegna vill nefndin orða það skýrar og taka fyrir allan misskilning.

Stfl. t. er lítilfjörleg orðabreyting.

Stfl. u. er meira; það er bætt inn í 19. gr., að bankinn skuli hafa heimili sitt í Rvík, auk aðalskrifstofu og varnarþings, eða skýrt ákveðið um heimilisfestu bankans, að heimili hans sé hér, en hvergi

annars staðar. Því fremur var ástæða til þessa, sem stofnendur bankans upprunalega fóru fram á, að bankinn skyldi hafa skrifstofu í Kaupmannahöfn, og þá gat verið töluvert uggvænt, að hann mundi fá meira að starfa erlendis, en góðu hófi gengdi eða hagvænlegt væri fyrir Ísland.

Stfl. v. bætir orðalagið.

Stfl. x. Fyrir: „Bankaráðsins“ komi: fulltrúaráðsins. — Fulltrúaráð er nefnt rétt á undan, en svo kemur orðið „bankaráð“. Það þykir heppilegra, að sami hlutur sé nefndur sama nafni, svo slíkt valdi eigi misskilningi.

Stfl. y. Nefndin vill bæta við 20. gr. í enda 1. málsgr.: Fulltrúaráðið heldur fundi sína í Reykjavik. Þótti nefndinni það öruggara, þó að slíkt liggi í hlutarins eðli.

Stfl. z. Nefndin leggur til, að bætt sé við 20. gr. 2 nýjum málsgreinum. Önnur þess efnis, að afl atkvæða skuli ráða á aðalfundum, þannig, að hver fundarmaður hafi atkvæði í hlutfjalli við þá hlutabréfaupphæð, sem hann á eða sýnir umboð fyrir. Þar sem 2 menn mæta fyrir landssjóðs hönd, sé hann hluthafi, ættu þeir að hafa hvor sinn helming af hlutum landssjóðs og því jafnmörg atkvæði. Hin er sú, að ráðgjafinn fyrir Ísland geti fellt ákvörðun aðalfundar úr gildi, komi hún í bága við tilgang bankans eftir inngangsorðum þessara laga. Er það trygging fyrir því, að aðalfundur geti ekki gert ályktanir, sem kæmi bága við hagsmuni landsmanna.

Hér eru þá upptaldar þær brtill., sem nefndin öll hefir komið sér saman um, og þar sem þær eru ekki mjög stórvægilegar, vænti eg þess, að þær mæti engri mótspyrnu. Menn verða að játa, að hér er um mjög þýðingarmikið mál að ræða, sem, ef vel færi, gæti hrundið mikilvægum atvinnumálum vorum á heppilegri braut en nú á sér stað.

Við 1. umræðu málsins kom hæstv. landsh. með ýmsar mótbárur gegn frv., og skal eg minnast á athugasemdir hans lítið eitt, þó að hann sé hér eigi viðstaddur.

Hæstv. landsh. sagði, að frv. væri ekki girnilegt til fróðleiks. Hér til liggur það afareinfalda svar, að ekki er ætlast til, að það verði til fróðleiks, heldur til gagns og nytsemdar. Mér var það ekki nema ánægja að heyra, að hæstv. landsh. hefði bæði haft ánægju og jafnvel uppbyggingu af inngangsorðum mínum, svo mikið sem eg finn til ófullkomleika míns, hvað ýtarlega og gagngerða þekking á málinu snertir. Hann sagði, að sér væri það óskiljanlegt, hvers vegna forgöngumenn fyrirtækisins legðu svo mikið kapp á þetta mál, þar sem þeir fullyrtu, að hér væri að eins um lítilfjörlegan eða engan arð að ræða fyrir þá sjálfa. Um þetta verð eg að segja, að eg get vel ímyndað mér, að menn geti haft mikinn áhuga á einhverju máli og vilji leggja mikið í sölurnar fyrir það, þó að þeir telji sér ekki stórvægilegan arð, já jafnvel engan arð vísan af því. Hvers vegna ætli félag það, sem lét reisa hér Holdsveikraspítalann, hafi barist fyrir því fyrirtæki? Ekki var neinn arður í vændum af því. Sama má segja um stofnun geðveikraspítala hér á landi. Það er af því, að mennirnir bera slíkar hugsjónir fyrir brjósti, sem þeim er áhugamál að koma í framkvæmd, en ekki vegna gróðans eða arðsins, sem slík fyrirtæki gætu gefið af sér. En þegar um stóra peningastofnun er að ræða, þá er ekki hægt að ætlast til, að mennirnir hafi ekki einhvern sómasamlegan ágóða af slíku kostnaðarsömu fyrirtæki. Hvað er á móti því, að þeir hafi arð nokkurn af slíkri stofnun, ef aðrir geta líka haft gagn og arð að af henni?

Það er eins og með ýms önnur fyrirtæki, t.d. verzlanir, að sá, sem er eigandi, hefir arð af verzluninni, og þeir, sem skifta við hana fremur öðrum verzlunum,

gera það sjálfsagt af því, að þeir telja sér hag að því; þeir hafa líka sinn arð af kaupunum. Arðurinn getur þannig gengið á tvær hendur, og svo er einnig arðinum varið af hinum fyrirhugaða banka.

Hæstv. landsh. benti á, að þessi banki yrði vitanlega einn um hituna og gæti því sett landsmönnum stólinn fyrir dyrnar. Ekki get eg ætlað það, að stjórn hans verði svo einsýn, að hún fyrir augnabliks hag einn vildi stofna áliti bankans og framtíð í voða. Menn mundu þá ekki leita til hans, mema þeir væru nauðbygðir. Það eru til ýmsar aðrar stofnanir, sem menn mundu fremur leita til, t. d. veðdeildin, sem ekki verður breytt, sparisjóðsdeildin, sem verður sérstök stofnun, enn fremur Söfnunarsjóðurinn og fleiri sjóðir, sem að töluverðum mun mundu geta sint lántakendum og bætt úr þörfum þeirra, ef þeim væru settir afarkostir í bankanum, svo að ekki yrði svo hætt við, að bankinn hefði einn bæði töglin og hagldirnar.

Hæstv. landsh. var hræddur við, að þegar þessir bankamenn væru búnir að smeygja hér inn litlafingrinum, þá liði ekki á löngu, áður en þeir næðu allri hendinni eða svo tökum á þinginu, að það yrði að veita þeim öll þau hlunnindi, sem þeir að eins æsktu eftir. En eg get ekki gert svo lítið úr löggjafarþingi þjóðarinnar, að það mundi ofurselja útlendingum meiri réttindi, en sómi þingsins og hagsmunir þjóðarinnar leyfði. Eg hygg því, að þingið mundi hafa bæði vit og einurð til að skamta hlunnindin hæfilega.

Við 1. umr. málsins talaði einn h. þm. — það var 4. kgk, (J. J.)— á móti málinu og viðhafði nokkuð stór orð, taldi, að það mundi verða Íslendingum til bölvunar. Hann mun ekki hafa hugleitt gerla, hvað hann sagði, af því að hann talaði í nokkrum hita. Eg ímynda mér, að það verði Íslendingum ekki til bölvunar, heldur vildi eg mega snúa orðunum við og segja, að það mundi verða atvinnuvegum landsins og nytsemdarfyrirtækjum til verulegrar blessunar.

Þá lagði 6. kgk. þm. (E. B.) við 1. umr. mikla áherzlu á, hversu mikilvægur seðlaútgáfurétturinn væri. Auðvitað er seðlaútgáfurétturinn stórvægileg hlunnindi, því neitar enginn. Ef þau hlunnindi væru eigi í aðra hönd, teldu forgöngumenn fyrirtækisins það frágangssök að leggja út í það, þar sem á það verða lagðar ýmsar kvaðir, og útgjöldin við það verða mjög mikil.

Fyrir tveimur árum kom til tals á þinginu, hvort ekki væri álitamál að veita seðlaútgáfuréttinn um þrefalt lengri tíma en hér er farið fram á; en nú þegar búið er að deila með 3, þá ætti þó að vera minni ótti fyrir að láta slíkan rétt af hendi, þó að um 30 ár sé að ræða.

Eins og málið liggur nú fyrir, hefir nefndin ætlað, að það væri svo trygt, að það þætti allaðgengilegt og yrði samþykt af h. deild.

Eiríkur Briem: Máli þessu, sem er hið mesta vandamál, er ekki gerlegt að flaustra af á skömmum tíma. Það er stór misfella á fyrsta breytingaratkvæði mínu, sem eg tók ekki eftir fyr en í morgun, þegar hinn h. 3. kgk. þm. (Kr. J.) benti mér á hana. Það er nfl. ákvæðið um, að landssjóður hafi skyldu til að skrifa sig fyrir alt að $^2/_5$ hlutafjárins. Þetta „alt að“ á að falla burt, og það er stórmikilvæglegt atriði. Þannig getur manni sést yfir margt annað, þar eð maður hefir svo nauman tíma til þess að átta sig á málinu.

Frumvarp þetta veitir einstökum mönnum svo mikil hlunnindi, að menn verða að gæta þess að hafa nægilega trygging fyrir því, að gagn það, sem af bankanum hlýzt, standi í hlutfalli við þau. Æðsta vald er hjá aðalfundi; en það er engin trygging fyrir því, að Íslendingar hafi

þar nokkurt atkvæði frekar en verkast vill, nema því að eins, að landssjóður eigi allmikinn part af hlutafénu. Íslendingar hafa að vísu forgangsrétt til þess að skrifa sig fyrir hlutum í bankanum, en menn þekkja það, að efnahag flestra Íslendinga er þannig varið, að sú hluttaka getur ekki orðið að neinu ráði. Landssjóði er veitt heimild til að skrifa sig fyrir hlutum í bankanum, en það er atriði, sem nauðsynlegt er að ákveða þannig, að það sé gert að skyldu. En menn bera það fyrir, að stjórnin sé mótfallin því, að skylda landssjóð til að gerast hluthafi og setja því að eins heimildina. En einmitt þetta stórmikilvæga atriði hefir áhrif á þá tillögu mína, að málinu sé frestað. Þetta, að landssjóður hafi að minsta kosti $^2/_5$ hlutanna, er sem sé bráðnauðsynlegt, til þess að tryggja það, að Íslendingar hafi atkvæðisrétt á aðalfundi svo nokkru muni. Það er eiginlega of lítið að ákveða $^2/_5$, en eg hygg að svo stöddu ekki farandi fram á að hækka það vegna samkomulags.

Við þetta mál ber að íhuga, að tvennir hagsmunir koma til greina, hagsmunir hluthafanna og hagsmunir Íslands, og það geta komið fyrir mörg tilfelli, sem þeir hagsmunir ekki fara saman, eins og t. d. útibúin. Ef útibúin þykja kostnaðarsöm, ríður það í bága við hagsmuni hluthafanna, en hægt væri að ákveða á aðalfundi að leggja þau niður, en það riði aftur í bága við hagsmuni landsmanna. Því ættu menn að hafa það hugfast, að það er nauðsynlegt skilyrði, að Íslendingar hafi töluvert að segja á aðalfundi, til þess að hagsmuna þeirra sé gætt, því að það er hann, en ekki fulltrúaráðið, sem hefir hið æðsta vald í félaginu. Um þetta var nefndin yfirleitt samdóma, eins og nefndarálitið ber með sér, en meiri hluti hennar var hræddur um, að sjórnin mundi verða á móti því, og lagði ekki þá áherzlu á þetta atriði, sem eg.

Þá er í 4. gr. ákveðin seðla-útgáfan, $2^1/_2$ milj., sem gæti verið álitamál hvort ekki sé of hátt. Þetta tek eg fram, til þess að menn athugi það nánar. Svo hef eg gert breytingartillögu við 2. gr. undir staflið d á þskj. 551, sem leiðir af br.-till. á þskj. 604 frá háttv. 3. kgk., sem er breyt.till. við breytingartillögu mína undir staflið a við 1. gr. á þskj. 551, en eins og eg gat um, þá er hún skökk, og eg tek hana því aftur.

Þar að auki er brtill. frá mér undir staflið r. á þskj. 551 við 14. gr. um, að í staðinn fyrir 10% komi 20%. Þetta, að hafa 10%, er ekki eins þýðingarmikið, eins og það er óeðlilegt, því eftir lauslegum útreikningi getur fjárupphæð sú, sem hlutafélagsbankinn greiðir landssjóði samkvæmt því orðið talsvert eða alt að helmingi minni, en sú upphæð, sem landsbankinn geldur landssjóði nú árlega. Það, sem eg fer fram á, er samt sem áður ekki slík upphæð, að hún geti staðið fyrir framgangi málsins hjá hinum fyrirhuguðu stofnendum Íslandsbanka. Hinum öðrum br.-till. á þskj. 551 er eg samþykkur, en eg vil ítreka enn þá, að tillaga mín er að útkljá málið ekki á þessu þingi, því það eru annað en smámunir að afhenda seðla-útgáfuréttinn um 30 ára tímabil. Það getur verið sama og að lána þessum privatmönnum 1 miljón og meira til rentulaust um 30 ár, og það þarf nokkuð mikið á móti að koma.

Þessi stofnun með einkaréttinum verður sú, er ræður vöxtunum, og er varla efi á, að þeir verði hærri en nú er við landsbankann.

Frms. benti á, að þetta væri nokkurs konar góðgerðafyrirtæki, en það sér hver maður að er einber fjarstæða, heldur er það spekulation ríkra manna, og geta að vísu hagsmunir beggja farið saman. En þegar ræða er um nytsemi lánanna, þá kemur til greina atriði, sem einnig ber að taka tillit til, og það er, hvað renturnar eru háar. Það getur til dæmis vel borgað

sig að taka lán upp á 5% til einhvers fyrir-tækis, en ókleyft upp á 8%.

Þess vegna er ekki rétt að gera sér von um, að þetta sé góðgerðafyrirtæki í líkingu við holdsveikraspítalann. Svo vil eg minna menn á það, að til er ætlast, að leggja niður landsbankann, sem hefir gert stórmikið gagn, og er það eitt stórvægilegt mál og ekki til að kasta að höndunum.

Í Nd. kom fram tillaga um að halda landsbankanum, og hafði mjög mikið fylgi þar, en var feld með 11 : 11 atkv. Það gæti því verið ástæða að koma með breyt.atkv. í þá átt. Menn segja, að það sé sama sem að fella frumv., því stofnendur vilji ekki ganga að því. Hver veit þetta, þegar ekki hefir verið samið um málið?

Það er eins og með það, að stjórnin gangi ekki inn á að skylda landssjóð til að gerast hluthafa.

Þetta sýnir, að það eru mörg áríðandi atriði, sem vér þurfum að vita, en höfum ekki hugmynd um nú, en auðvelt er að fá vitneskju um það fyrir þing að sumri. Eg bjóst við, að nefndin yrði samferða og vildi því ekki koma með neitt, til þess að útiloka það. Það, sem er höfuðatriðið hjá mér, er að ræða frumv. sem rækilegast nú og koma sér nokkurn veginn niður á formið, en annars ekki að ljúka við það, því það vantar svo margar upplýsingar um áríðandi atriði, sem stendur. Það var svo naumur tími, sem eg hafði, til að íhuga málið, að mér þykir varhugavert að gera svo þýðingarmikla ákvörðun, án þess að bera hana undir menn, sem hafa sérstaklega þekkingu í þessum efnum. Þegar Nationalbankinn hafði málið til meðferðar, þá skoðaði hann málið aðallega ekki frá því sjónarmiði, hvort nægileg trygging væri fyrir Ísland, að fé bankans væri notað því til hagsmuna.

Kristján Jónsson: Ýmislegt eða jafnvel flest af því, sem eg vildi hafa tekið fram í máli þessu, hefir h. 6. kgk. þm. (E. B.) tekið fram. Eg get því verið stuttorður um frumv. og stefnu þess. En eg get þó ekki látið hjá líða að lýsa skoðun minni á helztu atriðum þessa máls, einkanlega þar eð eg á síðasta þingi var í nefnd þeirri, er þá fjallaði um málið hér í deildinni og tók töluverðan þátt í meðferð þess og afgreiðslu héðan, og auk þess hefi eg eftir stöðu minni 3 síðustu árin fengist töluvert við bankastörf; má því ætla, að eg hafi ákveðna og rökstudda skoðun á málinu. Tilgangur frv. er að auka peninga-magn landsins. Þá er fyrst að gæta að því, hvort ekki er unt að auka það nægilega á annan hátt, er eigi sé síður tiltækilegur. Eftir þeirri þekkingu, sem eg hefi á því, álít eg alveg óhætt að auka útgáfu óinnleysanlegra seðla (landssjóðsseðla) upp í 1,200,000 kr.

Það verður ekki of hátt farið að setja peningamagn það, sem viðskiftalíf landsins heimtar (þ: peningaþörfina), nálægt því 2 miljónir króna, eigi undir 1,800,000 kr. og eigi yfir $2^1/_2$ miljón. Sú ágizkun er að nokkru leyti bygð á fjármagninu í landinu, eins og það reiknaðist að vera við myntbreytinguna fyrir rúmum aldarfjórðungi síðan, en þá var peningaforði landsins talinn eftir því, sem næst var komist, $1^1/_2$ miljónir kr. Sé nú svo, að peningaþörf landsins nemi eigi minni upphæð en 1,800,000 kr., sem má ætla víst, (— Þjóðbankinn danski telur, að hún muni vera $2—2^1/_2$ miljón kr. —), þá liggur það í augum uppi, að hættulaust muni vera að gefa út óinnleysanlega seðla (landssjóðsseðla) fyrir $^2/_3$ þessarar upphæðar eða 1,200,000 kr.

Eg tek þetta fram hér, til þess að sýna, að eg álít hættulaust að auka að mjög miklum mun fjármagn landsbankans, eins og byrjað var á í hitt eð fyrra með útgáfu nýrra seðla. Eg vil fara í þessu máli hægt og gætilega og byggja á þeirri reynslu, sem maður hefir þegar fengið, en ekki taka of stór skref alt í einu. Ef seðlaútgáf-

unni er haldið innan réttra takmarka, þarf engin hætta að vera á ferðum, þó að hún sé aukin smátt og smátt. Menn eru hræddir við, að seðlarnir hrúgist upp og safnist fyrir. En nú sem stendur er hörgull á seðlum, en meira gull til, en þörf er á, og vildi bankinn gjarnan geta skift því fyrir seðla. Eg veit líka, að hjá landfógeta er heldur hörgull á seðlum, en aftur nóg af gulli eg silfri. Það kemur til af því, að seðlarnir, sem áður þóttu miður handhægir, og menn heldur forðuðust, eru nú mest eftirsóttir af almenningi og mest brúkaðir manna á milli. Það er reynsla fengin fyrir því, að engin hætta stafar af hóflegri og gætilegri útgáfu landssjóðsseðla, sem að nafninu til eru óinnleysanlegir.

Samkvæmt þessu er það mín skoðun, að vel megi fyrst um sinn komast af með landsbankann með hæfilegri aukningu á landssjóðs-seðlunum, og að með því móti megi hættulaust og kostnaðarlítið auka peningamagn landsins svo, að það fullnægi, ef ekki til fulls, þá að mestu leyti peningaþörf landsins. En þó er eg ekki verulega mótfallinn stefnu frumv. þessa. Sú skoðun hefir fengið svo mikið fylgi hjá þjóðinni, að það beri að koma upp peningastofnun með enn meira starfsfé, að sjálfsagt er, að bygja sig fyrir þeim vilja þjóðarinnar, ef það hefir enga hættu í för með sér, og kemur eigi í bága við hagsmuni landsmanna, og þær varúðarreglur eru settar, sem tryggja það, að við verðum ekki undirokaðir af mammon, og útlendum auðmönnum að bráð. Eg get því í raun og veru fallizt á þá stefnu, sem fylgt er í frumv., að stofnaður sé hlutafélagsbanki, þar sem hægari aðgangur ætti að vera til þess að fá peningalán, en nú er, og einnig með betri kjörum — svo framarlega sem réttar og hagsmuna landsins er gætt nægilega við stofnun bankans. Fyrir stofnun hlutafelagsbanka hafa verið færð ýtarleg rök í Nd. Á síðasta þingi samþykti Nd., og Ed. taldi það æskilegt, að hlutafélagsbanki með miklu stofnfé væri settur á fót, en með líkum reglum og fyrirkomulagi, og farið er fram á í frumv. þessu. Eg skal benda á, að í nefndaráliti Ed. 1899 voru tekin fram nokkur atriði, sem þóttu sérstaklega athugaverð, og að ekki þótti ráðlegt að leiða málið til lykta, fyr en þau væru íhuguð nákvæmar. Eitt þeirra, sem sérstök áherzla var lögð á, var seðlaútgáfurétturinn. Eg var þá mjög hikandi með tilliti til frumv., einmitt af því, hve athugavert það væri, að landssjóður afsalaði sér um mjög langan tíma þessum rétti í hendur útlendinga. H. 6. kgk. þm. (E. B.) hefir minst á þetta atriði rækilega í ræðu sinni, svo að eg þarf ekki að orðlengja um það frekar.

Annað atriði, sem mjög mikil áherzla var lögð á 1899, var niðurskifting hlutafjárins, eða það mikilsverða atriði, hvernig landi og þjóð yrðu tryggð sem mest umráð yfir bankanum. Af hlutafé bankans, sem þá var ákveðið 5 milj. króna, var landssjóði heimilað að vera eigandi að $^2/_5$ af öllu stofnfénu, og hinir útlendu stofnendur bankans áttu eigi að hafa rétt til að eiga meira en aðra $^2/_5$ af hlutafénu. Það er ekki nóg, að sett séu formleg skilyrði fyrir því eða til þess, að trygð sé hluttaka Íslendinga í stjórn bankans og málefna hans, heldur verður jafnframt að tryggja þjóð vorri og stjórn fullkomna og verulega hlutdeild í umráðunum yfir bankastofnuninni; því að það er til annað vald, en hið lögákveðna eða formlega vald, sem þrátt fyrir öll lagaákvæði, mun verða ríkast og vanalega ræður lögum og lofum í þessum stofnunum, sem sé peningavaldið, auðurinn, kapitalið. Hvernig sem lögunum er fyrirkomið, þá verða það altaf þeir, sem mest fé eiga í bankanum, er ráða mestu um hans hagi; svo er það allstaðar um víða veröld og svo er það um öll fyrirtæki, sem eru gróðafyrirtæki, eða þar sem peningarnir í eiginleg-

asta skilningi eru „afl þeirra hluta, er gera skal“. Þess vegna er það mín innileg sannfæring að land vort og þjóð eigi að tryggja sér aðal-umráðin yfir bankanum. Það getur orðið með því, að landssjóður sé hluthafi í bankanum. En það er ekki nóg, að honnm sé gefin heimild til þess. Eg hefi enga trygging fyrir því, að stjórnin hafi sömu skoðun og eg á þessu máli. Ef hún hefði sömu skoðun, þá mundi hún að réttu lagi ekki að eins gerast hluthafi að $^2/_5$, heldur að $^1/_2$ af öllu hlutafénu. En engin vissa er fyrir, að landstjórnin vilji ráðast í slíkt, nema því að eins, að hún sé hvött til þess, eða henni beinlínis sé gert það að skyldu. Þess vegna hefi eg komið fram með br.-till. (604), að landssjóður skuli gerast hluthafi í bankanum fyrir að minsta kosti $^2/_5$ hlutafjárins. H. 6. kgk. þm. (E. B.) hefir gert líka breyt.till. við frumv. í sömu átt og mun hann vera á sama máli og eg í þessu atriði, svo að það, sem hann hefir sagt um sína breyt.till., getur líka heimfærst upp á mína. Eg skal taka það fram, að það er persónuleg meining mín, að landssjóður ætti að vera hluthafi fyrir minst helmingi hlutafjárins, en eins og málið horfir við, þá treysti eg mér ekki til að fara lengra en h. 6. kgk. þm. (E. B.), og eg álít líka verulega mikið unnið, ef landssjóður verður hluthafi að $^2/_5$ af hlutafénu. - Það er lítil von um það, að landsmenn noti mikið heimildina til að skrifa sig fyrir hlutum í bankanum. Við skulum segja, að þeir skrifi sig fyrir 100,000 kr. eða vel það. Eg sé að h. 6. kgk. þm. (E. B.) hristir höfuðið, svo að eg mun hafa farið heldur hátt. En eg set nú svo. Þá ætti landssjóður að verða hluthafi með alt að því 900,000 kr., ef óskað er eftir því, að landsmenn ráði yfir helmingi hlutafjárins.

Er nú nokkur útsjón til, að landssjóður geti sett þetta fé í fyrirtækið, og er það ráðlegt? Ef fyrirtækið er gróðavænlegt, eins og ekki hefir verið sparað að prédika fyrir mönnum í sumar, og sem eg fyrir mitt leyti held að það geti verið, þá álít eg það eigi áhorfsmál, að svo sé fyrir séð, að landssjóði sé trygður hluti í gróðanum; hann á þá sannarlega að nota tækifærið til að græða. Eigi mun honum af veita, og það er ekki oft, að hnifur hans kemur í feitt. — Er þetta erfiðleikum bundið fyrir landssjóð? Eg held ekki, að þeir séu verulegir. — Í varasjóði landsbankans munu við lok þessa árs geta talizt alt að því 250,000 kr. eða í öllu falli mun varasjóðurinn verða orðinn svo hár, þegar þessi lög koma til framkvæmdar, sem eigi mun geta orðið fyr en eftir fult ár, því að fyrst er mönnum hér á landi ætlaður 6 mánaða tími, til að skrifa sig fyrir hlutum í bankanum, eftir að lögin eru í gildi gengin. Þá hugsar maður sér, að af varasjóði landsbankans séu lagðar til sparisjóðsins 40,000 kr., eins og gert er ráð fyrir í frumv. því um þetta efni, sem liggur fyrir deildinni, og þá er eftir í varasjóði rúmar 200,000 kr. í góðum verðbréfum og bankabyggingunni sjálfri, sem sjálfsagt mætti selja fyrir minst 80,000 kr., en það er lítið eitt minna en hún er metin. — Það er því óhætt að gera ráð fyrir, að landsbankinn geti lagt til 200,000 af þeim 800 þúsund, sem landssjóður ætti að gerast hluthafi að í hlutafélagsbankanum. Þær 600 þús. kr., sem landssjóður enn fremur ætti að gerast hluthafi að, er enginn vafi á að landsstjórnin gæti fengið að láni með sæmilegum kostum; enda töldu þeir Arntzen og Warburg í hitt eð fyrra, þá er eg fleirsinnis átti tal við þá um þetta atriði, að slíkt lán mundi auðfengið með allaðgengilegum kjörum. Landsstjórnin gæti þá gefið út skuldabréf fyrir upphæðinni, náttúrlega samkvæmt fenginni lagaheimild, og til tryggingar sett lánstraust landssjóðs, o: ábyrgð hans, en hann hefir að minsta kosti í Danmörku gott traust á sér, — það er mér kunnugt, — enn fremur

ef á þyrfti að halda, jarðeignir landsjóðs, húseignir o. s. frv., er nema miljónum króna að verði. Sést af þessu, að ekki þyrftu nein vandkvæði að vera á því fyrir landsjóð, að fá hið nauðsynlega fé til umráða, ef málinu yrði ráðið til lykta, eins og eg fer fram á í breyt.till. minni.

Þessi skoðun mín á málinu, sem eg nú hefi lýst, getur engum komið á óvart. Eg hefi látið þessa skoðun mína í ljósi tvívegis á fundi nefndar þeirrar í Nd., sem sett var, til að athuga málið, og eg tók það fram ótvíræðilega, að eg fylgdi því að eins stefnu frv. og ákvæðum þess um stofnun hlutafélagsbanka, að það væri trygt nægilega með skýlausum og ótvíræðum fyrirmælum, að landsmenn, Íslendingar, hefðu eigi að eins formelt umráðin yfir bankastofnuninni (ɔ: að því er snertir lagasetning um hann, stjórn hans o. s. frv.), heldur og að umráð þeirra yfir fyrirtækinu væru materielt trygð, ɔ: að séð væri um það, að landsmenn ættu töluverðan hluta hlutafjárins, eigi minna en $^2/_5$, og helzt eigi undir helmingi þess. Með svo feldu móti gæti eg gefið frv. atkvæði mitt. Í breyt.till. hefi eg þó eigi farið lengra en að áskilja, að landsjóður tæki $^2/_5$ hlutafjárins, því að þá má þó búast við því, að landsmenn skrifi sig fyrir einhverju, ekki alveg óverulegu af hinum þrem-fimtu hlutunum ($^3/_5$).

Framsögumaður (Hallgrímur Sveinsson): Mér kemur alls ekki til hugar að gera þetta frumv. að neinu kappsmáli. Mig brestur skilyrðin til þess, þar sem eg er ekki svo bankafróður, sem skyldi. Eg skal því ekki hafa á móti því, sem tveir háttv. kgk. þm. hafa fært fram máli sínu til stuðnings. Þeir hafa látið í ljósi skoðun sína um það, undir hverjum kringumstæðum og með hverjum skilyrðum þeir sén málinu hlyntir. Að eins þótti mér háttv. 6. kgk. þm. (E. B.) gera æði mikið úr öllum agnúum, svo mikið, að við mætti búast, að menn aldrei yrðu búnir að átta sig á málinu. Málið hefir þó verið allmikið rætt og athugað ýtarlega á þingi 1889; hefir því næst gengið í gegnum tvöfaldan hreinsunareld: stjórn Þjóðbankans danska og skrifstofu ráðaneytisins, verið ýtarlega og vandlega athugað þar lið fyrir lið og grein fyrir grein, tekið stórvægilegum umbótum, og kemur nú fram í miklu aðgengilegra formi en 1899, og þó var það tillaga þingsins þá, að ef stjórnin gæti fallist á aðalstefnu frumv., þá legði hún líkt frv. fyrir þetta þing

Mér heyrðist á háttv: 3. kgk. þm. (Kr. J.), sem landssjóður hefði átt að skrifa sig fyrir $^2/_5$ af hlutafénu, samkvæmt frumv. 1899. En þar stendur ekkert um skyldu, heldur að eins um heimild til þessa. Hvað ákvæði 2. gr. frv. snertir, eru þau óljós, að stofnendur bankans skulu skyldir að útvega þá hlutaupphæð, er Íslendingar hafi ekki skrifað sig fyrir, þó nemi sú upphæð ekki meiru en $^2/_5$ af öllu hlutafénu.

Það er víst mjög vafasamt, hvort landssjóður mundi vilja leggja fram eins mikið fé, og háttv. 3. kgk. þm. gerði ráð fyrir. Landsstjórnin mun fremur ófús á það, og svo var að heyra á landshöfðingja, að hann hefði ekki mikla tilhneiging til slíkra hluta. Það virðist því athugavert, hvort gerlegt sé að gera landsstjórninni þetta að beinni skyldu.

Háttv. 6. kgk. þm. (E. B,) gerði svo mikið úr angnúunum, að þeir gætu vel orðið framgangi málsins til fyrirstöðu ekki að eins nú, heldur og um ókomið árabil. Altaf hægt að segja, að þetta og þetta atriði þurfi nú að athuga nánar og vita, hvað stofnendurnir segi um það, og yrði málið þá aldrei útrætt, fyr en allir hlutaðeigendur væru hér staddir til viðtals um málið. En bæði hann og háttv. 3. kgk. þm. (Kr. J.) kveðast vera málinu hlyntir, ef landssjóður sé skyldaður til að gerast hluthafi að alt að $^1/_2$ hlutafjárins, eða minst $^2/_5$, en helzt $^1/_2$ af upphæð hluta-

fjárins. Þó að meiri hluti nefndarinnar vildi ekki gera þetta að skilyrði, þá gerði hann þó ráð fyrir, að landsstjórnin mundi nota heimildina að verulegum mun, og í öðru frv., sem þegar hefir gengið í gegn um Nd., og bráðum mun verða kveðið upp nefndarálit um hér í deildinni, er gert ráð fyrir stórvægilegri lántöku í þá átt. En nefndinni þótti athugavert að skylda landssjóð til að gerast hluthafi í bankanum.

Háttv. 6. kgk. þm. (E. B.) benti á villu í sinni eigin breyt.till. við frumv., sem sýndi, hve alvarlega yrði að athuga þetta mál, og sagði, að eitthvað kynni að vera, sem betur þyrfti að íhuga. En svo er með öll mál og verður að vera svo, að menn sjá ekki alt sem glöggast, að æskilegt væri. En þetta er engin absolut mótbára gagnvart þessu máli fremur en öðrum. Það mætti þá fara svo langt, að menn vildu vera vissir um, að ekki yrði nein prentvilla í frumv. En hvenær geta menn fengið fulla vissu í því efni?

Þar sem háttv. 6. kgk. þm. talaði um hættu þá, sem stafaði af ákvæðum aðalfundar, þá hefi eg svarað því á undan og ætla eg því ekki að taka það frekar fram. Það gæti t. d. hugsast, að útibúin yrðu of dýr, og vildu erlendir handhafar þá annaðhvort leggja þau niður eða halda þeim uppi lítið annað en að nafninu og með alls ónógu fjármagni. — En hér til verður að svara, að ráðgjafinn mundi hafa gát á slíku, og ekki láta það viðgangast, að lögunum væri ekki fullnægt. Í þeim tilgangi er skotið inn nýju málsgreininni í 20. gr. frumv., sem gefur ráðgjafanum mikið vald gegn tilraunum til að misbrúka bankann landinu í óhag. Það hefir verið borið fyrir, að stofnendur bankans og eftirmenn þeirra myndu að eins hugsa um sjálfa sig og kæri sig kollótta um landsmenn, þeir myndu að eins verða eins konar okrarar, sem ekki hugsuðu um annað, en græða sjálfir. Það er ólíklegt, að bankinn stæði lengi með slíkum mönnum í stjórninni, þeir myndu, eftir minni hyggju, ekki vilja gera sig hataða og illa séða af landslýð öllum, en það vissu þeir, að þeir hlytu að verða, ef þeir sýndu það með framkomu sinni, að þeir hugsuðu að eins um stuttan peningahagnað, en ekki annað. Eg vil miklu fremur gera ráð fyrir, að þeir séu skynsamir menn, og komi svo heppilega, skynsamlega og lipurlega fram, sem framast er unt; og svo er ekki svo mikil hætta á slíku, þar sem bæði alþingi og ráðgjafi hafa hönd í bagga með allri stjórn og umsjón hins fyrirhugaða banka. Háttv. sami þm. (E. B.) talaði og um það, að málið horfði öðruvísi við nú, en þegar það lá fyrir Þjóðbankanum; en það virðist mér þó óhætt að segja, að mikill munur sé á, hve miklu aðgengilegra það nú er, en það var þá. Hlutaféð er stórkostlega minkað einmitt eftir kröfum Þjóðbankans, sem ráðaneytið félst á, og veltuféð líka. Háttv. sessunautur minn (Kr. J.) lagði áherzlu á það, að viðskiftaþörfin myndi vera 2 til $2^1/_2$ miljónir króna, en eg hygg, að þó að bankinn hefði sem svarar $^1/_2$ miljón kr. um fram þessa upphæð, þá gæti það ekki stofnað neinu í voða. Það er og eigi ólíklegt, að viðskiftaþörfin aukist nokkuð, eftir því sem landinu færi fram í ýmsum greinum. Þetta hefir alt verið rækilega athugað af Þjóðbankastjórninni, og eins og kunnugt er, stýra þeim banka sérlega hagfróðir, heiðvirðir og vandaðir menn, sem hafa íhugað þetta mál ýtarlega og hlutdrægnislaust, Vér vitum, að þótt vér nú færum hægt og hægt að auka seðlafúlgu Landsbankans, eins og bent hefir verið á, þá nær það ráð ekki langt, og getur að eins orðið til bráðabirgðabóta. Þjóðbankinn telur alsendis óráðlegt, að fara hér lengra en alt að 1 milj. Fyrir 2 árum bættum við $^1/_4$ miljón við, og eftir svo sem 2—4 ár

yrði líklega næsta $^1/_4$ miljón gefin út og notuð til fulls. Þá værum við aftur í sömu vandræðuuum. Slíkt hjálpar því að eins í svip, en ekki til frambúðar. Álit Þjóðbankans er svo skýrt og ljóst og vel rökstutt, að eg leyfi mér að halda mér við það. Þjóðbankinn hefir lýst því yfir afdráttarlaust, að hér væri ekkert betra ráð til þess að bæta úr peningaþörf landsins, en hlutafélagsbanki, og hefir ekki talið það mundu verða til nokkurrar hættu í sínu ýtarlega áliti. Það dugar ekki að bera það fram, að í þessu áliti sé talað um bankamál almennt, án tillits til þess, hvernig hér standi á. Um ekkert slíkt er hér að ræða. Þjóðbankastjórnin veit, hvar sá banki á að vera, sem hún er spurð til ráða um, að hann á ekki að vera einhvers staðar úti í heimi, heldur á hann að vera á Íslandi. Þjóðbankinn þekkir sæmilega vel allar ástæður hér á Íslandi og er ekkert hætt við, að hann hafi ekki hugsað um það, og gert sér nægilega grein fyrir því, hverja tryggíng vér þurfum að hafa, svo að hagsmununum vorum sé borgið, og skil eg ekki annað, eftir þessu öllu saman, en að vér höfum næga trygging, ef vér að eins gætum þess, að viðhafa nógu mikla varasemi, og hvers vegna ættum vér þá að gera oss óþarfar grýlur, fara miklu lengra í kröfum vorum og heimta fleiri skilyrði, en Þjóðbankinn fer fram á að muni verða oss fullkomlega nægilegt? Gjald það, sem lagt verður á bankann, finst oss eigi rétt að hafa mjög hátt, þar eð hann vinnur svo mjög í þarfir almennings, enda álítur stjórn Þjóðbankans mjög efasamt, hvort rétt sé í sjálfu sér að heimta neitt slíkt gjald. Það sem í frv. stendur, er drjúgur skerfur, þótt lítið eitt hærri mætti hann vera. Það hafa skynsamir menn, þar á meðal kaupmenn, látið sér um munn fara, að banki þessi myndi varla setja svo háa vexti af lánum, að eigi mætti vel við una, því að ef svo væri, myndu flestir hætta að skifta við hann og hann fengi á sig eins konar okraraorð, þar sem hann þarf að skifta við svo marga, og myndi það því ekki reynast honum arðvænlegt, þegar til lengdar léti; miklu fremur er ástæða til að ætla, að honum myndi stýra sanngjörn og lipur stjórn, sem reyndi að koma sér sem bezt. Að því er það snertir, að landsbanki vor legðist niður, þegar hinn fyrirhugaði banki er kominn á stofn, þá hefir verið gert ráð fyrir því frá upphafi, og Þjóðbankinn hefir líka gert ráð fyrir því, og ekki séð neitt voðalegt við það. Í því frumv., sem hann hafði til athugunar, var beinlínis gert ráð fyrir því, að þessi nýi banki innkallaði seðla Landbankans. En ef þetta mál er enn þá alt saman rangt og vanhugsað, þá segi eg: blessaðir haldið þið Landsbankanum, en það held eg, að hafi þó ekki mikla þýðingu, og verði ekki sérlega arðvænlegt, þegar hinn bankinn er kominn. Yfir höfuð virðist mér réttast að fresta eigi máli þessu lengur, heldur leyfa því að ganga fram á þessu þingi og fella það ekki. Eg hygg alveg ástæðulaust að fresta því til næsta árs, það mun ekki verða betur undirbúið þá. Mér finst það vera nú svo undirbúið, að það þurfi ekki frekari hreinsunareld. Eg segi þetta þó ekki af því, að eg hafi gert mér þetta að neinu kappsmáli, heldur finst mér skylt að halda fram skoðun minni og meðnefndarmanns míns í meiri hlutanum á því, þar sem eg er framsögumaður þess, enda er það fyllsta meining mín, að hér sé alt svo ljóst og opið fyrir, að enginn þurfi að halda, að hér sé úlfur í sauðarklæðum, og þar sem nú þjóðin bæði þarfnast og óskar eftir slíkum umbótum, að bæta úr peningaþörfinni, þá er ekkert glappæði að fylgja málinu fram. Eg játa það, að bæði eg og hinn háttv. meðnefndarmaður minn í meiri hlutanum (M. A.) erum ekki eins bankafróðir og hinir tveir háttv. þm., sem móti þessu hafa mælt. En eg vona,

að hin háttv. deild sé í aðalatriðunum okkur samdóma og ef hún felst á málið, þá sýni hún það með atkvæðagreiðslunni og samþykki frumv. með þessum breytingum, sem við höfum komið fram með og allar eru til bóta.

Eiríkur Briem: Mér skyldist á orðum h. framsm, að eg hefði látið í ljósi einhvers konar tortryggni til þessara manna, sem gerst hafa forgöngumenn þessa máls; það hefir mér aldrei dottið í hug. Mennirnir eru „Forretningsmenn", sem eðlilega vilja, að fyrirtækið verði arðberandi, en eg efast alls ekki um, að þessir menn séu heiðarlegir og vandaðir menn og eg hef ekki nokkra ástæðu til að tortryggja þá. En það, sem eg á við, eru þeir, sem síðar kunna að koma og verða eigendur hlutafjárins og hafa ráð yfir stofnuninni, því að ekki verða þeir Arntzen og Warburg alla ævi helztu menn fyrirtækisins. Hætta getur stafað af þeim, sem síðar verða hlut-hafar í banka þessum, þeir geta komið til að ráða lögum og lofum á aðalfundunum. Eg vil, að vér höfum nægilega trygging fyrir því, að bankanum verði framvegis stjórnað með hagsmuni Íslands fyrir augum, en eftir frumv. að dæma, þá höfum vér ekki virkilega trygging fyrir þessu, og sama meiningin virtist mér koma fram í ræðu h. 3. kgk. (Kr. J.), þar sem hann sagði, að Íslendingar ættu helzt ekki að eiga minna en helming hlutabréfanna; ef svo væri ákveðið, þá væri eg fyrir mitt leyti alveg samþykkur frumv., en eg þorði ekki að fara fram á það.

Kristján Jónsson: Af því að mér virtist h. 2. kgk. þm. (H. Sv.) halda því fram, að eg væri máli þessu mótfallin, þá vil eg aftur lýsa því yfir. að þessu er eigi svo varið, enda hefi eg tekið það skýrt fram áður. Eg hafði að vísu hugsað mér annan veg til að koma fram sama augnamiðinu, sem er aukning á gjaldmiðli í landinu; eg áleit og álít að vísu enn, að byggja megi á nokkuð öðrum grundvelli, sem sé að auka megi að verulegum mun og svo að gagni verði í bráð seðlaútgáfu landssjóðsins. En eftir því, hvernig í mál þetta hefir verið tekið af þjóðinni og þinginu, hef eg eigi séð það til neins að halda fram áminstri stefnu og skoðun að sinni, og er eg því þessu máli hlyntur, það er að segja eg vil fallast á það, að hér verði stofnaður hlutafélagsbanki, en þó með því skilyrði, að umráð landsmanna yfir bankastofnuninni séu fyllilega trygð, bæði að því er fyrirkomulag hans og framkvæmdarstjórn snertir, og jafnframt að séð sé um það, að landið (landsjóður eða landsmenn) eigi jafnan mjög verulegan hlut í bankanum, svo að vér í raun og veru megum njóta góðs af hinum væntanlega arði þessa gróðavænlega fyrirtækis. Í því skyni hef eg komið með breytingartillögu þess efnis, að gera landsstjórninni að skyldu að eiga að minsta kosti $^2/_5$ hlutafjárins, auk þess sem einstakir menn innlendir og einstök félög eiga að hafa forgangsrétt til þess, að skrifa sig fyrir hlutum í fyrirtækinu. Eg held, að ekki sé hægt að bera á móti því, að þessi breyting sé til bóta á frv., hvernig sem á málið er litið. Forgöngumenn málsins mega sjá það, að með þessu er fyrirtækinu trygður áreiðanlegur og álitlegur hluthafi, sem leggur tiltölulega mjög mikið fé í fyrirtækið, og má eigi gera ráð fyrir því, að þeir geti haft neitt á móti því. Hinir, sem ef til vill kunna að hafa ímugust á fyrirtækinu, eða eigi eru allsendis lausir við að vera hræddir við það, verða á hinn bóginn að sjá, að með þessu móti verða umráð vor yfir fyrirtækinu trygð svo, sem frekast er unt, eftir atvikum þeim, sem fyrir hendi eru, svo vel trygð, að eg álít það allvel viðunandi. Jafnframt er landssjóðnum trygður verulegur hluti af væntanlegum ágóða þessa gróðafyrirtækis. Að sjálfsögðu er rétt, að taka þessi tryggingarákvæði upp í frv., og vænti eg þess því, að breyt.till. mín verði samþykt.

Eg skal bæta því við, að eg fyrir mitt leyti er ekki hræddur um það, að fyrirtækið muni ekki bera sig. Eg hefi þvert á móti þá skoðun, að bankastofnunin muni verða mjög arðvænleg. Eg vil því leggja mikla áherzlu á það, að sem mestur hluti hlutafjárins verði eign Íslands eða Íslendinga, en það verður það vafalaust alls ekki að neinum verulegum mun, nema því að eins, að landssjóður verði hluthafi og taki að sér mjög verulegan hluta af öllu hlutafénu. Þetta er frá mínu sjónarmiði aðalatriðið, nokkurs konar „punctum saliens“ í málinu. Ég mun því greiða atkvæði mitt með frumvarpi þessu, ef breyting mín kemst að, en annars ekki.

ATKV.GR.:

Breyt.till. á þskj. 604 við stfl. a. á þskj 551 felð með 6: 5 atkv.

Breyt.till. á þskj. 551, stfl. b, við 1. gr. sþ.

1. gr. sþ. með 7 atkv.

Breyt.till. á þskj. 551, stfl. c við 2. gr. sþ. með 7 atkv.

Breyt.till. á þskj. 551, stfl. d, við 2. gr. felð með 6: 5 atkv. að viðböfðu nafnakalli, og sögðu

já:	*nei:*
Eiríkur Briem,	Ólafur Ólafsson,
Guðjón Guðlaugsson,	Sigurður Jensson,
Guttormur Vigfúss.,	Axel Tulinius,
J. Jónassen,	Hallgr. Sveinsson,
Kr. Jónsson,	Julius Havsteen,
	Magnús Andrésson.

2. gr. sþ. með 6 atkv.

Breyt.till. á þskj. 551, stfl. e, við 3. gr. sþ. án atkv.gr.

Breyt.till. á þskj. 551, stfl. f, við 3. gr. sþ. með 7 atkv.

3. gr. sþ. með 5 atkv.

Breyt.till. á þskj. 551, stfl. g, við 4. gr. samþ.

Breyt.till. á þskj. 551, stfl. h, við 4. gr. sþ. í e. hlj.

4. gr. sþ. með 7 atkv.

Breyt.till. á þskj. 551, stfl. i, við 5. gr. sþ. með 8 atkv.

Breyt.till. á þskj. 551, stfl. j., við 5. gr. sþ. með 9 atkv.

5. gr sþ. með 7 atkv.

6. gr. sþ. með 6 atkv.

7. gr. sþ. með 6 atkv.

Breyt.till. á þskj. 551, stfl. k og l, við 8. gr. sþ. án atkv.gr.

8. gr. sþ. með 6 atkv.

Breyt.till. á þskj. 551, stfl. m, n, o, við 9. gr. sþ. í e. hlj.

9. gr. sþ. með 6 atkv.

Breyt.till. á þskj. 551, stfl. p, við 10. gr. sþ. með 8 atkv.

10. gr. sþ. með 6 atkv.

11. gr. sþ. með 6 atkv.

12. gr. sþ. með 6 atkv.

13. gr. sþ. með 6 atkv.

Breyt.till. á þskj. 551, stfl. q, við 14. gr. sþ. án atkv.gr.

Breyt.till. á þskj. 551, stfl. r, við 14. gr. felð með 6: 5.

Breyt.till. á þskj. 551. stfl. s, við 14. gr. sþ. í e. hlj.

14. gr. sþ. með 6 shlj. atkv.

15. gr. sþ. með 6 atkv.

16. gr. sþ. með 6 atkv.

17. gr. sþ. með 6 atkv.

Breyt.till. á þskj. 551, stfl. t, við 18. gr. sþ. án atkv.gr.

18. gr. sþ. með 6 shlj. atkv.

Breyt.till. á þskj. 551, stfl. u og v, við 19. gr. sþ. með 7 shlj. atkv.

19. gr. sþ. með 6 shlj. atkv.

Breyt.till. á þskj. 551, stfl. x og y, við 20. gr. sþ. með 10 atkv.

Breyt.till. á þskj. 551, stfl. z, við 20. gr. sþ. í e. hlj.

Breyt.till. á þskj. 551, stfl. þ, við 20. gr. sþ. með 8 atkv.

20. gr. sþ. með 8 atkv.

21. gr. sþ. með 6 atkv.

Fyrirsögn frv. sþ. með 6 atkv.

Frv. vísað til 3. umr. með 8 shlj. atkv.

Þriðja umr., 24. ág. (C. 775, 793).

Landshöfðingi: Þær breyt.till., sem eg hef komið fram með í þessu máli, miða engan veginn að því að breyta fyrirkomulagi hins fyrirhugaða banka eftir frumv., eins og það var samþykt hér við 2. umræðu. Eg gat þess hér við 1. umr. þessa máls, að þessi banki fyrirhugaði væri fagur á að líta og góður að eta af og því væri gott að hann kæmist á. En eg get ekki séð, að þar af leiði, að það sé óhjákvæmilegt að afnema landsbankann, ef hlutafélagsbanki verði settur á stofn. Það er sagt, að eins manns dauði sé annars brauð, en ekki leiðir þó þar af, að eins brauð sé annars dauði, og svo má segja um bankana. Það eru víða utanlands margir bankar á sama staðnum og starfa jafnhliða, og alt gengur vel. Í Nd. var það þráfaldlega tekið fram um 4. gr. frv., að sú seðlaupphæð, sem þar er leyft að gefa út, væri ónóg og fullnægði alls ekki viðskiftaþörfinni og væri því nauðsynlegt að hækka hana með tímanum, því að ekki mundi veita af minna en 5 milj. kr. þegar fram í sækti. Það er því auðsætt, að það getur ekki verið hlutafélagsbankanum til hnekkis, þó að önnur sams konar stofnun standi honum jafnhliða, sem hefir úti að eins 750 þúsundir í seðlum þar sem hlutafélagsbankanum er ætlað að hafa úti $2^1/_2$ milj kr. Þörfin er svo mikil, að hún gleypir alveg þessar $2^1/_2$ milj. jafnvel að viðbættum þeim 750 þús., sem landsbankinn hefir í seðlum. Að öðru leyti verða allir samdóma um það, að samkeppni er mjög holl, eins þar sem er að ræða um peningaverzlun, eins og vöruverzlun, og hversu vel sem vér viljum trúa þessum fyrirhugaða banka, þá er það enginn skaði fyrir hann, þó að hann hafi konkurrent við hlið sér. Störfin myndu í reyndinni skiftast á milli þeirra svo, að hlutafélagsbankinn tæki t. d. aðallega að sér verzlunarmál, en landsbankinn landbúnað. Mér skilst eftir skjölum þeim, sem hljóða um hinn fyrirhugaða hlutafélagsbanka, að honum sé ekki ætlað að lána gegn veði í fasteign, en landsbankinn hefir þó veðdeild, svo að slík lán geta fengist í honum. Það er viðurkent, að landsbankinn geti ekki annað því að discontera alla víxla, sem verzlunin þarf með, og því eru allir hlyntir hlutafélagsbankanum, en jafnframt og hann er stofnaður, þá vil eg, að landsbankanum sé haldið, því að mér finst alls ekki nauðsynlegt, að hann sé feldur, þó að hlutafélagsbankinn komist á. Eg hygg, að þeir geti starfað jafnhliða hvor öðrum og alt farið vel. Eg ætla svo ekki að fara fleiri orðum um þetta, en fela hinni háttv. deild þessar breyt.till. mínar til beztu meðferðar.

Kristján Jónsson: Hinir h. þm. munu minnast þess, að eg kom með breyt.till. við frumv. þetta um daginn í þá átt, að landsjóði væri gert að skyldu, að gerast hluthafi í bankanum að $^2/_5$ hlutum hluta fjárins að minsta kosti. Eg færði þá samfærandi og að mínu áliti fullgild rök fyrir þessari tillögu minni, en hún var feld hér í deildinni. Eg mintist þess þá, hvernig þessu vék við 1899, og hvernig þá var kveðið á um þetta í bankafrumvarpinu, enda átti eg þá þrásækilega tal við stofnendur hins fyrirhugaða banka einmitt og einkanlega um þetta atriði. Frv. þeirra fór fram á, að stofnendurnir ættu eigi að hafa meira en $^2/_5$ hluta hlutafjárins, og var þetta þá samþykt af Nd., og Ed. hafði ekkert við það að athuga. Það, sem fyrir mér vakir, er að tryggja það, að Íslendingar (landssjóður) eignist verulegan hlut í bankanum, þannig að þeir hafi í raun og veru að mjög miklu leyti umráð yfir stofnuninni, og verði hluttakandi í arðinum af henni að miklum mun. Þar sem nú breyt.till. mín, sem miðaði beint að þessu, var feld í fyrra dag, hefi eg ráðið það af, að hallast að ákvæðum bankafrumvarpsins 1899 um þetta efni, þó mér þyki þau eigi nærri því eins tryggileg, en

eins og á er vikið, voru þau samþykt þá bæði af stofnendum bankans og af Nd., og mættu engum andmælum í Ed.

Í þessa átt fer nú breyt.till. mín, sem er á þskj. 627; hún hefir tekið upp hin sömu ákvæði um þetta atriði, og voru í frumv. 1899. Eg ætlast til þess með þessari breyt.till., að því sé ýtt að Íslendingum og landssjóði, eða að þeir séu hvattir til þess, að skrifa sig fyrir sem hæstri upphæð af hlutafénu, eins og eg vildi um daginn að þeir eignuðust. Eg get ekki skilið, að þetta þurfi að mæta neinni verulegri mótspyrnu, þegar hinn sögulegi gangur málsins er athugaður, sem eg benti á áðan. Eigi ætti að þurfa að óttast það, að stofnendur bankans gangi frá tilboði sínu um fjárframlag til bankastofnunarinnar, þegar tillit er tekið til framkomu þeirra og yfirlýsinga 1899. Eg get því ekki annað skilið, en að þessar till. hljóti að fá fylgi í þinginu, því að þær geta þó ekki verið varhugaverðar. Eins og eg hef sagt, þá hef eg fært rök fyrir því, að með þessu móti getur fyrirtækið orðið gróðavænlegt fyrir oss, og með þessu er það trygt, að landssjóður og Íslendingar verði hluttakandi í þessum gróða. Það tryggir þessi tillaga að miklu leyti, þó að hin, sem feld var í fyrra dag, hefði gert það betur, enda var hún í öllu tilliti miklu betri og aðgengilegri, þótt þessi deild vildi ekki samþykkja hana. Hinar tvær breyt.-till. á þgskj. 627 fara fram á, að á eftir orðunum „2 milj. króna“ komi: „og eigi vera meira en 3 milj. kr.“. Þetta álít eg, að sé til batnaðar. Greinileg rök fyrir því, að fjárhæðartakmark sé rétt að setja, hafa verið færð af hinum háttv. 6. kgkj. þm. (E. B.). Eg hef valið þetta takmark, 3 millionir, og er það að vísu nokkuð af handahófi, en mér fanst svifrúmið þá vera nokkurn veginn hæfilegt (minstur höfuðstóll 2 mill., mestur höfuðstóll 3 milionir). Hitt þykir mér harla óráðlegt, að láta efra fjárhæðar takmarkið (Kapital-upphæðina, sem hún má vera mest) óákveðið. Væri þá hægt að demba hér inn í landið miklu meiru af peningum, en viðskiftaþörfin og hagur landsins krefur, og gæti það aldrei verið heillavænlegt. Þá er og hætt við, að bankinn mundi hafa önnur störf og fyrirtæki með höndum, en þau, er snerta Ísland, eða ættu rætur sínar hér á landi. Á hinn bóginn þykir það sjálfsagt, að löggjafarvaldið kveði á um þetta mikilvæga atriði, upphæð höfuðstólsins, og virðist þá nefnd upphæð, sem farið er fram á í breyt.till., hæfileg. Í hitt eð fyrra var upphæðin fyrst ákveðin 6 mill. og síðar sett 5 mill. — Reynist það, að þörf sé á að hækka höfuðstóls-upphæðina, er hægurinn hjá; löggjafarvaldið getur gert það, þegar því sýnist ástæða vera til þess. Ef þetta ákvæði fyrir því þykir of lágt, þá er næsta alþingi innan handar, að færa það upp segjum t. d. í 4 miljónir eða meira. Sé nú á hinn bóginn ekkert takmark sett, er efasamt, að hægt verði að setja það síðar, þegar bankinn er kominn á stofn, þó menn þá komist að þeirri niðurstöðu, að óvarlegt væri og óráðlegt, að láta þetta óákveðið. Mér finst vera rent blint í sjóinn með þessu móti og tel vafalaust betra að fara varlega. Það er ekki svo mikil takmörkun á frjálsræði bankastofnendanna, sem breyt.-till. fer fram á, að það geti gert frumv. að nokkru leyti óaðgengilegra. Eg ætla svo ekki að fjölyrða meira um þetta mál, en leggja það undir álit og úrskurð hinnar háttv. deildar.

Framsögumaður (Hallgrímur Sveinsson): Breyt.till. hafa nú komið fram frá hæstv. landshöfðingja og þremur háttv. þingmönnum, en mér finst þær fara nokkuð hver í sína áttina. Hæstv. landsh. vill láta landsbankann standa óhreyfðan við hlið hins fyrirhugaða banka, en eg get ekki fallist á, að það sé heppilegt. Mér finst það líka næstum óeðlilegt, að tvær sams konar stofnanir standi þannig samhliða, þar sem alt,

er hér í svo smáum stýl, og gæti það orðið oss of vaxið. Það hafa allir viðurkent, hve þörfin er mikil fyrir öfluga peningastofnun hér á landi, en mikið hefir menn greint á um það, hversu mikið fjármagn hún ætti að hafa. Sumir hafa gert ráð fyrir 6 milj. kr. í seðlum, eins og var í frv. 1899. Við, sem þá fengumst við frumv., treystum okkur alls ekki til að segja, hvort þetta væri of mikið í lagt, en ætluðum okkur færari mönnum að segja um það. Eins og kunnugt er, hefir síðan verið fjallað um málið af færari mönnum, það e. að s. stjórn Þjóðbankans danska, sem mikið alvarlega hefir lagt til við ráðaneytið, að þessi seðlaupphæð yrði stórum takmörkuð og álitið 2 milj. seðla nóg. Ráðaneytið lét samt að ósk stofnendanna og setti þetta $^1/_2$ milj. hærra. Það kann nú vel að vera, að hér sé of litið í lagt og það þurfi meira, eins og hæstv. lh. hélt nú fram og vitnaði þar til endurtekinna ummæla í Nd., og tók fram, að ekki mundi veita af, þó að Landsbankinn stæði með sína seðlaútgáfu, $^3/_4$ miljón kr., við hliðina á hlutafélagsbankanum. Eg neita því alls ekki, að samkeppni sé að ýmsu leyti góð, en verð þó að efast um, að það sé holt, að landssjóður sé látinn keppa við sjálfan sig; en þetta virðist mér einmitt vera gert, ef bankarnir stæðu hvor við hliðina á öðrum. Eftir áliti Þjóðbankans er þetta og athugavert, því að hann hyggur, að hætta geti jafnvel stafað af of mikilli samkeppni. Hann gerir alls ekki ráð fyrir, að Landsbankinn standi, heldur álítur það svo sem sjálfsagt, að hann verði lagður niður. Landsbankinn er ekki annað en lanssjóðsbanki, og ef Landssjóður gerðist verulegur hlufhafi í Íslandsbanka, eins og gert er ráð fyrir og sumir h. þm. leggja mikla áherzlu á, þá blýtur það að standa landssjóði á miklu, að báðar stofnanirnar þrifist vel og hvorug spilli fyrir annari. En ef nú svo reynist, að báðir bankarnir fá ekki nóg að starfa og keppa hvor við annan sér í óhag, þá sé eg ekki betur, en svo geti farið, að landssjóður tapi fé á öðrum eða báðum. Þessir bankar ættu því ekki að vera hvor við annars hlið, því að menn sjá líka fljótt, hver óþægindi geta stafað af því, að tvenns konar seðlar eru á gangi, aðrir innleysanlegir, en hinir óinnleysanlegir. Þeir hefðu þar að auki ekki eins mikið að starfa, hvor um sig, eins og einn gæti haft, og myndi það meðal annars verða til þess að rýra arðinn af þeim. Þar á móti myndi það og eigi verða landsmönnum kært, að þessi samkeppni yrði til þess, að hvorugur bankinn þrifist. Eg hefi sannarlega enga löngun til að eyðileggja Landsbankann; en svo mikið er víst, að eftir áliti Þjóðbankans er hlutafélagsbanki eina ráðið, til þess að hrinda peningasökum landsins í viðunanlegt horf, og stjórn Þjóðbankans gerir greinilega ráð fyrir, að hann taki við af Landsbankanum, en gerir ekki ráð fyrir fleirum bönkum. Nefndin hefir ekki getað betur séð, en að þau ákvæði, sem í frv. standa, veiti næga trygging fyrir því, að landinu sé engin hætta búin af hinni fyrirhuguðu bankastofnun. En auðvitað má vera, að við séum ekki svo vel bankafróðir, að okkur sé unt um það að dæma. Eg get því ekki fallist á breyt.till. þessar, hvorki að landsbankinn standi jafnhliða nýja bankanum, eins og hæstv. landsh. fer fram á, og ekki heldur tillögur hinna þriggja háttv. þm. á þgskj. 627. Vér þurfum að aðgæta, hvaðan Íslendingar ættu að fá nægilegt fé, til að geta orðið hluthafur að $^3/_5$ hlutum. Privatmenn myndu eignast nokkurt hlutafé, segjum alt að 100 þús., en hvaðan ætti hitt að koma? Það er því um engan að ræða nema landssjóð. Ef nú landssjóður á $^2/_5$ hluta í Íslandsbanka og á Landsbankann líka, hvernig er þá séð borgið hagsmunum landsmanna, ef þessar stofnanir koma í bága sín á milli? Mér finst

því mjög varhugavert að samþykkja þessar breytingar. Okkur, meiri hlutanum, hefir þar á móti ekki þótt neitt athugavert við fyrra atriðið, að hlutaféð sé á milli 2—3 milj. króna.

Landshöfðingi: Eg álít ekki þörf á að svara miklu því. er háttv. framsm. (H. Sv.) hafði að athuga við breyt.till. minar. Hann lagði mesta áherzlu á, að hann væri hræddur við hættulega samkeppni milli hlutafélagsbankans og Landsbankans, og áleit hana óheppilega vegna þess, að landssjóður væri jafnt interesseraður í báðum fyrirtækjunum. Eins og eg hefi tekið fram áður, þá er það min hugsun, að ekki verði nein veruleg samkeppni milli þessara tveggja stofnana, þar sem hvor þeirra mun hafa sitt sérstaka verksvið. Landsbankinn mun að miklu leyti halda áfram líkt og nú á sér stað og aðallega lána mót veði í fasteignum og gegn sjálfsskuldarábyrgð. Hlutafélagsbankinn mun aðallega verða diskontobanki. Auðvitað er Landsbanklnn nú að nokkru leyti diskonto-banki, en ef hann heldur áfram og veðdeildin með, þá mundi starf hans aðallega verða fólgið í lánum gegn veði í fasteign og sjálfskuldarábyrgð. Hlutafélagsbankinn mundi aðallega hafa á hendi diskonto á vixlum og lán til verzlana, sem sérstaklega er nauðsyn og þörf á að fá nýja og ríkari stofnun en Landsbankann til að fullnægja. Samkeppnin mundi því ekki verða skaðleg að minu áliti, og nokkur samkeppni er ætíð nauðsynleg. Það er ekki holt, að öll peningaverzlun landsins komist í hendur stofnunar, sem að mestu leyti er stofnuð með útlendu fé. Ef tvær stofnanir verða, mundu þær eins og halda hvor annari í skefjum. Það er ekki nóg að líta á hag landssjóðs og hluthafa, heldur líka á kjör landsmanna, viðskiftamannanna, að þeir eigi ekki mjög erfitt með að fá lán vegna afarhárra vaxta. Ef hlutafélagsbankinn yrði einn um hituna, og hann hugsaði aðallega um að græða, eins og eðlilegt er, þá er hætt við, að hann mundi nota sér, að enginn er til að keppa við hann, og setja vextina af lánum mjög hátt. Og það mætti vel búast við því, að hann mundi ekki lána fé fyrir lægri vexti, en 7—8%, sem alment er erlendis. Það mundi hlutafélagsbankanum ekki haldast uppi, ef önnur stofnun væri við hlið honum, sem byði lán fyrir lægri vexti, eins og Landsbankinn nú. Það verður að gæta þess, að íþyngja ekki landsmönnum sjálfum um of. Ef menn þurfa á peningum að halda og vita möguleika á að fá þá að láni, þá hugsa menn ekki í svipinn um skuldbindingarnar, sem fylgja láninu; þeir hugsa að eins um að fá lánið, án þess að íhuga það nánar, hvort þeir geti fullnægt þeim skuldbindingum, sem láninu eru samfara. Þess vegna verður löggjöfin að sínu leyti að hafa vit fyrir fólkinu í þessum efnum, og girða fyrir það, að landsmönnum verði ekki of mikið iþyngt með óbærilega þungum vöxtum.

Framsögumaður [Hallgrímur Sveinsson]: Eg get vel tekið undir með hæstv. landshöfðingja með það, að hugsa verður og um hag lántakenda, og að æskilegt væri, að þeir gætu fengið lán með sem vægustum kjörum, en eg skal taka það fram, að því að eins eru tvær stofnanir hugsanlegar, að ekki verði þrengt að þeim um of, og starfsvið þeirra um of takmarkað. Hver segir, að það verði afmarkað, eins og hæstv. lundshöfðingi ætlaðist til? Því verða lög og reglugerðir að ráða. Sá af bönkunum, sem liggur með mikið fé, vill auðvitað koma því út, og hann verður þá vægari í vaxtakröfum sínum, og hann mun um leið fara að lána hvert það lán, sem hann álítur rétt og forsvaranlegt, þó að það sé ekki innan þeirra takmarka, sem hann upphaflega hafði sett sér. Ef báðar stofnanirnar hefðu nóg að starfa og gætu komið fé sínu út

með viðunanlegum vöxtum, þá væri það heppilegt, að menn gætu átt völ á, til hvorrar stofnunarinnar menn vildu snúa sér. En tvær þess konar stofnanir mundu naumast hafa svo mikið að starfa, að minsta kosti fyrst um sinn, að þær ekki að einhverju leyti þrengdu hvor að annari. Ef hlutafélagsbankinn væri einn um hituna, eftir niðurlagning Íslandsbanka og ef hann þá yrði mjög ráðríkur og kröfuharður og fældi menn frá sér, þá mundu menn geta leitað, að minsta kosti með smálán, til annara sjóða, eins og eg mintist á við síðustu umr., svo að menn yrðu ekki að öllu leyti ofurseldir hlutafélagsbankanum. En eg geri ráð fyrir, að stjórn hlutafélagsbankans verði svo skynsöm, að hún spenni ekki bogann svo hátt, að bankinn misti við það álit sitt, setti enga geipiháa vexti af lánum, heldur hagaði þeim mismunandi eftir því sem á stæði, hvort mikil væri aðsókn að bankanum eða ekki. Það á að vera hið eðlilega lögmál, er takmarkar vaxtaupphæðina. Auðvitað væri það vissasti vegurinn til að tryggja mönnum aðgengilega lánskosti, að tvær peningastofnanir keptu hvor við aðra, en því að eins gæti það orðið hagur til frambúðar, að samkepnin kipti ekki fótunum undan þeim, annari eða báðum. En það er þetta, sem eg óttast að komi fram, ef 2 bankar stæðu hér samhliða í nánustu framtíð.

Kristján Jónsson: H. framsm. (H. Sv.) gat þess, að nefndin hefði ekkert að athuga við fyrri breyt.till. á þgskj. 627; en það var einmitt þessi breyt.till., sem eg var svo hræddur um, að mundi sæta andmælum, enda hafði mér komið til hugar að taka hana aftur, en nú þykir mér eigi ástæða til þess, úr því að nefndin vill aðhyllast hana. Það er aðallega síðari breyt.till. á sama þgskj., sem hefir verið mótmælt, og skal eg ekki færa frekari ástæður fyrir henni, en eg gerði í fyrra dag, en að eins minnast á hana í sambandi við það, sem h. framsm. hefir gefið tilefni til. Það er vitaskuld ekki hægt að segja með neinni vissu, hverjir muni eignast þann hluta fjárins, sem stofnendurnir ekki leggja til; en vér óskum að eins og vonum, að það verði landssjóður og landsmenn; en það vitum vér allir, að það er hægðarleikur fyrir þessa menn að fá aðra undir sínu nafni til þess að leggja fé fram, og er ekki hægt að ráða við það eða gera við því. Þetta var mér full-ljóst, þegar eg samdi breyt.till. mína, en hún á að fara í þá átt, að takmarka hið peningalega (meteriella) vald, sem stofnendur þessa fyrirtækis munu fá, ef þeim leyfist að leggja til allan höfuðstólinn, og ef hún getur leitt til þess, að þetta materiella vald verði takmarkað að verulegum mun, þá er þeirri tilætlun náð, sem eg hafði fyrir augum með henni. Eg hef stöðugt borið kvíðboga fyrir því, að menn, sem eru útlendingar gagnvart oss, muni fá með þessum fyrirhugaða hlutafélagsbanka of víðtæk umráð yfir öllum peningaviðskiftum vorum, allri verzlun vorri, og yfir öllu viðskiftalífi voru og atvinnuvegum. Það er auðvitað ekki hægt að segja með neinni vissu, hvort ástandið þá yrði öllu lakara en það nú er, en frv. er vafal. mjög varhugav. í þessu efni. Eg hefi frá því fyrsta, eg fór að hafa nokkur afskifti af almenningsmálum eftir megni leitast við að sporna við því, að vald það og yfirráð ykjust eða færðust í vöxt, sem Danmörk, og einkanlega Kaupmannahöfn, hefir yfir efnum vorum og högum, hvort heldur er í fjárhagslegu eða stjórnmálalegu tilliti, og þessari stefnu mun eg og eftirleiðis fylgja í öllum þeim málum, sem snerta bæði löndin, meðan eg eigi breyti þeirri skoðun á sambandinu milli þeirra, sem eg nú hefi. Þess vegna styðst stefna mín í þessu máli og breyt.till. mínar aðallega við politiskar ástæður, en eigi að sama skapi við fjárhagslega skoðun á því út af fyrir sig.

Eiríkur Briem: Viðvíkjandi breyt.till. á þgskj. 627 skal eg leyfa mér að taka það fram, að hún fer í sömu átt, eins og breyt.till mín, sem var feld um daginn, að því leyti, sem þá var gert ráð fyrir, að landssjóður gerðist hluthafi fyrir að minsta kosti $^2/_5$ hlutafjárins, en hér er gert ráð fyrir að landssjóður eða Íslendingar ættu $^3/_5$. En að því er einstaka menn snertir, þá geta reyndar hlutir þeirra fljótt komist í útlendar hendur.

Að því er snertir breyt.till. hæstv.landsh., þá kemur hún alls ekki í bága við frv., og skal eg því viðvíkjandi taka það fram, að hún miðar að meiri varúð. Ef það síðar skyldi verða raunin á, að landsbankinn kæmi í bága við hinn fyrirhugaða hlutafálagsbanka, þá væri hægt síðar að leggja landsbankann niður, en það er ómögulegt að reisa hann við, þegar einu sinni er búið að fella hann. Að því er snertir starfssvið þessa fyrirhugaða hlutafélagsbanka, þá hefir hæstv. landsh. þegar fært fullkomin rök fyrir því, að það mundi verða nokkuð annað en landsbankans.

Hlutafélagsbankinn lánar ekki til langs tíma, sem leiðir af því, að hann er seðlabanki með innleysanlegum seðlum, og það er tekið fram í frumv., að hann lánar yfir höfuð að eins út á auðseldar eignir. En það eru ekki að eins fasteignir, sem lánað er út á fyrir lengri tíma; það eru líka mörg önnur lán, sem eru fyrir langan tíma,svo sem t.d.lán til sveita- og bæjarfélaga, sem landsbankinn veitir, en þau eru að miklu leyti útilokuð í hlutafélagsbankanum. Hlutafélagsbankinn lánar að vísu gegn handveði, sem á að realisera innan skamms tíma; en það geta líka verið önnur handveð, sem landsbankinn hefir lánað út á alt að 10 árum, og ef slík lán yrðu útilokuð, þá gæti það orðið óþægilegt fyrir marga. Þess vegna ímynda eg mér, að þótt Landsbankinn stæði, þá yrði það önnur grein af lánum, sem hann tæki að sér en hlutafélagsbankinn, eins og hæstv. landsh. tók fram. Eg sé engar gildar ástæður fyrir því, að stofnendur hlutafélagsbankans verði á móti frumv. með þessum breytingum; en tíminn hefir ekki verið nægur, til þess að fá svar upp á það, svo að engin vissa er fyrir því, að þær efasemdir séu á neinum rökum bygðar.

ATKV.GR: 1. breyt.till. á þgskj. 627 samþ. með 10 atkv.

2. breyt.till. á þgskj. 627 feld með 6 : 5 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

já:	*nei:*
Eiríkur Briem,	Ólafur Ólafsson,
Guðj. Guðlaugsson,	Sigurður Jensson,
Jónas Jónassen,	Gutt. Vigfússon,
Julius Havsteen,	Hallgr. Sveinsson,
Kristján Jónsson,	Axel Tulinius,
	Magnús Andrésson.

1. Br.till. á þgskj. 625 við 8. gr. samþ. með 7 atkv.

2. Br.till. á þgskj. 625 við 11. gr. sþ. með 7 atkv.

3. Br.till. á þgskj. 625 við 12 gr. sþ. með 7 atkv.

4. Br.till. á þgskj. 625 við 13. gr. sþ. með 7 atkv.

5. Br.till. á þgskj. 625 við 20. gr. sþ. með 7 atkv.

Frumv. þannig breytt sþ. með 10 atkv. og afgreitt til forseta Nd.

Bankamál II.

FRUMVARP til laga um sparisjóð í Reykjavík; 1. umr., 21. ágúst, (C bls. 698).

Eiríkur Briem: Þar sem þetta frumv. stendur í svo nánu sambandi við hlutafélagsbanka-málið, og sérstaklega þarf að athuga t. d. ákvæði 5. gr., hvaða varasjóður á að fylgja sparisjóðnum, þá vil eg leggja til, að frumv. verði vísað til nefndarinnar, sem sett var, til að athuga frv. til laga um hlutafélagsbanka.

ATKV.GR.: Samþ. með 8 samhlj. atkv. að vísa málinu til nefndarinnar í bankamálinu.

1. umr. frestað.

Framhald 1. umr., 23. ágúst (C 698, 750).

Framsögumaður (Hullgrímur Sveinsson): Eins og h. þingdm. sjá af nefndarálitinu, hefir nefndin öll orðið sammála og talið nauðsynlegt, ef Landsbankinn yrði lagður niður, að sparisjóðurinn yrði þá sérstakur sjóður út af fyrir sig, sem reynt væri að koma svo fyrir, að fullnægði því ástandi, sem þá myndaðist.

Nefndin hefir komið fram með tvær ekki óverulegar breytingar við frumv. Önnur er sú, að segja ekki, að sparisjóðsfé það, sem nú er í Landsbankanum, skuli mynda sérstakan sjóð, heldur fé það, sem í honum verður 3 mánuðum eftir að lögin hafa birt verið í Stjórnartíðindunum, því að ganga má að því vísu, að töluverður mismunur muni verða á sparisjóðsfénu á þessu tímabili. Hin, að til varasjóðs sparisjóðsins skuli ekki afhent viss krónatala af varasjóði Landsbankans, heldur skuli þar farið eftir hlutfalli við hundraðatölu af því fé, sem inni stendur í sparisjóðnum, þegar afhendingin fer fram, en sem ekki er hægt að gera hér grein fyrir, hvort verður mikið eða lítið. Ef miðað er við það fé, sem nú stendur inni í sparisjóðnum, þá ætti varasjóður hans samkvæmt breyt.till. nefndarinnar að nema 70,000 kr. í stað þess, að í frv. er gert ráð fyrir 40.000 kr., sem mun vera hið allra minsta.

Kristján Jónsson: Þar sem það er efamál, hvort þetta frumv. getur komist til 2. umræðu, áður en þingi er slitið, þá ætla eg nú við þessa 1. umr. að minnast á eitt atriði í nefndarálitinu, sem mér þykir athugavert.

Í 5 gr. frumv. er ákveðið, að varasjóður Landsbankans skuli afhenda sparisjóðsstjórninni 40,000 kr. til varasjóðs sparisjóðsins, en í nefndarálitinu er farið fram á, að upphæðin, sem afhent sé, skuli nema 6% af fé því, sem inni stendur í sparisjóðnum (ɔ: hjá landsbankanum), þegar afhendingin fer fram. Það yrði þá eins og nú stendur nálægt því 72,000 kr., þar sem sparisjóðsinnstæðan er um 1,200,000 kr., eða alt að því $^1/_3$ af öllum varasjóði Landsbankans, sem hann ætti að afhenda sparisjóðnum. Eg hef gert ráð fyrir, að eign varasjóðsins yrði um árslok nálægt því 240 þús. kr. Eg álít upphæðina alt of háa hvernig sem á er litið, og að ekki sé rétt að taka svo mikið fé frá Landsbankanum til sparisjóðsins. Varasjóður Landsbankans hefir myndast aðallega við ágóðann af seðlunum. Fyrst framan af hafði bankinn þá vaxtalausa; síðan hefir hann greitt af þeim til landssjóðs 1% í vöxtu. Mjög snemma var seðlaupphæðin orðin 500,000 kr., og nú er hún orðin 750,000 kr. Á hverjum 100 kr. seðla græðir bankinn 3—4%. Gjöld bankans við skrifstörf, reikningshald, til stjórnarkostnaðar og fyrir húsaleigu stafa að all-miklu leyti af sparisjóðsdeildinni, að minsta kosti hin daglegu útgjöld við skrifstofuhaldið. Þó að því sparisjóðnum hafi ekki verið talið til eignar neitt af varasjóðstekjum bankans, þá má segja, að hann hafi orðið þeirra aðnjótandi á þann hátt, að kostnaðurinn við rekstur sparisjóðsins hefir verið greiddur af þeim tekjum bankans, sem annars hefðu runnið í varasjóð. Sumar aðrar tekjur bankans, t. d. Diskonto, eru sparisjóði óviðkomandi. Það, sem sparisjóður hefir lagt til varasjóðsins, er mismunurinn á vöxtum þeim, sem bankinn hefir tekið af útlánsfé, og sem hafa verið frá $4^1/_8$% upp að 5%, og þeim vöxtum, sem bankinn hefir greitt af sparisjóðsinnlögum, en þeir hafa verið frá $3^1/_2$% og upp að $3^3/_5$%, og það eru þeir nú. Þó verður að draga frá þessari upphæð vexti af fé því, sem landsbankinn verður að hafa handbært daglega vegna spari-

sjóðs-útborgana og að auki allan þann kostnað, sem bankinn hefir haft og hefir við stjórn og rekstur sparisjóðsins.

Að öllu þessu athuguðu verð eg að álíta, að 40,000 kr. sé meir en sæmileg upphæð sem tillag til varasjóðs sparisjóðsins, og vildi eg benda á þetta mikilsverða atriði, til þess að það yrði athugað á sínum tíma, þó að það verði ekki hægt nú. —

Framsögumaður (Hallgrímur Sveinsson): Það er sjálfsagt að nefndin tekur þetta atriði til rækilegrar íhugunar. H. 3. kgk. þm. (Kr. J.) virtist færa góðar ástæður fyrir sínu máli, og ef nefndin getur sannfærst um, að hún hafi ætlað sparisjóðnum of mikla upphæð, mun hún koma með tillögu til lækkunar.

ATKV.GR.: Frv. vísað til 2. umr. með 9 atkv.

Önnur umr., 24. ágúst, (C. bls. 698, 750).

Með því að eigi var liðinn lögboðinn tími milli 1. og 2. umr., var borið undir atkv., hvort taka mætti málið fyrir, en deildin neitaði með 6 atkv. gegn 4 að veita samþykki til þess.

Bankamál III.

FRUMVARP til laga um heimild fyrir landsstjórnina til hluttöku fyrir landssjóðs hönd í hlutafélagsbanka á Íslandi; 1. umr., 21. ágúst (C. bls. 699).

Eiríkur Briem: Þar eð frv. stendur í svo nánu sambandi við málið um hlutafélagsbanka, legg eg til, að málinu verði vísað til bankanefndarinnar, eins og næsta mál á undan.

ATKV.GR.: Frv. vísað til nefndarinnar með 6 shlj. atkv.

1. umr. frestað.

Framhald 1. umræðu, 23. ágúst (C. 699, 751).

Framsögumaður (Hallgrímur Sveinsson): Það á sama heima um þetta mál, eins og næsta mál á undan, að það stendur í nánu sambandi við frv. um hlutafélagsbankann. Nefndin hefir getað fallist á það, en þykist þó þurfa að auka nokkru við það.

Í 1. gr. frv. um stofnun hlutafélagsbanka er gert ráð fyrir, að landssjóður gerist hluthafi í bankanum, en eftir þessu frv. fær hann ekki nema lítið fé til umráða, og getur þess vegna ekki skrifað sig fyrir hlutum, nema í smáum mæli, og verður því eigi hjá því komist, að setja með lögum ákvæði, er veiti landssjórninni heimild til að útvega það fé, sem til slíkrar hluttöku útheimtist. Eg veit nú ekki, hversu mikið þetta fé ætti að vera, en það ætti þó helzt að geta verið svo mikið, sem nokkrir h. þingdm. hafa óskað. Til þess nú að gera þetta mögulegt, hefir nefndin komið fram með viðauka við frv., og gengur hann í sömu átt, og ein br.till. við frv. í Nd., nfl. að samþykkja, að landsstjórnin hafi heimild til að taka all-hátt lán með $4^1/_2{}^0/_0$ ársrentu og árlegri afborgun, $2^0/_0$, gegn ábyrgð landssjóðs og tryggingu í eigum hans. Hvort þetta verði heppilegt, er eigi hægt að segja, en nefndin hélt, að eftir öllum líkum mundi það verða vel framkvæmanlegt. Hér er sem sagt að eins farið fram á heimild fyrir landsstjórnina til þess að geta notað sem bezt þann rétt sem henni er áskilin í frv. um hlutafélagsbankann, til að láta landssjóð gerast hluthafa. Eg vona svo að h. deild lofi frv. að ganga til 2. umræðu.

ATKV.GR.: Frv. vísað til 2. umr. með 10 atkv.

Önnur umr, 24. ágúst, (C. 699, 751).

Með því að eigi var liðin lögboðinn tími milli 1. og 2. umr., var borið undir atkv., hvort taka mætti málið fyrir. Var það

sþ. með 10 atkv. Landshöfðingi veitti og leyfi til þess.

Framsögumaður (Hallgrímur Sveinsson): Eins og eg gat við frh. 1. umr., þótti nefndinni eigi neitt athugavert við frumv. þetta annað, en það þyrfti vibótar við. Landsstjórninni er veitt heimild til að veðsetja jarðeignir landssjóðs, til þess að gerast hluthafi í hinum fyrirhugaða hlutafélagsbanka. Eftir ákvæðum hlutafélagsbanka-frumvarpsins verður fé það, sem útheimtast til þess, alt að 800,000 kr. Vér gerðum ráð fyrir því, að 120,000 kr. fáist með veðsetningu fasteigna landssjóðs fyrir 20% verðs, og 100 þús. af varasjóði landsbankans, er verja megi til þessa. Þá eru 600 þús., sem á vantar, og stingur nefndin upp á því að veita landssjórninni heimild til að taka 600 þús. kr. lán með allt að $4^1/_2$% ársrentu og 2% árlegri afborgun. Með þessu fengist fyrir landssjóð nægilegt fé til þess að fá verulega hlutdeild í hlutafélagsbankanum, þó auðvitað þyrfti enn þá meira til þess, ef farið væri eins langt og h. 3. (Kr. J) og 6. kgk. (E. B.) vilja helzt. Að vísu er nú sú breyting á orðin, eftir þeirri mynd, sem hlutafélagsbanka frv. hefir fengið við síðustu umr. hér í dag, að burtu verður að falla varasjóður Landsbankans, sem verja átti til hlutabréfakaupa. En ekki er nú unt að bæta neinu í þetta skarð við þessa umræðu, hvað sem síðar kann að verða.

Nú er spurningin um, hvar slíkt lán væri fáanlegt, og hugðum vér, að hinn danski ríkissjóður mundi fást til að hlaupa hér undir bagga, eins og hann svo oft hefir gert í líkum tilfellum, og ekki ganga hart eftir með vexti og afborgun.

Ríkissjóði Dana hefir farist mjög sómasamlega við landssjóð, og er því vel mögulegt, að hann einmitt veiti slíkt lán. Ef það ekki getur gengið, er líklegt, að hægt sé að fá það á annan hátt.

Að minsta kosti förust stofnöndum hins fyrirhugaða banka þannig orð 1899, er um þetta var rætt, að hægt væri að útvega fé og það miklu stærri upphæð, en hér fer fram á. Það verður því ekki sérlegum vandkvæðum bundið að fá lán, og svo er hér að eins um heimildarlög að ræða. Að endingu leyfi eg mér að leggja það til, að breyt.tillögur nefndarinnar verði samþyktar.

ATKV.GR.: 1. gr. frumv. samþ. með 9 shlj. atkv. — 2. gr. frumv. samþ. með 9 shlj. atkv. — 1. br.till. á þskj. 607 sþ. með 9 shlj. atkv. — 3. gr., sem verður 4. gr., sþ. með 9 shlj. atkv. — 3. brt. á þskj. 607, sþ. með 9 shlj. atkv. — Málinu vísað til 3. umr. með 9 shlj. atkvæðum.

Þriðja umr., 24. ágúst (bls. 826, 827).

Framsögumaður (Hallgrímur Sveinsson): Nefndin hefir leyft sér að bera fram br.till. við frv. á þgskj. 646. Hún miðar að því, að lánið, sem landsstjórninni er heimilt að taka fyrir landssjóðs hönd, skuli sett 800,000 kr. í stað 600,000 kr. Eg mintist á það við aðra umr., að nú væri sú breyting á orðin, að einn af tekjuliðunum væri horfinn, þar sem áður var gert ráð fyrir, að sparisjóður yrði skilinn frá bankanum, en eins og frv. um hlutafélagsbankann var samþ. hér í Ed., þarf ekki lengur að gera ráð fyrir slíku. Leggjum við því til og vonum, að deildin verði fús á að samþykkja það, að lán landssjóðs í þessu frv. verði fært upp um 200,000 kr. vegna þeirra atvika, er bent hefir verið á. Eg skal benda á, að eins og frv. liggur fyrir prentað á þgskj. 644, þá hefir orðið skifti á greinum þannig, að 2. gr. á að vera 3. gr., en 3. gr. aftur 2. gr.

ATKV.GR.: Brt. á þskj. 646 sþ. með 8 atkv.

Frv. með áorð. breyt. sþ. með 10 shlj. atkv. og afgreitt til forseta Nd.

Bankamál IV.

FRUMVARP til viðaukalaga við lög 12. janúar 1900, um stofnun veðdeildar í

Landsbankanum í Reykjavík 1. umr., 21. ágúst (C. 699).

Eirikur Briem: Eg legg til, að frumv, verði vísað til sömu nefndar og tvö næstu mál á undan.

ATKV.GR.: Frumv. vísað til nefndarinnar með 6 shlj. atkv.

Fyrstu umræðu frestað.

Framh. 1. umr. 23. ág. (C. bls. 699, 752).

Framsögumaður (Hallgrímur Sveinsson): Enn þá stendur líkt á með þetta frumv., eins og hin næstu 2 á undan; þau standa öll í sambandi við hinn fyrirhugaða hlutafélagsbanka. Frumv. þetta fer fram á rýmkun á ákvæðum veðdeildarlaganna, þannig að veðdeild Landsbankans skuli í vissum tilfellum heimilt að lána fé gegn öðrum veðrétti í jarðeignum, þar sem það eftir gildandi lögum ekki er heimilt, nema gegn 1. veðrétti. Hér er farið fram á tvenns konar rýmkun, bæði með því að lána gegn öðrum veðrétti og með því að færa lánsupphæðina upp. Það getur, eftir áliti nefndarinnar, með engu móti staðist. sem stendur í 1. gr. þessa frumv.. að lána megi gegn 2. veðrétti alt að $^{3}/_{5}$ virðingarverðs, Nefndinni virtist hér farið inn á hættulega og mjög aðgæzluverða braut og ósamrýmanlega við þann grundvöll, sem bygt er á með veðdeildarlögunum, og þess vegna þótti henni rétt að færa þetta töluvert niður, til þess að halda því á sama grundvelli, sem veðdeildarlögin setja nú, þannig, að það lán, sem samtals hvílir á fasteigninni gegn 1. og 2. veðrétti, fari aldrei fram úr helmingi virðingarverðs. Hvort háttv. deild samþykki þessa breytingu okkar, vitum vér ekki, fyr en hún lætur í ljósi skoðun sína á því; en nefndinni þótti nauðsynlegt að koma fram með þessa breytingu, og leyfi eg mér fyrir hennar hönd, að biðja háttv. deild að taka vægum höndum á frumv! og lofa því að ganga til 2. umræðu.

ATKV.GR.: Frumv. vísað til 2. umr. með 9 atkv.

Önnur umr., 24. ágúst (bls. 699, 752).

Með því að eigi var liðinn logboðinn tími milli 1. og 2. umr., var borið undir atkv., hvort taka mætti málið fyrir; var það samþykt með 10 atkv. Landshöfðingi veitti og leyfi til þess.

Framsögumaður (Hallgrímur Sveinsson): Eg gat þess við 1. umr., að nefndinni þætti töluvert athugavert, að veðdeildin megi lána fé gegn 2. veðrétti alt að $^{3}/_{5}$ virðingarverðs í fasteignum, sem veðbundnar kunna að verða fyrir hlutum í hlutafélagsbankanum fyrirhugaða, því það ríður í bága við þá órjúfanlegu skuldbinding gagnvart eigendum bankavaxtabréfanna, að eigi skuli fara fram úr því takmarki, er sett er í 7. gr. laga 12. jan. 1900, þar sem ákveðið er, að veðdeildin megi ekki lána hærri upphæð en nemi helmingi virðingarverðs fasteignarinnar. Það er svo mikið undir því komið, að veðdeildin hafi gott álit og bankavaxtabréfin séu ekki tortrygð, svo að nefndin þorði ekki að leggja það til, að nokkuð það væri samþykt, sem á einhvern hátt gæti kastað rýrð á þau. Aftur á móti áleit nefndin, að engin hætta væri á því, að veðdeildin lánaði fé gegn 2. veðrétti í jarðeignum með þeim takmörkunum, sem settar eru í breyt.till. hennar á þgksj 608, þannig, að lán það, sem samtals hvílir á fasteigninni gegn 1, og 2. veðrétti, fari aldrei fram úr helmingi virðingarverðs fasteignarinnar. Vér ráðleggjum því hinni háttv. deild að samþykkja frumv. með þessum breytingum.

ATKV.GR.: Br.tilll. á þskj. 608 við 1. gr. sþ. með 10 samhlj. atkv.

2. gr. samþ. með 10 samhlj. atkv.

Fyrirsögnin samþ. með 10 shlj. atkv.

Málinu vísað til 3. umr. með 10 samhlj. atkv.

Þriðja umr., 24. ágúst (C. bls. 826)

Framsögumaður (Hallgrímur Sveiusson): kvað engar breyt.till. vera komnar fram við frumv., og hefði nefndin því ekkert við frumv. að athuga og óskaði, að það yrði samþykt, eins og það lægi fyrir.

ATV.GR.: Frumv. samþ. í e. hlj. og afgreitt sem lög frá alþingi.

Tollmál.

FRUMVARP til tollaga fyrir Ísland; 1. umr., 31. júlí (C. bls. 407):

Julius Havsteen: Eg stend ekki upp, til annars en að stinga upp á því, að nefnd verði sett, til þess að íhuga þetta vandasama mál. Þegar maður lítur á frumv., eins og það var samþ. í Nd. við 3. umr., þá sér maður, að sú háttv. deild hefir komið þar fram með nýjar vörutegundir, sem hún vill láta taka toll af, og sem eiga að heita munaðarvörur. En eg segi nú fyrir mitt leyti, að eg vil ekki láta tolla margt af þeim vörutegundum, sem þar er farið fram á að tollur sé af greiddur. Það er varasamt, að leggja toll á ofmargar vörutegundir, og kynni slíkt að reyna um of á þolinmæði tollstjórnarinnar í Danmörku. Eg get heldur ekki álitið það rétt, að tolla allar munaðarvörur, sem sé þær, sem lítið er flutt af til landsins, og sem mönnum kann að vera til saklausrar skemtunar og hressingar. Vér höfum ekki ofmikið af því hér á landi, sem getur lífgað upp sál og líkama, innan um hið daglega strit. Svo finst mér vera alveg rangt að tolla brauð. Bakaríin eru ekki orðin svo mörg hér á landi enn, að menn geti án útlends brauðs verið, en það er tímatöf, að fást við bakstur í heimahúsum. Eg hefi ekki fleira að segja að þessu sinni og treysti því, að nefnd sú, er hér verður sett í málið, athugi það gaumgæfilega og sjái ráð til þess að auka tekjur landsins, án þess að íþyngja mönnum um of og gera þá óánægða með smásmuglegum tollálögum.

Axel Tulinius: Það er eitt gott við frumv. þetta, sem sé það, að það tekur tolllögin saman í eina heild, og tekur af öll tvímæli, þar sem vafi gat leikið á skilningi gömlu laganna. En að öðru leyti er margt við frumv. að athuga, en af því að það er 1. umr. málsins, ælta eg ekki að fara út í einstakar greinar frumv. að svo stöddu.

Mér finst, að hinir nýju tollar fari ekki í heppilega átt, þar eð það er ekki að eins munaðarvara, sem tolluð er, heldur og nauðsynjavara. Það gæti verið sök sér, að leggja toll á nauðsynjavöru, ef það væri nokkur verulegur tekjupóstur fyrir landssjóð, en því er ekki þannig varið með tolla þá, sem farið er fram á í frumv., þar sem margt af því er nauðsynjavara, sem lítið er flutt af.

Sömuleiðis koma tollar á nauðsynjavöru hart niður á einstökum flokkum manna, eins og t. d. tollur á skonroki og skipskexi kemur hart niður á sjávarbændum og sjómönnum, því eins og kunnugt er, eru brauðgerðarhús að eins í stærri bæjunum hér á landi, og eru menn því neyddir til að kaupa brauð og annað því um líkt í búðunum. Eg sé sem sé marga agnúa á frumv. þessu og álít nauðsynlegt, að setja nefnd í málið og íhuga og ræða það rækilega þar. Nefndin álít eg að ætti að vera stór, t. d. 5 manna, og sérstaklega í hana kosnir þeir menn, sem í praxis hafa fengist við slík störf. Eg ætla ekki að fara fleiri orðum um málið að sinni, en mun síðar athuga hinar einstöku greinar frumv.

Guðjón Guðlaugsson: Háttv. 1. þm. S.-Múl. tók fram einn kost á frumv. þessu, sem sé þann, að það safnaði tolllögunum í eina heild; eg held, að það hafi annan kost, sem sé þann, að sýna, hve óhöndulega þinginu tekst, þegar það er að semja tolllög. Þessu lýsir þetta frumv. svo áþreifanlega, því tollar þeir, sem hér er farið fram á, miða hvorki að því, að

vernda nokkrar innlendar vörutegundir frá samkeppni við sams konar útlendar, né að útrýma skaðlegum vörum, né auka tekjur landssjóðs að nokkrum mun. Því flest það, sem farið er fram á að tolla, eru smámunir einir, svo hætt er við, að erfiðleikarnir við tolleftirlitið, eti upp allan ágóðann. Nýja tolla á að setja á þær vörutegundir, sem samkvæmt eðli sínu eru bezt til þess fallnar, en hafa þær sem fæstar, til þess að tollstjórnin kosti ekki afarmikið. Sú helzta vörutegund, sem eg fyrir mitt leyti vildi láta tolla, svo að um muni, er vínföng, því bæði er varan skaðleg, og svo munar landssjóð allmikið um þann toll. Mér fyndist sanngjarnt að hækka tollinn á brennivíni með 8° styrkleika upp í 50 aura. Aftur á móti álít eg hið fasta árgjald vínsölumanna óheppilegt, sem lög 11. nóv. 1899 fara fram á, og sömuleiðis finst mér sanngjarnt að lækka borgunina fyrir leyfisbréf. En ef hækkunin upp í 50 aura kæmist á, væri það allmikill tekjupóstur fyrir landssjóð og ekki tilfinnanlegt fyrir landsmenn. Þeir, sem á annað borð eru forfallnir í vín, kaupa það, hvað sem það kostar, en þeir, sem á annað borð takmarka sig, þeir gæta líka að hinni fjárhagslegu hlið málsins. Einnig drekka útlendingar þeir, er hér koma allmikið, og sé eg ekki eftir því, þó að þeir af þeim, sem eru undir þessa synd seldir, borgi fyrir það til landssjóðs, þar sem oftast er ekki annað á þeim að græða en siðspilling eina.

Ef um aðrar vörutegundir, sem ekki eru ónauðsynlegar, væri að ræða að tolla, þá vildi eg leggja það til, að þeir tollar miðuðu að því, að koma á fót nýjum iðnaðargreinum, vernda innlendan iðnað o. s. frv., eins og t. d. að tolla innflutta ullardúka, útlent smjör, margarine og ósútuð skinn. Þetta hefir mér dottið í hug að heppilegt væri að taka með. Eg býst við því, að nefnd verði kosin, til að íhuga málið og ætla því ekki að benda á fleira í þetta sinn.

ATKV.GR.: Samþ. í e. hlj. að kjósa nefnd í málið.

3. manna nefnd samþ. með 8 samhlj. atkv.

Í nefndina kosnir:

Sigurður Jensson með 6 atkv.
Guðj. Guðlaugsson — 6 —
Julius Havsteen — 4 —

að viðhöfðu hlutkesti.

1. umr. frestað.

Framhald 1. umr., 9. ágúst (bls. 407, 515).

Framsögumaður (Julius Havsteen): Eins og nefndarálitið ber með sér, hefir nefndin gert talsverðar breytingar á frumv. Henni þótti ástæða til að felt yrði úr frumv. Nd. ýmsar nýjar vörutegundir, þar sem hún var hrædd við yfir höfuð að bæta við tollum á fleiri vörutegundum en nú á sér stað vegna þess, að vér höfum ekki reglulegt tolleftirlit enn sem komið er, og það reynir á þolinmæði útlendra tollþjóna, að hjálpa til við tollheimtu hér á landi. En til að bæta upp það, sem felt er úr frv., og ná tekjum handa landssjóði, þá hefir nefndin álitið réttast, að láta vínföng verða fyrir tollhækkun. Að öðru leyti skal þess getið, að þetta frv. er samsafn af öllum tolllögum landsins, svo að menn hafa hér fyrir sér í einni heild öll lagaboð um tolla hér á landi, sem áður voru á tvístringi.

Eg skal svo ekki fara fleiri orðum um málið að sinni, en geyma mér rétt til 2. umr. að minnast á einstök atriði málsins.

ATKV.GR.: Frumv. vísað til 2. umr. í e. hlj,

Önnur umr., 12. ágúst (C bls. 407, 515).

Framsögumaður (Julius Havsteen): Eg ætla að eins að gera grein fyrir hinum

sérstöku breyt.till., sem nefndin hefir gert á frumv., eins og það kom frá h. Nd., og skal eg þá fyrst nefna þær vörutegundir, sem nefndin hefir lagt til að feldar séu úr frumv. sem tollskyldar. Kakaóduft höfum við lagt til að fella burt, af því að við álitum það fullkomna nauðsynjavöru, sem oft er notuð handa veikluðum mönnum. Aftur á móti hefir nefndin látið súkkulaði standa, en lækkað tollinn á því úr 15 aurum niður í 10 aura. Tollinn á brjóstsykri höfum við látið standa óbreyttan, af því að við álítum þá vöru skaðlega, og eiga margir brjóstsykrinum það að þakka, að tennurnar í þeim eru eigi svo góðar, sem þær hefðu getað verið. Skonrok, skipskex og allar aðrar tilbúnar brauðtegundir hikuðum vér ekki við að fella burt, með því að þær mega teljast nauðsynjavörur. Hér í Reykjavík ber það eigi all-sjaldan við, að eigi er hægt að fá brauð í bakaríunum, þegar mörg skip liggja hér inni, og verða menn þá að kaupa brauð í búðunum. Brauð með sykri í mun tollaganefndin í Nd. hafa skoðað sem munaðarvöru, en það er eigi nálægt því, að svo sé. Það er oft mjög hentugt, að geta gripið til þess, þegar gestir koma, og bjóða þeim það með kaffi, í staðinn fyrir að baka kökur, auk þess, sem þetta brauð er holt og gott. Niðursoðið kjöt og fiskmeti fanst nefndinni mega kalla nauðsynjavöru. Það fer fjarri því, að niðursoðið kjöt sé góð fæða, enda er það helzt brúkað í viðlögum, einkum á ferðalagi. Að því er niðursoðið fiskmeti snertir, þá hefir oft komið sér vel að geta gripið til þess, þegar ekkert hefir fengist úr sjó, einkum hér í Reykjavík, áður en ishúsið var stofnað. Enn fremur hefir nefndin farið fram á að draga úr tollinum á tegrasi, sem sé að færa hann niður úr 50 a. í 30 a., þegar litið er til þess að venjulega eru flutt inn um 4500 pd. af tegrasi á ári. þá er hér ekki um mikla tekjugrein að ræða. Það er heldur eigi rétt að skoða tegras sem munaðarvöru, heldur er það ómótmælanlega nauðsynjavara, sérstaklega þar sem það einnig er notað handa veikum. Eins og eg gat um við 1. umr. þessa máls, hefir nefndin komist að þeirri niðurstöðu, að helzt sé gjörlegt að bæta upp þá tekjurýrnun, sem af þessum breytingum leiðir fyrir landssjóð, með því að hækka tollinn á brennivíni og áfengi, en nefndin var í efa um, hve mikill sá tollauki skuli vera; hér er eigi um bindindislög, heldur tolllög að ræða. Eftir að við höfum ráðfært okkur við ýmsa þingdm., höfum við komið okkur saman um, að hækka tollinn á brennivíni upp í 40, 60 og 80 a. úr 30, 45 og 60 a. Í fyrsta tilfellinu er það 10 a. hækkun; og svo er hún hlutfallslega meiri fyrir hinar sterkari tegundir. Á þeim drykkjarföngum, sem nefnd eru undir 3. tölul., höfum við farið fram á að hækka tollinn úr 50, 75 a. og 100 a. upp í 60 a., 90 a. og 120 a. Hér er spurningin um rom, kognak, arrak og whisky; þessar áfengistegundir eru venjulega fluttar á flöskum; en þegar svo er, þá leiðir það af fyrirmælum 6. gr., að lægsti tollur er tekinn, þegar þær eru fluttar á 3 pela flöskum, og er það venjulega gert. Við 5. tölul. höfum við líka hækkað tollinn á öllum öðrum vínföngum úr 50 a. í 55 a. Að öðru leyti höfum við eigi gert neinar breytingar á frumv., og að því er hvít borðvín snertir, þá höfum við álitið rétt, sem h. Nd. hefir gert, að láta þau sæta sömu kjörum, sem rauðvín. Eg vil svo fyrir hönd nefndarinnar leggja það til, að h. deild fallist á þessar till. vorar.

Axel V. Tulinius: Mín skoðun er sú á þessu máli, að heppilegast væri, ef unt væri, að það gengi í aðra átt, en þetta frumv. gjörir.

Eg hefði helzt viljað leggja það til, að vínsala væri gerð almenn, þannig að kaupmaður hefði leyfi til að selja áfengi, án þess að greiða sérstakt gjald; en þetta

má eigi skiljast svo, sem eg sé á móti bindindi, heldur af því að eg álít, að þau lög, sem leggja skatt á menn fyrir að selja vín, gangi eigi í rétta átt, þar sem þau leyfa ríkum kaupmönnum að selja áfengi, en leyfa eigi smákaupmönnum að gera það; en af því að eg hygg, að afnám áfengissölugjaldsins mundi eigi ganga í gegn á þessu þingi og mundi verða til þess að spilla fyrir framgangi þessa frv., sem er mjög gott að því leyti, að það safnar öllum tollákvæðum í eina heild og sker úr ágreiningi um ýms atriði. þá álít eg,að nefndin hafi frá þessu sjónarmiði. þegar eigi er hægt að fá vínsölugjaldið afnumið, stigið spor í rétta átt með því að hækka tollinn á vinföngum og afnema toll á ýmsum nauðsynjavörum. Ef áfengissölugjaldið væri afnumið, þyrfti að hækka enn þá meira tollinn á vínföngum, því ef tollur væri lagður á fleiri vörur, þá yrði tollgæzlan miklu erfiðari. Eins og kunnugt er, höfum vér enga reglulega tollgæzlu, heldur er einum manni falið að krefja inn tolla á stóru svæði, sumstaðar í mörgum kaupstöðum, og þess vegna er mín skoðun sú, að heppilegast sé að hafa toll á sem fæstum vörutegundum, eins og hér er farið fram á, og að lagður sé hár tollur á vínföng. eins og nefndin hefir farið fram á. Þessi hækkun er svo hófleg, að hún getur eigi skaðað kaupmenn. þótt þeir borgi hátt gjald. Að því er snertir tollinn á cigarettum, nefnilega að greiða skuli 1 eyri af hverri, þá er það sama sem að banna innflutning á þeim. Mér hefði þótt betra að lækka þennan toll ofan í 50 aura af hverju handraði; en vegna þess, að þetta hefir litla þýðing, þá finst mér eigi vert. að koma fram með breyt. atkvæði við það. Afleiðingin af þessum háa tolli á cigarettum verður að eins sú, að vér förum að búa þær til sjálfir. eins og Frakkar gera Að því er snertir lækkunina á tegrasi og súkkulaði, þá er eg nefndinni samdóma um það. Það getur stundum verið erfitt að gera greinarmun á súkkulaði og konfekt með krem; þó heyrir það undir konfekt, ef eigi er hreint súkkulaði ígegn. Ákvæðin í 2. gr. um skilríki fyrir því, hvaða vörur séu með skipinu, eru alveg nauðsynleg vegna þess, að skipsskjöl þau, sem fylgja með vörum frá Englandi og Noregi, eru vanalega svo ófullkomin, að þau eru lítið betri en engin skjöl, og þess vegna er nauðsynlegt, að skipstjórar séu skyldaðir til að sýna manifest. Ef 11. breyt.till. nefndarinnar við 13. tölul. 1. gr. um, að 15., 16. og 17. tölul. falli burt, verður samþykt, þá leiðir af því, að breyta verður tölunum í 6. gr. „10—17 í 1. gr.“ í „10—14“.

Eg skal svo að endingu leyfa mér að mæla fastlega með því, að þetta toll-lagafrumv. nái fram að ganga í því formi, sem það hér liggur fyrir.

ATKV.GR.: 1. brt. á þgskj. 370 við 1. gr. sþ. með 10 atkv. gegn 1.

2. brt. á þgskj. 370 við 1. gr sþ. með 9 atkv.

3. brt. á þgskj. 370 við 1. gr. sþ. með 10 atkv.

4. brt. á þgskj. 370 við 1. gr. sþ. með 10 atkv.

5. brt. á þgskj. 370 við 1. gr. sþ. með 9 atkv.

6. brt. á þgskj. 370 við 1. gr. sþ. með 9 atkv.

7. brt. á þgskj. 370 við 1. gr. sþ. með 10 atkv.

8. brt. á þgskj. 370 við 1. gr. sþ. í e. hlj.

9. brt. á þgskj. 370 við 1. gr. sþ. með 10 atkv.

10. brt. á þgskj. 370 við 1. gr. sþ. með 6 : 4 atkv.

11. brt. á þskj. 370 við 1. gr., 15. tölul., sþ. í e. hlj.

11. brt.á þskj. 370 við 1. gr., 16. tölul., sþ. í e. hlj.

11. brt. á þskj. 370 við 1.gr., 17. tölul., sþ. í e. hlj.

1. gr. frv. breytt sþ. með 10 atkv.
2. gr. frv. sþ. í e. hlj.
3. — — — - —
4. — — — - —
5. — — — - —
6. — — — - —
7. — — — - —
8. — — — - —
9. — — — - —
10. — — — - —
11. — — — - —
12. — — — - —
13. — — — - —
14. — — — - —
15. — — — - —
16. — — — - —

Fyrirsögnin sþ. í e. hlj.
Frumv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Þriðja umr., 14. ágúst (C. 597, 594, 595)

Landshöfðingi: Eg hefi leyft mér að koma fram með eina litla breyt.till. (433) við frv. Eins og menn sjá, fer hún ekki fram á annað en það, að í stað þess, að tollurinn af vindlum og vindlingum sé reiknaður eftir hundruðum, sé hann reiknaður eftir pundum, af því að það kemur ekki réttlátlega niður, að tollurinn sé tekinn eftir hundruðum. Vindlar eru misjafnir að stærð og sumir svo litlir, að þeir eru lítið stærri en vindlingar eða cigarettur, svo að það er ósanngjarnt að taka sama toll af þeim, sem af stórum vindlum. Eg skal líka geta þess, að það hefir komið til tals meðal kaupmanna, að flytja inn langa vindla, er væru svo undnir, að þá mætti skera í tvent, og mætti þannig komast undan að borga helming tollsins.

Hvað tekjur landssjóðs snertir, mun breyt.till. hafa lítil áhrif; þó verður hún heldur til þess, að auka þær en hitt. Það er áreiðanlegt, að af almennum meðalvindlum vegur þúsundið 11—12 pund, þegar kassinn og umbúðir eru dregnar frá. Í stað þess að eftir núgildandi tollögum er borgað í toll af 1000 vindlum 20 kr., þá mundi tollurinn nema 22—24 kr, ef hann væri reiknaður eftir pundum, eins og farið fram á í breyt.till. minni. Tollurinn mundi því fremur hækka en lækka, þegar um vindla er að ræða.

Aftur mundi hann lækka, er um vindlinga er að ræða, þó að það hafi mjög litla þýðing, því að eftir þeim tolli, sem hvílir á þeim nú, mun varla koma til tals, að þeir séu fluttir til landsins, heldur borgar sig betur að kaupa tóbak og pappír og búa þá til sjálfur. Það er ekki rétt að leggja svo afarháan toll á einstakar vörutegundir, að hann verði sama, sem innflutningsbann.

Erlendis er það siður að tolla alt slíkt eftir þyngd, en ekki eftir tölu. Á tollskránum er vanalega tekið fram, hver brútto- og notto-þyngd sé á hverri sendingu. Tollstjórnin í Danmörku er vön að reikna tollinn eftir þunga, og þegar það kemur fyrir þar, að „Toldgodtgörelse" eða tollendurgjald á að greiðast af vindlum, sem hingað eru sendir, þá er það gert eftir þunga, en ekki eftir tölu, svo að frá þeirri hlið mundi þessi breyting, sem hér er farið fram á, ekki valda neinum erfiðleikum.

Eg vil því mæla með því, að þessi breyting verði samþykt, þar sem hún er bæði sanngjörn og réttlát og mun ekki valda neinum erfiðleikum.

Kristján Jónsson: Eg hef ásamt 2 öðrum h. þingdm. komið fram með breyt.till. á þgskj. 434 um að breyta tollupphæðinni í 5. tölul. 1. gr. úr 55 aur. í 60 aur. Hér er um dýr, áfeng vín að ræða, svo sem Sherry og Portvín o. fl., og virðist oss tollurinn of lágt settur 55 aura. og svo var það álit vort, að ekki ætti að tolla þessi dýru áfengu vín minna, en aðra áfenga drykki á borð við þau, sem sé kognak, romm, arrak og whisky með almennum 80 styrkleika. Vér álítum rétt, að portvín, sherry og önnur dýr áfeng

vínföng bæru sama toll og kognak, whisky o. s. frv. með þessum styrkleika. Vitaskuld hefir þessi tollhækkun ekki mikla þýðing sem tekju-auki, en heldur er hún þó til að auka tekjur landssjóðs, og mun ekki koma í veg fyrir framgang frv. í heild sinni. Svo skal eg bæta við því að upphæðin 60 aurar er hreinlegri og aðgengilegri í reikningslegu tilliti en 55 aur. — Vona eg því, að breyt.till. verði samþykt.

Framsögumaður (Julius Havsteen): Hvað breyt.till. hæstv. landsh. snertir, þá hef eg borið hana undir nefndina, og er hún henni ekki mótfallin, ef tollheimtan yrði ekki við það erfiðari, og vindlar og vindlingar tilgreinast í pundatali á tollskrám. Hvað snertir breyt.till. (434), þá er nefndin henni heldur ekki mótfallin. Verði breyt.till. landsh. samþykt, þarf að breyta 2. málslið 6. gr. þannig, að þar standi tölul. 8—14, og vænti eg, að megi gera það á skrifstofunni, um leið og frv. er búið undir prentun.

A. V. Tulinius: Hvað snertir breyt.till. (434), að tollupphæðinni sé breytt úr 55 aur. í 60 aura, þá vil eg mæla með þeirri breyting, svo að tollurinn verði hinn sami af þeim vínföngum, er þar ræðir um, sem af kognak og whisky og öðru áfengi, er nefnd er í 3. tölul. 1. gr. — Whisky mun ætíð vera yfir 8° að styrkleika, svo að af því ætti að greiða 90 aura af hverjum potti, og þá má tollurinn af portvíni og sherry ekki vera minni en 60 aurar.

Framsögumaður (Julius Havsteen:) Í 1. málslið 6. gr. stendur: „Í tollskrám skipa og vöruskrám skal tilgreina styrkleik vínfanga þeirra, sem talin eru í 2. og 3. tölul. 1. gr., nema vínföngin flytjist í flöskum, er taki 3 pela eða minna“. Það er því ávalt gengið út frá því, að þegar vínföng flytjast í 3 pela flöskum eða minni, þá sé styrkleikurinn talin 8°, og mun þetta ávalt eiga sér stað um whisky. Það er aftur á mót romm, sem ekki er flutt á flöskum heldur á tunnum, sem gert er ráð fyrir að hafi meiri styrkleika; þó að whisky ef til vill stundum nái meir en 8° styrkleika, sem eg efast um, þá sætir það ekki frekari eftirliti.

Hallgrímur Sveinsson: Það er fullkomlega rétt, eins og hæstv. landsh. tók fram, að það gæti komið ójafnt niður, að vindlar séu tollaðir eftir tölu, en ekki eftir þyngd, því að hundrað og hundrað getur verið ærið misjafnt eftir stærð vindlanna. En mér kemur til hugar, hvort breyting hans gæti ekki haft nokkra erfiðleika í för með sér, hvað tollgreiðsluna snertir, þegar vindlarnir kæmu frá öðrum löndum en Danmörku. Menn eru, að eg hygg, farnir að flytja æðimikið af vindlum frá Hollandi og Þýzkalandi beina leið, en þegar svo er, þá er óvíst, hvort ákvæðin í tollskránum, sem meta ætti eftir þunga vörunnar, yrðu svo greinileg, að þetta breytta fyrirkomulag yrði hentugt í framkvæmdinni. Það væri vert að athuga, hvort aðflutningar af þessari vörutegund frá öðrum löndum en Danmörku gætu ekki orðið því valdandi, að erfiðleikar yrðu á framkvæmd þessara nýju ákvæða.

ATKV.GR.: Breyt.till. á þskj. (434) sþ. með 9 shlj. atkv. — Br.till. (433) sþ. í e. hlj.

Frv. með áorðnum breyt. sþ. með 10 shlj. atkv. og endursent forseta Nd.

Tékk-ávisanir.

FRUMVARP til laga um tékk-ávísanir; (borið upp sem frv. til laga um checka og aðrar ávísanir, er borga á við sýning); 1. umr., 3. júlí (C. bls. 101).

Kristján Jónsson: Mér virðist fljótt á að líta, að frv. þetta gefi tilefni til athugunar í nefnd. Eg sé þegar í titlinum eitt stutt einsatkvæðisorð, nfl. orðið check, sem er svo óíslenzkulegt og ósamkvæmilegt við íslenzkan ritháttt, að þó ekki væri annað að athuga en það eitt, virðist vera

nægileg ástæða til að stinga upp á, að nefnd verði sett í málið.

Eg mun því leyfa mér að stinga upp á því, að nefnd sé skipuð í málið, þegar búið er að ræða það, ef einhverjir kunna að óska nú þegar að gera það. — Með því að enginn tekur til máls, leyfi eg mér að stinga upp á 3 manna nefnd.

ATKV.GR.: Nefnd sþ. í e. hlj.

Kosning hlutu:

Krisján Jónsson með 8 atkv.
Eirikur Briem með 8 atkv.
Axel Tulinius með 7 atkv.

1. umr. málsins frestað.

Framh. 1. umr., 13. júlí. (C. bls. 101, 233).

Framsögumaður (Kristján Jónsson): Eg get ímyndað mér, að mörgum muni verða á að spyrja, hvað meint sé með orðinu „check", og virðist mér því fyrst liggja fyrir að skýra, hvað liggur í því. — „Check" eða „check-ávísun er ávísun, sem borga á við sýning, sem hefir víxilrétt að ýmsu leyti eða sömu aðalréttindi, sem víxlar hafa, t. d. sérstaklega „regresrétt" þ. e.: fullnusturétt gagnvart útgefanda og framseljendum. Lög um „check„-ávísanir, sem upphaflega munu vera komnar upp í Englandi, voru gefin út í Danmörku 23. apríl 1897, og sams konar lög hafa verið gefin út í Svíaríki og Noregi. Þess vegna hefir lands-stjórnin farið fram á það, að sams konar lög væru innleidd hér á landi, svo að löggjöf vor væri í þessu efni í samræmi við löggjöf nágrannalandanna.

Nefndin hefir tekið það fram í athugasemdum sínum í nefndarálitinu um frv., að í raun og veru væri ekki mjög mikið varið í frv. sem réttarbót, því að sama markmiði megi ná með því að nota víxla, sem greiðast eiga við sýning. Nefndin hefir samt getað fallist á það, að innleidd yrðu hér lög um „check-ávísanir, áþekk hinum dönsku lögum um sama efni, af þeirri ástæðu, að þær eru alment tíðkaðar í nágrannalöndunum, og mikið þykir mæla með því að gera viðskiftalöggjöf landanna svo samræmilega, sem unt er, þegar ekki getur verið neinn bagi að því um leið. Þess vegna hefir nefndin getað fallist á tillögur stjórnarinnar um að lög í þessa átt yrðu gjörð gildandi hér á landi, og leggur það til, að frv. verði samþykt í öllum aðalatriðum. Um málefnið alment þarf ekki að fara mörgum orðum, því að það er ýtarlega rætt í ástæðum stjórnarinnar fyrir frv. hennar, þó að skýring hennar sé ekki alls staðar sem glegst. En eg skal minnast á helztu efnisbreytingar, sem nefndin hefir stungið upp á, og hygg eg, að það komi h. þingdm. betur, að það sé gert nú þegar, þar sem frv. er fremur óaðgengilegt.

Fyrsta efnisbreytingin er við 1. gr., þar sem tilgreint er, hvað útheimtist til þess, að ávísun geti heitið „check"; þar stingur nefndin upp á, að bætt sé við ákvæði um, að í ávisuninni sé staðurinn og tilgreindur, þar sem hún er gefin út, svo að ekki sé að eins tilgreindur dagurinn einn, og er þetta í samræmi við víxillögin, þar sem bæði er heimtuð staðsetning og dagsetning víxils. Í sambandi við þessa breyting stendur önnur breyt.till. að því er efnið snertir, nfl. sú, að lagt er til, að úr 10. gr. falli burt málsgreinin: „Ef þess er eigi getið . . . á greiðslustaðnum", því að henni verður þá ofaukið, ef staðsetning skal tekin upp í texta „check-ávísunar. —

Þá hefir nefndin lagt til, að aftan við 13. gr. frv. sé bætt ákvæði í samræmi við 74. gr. víxillaganna nm það, að ef „check" glatast, og stefna hefir verið löglega birt í ógildingarmáli á „check", þá sé útgefandi skyldur að gefa út nýja „check"-ávísun. Það er ekki ástæða til, að aðrar reglur gildi um „check"-ávísanir í þessu efni en um víxla. —

Viðtækasta breyt.till., sem nefndin hefir komið fram með, er sú, að 16. gr. frv.

falli alveg burt. Það verður ekki skilið öðru vísi, en að frv. stjórnarinnar gangi út frá því, að almennar peningaávísanir veiti ávalt fullnusturétt („regres"rétt) gagnvart útgefanda og framseljendum, eins og um víxil væri að ræða. En þetta er að nefndarinnar áliti ekki rétt. Ávísun, sem borga á við sýning, gefur ávísunar-eiganda ekki neinn fyllri rétt gegn útgefanda en þann, sem hann hafði gegn honum eftir sambandi þeirra og viðskiftum án tillits til ávísunarinnar. Það getur verið, að útgefandinn hafi lofað að borga eiganda ávísunarinnar fé og skuldbundið sig til þess, en það er þá það loforð, sem er grundvöllur skuldbindingar hans, en ekki ávísunarblaðið sjálft út af fyrir sig. Ávísunin út af fyrir sig þarf ekki að innihalda neina skuldbinding af hálfu útgefanda til móttökumanns; hún er aðallega að eins beiðni um að borga peninga, stíluð til þriðja manns. Þetta mun ekki vera misskilningur hjá nefndinni, að þannig sé þessu varið, og því hefir hún lagt til, að 16. gr. frv. falli alveg burt, með því að hún sé eigi á réttum rökum bygð, og komi í bága við gildandi lög, sem eigi er ætlast til að breytt sé.

Nefndinni þótti orðfærið á frv. ekki sem bezt og því hefir hún komið með æðimargar breytingar, sem nánar verður rætt um við 2. umr. Eg skal að eins taka hér fram, að nefndin var í vandræðum með titil laganna eða nafnið í titlinum. Orðið „check", sem er enskt, er harla óíslenzkulegt og ekki tiltök á að halda því, en æskilegt væri að finna sem líkasta orðmynd, er eigi væri mjög óíslenzkuleg, og þóttist nefndin fara sem næst því, með því að kalla ávísunina „tékk" eða „tékk"-ávísun og eftir því, sem kunnugir menn segja, er þá komist næst þeim framburði, sem orðið hefir í ensku, aðalverzlunarmáli heimsins. Því hefir verið skotið að mér, að víxilávísun væri eins heppilegt og má það vel vera, og gæti nefndin íhugað það til 2. umr. — Vil eg svo að eins mæla með, að frv. nái að ganga til 2. umr.

ATKV.GR.: Frv. vísað til 2. um. í e. hlj.

Önnur umr., 16. júlí (C. bls. 101, 233).

Framsögumaður (Kristján Jónsson): Um daginn, þegar þetta mál var hér til fyrstu umræðu, leitaðist eg við að skýra nokkuð efni laganna, svo og aðalefnisbreytingar þær, sem nefndin hefir stungið upp á við frv.; sérílagi leitaðist eg við að gera ljóst, hvað tékk-ávísanir séu, og hvað útheimtist til þess, að ávísanir séu kallaðar því nafni, og vil eg ekki taka þær athugasemdir upp aftur nú, en að eins minnast á þær breyt.till. nefndarinnar við stjórnarfrv., sem fela í sér efnisbreytingar; orðabreytingarnar ætla eg ekki að fara mörgum orðum um, því að flestar þeirra eru full-ljósar og þurfa eigi skýringar við, og margar koma þær fyrir upp aftur og aftur, svo að eigi þarf að greiða atkvæði um þær nema í fyrsta sinni, er þær koma fyrir. Fyrsta efnisbreyting nefndarinnar er við 1. gr. frv., þar sem nefndin leggur til, að í tékk-ávísun skuli eigi að eins tilgreina dag þann, er hún er gefin út, heldur líka staðinn, þar sem hún er út gefin, og er það í samræmi við víxillögin; í 1. gr. víxillaganna er sem sé ákvæði um, að tilgreina skuli í víxlinum, hvar og hvenær hann sé útgefinn, og er það meðal annars skilyrði fyrir, að hann hafi víxilrétt; þessi sömu ákvæði um dag- og staðsetningu vildi nefndin einnig láta gilda fyrir tékk-ávísanir. Önnur breytingartillaga nefndarinnar er við 10. gr. frv., nfl. að málsgreinin: „Ef þess er eigi getið . . . . á afgreiðslustaðnum", falli burt, og er það bein afleiðing af ný-nefndri breytingu nefndarinnar á 1. gr.: þessi klausa í 10. gr. yrði röng og henni væri of aukið, ef breytingartillagan við 1. gr. verður samþykt. Þá er breyt.till við 13. gr., þar sem nefndin hefir lagt til. að bætt sé við

ákvæði í samræmi við 74. gr. víxillaganna um það, að ef tékk-ávísun glatast og stefnt er til ógildingardóms á tékk-ávísun á löglegan hátt, þá sé útgefandi skyldur að gefa út nýja ávísun. Þetta er einnig samhljóða ákvæðum víxil-laganna á tilvitnuðum stað, og þótti nefndinni eigi ástæða til að setja aðrar reglur fyrir tékk-ávísanir en víxla í þessu tilliti. Loks er 4 breyt.till. nefndarinnar við 16. gr. og er hún viðtækust, þar sem nefndin leggur það til, að grein þessi falli burt. Eg mintist á þessa breyt.till. um daginn, og skal nú að eins geta þess, að nefndinni virtist þessi grein frv. ekki verða skilin á annan veg en þann, að hún geri ráð fyrir, að óbreytt sýningarávísun ein út af fyrir sig veiti eftir gildandi lögum fullnusturétt gegn útgefanda og framseljendum, á sama eða líkan hátt og víxlar, en þetta hyggur nefndin að sé ekki rétt, og hafi enga stoð í löggjöf vorri. Ávísun, hvort sem er sýningar-ávísan eða ekki, er að eins beiðni, stiluð til annars manns, um að borga peninga til þriðja manns, og ávísunin út af fyrir sig þarf eigi að innihalda neina skuldbinding fyrir útgefanda til að ábyrgjast greiðsluna, en vel má vera, og oft er svo, að einhverjar aðrar kringumstæður skuldbinda hann til þess. Það er því ekki ávísunarblaðið sjálft út af fyrir sig, sem skapar neina ábyrgðarskuldbinding fyrir útgefanda, heldur verður það að vera viðskiftasambandið milli útgefanda og eiganda ávísunarinnar, ef um slíka skuldbinding annars er að ræða. —

Þetta eru þá þær helztu efnisbreytingar, sem nefndin hefir stungið upp á að gerðar séu við frv. Eins og eg tók fram við fyrstu umræðu, hefir nefndin stungið upp á, að orðmyndin „tékkávísun“ væri notuð um þessa tegund ávísana, þar sem hún liggur næst framburði orðsins á ensku, en þaðan er nafnið komið. Ef einhver af hinum háttv. meðdeildarmönnum getur bent á einhverja betri orðmynd, skal það verða meðtekið með þökkum. Það getur vel verið, að einstöku orðabreytingar hafi fallið úr breytingartillögunum, en það leiðir þá af aðalbreytingunum og breytingum þeim, sem á undan eru komnar, að laga verður frv. einnig að þessu leyti; t. d. eftir 4. lið ætti enn að koma sams konar breyting við 1. gr., eins og er við 2. og 3. lið. Eg skal leyfa mér að skjóta því til hins hæstv. forseta, að þessar breytingar verði gerðar síðar, jafnframt og frv. er leiðrétt og búið til prentunar.

Skal eg svo eigi orðlengja frekar um frv., en vona, að hin háttv. þingd. samþykki breytingartillögurnar og láti það ganga til 3. umræðu.

ATKV.GR:

1. br.till. við 1. gr. á þskj. 66 sþ. með 10 atkv.
2. br.till. við 1. gr. á þskj. 66 sþ. án atkvgr.
3. br.till. við 1. gr. á þskj. 66 sþ. án atkvgr.
4. br.till. við 1. gr. á þskj. 66 sþ. í e. hlj.
5. br.till. við 1. gr. á þskj. 66 sþ. í e. hlj.
6. br.till. við 1. gr. á þskj. 66 sþ. án atkvgr.
7. br.till við 1. gr. á þskj. 66 sþ. í e. hlj.
8. br.till. við 1. gr. á þskj. 66 sþ. í e. hlj.

1. gr. frv. með áorðnum breyt. sþ. með 10 atkv.

Við 2. gr.

9. br.till. á þskj. 66 sþ. í e. hlj.

2. gr. með áorðnum breyt. sþ. með 10 atkv.

10. br.till. á þskj. 66 við 3. gr. sþ. í e. hlj.
11. br.till. á þskj. 66 við 3. gr. sþ. í e. hlj.

3. gr. með áorðnum breyt. sþ. með 10 atkv.

12. br.till. á þskj. 66 við 4. gr. sþ. í e. hlj.
13. br.till. á þskj. 66 við 4 gr. sþ. í e. hlj.

4. gr. með áorðnum breyt. sþ. með 10 atkv.

14. br.till. á þskj. 66 við 5. gr. sþ. í e. hlj.
5. gr. með áorðnum breyt. sþ. með 10. atkv.
15. br.till. á þskj. 66 við 6. gr. sþ. án atkvgr.
16. br.till. á þskj. 66 við 6. gr. sþ. án atkvgr.
17. br.till. á þskj. 66 við 6. gr. sþ. án atkvgr.
18. br.till. á þskj. 66 við 6. gr. sþ. án atkvgr.
19. br.till. á þskj. 66 við 6. gr. sþ. án atkvgr.
6. gr. frv. með áorðnum breyt. sþ. í e. hlj.
Við 7. gr.
20. br.till. á þskj. 66 sþ. án atkv.
21. br.till. á þskj. 66 sþ. án atkv.
22. br.till. á þskj. 66 sþ. án atkv.
23. br.till. á þskj. 66 sþ. í e. hlj.
24. br.till. á þskj. 66 sþ. í e. hlj.
7. gr. frv. með áorðnum breyt. sþ. í e. hlj.
Við 8. gr.
25. br.till. á þskj. 66 sþ. án atkvgr.
26. br.till. á þskj. 66 sþ. í e. hlj.
8. gr. frv. með áorðnum breyt. sþ. í e. hlj.
Við 9. gr.
27. br.till. á þskj. 66 sþ. án atkvgr.
28. br.till. á þskj. 66 sþ. án atkvgr.
29. br.till. á þskj. 66 sþ. án atkvgr.
30. br.till. á þskj. 66 sþ. án atkvgr.
31. br.till. á þskj. 66 sþ. án atkvgr.
32. br.till. á þskj. 66 sþ. án atkvgr.
33 br.till. á þskj. 66 sþ. án atkvgr.
34. br.till. á þskj. 66 sþ. í e. hlj.
9. gr. frv. með áorðnum breyt. sþ. í e. hlj.
Við 10. gr.
35. br.till. á þskj. 66 sþ. í e. hlj.
36. br.till. á þskj. 66 sþ. án atkvgr.
37. br.till. á þskj. 66 sþ. í e. hlj.
38. br.till. á þskj. 66 sþ. án atkvgr.
39. br.till. á þskj. 66 sþ. án atkvgr.
40. br.till. á þskj. 66 sþ. í e. hlj.
41. br.till. á þskj. 66 sþ. án atkvgr.
42. br.till. á þskj. 66 sþ. í e. hlj.
43. br.till. á þskj. 66 sþ. án atkvgr.
44. br.till. á þskj. 66 sþ. án atkvgr.
45. br.till. á þskj. 66 sþ. án atkvgr.
46. br.till. á þskj. 66 sþ. án atkvgr.
47. br.till. á þskj. 66 sþ. án atkvgr.
48. br.till. á þskj. 66 sþ. án atkvgr.
49. br.till. á þskj. 66 sþ. án atkvgr.
50. br.till. á þskj. 66 sþ. án atkvgr.
51. br.till. á þskj. 66 sþ. án atkvgr.
10. gr. með áorðnum breyt. sþ. í e. hlj.
Við 11. gr.
52. br.till. á þskj. 66 sþ. án atkvgr.
53. br.till. á þskj. 66 sþ. án atkvgr.
11. gr. með áorðnum breyt. sþ. í e. hlj.
Við 12. gr.
54. br.till. á þskj. 66 sþ. án atkvgr.
55. br.till. á þskj. 66 sþ. án atkvgr.
56. br.till. á þskj. 66 sþ. án atkvgr.
12. gr. með áorðnum breyt. sþ. í e. hlj.
Við 13. gr.
57. br.till. á þskj. 66 sþ. án atkvgr.
58. br.till. á þskj. 66 sþ. án atkvgr.
59. br.till. á þskj. 66 sþ. án atkvgr.
60. br.till. á þskj. 66 sþ. án atkvgr.
61. br.till. á þskj. 66 sþ. án atkvgr.
62. br.till. á þskj. 66 sþ. í e. hlj.
13. gr. með áorðnum breyt. sþ. í e. hlj.
Við 14. gr.
63. br.till. á þskj. 66 sþ. án atkvgr.
64. br.till. á þskj. 66 sþ. án atkvgr.
65. br.till. á þskj. 66 sþ. án atkvgr.
66. br.till. á þskj. 66 sþ. án atkvgr.
14. gr. með áorðnum breyt. sþ. í e. hlj.
Við 15. gr.
67. br.till. á þskj. 66 sþ. án atkvgr.
68. br.till. á þskj. 66 sþ. án atkvgr.
15. gr. með áorðnum breyt. sþ. í e. hlj.
Við 16. gr.
69. br.till. á þskj. 66 sþ. í e. hlj.

16. gr. frv. þar með fallin.

17. gr., er verður 16. gr., samþ. í e. hlj.

Fyrirsögn frv. eftir uppástungu nefndarinnar sþ. í e. hlj.

Frv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Þriðja umr., 18. júlí (C bls. 275).

Framsögumaður (Kristján Jónsson): Eg álít eigi þörf á að ræða þetta mál frekar en þegar hefir verið gert við 1. og 2. umr. þess. Eg býst við, að frumv. fái að ganga út úr deildinni, samþ. með atkvæðafjölda. Eg vil að eins benda á nokkrar villur, sem slæðst hafa inn í frumv. Það er þá fyrst í 3. gr. Þar stendur: „til útgefanda og framseljanda", en á að vera „framseljenda"; þetta orð á að vera í fleirtölu; það var svo í stjórnarfrumv., og því hefir ekki verið breytt. Í síðari hluta 10. gr. á eftir orðunum „til greiðslustaðarins" hefir fallið úr orðið „þá" og á að vera komma á undan því.: Í 13. gr. hefir fallið úr orðið „stefna" í síðustu málsgrein á eftir orðinu „þegar".

Ef þessar 3 misfellur á frumv. eru leiðréttar samkvæmt atkvæðagreiðslum þeim, sem fram hafa farið, þá hefi eg ekkert frekar við það að athuga, en vil að eins leggja það til, að frumv. verði samþykt.

ATKV.GR.: Frumv. samþ. í e. hlj. og afgreitt til Nd.

Gjafsóknir.

FRUMVBRP til laga um breyting á lögum 12. júlí 1878 um gjafsóknir; 1. umr., 5. ágúst (C bls. 460).

Julius Havsteen: Með frumv. þessu, sem er komið frá Nd., er tekinn réttur af embættismönnum og þeir um leið losaðir við skyldur. Fyrra atriðið er þó víst það, sem aðallega hefir vakað fyrir flutningsmanni frumv.; hann hefir orðið að láta hið síðara fylgja með.

Það var seint á 18. öld, sem það var í lög leitt, að embættismenn skyldu hreinsa sig af ærumeiðandi áburði með dómi, þegar þeim væri það skipað, og var einn mjög merkur og mikilsvirtur embættismaður á þeim tímum, sem var aðalfrumkvöðull þess. Honum var mjög ant um sóma sinn og embættisstéttarinnar; hann var vandur að virðingu sinni, sem og annara embættismanna, en það lítur svo út, sem flytjandi þessa máls í Nd. hafi aðra skoðun í þessu tilliti.

Hin gildandi lög eiga að vernda embættisstéttina fyrir illgirnislegum árásum, sem oft keyra úr hófi fram og ganga stundum svo langt, að segja má, að hlutaðeigandi embættismaður sé lagður í einelti. Þær sömu ástæður, sem voru fyrir hendi, þegar þau lög komu út, sem eg á við, eru enn fyrir hendi, og finst mér því sjálfsagt, að gera embættismönnum það að skyldu, að hrinda af sér slíkum árásum og veita þeim jafnframt fulltingi til þess. Embættismennirnir hafa meiri skyldur en aðrir landsbúar og eiga því heimting á sérstakri vernd í þjóðfélaginu.

Sú hætta, sem þeim er búin, stafar sérstaklega frá blaðamönnum, og er það um blaðamannastéttina að segja, eins og um hverja aðra stétt, að misjafn sauður sé í mörgu fé; við hliðina á miklum ágætismönnum eru í þeirri stétt eigi allfáir, sem ekki eingöngu viðhafa ósæmilegan rithátt og gera þá heldur skaða en gagn með aðfinningum sínum.

Eg er á móti þessu frumv. og vildi óska, að það kæmist ekki lengra. Ef embættismaður er áreittur í blaði, getur hann að vísu höfðað mál á eigin spýtur, en þá er um talsvert fjárframlag að ræða og þó honum eigi að endurgreiðast málskostnaður, þá er það sjaldan, að honum greiðist hann að fullu.

Eg sé því enga ástæðu til að nema þau lög, sem vér nú höfum um gjafsóknir embættismanna, úr gildi; landssjóður hefir heldur ekki orðið fyrir neinum verulegum

kostnaði út af þessum lögum, því oftast hefir mótparturinn orðið að greiða málskostnaðinn.

ATKV.GR.: Frumv. vísað til 2. umr. með 6 : 3 atkv.

Önnur umr.. 7. ágúst.

ATKV.GR.: Frumv. felt með 6 : 5 atkv.

Botnvörpumál I.

FRUMVARP til laga um viðauka við lög 6. apríl 1898 um bann gegn botnvörpuveiðum; 1 umr., 10. ágúst (C bls. 514).

Axel V. Tulinius: Eg skal ekki að þessu sinni fara mörgum orðum um málið. Það hefir verið rætt greinilega og ýtarlega í h. Nd., og eg vona, að það fái einnig góðan byr hjá h. Ed. Við 2. umr. mun eg fara betur inn á einstök atriði frv., en skal að eins taka það fram, að nauðsynlegt væri, að koma einu tilfelli inn í frumv. Það eru ekki nógu víðtæk ákvæðin í frumv. um þá menn, sem hittast í félagi botnverpinga í landhelgi, því að þótt þeir séu ekki beinlínis umborð í skipum þeirra, þá er þeim innanhandar að halda sig í bátum við hliðina á skipunum, þar sem þau fara ekki nema 4 mílur í vagtinni, er þau fiska. Þess vegna er nauðsynlegt, að einnig sé lagt bann við því, að menn haldi sig í bátum við hlið botnvörpuskipa í landhelgi, og mun eg koma með breyt.till. í þá átt við næstu umr. Eg álít ekki nauðsynlegt, að ákvæðin nái til manna, sem hafi mök við botnvörpunga fyrir utan landhelgi, heldur að eins fyrir innan landhelgi, því að til hins fyrnefnda er minni ástæða. Þó er eg ekki á móti því, ef einhverjir skyldu vilja fara í þá átt. En eg skal ekki fjölyrða um málið, sérstaklega þar sem eg ætla mér síðar að bera fram frumv., er miðar að því, að banna botnvörpuveiðar reknar frá Íslandi.

ATKVGR.: Frumv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Önnur umr., 13. ágúst (C bls. 514, 566).

Axel V. Tulinius: Vegna breyt.till minnar stend eg upp, og vil taka fram aftur það, sem eg sagði við 1. umr. málsins, að mér virðist nauðsynlegt, að bæta inn í orðunum „eða á bát við skipshliðina“, því að þar geta menn vel verið, þó að skipið sé að veiðum, því að þá fer það vanalega svo hægt, að engin hætta er að vera á bát við hliðina á því, og er því alls eigi nauðsynlegt, að vera um borð, þótt menn séu að eiga mök vik botnverpinga. Þess vegna fanst mér nauðsynlegt, að gera þessar breytingar, og vona svo að h. deild samþykki þær og lofi svo frumv. að ganga leið sína.

ATKVGR.: 1. gr. frv. samþ. í e. hlj.

1. brtill. við 2. gr. samþ. með 7 samhlj. atkv.

2. brtill. við 2. gr. samþ. með 10 samhlj. atkv.

2. gr. frv. með áorðinni breyt. samþ. með 10 samhlj. atkv.

3. gr. frv. samþ. í e. hlj.

4. gr. frv. samþ. í e. hlj.

Fyrirsögn frv. samþ. í e. hlj.

Frv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Þriðja umr., 15. ágúst (C bls. 677).

ATKVGR.: Frv. samþ. með 10 samhlj. atkv. og afgreitt til Nd.

Botnvörpumál II.

FRUMVARP til laga um breyting á lögum 6. apríl 1898 um bann gegn botnvörpuveiðum; 1. umr., 10. ágúst (C bls. 514).

ATKVGR.: Frumv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Önnur umr., 13. ágúst (C bls, 514).

ATKVGR.: Meginmál frumv. samþ. í e. hlj.

Fyrirsögn frumv. samþ. í e. hlj.

Frumv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Þriðja umr., 15. ágúst (C bls. 514).

ATKVGR.: Frv. samþ. með 10 samhlj. atkv. og afgreitt til landsh. sem lög frá alþingi.

Botnvörpumál III.

FRUMVARP til laga um bann gegn því að reka botnvörpuveiðar frá Íslandi; 1. umr., 13. ágúst (C bls. 566).

Flutningsmaður (Axel V. Tulinius): Eitt geta allir verið samdóma um, að botnvarpa er hið ómannúðlegasta, grimdarlegasta og fyrirlitlegasta veiðarfæri, sem mentaði heimurinn á, uppfundið til að sópa upp auðæfum úr sjónum, líkt eins og þegar skrælingjaher fer rænandi og brennandi yfir land friðsamrar þjóðar, til þess að ná auðæfum þeim, sem geymd eru í hýbýlum hennar. Botnvarpan eyðileggur alt, sem fyrir er, jurtir á sjávarbotninum og allar skepnur, hvort sem þær eru stórar eða smáar og af hvaða kyni sem er. Þegar botnvarpan er dregin yfir miðin, grípur hún alt, sem fyrir er, og þegar hún er hafin upp úr sjónum, er tínt úr henni ef til vill að eins ein einasta fisktegund, en hinu öllu fleygt, sem dauðum skrokkunum út um sjóinn. Það er óhugsanlegt, að siðaðar þjóðir geti kannast við, að botnvarpan sé löglegt eða sómasamlegt veiðarfæri. — Hún borgar sig fyrst framan af þar sem hún hefir ekki verið notuð áður, eins og hér við Ísland, en hún hefir í för með sér, áður en langt um líður, gersamlega eyðilegging fiskimiðanna, svo að enginn fiskur verður eftir né gróður í sjáfarbotninum. Þess vegna ætti með lögum að koma í veg fyrir, að slík veiðarfæri væru notuð. — Í öðru lagi gera botnvörpur einnig skaða undir eins og farið er að brúka þær, með því að stemma stigu fyrir fiskigöngunum. Eg skal nefna dæmi. Á Berufirði, sem hefir verið einhver fiskisælasti fjörðurinn á austfjörðum, hefir alveg tekið fyrir alla veiði, síðan botnvörpungar fóru að plægja sjóinn þar, bæði í Lónsbugt og víðar. Það má hugsa sér, hvernig á því stendur. Fiskigangan truflast og stekkur til hafs, og þegar fiskurinn svo hefir áttað sig, þá leitar hann að landinu aftur og kemur þá upp norðar: kringum Fáskrúðsfjörð t. d., en fer fram hjá Berufirði.

Það er því sannfæring mín, að botnvarpan sé mjög skaðleg og eyðileggi fiskimiðin. Þess vegna ætti rækilega að íhuga þetta mál, sem hér er fram borið, og ef til vill er stórt princip-spursmál. Það er verið að ræða um að banna mönnum, sem reka botnvörpuveiðar frá Íslandi, búsetu hér. Eg vil biðja menn að athuga það nákvæmlega, hvort ekki sé ástæða til, að slík lög næðu fram að ganga, og lofi málinu að ganga sinn gang í gegnum h. deild.

Jónas Jónassen: Eg held, að h. flutnm. (A. V. T.) hafi tekið heldur djúpt í árinni í byrjun ræðu sinnar. Hann ætti að kynna sér, hvað fiskifræðingarnir hafa skrifað um botnvörpuna sem veiðarfæri; hann ætti ekki að búa sér til hugmyndir, bygðar í lausu lofti. Það eru mjög margir nafnkendir fiskifræðingar, sem hafa komist að þeirri niðurstöðu, að fiskiveiðar með botnvörpum geri alls engan skaða. Eg á stóra bók á ensku um það efni, sem eg gæti lánað h. flutnm. Hvernig getur honum dottið í hug, að banna öllum, sem reka veiðar með botnvörpu, búsetu hér á landi? Um fiskigöngur vita menn yfir

höfuð mjög lítið með nokkurri vissu. Menn eru ávalt að rannsaka þær. Einstaka menn eru að búa sér til hugmyndir um þær, en þær standa sjaldan. Dæmið, sem h. flutnm. nefndi um fiskigöngurnar á Berufirði, sýnir ljósast, hvað þær eru óútreiknanlegar. Hann vildi kenna fiskileysið þar botnvörpuveiðum. Eg skal nú segja honum annað dæmi. Eg átti tal við mann af Álftanesinu fyrir 2 árum og hann sagði mér, að menn þar á nesinu fiskuðu ágætlega 3 daga í röð, þar sem botnvörpungar hefðu legið í 3 daga á undan og fylt sig með fiski.

Fjórða daginn sem Álftnesingar voru að veiðum, væri sem að undanförnu bezta veður, en allur fiskur horfinn á þessum sömu stöðvum. Maðurinn sagði við mig, og það væri skynsamlegt, að hefði þá botnvörpungur komið, þá hefðu þeir kent honum um. En hverjum var það nú að kenna, úr því að botnvörpungi varð eigi gefin sök á því? Við vitum það ekki. Það er persónuleg meining h. flutnm., að botnvarpan geri skaða, en Englendingar, sem manna mest stunda þess kyns veiði, hafa komist að þeirri niðurstöðu, að hún geri engan skaða. Sumir segja, að hún sópi öllu burtu og eyðileggi, aðrir, að hún geri gott. Það er okki gott að koma í veg fyrir, að botnvarpan taki unga fiska. Það er eins og með net, að menn fá opt í þau meira og annað en menn vilja hafa.

Eg skil það ekki, hvernig h. flutnm. (A. V. T.) kallar botnvörpuveiðar ekki samboðnar mentuðum þjóðum. Þeir, sem þær reka, vilja reyna að ná sem mestu af fiski, bæði stórum og smáum, en í sjónum eru svo margar þúsundir miljóna af fiski, að það sér ekki högg á vatni, þó að teknar séu miljónir úr sjónum.

Eg get ekki greitt atkvæði með þessu frumv. fyr en sannanir eru komnar fyrir, hver áhrif botnvörpuveiðar hafa á fiskigöngurnar, og þær held eg komi seint.

Flutningsmaður (Axel V. Tulinius): Eg bjóst við, að mótmæli mundu koma fram gegn þessu frumv., en eg skal játa, að eg sannfærðist ekki af ræðu h. þingm., er síðast talaði. Hvað rannsóknir þær snertir, er hann nefndi, þá er mér fullkunnugt um þær. Auðvitað er það í hag botnvörpungum sú skoðun, að botnvarpan sé ekki álitin skaðleg, en eg er „skeptiskur“, hvað þessar rannsóknir Englendinga snertir, því að þær geta verið gerðar eftir óskum botnvörpunga. Þó að rannsóknir hafi farið fram, þá hafa þær enga þýðing enn sem komið er, því að ekki er fengin næg reynsla í þeim efnum, og það hafa botnvörpungar kannast við sjálfir. — Hvað Berufjörð snertir, þá er nú eigi veiði þar, þó að afli sé góður á Fáskrúðsfirði og fjörðuuum i grend, en áður en botnverpingar komu þar til sögunnar, þá var það æfinlega viti þess, að fiskur væri væntanlegur á hina firðina, ef hann gerði vart við sig á Berufirði. En síðan botnvörpungar komu þar, er veiði algerlega horfin.

Eitt getur h. 4. kgk. þm. (J. J.) ekki borið á móti, að það er aldrei gott að fleygja burt 1000 fiskum, en að eins nota 100 af þeim. Það er ekki gott, að ungir fiskar eru dregnir, og ef því er haldið lengi áfram, þá verður lítið um fisk á endanum.

Þar sem menn munu ekki geta í fljótu bragði íhugað þetta mál, þá vil eg leggja til, að þriggja manna nefnd verði sett í málið.

ATKV.GR.: Nefnd samþ. með 6 shlj. atkv. og í hana kosnir:

Axel Tulinius með 9 atkv.
J. Jónassen — 6 —

Þar eð þeir Julius Havsteen og Ólafur Ólafsson hlutu jöfn atkvæði, 4 atkv. hvor, var varpað hlutkesti, og kom upp hlutur Ólafs Ólafssonar.

1. umr. frestað.

Fjárkláðamál.

FRUMVARP til laga um viðauka við og breyting á tilskipun 5. jan. 1866 um fjárkláða og önnur næm fjárveikindi á Íslandi, og tilskipun 4. marz 1871 um viðauka við tilskipun þessa; 1. umr. 5. ágúst (C bls. 454).

Julius Havsteen: Eins og menn muna, var samþykt á alþingi 1899 í h. Ed. frumv. til viðauka við hin gildandi kláðalög, en féll þá í Nd. með jöfnum atkvæðum. En það er ekki efamál, að það er nauðsynlegt að fá breyting á þeim kláðalögum, sem nú gilda. Stjórnin hefir nú lagt frumv. þetta fyrir þingið sem viðauka við og breyting á hinni gildandi kláðalöggjöf vorri. Frumv. þetta hefir nú verið samþ. í Nd., sem hefir yfirleitt fylgt stjórnarfrumv., en þó bætt það að ýmsu leyti. Eg álít, þá er litið er á frumv. þetta, að her sé um mjög mikilsvarðandi réttarbót að ræða, og get eg fyrir mitt leyti algerlega fallist á frumv. þetta eins og það liggur fyrir frá h. Nd. Á hinn bóginn þykist eg vita, að ýmsum hafi ekki gefist slíkt tækifæri til að fylgjast með kláðamálinu, eins og mér, og sé það því eigi eins kunnugt, og get eg því hugsað mér, að þeir vildu hafa nokkurn tíma og tækifæri til að skoða og íhuga frumv., enda er málefni þetta mjög mikilvægt. Það er því full ástæða til, að nefnd væri sett í það. Eg veit nú ekki, hvort heldur ætti að vera þriggja eða fimm manna nefnd, og vildi eg helzt leiða hjá mér að koma með tillögu í þá átt, en láta aðra koma með till. hér að lútandi.

Jónas Jónassen: Mér virðist ekki ástæða til að setja nefnd í þetta mál, því að fyrst og fremst er tíminn naumur, og svo ekki ástæða til að ætla, að nein veruleg bót verði ráðin á frumv., þar sem hinn háttv. ræðumaður, er síðast talaði (J. H.), sagðist algerlega geta fallist á frumv., eins og það kemur frá Nd., en hann er þessu máli manna kunnugastur.

Magnús Andrésson: Eg vil leyfa mér að leggja það til, að þriggja manna nefnd sé kosin í málið.

ATKVGR.: Nefnd samþ. með 9 samhlj. atkv. og í hana kosnir:

Julius Havsteen með 9 atkv.
Magnús Andrésson — 8 —
Guðjón Guðlaugsson — 7 —

1. umr. frestað.

Framh. 1. umr., 13. ágúst (C 454, 592).

Framsögumuður (Julius Havsteen): Um leið og eg byrja framsögu þessa máls, ætla eg að skýra með fáeinum orðum frá afstöðu minni til kláðamálsins. Eg geng út frá því, sem ýmsir aðrir, að ekki sé mögulegt að útrýma fjárkláðanum algerlega, því það er ekki gert, fyr en hinn síðasti kláðamaur er drepinn. Þegar eg því tala um að útrýma fjárkláða, þá er það svo að skilja, að gera svo lítið úr honum, sem unt er. Eg hefi haft þessa skoðun fyrir augum jafnan, er eg hefi gefið út fyrirskipanir mínar viðvíkjandi kláðanum. Eg hefi ekki viljað gera menn leiða á margbrotnum reglum og ekki verið heimtufrekur, þó að fyrirskipunum mínum hafi ekki verið hlýtt til hins ýtrasta, því þegar það hefir komið fyrir, að þeim hefir ekki verið hlýtt, þá hefir það ekki stafað af vondum vilja, heldur hafa ýmsar aðrar kringumstæður verið orsök til þess.

Það hefir gengið þolanlega, að hefta útbreiðslu kláðans í mínum ömtum; menn hafa yfirleitt sýnt góðan vilja til þess að útrýma honum, hafa gert alt, sem þeir gátu. Það eru ekki neinar ýkjar, sem stendur í nefndarálitinu, að almenningur lætur engum haldast uppi til lengdar, að leyna fjárkláða eða sýna annað hirðuleysi í þeim efnum. Hér var fyrir nokkru útbýtt bréfi mínu til landsh. 21. jan. þ. á., þar sem skýrt var frá, hvað kláðanum

liði í Suður- og Vesturömtunum og gangi kláðamálsins þar. Eg gat þess í bréfi þessu að eg hefði gefið út fyrirskipanir um, að fjárskoðanir skyldu fram fara í byrjun apríl, en eins og menn vita, ber mest á kláðanum á vorin. Árangurinn af þeim skoðunum var sá, að það fundust 297 kindur með kláða á hinu svonefnda grunaða svæði. er nær yfir Strandasýslu, Dalasýslu. Austur-Barðastrandasýslu, Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, Mýrasýslu, Borgarfjarðarsýslu, Gullbringu- og Kjósarsýslu og Árnessýslu. Í Árnessýslu fanst engin kind með kláða og í Gullbringu- og Kjósarsýslu að eins 6. Eins og sjá má af þessu. er kláðinn ekki mjög útbreiddur í ömtum mínum. Menn geta reyndar sagt, að skýrslurnar séu ekki áreiðanlegar, en þær sýna samt sem áður, að kláðinn er í rénun.

Þetta frumv., sem hér liggur fyrir, eru flestir ánægðir með, sem eitthvað hafa haft með kláða að sýsla. Nefndin hefir gert fáeinar breytingar á frumv., en eg skal geyma að fara út í einstakar greinar frumv. til 2. umr.

Það er auðsætt, að frumv. hefir í sér fólgnar miklar réttarbætur. Amtmönnum er gefið meira og ótakmarkaðra vald en áður, til að fyrirskipa baðanir. Að öðru leyti vil eg taka það fram, að nú á að veita mönnum baðlyf ókeypis. Enn fremur er amtmanni gefið vald til að skipa eftirlitsmann í hverri sýslu, sýslumanni til aðstoðar. Alt er þetta miklar bætur frá því, sem nú er, og vona eg, að frv. fái að ganga sinn gang gegnum hina h. deild.

ATKVGR.: Frumv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Önnur umr., 15. ágúst (C bls. 454, 592).

Framsögumaður (Julius Havsteen): Eg skal leyfa mér að gera grein fyrir þeim breyt., sem nefndin hefir gert á frumv., eins og það kom frá h. Nd.; þær eru ekki margar, og nefndin hefir yfir höfuð alveg hallast að frumv. Nd. Fyrsta breytingin, sem vér höfum stungið upp á við 2. gr., fer fram á, að amtmanni verði veitt vald til að skipa fleiri en einn eftirlitsmann, og álítum vér það nauðsynlegt í viðlendum sýslum; eg skal nefna t. d. Strandasýslu; þar ætlum vér að eftirlitið væri ofvaxið einum manni. Önnur og þriðja breyt. á þessari sömu gr. stafa af þessum breyt. Svo höfum vér bætt við ákvæði í 4. gr. um kostnað við geymslu og afhending baðlyfja, sem oss þótti vanta í frumv. h. Nd.

Eg skal leyfa mér að geta þess hér, að málvilla hefir slæðst inn í 2. línu þessarar (4.) gr. frumv. Þar stendur orðið „hvívetna“ í staðinn fyrir hvervetna. Það mun eigi þurfa að koma með sérstakar tillögur þessu til leiðréttingar, og mun mega leiðrétta það við „redaktionina“ sem galla á málinu. Svo höfum vér stungið upp á tveim breytingum við 4. gr. og fer hin síðari, sem er helzta breytingin, fram á, að kostnaður sá, er eigi felst í 2. og 4. gr., skuli greiddur af hreppssjóði í staðinn fyrir úr sýslusjóði. Sýslusjóðsgjald í sumum sýslum er nú orðið mjög hátt, og margir sýslusjóðir eru komnir í miklar skuldir, og mikill kostnaður hvílir á þeim; í annan stað héldum vér, að skoðunarmenn mundu eigi gera eins strangar kröfur gagnvart hreppssjóðunum, og á móti sýslusjóði, og mundu jafnvel oft vinna hin hérumræddu skylduverk, án þess að fara fram á nokkra þóknun fyrir það; en ef þessi kostnaður ætti að greiðast úr sýslusjóði, þá mundu þeir gefa reikninga, og mundi það þá verða langtum dýrara; þess vegna höfum vér lagt það til, að kostnaðurinn, sem hér er hafður fyrir augum, sem sé við fjárskoðanir, aðskilnað á sjúku og heilbrigðu fé, og við lækningaráðstafanir, verði greiddur af sveitarsjóðunum. Að öðru leyti höfum

vér ekki gert breytingar á frumv., og leggjum til, að það verði samþykt með þessum breytingum og fái svo að ganga til 3. umr.

Eiríkur Briem: Viðvikjandi síðustu breytingu nefndarinnar, þá er eg í nokkrum vafa um hana. Þar sem háttv. 1. kgk. þm. (J. H) fanst ástæða til að búast við, að skoðunarmenn mundu eigi gefa eins háa reikninga fyrir eftirlit sitt, ef sveitungar þeirra ættu að borga það, en ekki alt héraðið, þá getur það að visu verið rétt; en eg er samt hræddur um, að það í einstökum tilfellum gæti verið töluvert þungt gjald fyrir hvern hrepp, og það sem er meira um vert, þá er eg einnig í vafa um, hvort eigi gæti verið hætt við, að slegið yrði fremur slöku við þessar framkvæmdir, ef þetta gjald ætti að greiðast úr hreppssjóðum.

Eg er þess vegna dálítið hikandi við þessa breyting nefndarinnar.

Framsögumaður (Julius Havsteen): Eg skal gefa þær upplýsingar, að í flestum hreppum taka skoðunarmenn alls ekki neitt fyrir eftirlit sitt. Eftir núgildandi lögum, er kostnaðinum við skoðanir jafnað á fjáreigendur, en greiðist samt víðast hvar úr sveitarsjóðunum; en hér er farið fram á, að gera þessa venju að lögum, en á endanum ætla eg að svo muni fara, að skoðunarmenn taki alls enga borgun fyrir eftirlit sitt, ef kveðið er svo á, að hún skuli greiðast af stéttarbræðrum þeirra eða hreppssjóðunum, og að það mundu verða hreinar undantekningar, ef þeir gerðu það.

Hvað því viðvíkur, að þessi breyting geti haft þau áhrif, að slegið yrði slöku við framkvæmdirnar af hálfa skoðunarmanna, þá held eg ekki, að svo mundi verða, því að þótt þessi kostnaður sé lagður á hreppssjóðina, þá hafa skoðunarmenn fullkominn rétt á að heimta borgun fyrir vinnu sína, og geta altaf fengið reikninga sína úrskurðaða af amtmanni og borgaða af hlutaðeigandi sjóði. Eg get þess vegna ekki betur séð, en að þessi breyting sé heppileg.

Axel V. Tulinius: Eg verð að vera á líkri skoðun og háttv. 6. kgk. þm. (E. B.) að því er borgunina úr hreppssjóði snertir, þegar miðað er við S-Múl.-sýslu, sérstaklega af því, að þar hefir eigi orðið vart við fjárkláða, og þar hagar svo til, að 3 hreppar i sýslunni koma til að bera allan þann kostnað, sem leiðir af þessari breytingu, nfl. Skriðdalshreppur, Vallna- og Eyðahreppur, og væri því heppilegra, að þessi kostnaður væri þar lagður á sýslusjóðina, af því að hann mundi ekki koma jafnt niður á hreppssjóðina. Aftur á móti er eg á sömu skoðun og háttv. 1. kgk. þm. (J. H.) um það, að framkvæmdirnar eigi mundu verða neitt lakari, þótt kostnaðurinn við þær sé lagður á sveitarsjóðina. Eg held sem sé, að skoðunarmenn mundu eigi fremur fyrir það gera það fyrir ekkert, en heimta fulla borgun.

Framsögumaður (Julius Havsteen): Einmitt þá, þegar kláði er ekki nema í einum eða tveimur hreppum, er réttast að leggja þetta kláðagjald á hreppsjóðina, en ekki láta alla sýsluna borga kostnaðinn. Þeir hreppar, sem kláðinn alls ekki er kominn í, hafa venjulega engan kostnað af honum. Eg hefi haft þá æru að hafa mikil afskifti af fjárkláða, og síðan eg kom hingað suður, hefi eg að eins fengið reikninga til úrskurðar frá skoðunarmönnum úr einni sýslu, annars hafa skoðunarekki heimtað neitt fyrir þessi störf að því, er eg frekast veit, svo að eg held að það sé betra fyrir almenning að fylgja þeirri reglu, sem vér höfum sett í þessu efni.

Axel V. Tulinius: En þegar kláðinn er kominn í hreppinn, þá á hann þó að borga þennan kostnað, um það erum við þó báðir á eitt sáttir. En samkvæmt 1. gr. er amtmanni heimilt, að valdbjóða almenna skoðun og böðun sauðfjár í amti

sínu, þótt eigi sé fullsannað, að kláða hafi orðið vart þar. Þeir 3 hreppar, sem eg nefndi áðan, hafa verið rannsakaðir, af því að kláða hefir orðið vart fyrir norðan og vestan Lagarfljót, sökum þess að fé úr þessum hreppum er á afrétti á sömu stöðum, og úr N.-Múl.-sýslu. Ef svo væri skipuð almenn skoðun og böðun á fé úr S.-Múl.-sýslu, þótt kláða væri að eins vart í N.-Múl.-sýslu, þá mundi það koma of hart niður á þessa 3 hreppa þar, og þess vegna er eg á móti þessari breytingu.

ATKV.GR.: 1. gr. frv. sþ. í e. hlj.
1. br.till. á þskj. 428 við 2. gr. sþ. í e. h.
2. — — — — — — — — — —
3. — — — — — — — — — —
2. gr. breytt — — —.
3. gr. frumv. — — —
1. br.till. á þskj. 428 við 4. gr. — — —
2. — — — — — — — m. 6:1 atkv
4. gr. breytt sþ. í e. hlj.
5. — frumv. — — — —
6. — — — — — —
7. — — — — — —
Fyrirsögnin — — — —

Frumv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Þriðja umr., 17. ágúst (C. bls. 649).

Framsögumaður (Juius Havsteen): Hér liggja ekki fyrir neinar breyt.till. við frv. og skal eg því að eins geta þessa, að í upphafi 2. gr. hefir gleymst að setja inn orðin: „eða eftirlitsmenn“, sem samþykt voru hér við 2. umr. samkvæmt tillögum nefndarinnar. Enn fremur hefir enn gleymst að lagfæra villuna í 4. gr.: „hvívetna“, fyrir „hvervetna“, og mætti leiðrétta hvorttveggja, um leið og frumv. væri prentað upp aftur.

ATKV.GR.: Frumv. samþ. í e. hlj. og endursent forseta Nd.

Fátækramál I.

TILLAGA til þingsályktunar um millilþinganefnd í fátækramálum; ein umr., 3. ág. (C, bls. 398).

Kristján Jónsson: Eins og h. þingdeildarmenn mega muna, hefir á undanförnum þingum verið frumvarp fyrir þessari deild snertandi einn eða fleiri mikilsvarðandi kafla í fátækralöggjöfinni. Þannig voru bæði á þinginu 1897 og á þinginu 1899 samþykt frv. í þessari deild snertandi ýmsa kafla í fátækralöggjöfinni, en þegar nefnd frv. komu til Nd., voru þau feld, og í hvorttveggja skiftið varð enginn árangur af starfi því, sem Ed. hafði lagt til þessa máls. Orsökin til þess var sú, að margir litu svo á, að frv. væri að eins einn liður í mikilsvarðandi máli, sem taka ætti til gagngerðrar athugunar. Þó eg nú eigi geti séð, að þessi skoðun Nd. sé rétt eða á gildum rökum bygð, og að vel mætti fara hina leiðina, nfl. að leiða mál þetta til lykta á þinginu með sérstökum lögum um einstaka mikilsverða þætti þess, þá verð eg samt á hinn bóginn að kannast við, að sú skoðun sé orðin föst og rótgróin hjá þjóðinni alment, að þetta sé svo yfirgripsmikið mál, að eigi sé unt að komast yfir það á þinginu. Á síðustu 10 árum hefir það komið betur og betur í ljós, að það er almenn ósk manna, að fátækralöggjöfin verði tekin til gagngerðrar íhugunar, rannsóknar og endurskoðunar. Það getur að vísu verið, að eigi sé þörf á að gera það á þann hátt, sem hér er farið fram á, en þegar betur er að gætt, mun samt verða töluverð ástæða til þess, því að reglugerð um fátækramálefni frá 8. jan. 1834 er orðin um 70 ára gömul, og það er um lög, eins og um föt, ef eg má komast svo að orði, að menn vaxa frá þeim, lögin slitna á þjóðinni, eins og fötin á mönnunum. Það er eigi ósennilegt að þau lög, sem gefin voru fyrir 70 árum síðan eigi að ýmsu leyti ekki vel við

landshagi nú, þegar þess er gætt, að atvinnuvegir landsins hafa breyzt á ýmsan hátt, nýir flokkar atvinnurekenda skapast, sem menn eigi hafa áður þekt, búnaðarhættir breyzt, nýir verzlunarstaðir risið upp, kaupstaðirnir eflst, sjávarútvegur aukist og rekstur hans umbreyzt mjög o. s. frv. Af þessu leiðir, að nú getur verið orðin þörf á því, að aðallöggjöf fátækramálanna verði tekin til endurskoðunar, og þegar svo litið er til þess, að þingið hefir að undanförnu á þeim tveggja mánaða tíma, sem það stendur yfir, eigi treyst sér til eða viljað sjálft endurskoða fátækralögin og semja ný lög um þessi mál, þá er eigi annar vegur en sá, sem þessi tillaga fer fram á, nfl. að skipuð sé milliþinganefnd til að meðhöndla málið alt.

Eg hef sagt þetta í því skyni, að tillögu þessari verði eigi hrundið, og eftir því sem eg hefi komist eftir, þá mun það vera álit h. þingd., að rétt sé að samþykkja hana, með því að eigi sé neitt verulega athugavert við hana, en eg vildi um leið minna h. þingd.menn á, að um daginn var frv. eitt um líkt efni sett í nefnd hér í deildinni einmitt með tilliti til þess, að menn bjuggust við, að þessi tillaga yrði sett í nefnd; þess vegna virðist mér rétt, að nefnd sé sett um tillöguna, en það þarf eigi að vera sérstök nefnd, því að henni má vísa til nefndar þeirrar, sem sett var um daginn til þess að athuga frv. til laga um breyting á ýmsum atriðum, er snerta sveitarsjóði og sýslusjóði, og sem þá lá fyrir þessari deild. Eg vil eigi stinga upp á því nú þegar að vísa till. til þessarar nefndar, ef einhverjir aðrir þingd.menn vilja taka til máls.

ATKV.HR.: Samþ í e. hlj. að vísa till. til áður greindrar nefndar.

Framhald einnar umr.; 8. ágúst, (C, bls. 398, 511).

Framsögumaður (Julius Havsteen): Þessi framsaga þarf eigi að vera löng; það hefir verið gerð ýtarleg grein fyrir því í nefndarálitinu, hver afstaða nefndarinnar er í þessu máli; hún hefir getað fallist á tillögur h. Nd. Aðalatriði tillögunnar er endurskoðun fátækralöggjafarinnar í reglugerð 8. jan. 1834 og þeirra laga, er standa í sambandi við hana.

Eg þarf eigi hér að útlista kosti eða bresti þessara laga, en þótt kostirnir séu að minsta kosti að minni hyggju yfirgnæfandi, þá er víst samt ástæða til að endurskoða lögin vegna þess, að þau geta eigi í öllum greinum átt við kringumstæður manna yfirleitt, eins og þær nú eru, en nú eru því nær 70 ár liðin frá því fátækrareglugerðin 8. jan. 1834 kom út. Hitt aðalatriði tillögunnar er endurskoðun á sveitarstjórnarlöggjöfinni, og er það verk auðveldara en hitt; það er að eins fólgið í því, að draga saman í eitt þau lög, sem gefin hafa verið út eftir og í sambandi við tilskipun 4. mai 1872, með þeim breytingum, sem nauðsynlegar þykja. Í sambandi við þetta skal eg leyfa mér að taka það fram, eins og getið er um í nefndarálitinu, að h. flutn.maður frv. til laga um breyting á ýmsum atriðum, sem snerta sveitarsjóði og sýslusjóði, er nefndin hefir einnig fengið til meðferðar, ætlar að taka frv. sitt aftur í von um að tillit verði tekið til þess, þegar milliþinganefndin kemur saman og fer að semja ný sveitarstjórnarlög. Um hin önnur atriði tillögunnar skal eg eigi fjölyrða. Það er ómögulegt að segja, hvaða stefnu nefndin í því tilliti muni fylgja.

Ólafur Ólafsson tók aftur frv. sitt um breyt. á ýmsum atriðum, sem snerta sveitarsjóði og sýslusjóði.

Forseti gat þess, að ef enginn vildi taka frv. að sér, þá væri það þar með burtfallið.

ATKV.GR.:

1. stafl. tillögunnar sþ. í e. hlj.

2. stafl. tillögunnar sþ. í e. hlj.
Fyrirsögnin — · – —
Afgr. til landshöfðingja.

Fátækramál II.

FRUMVARP til laga um niðurfærslu á gjaldi til fátækra af fiskiafla á helgum dögum; 1. umr., 19. ágúst (C. bls. 665).

Frv. felt frá 2. umr. með 5: 4 atkv., að viðhöfðu nafnakalli, sakir óglöggrar atkv.gr., og sögðu

Já:

Axel V. Tulinius,
Julius Havsteen,
Kristján Jónsson,
Magnús Andrésson.

Nei:

Sigurður Jensson,
Eiríkur Briem,
Guðjón Guðlaugsson,
Guttormur Vigfússon,
Jónas Jónassen.

Fátækramál III.

TILLAGA til þingsál. um að sjá farborða ómögum sjódruknaðra manna ein umr., 22. júlí (C. bls. 289).

Flutningsmaður (Sigurður Jensson): Eg hef leyft mér að koma fram með þessa tillögu, af því að eg þykist hafa hugsað nokkuð um þetta mál og er á þeirri skoðun, að þingið eigi að gera eitthvað, til að sjá eftirleiðis borgið ekkjum, börnum og öðrum eftirlifandi ómögum þeirra manna, sem í sjó drukna. Það koma hér oft og iðulega fyrir stórkostleg slys og mannskaðar, og í hvert skifti, sem slíkt ber að höndum, er það hópur af konum og börnum, sem lenda í örbirgð og bágindum svo miklum, að sveitarsjóðirnir einir geta ekki bætt úr þörfum manna. Þess vegna er það, að ýmsir góðir menn annars staðar verða til þess að rétta hjálparhönd og viðurkenna með því, að bágindi þessi við koma fleirum en þeim einum, sem næstir standa. Eg vona, að sú skoðun sé meir og meir að ryðja sér til rúms, að þingið eigi að gera eitthvað, til þess að draga úr hinum sorglegu afleiðingum af þessum slysum, og um daginn varð fyrir mér skýrsla frá þingmálafundi, þar sem skorað var á alþingi að hlutast til um, að eitthvað verði gert í þessa átt. Á fyrri þingum hef eg átt tal um þetta við nokkra þingmenn, en eiginlega ekki fundið, að þeir væru þessu máli mjög meðmæltir; þeir, sem eg hef talað við, hafa álitið, að þingið gæti ekki gert neitt í þessu efni. Þeir hafa talið bezta ráðið og eina ráðið að hvetja sjómenn til að nota útlend lífsábyrgðafélög, sem hægt er að eiga skifti við hér á landi. Eg álít þetta að vísu mjög gott ráð, að eins, að það tækist að fá sjómenn til þess, að tryggja líf sitt á þennan hátt En eg hef nokkra reynslu fyrir mér í því, efni, því að eg hef reynt til þess að hvetja sjómenn í minni sveit til að kaupa sér lífsábyrgð og einnig liðsint nokkrum í því, en það eru alt of fáir, sem þykjast hafa efni á að tryggja líf sitt. Þar að auk er þessum útlendu lífsábyrgðafélögum ekki meir en svo um það gefið, að taka íslenzka sjómenn í lífsábyrgð. Það félagið, sem er ódýrast og í alla staði bezt við að eiga og stendur oss Íslendingum næst, lífsábyrgðarstofnunin danska frá 1871, gerir held eg lítið til að ná útbreiðslu hér á landi. Eg hef að minsta kosti þekt nokkur dæmi þess að menn hafa hætt við að kaupa sér lífsábyrgð. af því að þeir hafa ekki getað náð í hin nauðsynlegu eyðublöð og skjöl, sem til þess þurfa, hjá þeim, er helzt ættu að hafa þau, héraðslæknunum; þetta getur hafa verið tilviljun, en það er ýmislegt fleira, sem sýnist benda á, að þessu félagi sé ekki um það hugað, að ná útbreiðslu hér á landi. Annað lífsábyrgðarfélag er hér talsvert útbreitt,

„Star". en það er miklu dýrara en hitt félagið, og eg hef nýlega heyrt sagt, að það hafi hækkað iðgjöld einmitt fyrir íslenzka sjómenn, og kvað það hafa gert það af því, að druknanir sjómanna eru svo tíðar hér á landi. Það er því alt útlit fyrir, að það verði sjómönnum óhægra nú hér eftir að tryggja líf sitt, og verður það auðvitað til þess að enn færri gera það en áður, og hingað til hafa þó altof fáir gert það. Eins og eg sagði áðan, vona eg, að sú skoðun sé að ryðja sér til rúms, að þingið eigi að taka þetta mál að sér. — Hættan verður ávalt meiri og meiri, því fleiri sem stunda sjávarútveginn, og þeim fjölgar nú ár frá ári. Ef svo er, að útlendu lífsábyrgðarfélögin draga sig í hlé, þá er ástæða til að hugsa um, hvort ekki væri þá hægt að stofna innlent félag, sem gæti veitt trygging gagnvart þannig löguðum slysum. Það er ekki tilætlun mín að segja, að nefnd sú, sem gera má ráð fyrir að sett verði í þessu máli, eigi að komast einmitt að þessari niðurstöðu. Hún gæti auðvitað fundið einhver önnur betri ráð. En ef svo skyldi verða, að sú yrði niðurstaðan, að lagt væri til, að stofnað yrði innlent lífsábyrgðarfélag með nokkrum styrk úr landssjóði, þá væri langt frá því, að því fé væri illa varið, sem lagt yrði til slíkrar stofnunar. Stjórnarskráin mælir svo fyrir, að þeir, sem ekki geti séð fyrir sér og sínum, hafi rétt til að fá styrk úr opinberum sjóði. Eg veit, að þetta er skilið svo, að það sé úr sveitarsjóðunum, sem þennan styrk skuli veita, en það er nú einmitt svo, þegar stórkostleg slys ber að höndum, þá geta sveitarsjóðirnir ekki einir hjálpað. Hvað er þá eðlilegra en, að styrkur sé veittur úr öðrum almennum sjóði?

Sumir segja, að ekki sé meiri ástæða til að veita styrk ekkjum og ómögum eftir þá, er í sjó drukna, fremur en öðrum, er líkt geti verið ástatt fyrir. Ekkjur og aðrir, sem hafa mist forsorgara sína á einhvern annan hátt, t. d. á sóttarsæng, séu oft alveg eins illa staddar og styrks þurfandi. Eg skal við það kannast, að svo getur verið, og teldi það eðlilega æskilegast, ef hægt væri, að allir, sem hjálpar þyrftu, yrðu hennar aðnjótandi. En eg verð þó að segja, að það er alveg sama, hvernig á stendur. Þeir, sem í sjó drukna, eru hér um bil einlægt velvinnandi menn, menn á bezta aldursskeiði, og þess vegna verður missir þeirra þeim sem eftir þá lifa, svo til tilfinnanlegur. Þeir láta oftast nær eftir sig ungbörn ósjálfbjarga eða aldurhnigna foreldra. Þar að auk er það svo, þegar þessi slys verða, þá drukna margir í einu, frá sama heimilinu og nærliggjandi heimilum, stundum fjöldi manna úr sama sveitarfél. Við það verður auðvitað hagur þeirra, sem eftir lifa, enn bágbornari en annars. Það er þá ekki að hugsa til neins styrks frá nágrönnunum, því að hver á þá nóg með sig og getur ekki sint annara þörfum, og sveitarfélagið missir líka máttinn til að hjálpa, eins og þyrfti. Sveitarfélögum hefir sumum svo stórkostlega hnignað við þess háttar slys, að þau hafa verið langan tíma að ná sér aftur, og sum hafa jafnvel aldrei rétt við aftur. Í fyrra bar að höndum stórslys fyrir vestan í Selárdalnum; á einum degi fóru í sjóinn nálega allir verkfærir menn úr dalnum, 16—17 manns af 90 mönnum, er þar bjuggu. Menn geta hugsað sér kringumstæðurnar þar, hvaða eymd hefir verið á þessum heimilum, sem öll á sama tíma misstu fyrirvinnur sínar og forsorgara og yfir höfuð alt, sem líf þeirra var bygt á. Eins og oftar, þegar líkt kemur fyrir, var efnt til samskota bæði í næstu sveitum og eins kom nokkur hjálp héðan úr Reykjavík. En sú hjálp verður auðvitað ekki til frambúðar, þó að hún komi í góðar þarfir fyrst um sinn, og það má nærri geta, hvílík framtíð liggur fyrir ekkjum, börnum og gamalmennum, sem ekkert athvarf hafa annað að leita til en sveitar-

sjóðanna. Það er ekki svo að skilja, að eg geri lítið úr fríviljugri hjálp, sem oft er látin, af hendi með mikilli rausn; eg vona líka að hún haldi áfram að hjálpa og líkna, þó eitthvað yrði meira gert, til að bæta upp það. sem hún ekki nær til.

Eg hefi leyft mér af framangreindum ástæðum að bera fram tillögu mína, sem eg vona að verði vel tekið, þó að eg geti ekki nú þegar beint látið uppi hvern veg eigi að fara í þessu máli. Eg þykist nokkuð hafa hugsað um málið, og einmitt af því, þá dylst mér ekki, að það er mikið vandamál, og meira vandamál en svo, að hægt sé að framkvæma það fyrsta bezta ráð, sem manni dettur í hug; málið þarf ýtarlegan undirbúning og þó sá undirbúningur, sem það fær í þeirri nefnd, sem eg legg til að skipuð verði, verði að eins fyrsta sporið á langri leið, þá vona eg þó, að málið með tímanum fái góðan framgang. Eg vona, að ekki verði hætt við þetta mál fyr en þingið gerir einhverjar þær ráðstafanir, er hafa heillavænlegar og farsællegar afleiðingar fyrir land og lýð.

Skal eg svo fela málið h. deild, og vænti eg þess, að hún taki því þó svo vel, að hún skipi þessa nefnd, scm talað er um í tillögunni.

Jónas Jónassen: Vér getum allir verið samhuga um, að það eru æfinlega vandræði, þegar menn drukkna frá konum og börnum, en það ráð, sem h. þm. Barðstr. benti á, til þess að ráða bót á þeim, nfl. að fá sjómenn til að tryggja líf sitt, lízt mér ekki á, því að þau gjöld, sem því eru samfara, eru fátækum sjómönnum vanalega of þungbær. Að því er íslenzka fiskimenn snertir, þá get eg gefið þær upplýsingar, að það lífsábyrgðarfélag, sem eg er fyrir, tekur ekki sjómenn, sem fiska á opnum bátum, nema með hækkuðu iðgjaldi, af því að reynslan sýnir, að þeir drukna oft á þessum skeljum, til mikils tjóns fyrir landsmenn. Ef sjómenn vilja ganga í lífsábyrgð í ríkisfélaginu, verða þeir að skýra frá, hvort þeir fiski á opnum bátum eða þilskipum; ef þeir fiska á þilskipum, er iðgjaldið ekki hækkað, en ef þeir fiska á opnum bátum, eru þeir ekki teknir í félagið, nema með auknu iðgjaldi, sem oft verður of hátt fyrir þá, svo að þeir verða að hætta eftir 2—3 ár, af því að þeir geta ekki borgað það. Eg held því, að það sé bezt að hafa það eins og áður, að nota hjálp annara góðgjarnra manna, sem hafa bæði vilja og ráð til að láta eitthvað af hendi rakna, þegar druknanir bera að höndum. Ef maður druknar, sem trygður er fyrir 1000 kr., þá mundu menn máske tregari til að hjálpa, er menn vissu það, en oft er svo ástatt, að þessar 1000 kr. fara sama árið í skuldir. Eg held þess vegna, að sú aðferð, að fá sjómenn til þess að tryggja líf sitt, sé eigi heppileg, með því að hið háa iðgjald mundi í flestum tilfellum verða þeim of þungbært og þess vegna hygg eg, að það verði drjúgast, að treysta góðum mönnum, sem hafa bæði efni á og vilja til að hjálpa nauðstöddum ekkjum og börnum, þegar slík vandræði, sem hér ræðir um, bera að höndum.

Flutn.m.(Sigurður Jensson): H.4.kgk.þm. (J.J.) var að því er mér skildist, að mestu samdóma mér um það, er eg vildi hafa tekið fram. Að það sé ekki hægt eða oft ofvaxið íslenzkum sjómönnum að tryggja líf sitt í þeim félögum, sem menn ná til hér á landi, um það er eg honum samdóma, en mér finst það eigi rétt að segja, að ekkert ráð sé til, nema að leita samskota, þegar slík atvik bera að höndum, sem eg mintist á. Eg hugsa og vona, að hægt sé að koma öðru við, til að bæta úr þessum vandræðum. Að því er félag það snertir, sem hann er fyrir, þá veit eg eigi annað, en það sé skylt, samkvæmt stofnskrá þess, að starfa ekki einungis í Danmörku sjálfri, heldur og í „Bilandene“, eins og t. d. hér á Íslandi. Eg segi fyrir

mitt leyti, að mér var eigi kunn hækkun sú á iðgjöldum félagsins, sem hann nefndi, og eg vildi leyfa mér að spyrja, hvort lífsábyrgðarfelagið hefir rétt til að hækka þannig iðgjöldin fyrir íslenzka sjómenn. (*Jónas Jónassen:* Já). Eg efast um, að félagið hafi eftir hinni upprunalegu stofnskrá sinni rétt til að hækka þannig iðgjöldin hér á Íslandi.

Hallgrímur Sveinsson: Það er eitt ráð til, sem ekki hefir verið nefnt í sambandi við þetta, þótt nokkuð hafi verið reynt til þess undanfarið að framkvæma slíkt, og það er stofnun sérstakra styrktarsjóða. Okkar land er snauðara af slíkum sérstökum sjóðum en önnur lönd. Í öðrum löndum eru margir almennir styrktarsjóðir, þar er líka miklu meiri félagsskapur, betri og greiðari samgöngur og meira efnamagn. Hér á landi hafa þó á síðari árum verið stofnaðir styrktarsjóðir með sérstöku takmarki. Auðvitað hafa þeir verið litlir í upphafi, en smáeflst, er stundir liðu fram. Sumir sjóða þessara hafa verið stofnaðir fyrir einstakar stéttir manna, eins og t. d. fyrir verzlunarmenn eða vandamenn fráfallinna verzlunarmanna. Það hafa líka verið sto'naðir slíkir styrktarsjóðir, til þess að bæta úr í bráðustu og brýnustu nauðsyn, þegar slys vilja til, og menn láta eftir sig ekkjur og börn, sem þarfnast hjálpar. Eg hefi ekki athugað nógsamlega, hve margir þess konar sjóðir eru hér til og get því eigi talið þá upp, en slíkir sjóðir eru þó nokkrir, t. d. Styrktarsjóður fyrir ekkjur og börn druknaðra fiskimanna í Kjalarnesþingi, og annar sjóður fyrir ekkjur fiskimanna hér í bæ. Sömuleiðis eru líkir sjóðir í Borgarfjarðarsýslu eða á Skipaskaga handa ekkjum og börnum þeirra manna, er drukna í sjó Fleiri munu og vera líkir sjóðir, þótt eg muni nú eigi nöfn þeirra. Vitanlega eru þessir sjóðir veikliðaðir enn þá sem stendur, en þá ætti að mega auka með tillögum, eða, að forgöngumenn þeirra gangist fyrir hlutaveltum (tombolum), útsölu (bazar) eða einhverju því um líku. Auðvitað vilja stundum til einhver höpp t. d. gjafir eða annað, er verða má til þess að auka sjóðnum bolmagn. Það þarf að fá menn almennt til að taka þátt í að að auka slíka sjóði, því að tillög nokkurra einstakra manna nægja lítið til að hrinda þeim á veg. Sérstök fyrirtæki, eins og hlutavelta og bazar, geta gert mikið, til þess að fá menn nokkuð almennt til þess að leggja af mörkum eitthvað til slíkra stofnana; til þess hafa hlutaveltur og „lotteri" reynst einna heppilegust. En slíkir styrktarsjóðir þyrftu að vera fleiri og sterkari, til þess að geta hjálpað almennt. Í Danmörku er einn stór og sterkur slíkur sjóður. Tildrögin til þess, að hann var stofnaður, var skipskaði mikill við vesturströnd Jótlands fyrir 20—30 árum, og fjölda margar konur og börn mistu forsorgun sína. Slíkir viðburðir, sem standa þar í öllum blöðum, vekja miklu meiri eftirtekt þar en hér, því að blöðin eru þar andleg fæða almennings. Skipskaðar vekja 10—20 sinnum meiri eftirtekt þar en hér, þó að manntjónið sé tiltölulega miklu minna en oft ber að höndum hjá oss. Vaninn hefir hér sljóvgað menn eða gert þá rólegri fyrir slíkum viðburðum. — Þegar þessi skipskaði varð í Danmörku, var stofnað til samskota, og gekst konungsættin mjög fyrir því. Samskot þessi urðu um $^1/_2$ miljón kr., ef eg man rétt, og bættu stórkostlega úr bráðustu neyðinni, þótt að eins nokkrum hluta þeirra væri þá varið til hjálparinnar. Afgangurinn varð svo varanlegur sjóður til frambúðar, og nýlega var veittur styrkur úr honum á þessu ári til vandafólks druknaðra manna hér á landi, og ber hann nafn krónprinsins.

Að stofna hér slíkan sjóð með sama mark fyrir augum og nokkru verulegu fjármagni, er að vísu torvelt, nema á löngum tíma, en með því er þó stigið

stórt spor í áttina. Auðvitað eru menn ekki ófúsir á að hjálpa, heldur eru ýmsar aðrar orsakir til þess, að menn eru svo sljóir fyrir þess konar nauðsynlegum hjálparframkvæmdum. Eitt af því, sem nefndin, er kosin verður, til að íhuga málið, ætti að gera, er það, að reyna til að sjá ráð til að vekja almenna hluttekning manna við slíka sjóðsstofnun, því ætti nefndin vandlega að velta í huga sér. Það er aðallega áríðandi að athuga það, hvernig bezt væri að snúa sér, til þess sem fyrst að koma sjóðnum á fót og að hann geti sem fljótast liðsint þurfandi mönnum. Vitanlega er lífsábyrgð nokkur hjálp við og við og gæti verið meiri fyrir eftirlátna ástvini þeirra manna, er af þilskipum drukna, ef þeir notuðu alment þann aðgang, sem þeir hafa til að tryggja líf sitt. Druknanir af opnum bátum eru sorglega tíðar, og væri naumast þarfara verk unnið, heldur en ef ráð yrðu fundin til að fækka þessum slysförum; en slíkt er eigi auðgert. Ef menn hugsa um slík atvik, þá eru þau oft afleiðingar af ákaflega mikilli vangá og ofdirfsku. og er eigi auðgert að koma í veg fyrir slíkt. Það er sorglegt til þess að vita, hve slysin eru oft að kenna ofdirfsku, vanhyggju, hirðuleysi og ofurkappi og ef til vill stundum kunnáttuleysi og vangá einstakra manna, sem leiðir svo á eftir sér mikla harma og neyð fyrir fjölda manna. Hér í bænum hefir það borið við, að menn fara frá bryggjunum á ofhlöðnum smábátum og haga svo ferð sinni með fyrirhyggjuleysi, svo að slys verður að, oft og tíðum fáa faðma undan landi. Ef nú einhver vildi fyrirbjóða slíkt, þá er ekki gott að koma því til framkvæmdar. Einstökum mönnum yrði, ekki gegnt; helzt væri um það að ræða, að lögreglustjórnin léti til sín taka. En hún getur ekki ávalt haft gát á slíku, þótt hún vildi. Það væri gott, ef nefndinni gæti hugsast einhver ráð til að sjá við slíku fyrirhyggjuleysi og reyna þannig að hefta þau slys er beinlínis hljótast af vangá.

Hún ætti og að benda á sjóðsstofnun, sem bæði gæti bætt úr brýnustu þörfinni, þegar slík slys vilja til, sem um er að ræða, og einnig styrkt síðar þurfandi ekkjur og börn. En þótt gjafir og góðgerðir komi til, sem eru allrar virðingar verðar, þá nægir það sjaldan til annars en að bæta úr allra brýnustu og fyrstu þörfinni, en er síður til frambúðar, en þá ættu sjóðirnir að taka við.

Samþykt í e. hlj. að skipa 3. manna nefnd, til að íhuga málið, og hlutu þessir kosningu:

Sigurður Jensson	með	9	atkv,
Eiríkur Briem	—	6	—
Hallgr. Sveinsson	—	6	—

Fátækramál IV.

FRUMVARP til laga um styrktarsjóði fyrir fjölskyldur sjódrukknaðra manna. 1. umr., 12. ágúst (C. bls. 553).

Framsögumaður (Sigurður Jensson): Nefnd sú, sem kosin var í þetta mál, hefir nú gert grein fyrir skoðun sinni á málinu í nefndarálitinu. Það eru eiginlega tvö ráð, sem nefndinni hafa hugkvæmst. Annað ráðið, sem að mínu áliti lá beinna við, nefnilega að koma á ábyrgð á lífi þeirra manna, sem stunda þilskipaveiðar, vildi meiri hluti nefndarinnar ekki eiga við í þetta skifti, bæði vegna þess, að tíminn var of naumur, og líka höfum vér heyrt því hreyft, að það væri í undirbúningi hér, að koma því á, og fór því nefndin ekki að búa til neinar reglur um það, heldur vildi hún vita, hvernig það tækist. Eins og getið er um í nefndarálitinu, þá er það væntanlegt, að þingið styrki þessa viðleitni með fjárframlagi úr landssjóði. Hitt ráðið, sem nefndin hafði fyrir augum, má sjá, ef menn lesa nefnd-

arálitið. Aðaltilgangur frumv. er það, að koma því til leiðar, að í hverri sveit verði komið upp styrktarsjóði, og hvetja menn til þess. Ef þessir sjóðir gætu orðið margir, þá er það mikil hjálp, því að þá gætu sjóðirnir styrkt hver annan og myndað eins og ábyrgðarfélag sín á milli, ef stórslys ber að höndum. Eg ætla svo ekki að fara út í einstök atriði, en vona að háttv. þingdeildarmenn verði þessu máli hlyntir og leyfi frumv. að ganga áfram.

Julius Havsteen: Eg sé, að frumvarp þetta er sprottið af góðum vilja og löngun til að létta neyð og bágindum af mönnum, þegar slys ber að höndum, og þykir mér því sárt að vera meinsmaður þess. Eg er i aðalatriðunum mótfallinn frumv. Það er gert ráð fyrir, að innstæða þeirra sjóða, sem frumvarpið gerir ráð fyrir, myndist af sektum fyrir brot á helgidagalögum. Þessar sektir koma sjaldan fyrir, og svo eru slíkar syndir eða brot álitin fremur lítilvæg, og það svo. að sjálf tilskipunin 28. marz 1855 heimilar lögreglustjórum, að láta menn sleppa með áminning fyrir slík brot. Því síður ber á sektum fyrir helgidagabrot eftir að lög 2, okt. 1891 um ákvarðanir, er snerta nokkur almenn lögreglumál, komu út, en þau veita lögreglustjórum heimild til að útkljá mál út af minniháttar lögreglubrotum með áminningu. Það er því auðsætt, að sjóðirnir fá litlar sem engar tekjur af sektum út af þessum brotum. Svo er önnur uppsprettan, sem sjóðirnir eiga að ausa af, hinir svo kölluðu fátækrahlutir, en þeir koma ekki fyrir, eða falla til, nema í sjávarsveitunum, en eg sé ekki betur, en að frumv. þetta eigi einnig að ná til landssveitanna. Svo fást heldur ekki miklar tekjur af fátækrahlutunum, og enn minni verða þær, ef það frumv. fær framgang, sem er á leiðinni í háttv. Nd. sem gengur út á það, að fátækrahlutir skuli eftirleiðis vera alls staðar eins og þeir eru ákveðnir í konungsbréfi 28. apríl 1836 fyrir sveitir við Faxaflóa í Suðuramtinu, sem sé einn hlutur af hverju skipi í staðinn fyrir $^1/_6$ af aflanum.

Háttv. nefndarmenn hafa víst fundið til þess, að tekjur þessar mundu verða rýrar og því sett það ákvæði í frv., að fyrstu 10 árin skyldi leggja 2,000 kr. til sjóðanna af landssjóði. Á landinu eru nú 187 hreppar, og þó þessum 2000 kr. væri skift jafnt niður, þá kæmi ekki nema hér um bil 10 kr. 70 aura á hvern hrepp, en slíkur styrkur er það sama, sem ekki neitt. Enn fremur er farið fram á, að 1000 kr. sé varið úr landssjóði til styrktar fjölskyldum sjódrukknaðra manna, ef stór slys koma fyrir. Eg er ekki á móti því, að landssjóður leggi til skerf til styrktar, ef stórslys koma fyrir; aftur er varla ómaksins vert, að ganga eftir fjárframlaginu frá sjóðunum, sem gert er ráð fyrir í niðurlagi 4. gr. frumv., og umstangið við niðurjöfnun þess getur alls ekki borgað sig.

Aðaleftirlitið með sjóðum þessum er falið hreppsnefndum. Það lízt mér ekki sem bezt á. Eg játa að vísu fúslega, að það eru til margar góðar og óaðfinnanlegar hreppsnefndir, en eg held, að þeim sé ekki yfirleitt gefið að fara með slíka sjóði, og hér er spursmál um. Hinir háttv. þingmenn hljóta að muna eftir því, hvernig alt lenti í ólestri með styrktarsjóðina handa alþýðufólki, sem hreppsnefndirnar höfðu talsverð afskifti af, og varð endirinn sá, að breyta varð lögunum 11. júlí 1890, um styrktarsjóði handa alþýðufólki, og gefa út ný lög (lög 18. des. 1897), sem fela eftirlitið með sjóðunum öðrum stjórnarvöldum. Mér finst því ekki rétt að vera að stofna slíka sjóði, sem frumv. hefir fyrir augum, því að þeir eru að eins til að vekja vonir hjá mönnum, sem ekki rætast, þar sem sjóðirnir eru svo fátækir eða alls ekki til, þar sem menn búast við að þeir séu til. Menn geta sagt um þess-

ar aðfinslur minar, að það sé hægra að rífa niður, en byggja upp, en eg get ekki hugsað mér annað, en að aðrir vegir séu til þess að hjálpa fjölskyldum sjódruknaðra manna, en sá, sem frumvarpið vísar á; mér dettur í hug, hvort ekki mætti veita fé úr landssjóði, sem útbýtt yrði milli alþýðustyrktarsjóðanna, þannig að stjórnendur þeirra hefðu þetta tillag undir höndum. Þetta er nú að eins laus uppástunga mín. Eg get af framangreindum ástæðum ómögulega greitt atkvæði með frumv. þessu, eins og það nú liggur fyrir.

Framsögumaður (Sigurður Jensson): H. 1. kgk. þm. (J. H.) hefir gert fremur lítið úr þessu frumv. okkar nefndarmanna, og held eg, að ástæður þær, er hann kom fram með gegn því, stafi af því, að hann hefir ekki sett sig nógu vel inn í það, og hugsun okkar með þetta. Það er satt, að fastar tekjur af helgidagsbrotum og fátækrahlutum, eru litlar tekjur, en það er samt ekki rétt að segja, að það séu engar tekjur. Slíkar tekjur geta komið þó nokkrum sinnum fyrir, þó litlar séu, en það er ekki heldur ætlun okkar, að það séu þessar tekjur, sem sjóðina muni mest um. Við gátum ekki skipað að stofna slíka sjóði, en það var hugsunin, að framkalla stofnun þeirra með ýmsum fyrirheitum, og því er þetta ákvæði sett í 1. gr., en svo er ætlast til, að við þetta sem stofn í orði kveðnu komi gjafir og samskot, sem vitanlega er ætlast til að verði aðaltekjurnar. Landssjóðsstyrkurinn ætti þó að vera hvöt til að gefa til sjóðanna og styrkja þá. Eg veit það, að víða mundu menn vera viljugir til að stofna þess háttar sjóði, og að margir mundu vilja gefa eitthvað til þeirra; það þarf að eins að byrja á verkinu, svo mun það ganga greiðlega að fá tillög til sjóðanna. Við búumst ekki við, að þessir sjóðir komi annars staðar upp en í sjávarsveitum; það getur komið fyrir, að sjóðir safnist í einstaka landssveitum, en einkum og sér í lagi verður það í sjávarsveitum. Frumv. um fátækrahluti er til umræðu í Nd., og ekki komið til þessarar deildar enn þá. Það er þess vegna enn hægt að sjá um það, að það frumv. komi ekki í bága við þetta frumv. Háttv. 1. kgk. þm. (J. H.) sagði, að tekjurnar yrðu sama sem núll, en það er einungis af því, að hann hefir ekki aðgætt, að það er ekki ætlast til, að þær tekjur, sem nefndar eru í 1. gr., verði aðaltekjurnar, heldur verði aðaltekjur þessara sjóða það, sem kemur inn fyrir samskot og gjafir. Hann nefndi líka það, að hreppsnefndum væri ekki trúandi til að hafa eftirlit með þessum sjóðum, og tók t. d. hvernig hefði farið með alþýðustyrktarsjóðina, að það hefði reynst nauðsynlegt að breyta lögunum og taka eftirlitið með þeim sjóðum frá hreppsnefndunum. Það var ekki hreppsnefndanna vegna, að lögunum um alþýðustyrktarsjóðina var breytt, heldur var það gert sökum hreppstjóranna, af því innheimtan var öll í óreglu hjá þeim. Eg skil ekki, hvernig ætti að koma því fyrir, að alþýðustyrktarsjóðirnir veittu fjölskyldum sjódruknaðra nauðsynlega hjálp. Til þess þarf sérstaka sjóði, eins og nefndin hefir hugsað sér. Alþýðustyrktarsjóðirnir eru stofnaðir í alt öðrum tilgangi, og það er ekki að búast við, að þeir gætu veitt nema litla og ónóga hjálp í þessum sérstöku tilfellum, sem hér er um að ræða, þegar miklir mannskaðar koma fyrir.

Hallgrímur Sveinsson: Hvað mótbárur háttv. 1. kgk. þm. (J. H.) snertir, þá hefir háttv. framsm. (Sig. J.) að nokkru leyti svarað þeim. Hann mintist á það, oftar en einu sinni, að sjóðirnir mundu aldrei verða meira en núll. En þetta er ekki nema getgáta. Vér imyndum okkur, að þeir, eða margir þeirra, nái nokkurri verulegri upphæð, og eins og háttv. framsm. tók fram, mundi þetta frumv. verða hvöt til þess að stofna slíka sjóði, því að það

er kunnugt, hve mikil hvöt það er fyrir hlutaðeigendur, þegar landssjóður leggur fé fram af sinni hálfu til einhvers fyrirtækis, og menn munu vinna mikið til þess, að fara ekki á mis við landsjóðsstyrkinn, þegar þeir sæju að verulegur skerfur af tillaginu úr landssjóði, þessum 2000 kr., kæmi niður á nágrannahreppinn, af því að hann hefði haft manndóm og ötulleik til að koma upp hjá sér öflugum sjóði. Þess vegna væri þetta öflug hvöt fyrir sem flesta hreppa til að koma slíkum sjóðum á stofn hjá sér.

Það er enn ekki nema ráðagerð, að hlutur til fátækra af fiskafla skuli færður niður og það er fullsennilegt, að þingmenn verði hikandi að samþykkja þá niðurfærslu, er þeir vissu, að hann skyldi nota öðruvísi en hingað til. Hann yrði þá töluverður styrkur, ef lögunum væri fram fylgt nokknrn veginn stranglega og með sanngirni. Þeir, sem gæta laganna, mundu og verða glöggskygnari en áður á, hvar fátækrahlut ætti að gjalda og mundu unna þessum styrktarsjóðum þessa hlutar ekki síður en hinum almennu sveitarsjóðum. — Háttv. 1. kgk. þm. (J. H.) bar fram nýja tillögu, er snerti þetta mál; hún virtist ekki gerhugsuð enn, eins og hann einnig tók fram, en fór í þá átt, að landsjóðsstyrkur væri veittur til alþýðustyrktarsjóðarsjóðanna: en það virðist ekki eiga neitt skylt við þetta mál. Eg get ekki séð, að alþýðustyrktarsjóðirnir gætu notað þetta fé í hinum tilætlaða tilgangi, nema lögunum verði breytt. Þeir eru stofnaðir handa ellihrumu fólki, en hér er um það að ræða, að styrkja börn og ekki síður ungar en gamlar ekkjur. Eg álít viðsjárvert að kippa burt þeirri undirstöðu, sem þeir eru bygðir á nú, og breyta verkefni þeirra.

Þó að þessir styrktarsjóðir, sem frv. þetta vill koma á, fari hægt á stað og byrji smátt, þá má vænta þess, að af mjóum vísi spretti síðar miklu meira. Það hefir verið svo um nálega alla þesshátta styrktarsjóði, bæði fiskimanna- og ekknasjóði, að þeir hafa vanalega byrjað með sáralitlum höfuðstól. Svo hefir þeim bæzt fé með tillögum og gjöfum og fyrir sérstök höpp, um leið og vextirnir hafa lagst við höfuðstólinn. Svo mundi einnig verða hér. Auðvitað þyrfti ef til vill að laga eitt og annað í frumv. og mundi bendingum í þá átt verða tekið þakksamlega, Vona eg, að þgdm., leggi því heldur liðsyrði og reyni að kippa málinu í viðunanlegt horf, heldur en að greiða atkvæði á móti því.

Það er ekki tillaga okkar, að aðalstofnfé sjóðanna sé fátækrahluti af fiskiafla og sektir fyrir brot á helgidagalöggjöfinni, heldur eru aðaltekjurnar, eins og frsm. (S. J.) tók einnig fram, það fé, sem kemur inn við samskot, gjafir og önnur fyrirtæki, sem væri stofnað til, til þess að styrkja sjóði þessa. Það var minst á það við síðustu umr., hvað gert hefði verið oft í því efni; sérstaklega hafa hlutaveltur lagt drjúgan styrk mörgum sjóðnum. Og slíka smásjóði mundi muna um alt, 10, 15, 20 kr., og þegar komið væri upp í 100 kr., þá mundi það þó mega kallast eitthvað meira en ekkert; og þó fengi slíkur sjóður landssjóðsstyrk og yrði fær um að bæta úr smáþörfum, en bæri stórslys að höndum, yrði að vera samvinna milli sjóðanna. Það er líka aðgætandi, að tillagið úr landssjóði er ekki mikið, ef því væri deilt á alla hreppa landsins, en það er mikið, þegar það eru að eins sjávarhrepparnir, sem því er skift niður á. Og svo má ganga út frá, að ætíð ganga nokkrir frá af þeim, sem vildu ekki í bili sinna slíkum sjóðstofnunum eða væru þegar sæmilega trygðir, þá yrðu þeir þeim mun færri, sem yrðu landssjóðsstyrksins aðnjótandi, en hlutur hvers einstaks þá líka stærri.

Eg álít þetta frumv. að minsta kosti spor í áttina og eg vona, að málið stöðvist ekki hér, heldur fái framgang, ef til

vill með viðaukum og breytingum til bóta, svo að þessi litli vísir mætti verða landsmönnum á komandi tíð að miklu gagni.

Julius Havsteen: Ef það er meining nefndarinnar, að aðaltekjur þessara sjóða fáist með samskotum og gjöfum, þá þykir mér það undarlegt, að þau ákvæði skuli ekki sett fyrst í frumv., í stað þess er þeirra getið lauslega í 2. gr. frumv. — Aðaltekjurnar hljóta að standa í 1. gr. frumv. og eg held því föstu, að þær séu svo gott sem engar. Fátækrahlutir af fiskiafla eru aldrei miklir, og ef hitt frv., sem eg mintist á áðan, um að færa fátækrahlutina niður, yrði samþykt, þá verða þeir enn minni. Hvað sektir fyrir helgidagsbrot snertir, þá eru þær sama sem engar. — Menn ganga út frá því, að það verði eingöngu sjávarhreppar, sem stofna þessa sjóði; en nú eru margir aðrir hreppar en sjávarhreppar, sem senda menn á sjóinn. Því má ekki búast við, að þeir komi á hjá sér slíkum sjóðum? sbr. einnig ummælin í 4. gr. frumv.

Tillaga mín um landssjóðsstyrk til alþýðustyrktarsjóðanna var, eins og eg líka tók fram, að eins lausleg, og bending ein. Það var ekki tilætlan mín, að tillagið úr landssjóði ætti að renna beint í alþýðustyrktarsjóðina, heldur væri að eins stjórn þeirra falið að taka við tillagina og halda því út af fyrir sig í sérstökum sjóði og úthluta fé hans til ekkna og barna þeirra, er í sjó drukna og annara, er að þeim standa. Sem sagt, þetta var að eins til að benda á, að aðra vegi mætti fara en þennan, sem fylgt er hér í frumv. Hvað alþýðustyrktarsjóði snertir, þá er það satt, að innheimtan á tekjum sjóðanna og reikningsfærsla var í höndum hreppstjóra en ekki hreppnefnda, en þó höfðu hreppsnefndir einnig meðgerð með þá, eins og sjá má af 8. gr. í lögum 11. júlí 1890, og sérstaklega eftirlit með því, að reikningar hreppstjóra væru réttir, og það vanræktu þær stundum.

Eg álít, að þessir litlu sjóðir, eins og þeir eru útlistaðir hér í frv., mundu ekki koma að tilætluðum notum. Sumstaðar mundu þeir geta lifað á gjöfum og samskotum, sumstaðar ekki. Menn hafa í nógu mörg horn að líta. Ef til vill mundu hlutaveltur hjálpa nokkuð til, eins og tíðkast, er menn vilja koma upp lestrafélögum og þess háttar. Lögreglustjórar eru samt oft á móti því, að hlutaveltuleyfi sé gefin, og þeir hafa oft mikið til síns máls, það verð eg að játa, þótt eg sé nokkuð ör á því að veita slíkt leyfi, þegar ráðsettir menn hafa verið annars vegar.

Ef það eru samskot og gjafir, sem eiga að sitja í fyrirrúmi, hvað tekjur sjóðanna snertir, þá ætti að taka það greinilegar fram en gert er í frv.

ATKV.GR.: Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Önnur umr. 14. ág. (C. bls. 553, 624).

Framsögumaður (Sigurður Jensson): Eg ætla í stuttu máli að minnast á hinar einstöku greinar frumvarpsins. Eg benti á það við 1. umr. málsins, að aðaltekjur þessara fyrirhuguðu styrktarsjóða væru nefndar í 2. gr. frv., en ekki í 1. gr., og vona, að menn sjái, þegar menn athuga það betur, að það var ekki hægt að koma þessu öðru vísi fyrir. Þó þessi aðferð kunni að þykja nokkuð óvenjuleg og tekjur þær, sem eru nefndar í 1. gr., geti aldrei numið miklu, þá er ekki óhugsandi, að síðar mætti bæta við einhverjum nýjum sektargjöldum, til þess að auka tekjur sjóðanna. Í 2. gr. koma aðaltekjurnar, sem vér höfum hugsað okkur að væru fólgnar í frjálsum samskotum og gjöfum, er þessum sjóðum áskotnast. Fé sjóðanna á að setja á vöxtu; en vér sleptum að ákveða nokkuð fast um það, hvar þeir skyldu ávaxtaðir, en felum landsh. að sjá um það. Í 3. gr. er ákveðið, að 2000 kr. skuli árlega í 10 ár verja úr landssjóði til útbýt-

ingar milli sjóðanna, til þess að hvetja menn til þess að stofna þá og halda þeim við. Þetta er að vísu ekki stór upphæð, og ef henni væri skift jafnt milli allra hreppa á landinu, eins og einn háttv. þm. gerði ráð fyrir, kæmi ekki mikið í hvern hlut. En það eru lítil líkindi til, að stofnaður verði sjóður í hverjum hrepp, svo þetta kæmi ekki til mála. Eg hef talið saman alla sjávarútvegshreppa á landinu og talist þeir 92, en það er ekki líklegt, að þeir allir stofnsetji sjóði; ef vér gerum ráð fyrir, að 50 af sjávarhreppunum stofnsettu sjóði, sem er vel í lagt, þá fengi hver um sig 40 kr. á ári. Því færri sem sjóðirnir yrðu, því ríflegri yrði upphæðin, sem hverjum þeirra félli í skaut. Þó þetta sé ekki mikið, gæti það sem sagt orðið til að hvetja menn og uppörva til framtakssemi í þessa átt. Í síðari málsgrein 3. gr. er enn fremur ákveðið, að alt að 1000 krónum megi verja árlega úr landssjóði til styrktar eftirlifandi ómögum sjódruknaðra manna, ef stórslys ber að höndum, og er það gert í því skyni að hlífa sjóðunum á fyrstu árum þeirra, svo þeir geta vaxið.

Í 4. gr. er tekið fram, að ef þetta nægir ekki, og ef mikill mannskaði kemur fyrir í einhverjum hreppi, þá megi taka til sjóðs hreppsins, þó lítill sé, og sömuleiðis, að hinir aðrir sjóðir skuli þá hlaupa undir bagga með.

Í 5. gr. er ákveðið, að eftir 10 ár skuli landssjóðsstyrkurinn falla burt og eftir það skuli varið alt að $^{9}/_{10}$ af ársvöxtunum til styrktar fjölskyldum sjódruknaðra manna. Eftir þann tíma höfum vér sem sé gert ráð fyrir, að sjóðirnir væru orðnir allstórir og gætu því bætt stórum úr brýnustu þörf. Vér álítum þörf á að setja ákvæði um það í frumvarpið, hvernig fara skyldi með þessa sjóði, þegar þeir eru algerlega komnir á fót; og er það hugsun vor, að þeir standi allir í innbyrðis sambandi og styrki hver annan. En eðlilega getum vér vel búist við því og hugsað oss, að þessum ákvæðum verði breytt, áður en þessi 10 ár eru liðin, jafnvel þó frumvarp þetta næði nú fram að ganga. Það væri hugsanlegt, að menn fyndi ráð til þess að koma enn betur fyrir þessu sambandi milli sjóðanna. Breytingartill. og viðaukatill. þær, sem fram eru komnar, eru sumpart samdar samkvæmt bendingum þeim, sem komu fram við 1. umr., og sumpart eftir því, sem nefndin sá sjálf við nánari íhugun. Það er þá fyrst, að á eftir 1. gr. komi ný málsgrein svo hljóðandi: „Í þeim hreppum, þar sem þegar er til slíkur sjóður, getur hreppsnefndin sótt um til landsh., að sá sjóður komist inn undir þessi lög, og veitir landsh. það, svo framarlega sem hann álítur ekkert vera því til fyrirstöðu eftir lögum sjóðsins og öðrum atvikum".

Eins og menn vita, eru slíkir sjóðir til, og er ekkert því til fyrirstöðu, að þeir njóti þeirra réttinda, sem lög þessi heimila, svo framarlega sem landsh. sér engin tormerki á því, að þeir geti komist undir þessi lög. Enn fremur er önnur uppástunga, að á milli 1. og 2. málsgreinar 3. greinar bætist inn svo hljóðandi málsgrein:

„Enginn sjóður getur fengið hlutdeild í styrknum úr landssjóði, nema eign sjóðsins hafi við síðustu árslok á undan styrkveitingunni numið að minsta kosti 100 kr. og árstekjur verið 10 krónur eða meira".

Þessa breyting höfum vér sett inn samkvæmt bendingum við 1. umr. málsins, til þess að takmarka það, að landssjóðsstyrkurinn skiftist í alt of marga staði. 3. og 4. breytingartill. eru að eins lagfæringar á frumvarpinu, sem mæla með sér sjálfar, og vona eg, að frumv. verði alt samþ. með þessum breytingum og fái svo að ganga sinn gang.

Guðjón Guðlaugsson: Það er eins fyrir mér og öllum öðrum, að hver vill gera sitt til að styrkja framgang þessa

máls og það svo að notum komi. Eg játa það, að eg hef sömu skoðun, og hinn háttv. 1. kgk. (J.H.) að eg er hræddur um að sjóðir þessir fái aldrei það bolmagn, sem æskilegt væri. Mér finst sem sé óeðlilegt, að ekki skuli vera ákveðnar neinar fastar tekjur aðrar en þær, sem getið er um í 1. gr., sem aldrei geta numið neinu verulegu og landssjóðstillagið einnig lítið, ef margir verða styrkþurfar. Sjóplássin eru þeir staðir, sem hættan er mest á að slík slys beri að höndum, og mörg eru þau sjópláss, sem ekki eru jafnframt fiskiver, væri því ekki víst, að sjóðir mynduðust þar. Svo gæti komið fyrir, að slys vildi til í einhverju sjóplássi, þar sem margir utanhéraðsmenn stunduðu sjóróðra, eins og svo víða á sér stað, og væri leitt, ef eftirlifandi munaðarleysingjar þeirra væru útilokaðir frá styrk, jafnvel þó að allstór sjóður væri til í viðkomandi sjóplássi og þeir, sem þar byggju, fengju styrk.

Að minni hyggju munu sjóðir þessir þurfa afarlangan tíma til að aukast, ef þeir eiga að verða að liði, úr því ekkert lögskipað tillag er ákveðið þeim til handa. Eg vildi því benda hinni háttv. nefnd á það, hvort henni þætti ekki tiltækilegt að leggja einhverja lögskipaða kvöð á sjómenn. Eins og menn vita eru fiskveiðarnar mjög arðsöm atvinnugrein, ef þær eru reknar með dugnaði, og er eg sannfærður um það, að þeir mundu ekki telja það eftir sér að leggja eitthvað dálítið af mörkum í þessu augnamiði. Það getur verið, að menn gæfu fisk af góðvilja eða létu eitthvað af hendi rakna til sjóðanna, en á hinn bóginn er slík hugulsemi oft skammvinn og deyr svo út, ef áhugann vantar og lítið eða ekkert er gert, til að halda henni við. Þetta er að eins athugasemd, sem eg leyfi mér að skjóta til hinnar háttv. nefndar, hvort ekki væri tiltækilegt að fara þannig að. Oft koma fyrir afarstór slys, þó ekki sé í fiskiróðrum beinlínis, eins og hið stóra slys sem vildi til á þessu ári, og er því engu síður hætt við slysum á þann hátt, þótt ávalt sé meiri líkur fyrir því, að verplássin séu hættar stödd í því tilliti.

Eg hygg því, að það gæti orðið frumv. til stórbóta, ef slíkar fastákveðnar tekjur væru ákveðnar í því, og hinir fyrirhuguðu sjóðir þar af leiðandi gætu orðið að miklu meira gagni.

Eg gef því hinum góða tilgangi frumv. atkvæði mitt, enda þótt eg sé vondaufur um árangur þess.

ATKV.GR.: 1. gr. frv. á þgskj. 398 samþ. með 9 atkv.

1. Viðaukatill. á þgskj. 468 sþ. með 9 atkv.

2, gr. frumv. samþ. með 9 atkv.

1. málsl. 3. gr. samþ. með 9 atkv.

2. Viðaukatill. á þgskj. 468 samþ. með 9 atkv.

2. málsl. 3. gr. samþ. með 9 atkv.

3. gr. sþ. með 9 atkv.

3. brt. á þgskj. 468 við 4. gr. samþ. með 9 atkv.

4. brt. á þgskj. 468 við 4. gr. sþ. með 9 atkv.

4. gr. þannig breytt samþ. með 9 atkv.

5. gr. frv. samþ. með 9 atkv.

Fyrirsögnin samþ. með 9 atkv.

Frv. vísað til 3. umr. með 9 atkv.

Þriðja umr., 16. ágúst (C bls. 636).

Framsögumaður (Sigurður Jensson): Með því að engar breyt.till. hafa komið fram við frv. til þessarar síðustu umræðu, finn eg ekki ástæðu til að fara mörgum orðum um það. Þá uppástungu, sem h. þm. Strand. (G. G.) kom fram með við 2. umr. um að leggja eitthvert vist árlegt gjald á menn til þessara sjóða, hefir nefndin tekið til íhugunar, og hafði henni þegar áður hugkvæmst nokkuð líkt, meðan hún hafði málið undir hendi, en sá sér eigi fært, að koma því svo fyrir, að menn gætu orðið ánægðir með það, og getur heldur ekki nú séð nein ráð til þess að fara fram á neitt þess konar gjald. Vér

verðum aðallega að treysta því, að menn hafi vilja á að koma upp þessum sjóðum með þeim gjöldum, er þeir fríviljuglega leggja á sig, og vér treystum því einnig, að tillag það úr landssjóði, sem getur um í 3. grein frumv., verði þeim hvöt til þess. Eg vil svo að eins leyfa mér að mælast til þess, að frumv. verði samþ. við þessa umr., eins og hingað til í þessari h. deild.

ATKV.GR.: Frumv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgreitt til forseta Nd.

Helgidagahald.

FRUMVARP til laga um almannafrið á helgidögum þjóðkirkjunnar; 1. umr., 3. ágúst (C bls. 449)

Hallgrímur Sveinsson: Ýmsir h. þdm. minnast þess, að frumv. samkynja efnis hafa tvívegis áður verið til meðferðar á þinginu sem stjórnarfrumv., sem sé 1891 og 1893. Á þingi 1891 var frumv. sþ. í Ed. en féll við 1. umr. í Nd. — 1893 var frumv. samþ. í Nd. með 15 : 7 atkv. en féll hér í deildinni með litlum atkvæðamun. Síðan 1893 hefir stjórnin ekki hreyft máli þessu frekar og hefir álitið, að þessar 2 tilraunir væri skýr yfirlýsing frá þingsins hálfu um það, að það teldi þetta ekki neitt nauðsynjamál. Frumv. þetta virðist hvorki vera þingi né þjóð neitt kappsmál. Frá þjóðinni hafa sárfáar raddir heyrst í þessa átt.

Frumv. er nú borið fram af nokkrum þingmönnum í Nd. og hefir fengið nokkra breyting frá því, sem áður var og hana til bóta, en aðalefnið er sama og fyr. Stjórnin hefir haldið því fram, að tilgangurinn væri ekki að skipa fyrir um helgidagahald né hafa áhrif á það, hvernig helgidagarnir séu notaðir, heldur til að veita guðsþjónustu þjóðkirkjunnar vernd, svo að sú athöfn geti farið fram án truflana eða ytri tálmana.

Helgidagalöggjöf sú frá 28. marz 1855, er nú höfum vér, hefir staðið all-lengi og getur nokkurn veginn, að eg hygg, enn fullnægt þörfum manna. Stjórnin tók það fram í ástæðunum fyrir frumv. 1891 og 1893, að á tilsk. þessari væru ýmsir gallar, ónákvæmni og ósamræmi, og væri því næsta torvelt fyrir lögreglustjóra að beita henni. Í þeirri tilskipun er bönnuð ónauðsynleg vinna á helgidögum og einkum um messutímann. Þetta eru — segir stjórnin — mjög ónákvæm orðatiltæki, því að skiftar verða skoðanir um það, hvað er ónauðsynlegt og hvað ekki. Þetta getur orðið mjög erfitt að skera úr, þar eð einn telur það máske ónauðsynlegt, sem annar telur hið gagnstæða. En sé þetta ónákvæmt og verði misskilið, er eg fyrir mitt leyti engan veginn ugglaus um, að hið sama geti átt sér stað eftir frumv., sem bannar allan hávaða og skarkala, sem raskar friði helgidagsins, svo að lögreglustjórar yrðu í hinum sama vanda.

Mér finst alls ekki, að misskilningur sé útilokaður með frumv. þessu og því ekki veruleg ástæða til að breyta helgidagalöggjöfinni frá 28. marz 1855. Það væri mikill ávinningur, ef hægt væri að útiloka mismunandi skilning á lögunum, en það er ekki svo auðgert og jafnvel lögreglustjórarnir í þinginu eru hér ekki allir á sama máli. Einum finst það miklum erfiðleikum bundið, sem öðrum finst ekki; einum finst hið nýja frumv. taka tilskipuninni frá 1855 fram, en öðrum ekki. Vitanlega hefir stjórnin viljað fyrirbyggja mismunandi skilning á lögunum með frv. 1891 og 1893, en misskilningur er alls ekki útilokaður. Áður var spurningin um, hvaða vinna væri nauðsynlega og hver ekki, en nú er það aðallega að vernda guðsþjónustuna frá öllum truflunum og skarkala. Hávaði og skarkali er bannaður um messutímann.

En hve mikill þarf skarkalinn að vera, til þess að hann trufli og hve nærri kirkj-

unni og hve langt má hann óvittur heyrast? Má hávaðinn heyrast að kirkjuhurð eða er ekki nóg fyr en hann heyrist inn að altari?

Á þessu hvílir hin sama óvissa, sem áður var, og er alls ekki útilokuð með lögum þessum.

Eg ætla ekki að fara fleirum orðum um þessi atriði málsins í þetta sinn.

Þegar um helgihald er að ræða, er önnur hlið þess, sem veit að hinni trúarlegu þörf og kirkjulegu starfsemi, en hin að hinu borgaralega félagi.

Öll lög vilja vernda guðsþjónustu hins drotnandi kirkjufélags og jafnvel annara, þar sem stjórnarskráin heimilar hverjum að dýrka guð sinn samkvæmt sinni sannfæringu innan viðurkendra trúarbragðaflokka, en þessi vernd verður auðvitað í ríkustum mæli gagnvart þjóðkirkjunni sjálfri.

Hin önnur hlið, er veit að borgarafélaginu, er ekki eins einskorðuð. Því eru engin höft lögð á ferðalög, bjargráð, persónulegt frelsi eða að efla atvinnu sína, þar sem bein nauðsyn krefur. Þegar fyrir þessu eru settar ofríkar skorður, er persónulegu frelsi hætta búin.

Löggjafarvaldið hefir viljað sjá um, að almenningur fái að njóta hæfilegrar hvíld ar frá daglegu erfiði, og til þeirrar hvíldar eru helgidagarnir ætlaðir eftir gamalli og nýrri skipun.

Erlendis er nú sterk hreyfing í þá átt, að stytta vinnutímann og tryggja vinnulýðnum hvíldina betur en verið hefir. Það hefir verið álitið hæfilegt, að einn dagur af hverjum sjö sé hvíldardagur, en þetta frumv. rýmkar, eftir mínum skilningi, um vinnutímann, en rýrir hvíldina, og álít eg það illa farið og ísjárvert. Því það er mörg vinna, sem ekki hefir slíkan hávaða eða skarkala í för með sér og fer fram svo fjarri kirkju, að hún sé bönnuð eftir þessu frv.

Fjöldi manna er meira og minna öðrum háður og verður að dansa eftir höfði yfirboðara sinna. Húsbændur, sem vildu nota sér ístöðuleysi hjúa sinna, gætu látið þau vinna, ef þeim byði svo við að horfa, án þess að þau hefðu kjark í sér til að leita laganna verndar.

Sömuleiðis hafa kaupmenn og aðrir stórir vinnu-veitendur marga menn í sinni þjónustu og geta skipað þeim að vinna á helgum dögum eftir vild og jafnvel haft í hótunum atvinnumissi við viðkomendur, séu þeir ekki ávalt til taks að vinna á helgum degi, þegar hinir óska, og jafnvel þó að verkamennirnir við þetta kynnu að tálmast frá því, að sækja messu, sem þeir hefðu ætlað sér. Þannig mundu margir verða að vinna nauðugir.

Frumv. hefir töluverða galla og ætti að hafa ákvæði, sem vernda einstaklinginn og skifta sanngjarnlega milli borgaralegs og kirkjulegs félags. Eg býst því við að verða að greiða atkvæði á móti málinu, en hefi samt ekki á móti því, að kosin væri nefnd til þess að íhuga það rækilega.

Samþ. með 9 shlj. atkv. að setja 3 manna nefnd í málið og hlutu kosning:

Kristján Jónsson með 9 atkv.
Hallgr. Sveinsson — 6 —
Magnús Andrésson — 6 —

1. umr. frestað.

Framhald 1. umr., 16.ág.(C bls.449,625)

Framsögumaður (Hallgrímur Sveinsson): Eg geri ráð fyrir, að h. þingdm. hafi nefndarálitið fyrir sér og muni því sjá, hvernig nefndin hefir vikist við þessu máli í heild sinni.

Eg skal leyfa mér að taka það fram, að þar sem eg við byrjun þessarar umr. hreyfði nokkrum efa um, að hve miklu leyti ákvæði þessa frumv. væru til bóta og miðuðu til að vernda helgidagana sem hvíldardaga, þá styrktist eg í þeirri skoðun við umræðurnar í nefndinni. Eg skal eigi leyna því, að bæði eg og ýmsir fleiri með mér hafði skilið ákvæði frumv. svo,

að þar sem talað er um að „vernda helgi hvíldardagsins“, þá væri í rauninni aðallega átt við, að vernda helgi guðsþjónustunnar sjálfrar. — En einn h. meðnefndarmaður, sem er góður og glöggur lögfræðingur, hefir við meðferðina í nefndinni sannfært okkur hina um, að þegar ákvæðin eru rétt skilin, þá feli frumv. miklu meira í sér og veiti helgideginum sennilega fult svo mikla og góða vernd, eins og núgildandi helgidagalög frá 28. marz 1855. Sömuleiðis hyggur nefndin, að guðsþjónustan mundi njóta frekari og fyllri verndar eftir þessu frumv. en nú á sér stað eftir tilsk. 28. marz 1855. Með því að vér höfum sannfærst um þessi tvö atriði, en álítum hins vegar, að sjálf hvíldin á helgidögunum liggi fyrir utan aðaltilgang þessa frumv., þá erum vér ásáttir um, að vera því fylgjandi og að mæla fram með því við þessa h. deild. Að vísu höfum vér stungið upp á breytingum við frumv., og eru þær sumpart eigi óverulegar efnisbreytingar, en sumpart að eins til nánari skýringar, og skal eg eigi víkja að þeim nú að þessu sinni, með því að þetta er 1. umr. málsins. Þar sem menn í umræðunum um líkt frumv. áður hafa óttast, að þessi helgidagalög yrðu eigi síður misskilningi undirorpin en hin núgildandi helgidagatilskipun, þá geta verið skiftar skoðanir um það, og eigi hægt að spá neinu verulegu um það fyrir fram, heldur mun reynslan sýna það. En af því að stjórnin hefir fastlega haldið því fram, að með líku frumv. og þessu séu gefin nákvæmari og glöggvari lögregluákvæði fyrir helgidagahaldinu yfir höfuð, þá mun mega treysta því, að svo sé, að minsta kosti í verulegum atriðum, því að án efa hefir stjórnin viljað vanda frumv. sitt. Þar sem því hefir verið haldið fram áður, að guðsþjónustan sé aðallega vernduð með þessu frumv., en eigi helgidagurinn sjálfur, og að frumv. sé þess vegna ófullnægjandi, þá er þess að gæta, að þau verk, sem talin eru óleyfileg eftir ákvæðum 1. gr., eru eigi að eins dæmd eftir þeim hávaða, sem þeim er samfara, heldur eftir þeim stað, sem þau eru unnin á, og þeim hætti, sem þau eru framkvæmd með, það er að segja, verkið er þar skoðað í heild sinni, og er ætlast til, að alt það, sem heilbrigð skynsemi og óspilt tilfinning álítur hneykslanlegt og raska hvíldar-, friðar- og alvörublæ helgidagsins, skuli heyra undir bann þessara laga. Ef þetta er réttur skilningur á ákvæðum frumv., þá verður eigi annað sagt, en að þetta frumv., sem hér liggur fyrir, veiti allgóða vernd hvíldardeginum öllum, og eigi að eins þeim hluta hans, sem ætlaður er til guðsþjónustunnar. Að nefndin hefir stungið upp á, að lengja helgidagiun fram yfir miðaftan, miðar að hinu sama. Það virðist eigi mikið varið í það fyrir almenning að fá helgidaginn sem virkan dag eftir miðaftan. Ef helgidagakvöld eru leyfileg til siðsamlegra skemtana, þá er þar með fengið verulega það, sem menn hafa kröfu til á helgidagakvöldum, þó að þau séu ekki beinlínis gerð að rúmhelgum vinnutíma, heldur að eins hressingatíma, sem vinnulýðurinn eigi hefir tækifæri til að fá hina daga vikunnar. Þess vegna þótti oss sanngjarnt, að skemtanir væru leyfðar á helgidögum, þegar komið er undir kvöld, og sá tími, sem ætlaður er til guðsþjónustunnar, er liðinn. Á þennan hátt hélt nefndin, að helgi hvíldardagsins og friði guðsþjónustunnar væri viðunanlega borgið. Nefndin sér því eigi ástæðu til að vera því mótfallin, að frumv. þetta yrði að lögum, þar sem það óneitanlega hefir inni að halda heppilegri og skýrari ákvæði, heldur en hin nokkuð óljósu og vafasömu ákvæði í hinni núverandi helgidagatilskipun. Eg skal svo fyrir hönd nefndarinnar leyfa mér að ráða h. deild til þess alvarlega að íhuga þetta frumv., og ef hún getur fallist á skoðun nefndar-

innar á því, þá að láta það fá framgang.

ATKV.GR.: Frv. vísað til 2. umr. með 10 samhlj. atkv.

Önnur umr., 19. ágúst (C. bls. 449, 625).

Kristján Jónsson: Vegna þess að framsögumaður þessa máls (H. Sv.) er ekki á fundi í dag sökum lasleika, þá ætla eg að fara nokkrum orðum um breytingar þær, sem nefndin leggur til að gerðar séu á frv., og jafnframt um frv. yfirleitt.

Skoðun nefndarinnar á máli þessu var sú, að það væri ekki aðaltilgangur þessa frv., að kveða á um hvíldartíma vinnulýðsins út af fyrir sig, eða gefa ákvæði um rétt þann, sem vinnulýðurinn ætti að hafa til hvíldar frá störfum sínum. Þau ákvæði eiga að áliti nefndarinnar fremur heima í lögum um vinnuhjú og daglaunamenn, og þar getur margt fleira komið til álita — snertandi hvíldartíma vinnulýðsins en það, sem beint leiðir af helgidagaákvæðunum.

Þegar vinna er bönnuð vegna helgidagalöggjafarinnar, þá er það sjálfsagt, að vinnulýðurinn á að njóta hvíldar, hinn löghelgaða tíma, en frv., sem vér höfum til meðferðar, bannar eigi vinnuna vegna hvíldarþarfar vinnulýðsins, heldur vegna helgidagsfriðarins. Það má vel gera ráð fyrir því, að vinnulýðnum sé áskilin frekari hvíld en sú, sem leiðir af helgidagahaldinu, t. d. með því móti, að vissir aðrir dagar en helgidagarnir yrðu ákveðnir hvíldardagar fyrir vinnulýðinn. En slík ákvæði um hvíldartíma vinnulýðsins áleit nefndin ekki rétt að taka upp í frv. þetta.

Þegar nefndin var komin að þessari niðurstöðu, að frumvarpið ætti eigi að miða að því, að setja lög um hvíldarþörf vinnulýðsins, þá kom sú spurning til úrlausnar, að hve miklu leyti helgidagar skulu verndaðir eða friðaðir vegna guðsdýrkunarinnar og vegna tilfinningar þeirrar, sem allur almenningur hefir fyrir helgi slíkra daga. Tilfinningin fyrir sunnudaga- og hátíðahelginni er að mínu áliti enn svo rík hjá þjóðinni, að það er sjálfsagt af löggjöfinni að veita henni vernd sína. Þessi krafa um vernd helginnar er eðlileg og í alla staði réttmæt, og hún verður enn þýðingarmeiri, þegar þess jafnframt er gætt, að það þarf einnig að vernda vinnulýðinn fyrir of frekum vinnu-kröfum, svo að hann geti sótt guðsþjónustu eftir þörfum sínum, og að einnig verður að sjá um það, að guðsdýrkunin geti farið fram óhindruð af verzlegum athöfnum og áhrifum á vissum dögum og vissum tímum, svo að hún geti orðið að tilætluðum notum.

Á þessum grundvelli og þessari skoðun hefir nefndin bygt tillögur sínar; hún álítur, að frv. fullnægi áminstum kröfum, eftir því sem verða má, og það muni vernda engu síður en hin eldri lög vor helgidagahaldið fyrir ónauðsynlegri vinnu, sem er því ósamboðin, svo og öðrum verzlegum athöfnum og skemtunum, sem komi í bága við frið guðsþjónustugerðarinnar og sæmilegt helgidagahald yfir höfuð. Nefndin áleit, að rétt væri, að setja þessi ákvæði svo víðtæk, og láta þau ná svo langt, eins og almenningstilfinning virðist benda til og heimta.

Þetta er aðalstefna frv., eins og það kom frá h. Nd., en nefndin vill leggja það til, að gerðar verði nokkrar breytingar á því, til þess að þessi stefna komi enn ljósara fram. Breytingarnar eru eigi mjög víðtækar, en vér vonum, að þær séu til bóta og geri frv. aðgengilegra. Aðalbreytingin er sú, að í 1. gr. frv. falli burt orðin: „til miðaftans“, það er, að vinna sú, sem eftir frv. er bönnuð á helgidögum, sé bönnuð allan daginn; er þetta í samhljóðan við það, sem í undanfarin 40 ár hefir verið lögákveðið samkvæmt konungsbréfi 26. sept. 1860, og þykir oss ekki ástæða til að breyta þessum lögum, hvað það snertir.

Það vakti einnig fyrir nefndinni, að hvíldartími vinnulýðsins er nú aðallega bundin við það, hverjir dagar eru helgir að lögum og þá sérstaklega við sunnudagshelgina. Ef nú vinna á helgidögum væri ekki bönnuð lengur en til miðaftans, þá vær hætt við, að vinnuveitendur færðu sig upp á skaftið og heimtuðu vinnu af vinnufólki sínu eftir miðaftan þessa daga og rýrðu með því hvíldartíma þess, en nefndin áleit ekki rétt, að ákvæði frv. gætu gefið þeim tilefni til þess. Nefndin álítur það sjálfsagt, að það beri að halda fast við gömlu reglurnar um. að vinnulýðurinn eigi að njóta hvíldar frá allri almennri vinnu 7. hvern dag, og vill, að helgidagalöggjöfin styðji þessa reglu.

Önnur breyting nefndarinnar við 1. gr. er sú, að í stað orðanna „hlýtur að raska friði helgidagsins“ komi „raskar friði helgidagsins“ og er hér átt við vinnu þá, sem bönnuð er á helgidögum. Þetta er dálítið meira en orðabreyting og felur í sér nokkru dýpri hugsun en orð frv.; það er ætlast til, að sú vinna sé bönnuð, sem að einhverju leyti er þannig löguð, að hún eftir tilfinningu almennings raskar friði helgidagsins, og er þá ekki þörf á orðinu „hlýtur“ í málsgreininni. Það er réttara að hér sé miðað við almenningsálit, og að orðin séu víðtækari en í frv.

Við 4. gr. er gerð sú breyting, að í stað orðanna: „Á tíma þeim, sem til er tekin í 1. gr.“ komi: „Á helgidögum þjóðkirkjunnar“. Þetta er ekki breyting á meiningunni í þessari grein, heldur verður að gera þessa breyting í samræmi við breyt. á 1. gr. frv., til þess að meining 4. gr. haldi sér óbreytt eins og hún er í frv. Sama er að segja um breyttill. nefndarinnar við 5. gr., að hún er í samræmi við breytinguna á 1. gr. frv.

Við 5. gr. hefir nefndin komið með þá breytingartill., að orðin „með samþykki sóknarprests“ falli burt. Henni virtist miður fara að blanda sóknarpresti í það mál, og áleit nægilegt, að lögreglustjóri gæfi umrætt leyfi til að halda veizlur og almennar skemtanir eftir miðaftan. Ákvæðin miða að því, að valdstjórnin skuli eigi láta sér vera það óskylt, að hafa eftirlit með því, að friði helgidagsins sé eigi raskað með áminstum athöfnum.

Við 9. gr. leggur nefndin til að á eftir orðunum: „Kveldið fyrir stórhátíðisdaga eru allar almennar skemtanir bannaðar“, bætist við: „eftir miðaftan“. Eins og ákvæðið er orðað í frv., er það tvírætt, og gæti eins skilist á þann veg. að átt væri við kvöldið eftir kl. 9, eins og eftir miðaftan. Nefndinni þykir réttara, að ákvæðið sé orðað svo, að það sé ótvírætt. Við 10. gr. er bætt inn ákvæði um, hvert sektirnar fyrir brot gegn lögunum skuli renna, nfl. í sveitarsjóð. Svo hefir það verið hingað til, en þetta ákvæði vantar í frv.

Við 12. gr. er farið fram á þá breyting, að ekki séu öll lagaákvæði undantekningarlaust úr gildi feld, er snerta helgidagahald, heldur að eins aðaltilskipunin 28. marz 1855 og opið bréf 26. sept. 1860, „svo og önnur lagaákvæði, sem koma í bága við lög þessi“. Það geta verið til lagaákvæði, snertandi helgidagahald, sem ekki koma í bága við lagafrv. þetta, og er þá ekki ástæða til að fella þau úr gildi rannsóknarlaust og athugunarlaust, einkum ef þau kynnu að hafa þýðing sem hvíldardagsákvæði. Það er ætíð vissara að orða þessa klausu (abrogations-klausuna), í hvaða lögum sem er, á þá leið, sem nefndin leggur til.

Margt fleira mætti segja um þetta mikilsvarðandi mál, sem eg leiði hjá mér, af því að eg er ekki framsögumaður þess. Legg eg svo það til, að h deild samþykki breyt.till. nefndarinnar og síðan frv. í heild sinni.

ATKV.GR.:

1. Breyt.till. (470) við 1. gr frv. sþ. með 9. atkv.

2. Breyt.till. (470) við 1. gr. frv. sþ. með 9 atkv.
1. gr. með áorðinni breyt. sþ. með 9 atkv.
Breyt.till. (470) við 2. gr. sþ. án atkvæðagr.
2. gr. með áorðinni breyt. sþ. með 9 atkv.
3. gr. sþ. með 9 atkv.
1. Breyt.till. (470) við 4. gr. samþ. með 8 atkv.
2. Breyt.till. (470) við 4. gr. samþ. með 7 atkv.
4. gr. með áorðnum breyt. sþ. með 7 atkv.
1. Breyt.till. (470) við 5. gr. samþ. með 7 atkv.
2. Breyt.till. (470) við 5. gr. samþ. með 9 atkv.
5. gr. með áorðn. breyt. samþ. með 9 atkv.
Viðaukatill. (470) við 5. gr. sþ. með 8 atkv.
6. gr. samþ. með 9 atkv.
7. — — — 9 —
8. — — — 9 —
Breyt.till. (470) við 9. gr. samþ. með 8 atkv.
9. gr. með áorðn. breyt. samþ. með 8 atkv.
Breyt.till. (470) við 10. gr. sþ. með 9 atkv.
10. gr. með áorðn. breyt. sþ. með 9 atkv.
11. gr. samþ. með 9 atkv.
1. Breyt.till. (470) við 12. gr. samþ. með 6 atkv.
2. Breyt.till. (470) við 12. gr. sþ. með 9 atkv.
12. gr. með áorðn. breyt. sþ. með 9. atkv.
Fyrirsögn frumv. samþ. með 9 atkv
Frumv. sþ. til 3. umr. með 9 atkv.

Þriðja umr., 21. ágúst (C. bls. 695).

Framsögumaður (Hallgrímur Sveinsson): Við frumv. hafa engar br.till. verið fram bornar, síðan það var hér til 2. umr, og virðist mér því eigi ástæða til að fara mörgum orðum um málið, því síður sem allar breyt.till. nefndarinnar voru samþyktar hér í deildinni, er hefir tjáð sig sammála stefnu nefndarinnar í máli þessu. Vil eg því að eins leggja til, að frumv. verði samþykt, eins og það liggur fyrir til 3. umr.

ATKV.GR.: Frumv. samþ. með 10 atkv. og endursent forseta Nd.

Kirkjugarðar. I.

FRUMVARP til laga um kirkjugarða og viðhald þeirra; 1. umr., 4. júlí (C. bls. 171).

Ólafur Ólafsson: Frumv. þetta miðar að mínu áliti til bóta á ástandi því, er verið hefir hingað til. Það er skýring á eldri ákvæðum um þetta mál, sem eru bæði á sundrungu og óskýr. En úr því að frumv. þetta hefir komið fram á annað borð, þá hefði mér þótt æskilegt, að það hefði verið nokkuð viðtækara að því, er sum atriði snertir. Í frumv. eru ákvæði um, hver leggja skuli til efni í girðinguna, á hverjum garðgerðin skuli hvíla, kostnaðurinn við hana o. s. frv.; en þar er eigi minst á ýms önnur atriði, svo sem t. d. sáluhlið, sem oft hefir orðið að þrætuepli Eg veit til þess, að oft hefir orðið ágreiningur um, hvort það sé kirkjan eða sóknarmenn, er kosta skuli til þess. Eg álít því heppilegt, að tekin hefðu verið upp í frumv. ákvæði um þetta. Enn fremur hefði eg óskað frekari ákvæða um friðhelgi kirkjugarða.

Mörgum mun vera kunnugt um, að sá óvani tíðkast allvíða, að grafa ofan í grafir, sem ekki eru eldri en svo, að líkamir þeir, sem í þeim hvíla, eru oft og

tíðum eigi svo rotnaðir, sem æskilegt væri, er þær eru grafnar upp, svo að oft má sjá kastað upp úr þeim beinum, sem ekki eru orðin að moldu. Mér hefði enn fremur þótt vel við eigandi, að í frv. hefði verið tiltekinn ákveðinn tími, er eigi mætti raska við gröfum framliðinna.

Enn er eitt atriði, sem ekki hefir verið gert ráð fyrir í frumv. þessu. Það er að eins gert ráð fyrir, að kirkjugarðurinn sé hlaðinn sem garður, og að umráðandi leggi til efnið í hann; en það má líka gera ráð fyrir, að garðurinn sé gerður úr öðru en mold eða jörð, nfl. úr timbri eða timbri og járni, sem þegar er farið að tíðkast. Eg veit dæmi til þess á einum stað, að garðurinn eða girðingin var áætlaður úr timbri og járni og að sóknarmenn þá vildu láta kirkjuna kosta hann; og þess eru máske dæmi í fleirum stöðum en einum. Eg skal enn fremur benda á, að eg aðhyllist skoðun stiftsyfirvaldanna, sem hafa lagt það til, að almennur fundur þeirra, sem gjalda til prests og kirkju, skuli ákveða, úr hvaða efni garðurinn sé gerður, en í frumv. hefir það ekki verið gert. Eg verð að hallast að þeirri skoðun, að þeir, sem borga garðinn, ráði einnig, úr hvaða efni hann sé gerður. Í þessu atriði er frumv. ekki nógu víðtækt.

Á héraðsfundi Árnesinga kom fram frv. sama efnis, en töluvert víðtækara en þetta, og var það samþykt þar með örlitlum breytingum; var ráð fyrir gert að senda það til biskupsins; er það hugsun mín, að auka mætti inn í þetta frumv. ýmsum ákvæðum úr því frv., ef málið kemur í nefnd. Eg skal svo eigi orðlengja um frv. að svo stöddu, en vil bíða með að stinga upp á nefnd, ef fleiri skyldu vilja taka til máls; eg vil láta skoða mál þetta rækilega, því það hefir allmikla þýðing, og glögg ákvæði taka af marga deilu eftirleiðis. Væntanleg nefnd getur beðið eftir frumv. því að austan, sem eg drap á, með því að eg álít ekki ástæðu til að hraða þessu máli.

Hallgrímur Sveinsson: Eins og tekið er fram í ástæðunum fyrir frumv. þessu, er það komið fram eftir tilhlutun stiftsyfirvaldanna. Frumv. líks efnis var lagt fram fyrir prestastefnuna í fyrra, til þess að hún léti uppi álit sitt um, hvort hún væri með því eða móti. — Yfirlýsing hennar gekk í þá átt, að hún féllst á aðalstefnu frumv. með ofurlitlum breytingum, og var það því næst afgreitt til stjórnarinnar, en eg sé, að það er nú komið fram í nokkuð breyttri mynd. Það, sem gaf tilefni til, að stiftsyfirvöldin fóru að íhuga þetta mál, var sérstakt atvik, nfl. ástand kirkugarðsins í Reykjavík, sem lengi hefir verið slæmt. En þegar til þess kom, að koma nokkurri verulegri lögun á kirkjugarðinn hér, þá rákust stiftsyfirvöldin á mikla erfiðleika, þar sem ákvæðin um slík mál eru afargömul og ekki samsvarandi hinum núverandi þörfum. Ákvæðin í tíundarreglugerðinni 17. júlí 1782 eru aðallega miðuð við ástandið til sveita, en ekki í kaupstöðum, enda voru þeir hvorki margir né fjölmennir seint á 18. öldinni; en á 19. öldinni hefir ástandið stórum breyzt. Eftir hinum gömlu ákvæðum var mjög efasamt, af hverjum mönnum hér í kaupstaðnum skylduvinnu yrði krafist. Fyrir því óskuðu stiftsyfirvöldin skýra lagaheimild fyrir því, á hverjum hvíldi viðhald á kirkjugarðinum hér. Þeir, sem eiga leið suður eftir kirkjugarðsstignum hér, geta fjótlega sannfærst um, í hve sorglegu ástandi garðurinn er. Stiftsyfirvöldin hugsuðu sér í fyrstu, að setja mörg fleiri atriði inn í frumv., en komust að þeirri niðurstöðu, að það mundi eigi vera heppilegt, með því að æskilegt væri, að frumvarpið kæmi fram sem einfaldast og óbrotnast. Ef frumv. til laga er nokkuð langt mál, verður oft hætt við í meðferðinni, að atriði verði feld úr og öðrum skotið inn,

máske mjög smávægilegum, og komist þannig inn glundroði, svo alt verði ósamstætt, og verði svo þetta öllu málinu til falls að lokum. Háttv. þm. A.-Sk. (Ól. Ól.) þótti vanta ýms ákvæði inn í frumv., og mun hann þar eiga við nokkur þau ákvæði, sem stiftsyfirvöldin feldu úr frumv. sínu; en þau vildu láta frumv. vera sem styttst og einfaldast, en ætluðust hins vegar til, að í reglugerð, sem væri gefin út síðar, og styddist við ákvæði laganna, skyldu vera tekin fram ýms minni háttar en þó gagnleg atriði, til að koma góðri skipun á meðferð og notkun kirkjugarða, svo sem um nauðsynlega gangstigi, útvísun grafstæða og fleira slíkt Eg get alveg fallist á það, sem háttv. áðurnefndi þm. (Ól. Ól.) tók fram, að það sé bæði nauðsynlegt og æskilegt, að fara betur með kirkjugarða en tíðkast hefir hingað til, svo sem að girða þá sæmilega, og enn fremur að viðhafa meiri reglu og samvizkusemi við sjálfa greftrunina. Kirkjuhaldarar hafa oft eigi nægilegt eftirlit með, hvar grafið er og hvernig grafið er.

Eg geri mér von um, að háttv. þm. A.-Sk. (Ól. Ól.) muni við nánari íhugun geta felt sig við þá stefnu stiftsyfirvaldanna, sem synodus og stjórnin hefir aðhylst, að hafa frv. sem óbrotnast, en að öll smáatriði yrðu tekin fram í sérstakri reglugerð. Að öðru leyti virðist mér betra, að frumv. verði athugað í nefnd, og mætti þá ræða hin einstöku ákvæði síðar, er eigi á við þessa umræðu. —

Ól. Ólafsson stakk upp á 3 manna nefnd:

ATKV.GR.: Nefnd samþ. í e. hlj.

Kosningu hlutu:

Hallgrímur Sveinsson	með 9	atkv.
Ólafur Ólafsson	— 9	—
Guðjón Guðlaugsson	— 9	—

1. umr. frestað.

Framhald 1. umr. 17. júlí (C. bls. 171, 248).

Framsögumaður (Ólafur Ólafsson): Eins og h. þingd. er kunnugt, hefir nefnd sú, sem kosin var, til að íhuga þetta mál, lagt fram álit sitt. Jafnframt því, sem hún íhugaði frv. stjórnarinnar, hafði hún og undir höndum frv. sama efnis, samið af stiftsyfirvöldunum og samþykt á synodus 1900, og enn fremur frv., samþykt á héraðsfundi Árnesinga þ. á., og frv. samið af prófasti V. Briem sama efnis. Þessi 4 frv. hafði nefndin með höndum, til þess að moða úr, ef svo má að orði komast.

Nefndin hallaðist helzt að frv. stiptsyfirvaldanna, þar eð það var miklu viðtækara, en frv. stjórnarinnar.

Því var hreyft þegar við 1. umræðu, að frv. stjórnarinnar væri helzt til þröngt, leysti ekki hnútana, sem þörf væri á, né svaraði þeim vafaspurningum, sem helzt þyrfti að greiða úr. Það hefir helzt verið deiluefni, hver kosta ætti efni í girðing kirkjugarða, þegar hún væri ekki úr torfi eða grjóti, heldur úr timbri eða járni. Einnig hefir verið deilt um það, hvort kirkjueigandi eða sóknarmenn ættu að kosta sáluhliðið. Heldur ekki hafa menn verið samdóma um, hverjir af sóknarmönnum ættu að bera kostnaðinn, eða hvernig honum skyldi jafnað niður á menn. — Stjórnarfrv. leysir ekki úr þessum spurningum. En nefndin vildi leitast við að greiða úr þessum spurningum, svo að þær gætu ekki valdið misskilningi eftirleiðis.

Það, sem sérstaklega er nýtt í frv. nefndarinnar, er það ákvæði, að sóknarmenn skuli ráða, úr hverju efni girðingin skuli vera, hvort hún skuli vera úr torfi, grjóti, timbri eða járni. Enn fremur er það nýtt, hvernig nefndin vill láta jafna niður kostnaðinum, sem sé á líkan hátt og sönggjaldi er jafnað niður samkvæmt lögum 22. maí 1890, að helmingurinn greiðist eftir efnum og ástæðum, en hinn

helmingurinn komi jafnt niður á hvern tilskyldan mann í sóknunni. Enn fremur er ákvæði um, hvernig haga skuli, ef deila rís út af niðurjöfnum kostnaðarins, og kæra kemur fram um það, svo og mælt fyrir, hvernig því skuli fyrir komið ef sóknarmenn vilja, að kirkjugarður sé lagður niður. Loks er ákveðið, að biskup skuli semja reglugerð, er landsh. samþykki, um friðhelgi kirkjugarða, meðferð grafreita, tillögum á greftri o. fl.

Nefndin vill því ráða h. þingd. frá að samþykkja frv. stjórnarinnar og leggur til, að í stað þess verði samþykt frv. nefndarinnar.

Eg skal að svo stöddu ekki fara frekari orðum um málið, þar sem ekki er leyfilegt að ræða einstakar greinir frv. við þessa umræðu.

Kristján Jónsson: Eg er fyrir mitt leyti samdóma nefndinni um það, að rétt sé að fella stjórnarfrv. og samþykkja annað frv. í stað þess, og hefir mér getist allvel að stefnu þeirri, sem nefndin hefir tekið í frumv. sínu.

Eg áleit það rétt að taka þetta fram nú þegar og vil fyrir mitt leyti lýsa því yfir, hverjar ástæður eg hafi til þessa. En þær eru, að grundvöllur sá, sem stjórnin hefir bygt á frumv. sitt og tillögur, er að minni hyggju alveg rangur. Eg þekki ekki, að hann hafi nohkra stoð í íslenzkum lögum.

Í athugasemdum stjórnarinnar við frv. stendur sem sé á 2 eða 3 stöðum, að kirkja eða kirkjueigandi sé skyldur að kosta kirkjugarð nær því að öllu leyti; þar segir t. a. m.: „Stjórnarráðið verður þannig að telja beina heimild fyrir því í hinum gildandi lögum, að það hvíli á kirkjunni“ o.s frv. En þetta fullyrði eg að ekki sé rétt. Við eigum ákveðin lög í því efni, í reglugjörð 17. júlí 1782. Þar stendur: „Kirkegaarde . . . skal Bönderne i Sognet opföre . . . paa deres egen Bekostning“. Þetta er ljóst og greinilegt. Vandræðin í málefni þessu hafa ekki stafað af því, að það vantaði lög um það, hverjum beri að kosta kirkjugarð, heldur af því, að það vantar nægileg og nauðsynleg ákvæði um það, hvernig því má koma í framkvæmd, að þeir, sem kosta eiga kirkjugarð í raun og veru, geri það, og hvernig þeir kæmu verkinu til framkvæmdar. Þess vegna var þörf á nýjum lögum, til að kveða á um þetta. Kirkjueigendur, hverjir svo sem þeir eru, eiga eftir gildandi lögum ekki að leggja annað til kirkjugarðs en lóðina, og svo efni það, er jörð, þar er kirkja stendur, getur lagt til, sem sé torf og grjót. Alt annað eiga sóknarmenn sjálfir að kosta.

Þar sem þetta áreiðanlega eru lög hér á landi. þá er frumv. stjórnarinnar bygt á rangri grundvallarskoðun, og virðist því rétt, eins og nefndin leggur til, að fella það og setja frumv. nefndarinnar í stað þess.

Það eru sérstakar ástæður, sem hafa gefið mér tilefni til þessara athugasemda. Eg hefi oft íhugað og athugað þessa spurning, vegna þess, að hér hafa verið vandræði með kirkjugarðinn í Reykjvík einmitt í þessu efni. Síðan eg kom hingað til Rvíkur 1886, hefir kirkjugarðurinn verið í svo óforsvaranlegu standi, að þess eru engin dæmi. Því þarf ekki að lýsa nánara; það er kunnugt bæði stiftsyfirvöldunum, sem sjálf sitja hér á þingi, dómkirkjuprestinum og öllum sóknarmönnum. Ef stjórnin hefir nú rétt fyrir sér og sinni skoðun á kirkjugörðum, þá er þetta ástand, sem er til hreinustu vanvirðu, engum öðrum að kenna en landstjórninni sjálfri, sem er kirkju-eigandi eða í kirkjueiganda-stað og á að sjá um þennan kirkjugarð, og hún hefir þá, að minsta kosti í 15 ár, vanrækt að hafa hann í sæmilegu standi. Eg vildi benda á þetta hér, því að samkvæmt kenning landstjórnarinnar sjálfrar, er hún skyld til að sjá um og kosta kirkjugarðinn í Reykjavík, en að

vísu er sú kenning eigi rétt, eins og eg leitaðist við að sýna fram á áðan.

Guðjón Guðlaugsson: Eg stend upp, að eins til að benda á óviðkunnanlega úrfelling í nefndarálitinu; þar hefir fallið úr, þar sem talað er um efni í girðinguna, orðið „torf“: „þegar það hefir verið ákveðið annað en grjót“ . . . eða torf, mun hafa átt að standa á eftir.

ATKV.GR.: Frumv. felt í e. hlj.

Kirkjugarðar II.

FRUMVARP til laga um kirkjugarða og viðhald þeirra; 1. umr., 18. júlí (C. bls. 249).

Framsögumaður (Ólafur Ólafsson): Eg sé ekki ástæðu til að fara mörgum orðum um frv. þetta. Í gær þegar stjórnarfrv. sama efnis var til umr., gerði eg nokkurn veginn grein fyrir stefnu þeirri, sem nefndin hefði haft fyrir augum og benti sérstaklega á efnisbreytingarnar og þá viðauka og önnur ákvæði, sem nefndin hefði bætt inn í sitt frv. Síðan hef eg heyrt af samtali við aðra þingdm., að í frv. væru nokkur atriði, sem þeir óskuðu að væru orðuð á ann veg, en meðan eg heyri ekki neinar raddir í þá átt hér í deildinni, þá skal eg ekki fara frekar út í það atriði málsins.

Hallgrímur Sveinsson: Eg skal að eins bæta því við ræðu h. frsm. (Ól. Ól.), að hvað 7. gr. frv. snertir, þá var nefndin sjálf ekki allskostar ánægð með þá grein eins og hún einnig hefir orðið vör við af samtali við einstaka deildarmenn, að æskilegt væri að breyta henni á annan veg. Nefndin mun því að líkindum taka það til íhugunar, hvort ekki mætti gera orðalagið fyllra og nákvæmara en á sér stað í frv., og mun nefndin þá koma þeirri breyting á framfæri, ef hún kemur sér saman um hana. En ef nefndin gerir það ekki, þá yrðu til þess ef til vill einstakir menn úr þingdeildinni í samráði við einhverja úr nefndinni.

Það, sem er athugavert við 7. gr., er að hún gerir ráð fyrir allmörgum tilfellum, sem komið geta fyrir, þegar kirkjugarður er lagður niður. Þótti nefndinni nauðsynlegt, að sett væri ákvæði um, hvern rétt og skyldu sóknarmenn hefðu alment í því efni, og sérstaklega þeir, sem ættu legsteina og minnismerki í garðinum, og hvernig því yrði skipað með sanngirni bæði gagnvart einstökum mönnum og fjöldanum. Eg skal játa það, að það er töluvert erfitt að koma þessu svo fyrir, að ákvæðin séu fullnægjandi og ýtarleg og þurfi ekki að reka sig á sanngjarnar mótbárur í því efni.

Nefndin mun nú íhuga það og gera grein fyrir því síðar.

Þá getur og komið til álita, hvort reglugerð sú, sem gert er ráð fyrir í 8. gr. frv., eigi að ná til þeirra kirkjugarða einna, sem eru til notkunar eða líka til þeirra, sem eru lagðir niður. Ef hún ætti að ná til þeirra, sem niður eru lagðir, þá mætti stytta 7. gr. frv. og láta ákvæði hennar bíða væntanlegrar reglugerðar. Ef mönnum þætti það síður eiga við í reglugerð, þá væru fullnægjandi ákvæði um niðurlagning kirkjugarða heppileg í 7. gr.

En sem sagt mun nefndin athuga þetta og hafa vakandi auga á þessu atriði málsins

ATKV.GR.: Frv. vísað til 2. umr. í e. hljóði.

Önnur umr., 20. júlí (C 249, 317).

Framsögumaður (Ólafur Ólafsson): Eins og h. þm. sjá, hefir nefndin komið fram með breyt.till. við 7. gr. frumv. og farið þar eftir bendingum h. þm. við 1. umr. og samtali þar fyrir utan. Þar er svo ákveðið:

„Ef enginn atkvæðisbærra sóknarmanna mótmælir, má þegar slétta yfir niðurlagðan kirkjugarð og gera hann að grasreit

með umsjá sóknarnefndar eftir ákvæðum 2. og 4. gr., en sóknarmenn skulu vinna verkið.“

Nefndinni þótti það viðurhlutamikið, að leggja niður kirkjugarð, ef einhver manneskja í sókninni óskar þess að fá að liggja þar; en hún taldi víst, að jafnan mundi hægt að fá einhvern atkvæðisbæran mann, til að bera þessa ósk fram og mótmæla niðurlagningunni. Fyrir þessa skuld hefir nefndin hagað þessu ákvæði þannig.

Gamlir menn vilja oft láta jarða sig hjá frændum og ástvinum, og það er sjálfsagt að virða slíkar tilfinningar og fara eftir þeim, eins og hægt er. Sömuleiðis hefir nefndin sett tímatakmarkið úr 20 árum niður í 15 ár og sömuleiðis kveðið á um, að legsteinar og minnismerki, er standa í niðurlögðum kirkjugarði séu að öllu leyti í ábyrgð vandamanna hinna látnu eða ættingja þeirra, er í sókninni búa, jafnvel þótt 15 ár sé liðin. Einnig hefir nefndin komið fram með nýtt ákvæði, til að girða fyrir ósæmilega meðferð á kirkjugörðum.

Nefndin væntir, að heppilegast sé, með tilliti til kostnaðar þess, er af viðhaldi kirkjugarðanna leiðir og minst er á í 4. gr., að helmingur kostnaðarins komi jafnt á hvern tilskyldan mann, en hinn helmingurinn fari eftir efnum og ástæðum.

Með því að jafna þessu þannig niður, höfum vér fylgt þeirri sömu reglu, sem liggur til grundvallar fyrir sönggjaldslögum 22. maí 1890. Nefndin sá ekki ástæðu til að raska þessum grundvelli og ætla eg ekki að svo stöddu að fara fleirum orðum um aðgerðir nefndarinnar.

ATKV.GR.: 1. gr. samþ. í e. hlj.
2. gr. samþ. í e. hlj.
3. — — - —
4. — — - —
5. — — - —
6. — — - —
Brt. á þgskj. 135 við 7. gr. sþ. í e. hlj.
8. gr. samþ. í e. hlj.
9. gr. sþ. í e. hlj.
Fyrirsögnin samþ. í e. hlj.
Frv. visað til 3. umr. í e. hlj.

Þriðja umr., 22. júlí (C bls. 342).

Frumv. samþ. í e. hlj. og afgreitt til N.d.

Ein umr., 14. ágúst (C bls. 557, 608).

Forseti gat þess, að við prentun frumv. hefði slæðst inn í það töluvert af prentvillum, sem hann skyldi sjá um, að leiðréttar væru við endurprentunina.

Ólafur Ólafsson: Nefndin, sem skipuð var, til að íhuga þetta mál hér í deildinni, áður en það fór til Nd., hefir íhugað hinar fáu breytingar, sem gerðar hafa verið á frumv. og álítur þær til bóta og ræður deildinni til að samþykkja málið, eins og það liggur fyrir. Breytingar þær, sem nefndin hefir gert við frumv., eru að eins til að færa það til réttts máls. Meira hefi eg ekki að segja fyrir hönd nefndarinnar, en legg til, að frumv. verði samþ. með þessum breytingum.

ATKV.GR.: Frumv. samþ. í e. hlj. og verður afgreitt til landshöfðingja sem lög frá alþingi.

Fjárhald 3 landssjóðskirkna.

FRUMVARP til laga um, að umsjón og fjárhald nokkurra landssjóðskirkna skuli fengið hlutaðeigandi söfnuðum í hendur; 1. umr., 6. ágúst (C bls. 470).

ATKV.GR.: Frumv. vísað til 2. umr. með 9 shlj. atkv.

Önnur umr., 8. ágúst (C bls. 470).

Hallgrímur Sveinsson: Eg skil frumv. þetta svo, sem það sé að eins heimildarlög fyrir stjórnina, til að afhenda hlutaðeigandi landssjóðskirkjur söfnuðunum, hvað

umsjón og fjárhald snertir, og þá með því álagi, sem hér er ákveðið. Eins og kunnugt er, er það ekki í fyrsta sinn, sem það mál hefir komið fyrir þingið, þar sem landsstjórnin hefir um langan tíma óskað að losna við sem flestar kirkjur sínar og fá umsjón þeirra söfnuðunum í hendur með þeim kjörum, er um gæti samist. Þetta hefir haft framgang nú þegar, að því er nokkrar kirkjur snertir. En söfnuðir þeir, sem hér ræðir um, hafa ekki viljað takast umsjón kirknanna á hendur með því álagi, sem í boði hefir verið. Þeir hafa aftur sagt, eða að minsta kosti einn þeirra, að ef þeir yrðu skyldaðir með lögum til að annast umsjón og fjárhald kirknanna, þá yrðu þeir að lúta því valdboði. En til þess mun naumast koma, að þeir verði skyldaðir til þess, því að í núgildandi lögum um umsjón og fjárhald kirkna er gert ráð fyrir, að söfnuðirnir séu spurðir um álit þeirra og hafi frjálst og fullkomið sþ.atkv. um málið. Söfnuðirnir í Langholtssókn og Þykkvabæjarklausturssókn hafa lýst því yfir, að þeir vildu ekki taka við umsjón kirknanna með því álagi, er þeim hefir verið boðið. Nú er spurningin, hvort þeir vilji taka hana að sér með hærra álagi, eins og boðið er fram í þessu frv., og verður það þó athugunarmál fyrir söfnuðina, hvort þeim fyndist á það hættandi. Úr því verða þeir sjálfir að skera. Sjái þeir sér það fært, þá mun landstjórnin taka því með þökkum, þar sem löggjafarvaldið hér lýsir því yfir, að svo miklu vilji það kosta til þess, sem frumv. ákveður. Þetta eru því að eins heimildarlög.

Við frumv. er því ekkert að athuga og vænti eg þess, að h. deild feti í fótspor h. Nd. og samþykki frumv.

Sigurður Jensson: Þar sem svo er ástatt, að mörg mál eru fyrir á hverjum degi, þá munu vera fleiri en eg, sem hafa naumast tíma til að kynna sér málin til hlítar. Það er ástæða til að kynna sér það vel í þessu máli, í hvaða ástandi kirkjurnar eru, þegar þær eru afhentar, til þess að geta dæmt um, hvort álagsupphæðirnar fara nærri sanni, einkum þegar það eru töluvert háar upphæðir, eins og t. d. við afsal Vestmanneyjakirkju. Að vísu hefir þessi hlið málsins verið að líkindum athugað í Nd., en eg álít ekki rétt, að greiða atkvæði eingöngu ettir athugunum Nd., heldur þurfum við sjálfir að athuga frumv. Það væri því réttast, að málið yrði athugað í nefnd og þyrfti ekki til þess langan tíma, en þá gætu þdm. betur áttað sig á, með hverju þeir eru að greiða atkv.

Leyfi eg mér að stinga upp á 3 manna nefnd.

ATKV.GR.: Samþ. með 7 : 3 atkv. að skipa 3 manna nefnd í málið, að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

já:

Ólafur Ólafsson,
Sig. Jensson,
Axel Tulinius.
Guðjón Guðlaugsson,
Gutt. Vigfússon,
Hallgr. Sveinsson,
Kristján Jónsson.

nei:

Eiríkur Briem,
Jónas Jónassen,
Julius Havsteen.

Í nefndina voru kosnir:
Sig. Jensson með 8 atkv.
Ólafur Ólafsson — 4 —
Hallgr. Sveinss. — 4 —
2. umr. frestað.

Framhald 2. umr., 20. ágúst (C bls. 470, 681).

Framsögumaður (Ólafur Ólafsson): Eg skal ekki fara mörgum orðum um frumv. að þessu sinni, en að eins geta þess, að nefndin hefir komist að þeirri niðurstöðu, að rétt sé að samþykkja það. Ástæður þær, sem nefndin færir fyrir þessu, eru teknar fram í nefndarálitinu, og ætla eg,

að þær séu h. deildarmönnum vel kunnar. Eg skal svo ekki orðlengja frekar um frv., en vil að eins mælast til þess, að það verði samþykt við þessa umræðu og fái svo að ganga áfram.

ATKV.GR.:

1. tölul. samþ. með 10 atkv.
2. — — — — —
3. — — — — —

Fyrirsögnin — — — —

Frv. vísað til 3. umr. með 10 atkv.

Þriðja umr., 22. ágúst (C. bls. 470).

Julius Havsteen: Eg get eigi skilið svo við þetta mál, að eg ekki segi nokkur orð um það. Það mun koma til minna kasta að hafa afskifti af að losa landssjóð við þær kirkjur, sem nefndar eru í þessu frv. Undanfarin ár hafa verið gerðar tilraunir til að fá söfnuði þessa til að taka kirkjurnar að sér, en það hefir mistekist.

Í lögunum 18. desbr. 1897, var söfnuðunum í Langholtssókn og Þykkvabæjarklausturssókn gefin kostur á að fá kirkjurnar til umráða, Langholtskirkju með 2500 kr. álagi, en Þykkvabæjarklausturskirkja með 1000 kr. álagi. Nú í hinu fyrirliggjandi frumvarpi er hækkað álagið á báðum þessum kirkjum þannig, að hækkunin nemur 1500 kr. fyrir báðar til samans. Fjárveitingarvaldið þykist sjálfsagt hafa leyst hendur sínar vel með því, að bjóða söfnuðunum að taka að sér kirkjurnar og skamta þeim svo úr hnefa álagið, en það er ekki svo. Tillaga stjórnarinnar um nauðsynlegt fé til þess að gera að þessum kirkjum, sem eru í mjög aumlegu ástandi, og útvega vantandi áhöld og skrúða í þær, gekk út á að fá 2250 kr. Þannig hyggur löggjafar- og fjárveitingarvaldið að spara 750 kr. á kostnað hinna fátæku safnaða. Það má nú reyna að fá söfnuðina til að taka þessar kirkjur að sér með þeim kjörum, sem nú eru boðin, en eg get ekki ætlað annað, en það mundi mistakast. Meðan kirkjurnar eru ekki í sómasamlegu standi, taka söfnuðirnir ekki á móti þeim. Fyrsti vegurinn til þess, að fá söfnuðina til að taka við þeim, er að veita fé til að gera við þær, en meðan þær eru í því ástandi, sem þær eru, vilja söfnuðirnir ekki hafa þær. Mig furðar á því, sem stendur í nefndarálitinu, að það sé langtum hentara og hægara fyrir söfnuðina sjálfa, eða sóknarnefndirnar fyrir þeirra hönd, að framkvæma umbætur á þessum kirkjum, heldur en landsstjórnina. Eg veit ekki, hvað nefndin hefir haft í huga með þessu. Það getur þó ekki verið, að hún hafi hugsað, að söfnuðirnir hafi efnin eða getuna til þess að framkvæma þessar umbætur, fremur en landið, sem á kirkjurnar, en hún hefir sjálfsagt gengið út frá því, að söfnuðirnir hefðu betri vilja á því en fjárveitingarvaldið. Ef söfnuðirnir taka þessar kirkjur að sér, þá spái eg því, að það verði þeirra fyrsta verk, að skrifa stiftsyfirvöldunum og biðja um lán úr kirkjusjóði. Eg álít þetta frv. þess vegna í rauninni þýðingarlaust.

Frsm. (Ólafur Ólafsson): Svo framarlega sem frv. þetta verður samþykt, þá er hlutaðeigandi söfnuðum að eins boðið að taka þessar kirkjur að sér með því álagi, sem frv. ákveður og stjórninni er gefin heimild til að afhenda þær. Söfnuðirnir hafa alveg frjálsar hendur í þessu efni, þeir geta gert, eins og þeir vilja, að ganga að þessu boði eða ekki. Það var álit nefndarinnar að stefna þessara tíma gangi í þá átt, að sem flestar kirkjur komist í hendur safnaðanna. Eg endurtek það, sem stendur í nefndarálitinu, að söfnuðirnir eiga hægara með að framkvæma nauðsynlegar umbætur á kirkjum, heldur en landsstjórnin. Mig furðar á því, að h. 1. kgk. þm. (J. H.), jafn-reyndur og margfróður maður, skuli telja það efamál, að söfnuðirnir, sem hafa kirkjurnar í sinni miðju, eigi hægra með að líta eftir þeim og umbæta þær, en stjórnin, sem býr í

margra milna fjarlægð frá þeim. Eg hygg, að það sé viðurkent og reynslan sýni það, að alt, sem landssjóður og stjórnin lætur vinna, eru þau dýrustu verk hér á landi. Eg kasta ekki neinum steini á stjórnina fyrir það. Þetta er ekki nema eðlilegt. Stjórnin verður yfir höfuð oftast að sjá alt með annara augum. Það er eins með þau störf, sem snerta kirkjurnar, eins og með alt annað, að þeir eiga hægast með að líta eftir, sem næstir eru. Nefndin álítur sem sagt ekki, að hlutur safnaðanna sé fyrir borð borinn með þessu frv.; það verður auðvitað að vera á valdi deildarinnar, hvort hún vill samþykkja það eða ekki. Það er svo sem auðvitað, að stjórnin verður að láta gera svo við þessar kirkjur, að söfnuðirnir geti felt sig við það.

Eg veit sérstaklega um eina kirkju í sama prófastsdæmi, og eg hef verið í, að talsverðar vífilengjur hafa orðið út úr reikningshaldinu, og 1891 var bent á það í Nd., að farið hefði verið fram á að veita 20 kr. fyrir að moka snjó út úr kirkjunni. Báðir málsaðilar, söfnuðirnir og landssjóður, eru óánægðir með þetta fyrirkomulag eins og það er nú, og þegar svo er ástatt, þá er bezt að fá enda á því, með því að söfnuðirnir fái þessar kirkjur til umráða með hæfilegu álagi. Eg skal að lokum benda á, að mér er þetta ekkert kappsmál, og það er alls ekki meining nefndarinnar, að kostum safnaðanna skuli að neinu leyti þröngvað með þessu frumvarpi.

Landshöfðingi: Eg vildi að eins leyfa mér að taka það fram, að eg hef skilið svo umræðurnar um þetta mál, að ef þessir 2 söfnuðir í Langholtssókn og Þykkvabæjarklausturs-sókn — svo framarlega sem frv. verður staðfest — hafna því boði, sem frv. fer fram á, þá telji þingdeildin sjálfsagt, að landsstjórnin hafi fulla heimild til að láta gera svo við þær, að þær verði messufærar og í sómasamlegu standi.

Frv. sþ. með 8 shlj. atk. og afgreitt til landsh. um lög frá alþingi.

Jarðarkaup handa Fjallaþingum.

FRUMVARP til laga um útvegun á jörð handa Fjallaþingaprestakalli; 1. umr. 5. júlí (C. bls. 161).

Hallgrímur Sveinsson: Í athugasemdunum um frumvarp þetta er skýrt frá ástæðunum fyrir því, og hygg eg því, að eg þurfi eigi að fara mörgum orðum um það. Hér er eigi um eins eyris útgjöld að ræða fyrir landssjóð, heldur að eins um það að leggja fram eitt skifti fyrir öll 1600 kr. gegn því, að sú upphæð, er svarar til 4 af hundraði af þessu fé, falli niður af hinni árlegu uppbót prestakallsins úr landssjóði, og er það samhljóða því, sem tvisvar sinnum hefir gert verið áður, nfl. fyrir Tröllatungu og Brjámslækjar prestaköll. Hér er sérstaklega brýn þörf fyrir hendi, svo að þetta litla og tekjurýra prestakall verði gert lítið eitt aðgengilegra en það hingað til hefir verið. Það hefði auðvitað verið æskilegast að hægt hefði verið að bæta úr prestsetursskortinum, án þess, að skerða tekjur brauðsins; en þar sem óvíst þótti, hvernig undirtektir sú breyting, sem bakaði landssjóði nokkur útgjöld, mundi fá á þinginu, þá þorðu stiftsyfirvöldin ekki að fara lengra en þetta af ótta fyrir, að það gæti orðið málinu að falli.

Eg álít eigi þörf á að skipa nefnd í þetta mál, en vil að eins leyfa mér að mæla með því, að frumvarpið fái að ganga til annarar umræðu og svo áfram.

Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Önnur umr. 8. júlí (C. bls. 161).

ATKV.GR.:

Meginmál frv. sþ. í e. hlj.

Fyrirsögn frv. samþ. í e. hlj.
Frumv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Þriðja umr.; 10. júlí (C bls. 161).
ATKV.GR: Frumv. samþ. í e. hlj. og afgreitt til Nd.

Einholtssókn prestakall.

FRUMVARP til laga um breyting á lögum 27. febr. 1880 um skipun prestakalla; 1. umr., 11. júlí (C bls. 231).

Flutn.m. (Ólafur Ólafsson): Eins og sjá má á þskj., er eg flm. þessa frv., og þykir mér því hlýða, að eg fari nokkrum orðum um það. Eg get hugsað mér, að sumum kunni að þykja framkoma þess einkennileg, í fyrsta lagi af því, að andi núverandi tíma blæs þunglega móti kirkjunni, og í öðru lagi af því, að oft heyrast raddir, er fremur ganga í þá átt, að fækka en fjölga prestaköllunum, og getur það ef til vill verið rétt sumstaðar, en það er þó því að eins rétt, að kringumstæðurnar séu hentugar til þess.

Í frumv. þessu er farið fram á að skifta sundur Bjarnanesprestakalli þannig, að Einholtssókn, sem var sameinuð við það árið 1880, verði gerð að sérstöku prestakalli út af fyrir sig. Þar stendur sem sé svo á, að Bjarnaness- og Hoffellssóknir eru austanvert við Hornafjarðarfljót, en Einholtssókn að vestanverðu. Einholtssóknarmenn verða því að sækja alla prestþjónustu austur yfir fljótið, eða presturinn í Bjarnanesi verður að fara vestur yfir fljótið til þeirra Það er líka kunnugt, að Hornafjarðarfljót er ein vatnsmesta áin af öllum ám landsins, og að sögn prests, sem þjónað hefir þar, er fljótið all-langan tíma árs al-ófært yfirferðar eða að minsta kosti meira eða minna ófært. Nú geri eg ráð fyrir, að menn muni spyrja: Því var þá Einholtssókn nokkurn tíma sameinuð við Bjarnanesspestakall? Þessi spurning er eðlileg; en við hana vil eg gera þá athugasemd, að hér stendur öðruvísi á en í flestum öðrum prestaköllum landsins. Einholtssóknarmenn hafa aldrei samþykkt, hvorki fyr né síðar, að þeirra sókn væri sameinuð við Bjarnanesprestakall. Þeir hafa mótmælt sameiningunni bæði fyr og síðar.

Eg hefi hér í höndum vottorð, sem sýnir, að á fundi, sem haldinn var á Kálfafellsstað 20. júlí 1878 til undirbúnings undir brauðasamsteypuna, mótmælti fulltrúi Einholtssóknarmanna sameiningunni, og hafa þeir staðið við þessi mótmæli sín alt fram á þennan dag.

Prófasturinn lýsti því yfir í Bjarnanesi í vor, að Einholtssóknarmenn hefðu þegar í upphafi verið mótfallnir samsteypunni, og síðar hafa þeir á mörgum héraðsfundum andmælt henni; þannig hafa á héraðsfundum, sem haldnir hafa verið 1891, 1896 og síðast 1901, komið fram andmæli gegn sameiningunni, og alvarlega verið óskað eftir, að Einholtssókn yrði aftur skilin frá Bjarnanesprestakalli vegna erfiðleikanna á prestsþjónustunni.

Prestur sá, sem þjónaði Einholtssókn, eftir að sameiningin átti sér stað, flutti skömmu síðar til annars prestakalls, með fram ef til vill af því, að hann var orðinn þreyttur á þjónustunni, og prestur sá, sem nú þjónar þar, hefir lýst því yfir skýrt og skorinort, að það sé öldungis ótækt að una við samsteypuna 1880. Sem dæmi þess, hve miklir erfiðleikar eru á prestsþjónustunni í þessari sókn, má geta þess, að það hefir fjórum sinnum orðið að dagsetja jarðarför framliðins manns, af því að eigi hefir verið fært yfir fljótið. Mörg dæmi má slík telja. En það, sem Einholtssóknarmönnum tekur sárast til af öllu, er það, að presturinn er neyddur til að sinna minna barnauppfræðslunni vegna erfiðleikanna á að komast til þeirra. Fyrir því fólu þeir mér í vor á þingmálafundi það erindi á hendur, að bera fram frumv. í þá átt,

að Einholtssókn yrði aftur gerð að sérstöku prestakalli, eins og áður hefir verið, og fæ eg ekki betur séð, en að sú ósk sé bygð á fylstu sanngirni og fyllsta réttlæti.

Hér er farið mjög hóflega í sakirnar, nefnilega, að aðskilnaður Einholtssóknar skuli ekki eiga sér stað, fyr en við næstu prestaskifti, með að eins 300 kr. uppbót úr landssjóði. Meðan ríkiskirkjan er hér á landi, þá á ríkið að annast um, að enginn sé sá söfnuður, sem eigi hafi sæmilega prestsþjónustu, að svo miklu leyti, sem það er unt, og að því er Einholtssókn snertir, þá er hægt að gera það með því, að stofna þar sérstakt prestakall og aðskilja það frá Bjarnanesprestakalli. Austur-Skaftfellingar eru trúmenn og siðgæðismenn og þeim tekur það sárt, að hafa eigi kirkjulega þjónustu í svo góðu lagi, að andlegt og trúarlegt líf geti eflst og viðhaldist hjá þeim. Það heyrist oft talað um og er víða kvartað yfir því að hið kirkjulega líf hér á landi sé rotið, fúið og dauft; en sé því svo varið, þá á löggjafarvaldið eigi að stuðla að því, að viðhalda þessu kirkjulega ástandi eða auka trúarlegan dauða, heldur á það að gera öllum söfnuðum landsins sem auðveldast að fá sæmilega prestsþjónustu. Eg heyrði Einholtssóknarmenn tala um, að þeim tæki það sérstaklega sárt, að börn þeirra fengju eigi svo góða uppfræðslu, sem skyldi, og er það mjög skiljanlegt, þar sem það er viðurkent, að hún sé skilyrði og fylsta trygging fyrir líkamlegum og andlegum framförum í öllum greinum landi og þjóð til blessunar. Eg hygg, að allir muni játa, að hver sá prestur, sem rækir samvizkusamlega uppfræðslu æskulýðsins, leggi drjúgan skerf til að efla framfarir landsins.

Af því að eg álít þetta fremur hóflega kröfu, þar sem ekki er farið fram á aðskilnaðinn fyr en við næstu prestaskifti, þá trúi eg eigi öðru, en að alþingi verði við henni og álíti hana bygða á sanngirni og réttlæti. Það hafa áður komið fram óskir frá Einholtssóknarmönnum um þetta mál, þótt þær eigi hafi komist svo langt að vera bornar fram á þingi; þannig kom beiðni frá þeim 1897, en var aldrei borin fram. — Þar sem ekki er farið freklegar í sakirnar, en hér er gert, þá vona eg, að h. dingd. viðurkenni þessa sanngirniskröfu og nauðsynina til þessa máls, og að hún lofi frumv. þessu að ganga tálmunarlaust gegnum deildina.

Guðjón Guðlaugsson: H. flutnm. tók það fyrst fram, að hann byggist eigi við, að frumv. þetta fengi góðan byr, af því að andi þjóðarinnar blési þunglega gegn kirkjunni Eg veit eigi, hvort það er rétt álitið, að sá mótblástur sé svo mjög mikill, og þó svo væri, þá álít eg ekki, að sá mótblástur sé glæðandi. En það er ekki sú ástæða, sem eg hygg, að gæti orðið frumv. þessu að falli, heldur sú, að það er alment álitið, að fremur beri að fækka en fjölga prestsembættum hér á landi, en þetta get eg eigi séð að sé neinn mótblástur gegn kirkjunni í heild sinni, heldur fremur sem tilfinning fyrir því hjá þjóðinni, að það þurfi að fara svo vel með prestana, að þeir geti orðið fullkomlega til uppbyggingar fyrir söfnuðina og kirkjuna, og að þeir slái eigi skugga á hana, og því beri fremur að bæta kjör þeirra presta, sem nú eru, en koma á stofn fleiri prestaköllum, sem eigi fullnægja þeim skilyrðum, sem prestar eiga fulla heimting á.

Til þess nú að bæta kjör þeirra presta, sem nú eru, sé eg eigi að sé neinn annar vegur, en að hafa presaköllin heldur færri.

Eg veit, að það muni vera rétt, sem h. flutnm. tók fram, að þessi sókn hafi aldrei gefið samþykki sitt til samsteypunnar. Þegar um slíka samninga er að ræða, þá vill engin sókn missa sinn prest, og þeir, sem þykjast eiga of langt til prests að sækja, vilja svo fá nýjan.

Eg álít það mjög heppilagt, ef þingið

kæmist að þeirri niðurstöðu, að fremur beri að fækka en fjölga prestaköllum landsins, og að það haldi sér við þá skoðun — hvort sem ein sókn segir, að hún samþykki sameininguna eða ekki, svo framarlega sem það er ekki fullkomlega sannað, að samsteypan sé bráðnauðsynleg. H. flutnm. tók að vísu fram gildar ástæður fyrir því, að þessi sókn þyrfti sérstakan prest fremur mörgum öðrum hér á landi. En eg álít það eigi neitt lífsspursmál, þótt erfitt sé að ná til prests; eg verð að gera mjög mikinn mun á presti og t. d. lækni í þessu efni. Lækni þurfa menn að geta náð í, þegar brýn þörf er á, og það tafarlaust, en um prest finst mér öðru máli að gegna. Mér finst það ekki standa á svo fjarska miklu, þótt líki ekki sé holað niður í jörðina eða barn skýrt svo fljótt, sem æskilegt væri; mér finst það ekki vera svo bráðnauðsynlegt, hvorki fyrir þessa sókn eða aðrar, að mikið verði lagt upp úr því. En eg skal fullkomlega játa það með h. flutnm., að þessi sókn hefir gildari ástæður en margar aðrar, til þess að biðja um sérstakan prest fyrir sig. H. flutnm. tók enn fremur fram, að ekki væri til mikils mælst, þar sem eigi væri farið fram á meira en 300 kr. uppbót úr landssjóði. Það er nú svo; en 300 kr. eru líka peningar, og ef samþykt væri á hverju þingi, að stofna ný prestaköll með líkri uppbót, þá gæti það orðið veruleg upphæð á endanum. Eg verð að álíta, að það sé til of mikils ætlast, að fá fleiri hempuklædda armingja í efnalegu tilliti en þá, sem þegar eru til. Eg skal taka t.d. Súgandafjarðarprestakall. Það var samþ. sem sérstakt á síðasta þingi, en að öllum líkindum getur það aldrei fætt prest, en bakar þó landssjóði útgjöld, ef nokkur glæpist á því. Þeir prestar, sem þannig eru settir í efnalegu tilliti, þljóta að verða sinni stétt til vanvirðu og ekki til uppbyggingar fyrir þjóðina. Þeir verða þó fyrst og fremst að hafa nægilegt til að lifa á. Af þessum ástæðum, sem eg nú hef tekið fram, verð eg að greiða atkv. á móti frumvarpi þessu nú þegar, þótt mér á hinn bóginn þyki leitt, að þurfa að greiða atkvæði á móti frumvörpum, sem einhver af samdeildarmönnum mínum flytur.

Hallgrímur Sveinsson: Hinn háttv. flutningsmaður hefir mælt svo rækilega fyrir frumvarpi þessu, að eg hef eigi miklu þar við að bæta. Hann hefir gefið sögulegar upplýsingar um, hversu þetta mál er vaxið, og hann hefir líka drepið á hina stóru annmarka á sameiningunni. Þessi skýrsla hans styrkist einnig af héraðsfundagjörðunum; af þeim má sjá, að oft hafa verið bornar fram óskir um, að Einholtssókn yrði gerð að sérstöku prestakalli og jafnvel á fleiri héraðsfundum en flutningsmaður nefndi; því að þegar á fyrsta ári eftir sameininguna komu fram mótmæli gegn henni, þótt þau ekki hafi náð hingað til þingsins.

Eg get líka bætt því við, að þegar eg var á vísitasíuferð þar eystra síðast, þá kom þessi sama ósk fram, og sú beiðni borin fram, að eg hlynti að því, að þetta mikla áhugamál sóknarmanna fengi framgang. Eg skal fúslega játa það, með þm. Strandamanna, að það, er æfinlega erfiðleikum bundið, þegar um það er að ræða að fjölga prestaköllunum, og að það, að öllu saman lögðu, væri æskilegast, að þess þyrfti eigi við; en reynslan sýnir, að það er framkvæmanlegt, að fækka prestaköllunum, og eg fyrir mitt leyti er ekkert á móti því, ef það hefir við góð og gild rök að styðjast. Mér er líka kunnugt um, að það má koma fram fækkun á prestaköllum nokkuð frekara en gert hefir verið. Ef því fækkunin hefir vegið á móti fjölguninni hingað til, þá finst mér eigi vera sérleg ástæða til, að vera á móti því, að fjölga prestaköllunum á einstökum stöðum, þar sem sérstök þörf er á.

Til þess að tala eigi út í bláinn, skal

eg nefna eitt prestakall, sem að mínu áliti gæti mist sig, nfl. Rípurprestakall. Það er aðgætandi, að þótt þetta prestakall eigi væri afnumið sem sérstakt brauð, þegar prestakallaskipunin var undirbúin, þá var alt öðru máli að gegna þá en nú, eftir þær samgöngubætur, sem nú eru komnar. Þá var hvorki brú né ferja á Héraðsvötnunum, en Rípurprestakall, er hólmi milli héraðsvatnanna; nú er komin brú á austari kvíslina, og lengra uppi ferja og dragferja yfir vesturkvíslina. Með þessum samgöngubótum, er vel gerandi, að sameina þetta prestakall við önnur, annað hvort öðrumegin við vötnin eða báðumegin, án þess, að það þyrfti að valda þeim tálmunum, sem stæði sókninni fyrir þrifum. Í öðru lagi hygg eg, að mætti benda á annað prestakall eigi langt frá okkur, sem ástæða gæti verið til að afnema, nfl. Selvogsþing; í þessu hef eg fyrir mér orð kunnugs manns, nfl. flutningsmanns þessa frumvarps. Þótt brauð þetta (Arnarbæli) vitanlega hafi töluverða viðáttu, þá hefir hann samt, eigi talið það frágangssök, að bæta við sig Selvogsþingum, sem hafa mikla uppbót úr landssjóði, er að mestu eða öllu leyti mundi sparast við sameininguna. Rípurprestakall hefir líka uppbót úr landssjóði; ef því þessi tvö prestaköll væru afnumin, þá mundi landssjóði aukast tekjur úr tveimur stöðum, og mundi það vega upp á móti því, sem stungið hefir verið upp á, að landssjóður léti af mörkum á öðrum stað. — Þar sem þm. Strandamanna gat þess enn fremur, að sumir prestar væru svo illa launaðir, að þeir gætu eigi lifað sómasamlegu lífi, þá skal eg sízt mótmæla því. Það er sönn saga, þó raunaleg sé, að prestastéttin hefir jafnan orðið út undan, þegar um það hefi verið að ræða, að ákveða launakjör embættismanna hér á landi; en það stafar eigi af því, að menn hafi haft neinn ímugust á þessari stétt, enda er eigi hægt með nokkurri sanngirni að hafa það — því að hún er fult svo heiðarleg og uppbyggileg og til fullt eins mikils gagns og sóma fyrir landið, eins og aðrar stéttir þess, — heldur hefir hún goldið þess, að hún er tiltölulega langfjölmennust.

Vér vonum, að þessi erfiðu kjör prestanna muni í heild sinni smámsaman lagast, að sumu leyti með stækkuðum prestaköllum og með því, að afla þeim meiri tekna og ef til vill með hentugra fyrirkomulagi á innheimtu teknanna. Þess má einnig vænta, að ef landbúnaðurinn á sér nokkurrar viðreisnar von — sem vér allir verðum að gera ráð fyrir, — þá muni það um leið verða til viðreisnar fyrir efnalegan hag prestanna, þar sem þeir flestir eru búandi menn; en óáran í landbúnaðinum, kemur því frekar niður á þeim, þar sem þeir eigi geta eins vel sint búskapnum eins og bændurnir, sem ávalt geta haft hönd í bagga með.

Eg vona og óska þess, að nú sé í aðsigi betri öld fyrir prestana. Að því, er Stað í Súgandafirði snertir og sum af hinum smáu brauðum, þá er þess að gæta, að þau eru í raun og veru eigi stórum ólífvænlegri en sum prestaköll, sem að tölunni hafa hærri tekjur, en sem liggja þannig í þjóðbraut og á almannafæri, að prestarnir þurfa að jafnaði að taka á móti gestum, og getur það oft lagst þungt á þá.

Ef presturinn hefir litla sókn að þjóna, getur hann líka frekar sint búskap og verið fastari við heimili sitt en hinn, sem ef til vill hefir mörgum kirkjum að þjóna; en ef hann er fastur við heimili sitt, getur það haft stóra þýðing, til að hrinda heimilishag hans í betra horf. Í hinum smærri og afskektari sveitum verður heldur ekki til þess ætlast, að prestarnir leggi mikið fé fram til rausnar og heimilisprýði, og þar af leiðandi þurfa þeir að leggja minna í kostnað. Hvað það snertir, að Staður í Súgandafirði sé ólífvænlegt presta-

kall, þá vona eg, að það eigi reynist svo. Það liggur vel bæði til sjávar og sveitar, og bújörðin er góð og notadrjúg; og sem vottur þess, að Staður í Súgandafirði eigi er talið svo fjarska óálitlegt prestakall, getur það talist, að um það hefir verið og er sótt af fleirum en einum. Nýlega hefir einn fríkirkjuforstöðumaður sótt um það, og töluverðar líkur til, að hann muni fara þangað; en eftir er að vita, hvernig honum búnast þar.

Eg vil með flutningsmanninum óska, að hin háttv. deild, taki vel í þetta mál og lofi því að ganga tálmunarlaust áfram. Hver forlög þess verða í Nd., er eigi á hennar valdi, en hún hefir ábyrgð á, að því sé komið eins vel og samvizkusamlega fram hér, og unt er, og það veit eg, að hún muni gera.

Guðjón Guðlaugsson: Það gleður mig að heyra, að h. 2. kgk. þm. (H. Sv.), er ekki á móti þeirri skoðun, að fremur beri að fækka prestum en fjölga. Hann færði mjög glöggar ástæður fyrir og tók dæmi þeim til skýringar, að það væri rétt álitið að fækka mætti prestaköllum. En honum fanst, að úr því, að það mætti fækka þeim, þá mætti eins fjölga þeim aftur á móti, svo að hvað gæti vegið mót öðru. En eg hygg, að mér sé óhætt að fullyrða, að það sé allmenn ósk þjóðarinnar, ekki að eins að prestaköllin standi í stað, heldur að þeim sé beinlínis fækkað. En eins og eg hef áður tekið fram, það er eins og enginn vilji hengja bjölluna á köttinn, þegar til kemur, vill engin missa sinn prest. Þetta yrði því fremur uppi á teningnum, ef þingið færi nú að fjölga prestaköllunum. Eg álít heppilegt, að það væri látið ganga fyrir, að fækka óþörfum prestaköllum, en svo síðan bæta þá við, ef um það kæmu fram óskir úr einhverri átt. Hér er farið mjög hóflega í þessu frv., þar sem farið er fram á, að brauðaskiftin yrðu fyrst við næstu prestskosning. En þá virðist mér réttast, að láta það ganga á undan, að fá t. d. Rípurprestakall afnumið, úr því að sjálfir sóknarmennirnir, sem æskja þessara brauðaskifta, fara ekki fram á, að þau komist á nú þegar.

H. 2. kgk. þm. (H. Sv.), tók líka fram, að aðalástæðan til þess, hve prestastéttin væri í niðurlægingu, væri sú, að stéttin væri svo fjölmenn. Jú það er einmitt rétt, og af því að hún er of fjölmenn, þá ætti að gera hana fámennari, svo hægt væri að bæta kjör hennar um leið. Það má segja um hana, að þar er misjafn sauður í mörgu fé. Því fleiri, sem fylla þá stétt, því meira hlýtur að verða af þeim mönnum, sem hætt er við að verði bæði stétt og kirkju til hneykslis. Eg segi fyrir mig, að eg vildi fremur óska, að fá að sjá heiðvirðan prest, þó ekki væri nema þrisvar á ári, sem eg gæti þá litið á með velþóknun, heldur en prest alt árið, sem væri í gagnstæða átt. Þó að þessi sókn, sem um er að ræða í frv., óski þess mjög að fá prest, af því að hún hafi engan, þá veit eg líka, að það eru til hjá sumum sóknum, eins heitar óskir í þá átt, að hafa engan prest, heldur en að hafa þann, sem þær hafa. Eg þekki sóknir, þar sem þetta er innileg og almenn ósk. Þess háttar hneyksli, er prestarnir valda, mundu verða færri, ef prestum yrði fækkað.

H. 2. kgk. þm. (H. Sv.), tók það fram sem ástæðu fyrir því, að Staður í Súgandafirði væri aðgengilegt brauð, að fríkirkjuprestur hefði sótt um það. Mér finst það ekki sanna annað en það, að fríkirkjuprestar geti ekki átt sér stað undir þeim kringumstæðum, sem nú eru fyrir hendi, og að það þurfi að breyta fríkirkjulöggjöfinni og bæta kjör fríkirkjupresta, svo að þeir geti komist af. Þar sem mér finst, að fríkirkja sé heppilegri en ríkiskirkja, þá verð eg að álíta um leið, að það sé skylda þingsins að gera það, sem í þess valdi stendur, til að verða við kröfum fríkirkjumanna, og gera kjör presta þeirra svo lífvænleg, að auðið er.

Hallgvímur Sveinsson: Eg stend upp að eins til að svara nokkrum orðum í ræðu h. þm. (G. G.), er síðast talaði. Hann talaði um hneyksli, er prestastéttin væri valdandi. Það er leiðinlegt að heyra þetta orð viðhaft, ekki sízt hér í deildinni. Eg þykist hafa gert það, sem í mínu valdi stendur til þess, að þeir yrðu sem fæstir, er þetta orð ættu skilið. Eg veit, að það hafa verið nokkrir, sem hafa valdið hneyksli, en nú eru þeir miklu færri en áður, og fyrst hneykslisprestum hefir fækkað að mun, þá ættu menn að fara fremur varlega með það orð. Það hafa löngum verið kjör prestastéttarinnar, að verða fyrir frekara álasi en aðrar stéttir. Ef vel er aðgætt, þá mun h. þm. Strandamanna (G. Guðl.) vera það vel kunnugt, að það eru ekki síður til hneykslislæknar en hneykslisprestar. Það hefir þó komið fyrir, að prestum hefir verið vikið frá fyrir aðgerðir landsstjórnarinnar, af því að þeir hafa valdið hneyksli; en hvað mörgum hefir verið vikið frá af öðrum stéttum fyrir líkar sakir? Eg held því föstu og verð að heimta það viðurkent, að prestar eigi ekki skilið þetta stöðuga álas, sem þeir verða fyrir. Eg neita því auðvitað ekki, að það eru til einstaka prestar, sem eiga það skilið og eg get skilið óánægju þeirra manna, sem eiga við þá að búa. En það, sem einstakir menn verðskulda, mega menn ekki láta ná lengra en til þeirra sjálfra, ekki til allrar prestastéttar landsins í heild sinni.

Eg áleit og álít mér skylt, ef höfð eru ósanngjörn ummæli um presta landsins, að halda þá svörum uppi fyrir alla prestastéttina í heild sinni.

Eirikur Briem: Eg veit ekki, hvort eg get gefið þessu frv. atkvæði mitt. Það hefir sem sé ekki verið nægilega upplýst, hvort þetta nýja brauð yrði lífvænleg staða með þessari 300 kr. uppbót. Og eins kemur til athugunar, hvort Bjarnanesprestakall verður lífvænlegt, þegar búið er að skifta því. Á þetta verður að líta hvorttveggja. Það er ekki nóg, hve æskilegt sem það er, að fullnægja þegar óskum einstakra sókna í þessu efni. — það þarf á fleira að líta. Eg er ekki svo kunnugur staðháttum þar eystra, að eg viti hve erfitt er að þjóna því brauði. En eg veit það, að þetta er eitt af þeim elztu brauðasamsteypum, og prestaköllin voru sameinuð löngu áður en prestakallalögin komu út 1880, af þeirri ástæðu, að engin fékkst til að þjóna Einholtsprestakalli einu saman. (Ól. Ólafsson: þá var ekkert tillagið!) Jú vitaskuld. En að öðru leyti hafa bæði tíundalögin og fleiri lög haft þau áhrif, að tekjur prestakallsins hafa rýrnað, og því er óvíst, að tillagið sé nóg til að gera það svo tekjumikið, sem þörf væri á. Þar sem frv. fer í þá átt, að mynda tvö prestaköll úr einu og eg að einu leyti ekki veit, hvort það er sérlega mikil nauðsyn á því og að hinu leytinu er óvíst, hvort prestaköllin verða lífvænleg hvort um sig, þá efast eg um, að eg geti veitt frv. atkvæði mitt.

Ólafur Ólafsson: Eg ætla að eins að svara fáeinum orðum því, er fram hefir komið gegn frv. H. 2. kgk. þm. (H. Sv.) hefir tekið af mér ómak með því, að svara flestum andmælum h. þm. Strandamanna (G. Guðl.). Meiri hlutinn af ræðu hans snerist að öðru en því, að hve miklu leyti frv. þetta væri á rökum bygt. Eg gat þess þegar í upphafi, að tíðarandinn þætti heldur blása á móti kirkju og klerkum. Eg bjóst við því, þegar frv. þetta kæmi fram, þá mundi það mæta einhverri golu af þeim anda, og það hefir heldur ekki brugðist. Þessi andi kemur náttúrl. fyrst og fremst niður á prestunum sem þeim, er mest bindast fyrir kirkjumálin, af því að það er hægast að ná í þá. Það er ekkert heimskubragð, að ráðast fyrst á prestana, því fyrir því má ráð gera, að ef prestastéttin hallast, þá hallast kirkjan líka.

H. þm. Strandam. tók það fram, að það væri skoðun sín, að fækka ætti prestunum. En þó að það eigi við sumstaðar, þá er það engin ósamkvæmni, að þeim megi fjölga á öðrum stöðum.

H. 2. kgk. þm. (H. Sv.) tók sem dæmi tvö prestaköll í Árnessýslu, sem vel væri þjónandi af einum presti. Eg skal benda á tvö önnur dæmi. Holts- og Eyvindarprestaköll mætti vel sameina í eitt prestakall, og það væri vel framkvæmanlegt að einn prestur þjónaði bæði Landi og Uppholtum, ef hann væri röskur og frískur; þar eru engar þær torfærur, er væru því til fyrirstöðu. En í því prestakalli, sem þetta frv. fer fram á að skifta, hagar svo til, að það er allsendis ógjörlegt stundum mikinn part ársins að koma við nokkurri prestþjónustu í þessari umræddu sókn, og því er nauðsynlegt að skifta þessu brauði aftur í tvent, eins og áður var.

H. þm. Strandamanna (G. Guðl.) talaði fleira en frv. gaf tilefni til. Það á ekki hér við að tala um það, þó að einhverjir hafi eitthvað sérstakt að athuga við einstaka presta. Það má ekki láta aðra gjalda þess eða kirkjumálin í heild sinni.

Hann sagði, að það væri til nóg af hempuklæddum aumingjum, sem væru til vansa fyrir klerkastéttina. Það er satt, að prestar hafa oft verið fátækir; en brixlyrði fyrir þá sök eina eiga ekki við. Oft er fátæktin þeim sjálfum að kenna, en oft líka því, að menn vilja ekki gera prestaköllin svo úr garði, að þau séu lífvænleg. Eg get ekki samrýmt það, að neita jafnharðan þeim kröfum, sem gerðar eru í þá átt, að veita prestum greiðari aðgang að lífvænlegri stöðu, en bera þá jafnframt brixlyrðum fyrir fátækt. Menn þurfa sannarlega ekki að bera neinn kinnroða fyrir prestastéttinni hér á landi; hún stendur að miklu leyti á sporði prestastétt annara landa, og eg hef jafnvel heyrt kunnuga menn segja, að hún standi feti framar, en prestastéttir í mörgum öðrum löndum. —

Þm. Strandamanna sagði, að þjóðin vildi láta fækka prestaköllunum, en þegar til kæmi, vildi þó engin missa sinn prest. Eg verð að draga þá ályktun af þessu, að það sé ekki alvara í þessum vilja þjóðarinnar. Þær raddir, sem hafa heyrst í þá átt, eru ekki frá þjóðinni í heild sinni, heldur frá einstökum mönnum, sem hvorki bera hlýjan hug til kirkjunnar né kirkjunnar málefna. Eg get ekki séð, að það sé hugsunarrétt, að þó að menn viti af einum slæmum presti á einhverju landshorninu, þá að neita söfnuði á öðru landshorni um að fá sérstakan prest. Þessi söfnuður, sem hér er um að ræða, hefir kvartað sáran undan því, hve mjög það stæði honum fyrir öllum þrifum og framförum, að hafa ekki neinn mentaðan mann, hvorki prest né lækni né sýslumann. Þó að lítið sé gert úr prestunum, þá sést þó lengi á þeim söfnuðum, sem eru prestslausir, svo að þeir standa að baki annara safnaða, einmitt af því, að þá vantar prest. Bændur og prestar hafa löngum verið góðir vinir, og það hefir margt gott sprottið af því, að þeir hafa haldist í hendur. En þeir, sem vilja komast upp á milli presta og bænda, þeir gera ekki neitt þarfaverk. Eg segi það fyrir mig, að eg veit ekki, hvort nokkur stétt landsins er betri eða þarfari en prestarnir. Alt andlegt mentalíós á Íslandi er ekki komið frá öðrum en prestastéttinni. Menn hafa talað um baslið og fátæktina, sem þeir lifðu við. En menn verða að gæta þess, að þeir oft verða að hafa ýmsum öðrum störfum að gegna, vera oddviti, sýslunefndarmaður og svo að segja ráðgjafi allra sóknarbarna sinna, og tel eg það sízt eftir, þó þeir starfi mikið, því af verkum þeirra sprettur mikið gott. (Þm. Strandam.: Þeir trana sér fram of víða). Óvinsamleg ummæli! Er þá nokkuð tiltökumál, þó að búskapurinn

verði útundan, þar sem þeir hafa svo fjölbreyttan verkahring. Prestarnir eiga að mega missa daga og vikur frá búskapnum, en bændur ekki.

Eg held því fram, að það sé bráðnauðsynlegt að skifta Bjarnanesprestakalli í tvent, af því að það er svo miklum erfiðleikum bundið að þjóna Einholtssókn frá Bjarnanesi, og sú prestsþjónusta getur ekki verið til gagns, nema að nafninu til.

H. 6. kgk. þm. (E. B.) hafði það á móti frumv., að brauðin mundu ekki verða lífvænleg eftir skiftinguna, en eg hygg, að Bjarnanesprestakall verði eins lífvænlegt eftir sem áður, en það var sameinað við Einholt; að minsta kosti hafa ekki neinar raddir heyrst í þá átt frá sóknarmönnum sjálfum, og á þingmálafundinum í vor komu ekki fram nein mótmæli í þá átt. En ef Einholtsprestakall skyldi ekki álítast lífvænlegt, þá væri ekki annað skynsamlegt ráð fyrir hendi, en að hafa styrkinn úr landssjóði meiri en hann er tiltekinn í frumv., en eg vildi ekki fara hærra, til þess að menn fengju þá ekki frekari ástæðu til að hafna frumv.

Eins og eg hefi tekið fram, hefir þessari brauðasameiningu verið nauðgað upp á Einholtssóknarmenn; en síðan hafa þeir þráfaldlega kvartað yfir þessu, þó að það hafi ekki altjend komið svo langt, að ná til þingsins. Eg vænti því, að þó að tveir h. þm. hafi heldur andmælt frumv., þá fái það þó að ganga sína leið gegnum þingdeildina.

ATKV.GR.: Frv. vísað til 2. umræðu með 7 : 4 atkv.

Önnur umr., 16. júlí (C bls. 231).

Guttormur Vigfússon: Af því að eg líklega greiði atkv. á móti frumv., þá stend eg upp, til að gera grein fyrir því.

Eg skal strax játa, að það, sem frumv. fer fram á, mun hafa við töluverð rök að styðjast, svo að á annan bóginn tek eg það dálítið nærri mér að þurfa að greiða atkv. gegn frv. Ástæðan til þess er sú, að ef frumv. er samþykt, verða búin til tvö prestaköll úr einu, sem óhugsandi er að geti orðið á nokkurn hátt lífvænleg framvegis, svo að það bljóti að reka að því, og það bráðlega, að prestar þeir, sem kynnu að fá embættin, yrðu að leita í landssjóðinn, og það þekkja menn, hvernig gengur, auk þess, sem það er varhugavert, ef þingið ár eftir ár fer að búa til ný prestaköll, sem eru ólífvænleg.

Við 1. umr. var minst á prestakall, sem þingið hefir nýlega skapað, Stað í Súgandafirði, og það var fært fram sem sönnun þess, hve prestakall þetta væri glæsilegt, að utanþjóðkirkjuprestur hefði sótt um það brauð. Eg álít það einhver hin aumustu meðmæli með brauði þessu, að enginn prestur úr þjóðkirkjunni hefir viljað líta við því nú í heilt ár, og að einasta utanþjóðkirkjuprestur, sem víst ekki hefir frá háum launum að hverfa, hefir orðið til að sækja um þetta prestakall.

Við 1. umr. var sýnt fram á, hverjum erfiðleikum það væri bundið að þjóna Einholtstókn frá Bjarnanesprestakalli, og það er satt, að þeir geta verið talsvert miklir á ýmsum tímum, helzt haust og vor, þegar vötn leggur og leysir. Á vetrum er það vel fært og á sumrum sömuleiðis. En það kemur þó ekki hér sérstaklega til álita, heldur hitt, að sýna má fram á, að hvorttveggja brauðið verði ólífvænlegt eftir skiftinguna.

Eg veit ekki fyrir víst, hvað prestakallið er metið eftir síðasta brauðamati. *(Hallgrímur Sveinsson:* 1193 kr.). Eg veit, hvað það var metið eftir brauðamatinu 1884. Þá voru báðar sóknirnar metnar 1360 kr. og þá fylgdi þó Bjarnanesumboð, sem mun hafa gefið af sér 150 kr. rúmar. Nú eru þær tekjur teknar frá Bjarnanespresti og verða þá bæði brauðin um 1200 kr. virði. Nú á Einholtsprestakall eftir þessu frumv. að fá 300

kr. úr landssjóði og þá má álíta, að hvort þeirra fyrir sig verði hlutfallslega 700 og 500 kr. að tekjuupphæð. Eg sé ekki betur, en að hér sé verið, eins og h. þm. strand. (G. G.) tók fram, að búa til embætti handa einhverjum vesalingum.

1897 var mál þetta komið langt á veg heima í héraði, og þá þótti ekki vænlegt að aðskilja brauðin, nema að sá prestur, sem þjónaði prestakallinu, fengi 400 kr. uppbót fyrir að sleppa Einholtssókn og að Einholtsprestakalli yrðu lagðar 500 kr. úr landssjóði. Eg ímynda mér, að einmitt þetta hljóti að liggja bak við, svo að ef Bjarnanesprestakalli verður skift, að Bjarnanesprestur vilji þá hafa sínar 400 kr. og Einholt sínar 500 kr. eða 200 kr. í viðbót við það, sem frumv. fer nú fram á. Menn verða að vera varasamir með þess háttar byrði, sem safnast getur á landssjóð, þó ekki sé búið til nema eitt nýtt prestakall á hverju þingi. Það var tekið fram hér um daginn, að rétt væri að fækka prestaköllum landsins, og meir að segja, tilnefnd dæmi þess, að ýms prestaköll mætti vel leggja niður. Þetta mun satt vera og mundi það mælast betur fyrir, að láta málið bíða, þar sem menn sjá mikla nauðsyn á að breyta prestakallalöggjöfinni, bæði að fækka og svo fjölga aftur á öðrum stöðum ef til vill. svo og bæta upp laun þeirra, sem of lágt eru settir. Alt þetta ætti að taka fyrir í einu og jafna það niður, hvað með öðru í einni heild, og þetta mál þá líka. — Það mun hafa vakað fyrir mönnum úti um landið, að eitthvað í þessa stefnu yrði gert á þessu þingi vegna þess, að á síðasta þingi var til umræðu svo yfirgripsmikið mál um laun presta, að ástæða þótti til að leita álits safnaða um alt land í því efni; þess vegna hafa menn ímyndað sér, að alt málið yrði tekið fyrir til rækilegrar íhugunar nú á þessu þingi og prestakallaskipun landsins breytt þannig, að prestar fengju eftirleiðis lífvænleg laun, og prestaköllum skipað þannig, að vel væri viðunandi fyrir prestastéttina.

Eg fyrir mitt leyti vildi helzt láta þetta mál bíða og dragast, þangað til að betri skipun er komin á prestaköllin öll í heild sinni, og mun því óhikað greiða atkv. móti frumv.

Guðjón Guðlaugsson: Eg býst við, að það þyki ekki svo uppbyggilegt, sem eg segi, að sumum kynni að virðast, sem eg mætti algerlega sleppa því, að tala frekar í þessu máli. En eg ætla samt að tala fáein orð. — Viðvíkjandi þessu sérstaka prestakalli, sem á að koma á, með þessu frv., hefi eg ekki mikið að segja, af því að eg er ekki nákunnugur því. En eg sé þó, að það, sem mig dreymdi fyrir um daginn, er nú komið fram, að hér er verið að reyna að búa til, ekki eitt, heldur 2 sveltiembætti, sem hlýtur að verða til stórtjóns fyrir kirkju og kristindóm í landinu, ef þingið heldur fram uppteknum hætti í þessa stefnu. Eg tók það fram um daginn, að ef skifta ætti þessu prestakalli milli tveggja, og gera um leið kjör þeirra svo góð, að viðunanlegt sé, þá eru varla mögulegleikar til þess; og nú liggja fyrir þinginu kröfur um að gera kjör eins eða tveggja prestakalla betri, og enginn getur búist við, að þar með sé staðar numið; en að fjölga brauðunum, og um leið, að gera kjör prestanna betri, en þau hafa verið, er allsendis ómögulegt, og jafnframt alls ekki þarflegt eða nauðsynlegt, þegar litið er á stéttina í heild sinni.

Eg hefði helzt ekki viljað tala í þessu máli, en það stóð svo á, að eg talaði við 1. umr. málsins, og bæði flutnm (Ól. Ól.), og annar h. þm., h. 2. kgk. (H. Sv.) svöruðu, eftir að eg var búinn að tala tvisvar og gat ekki svarað. Í rauninni sýndust þessir h. þm. eiga að vera upp úr því vaxnir, að fara þannig að, að leggjast, sem maður segir, á náinn; en það ræður ef til vill, hvað h. 2. kgk. (H. Sv.) álítur virðingu sinni samboðið í þessu efni, að

hann hugði, að eg, um leið og eg nefndi hneyksli, væri að kasta skugga á prestastéttina í heild sinni. En það var fjarri því. Eg þóttist einmitt tala af virðingu fyrir prestastéttinni það, sem eg talaði; eg vildi forðast að gera nokkuð til þess, að prestastéttin komist lengra niður hjá almenningi, heldur en hún er; þvert á móti. eg vildi gera mitt til að hefja hana í áliti almennings. Þó ekki væri nema viðkynning þeirra presta, sem eg hefi kynst, síðan eg kom á þing, þá væri það eitt nóg til þess, að eg ekki vildi leggja skugga á þá stétt, er þeir tilheyra, því eg hefi reynt þá sem mjög heiðarlega menn.

En á hinn bóginn er það varhugavert, að gera sig óðan, þó hneyksli sé nefnt, því vera má, að hneykslið sé enn þá til. Og þegar á að ala mig og aðra upp, til þess að hneyksla ekki, þá þarf sá um leið, sem það vill gera, að skýra, hvað hann á við með þeim orðum; hann verður að leiða mig í allan sannleika um það, hvað er hneyksli og hvað ekki hneyksli. Máske kalla eg það hneyksli, sem h. ræðum. (H. Sv.) ekki kallar því nafni. Mér hefir dottið í hug, að það væri hneyksli, þegar prestur á opinberum fundi væði að fundarstjóra með reidda hnefana og þeim aðgangi, að þeir verða að vara sig, sem nærstaddir eru; eg kalla það líka hneyksli, ef hann brúkar hin viðbjóðslegustu og svívirðilegustu orð, jafnvel mikið verri, en það, sem af almenningi eru kallaðar skammir. *(Hallgrímur Sveinsson:* Stendur þetta í sambandi við umræðuefnið?) Það stendur í sambandi við spurninguna um, hvað hneyksli er. — Já, eg kalla það líka hneyksli, þegar hinn sami prestur brúkar þau orð um sóknarbörn sín, að þau hafi skeljar í heila stað, og þegar hann viðhefir orðbragð, sem kemur næst þeirri máltegund, sem kallast klám. Eg kalla það líka hneyksli, þegar prestur æsir til þrefs og málaferla í prestakalli sínu, og sjálfur kærir menn, ekki að eins fyrir ómerkilegar sakargiftir, heldur líka fyrir það, sem er hinum kærða hreint og beint til lofs í annara augum, og eg get vitnað undir einn mann hér í þessari h. deild, sem veit, að það eru dæmi til þessa, sem eg hefi talið. Eg kalla það líka hneyksli, þegar það kemur fyrir, að prestur kemur ekki á kirkju sína, fyr en allir eru farnir frá kirkju, eða mætir þeim síðustu, sem hafa haft mesta þolinmæðina til að bíða, og þegar hann gengur í hrossaleit á leiðinni með mönnum, þegar löngu er kominn embættunartími, til þess að fá fleiri í hópinn, ekki til kirkjunnar, heldur í næturrallið.

(Hallgrímur Sveinsson: Getur þetta átt við það málefni, sem til umræðu er?)

Forseti: Þess væri óskandi, að menn vildu fara sem minst út fyrir umræðuefnið, sem er frumv. til laga um breyt. á lögum 27. febr. 1880 um skipun prestakalla.

Guðjón Guðlaugsson: Þetta get eg staðhæft, að hefir átt sér stað, og eg get fyrir mitt leyti ekki annað en kallað þetta og annað eins hneyksli, og þó er mörgu slept, sem eins er ljótt, en ekki eins á almanna vitund. Það á alls ekki við prestastéttina í heild sinni, heldur við einstöku menn í þeirri stétt, og slíkum embættismönnum þarf að fækka, en ekki fjölga.

Eg kalla það hneyksli, t. d., þegar einn prestur verður að ganga mjög illa til fara, og gengur frá fénaðarhúsunum í kirkjuna, eða verður að leggja af sér mykjuberann, til þess að komast í hempuna. Og eg kalla það sorglegt, að til skuli vera prófastsdæmi, sem svo er ástatt með, að ekki eigi nema einn prest, sem menn með fullri sómatilfinning geta litið á með fullri og tilhlýðilegri virðingu, eins og hverjum góðum presti ber, og því verra, ef slíkt yrði sagt um fleiri prófastsdæmi, þó þau fari ekki nálægt því eins langt niður á við, og það, sem eg nú hefi fest hugann við. Þetta

þarf að laga, en ekki aflaga með heimskulegu oflofi.

H. flutnm. (Ól. Ól.) hélt því fram, að engin ósamkvæmni þyrfti að eiga sér stað, þó brauðum væri skift í sundur, og jafnframt fækkað í öðrum stað. Eg get verið honum samdóma um það. En eg vil halda því fram, að ekki megi hlaupa að því að fjölga, hvenær sem þess er óskað, heldur sýna í því tregðu, og reyna fyrst, hvort ekki má fækka þeim, áður en farið er að fjölga þeim í staðinn. Annars var ræða h. flutnm. (Ól. Ól.) glimrandi lof um prestana, og satt að segja helzt til mikið, þar sem hann talaði um sína eigin stétt; það mætti líta svo á, að hann jafnvel hefði verið að draga dár að henni.

Af þessum ástæðum get eg ekki verið með þessu frumv., og ekki er eg fremur á móti þessu, sem hér liggur fyrir, heldur en hverju öðru, sem fer fram á að fjölga brauðunum. Eg lít svo á, að þessi sókn, sem hér er um að ræða, hafi gildari ástæðu en margar aðrar, til þess að fá sérstakan prest, og eg efast ekki um, að hún hafi gagn af því, svo framarlega sem hún fær uppbyggilegan prest. En reyndar hygg eg, að það sé ekki af trúarþörf, að sóknarmenn eru að braska í að fá sérstakan prest. Ástæðan mun, eftir því sem eg hefi heyrt, vera sú, að þeir þar í sókninni hafa engan mentaðan mann, svo að þeir jafnvel verða að fá utanhreppsmann til þess að skrifa hreppsreikningana o. fl. Eg skal játa, að þetta er vandræði, en eg held, að það sé helzt til dýr mentavél eða mentunarmeðal, að fara að stofna prestsembætti einungis eða aðallega vegna þessa. Hvar er nú hin marglofaða alþýðumentun, sem h. þm. A.-Sk. (Ól. Ól.) hefir svo mikinn áhuga á, og skrifar svo mikið um? Eg held, að það væri alveg eins ráðlegt fyrir h. þm., að reyna að koma upp hjá þeim alþýðuskóla, eða sveitaskóla; þeir hefðu þá að minsta kosti einn sendibréfsfæran mann. Þar sem kennarinn væri og á síðan uppfræddan ungdóm, og að miklu heppilegra fyrir landssjóð, að taka þátt í þess konar stofnunum en kosta mikið til nýrra prestsembætta, sem óvíst væri hvort nokkuð verulega bætti úr fáfræðisástandinu.

Hallgrímur Sveinsson: Eg held það sé misskilningur hjá h. þm. Strand. (G. G.) þar sem hann bar mér á brýn, að eg hefði lagst á náinn við 1. umr. þessa máls. Eg veit ekki betur, en að hann fengi tækifæri til að svara fyrir sig, eftir að eg tók til máls, enda gjörði hann það. Þar sem þm., spann langa ræðu um ýmislegt, sem hann kallaði hneyksli, þá skal eg játa það, að eigi slíkt sér stað, þá er það hneyksli. En eg þekki ekki neitt slíkt og aldrei hefir það komið fyrir mín augu. Og sumt af því, sem hann taldi upp, var svo ljótt, að eg á bágt með að trúa því, að nokkur prestur gjöri sig sekan í öðru eins. Þm. talaði um, að það, sem hann bar fram, væri vottfast og skal eg ekkert um það segja, því eg hef ekki heyrt þannig um þetta talað fyrri en nú. En eg skal játa það, að slíkt vil eg ekki vita hjá neinum presti, og mundi eg vilja gjöra mitt til, að slíkt kæmi ekki fyrir. En mér fanst, að umræðurnar um þetta mál gæfu á engan hátt tilefni til slíkra orða, sem hér hafa fallið. Það, sem eg í ræðu minni mótmælti, var ekki það, að einstök hneyksli gætu átt sér stað, heldur hitt, að hneykslisnafnið væri breytt út yfir prestastéttina í heild sinni. En það gleður mig, að þm. nú bindur þetta að eins við eitt prófastsdæmi, en það fær þá líka dálaglega ráðning. Eg skal ekkert um segja, hve góð rök hann hefir við að styðjast, en eg gjöri ráð fyrir, að þau séu ekki léttvæg. Mér er ekki kunnugt um, hvaða reynslu þm. hefur í þessu efni, en þótt hann hefði reynt eitthvað töluvert misjafnt, finst mér hann hefði ekki þurft að fara svo svæsnum orðum um það á þessum stað. Sumt

af því, sem þm. sagði, heyrði eg ekki glögglega; mér heyrðist hann nefna mykjubera í sambandi við prestsverk, og skal eg játa, að það fer mjög illa á því, ef prestur fær varla tíma til að láta af sér mykjuberann, áður en hann fer í kirkjuna. Eg get ekki hugsað mér, að slíkt eigi sér stað. En sé þetta svo, þá væri full ástæða til að tilgreina nöfn þessara presta fyrir mér og öðrum þeim, sem stjórn kirkjunnar hafa á hendi, svo hægt væri að láta til sín taka um þetta. Eg vil taka það fram aftur, að eg vil ekki, að breytt sé yfir neitt verulegt hneyksli hjá einum né neinum presti, en eg kann því illa, að það sé látið fjúka í umræðum um opinber mál, hér í þingsalnum, að fleiri eigi hér óskilið mál, og það af manni, sem ekki þykist vera óvinveittur prestastéttinni. Og yfir höfuð finst mér ræða þm. í dag, með öllum sínum útmálunum, ekki hafa nægilegt tilefni eða undirstöðu í orðum þeim, sem eg sagði við 1. umr. þessa máls, og skal eg láta úttalað um það atriði. —

Það er vitaskuld, að þegar einu embætti er skift í tvent, þá verður hvor parturinn um sig rýrari en hin upphaflega heild. En hér má líta á það, að ef Bjarnanes verður skilið frá, verður töluvert hægra að þjóna því en áður, og að ýmsu kostnaðarminna. Þannig þarf minna að leggja í hestahald. Ferðir yfir Hornafjarðarfljót eru og oft erfiðar, og verður prestur því sjálfsagt oft að kosta upp á fylgdarmann. Auk þess er í þessu prestakalli komin upp kaupstaður, sem væntanlega dregur að sér aukna bygð og aukinn mannfjölda, og verða honum þá að líkindum samfara nokkrar tekjur fyrir prestakallið, og þó þær verði ekki miklar, getur þó orðið að þeim nokkur bót. Auðvitað getur það verið, að eitthvað þyrfti að bæta prestakallið upp, en þetta liggur ekki fyrir nú, þar sem ekki er ætlast til, að lögin gangi í gildi fyr en við næstu prestaskifti. Skyldi svo fara, að enginn yrði til að sækja um brauðið, mundi því fyrst verða þjónað af nágrannapresti t. d. frá Einholti, yrði það endurreist sem prestakall, og verði sú reyndin á, að engin vilji taka brauðið með þeim launum, sem því fylgdu, yrði að bæta það eitthvað upp, en ekki hygg eg sú uppbót þyrfti að vera eins mikil, og h. þm. S.-Múl. hélt fram. Það kann að vera, að það sé praktiskt, eins og það er vandaminst að sinna ekki ýmsum réttmætum kröfum og láta neyðaróp manna ekki til sín taka; en eg get fyrir mitt leyti ekki látið vera að taka tillit til þeirra. Og þó ekki sé ráðlegt að sníða breiðar sneiðar úr hrygglengju landssjóðs, þá get eg ekki betur séð, en að það samkvæmt stjórnarskránni sé hrein og bein skylda landssjóðs að annast, að réttmætar kröfur kirkju og kristinsdóms verði uppfyltar. Og það, sem hér er farið fram á, er réttmæt krafa.

Guðjón Guðlaugsson: H. 2. kgk. (H.Sv.) misminnir, að eg hafi talað á eftir honum síðast. En einhver verður að tala síðastur, svo réttast er að tala ekki meira um það mál. Eg er þm. þakklátur fyrir undirtektir hans í þessu máli. Hann skýrði frá því, að hann ekki vissi um þetta, en eg býst þó við, að hann hafi ljósan grun um það. Þar sem þm. óskaði, að eg nefndi nöfn, þá skal eg skýra frá þeim á öðrum stað og rökstyðja mál mitt, og það gleður mig að mega vænta góðs árangurs af því, Eg skal taka það fram, að hefði h. þm. talað um daginn, eins og hann talar nú, hefði eg ekkert haft út á það að setja. Hann sagði, að það væri hart að láta neyðaróp manna ekkert til sín taka, og skal eg játa, að það er svo, en það er sitthvað að gegna þeim ekki, og að sýna nokkra tregðu, þegar um princip er að ræða, sem hættulegt getur orðin fyrir þjóðina. Hér er heldur ekkert neyðaróp og má bæta úr þessu ástandi

á annan veg en með því að setja á stofn nýtt prestsembætti, eins og eg hef áður tekið fram.

Ólafur Ólafsson: Þegar eg fyrst bar þetta frumvarp fram, grunaði mig eigi, að framkoma þess mundi valda þeim stormi, sem þegar hefir reyndin á orðið. Eg tók það fram við 1. umr. þessa máls, að hér væri farið hóflega í sakirnar að því, er snertir beiðnina um fjárframlög úr landssjóði, og það gleður mig, að andmælendur þessa frv. hafa báðir getað kannast við, að þessi beiðni sé á góðum og gildum rökum bygð; enda er eigi hægt að neita því, að staðhættir í þessari sókn, sem hér ræðir um, eru þess valdandi, að prestsþjónusta sú, sem þessi sókn hefir nú við að búa, getur eigi verið nema nafnið eitt.

Eg hygg, að engum geti blandast hugur um, að meðan ríki og kirkja eigi eru aðgreind, þá sé það bein skylda ríkisins að sjá öllum söfnuðum ríkiskirkjunnar fyrir sæmilegri prestsþjónustu, og þessi sókn hefir heimting á, að njóta sömu réttinda og aðrir söfnuðir landsins í því tilliti, og þess vegna hafa íbúar hennar mælst til, að fá bættan upp aftur þann órétt, sem þeim var gerður með skipun prestakallanna 1880, er þessi sókn var sameinuð við Bjarnanesprestakall, þrátt fyrir almenn mótmæli safnaðarins; kvartaði hann ár eftir ár yfir sameiningunni, en fekk enga bót á ástandi sínu. Hinn háttv. 2. þm. S.Múl. vildi geyma þetta, þangað til prestakallamálið væri tekið til athugunar í heild sinni, og verð eg að álíta það sem krókaveg til þess, að koma þessu máli fyrir kattarnef, enda mun það líka hafa verið tilgangur hans með þessari tillögu. Eg hefi eigi heyrt eitt orð falla í þá átt, að taka prestakallaskipunina fyrir á þingi eða fækka prestaköllunum. Eg skal fúslega vera með til þess að fækka prestaköllunum, hvort heldur nú eða á öðrum þingum, þar sem þess er kostur, og eg held, að sumstaðar megi að skaðlausu gera það; en það sannar alls eigi neitt á móti þessu frv. Það getur verið full ástæða til að mæla með sundrungu á einum stað, þótt alt mæli með því, að sameina þau á öðrum.

Hinn háttv. þm. Strandamanna hefir haldið langa ræðu um þetta mál og haft marga áheyrendur; reyndar kom ræða hans þessu máli eigi lifandi ögn við, heldur notaði hann þetta sem tækifæri til þess, að láta ókvæðisorð koma niður á einstökum mótstöðumanni sínum, og eg álít, að það sé eigi samboðið sóma eins þingmanns að nota þá stöðu sína til þess, að svala sér á þeim, sem honum er í nöp við; eg álít að hann eigi síður að gera það á þessum stað en mörgum öðrum, vegna þess að eg álít þetta helgan stað; eg tel líka sóma mínum ósamboðið að taka þátt í óþverrakasti því — þetta orð er ekki lakara enn önnur, sem höfð hafa verið hér um hönd — er þm. Strandamanna hefir nú byrjað. Bændur þeir, sem hér eru viðstaddir, eru ekki þeir menn, sem eg hef ætlað þá, ef þeim þykir ekki bændastéttarinnar vegna allmikil minkun að framkomu þessa þingmanns að þessu sinni. Sé þm. í nöp við prestinn sinn, getur hann ausið hann auri annars staðar en á þessum stað; og sízt á við að láta óvild til einstakra manna, koma sér til að svívirða heila stétt manna á löggjafarþingi þjóðarinnar. Sá þingmaður, sem ekki kann að gæta sóma síns eða þingsins, er engu betri en prestur sá, sem illa rækir sitt embætti. Menn geta talað ákvæðisorð og unnið ókvæðisverk, þótt menn séu hempulausir; og sízt eiga gamlir þingmenn að verða til þess, að misbjóða stórum sóma og virðingu þingsins. Það mun enginn neita því, og eg heldur eigi, að til séu þeir menn í prestastétt, sem eigi eru eins góðir, og þeir ættu að vera; en á hinn bóginn er það engan veginn rétt, að láta yfirsjónir einhvers einstaks manns úr þeirri

stétt kasta skugga á sóma prestastéttarinnar í heild sinni eða draga hana til reiknings fyrir þær syndir, sem einstakir menn úr henni hafa drýgt. Hvað kemur það þessu máli við, þótt þm. Strand. sé í kala við sinn prest eða nágrannapresta? Eg get eigi séð, að tilgangurinn með ræðu hans hafi verið annar en sá, að svala sér á einstökum mótstöðumanni sínum; eg sé litla meining í allri ræðu þm. Strandamanna, nema ef það væri sú, ef hann teldi það mikilmensku, teldi það hreystivott og karlmenskubragð, að láta stóryrði sín og fúkyrði standa í þingtíðindunum, til þess að þeir, sem hafa gaman af þess háttar, geti dáðst að því og vegsamað hann fyrir það; það mætti flagga með því við kosningar og endranær sér til dýrðar og segja: „Þessu stakk eg að prestastéttinni, þessu að biskupnum, þessu að landshöfðingjanum. Hérna er karl, sem þorir að sjá framan í þessa herra og segja þeim til syndanna! Hérna er maður sem óhætt er að kjósa!“ En þetta álít eg ekki viðeigandi; bezt er að ræða hvert mál sem er með skynsemd, og blanda eigi inn í það óskildum málum, og sízt af öllu álít eg þetta eiga við fyrir þá, sem vilja geta sér lof fyrir mælsku og góða greind, og hvorttveggja þetta hefir þm. Strandamanna til að bera. Að því er snertir þau ummæli 2. þm. S.Múl. að endalyktin yrði sú, að þessi söfnuður mundi ef til vill biðja um frekari uppbót síðar, þá sé eg eigi ástæðu til að blanda því inn í þetta mál. Einholtssóknarmenn hafa beðið um, að sóknin yrði gerð að sérstöku prestakalli með 300 kr. uppbót úr landssjóði; út af því hefir alt þetta veður risið, sem geisað hefir yfir þessa deild. Eins og eg hef tekið fram áður, álít eg þetta réttlætis- og sanngirniskröfu og að það sé skylda þingsins að sinna henni og sjá þessum söfnuði fyrir sæmilegri prestsþjónustu og að hlutur safnaðarins sé eigi fyrir borð borin. Þm. Strand. gat þess, að það væri alt eins gott fyrir þessa sókn að fá góðan bónda eða barnakennara, sem tæki að sér uppfræðslu æskulýðsins, en það kemur alls ekki málinu við; Einholtssóknarmenn vilja fá prest, og þeir finna bezt sjálfir, hvar skórinn kreppir að, fult eins vel eins og þm. Strand., og eg ætla, að þeir mundu eigi vera honum neitt þakklátir fyrir að vilja vera andlegur fjárhaldsmaður þeirra. Það er þingd., sem ræður, hvað gera skuli við frv. þetta, og það er á hennar valdi að samþykkja eða fella það.

Guttormur Vigfússon: Það var alls eigi meining mín með ræðu minni að vekja úlfúð eða ósamlyndi hér í deildinni út af þessu litla frumvarpi; það var alls eigi af því, að eg talaði þessi fáu orð áðan, og eg vona, að engin hafi skilið orð mín þannig. Eg tók það einmitt fram áðan, að eg játaði að þessi beiðni safnaðarins hefði við töluverð rök að styðjast, og eg játa það enn; en þar með er eigi sagt, að eg álíti það svo brýna nauðsyn að verða við þessari beiðni hans nú þegar. Skoðun mín er sú, að þar sem þessi sókn hefir verið sameinuð Bjarnanesprestakalli í 20 ár eða lengur og haft sæmilega prestsþjónustu, þá mundi það geta dregist eitthvað enn þá með skiftinguna. Eins og eg tók fram áðan, þá er aðalókosturinn við sameiningu þessarar sóknar við Bjarnanes, að Hornafjarðarfljót er á ýmsum tímum ársins slæmt yfirferðar, en meiri hluta ársins mun það þó ýmist vera vel fært eða gott yfirferðar. Aðalmeiningin með orðum mínum áðan var sú, að landssjóður mundi eigi vera fær um, að þannig væri bætt við nýjum prestaköllum þing eftir þing, sem svo jafnharðan þyrftu að biðja þingið um meiri og meiri uppbót, og að ef sá rekspölur kæmist á, að nýju prestakalli væri bætt við á hverju þingi, mætti búast við áframhaldi á því, og satt að segja álít eg, að til séu þau prestaköll á landinu, sem með eins mik-

illi sanngirni gætu beðið um nýjan prest; þess vegna vildi eg láta þetta mál bíða, þangað til prestakallamálið verður tekið fyrir í heild sinni, og prestaköllin þá um leið jöfnuð, bæði að launahæð og erfiðleikum. Eg get eigi kannast við, að eg hafi farið neina krókaleið í þessu máli, og hinn háttv. flutningsmaður þurfti alls eigi að skoða orð mín þannig, því eg tók það fram þegar í upphafi ræðu minnar áðan, að eg mundi greiða atkvæði á móti þessu frv.

Eg verð að lýsa því yfir, að eg álít það á góðum rökum bygt, að með skiftingu þessara tveggja prestakalla myndist tvö ólífvænleg prestaköll, er hvorttveggja hljóti fyr eða síðar að fá uppbót úr landssjóði, og að þingið muni eigi geta komist hjá því að bæta þau upp. Fyrir fáum árum lýsti presturinn í Bjarnanesi því yfir, að hann eigi gæti slept Einholtssókn fyrir minna en 400 kr.; hér er nú að eins farið fram á 300 kr. uppbót úr landssjóði til Einholtsprestakalls, en jafnframt gert að skilyrði, að aðskilnaður Einholtssóknar skuli eigi fara fram, fyr en við næstu prestaskifti; þetta álít eg beinlínis gert í þeim tilgangi, að láta málið líta betur út í bráðina, en í trausti til þess, að þingið geti eigi seinna meir með rökum staðið sig við að neita um uppbót á svona lélegum brauðum. Það hlýtur hver maður að sjá, að 700 kr. prestakall er eigi lífvænlegt embætti. Þar sem hinn háttv. 2. kgk. þm. (H. Sv.) gat þess, að það mundi batna fyrir það, að kaupstaður hlyti að vaxa, þá hef eg eigi trú á, að það verði neitt verulegt. Sem sagt mun eg greiða atkvæði móti þessu frv., en það er alls eigi af því, að mér sé illa við prestana yfir höfuð eða að eg vilji, að þeim líði illa, heldur af því, að eg vil ekki láta búa prestaköllin svo út, að þau verði ólífvænleg og þurfi að knékrjúpa fyrir þinginu um nýja uppbót, undir eins og skiftin eru komin á.

Frv. sþ. með 7 : 4 atkv., að við höfðu nafnakalli sakir óglöggrar atkv.gr. og sögðu:

já:

Ólafur Ólafsson,
Sigurður Jensson,
Axel Tulinius,
Hallgrímur Sveinsson,
Jónas Jónassen,
Kristján Jónsson.
Magnús Andréssen.

nei:

Eiríkur Briem,
Guðjón Guðlaugsson,
Guttormur Vigfússon,
Julius Havsteen.

Fyrirsögnin sþ. með 6 shlj. atkv.
Vísað til 3. umr. með 6 : 3 atkv.

Þriðja umr. 18. júlí (C. bls. 231).

Flutningsmaður (Ólafur Ólafsson): Það hafa orðið talsverðar umræður um þetta frv., þó að það sé ekki langt, og mér er það ánægja að hafa heyrt það viðurkent í umræðunum og það líka hjá þeim, sem helzt hafa andmælt frv., að það hafi við gild rök að styðjast. Eg tek það fram enn, að það er bæði rétt og satt,

Eina ástæðan, sem tilfærð hefir verið á móti frv. og nokkur veigur er í, er frá fjárhagslegu sjónarmiði, sú, að af því að tillagið sé svo lítið, þá megi búast við, að komið verði aftur og beðið um meiri uppbót. Eg skal ekki leggja neinn dóm á, hvort sá spádómur muni rætast eða ekki. Söknarmenn sjálfir hafa beðið um þessa upphæð og álitið hana nægja, því að annars hefðu þeir farið fram á meira.

Eg get ekki séð, að þetta eigi að verða grýla á frv. Eg veit ekki betur en, að það sé orðið altítt, að menn komi aftur, þó að hvorki kirkja eða prestar eigi í hlut. Eg veit ekki betur en, að það sé altítt að veraldlegir embættismenn komi annaðhvort sjálfir aftur eða aðrir fyrir þeirra hönd og biðji um betri meðferð á

kjörum sínum. Það er ekki langt síðan, að það kom fyrir í h. Nd., og enn styttra síðan, að sama kom fyrir í þessari h. deild Eg hef ekkert við það að athuga, en eg vildi að eins benda á, að það þyrfti ekki að vera meiri grýla í augum manna, að menn komi aftur. Það hefur líka verið komið hér aftur fyrir hönd læknastéttarinnar og farið fram á að færa eitt embættið upp í hærri flokk. Þó að ekki sé þar um beint fjárframlag til launabóta að ræða, þá er það þó annað, sem þjóðinni er minna gefið um alment, nýr eftirlaunastyrkur. Þess vegna er engin ástæða til að hafa þessa grýlu á frv. á sömu stundinni og í sömu deildinni, sem aðrir embættismenn eru að koma aftur í sömu h. þingdeild.

ATKV.GR.: Frv. sþ. með 6 : 4 atkv. og afgreitt til forseta Nd.

Árgjald af Prestsbakka.

FRUMVARP til laga um breyting á lögum 2. nóvember 1885 um breyting á 1. gr. í lögum 27. febr. 1880 um skipun prestskalla. 1. umr., 20. júlí (C. bls. 310).

Flutningsmaður (Guðjón Guðlaugsson): Eg flyt frv. þetta samkvæmt ósk sóknarnefndarinnar í prestakalli þessu og fyrv. prests í þessu prestakalli og prófasts í Strandaprófastdæmi, sem bezt hefir skýrt málið og óskað hefir þessarar breytingar.

Stiptsyfirvöldin hafa sömuleiðis skýrt málið ýtarlega og liggja skjölin til sýnis á lestrarsalnum. Eftir þeim upplýsingum hefir afgjald þetta komist á í ógáti. Tekjur brauðsins eru 1226 krónur eftir nýjasta brauðamati, að árgjaldinu ófrádregnu, og hygg eg það rétt vera, sem fyrverandi prestur og prófastur segir, að árgjald af svo lágum tekjum eigi sér hvergi jafnaðardæmi. Og eftir því, sem stiptsyfirvöldin skýra frá, þá hefir þessi ósanngjarna álaga komist á, af því uppástungumanni álögunnar taldist svo til, að tekjurnar væru rúmum 300 kr. meiri en þær eru, en þetta er sannað, að hefir verði algjörlega rangt.

Sumir hafa spurt mig, af hverju þessi ósk hafi ekki komið fyr fram, fyrst hún hafi við svona góð rök að styðjast. Eg skal játa það, að það er slæmt, að hún kom ekki fram, áður en prestaskifti urðu á brauðinu, og fyrverandi prestur hefir sagt mér, að hann hafi oft verið kominn á flugstíg með það, en auðvitað hefir ástæðan fyrir því, að ekkert varð úr framkvæmdinni verið sú, að hann sat við sitt veitingabréf og mátti því á sama standa sjálfs síns vegna, en nú verður framkvæmd í málinu hjá hinum alþekta drenglynda manni, þegar hann sér fátækan, en mjög heiðarlegann eftirmann sinn verða þjáðan af þessum ósanngjörnu búsyfjum.

Af þessu geta menn séð, að landssjóður tapar engum þeim tekjum, sem hann hefir haft, heldur voninni um tekjur framvegis samkvæmt miður réttlátum lagaákvæðum.

Þar sem málið er nú til 1. umr., ætla eg ekki að fjölyrða um það að sinni, heldur að vísa til skjala þeirra er fyrir liggja frá stipsyfirvöldum, sóknarnefnd og fyrverandi presti og prófasti á Prestsbakka, sem öll skýra málið betur en eg get gjört, og óska jeg svo að málið fái að ganga til 2. umr.

Frv. visað til 2. umr. með 10 shlj.atkv.

Önnur umr. 22, júlí. (C. bls. 310).

Axel Tulinius stakk upp á því, að málið væri tekið út af dagskrá sökum þess að flm. væri ekki á fundi og kvaðst.

Forseti vera þess fús, ef deildin hefði ekki neitt á móti því, en kvaðst fyrst um sinn mundu fresta því, þar til dagskráin væri tæmd.

ATKV.GR.: Meginmál frv. sþ. með 9 shlj.atkv. Fyrirsögn frv. sþ. með 9 shlj.atkv. Visað til 3. umr. með 9 shlj. atkv.

Þriðja umr., 24. júlí (C bls. 310).

Hallgrímur Sveinsson: Eg bjóst við, að flutnm. þessa frumv. mundi mæla nokkur orð til að biðja h. deild um að ljúka eins vel við það og hún hefir tekið því vel hingað til. En þar sem eg sé, að hann er ekki viðstaddur, leyfi eg mér að biðja þingdeildina að samþykkja frumv., eins og það nú liggur fyrir. Það hefir engin brt. komið fram við það, né mótmælum verið hreyft gegn því, enda er ekki auðvelt að mótmæla því, jafnvel rökstutt og það er. Árgjaldið til landssjóðs af þessu brauði er komið inn í löggjöfina fyrir eitthvað óskiljanlegt glapræði eða hugsunarleysi; tekjur þær, sem ætlaðar hafa verið prestakallinu, hafa hvergi nærri reynst eins miklar, víst fullum 150—200 kr. minni en gert var ráð fyrir. Á þeim ranga grundvelli var þetta árlega gjald af prestakallinu bygt, sem hér er farið fram á að látið verði falla niður. Vona eg, að h. þingd. samþykki frumv. og lofi því að ganga til h. Nd. með beztu óskum um góðan framgang málsins einnig þar í deildinni.

ATKV.GR.: Frumv. samþ. með 9 shlj. atkv. og afgreitt til forseta Nd.

Búnaðarstyrkur.

TILLAGA til þingsályktunar um skilyrði og reglur fyrir veiting á styrk úr landssjóði til búnaðarfélaga; ein umr., 23. ágúst (C bls. 707).

Guttormur Vigfússon: Till. þessi er að mestu leyti sama efnis,og sams konar till., er sþ. var á þingi 1899 viðvíkjandi reglum fyrir veiting á styrk úr landssjóði til búnaðarfélaga.

Búnaðarmálanefndin hefir breytt reglunum lítið eitt og að sumu leyti, að eg held, ekki til batnaðar, en að sumu leyti til bóta.

Eg ætla að drepa á nokkur atriði, sem þessar reglur víkja frá eldri reglunum. Fyrst er ákvæði um að taka bygging áburðarhúsa og lagheldra safnþróa með þaki til greina við styrkveiting, og er það ákvæði til verulegra bóta, enda eiga slík verk að mínu áliti eins mikla þökk skilið og hverjar aðrar jarðabætur.

Ef eg skil rétt ákvæðið: „Endur-bætur á gömlum jarðabótum þeim, er búnaðarfélagið hefir stutt að, skal eigi telja á skýrslu o. s. frv.“, þá er þar með sagt, að taka megi eldri jarðabætur á skýrslu, svo framarlega sem búnaðarfélag hefir eigi áður fengið styrkveiting fyrir verkið, enda er slíkt að mínu áliti alveg réttlátt. Eg hygg, að þetta sé rétt skilið og verði skoðað á þennan hátt.

Þá hefir búnaðarmála-nefndin breytt í ýmsum greinum ákvæðunum um, hvernig leggja skuli í dagsverk. Eftir eldri ákvæðum var einhlaðinn grjótgarður, $3^1/_2$ fet á hæð, 3 faðmar á lengd, talinn í dagsverk, en nú eftir þessari tillögu 4 fet á hæð og 4 faðmar á lengd. Nú er garðurinn hafður hærri og meira í dagsverkinu, en eg held, að einhlaðinn grjótgarður sé nægilega hár, $3^1/_2$ fet og þetta ákvæði sé því að nauðsynjalausu og óréttlátt. Svipað er að segja um tvíhlaðna grjótgarða; eftir eldri ákvæðum er dagsverkið $3^1/_2$ fet á hæð, $1^1/_2$ faðmur á lengd, en nú 4 fet á hæð, og 2 faðmar á lengd. Það er því auðsætt, að dagsverkin hafa hér verið aukin að mun. Enn er nýtt ákvæði um garða úr höggnu grjóti, en þeir tíðkast víst óvíða, nema hér í Reykjavík. Þá tel eg til töluverðra bóta, að vírgirðingar eru ákveðnar til þess að taka inn á skýrslu, og hefir það ekki verið áður, og til þess að þær verði að gagni, er nánar ákveðið, hvernig þær skuli vera, til að vera álitnar full og tryggileg vörn. Eg ætla ekki að fjölyrða meir um þetta mál, en legg til, að till. verði samþ, þar eð eigi er neinn tími til að gera breytingar við hana.

ATKV.GR.: Till. samþ. með 10 atkv. og afgreitt til landsh.

Vatnaágangur.

FRUMVARP til laga um samþyktir til varnar skemdum af vatna-ágangi, um vatnsveitingar og um skurði; 1. umr., 7. ágúst (C bls. 485).

ATKV.GR.: Frumv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Önnur umr., 9. ágúst (C bls. 485).

ATKV.GR.: 1. gr. frumv. sþ. í e. hlj
2. gr. frv. samþ. í e. hlj.
3. — — — - —
4. — — — - —
5. — — — - —
6. — — — - —
7. — — — - —
8. — — — - —
Fyrirsögn frv. samþ. í e. hlj.
Frv. vísað. til 3. umr. í e. hlj.

Þriðja umr, 12. ágúst (C bls. 485, 593).

Breyt.till. á þgskj. 429 hafði verið útbýtt með ónógum fyrirvara, og leitaði forseti samþykkis deildarinnar um það, hvort henni skyldi leyfð aðganga.

Var það samþ. í e. hlj.

Kristján Jónsson: Eg hefi komið með breyt.till. við frumv. þetta ásamt 2 öðrum h. þingm. Frumv. þetta er að mestu samhljóða lögum nr. 4, 6. marz 1896, nema að því leyti, að það ræðir einnig um samþyktir um vatnsveitingar og um skurði. Í téðum lögum eru í 6. gr. sektir fyrir brot á samþyktunum ákveðnar frá 5—100 kr., en í frumv. því, er hér liggur fyrir, eru þær ákveðnar 2—25 kr. Við þetta atriði er breyt.till. vor, og er hún þess efnis, að færa sektarupphæðina upp í 5—100 kr., líkt og hún er í öðrum samþyktarlögum vorum. Sektarákvæðið í frv. hefir komist inn af einhverri vangá, og eg er sannfærður um það, að h. Nd. hefir ekkert við breyting vora að athuga. Eg vona því, að breyt.till. verði samþ., því að engin skynsamleg ástæða getur verið fyrir því, að hafa sektarákvæðið öðru vísi í þessum lögum, en í nýnefndum lögum 6. marz 1896

ATKV.GR.: Breyt till. á þgskj. 429 samþ. með 10 atkv.

Frumv. þannig breytt sþ. í e. hlj og endursent forseta Nd.

Fasteignaráð utanríkismanna.

FRUMVARP til laga um takmörkun á rétti til fasteignaráða á Íslandi; 1. umr., 4. júlí (C bls. 128).

Magnús Andrésson: Frumv. þetta virðist fara í rétta átt, þar sem það að einu leytinu takmarkar nokkuð rétt utanríkismanna til að eignast fasteignir og veiðirétt á Íslandi, en að hinu leytinu kemur þó ekki alveg í veg fyrir, að þeir geti fengið þetta með vissum skilyrðum. En sum takmörkin í frumv. eru of þröng og óþarflega þröng t. d., að veiðiréttur í ám megi ekki veitast nema til eins árs. Getur það komið í veg fyrir, að eigendur eða umboðsmenn geti leigt hann. Það getur vel komið fyrir, að Englendingar komi og vilji gera samninga um veiðirétt í ám fyrir lengri tíma, t. d. 8 til 10 ár. En ef eigendurnir geta eigi gert það, nema með leyfi konungs, þá gæti svo farið, að ekkert yrði úr samningunum, því að Englendingar vildu ekki bíða eftir þeim. — Þó að því frumv., sem sagt, gangi að vísu í rétta átt, hygg eg þó, að íhuga þurfi nánara sum ákvæði í því og málið á því, og ef engir fleiri skyldu taka til máls, leyfi eg mér að stinga upp á, að 3 manna nefnd yrði skipuð í málið.

ATKV.GR.: 3 manna nefnd sþ. í hlj.

Kosning hlutu:

Magnús Andrésson með 9 atkv.
Kristján Jónsson — 9 —
Gutt. Vigfússon — 6 —
1. umr. málsins frestað.

Framhald 1. umr., 12. júlí (C bls. 128, 227).

Framsögumaður (Kristján Jónsson): Eins og h. þingdm. munu kannast við og muna, var samkynja mál og þetta borið upp á alþingi 1899 og þá samþykt lagafrumv. um eignarrétt og leigurétt utanríkismanna til jarðeigna á Íslandi, en lögin hlutu ekki samþykki landsstjórnarinnar. Hún, landsstjórnin, áleit samt sem áður, að taka ætti að nokkru leyti tillit til hins yfirlýsta vilja alþingis í því efni og taka að nokkru leyti til greina stefnu þá í þessu máli, sem hefir verið að ryðja sér til rúms hér á landi á síðari árum, nfl. þá skoðun og stefnu, að rétt væri að setja takmörk fyrir rétti utanríkismanna til að eignast fasteignir hér á landi og leigurétt yfir þeim, einkum þar, sem þeim fylgja umráð yfir mikilsverðum og arðsömum framleiðslutækjum og náttúruöflum t. a. m. námum og fossum. Af því að stjórnin gat fallist á þessa stefnu, þá hefir hún samið þetta frumv. og lagt það fyrir alþingi, og hefir það svo verið falið nefndinni til meðferðar og íhugunar.

Í aðalefninu getur nefndin fallist á frv. og lagt það til, að það verði samþykt. En það eru ýmisleg atriði í því, sem hún óskar að fá breytt, og þó að eg muni fá tækifæri til að skýra hin einstöku atriði nánar við 2. umr., þá vil eg þó benda á þau í stuttu máli nú við 1. umr. málsins.

Það er þá fyrst, að í stjórnarfrv. er farið fram á að takmarka aðgang utanríkismanna til að eignast fasteignir hér á landi á þann hátt að þeir þurfa að fá til þess sérstakt leyfi hjá konungi, og er um leið gefið í skyn, að stjórnarvaldi hér á landi muni fengið umboð til að gefa út leyfið fyrir hönd konungs. Nefndin hefir nú komist að þeirri niðurstöðu, að réttara væri að fara lengra en þetta og því að eins veita leyfið, að sérstök lög væru gefin út um það í hvert skifti, er afsala ætti jarðeign í hendur útlendinga. Það er sama ákvæðið, og stóð í frv. 1899 að þessu leyti, og stjórnin hefir ekki hreyft neinum mótbárum gegn þessu atriði, í bréfi sínu 27. júní 1900, sem birt er í Stj.tíð., þar sem hún gerir grein fyrir, hvers vegna frv. var neitað staðfestingar.

Nefndin þykist og geta stutt þessa skoðun sína með því, að áþekk fyrirmæli gildi í löggjöf vorri, þegar jarðir, sem eru eign landssjóðs, eru seldar privatmönnum, því að til þess þarf jafnan lagaheimild. Hér stendur nokkuð líkt á að sínu leyti, og nefndinni þótti réttmætt, að sömu ákvæði væru sett, er jarðeignir væru seldar af hendi utanríkismönnum og þær þannig ganga úr eign landsmanna, eins og þegar þjóðjarðir eru seldar einstökum mönnum og þannig ganga undan eignarumráðum almennings. Það vakti og fyrir nefndinni, að lítil gagnsemd mundi af því leiða, að utanríkismenn eignuðust jarðir hér á landi, nema því að eins, að þeir búsettu sig hér jafnframt, því að þá fyrst gætu þeir orðið landinu til verulegs gagns og uppbyggingar; að öðrum kosti þótti það efamál, hvort nokkurt verulegt gagn mundi af þeim leiða. — Þess vegna þótti nefndinni ástæða til, að gerð væri þessi breyting á stjórnarfrv.

Aftur hvað notkunarrétt yfir jarðeignum snertir, (sem nefndin kýs heldur að nefna afnotarétt), t. d. ítaksrétt o. s. frv., þá getur nefndin fallist á það, að stjórnarfrv. geri ráð fyrir, að konungsleyfi sé nægilegt til þess að afhenda hann utanríkismönnum í hendur, ef þess er óskað. En þó hefir nefndin gert tvær br.till. snertandi afsal á leigurétti eða afnotarétti. —

Eftir stjórnarfrv. þarf sérstaks leyfis í hvert sinn, er afnotaréttur er seldur af

hendi, hvað stuttur sem leigutíminn er. Þetta þótti nefndinni of strangt og óþarft og áleit hæfilegt, að ákveða leigutímann eigi styttri en 10 ár, er hver maður mætti leigja rétt sinn án sérstaks leyfis. Því að eins að leigutíminn sé lengri, á að þurfa sérstakt leyfi til þess. En svo þótti henni og ástæða til að setja einhver takmörk fyrir, hve leigutíminn mætti vera langur yfir höfuð í lengsta lagi, og þá setti hún það ákvæði, sem stóð í frv. frá 1899, að ekki mætti afhenda afnotarétt til lengri tíma en 50 ára. Ef farið væri fram á að afhenda leigurétt eða afnotarétt fyrir lengri tíma, en 50 ár, þá á að þurfa til þess sérstaka lagaheimild. Það vakti fyrir oss, að ef leiguréttur væri afsalaður fyrir lengri tíma en 50 ár, þá yrði hann nokkuð meiri en afnotaréttur, svo sem erfðafesturéttur eða jafnvel eign arréttur í raun og veru, þótt takmarkaður væri.

Í þriðja lagi áleit nefndin, að slík ákvæði ættu alls ekki að ná til leigu á húsum, því að þær ástæður, sem frv. byggist á, ættu ekki við um húseignir í kaupstöðum, nema þeim fylgi jarðeignir, og þess vegna ættu þær, húseignirnar, að vera undanskyldar í þessum lögum. Í þessa átt fór og lagafrv. alþingis 1899.

Enn fremur hefir nefndin lagt til, að breyting sé gerð á síðustu grein frv., nfl. að lögum þessum verði eigi beitt (í stj.-frv. mun „breytt“ vera prentvilla), þar sem það komi í bága við samninga við aðrar þjóðir“. Nefndin verður að skilja það svo, að átt sé hér við samninga, sem þegar eru gerðir, áður en lögin öðlast gildi, og sé þá rétt að taka það skýrt fram í lögunum. Ef ekki mætti beita þeim, svo framarlega sem aðrir samningar yrðu gerðir, eftir að lögin öðlast gildi, er kæmu í bága við þau, þá skil eg ekki, hverja þýðing lögin mundu hafa.

Að öðru leyti þótti nefndinni einnig ástæða til að semja frv. um að öllu leyti, þar sem orðfærið á því er ekki sem liðlegast né ljósast. Eg skal svo ekki fjölyrða um málið að sinni. Eg hef reynt að gefa greinilega skýring á, hvernig á breytingum nefndarinnar stendur, og get þá rökstutt þær nánar við 2. umr. málsins.

Landshöfðingi: Þótt nefndin hafi samið frvumvarpið alveg upp og sett nýjar greinar inn í það, þá eru efnisbreytingarnar samt ekki mikilsverðar og koma ekki í bága við stefnu frumvarpsins. Að vísu er mönnum gert erfiðara fyrir að fá leyfi til að eignast jarðir eða afnotarétt þeirra eftir þessu frumvarpi, en eftir frumvarpi stjórnarinnar, þar sem það hér er ákveðið, að til þess þurfi sérstök lög, eftir uppástungu nefndarinnar, og í sambandi við þetta skal eg leyfa mér að benda á, hvort það eigi geti haft þau áhrif, að lengja þurfi takmörkin fyrir fresti þeim, sem getur um í 4. gr.; þar er gert ráð fyrir, að hann megi vera alt að þremur árum; en það þarf lengri tíma til að afla sér þessa leyfis gegnum lög en konungsúrskurð. Hitt er bót á frumvarpinu og frjálslegt að gefa frjálsan afnotarétt alt að 10 árum. Það getur komið sér illa að mega ekki leigja veiði nema 3—5 ár. Yfir höfuð að tala er eg fullkomlega samþykkur breytingum nefndarinnar; eg get ekki séð, að þær komi í bága við aðalstefnu frumvarpsins eða geti orðið því til fyrirstöðu að það verði að lögum.

Framsögumaður (Kristján Jónsson): Mér er ánægja að heyra undirtektir hins hæstv. landsh. og að hann er samþykkur breytingum nefndarinnar í öllum verulegum greinum. Eg skal leyfa mér að geta þess út af athugasemd hans við ákvæði 4. gr. um frestinn, að nefndin athugaði þetta ákvæði og hélt að þriggja ára frestur væri nægilegur. Þar sem gera má ráð fyrir, að þing sé haldið að minsta kosti annaðhvort ár, og þannig eru tæp tvö ár milli þingloka og næstu þingsamkomu, þá

hefir hlutaðeigandi þó ætíð fult ár til að hlaupa upp á, og má búast við því, að hægt sé að fá væntanlega lagaheimild alþingis staðfesta á þeim tíma, eg álít því, að fresturinn sé hæfilega langur; en þetta getur komið til athugunar í nefndinni, og ef hún finnur ástæðu til að lengja frestinn, þá hef eg fyrir mitt leyti ekkert á móti því.

ATKV.GR.: Frv. vísað til 2. umr. í e. hljóði.

Önnur umr. 15. júlí (C. bls. 128, 227 243, 247).

Framsögumaður (Kristján Jónsson): Þegar mál þetta var um daginn til frh. 1. umr., skýrði eg frá aðalstefnu frv. og ástæðum þeim, sem það er byggt á. Það hefir ekki enn komið fram neinn ágreiningur um aðalstefnu og meginákvæði frv., svo að ekki er þörf á að fara mörgum orðum um það. Alþingi hefir áður haft málið til meðferðar árið 1899 og lét þá ótvíræðlega í ljósi, að lagasetning um það efni ætti að ganga í þá átt, sem hér er farið fram á. Þó að stjórnin hafi nú ekki getað veitt samþykki sitt því frv., sem 1899 var afgreitt frá alþingi, þá hefir hún samt sýnt, með því að leggja þetta frv. fyrir alþingi, að hún er hlynt stefnu þeirri, sem tekin var í málinu á síðasta þingi. Hæstv. landsh. hefir og tekið í sama strenginn og lýst því enn frekar yfir, að hann yfir höfuð væri samþykkur stefnu þeirri, er nefndin hefir tekið í málinu.

Eg þarf því ekki að fjölyrða um mál þetta alment og í heild þess, en skal minnast á þær breytingar við stj. frv., sem nefndin hefir leyft sér að koma fram með.

Þær eru flestar að vísu taldar í nefndarálitinu, en það er þó rétt að taka þær fyrir til umræðu hverja út af fyrir sig.

Það er þá fyrst, að í 1. gr. stj. frv. er gert ráð fyrir, að konungsleyfi sé nægilegt, er afsalað sé fasteignum í hendur utanríkismönnum. Nefndin hefir stungið upp á að breyta þessu og í stað þess setja sams konar ákvæði, eins og stóð í lagafrv. alþ. 1899, nfl. að til þessa þurfi lagaheimild í hvert skifti. Nefndin þótt-ist í því efni fara eftir almenningsvilja og álíti, eins og það hefir komið í ljós bæði í ræðu og riti, og einkanlega í frv. alþ. 1899. Hún studdist og við það, að í bréfi stjórnarinnar, sem prentað er í Stj.tíð. og dags. í júní 1900, um ástæðurnar fyrir neitun hennar á staðfesting frv., er ekki vikið einu orði að þessu atriði í alþingisfrumvarpinu 1899, og má því ætla, að hún sé því eigi svo móthverf, að það hafi ráðið úrslitum málsins fyrir henni. Enn er það, að þetta ákvæði er í samræmi við önnur ákvæði í löggjöf vorri, sem eru því skyld, sem sé þá reglu, að þegar um það er að ræða, að selja privatmönnum þjóðjarðir, þá útheimtist til þess lagaheimild, sérstök lög, en þetta verður ekki gert eftir konungs-úrskurði einum saman. Hvorttveggja er analogt eða samsvarandi, og þykir rétt að fylgja þessari analogi hér. Það má líta svo á, að þegar hérlendir menn selja utanríkismönnum fasteignir, þá gangi þær úr eign þjóðarinnar, eins og þegar þjóðjarðir eru seldar og ganga úr eign almennings. — Enn fremur skal bent á, að það virðist því að eins vera ástæða til að heimila, að utanríkismenn eignist fasteignir hér á landi, að það ótvíræðlega verði talið vera til hagsmuna fyrir land og lýð. En það held eg að eigi geti álitist, nema því að eins að utanríkismenn þessir verði búsettir hér; undir eins og þeir verða það, geta þeir og orðið jarðeigendur án nokkurs leyfis. Skilyrðin fyrir því, að þeir verði til verulegs gagns fyrir landið, er að mínu og margra áliti það, að þeir taki sér bólfestu hér. — Eg hef fjölyrt meira um þetta atriði en eg hefði annars gert, af því að h. þm. Barðstr. (S. J.) hefir komið fram með breyt.till. (þskj. 84), og ætlast

eg til, að það, sem eg hefi nú sagt, sé svar upp á hana, svo að eg þarf ekki að fara orðum um hana síðar, nema sérstakar ástæður gefi tilefni til þess. Eg verð að halda því fram, að stefna sú, sem nefndin hefir tekið, sé á góðum rökum bygð og réttmæt, og það gladdi mig mjög, er eg heyrði, að hæstv. landsh. hafði ekki neitt við hana að athuga.

Í öðru lagi hefir nefndin lagt það til, að þegar um „notkunarrétt“ (eftir stj. frv.; við viljum kalla það „afnotarétt“) er að ræða, þá verði gerðar breytingar í tvenna átt á stjórnarfrv. Önnur er sú, að ef utanríkismenn vilja fá afnotarétt yfir fasteign um skamman tíma, þá þurfi einskis leyfis; höfum við tiltekið það tímatakmark næstum af handahófi og sett það 10 ár. Ef leigutíminn er ekki lengri en 10 ár, þá ætlumst vér til, að eigi þurfi sérstaks leyfis, en að annars þurfi leyfis konungs eða þess manns, sem hann gefur umboð til þess að veita leyfið. Á hinn bóginn áleit nefndin rétt að setja það tímatakmark, að ekki væri heimilt að selja afnotarétt eða leigurétt af hendi til utanríkismanna, þótt leyfi konungs fengist, lengur en til 50 ára, því að ef svo væri, þá mætti álíta, að undir því byggi reglulega eignarsala, eða eitthvað svipað og erfðafesturéttur, sem nálgast mjög fullkominn eignarrétt, og að þá væri ekki um takmarkaðan afnotarétt að ræða. Ef utanríkismenn æskja að fá leigurétt eða afnotarétt fyrir lengri tíma en 50 ár, þá verður eftir þessu að krefjast til þess, að löggjafarvaldið heimili það í hvert skifti.

Þó áleit nefndin, að ákvæði þessi ættu ekki að gilda um húseignir í kaupstöðum eða um leigu á þeim einum, þegar jörð ekki fylgir. Það er aðaltilgangur frv. að takmarka rétt utanríkismanna til að eignast fasteignir hér á landi, til þess að tryggja oss umráðin yfir hinum mikilvægustu auðsuppsprettum landsins, rétt til námugraftar, til að nota vatnsafl o. fl. og koma í veg fyrir, að þær yrðu notaðar af útlendingum þannig, að það gæti orðið til skaðræðis og tjóns fyrir landið alt. En þessi skoðun nær ekki til húseigna í kaupstöðum, því að þær eru ekki arðbærar í eiginlegum skilningi eða á líkan hátt arðvænlegar eins og jarðeignir; þær eru jafnvel oft eingöngu byrði og ómagi fyrir eigandann. Því áleit nefndin ekki rétt, að takmarka rétt landsmanna til að selja eða afhenda húseignir utanríkismönnum. —

Nefndin hefir stungið upp á, að í stað „dómritara“ á nokkrum stöðum í frumv. komi valdsmaður. Hér er átt við embættismann þann, sem hefir umsjón yfir veðmálabókunum. Eg efast um, að það sé rétt, að nefna hann „dómritara“, heldur mun hann svara til þess, sem nú er kallað valdsmaður. Í lögum 24. apríl 1833 um þinglýsingar, er hann nefndur „Rettens Betjent“ og mælir það með, að betur sé farið að kalla hann valdsmann á íslenzku.

Þá er breyt.till. frá nefndinni við upphaf 4. gr. frv.: „Þegar þinglesið hefir verið skjal . . . . eða þegar kaupandi að eignar- eða notkunarrétti fasteignar, er eigi fullnægir skilyrðum laga þessara, er ordinu umráðandi hennar eða afnotahafandi“ o. s. frv. Oss er það ekki ljóst, hvað vakað hefir fyrir þeim, sem samið hafa þessa grein frv. Þar sem greinarmunur er gerður á því, að vera kaupandi að eignar- eða notkunarrétti fasteignar, og vera orðinn umráðandi hennar eða afnotahafandi. Getur hér naumast verið um annað en hugsunarvillu að ræða. Þessu hefir því nefndin viljað breyta þannig: „Hafi skjal verið þinglesið . . . . eða maður hefir án þess að fullnægja skilyrðunum í 1. gr. hér á undan, keypt fasteign, eða afnotarétt yfir fasteign“ o. s. frv. Teljum vér nægilegt, að setja hér ákvæðið, „hafi hann keypt fasteign“ o. s. frv., en ekki bæta því við, að hann hafi

orðið umráðandi eða afnotahafandi fasteignar auk þess að hann á að hafa keypt hana.

Þá er breyt.till. frá nefndinni við 10. gr., til þess að taka það skýrt fram, að lögunum verði ekki beitt, þar sem það mundi koma í bága við samninga við aðrar þjóðir, er áður hafa verið gjörðir. Þetta áleit nefndin sjálfsagt, en taldi og á hinn bóginn jafn-sjálfsagt, að ef lögin yrðu staðfest og gefin út, þá mætti eigi gera samninga eftir á, er kæmu í bága við lög þessi, og þótti nefndinni rétt, að þetta væri tekið beint og skýrt fram.

Þá hafa komið fram tvær br.till. frá 2 hv. þingm. Önnur frá h. 6. kgk. þm. (E. Br.) á þingskj.78, að í 1. gr. á eftir orðunum: „til að nota vatnsafl" komi: „réttur til að láta hús standa á lóð". Að vísu áleit nefndin að þetta atriði félli inn undir leigurétt eða afnotarétt, og væri þá breyttill. óþörf, en þó má vera, að skýrara sé að taka þetta beint fram, og getur nefndin ekki haft neitt á móti því.

Hin breyt.till. (þingskj. 84) frá þm. Barðastr. (Sig. J.) fer fram á, að 1. gr. verði orðuð líkt og hún er í stjórnarfrv., og felst í því, að í öllum tilfellum verði konungsleyfi látið nægja við afsal fasteigna og afhendingu afnotaréttar yfir fasteign hér á landi. Eg fór um þetta atriði nokkrum orðum áður í ræðu minni, og álít ekki, að eg þurfi að fjölyrða meira um það í þetta sinn. Vil eg að eins óska þess, að h. þingd. aðhyllist fremur stefnu nefndarinnar, og skal eg svo fela þingdeildinni að leiða málið heillavænlega til lykta í heild sinni.

Sigurður Jensson: Eg hefi leyft mér að koma fram með br.till. á þskj. 84. Eg hefi ekki gert það beint af eigin hvötum, heldur að nokkru leyti af samtali við annan þingmann.

Eg skal játa það að eg hefi sömu skoðun nú á þessu máli, sem eg hafði 1899, að eg álít ekki þörf á að búa til slík lög sem þessi. Eg get skrifað undir þær tillögur landsh., þar sem hann ræð til að frv. frá 1899 næði ekki staðfestingu og tók það fram, að það sé ekki hætta á því, að útlendingar fari að sækjast svo mjög eftir jarðeignum hér á landi, og að það meira að segja sé varúðarvert að búa til slík lög, til að aftra útlendingum frá að eiga jarðir hér á landi eða leggja fé sitt til ýmsra iðnaðarfyrirtækja, sem landsmenn hefðu ekki sjálfir ráð á að reka. Það er skoðun mín, að lögin séu óþörf og hér sé verið að girða fyrir hættu, sem ekki er til. Stjórnin hefir nú að vísu lagt þetta frv. fyrir þingið, breytt frá því lagafrv., sem alþ. samþ. 1899 og stjórnin synjaði staðfestingar. En þegar maður les ástæður stjórnarinnar fyrir frv., þá getur maður séð út úr þeim, að hún hefir verið enn hikandi í málinu og ekki samfærð um, að þess háttar lög geri landinu gagn.

Þar sem nú frv. hefir verið lagt fyrir þingið og stjórnin þannig hefir komið á veg til móts við vilja þingsins 1899, þá er auðvitað ekki við öðru að búast, en að frv. þetta verði að lögum. Þess vegna liggur að eins fyrir að reyna að sjá um, að það geri sem minstan skaða og því var það, að eg vildi laga svo ákvæði þessa frv., að það verði sem minst til tálmunar því, að útlendingar geti eignast jarðir eða leigt veiði í ám o. s. frv, því að setja slíkar hindranir er að gera landsmönnum skaða. Eg sé ekki bóla á neinni hættu, að útlendingar séu sólgnir í að kaupa jarðeignir á Íslandi. Hitt veit eg aptur á mót, að reynt hefir verið að selja ágætis jarðir, og engin viljað eða getað keypt. Menn mættu því verða fegnir, ef útlendingar vildu bjóða í þær.

Tilgangur minn með br.till. var sá, að reyna að koma í veg fyrir, að unt væri að lög þessi hindruðu það, að útlendingar sæktust eftir fasteigna- og afnotarétti hér á landi, og þess vegna hefi eg stungið upp á, að ákvæðum stjórnarfrv. væri hald-

ið, að til þess að eignast jarðir hér á landi, þegar um utanríkismenn er að ræða, þá þurfi að eins samþykkis konungs eða þess, sem hann veitir umboð til að gefa slíkt leyfi. Eg álít, að með því móti verði útlendingar síður fældir frá að reyna að eignast jarðir hér á landi.

H. frsm. (Kr. J.) sagði, að því að eins væri hagnaður að því, að útlendingar eignuðust fasteignir hér á landi, að eigendurnir settust hér að. Þetta álít eg ekki fullkomlega rétt. Eg gæti hugsað mér það hagkvæmlegt, þó að eigendurnir settust ekki hér að. Eg álít það hagnað fyrir landið, ef jarðir yrðu í hærra verði en þær annars væru. Eins og eg gat áður, þá hafa menn reynt að selja góðar jarðir og það hefir ekki verið hægt. Það gæti því hugsast, að jarðir, sem lakari eru, gætu fallið svo í verði, að bankinn þyrði ekki að lána út á þær, og væri það skaði fyrir landsmenn í heild sinni. Ef nú þessi lög skyldu verða til þess að fæla heldur útlendinga frá að eignast jarðir hér á landi, þá áleit ég, að það sé öllu landinu og landsmönnum til skaða. Sem sagt vildi eg helst, að þessi lög yrðu ekki búin til, því að eg er á sama máli og stjórnin um það, að það sé ekki ástæða til að gefa þau út. En af því frv. gengur í gegn hvort sem er, þá hefi eg komið fram með br.till. mína, því að hún ræður þó nokkra bót á ákvæðum frv.

Landshöfðingi: Eg ætlaði að eins að gera stutta athugasemd út af breyttill. h. 6. kgk. (E. Br.) á þskj. 78. Eg skil hana líklega ekki fullkomlega. Eftir henni þarf konungsleyfis til að öðlast rétt til að láta hús standa á lóð þ. e. lengur en 10 ár, því að það standa almenn ákvæði í greininni um það, að ekki þurfi sérstaks leyfis til afnotaréttar, þegar um 10 ára leigutíma er að ræða — Mér finst það óviðkunnanlegt, að útlendingar skuli ekki hafa rétt til að láta hús standa á lóð lengur en 10 ár, nema fá til þess konungsleyfi. Ákvæðið nær eða getur náð yfir margt Ekki að eins til að byggja nýtt hús á lóð, heldur nær það líka til þess, ef útlendingur kaupir húseign, þ. e. hús með þeirri lóð, sem það stendur á og ef til vill reit umhverfis, þá þarf sérstaks konungsleyfis til þess, að húsið fái að standa á lóðinni lengur en 10 ár. Eg hefi ef til vill ekki skilið breyt.till. rétt, en þá þyrfti að orða hana nánara. En eg hefi heldur ekki heyrt flutnm. hennar útskýra hana enn sem komið er.

Magnús Andrésson: H. framsm. (Kr.J) hefir gert svo nákvæma grein fyrir tillögum nefndarinnar, að eg hefi eigi neinu þar við að bæta. En eg hefi skrifað undir nefndarálitið með fyrirvara um eitt atriði, sem er um það, hverrar heimildar skuli þurfa við, til þess að utanríkismenn geti fengið fullan eignarrétt yfir jarðeignum hér á landi.

Eins og sjá má á nefndarálitinu, þótti meiri hluta nefndarinnar mikið mæla með því, að slíkt leyfi verði eigi veitt, nema með lögum; en eg álít heppilegra, að konungur eða sá maður, er hann veitir umboð til þess, sem sennilega yrði landshöfðingi, hafi vald til að veita slíkt leyfi. Ef utanríkismaður vill eignast hér jörð og eigandi vill selja hana, þá þarf eftir till. meiri hluta nefndarinnar sérstök lög til þess, og yrðu þá kaupin að bíða 2—3 ár eftir þeim lögum, þar sem alþingi er haldið að eins annaðhvort ár. Eftir því, sem ferðum utanríkismanna hingað er háttað, gæti þessi langa bið orðið þess valdandi, að ekkert yrði úr kaupunum, og það gæti orðið jarðeiganda til mikils tjóns, því að oftast mundu útlendir auðmenn, ef þeir á annað borð vildu kaupa hér jörð, gefa meira fyrir hana, en auðið væri að fá með því að selja hana innlendum mönnum, og þannig kæmu inn í landið peningar meiri, en svarar því, er fyrir þá væri gefið. — Eins og h. þm. Barðstr. (S. J.) tók fram, hafa Englendingar að undan-

förnu haft mikil viðskifti við Ísland, einkum leigt veiðirétt í ám, sem Íslendingar hafa haft mikinn ávinning af, og álít eg varlega gerandi, að leggja nema sem minnstar tálmanir í veginn fyrir öll slík viðskifti. Mér sýnist það vera nægileg trygging, að stjórnin hafi eftirlit með viðskiftum þeirra við landsmenn, og annaðhvort banni sölu, ef gild ástæða þykir til, eða leyfi hana með einhverjum vissum skilmálum, ef þess þykir þurfa. En það mundi oftast taka miklu minni tíma að fá einhvern úrskurð um þetta hjá stjórninni, heldur en hjá hinu almenna löggjafarvaldi. Af þessum ástæðum mun eg greiða atkvæði með breyt till. á þgskj. 84.

Eiríkur Briem: Viðvíkjandi breyt.till. minni á þgskj. 78 skal eg leyfa mér að taka það fram, að eg ætlaðist aðallega til, að hún væri til skýringar á breytingum nefndarinnar. Í frumv. stjórnarinnar er gert ráð fyrir, að þessi takmörkun nái til allra fasteigna, þar á meðal húseigna. Aftur á móti hefir nefndin í till. sínum viljað hafa húseignir undanþegnar en eg hefi skilið það svo, sem hér væri að eins um húsin að ræða, en ekki lóðina undir þeim, og af því að mér þótti þetta eigi skýrt tekið fram, þá var það meiningin með þessari breyt.till. minni, að taka það skýrar fram. En ef lóðin líka er talin með húseigninni, þá álít eg betra að fylgja frumv. stjórnarinnar, að halda orðinu fasteign. Þetta getur orðið ágreiningsefni t. d. ef um námagröft er að ræða. Það getur verið, að náman taki yfir svo lítið svæði, að það sé eigi stærra en húslóð, svo sem t. d. náman í Helgastaðafjalli eftir því sem mér hefir verið sagt. Það má fara í kringum lögin með því að koma námunni inn undir húseign, þannig, að bygt sé hús yfir blettinn, ef lóðin fylgir húseigninni. Viðvíkjandi því, hvort þetta frumv. eigi geti haft nokkra þýðingu, skal eg leyfa mér að minna á, að fyrir nokkrum árum voru eyðublöð send til eigenda að fossum og ám þess efnis, að skorað væri á þá að skrifa undir þau, og var þeim boðið 3% af virðingarverði jarðanna eftir óvilhallra manna mati.

Fyrir jörð, sem metin var 2000 kr. fengust þá eftir þessu hlutfalli 60 kr. í leigu eftir ónýtan foss, en jafnframt var ákveðið að ekkert gjald skyldi greiða fyr en farið væri að nota fossinn. Hve margir hafi skrifað undir þessi skjöl, skal eg láta ósagt; eg hygg eigi, að þeir muni hafa verið margir; en með þessu móti hefðu viðkomendur, sem eyðublöðin sendu, getað náð umráðum yfir vatnsafli í landinu, og að eins keypt þennan rétt, til þess að hamla öðrum frá að komast þar að og nota vatnsaflið, því leiguréttarinn gat haldist um ótakmarkaðan tíma þó að ekkert væri borgað. Þar sem h. þm. Barðstr. (S.J.) tók fram, að það væri eigi nema gott, að útlendingum gæfist kostur á að eignast jarðir hér á landi, þótt eigi flytji þeir hingað, þá get eg eigi fallist á þá skoðun hans, en verð að álíta það varhugavert, og skal eg í þessu sambandi taka t. d. Englendinginn Payne, sem keypti Ártún og Bústaði. Auðvitað fékk eigandinn mikla peninga fyrir þessar jarðir; en hins vegar borgar hinn núverandi eigandi, útlendingurinn, ekkert útsvar, og þannig hefir sveitin eigi eins eyris hagsmuni af því; en svo að eg víki aftur að breyt.till. minni, þá meinti eg ekki annað með henni en að skýra nánar ákvæði nefndarinnar.

Framsögumaður (Kristján Jónsson): Eg skal leyfa mér að taka það fram, að eg hef skilið svo breyt.till. á þskj. 78, að með henni sé eigi meint nema leiguréttur yfir lóð, og sé það rétt skilið, þá hygg eg eigi, að nefndin verði henni mótfallin eða hafi neitt við hana að athuga. Að öðru leyti hefir að eins ein tillaga nefndarinnar mætt mótmælum og verið krufin til mergjar nfl. sú, að lagaheimild skuli þurfa til þess að utanríkismenn geti fengið fullan eignarrétt yfir fasteignum hér á landi, og get

eg vel skilið það, að þeir, sem á annað borð eru á móti stefnu þessa frv. í heild sinni, séu einnig á móti tillögu nefndarinnar, í þessa átt, og þá get eg líka mjög vel skilið það, að hinn háttv. þm. Barðstr. sé henni mótfallin; eg man sem sé, að hann á síðasta þingi mótmælti frv. því, sem þá var til umræðu um þetta sama efni, en mótmæli hans miðuðu eigi aðallega gegn því að binda réttinn til að afsala fasteignir til utanríkismanna við sérstaka lagaheimild, heldur voru þau sprottin af efasemdum hans um, að lagasetning, sem þessi, yfir höfuð væri heillavænleg fyrir land og lýð. Eg vil eigi taka upp aftur ástæðurnar fyrir því, að eg hefi aðhyllzt þá stefnu frumvarpsin, sem bæði landssjórnin og hæstv. landsh. hefir getað fallist á, heldur vil eg að eins ýtarlega taka það fram, að eg tel það ekki æskilegt, að jarðeignir hér á landi séu seldar utanríkismönnum nema því að eins þeir séu búsettir hér.

Eins og hinn h. 6. kgk. þm. (E. B.) tók fram, þá greiðir hinn núverandi eigandi Bústaða og Ártúns, Mr. Payne, ekki einn eyri til almennra þarfa hér á landi; eignirnar eru setnar svona og svona; hann leigir kunningjum sínum veiðina í ánum og heldur fátæka menn á jörðunum, sem ítið gjalda til sveitar, en sjálfur geldur hann eigi hið minsta til opinberra þarfa. Þetta hlýtur að vera og er til mikils óhagnaðar fyrir sveitarfélagið og bæjarfélagið, sem næst liggur að, og er það nú þegar farið að koma í ljós. Eg tel sjálfsagt, að ef þetta hefði verið mönnum eins ljóst, þegar salan á nefndum jörðum fór fram, eins og það er nú, þá mundi meira hafa verið boðið í þessar eignir af hérlendum mönnum eða bæjarfélagi Reykjavíkur, en gert var, og þær varla komist í eign útlendings. Eg man, að þegar bænum stóðu þessar eignir til boða, þá vildi bæjarstjórnin, af óskiljanlegri glapskygni, ekki kaupa þær fyrir allsæmilegt verð, sem þær þá buðust fyrir; en nú eru allir farnir að sjá, að það var hið mesta skaðræði að hún lét það tilboð ganga sér úr greipum. Þetta dæmi sýnir, hve skaðlegt það getur verið, ef útlendir menn kaupa jarðeignir hér á landi, að eins til þess að nota þær sem leikfang. Eg get líka nefnt annað dæmi, nfl. Krísivíkurnámurnar, sem seldar voru útlendingum fyrir mörgum árum. Vér gátum verið þakklátir þessum mönnum, meðan þeir voru búsettir hér, því að þá voru þeir til mikillar gagnsemdar fyrir bygðarlagið; þeir leigðu hesta og mikinn vinnukraft, bygðu hús og höfðu fjölda hérlendra manna í þjónustu sinni; en svo fór að lokum, að félagið þetta hætti störfum sínum, og hvaða gagn höfum vér svo af því nú? Alls ekkert; námurnar liggja ónotaðar og húsin þar í eyði; engir útlendingar skeyta hið minsta um þær, námurnar, og það er ekki einu sinni kunnugt, hverjir séu eigendur þeirra, þótt einhver kaupandi eða leigjandi kynni að bjóðast að þeim.

Eg get skýrt frá því, að fyrir tveimur árum fekk eg fyrirspurn frá Englandi um, að hverjum væntanlegur kaupandi að námum þessum ætti að snúa sér hér á landi, og gat eg eigi gefið aðrar upplýsingar því viðvíkjandi en þær, sem eg fekk úr bókum Gullbringusýslu, og voru þær ófullnægjandi. Þannig hygg eg að mætti telja ótal dæmi fyrir því, að ef útlendingar eignast fasteignir hér, þá er það því að eins landinu til gagns, ef þeir verða sjálfir búsettir hér á landi. Á hinn bóginn virðist mér ekki mikið djúp vera staðfest milli skoðana deildarmanna á þessu máli, það er að segja þeirra, sem eru á móti breytingartillögu nefndarinnar við 1. gr. frv., og meiri hluta nefndarinnar; spurningin er að eins um það, hvort heimildarkröfurnar eigi að vera strangar eða vægar. Að því er konungsleyfi snertir, þá þarf líka töluverðan tíma til að útvega það, og getur það því dregist á langinn,

þótt það að vísu taki nokkuð skemri tíma, en að fá heimildina með sérstökum lögum, en á hinn bóginn þótti meiri hlutanum sú bið eða sá dráttur eigi hafa svo stórvægilega þýðing. Tíminn, sem til þess þarf að fá þetta leyfi með sérstökum lögum, er þó eigi lengri en 2—3 ár. Kaupi nú utanríkismaður jarðeign hér rétt eftir að alþingi er slitið, þá verður hann að bíða, þangað til næsta þing kemur saman eða hálft annað ár; ef svo alþing veitir lagaheimildina, má búast við konungsstaðfestingu á skömmum fresti, og er þá tíminn eigi svo sérlega langur eða tilfinnanlegur, ekki nema rúm tvö ár, þar sem hér er um einföld lög að ræða. Eg get því eigi séð, að hér séu þau höft á, sem geti verið verulega athugaverð, einkum af því að þeir utanríkismenn sem er það áhugamál að eignast hér jarðeignir, geta trygt sér heimild fyrir eigninni með kaupsamningi, er sé bundinn því skilyrði, að þeir fái síðar hina vantandi lagaheimild. Eg held því eigi, að þetta ákvæði verði til þess að hamla því, frekar en æskilegt er, að utanríkismenn geti eignast fasteignir hér á landi.

Sigurður Jensson: Eg vildi að eins leyfa mér að gjöra stutta aths, við það, sem hinn h. frsm. (Kr. J.) sagði. Eg skal játa, að það er nokkuð öðru máli að gegna um jarðeignir nálægt Reykjavík en annarstaðar. Eg get vel skilið, að það geti haft töluverða þýðing fyrir Reykjavík og geti gjört töluverðan skaða að selja útlendingum jörð, foss eða námu í grend við höfuðstaðinn; en þó held jeg ekki, að það sé rétt, sem hinn h. frsm. (Kr. J.) sagði, að félagið hefði ekkert gagn af slíkum kaupum útlendinga. Eg hef heyrt talað um jörð, tilheyrandi Reykjavíkur prestakalli, sem var seld til mikils hagnaðar fyrir prestakallið, og salan hefir orðið til að auka að mun tekjur prestsins, og það finst mér þó mega teljast hagnaður fyrir allt félagið. Það, sem eg álít mæla með brtill. minni, er það, að með henni er útlendingum gert hægra fyrir að fá samþykki til þess, að kaupin fari fram. Sem dæmi þess, hve notalegt það er fyrir þá, sem eiga hlut að máli, að eiga það undir löggjafarvaldinu, hvort leyfi fæst til að selja fasteign útlendingum, skal eg leyfa mér að benda á, hvernig það gekk 1899, þegar sótt var um leyfi til að mega selja veiði í Laxá í Kjós. Það var sannað, að það væri til stórmikils ábata fyrir prestinn og fyrir alla, sem áttu veiði í ánni, að selja hana, og líka var það sannað, að það væri gott fyrir veiðina í ánni, sem fór stórum hnignandi. Eg vil nú benda hinni h. þd. á að lesa ástæður þær, sem komu því til leiðar, að málið var felt, og þá hygg eg, að menn geti sannfærst um, að ekki er þægilegt fyrir menn að sækja um þess háttar leyfi til lögjafarvaldsins.

Landshöfðingi: Ef breyt.till. á þgskj 78 verður samþykt nú og svo breytt til 3. umr. þannig, að í staðinn fyrir orðið „rétt" næst á undan komi orðið „leiguréttt" yfir lóð, þá hefi eg ekkert á móti henni; en þá finst mér hún segja lítið annað en orðið „afnotaréttur" á undan. Þar sem h. 6. kgk. þm (E. B.) gat þess, að það mætti fara kring um ákvæðið um réttinn til námugraftar án laga eða konungsúrskurðar, þá er aðgætandi, að rétturinn til námugraftar er alt annað en leiguréttur. Þegar grafið er eftir málmi, þá halda menn sér eigi við yfirborðið, en grafa niður í jörðina, og ef afnotaréttur fyrir lóðinni er til 10 ára, þá má grafa töluvert af málmum á þeim tíma líka án leyfis. Ef sem sagt, orðinu „réttur" verður breytt í leigurétt yfir lóð, þá hefi eg ekki neitt verulegt við það að athuga.

Framsögumaður (Kristján Jónsson): Það sem h. þm. Barðstr. (S. J.) sagði viðvíkjandi veiðiréttinum í Laxá, er einmitt bending í þá átt, að rétt sé að fara sama veg, sem við leggjum til. Ef því mál

hefði verið ráðið til lykta með yfirvaldsúrskurði, þá er auðsætt, að hann mundi hafa farið þvert á móti því, sem löggjafarvaldið óskaði. Yfir höfuð álít eg, að löggjafarvaldið eigi ekki að fá umboðsvaldinu í hendur vald það eða heimildarráð þau, sem hér ræðir um, nema því að eins að það hafi vissu fyrir, að skoðanir þess falli saman við sínar skoðanir. Persónulega hefi eg fullkomna trú á, að umboðsvaldið mundi fara vel með þessi málefni. ef því væri fengin þau til umráða, en til þess að forðast sem mest, að hætta sér út á hálan ís, tel eg þó réttara, að löggjafarvaldið haldi þeim rétti, sem við leggjum til að það hafi.

ATKV.GR.: Breyt.till. á þgskj. 84 við breyt.till. á þgskj. 54 feld með 5 : 5 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

já:

Sigurður Jensson,
Hallgr. Sveinsson,
J. Jónassen,
Julius Havsteen,
Magnús Andrésson.

nei:

Axel Tulinius,
Eiríkur Briem,
Guðjón Guðlaugsson,
Guttormur Vigfússon,
Kristján Jónsson.

Brt. á þskj. 78 við brt. á þskj. 54 sþ. með 7 atkv. gegn 2.

2. brt. á þskj. 54 við 1. gr. sþ. með 7 atkv.

3. brt. á þskj. 54 við 2, gr. sþ. með 8 atkv.

4. brt. á þskj. 54 við 3. gr. sþ. með 8 atkv.

5. brt. á þskj. 54 við 4. gr. fyrri hluta aftur að „ödlast hann", sþ. með 8 atkv.

5. brt. á þskj. 54 við 4. gr. niðurl. 1. málsgr. sþ. með 6 : 4 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

já:

Axel Tulinius,
Guðjón Guðlaugsson,
Guttormur Vigfússon,
Kristján Jónsson,
Magnús Andrésson,
Hallgr. Sveinsson.

nei:

Sigurður Jensson,
Eiríkur Briem,
J. Jónassen,
Jul. Havsteen.

5. brt. á þskj. 54 við 4. gr. niðurl. sþ. me 8 atkv.

6. brt. á þskj. 54 við 5. gr. sþ. með 8 atkv.

7. brt. á þskj. 54 við 6. gr. sþ. með 8 atkv.

8. brt. á þskj. 54 við 7. gr. sþ. með 8 atkv.

9. brt. á þskj. 54 við 8. gr. sþ. með 8 atkv.

10. brt. á þskj. 54 við 9. gr. sþ. með 8 atkv.

11. brt. á þskj. 54 við 10. gr. sþ. með 8 atkv.

1. brt. á þskj. 54 við fyrirsögnina sþ. með 8 atkv.

Málinu vísað til 3. umr. með 8 atkv.

Þriðja umr., 17. júlí (C bls. 258, 269).

Forseti bar upp, hvort breyt.till. á þskj. 102, sem útbýtt hafði verið á fundinum, mætti verða rædd og borin upp til atkvæða; var það samþ. í e. hlj.

Eiríkur Briem: Hvað snertir breyt.till. þá (þskj. 102), sem eg hefi leyft mér að koma fram með ásamt 2 öðrum h. þdm. skal eg að eins geta þess, að hún fer í sömu átt og talað var um við 2. umræðu samkvæmt bendingu frá hæstv. landsh.

Framsögumaður (Kristján Jónsson): Eg gat þess við 2. umr., að ef svo löguð breyt.till. kæmi fram, eins og þessi á þskj. 102, mundi nefndin ekki hafa neitt við hana að athuga, og að hún mætti fremur álítast til skýringar; eg skal að eins ítreka

hið sama nú og leggja til, að hún verði samþykt.

Eg stóð upp til þess, að leiða athygli að því, að í síðustu grein frv. er enn haldið óbreyttum orðunum: „Lögum þessum verður eigi breytt“ í stað *beitt*, þrátt fyrir það, að tekið hefir verið fram, að hér væri um prentvillu að ræða. Hún stendur enn, þó að frv. hafi verið prentað upp aftur; bendir það á, að varhugavert er að treysta á það, að orðabreyting verði lagfærð án sérstakrar breyt.till. eins og gert var áðan á póstlagafrv. Vona eg, að forseti annist um, að þessu verði kipt í lag áður en frv. fer frá deildinni til h. Nd.

Eg hef svo engu við það að bæta, er eg hefi tekið fram við 1. og 2. umr. Frv. er að mínu áliti komið í fremur gott lag, og vona eg, að þessi orð mín verði ekki skoðuð sem sjálfshól, þó að eg hafi átt sæti í nefndinni. Legg eg svo til, að málið verði látið ganga sinn gang til h. Nd.

ATKV.GR.: Breyt.til. (102) samþ. með 10 atkv.

Frv. með áorðinni breyt. samþ. með 8: 1 atkv. og afgreitt til forseta Nd.

Sala þjóðjarðar (Horns).

FRUMVARP til laga um sölu þjóðjarðar; 1. umr., 3. ágúst (C. bls. 445).

Ólafur Ólafsson: Frumvarp þetta má segja að sé gamall kunningi hér á þingi, þar sem það kemur nú í þriðja skifti á þing. Fyrst kom það fyrir þing árið 1895 og var þá sþ. í báðum deildum; og síðan kom það aftur 1899, en féll þá. Með lögum 13. des. 1895 var leyft að selja jörðina Horn, sem hér er um að ræða, fyrir 2500 krónur. Svona stóð nú um hríð og ekkert var framkvæmt með söluna, því að svo stóð á, að eitthvað þurfti að ákveða landamerki jarðarinnar, og fyrir því gengu allar framkvæmdir slælega í þessu máli. En í marsmán. 1898 skrifaði ábúandi jarðarinnar og tilkynti, að hann vildi kaupa jörðina, en þá fór þetta svo, að hann fékk ekkert svar fyr en um sama leyti árið eftir. Eftir því sem eg hef komist næst, mun umboðsmaðurinn hafa lagt á móti sölunni, og því hafi stjórnin neitað í svari sínu. Eins og eg áður sagði, mun ágreiningur um landamerki hafa tálmað því, að málið yrði útkljáð fyr. En svo 1899 kom beiðni frá ábúandanum samhljóða þessu fyrir þing, en var feld við 3. umr. í Nd. Það, sem að minni vitund hefir aðallega verið haft á móti sölunni, er happavon á fjörur jarðarinnar af sjó, t. d. eins og hvalreki og því um líkt, en nú er þessi maður, sem nú býr þar, búin að búa þar í full 40 ár, og er það býsna langur tími, en þó segir hann, að á þessum tíma hafi ekki rekið þar, nema einn hval, og er þá ekki hægt að segja, þegar á tímalengdina er litið, að slík höpp séu tíð. Önnur aðalástæðan, sem færð hefir verið móti sölunni er sú, að þar gæti orðið reistur verzlunarstaður, reyndar þó ekki í Hornsjarðarlandi, heldur í ey einni fyrir framan á Hornafirði, er Ósland nefnist, sem þó í sjálfu sér er óhugsanlegt, þar sem ekki er reitt út í eyna, nema um stórstraumsfjöru. Miklu fremur væri máske hugsanlegt, að verzlunarstaður yrði að vestanverðu fjarðarins, því að þangað er greiðari aðgangur bæði fyrir Mýrar, Suðursveit og Öræfi. Hið eina viðvíkjandi verzlunarstað að Horni er það, að menn munu hafa talað um að reisa geymsluhús eða pakkhús upp við Almannaskarð í Hornslandi, en slíkt er ekki nema lauslegt umtal og verður máske aldrei nema ráðagerðin. Því að sú ráðagerð, að verzlun verði sett á stofn í Horns landi, og einkum uppi í fjalli, er fjarstæða alveg óhugsanleg, þar sem nú þegar er verzlunarstaður fyrir í Hornafirði, og að þar yrðu stofnsettar tvær verzlanir, hvor við hliðina á annari, er æði ólíklegt að minni hyggju.

Bóndinn, sem nú býr þar og falast hefir eftir jörðinni, hefir búið þar full 40 ár, eg man ekki, hvort heldur er 41 eða 42 ár, og er það býsna langur búskapartími eftir því, sem vanalega gerist. Hann hefir að allra vitni setið jörðina prýðisvel, húsað bæinn og gert miklar jarðabætur. Hann er nú orðin fullorðin, á uppkomin börn og óskar því, að niðjar sínir gætu notið sinna handaverka á jörðinni. Þetta mætti mörgum virðast nægileg ástæða, og að mínum dómi er hún góð og gild, því þar sem menn hafa varið miklu fé til jarða- og húsabóta, þá er það í sjálfu sér mjög eðlilegt. að menn vilji láta börn sín njóta erfiðis síns og fyrirhafnar. Það er alment álitið, að mjög sé það áríðandi að fjölga sjálfseignarbændum á landinu, og eg fyrir mitt leyti verð að skoða það heppilegt og mjög mikils virði og eigi ólíklegt, að það verði heilladrýgra fyrir landbúnaðinn; eg segi fyrir mitt leyti, að eg sé greinilegan ávöxt þess heima hjá mér, því að þegar eg kem út úr dyrunum á mínum bæ, þá blasir við mér bær rétt hjá, sem áður var þjóðjörð; það er stutt á milli, því að það er bara áin, sem aðskilur okkur. Eg þykist vita, að háttv. þingdeildarmönnum muni kunnugt, hver bærinn er, nefnilega Kaldaðarnes. Sem sagt var þessi bær þjóðjörð áður og var lengi landsjóðseign, en ábúandinn, sem nú er þar, keypti hana, og get eg ekki hugsað mér meiri umskifti, að skoða þá jörð nú eða á meðan hún var landssjóðseign. Það hefir og oft heyrst sem mótmæli gegn þjóðjarðasölu, að þótt þessar jarðir væri seldar, þá væri þó engan veginn vissa fengin fyrir því, að reglulég sjálfsábúð festist við jörðina, því að þótt einum ábúanda sé seld jörðin, þá bútist hún í sundur eftir hans dag til barna og erfingja, og svo sé ekki sjálfsábúð á jörðinni, nema í tíð kaupandans. En það er óþarfi að fást um slíkt, því að það er þó að minsta kosti engin von um, að sjálfsábúð festist við þær jarðir, sem aldrei fást keyptar.

En til þess nú að fjölyrða eigi meira um þetta og víkja málinu að téðri jörð Horni, þá er nú ákveðið í frumvarpinu, sem hér liggur fyrir, að jörðin Horn skuli seljast fyrir 3500 krónur, en 1895 var gefin heimild til að selja jörðina fyrir 2500 kr. og var það enda álitin gróði fyrir landssjóð, og ættu þá 3500 kr. eigi síður að vera það nú. Aðallega finst mér framkoma hlutaðeigandi umboðsmanns ekki fyllilega samhljóða. Hann var fyrst hlyntur sölunni 1895 og áleit, að ekki mætti selja jörðina fyrir meira en 2000—2400 kr. En seinna eða um 1898 hélt hann öðru fram um verðið, en segir þó að 4000 kr. séu öfgar. En nú segir sami umboðsmaður, að 5000 krónur sé ekki of mikið fyrir jörðina. Þetta sýnist mér æði kynlegt. Þótt það sé nú þingvani að stinga upp á nefnd í málið, þá ætla eg nú ekki að gera það að þessu sinni, en lofa háttv. þingdeildarmönnum að ræða það fyrst. Eg vil því ekki stinga upp á nefnd strax, en láta það bíða þangað til seinna; en að loknum umræðum vildi eg stinga upp á þrigggja manna nefnd í þetta mál.

Guttormur Vigfússon: Eins og kunnugt er frá undanfarandi þingum, hefi eg altaf verið fylgjandi þjóðjarðasölu yfirleitt, en hvað sölu á þessari jörð viðvíkur, þá er eg í töluverðum vafa. Þegar um jarðasölu fyrir landssjóð er að ræða, þá er það auðsætt, að ekki nægir að eins að taka tillit til þess verðs, sem boðið er fyrir jörðina eða hún stendur í, þegar hún er föluð til kaups, heldur og til þess, sem jörðin eftir skynsamlegum líkum kann að gefa af sér framvegis, eða vaxa í verði. Þótt eg þannig yfirleitt fallist á að selja ábúendum þjóðjarðir, sem þeir búa á, þá álít eg þó, að vér verðum að vera varasamir í því að selja eignir landsjóðs við of litlu verði, einkum ef jarðirnar liggja þannig, að búast má við, að því opinbera geti orð-

ið einhver hagur að því að eiga jörðina, eins og t. d. ef þar gæti orðið verzlunarstaður eða annað þvílikt. Eg flutti einu sinni hér á þingi beiðni um að fá keypta eina þjóðjörð, sem mörgum er kunnugt, og hefir vakið mikið umtal, það var Breiðavíkin í Reyðarfirði, sem örfáum árum síðar var seld fyrir margfalt hærra verð aftur. En eg segi það satt, að eg hef síðan oftlega iðrast þess, að hafa komið þessu máli fram. Því frekar sem eg hefi þózt sjá, að eg hafði þar verið leiddur á bak við ljósið og að eg þar af leiðandi hafði ekki flutt rétt mál, en það gerði eg alveg óvitandi og eftir beztu sannfæringu. Mér þykir hugsanlegt, eða jafnvel líklegt, að hér sé eitthvað líkt ástatt, og háttv. flutningsmaður muni eigi vera máli því, sem hér um ræðir, nógu vel kunnugur. Háttv. flutningsm. rakti sögu málsins frá upphafi og gat þess, að það væri gamall kunningi frá 1895; því að þá hefði það verið til umræðu hér á þingi og verið samþ. að selja Hornið þá fyrir 2500 krónur, en — eg segi til allra lukku — varð ekkert af sölu þessari í það sinni. Árið 1899 kom aftur fram hér á þingi, beiðni um að fá jörð þessa keypta, og var það felt í háttv. Nd., eins og aðrar samskonar bænir; þessi neitun þingsins vakti upppot mikið þar eystra, og eg hygg, að óhætt sé að segja, að það hafi vakið „póli tiskan“ flokkadrátt og verið notað sem agitationsmeðal móti fyrverandi þm. kjördæmisins (Ól. Ólafsson: Nei, nei). Það er ekki til neins að neita því. — Flutningsmaður sagði, að ábúandinn hefði gert jörðinni mikið til góða og væri yfir höfuð góður ábúandi. En eg hef ekki heyrt getið um neinar sérlegar umbætur á þessari jörð, og eg hygg, að ábúðin hafi ekkert verið betri en í meðallagi. Flutningsmaður sagði, að 1895 hefði umboðsmanni þótt jörðin fullseld á 2000 krónur, en 4000 króna virðing öfgar 1898, en 1900 hefði téðum umboðsmanni þótt 5000 kr. engar öfgar. Þetta virðist mér alt mjög grunsamlegt, og er auðséð af þessu, að menn eru á mjög miklu reiki með hið rétta eða sanna verð jarðarinnar, og er þá því meiri ástæða til þess að fara ákaflega varlega, með sölu á jörðinni; enda er það vitanlegt, að jarðir kringum Hornafjarðaróss hafa mjög hækkað í verði á seinni tíð, síðan þar kom upp löggiltur verzlunarstaður. — Nú liggur landareign Horns, hið svo nefnda Ósland og Mikley, við Hornafjarðarósinn, og þó þar máske ekki verði verzlunarlóð, er mjög líklegt, að í Óslandinu risi upp fiskistöð, í sambandi við kaupstaðinn, enda hefir það verið staðhæft, að í Óslandinu hafi verið bygður fiskiskáli, og þaðan hafi verið haldið út tveimur bátum í sumar. Eg þykist vera fullviss um, að umboðsmanni gangi ekki annað til en samvizkusemi við landssjóð, þar sem hann mælir móti því nú, að jörðin sé seld mjög ódýrt, og mér finst alls eigi hægt að bregða umboðsmanni um eigingirni eða neitt þess háttar, og það því síður, sem hann mun engu tapa við það, þó jörðin væri seld. Það er líka aðgæzluvert, að ábúandinn vill alls ekki kaupa jörðina fyrir meira en 3500 krónur, en það álít eg langt of lítið; frumv. þetta yrði því ekki til annars en tefja tíma þingsins, og vildi eg því helzt, að frumv. yrði felt nú þegar.

Hallgrímur Sveinsson: Eg finn ástæðu til að lýsa skoðun minni, eigi svo mjög á sölu þeirrar einstöku jarðar, sem hér ræðir um, sem á sölu þjóðjarða yfir höfuð. — Eg hef á nokkrum fyrri þingum greitt atkvæði með þjóðjarðasölu, en á síðasta þingi var eg komin á þá skoðun, að þjóðjarðasalan væri svo athugaverð, að réttast væri að hætta henni, að minsta kosti um sinn, og greiddi því atkvæði á móti henni. Eg verð nú yfir höfuð að álíta að landssjóði sé eigi hæganlegt að jarðir hans séu seldar. Það er vitanlegt, að hann selur, þegar einhver falar jörðina, sem hefir forgangsrétt fyrir kaupunum, nfl. sá, sem

er ábúandi. Það segir sig sjálft, að þær jarðir eru helzt falaðar, sem hafa veruleg gæði í sér fólgin, og sem tekið hafa umbótum fyrir góða ábúð síðasta ábúanda eða ábúenda, og þegar komið hafa fram skýringar um eða jafnvel vissa fyrir því, að þau gæði, sem jörðin hefir í sér fólgin, hafi eigi enn verið notuð til hlítar.

Fari nú svo, að landssjóður haldi áfram að selja jarðir sínar takmarkalaust, þegar kaupverðið að eins þykir aðgengilegt, þá hlýtur að reka að því, að hann verði fátækur að góðum jörðum og að beztu jarðirnar gangi burt og að eftir verði eigi að eins fáar, heldur einnig hinar rýrustu og lítilfjörlegustu. Vitanlega hlýtur landssjóður að hafa töluverðan kostnað af stjórn og umboðsmensku yfir jörðunum, en ef hann selur beztu jarðirnar, þá legst umboðskostnaðurinn töluvert of þungt á hinar, og þess vegna verð eg að álíta það mjög ísjárvert fyrir landssjóð að halda áfram þjóðjarðasölunni eins lengi, eins og hann um tíma hefir gert. Eg er eigi einn um að mótmæla þessari sölu, heldur hefir á síðari árum rikur straumur á þinginu gengið í þá átt, að setja tálmanir fyrir henni, og einkum leita ráða til þess að finna einhverja betri aðferð en hingað til, til þess að kippa þessu í lag, sem sé, að tryggja sjálfsábúð án tjóns fyrir landssjóð. Í því skyni var einu sinni farið fram á erfðafestusölu, sem menn um tíma höfðu töluverða trú á, en frá annari hlið hefir síðan verið sýnt, að á þeirri aðferð eru verulegir annmarkar. Þegar nú svo stendur á, virðist mér rétt, að láta þjóðjarðarsöluna hvíla um stund, þangað til fundin eru einhver betri ráð; ef þau eigi finnast, þá sé eg eigi annað tiltækilegra en að láta landssjóð halda þeim eignum, sem hann hefir og leitast við að gera þær hæfilega arðsamar með þeim umbótum á þeim, sem auðið er, án þess að þröngva kosti leiguliða hans, og að hann haldi þeim orðrómi, sem hann hingað til hefir haft, að hann sé hinn bezti landsdrottinn. Hvað það snertir, að þjóðjarðasalan efli sjálfsábúðina, þá er það að vísu rétt, sem h. flutningsmaður benti á. En hann benti líka á agnúa við hana, nfl. þá, að eigi væri trygging fyrir því, að sjálfsábúðin héldist, eigi einu sinni í lífstíð þess manns, sem kaupir jörðina, og því síður þeirra, sem eptir hann koma. H. flutningsmaður tók fram, að hér væri um gamlan mann að ræða, sem lengi hefði búið á þeirri þjóðjörð, sem hann nú leggur fölur á og að honum væri það áhugamál, að jörðin hyrfi eigi frá sér, og að eigi væru líkur til, að það yrðu eigandaskifti á henni. Það getur ef til vill verið, að svo færi, en þó er eigi hægt, að segja það með neinni vissu; margt getur breyzt á skömmum tíma, og margur getur selt þá jörð frá sér síðar, er hann ætlaði eigi að selja fyrir fáum árum. Hér er því að eins um líkur að ræða, en líkur, sem geta verið veikar. Ef í erfðalögum okkar væru ákvæði um að fasteign skiftist eigi, eins og aðrar eignir búsins, þá væri sjálfsábúðin að sjálfsögðu betur trygð en nú er. Það er vitanlega alment hér á landi, að fasteignir í dánarbúum skiftast meðal margra erfingja og þá einatt ábúðin líka, og er þá vonin orðin lítil um, að hinir eftirvæntu góðu ávextir sjálfsábúðarinnar komi í ljós. Þar sem þannig hægt er að benda á verulega agnúa við þjóðjarðasölu frá annari hlið, þá virðist mér eigi tiltækilegt að láta þessa litlu von um framfarir fyrir búskap manna, ef þeir sitji á sjálfs síns eign, ríða baggamuninn til tjóns fyrir landssjóð.

H. 1. þm. S.Múl. (G. V.) nefndi eitt dæmi, sem var mjög svo sannfærandi, og án efa eftirtektarvert dæmi, og fór iðrandi orðum um, að hann hefði óviljandi orðið valdur að því, að landssjóður hefði fengið minna verð fyrir eina eign sína en hann átti að fá; eg hygg, að þetta sé eigi eins dæmi. Mér er að vísu eigi vel kunnugt um það alstaðar, en eg hef þó heyrt nokk-

ur dæmi til slíks. Eg hygg, að h. þm. Strand. (G. G.) mundi geta frætt menn um eitthvað þessu líkt í sínu héruði. Breiðavík var seld fyrir 16—1700 kr., en nokkrum árum síðar fyrir 5000 kr.; hér var því um stórvægilegan verðhalla að ræða, sem landssjóður misti. Og eg hygg, að landssjóður hafi marga jörðina selt fyrir minna verð, en samsvaraði gæðum hennar. Ef hann hefði verið eigandi hennar áfram, þá hefði hann notið þessa hærra verðs. Þessi dæmi eru töluvert aðvarandi, og því virðist mér, að þingið ætti að fara hægt í þjóðjarðasöluna hér eftir, og þess vegna vildi eg fyrir mitt leyti helzt óska, að þetta frumv. fengi eigi framgang. Hvort nefnd verður sett í þetta mál, verður að vera undir áliti þingd. komið; en ef menn eru hikandi við að greiða atkvæði með frv., þá er lítið unnið við nefndarsetning; en ef menn eru frv. algerlega mótfallnir, þá álít eg rétt, að láta það eigi tefja of lengi fyrir og eyða hinum stutta tíma þingsins.

Ólafur Ólafsson: Eg stend að eins upp, til að stinga upp á, að nefnd verði skipuð í málið en ætla um leið að hnýta nokkrum athugasemdum við það, sem fram hefir komið.

H. 2. þm. S.-Múl. (G. V.) taldi það sem helztu ástæðu á móti þessu máli, að hann hafði verið gabbaður í öðru líku máli. Eg get ekki séð, hvað rangt sé í að halda fram þessu máli eða að hér séu nokkrir leiddir bak við ljósið, þó að hann hafi orðið fyrir slíku í öðru máli. Auðvitað er það ekki óhugsanlegt, að menn geti leiðst, en eins og hér er ástatt, er ekkert samband í þá átt milli málanna og eg hygg, að eg sé alls ekki leiddur bak við ljósið í þessu máli.

Eg veit, að sumum er þetta áhugamál, en það er á valdi h. deildar, hvort hún vill fella frumv. eður ekki.

Eg skal ekki bera neinar brigður á, að umboðsmaðurinn hafi gefið allar upplýsingar af samvizkusemi. Eg tel það víst, að hann standi mjög vel í stöðu sinni, eins og eg líka manna fúsastur játa hann heiðarlegan og góðan mann. En þó verð eg að kalla það einkennilega samvizkusemi af umboðsmanni, að búta sundur þjóðjarðir og gera úr þeim margbýli, jarðir, sem falaðar eru af góðum manni eða mönnum fyrir einbýli. Eg neyðist til að minnast á þetta hér vegna þeirra athugasemda, sem gerðar hafa verið við málið. Yfirleitt virtust skoðanir og umsagnir 2. þm. S.-Múl. (G. V.) að vera svo mjög á reiki, og sama er að segja um ástæður þær, er hann færði fram fyrir því, að hafna ætti frumv., að þær voru ekki á fyllilega gildum rökum bygðar. Það er t. d. engin ástæða til að hafna því, þó að útræði megi ef til vill hafa í Óslandi, því að svo er um flestar eyjar þar um slóðir. Eg vissi til, að útræði var í vor frá jörð fyrir innan Ósland, en á Óslandi ekki, nema ef til vill, að það sé þá alveg nýtilkomið í sumar. — 2. þm. S.-Múl. (G. V.) játaði sjálfur, að hann væri ókunnugur landshögum þar um slóðir, og hefir hann þá fengið upplýsingar sínar hjá öðrum, t. a. m. umboðsmanninum, sem var hér á ferðinni um daginn. H. 2. þm. S.-Múl. (G.V.) sagði, að Horn væri löggiltur verzlunarstaður. Mér er það ekki kunnugt, að svo sé. Ef til vill er einhver lítill partur úr Hornslandi, sem gæti heyrt undir löggildingarlóðina, En eftir að annar verzlunarstaður er risinn upp þar á Höfn, er ekki hugsanlegt, að annar til verði settur þar upp við heiðina. Það er eins ólíklegt, að verzlunarstaðurinn yrði á Óslandi, eins og að verzlunarstaðurinn flyttist úr Reykjavík út í Örfirisey. Þar verður, eins og áður er getið, ekki komist á milli eyjar og lands, nema um stórstraumsfjöru, er annars djúpt sund á milli. Það er heldur ekki við neinni breytingu að búast í þá átt, því að verzlunarstaðurinn í Höfn er blómlegur og í uppgangi; það

má auk þess marka af því, að þegar verzlun kom upp á Hornafirði, þótti ekki lengur vært að reka verzlun í Papós. Landið, sem umhverfis er og sækir þangað, er svo þröngt og takmarkað.

Það er sem sagt á valdi h. deildar, hvort henni virðist sæmilegt, að fella frv. eða skipa nefnd í málið, sem tæki það til rækilegrar meðferðar og ítarlegrar íhugunar.

Eg sæki ekki málið af neinu kappi, en mér virðist, að það eigi sem önnur slík mál um sölu þjóðjarða heimting á, að það sé athugað og skoðað frá öllum hliðum.

Eg sting upp á, að 3 manna nefnd verði skipuð í málið, þegar menn hafa rætt það til fulls við þessa umr.

Julius Havsteen: Eg ætla að eins að gera stutta athugasemd viðvíkjandi því atriði í ræðu h. flm., að umboðsmaður hafi bútað jarðir í sundur eða skift þeim í margbýli. Það stóð svo á, að tvær jarðir höfðu verið bygðar einum manni í átján ár. Þegar þær svo losnuðu nú, voru þær bygðar hvor í sínu lagi. Um leið var það að vísu, að maður fekk part úr annari jörðinni um nokkur ár. Eg er sjálfur á móti, að höfð séu margbýli á jörðum, og álít rétt, að fylgja þeirri reglu, að skifta jörðum sem minst sundur. Samt samþykti eg í það skifti þessar ráðstafanir umboðsmanns. Hér var ekki um annað að ræða, en að tvær jarðir, sem áður höfðu verið bygðar af einum manni í einni heild, voru nú bygðar hvor fyrir sig og svo í hornskika annarar jarðarinnar leyft manni að hafast við að eins um nokkur ár.

ATKV.GR.: Nefnd samþ. með 6 : 3 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

já:
Ólafur Ólafsson,
Sigurður Jensson,
Gutt. Vigfússon,
Jul. Havsteen,
Kristján Jónsson,
Magnús Andrésson.

nei:
Eiríkur Briem,
Guðjón Guðlaugsson,
Hallgr. Sveinsson.

Í nefndina voru kosnir:
Guttormur Vigfússon með 7 atkv.
Ólafur Ólafsson — 6 —
Hallgr. Sveinsson — 5 —
1. umr. málsins frestað.

Framhald 10. umr., 1. ágúst (C bls. 445, 542).

Framsögumaður (Ólafur Ólafsson): Eg þarf eigi að fara mörgum orðum um þetta mál nú. Eg hefi áður við 1. umr. leitast við að gera svo glögga grein fyrir þessu máli, sem mér var unt, til þess að h. þdm. gætu fengið rétta hugmynd um það. Eins og sjá má á nefndarálitinu, þá hefir nefndin hallast að þeirri stefnu, að gefa ábúandanum jörðina fala til kaups; einungis hefir nefndin farið fram á, að verð jarðar þessarar sé fært upp um 500 kr. og byggir nefndin þá tillögu sína á því, að jarðir þar eystra hafa yfirleitt hækkað í verði á síðari árum. Jeg sé svo eigi ástæðu til að orðlengja frekar um þetta mál, þar sem eg áður hef skýrt það fyrir þessari h. deild, en leyfi mér að eins að láta þá von í ljósi, að hún lofi málinu að ganga áfram leið sína.

ATKV.GR.: Frv. visað til 2. umr. með 8 : 1 atkv.

Önnur umr. 12. ág. (C. bls. 445, 542).

Framsögumaður (Ólafur Ólafsson): Eg hef nú ekki annað að segja en það, sem eg tók fram við 1. umr. þessa máls, og vona, að frv. verði hinnar sömu velvildar aðnjótandi og hingað til hjá hinni háttv. deild.

ATKV.GR.: Breyt.till. (378 b) við 1. gr. sþ. með 7 atkv.

1. gr. breytt sþ. með 9 : 1 atkv.
2. — frv. — — 7 : 1 —
3. — — — — 7 : 1 —
4. — — — — 7 shlj. —
Fyrirsögnin sþ. með 8 shlj. atkv.
Frv. vísað til 3. umr. með 8 : 1

Þriðja umr. 14. ág. (C. bls. 495).
Frv. sþ. með 9 : 1. atkv., og afgreitt til Nd.

Jarðaskipti.

FRUMVARP til laga um skipti á jörðunni Vallakoti i Reykdæla-hreppi og jörðunni Parti í sama hreppi; 1. umr., 23. júlí (C. bls. 341).

Kristján Jónsson: Eg veit eigi, hvort h. þingdeildarmenn hafa tekið eftir því, að á lestrarsalnum hafa legið skjöl snertandi makaskipti á jörðunum Vallakoti og Parti í Reykdælahreppi í Þingeyjarsýslu, og vildi jeg minnast með nokkrum orðum á frv. það, er hér liggur fyrir, um makaskifti téðra jarða, með því að eg hef verið beðinn um, að leiða athygli deildarmanna að þeim upplýsingum, sem áður greind skjöl á lestrarsalnum hafa inni að halda.

Frv. þetta er orðið til vegna þess, að jörðina Part, sem nú er bænda eign, hefir Fjárræktarfélg Suður-Þingeyinga tekið til ábúðar og afnota. Félag þetta vill starfa að almennings gagni með því að bæta kyn sauðfjárins og fjárræktina yfir höfuð; hvernig sem þétta tekst, þá er augnamið félagsins gott, og þess vegna held eg, að það eigi það skilið, að hlynnt sé að því. Eins og eg tók fram áðan, hefir félag þetta fengið jörðina Part til ábúðar, en er ekki vel ánægt með ábúðina eða landsdrottinn jarðarinnar, og æskir þess vegna, að hún verði eign hins opinbera, landssjóðsins, með því að félagið sjálft hefir eigi efni á að eignast hana, svo að félagið með því móti verði landsseti landsjóðs, og geti fengið að njóta varanlegrar ábúðar á jörðinni, sem það fær. ef hún verður eign hins opinbera. Ef heimild til makaskifta fengist á þessari jörð og jörðinni Vallakoti, sem er landssjóðseign, þá er eigandi að jörðinni Parti fús á að skifta á þeim; en þá er spurningin um, hvort þessi skifti séu þannig löguð, að landssjóður geti gengið að þeim hvort þau séu haganleg fyrir hann eða honum til skaða; en af því að félag það, sem hér á hlut að máli, er nytsemdarfélag og starfar í rétta átt, til þess að koma góðu til leiðar, þá álít eg eigi rétt, að fara í mjög strangan reikning í þessu efni, eða heimta, að landssjóður hafi fjárhagslegan hagnað af skiftunum, heldur láta sér það nægja, að hann verði eigi fyrir verulegu skakkafalli við þau. Vallakot er partur úr heima landi jarðarinnar Einarsstaða í Reykjadal, en fyrir mörgum árum, árið 1837, var jörð þessi látin í skiftum fyrir jörðina Úlfsstaði í Loðmundarfirði og hefir síðan verið landssjóðseign; en Partur sem hefir mjög lengi eða síðan á miðöldunum verið bændaeign, er geiri inn í landssjóðseignina Halldórsstaði og hefir sameiginlegar landsnytjar með þeim; af þessu leiðir, að sambúðin á milli bændanna á Parti og Halldórsstöðum hefir eigi ætíð verið sem best, en það mundi lagast, ef öll torfan yrði landssjóðseign. Á hinn bóginn er Vallakot geiri inn í Einarsstaðaland, sem er bændaeign, og færi því vel á því, að það væri gert að bændaeign líka.—Dýrleika jarðanna er svo varið, að Vallakot er 8,5 hundr., en Partur 5,4 hundr. Það má sjá, að Partur var fyrir 50 árum, þegar jarðamatið var gjört, talin minni jörð en Vallakot, en eftir virðingargjörð, sem nýlega hefir farið fram, eru báðar jarðirnar virtar á 850 kr. hvor fyrir sig. Það er $1^1/_2$ innstæðukúgildi á hvorri jörðinni fyrir sig; landskuldin af Vallakoti er 80 meðalálnir eða tæpar 40 kr., en landskuldin af Parti hefir verið 4 sauðir veturgamlir,

sem samsvara 36 kr. virði, svo að mismunurinn á afgjaldinu er í hæsta lagi 4 kr. En nú er ákveðið, að alt afgjald af Parti skuli vera 50 kr. í peningum, það er að segja bæði landskuld og leigur. — Þegar á alt er litið, getur ekki heitið, að landsjóður verði fyrir teljandi skakkafalli af skiftunum, en skiftin geta hins vegar orðið til mikillar nytsemdar fyrir félagið Af þessum röksemdum, sem eg nú hefi sett fram, leyfi eg mér að leggja það til, að h. þd. samþykki þetta frv. — Það er óheppilegt, að hæstv. landsh. er eigi viðstaddur, til að láta uppi álit sitt um það, hvort hann fyrir landssjóðs hönd hefði nokkuð á móti makaskiftum þessara jarða; en eg hefi heyrt, að hann í Nd. hafi ekki haft neitt að athuga við það, að jarðakaup þau, sem er hér um að ræða, fari fram.

ATKV.GR.: Frv. vísað til 2. umr. með 9 atkv.

Önnur umr., 25. júlí (C 341).

ATKVGR.: Meginmál frumv. samþ. í e. hlj.

Fyrirsögn frumv. samþ. í e. hlj.

Frumv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Þriðja umr., 27. júlí (C bls. 341).

ATKV.GR.: Frumv. sþ. með 10 atkv. og afgreitt til landsh. sem lög frá alþingi.

Kaup á jörðinni Laug.

FRUMVARP til laga um, að landið kaupi jörðina Laug við Geysi; 1. umr., 10. ág. (C. bls. 513).

ATKV.GR.: Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Önnur umr. 12. ágúst (C. bls. 513).

ATKV.GR.: 1. gr. frv. sþ. með 10 atkv.

2. gr. frv. sþ. með 10 atkv.

Fyrirsögnin sþ. með 10 atkv.

Frv. vísað til 3. umr. með 10 atkv.

Þriðja umr. 14. ágúst (C. bls.513, 619).

ATKV.GR.: Breyt.till. (457) sþ. með 10 shlj. atkv.

Frv. með áorðinni breyt. sþ. með 10 shlj. atkv. og endursent forseta Nd.

Friðun Hallormsstaðarskógar.

TILLAGA til þingsályktunar um friðun á Hallormsstaðaskógi; ein umr., 22. ágúst (C bls. 701).

Flutnm. (Gutt. Vigfússon): Jafnvel þótt nauðsynlegt væri að tala ýtarlega fyrir þessari stuttu tillögu, þá er þessi fundur orðinn svo langur, að eg verð að sleppa því að mestu. Þetta mál er töluvert gamalt fyrir þinginu. 1897 var því hreyft nokkuð með þingsályktunartillögu þannig, að skorað var á stjórnina að hlutast til um friðun á Hallormsstaðarskógi. 1899 voru samin heimildarlög fyrir stjórnina, um að taka Hallormsstað undan Vallanesprestakalli, og voru þau lög staðfest 5. desember 1899. Mér er nú ekki fyllilega ljóst, hvað stjórnin hefir gert, til þess að hrinda þessu máli áfram, síðan heimildarlög þessi voru staðfest, en eg held, að það sé lítið eða alls ekkert; enda hefir máske ekki verið veruleg ástæða til þess hingað til, með því að ekki var útlit fyrir neina sérstaka leið til þess að friða þennan skóg; en nú horfir málið öðruvísi við, þar sem þingið hefir á þessum fjárlögum veitt 12000 kr. til skógræktunartilrauna hér á landi, og eg þykist mega segja það sem fulla vissu, að ætlast sé til, að unnið verði með töluverðu af þessu fé til skógræktunar einmitt á þessum stað, og hefi eg það eftir þeim manni, sem mest er við það mál riðinn, nfl. cand.

Flensborg. Það sýnist liggja í augum uppi, að rétt sé að ýta undir stjórnina og fjárveitingarvaldið með framgang þessa máls einmitt nú, því að það segir sig sjálft, að það er erfiðara fyrir þennan mann, sem á að starfa að skógræktunartilraunum, að þurfa að gera samning við privatmenn um framkvæmdir á þessu starfi, og að það hlýtur að verða dýrara fyrir landssjóð að fá blett og blett hingað og þangað innan úr landinu, heldur en að fá umráð yfir allri eigninni.

Eftir því sem mér er kunnugast um samninginn um þetta mál, mun hann hafa strandað að mestu leyti á því, að ekki fekkst samkomulag milli prestsins í Vallanesi, sem hefir umráð yfir jörðunni, og stjórnarvaldanna um það, hversu mikið Vallanesprestakall ætti að fá fyrir að sleppa afnotunum af Hallormsstað. Eg skal strax taka það fram, að það getur hafa valdið misskilningi, og hindrað samkomulag um þetta mál, að í frv. frá 1899 er svo til tekið, að Hallormsstaður með innstæðukúgildum, sem jörðinni fylgja, skuli afhendast Vallanesprestakalli. Hallormsstað fylgja 10 kúgildi; en presturinn í Vallanesi getur vel skilið þetta ákvæði svo, að öll þessi innstæðukúgildi skuli ganga undan Vallanesprestakalli. Þetta er rétt skilið eftir því sem frumv. er orðað; en eg hygg ekki, að sú hafi verið meining flutningsmanna frumv. 1899, og eg hygg, að þeim hafi ekki verið fullkunnugt um alla málavöxtu, því að helmingurinn af innstæðukúgildum Hallormsstaðar eru nú þegar tekin frá jörðinni og leigð út á öðrum stað undir umsjón prestsins í Vallanesi, og það var víst alls ekki meiningin, að prestakallið ætti að skila þessum kúgildum aftur til Hallormsstaðar. Tillaga mín fer nokkuð lengra til samkomulags við prestakallið en áður; þess vegna hefi eg farið fram á að framfylgja heimildarlögunum frá $^{5}/_{12}$ 1899, þó þannig, að innstægukúgildi þau, sem fylgja jörðinni Hallormsstað, afhendist Vallanesprestakalli; þetta er töluverð uppbót fyrir prestakallið.

Eg hefi heyrt, að presturinn í Vallanesi álíti, að prestakallið hafi verið beitt rangindum með því að fá ekki meiri uppbót fyrir missinn á Hallormsstað, og eins það, að hann muni byggja þessa skoðun sína á mati því á Hallormsstað, sem gert var 1877 af þáverandi presti að Hallormsstað. Eg skal taka það fram, að eg held, að það sé misskilningur, að mögulegt sé að miða endurgjaldið nú við það, sem það þá var metið. Þá hafði Hallormsstaður ómetandi hlunnindi, sem nú eru alveg horfin; að eins með því að hlunnindi þessi yrðu veitt aftur, gæti jörðin komist í það verð, sem hún þá var metin til Þessi hlunnindi voru takmarkalaus brúkun á Hallormsstaðarskógi. Þá voru viðarkol notuð til að dengja ljái, og presturinn hafði stórmiklar tekjur af að selja viðarkol. Þá hafði presturinn líka umráð yfir að láta höggva og selja skóg til eldiviðar, og rapt og tróð til húsagerðar, sem nú er alt bannað; í þriðja lagi mátti hann beita skóginn takmarkalaust, eins og hann þurfti, og líka leyfa öðrum að beita hann; hann var með öðrum orðum einvaldur yfir skóginum. Nú vita allir, að viðarkolagerð er hætt sem betur fer, og ábúandanum á Hallormsstað er bannað að höggva eina einustu hrísla, til þess að selja; enn fremur er ábúandanum gert að skyldu, að nota beitina svo takmarkað sem hægt er. Af þessu leiðir, að ekki er hægt að meta Hallormsstað til afgjalda nú líkt því, sem gert var 1877, og eina ráðið til þess að fá þær tekjur af Hallormsstað er, að ábúandanum væri veittur sami takmarkalausi réttur til skógarins, en eg vona, að slíkt aldrei komi fyrir.

Eg hygg, að með þessari tillögu minni sé farið svo sanngjarnlega í þetta mál, sem hægt er, og því vona eg, að h. deild samþykki þessa till.

Hallgrímur Sveinsson: Mér er nú óljúft að lengja umræður um þetta mál, en eg ætlaði að tala fáein orð um tillögu þessa, þar sem skorað er á stjórnina að framfylgja því sem fyrst, að Hallormsstaðaskógur sé friðaður. Mér finst nú, að stjórnin ætti fyrst að leita samkomulags við prestinn, áður en þetta er fastsett. Eg vil álíta, að þetta sé heimildarlög, en ekki annað, og þá sé eg ekki hægt að þvinga prestinn til að láta skóginn af hendi til friðunar, ef samningar geta ekki komist á. Ef landsstjórninni er falið þetta mál, það, sem er aðaltilgangur þessarar tillögu að friða skóginn, þá álít eg, að það sé ekki efamál að leita þarf samkomulags við prestinn, áður en innstæðukúgildin eru afhent Vallanesi. En ef presturinn óskar þess, að innstæðukúgildin sé losuð við Hallormsstað, þá finst mér rétt að afhenda þau Vallanesprestakalli. Tillaga þessi mun vera hugsuð svo, að ekki megi hafa nein afnot af skóginum til viðarrifs eða beitar, heldur skuli efla hann með því að friða hann. Eg hygg, að núverandi prestur hafi sýnt, að hann lætur sér ant um, að vel fari um skóginn, og eg er ekki viss um, að nauðsýn sé að taka alla jörðina Hallormsstað frá prestakallinu, til þess að tryggja friðun skógarins. Ef nú Vallanesprestakall treystist ekki til að taka á móti innstæðukúgildunum, þá hygg eg það vera mjög varhugavert að knýja slíkt fram og losa kúgildin við þá jörð, sem þau hafa hingað til fylgt; á kúgildunum hvílir leignagjaldið eða prestsmatan, en því að eins getur hún haldist óskert, að kúgildin fylgi vissri fasteign. Eg gæti því hugsað, að þetta mætti mótstöðu, ekki að eins hjá presti, heldur og söfnuði. Ef presturinn nú ekki vildi veita þeim móttöku, þá myndu þau verða að fylgja Hallormsstað eftir sem áður.

Guttormur Vigfússon: Það er auðvitað ekki meining mín að, stjórnin þvingi prestinn í Vallanesi með neinu móti. Heldur ætlast eg til, að sjórnin milli þinga semji við prestinn, svo að fyrir næsta þingi liggi skýr umsögn prestsins, hvers hann krefst, til þess að þingið geti tekið þær kröfur til yfirvegunar. Ef kröfur prestsins álitust svo ósanngjarnar, að þingið með engu móti gæti gengið inn á þær, verður það að taka til þeirra ráða, sem það frekast getur, til þess að koma á samkomulagi og friða skóginn.

Kristján Jónsson: Eg ætla að benda hinni hattv. deild á það, að fyrri hluti þessarar tillögu verður að sæta öðrum kjörum, en síðari hlutinn. Fyrri partinum get eg vel gefið atkvæði mitt, en mér þykir viðurhlutamikið að samþykkja ákvæðið í síðari hluta tillögunnar án nokkurs undirbúnings og án frekari rannóknar. Eg veit að vísu ekki, hvort landsstjórnin hefir gert nokkrar ráðstafanir til þess að framfylgja lögunum $^{5}/_{12}$ 1899, — tillögumaður segir, að það sé ekki — en þær ráðstafanir ætti að sjálfsögðu að gera; en vill Vallanesprestakall taka á móti kúgildunum, og er það skyldugt til þess? Er það rétt að ráðstafa kúgildunum þannig? Þetta er mér ekki ljóst. Málið er lítt undirbúið og illa upplýst. Eg vil nú fara fram á það, að tillagan verði borin upp í tvennu lagi, og sé henni skift við orðin „þó þannig". Mun eg þá greiða atkvæði móti síðari liðnum.

Guttormur Vigfússon: Eg fyrir mitt leyti hef ekkert á móti því, að tillögunni sé skipt í tvent og síðari hluti hennar er mér ekkert kappsmál, ef hún yrði aðgengilegri fyrir hina háttv. deild með því að nema ákvæðið um innstæðukúgildin burt.

ATKV.GR.:

Fyrri hluti till. samþ. með 8 shlj. atkv.

Síðari — — feldur — 5: 4 atkv.

Fyrirsögnin samþ. í e. hlj.

Tillagan þannig breytt samþ. m. 6 atkv. og afgreidd til Nd.

Kynbætur hesta.

FRUMVARP til viðaukalaga við lög 11. des. 1891 um samþyktir um kynbætur hesta; 1. umr. 14. ágúst (C. bls. 594).

ATKV.GR.: Frv. vísað til 2. umr. í e. hljóði.

Önnur umr. 16. ág. (C. bls. 594).

1. gr. frumv. samþ. með 9 atkv.
2. — — — — 9 —
Fyrirsögnin — — 9 —
Frumv. vísað til 3. umr. með 9 atkv.

Þriðja umr., 19. ágúst (C. bls. 594).

ATKV.GR.: Frv. sþ. með 8 atkv. og afgreitt sem lög frá alþingi.

Friðun hreindýra.

FRUMVARP til laga um friðun hreindýra; 1. umr., 13. júlí (C. bls. 231).

Flutningsmaður (Guttormur Vigfússon). Þetta litla frumvarp kemur einkennilega fram nú að því leyti, sem það er slitið út úr eldri lögum. Eins og kunnugt er, voru hreindýr að nokkru leyti friðuð með lögum um friðun fugla og hreindýra 17. marz 1882, en aftur á móti eru þau sett í flokk með óargadýrum í tilskipun 20. júní 1849, sem enn mun vera í gildi að því, er hreindýrum viðvíkur.

Eg hefði að vísu gjarnan getað sameinað mig við einhvern flutningsmann að friðunarfrv. því, er hér lá fyrir þinginu 1899, en eg vildi samt ekki eiga undir því, af því að mér er ant um þetta mál. Eg vildi ekki eiga undir því, að það færi í mola á þinginu eða næði ekki staðfesting konungs, eins og lögin frá síðasta þingi, og það svo drægist eitt ár enn þá að friða þessi aumingja dýr. Löggjöfin hefir að undanförnu stefnt að því að fara vel með skepnur, ekki einasta húsdýrin, heldur einnig fuglana, og meðvitund þjóðarinnar hefir einnig stöðugt beinst í sömu átt, en um þessi vesalings dýr er hvergi talað; þau eru að vísu eigi húsdýr eða undir manna höndum, og því lítið hægt að gera fyrir þau, en í þessu frumvarpi er samt farið nokkuð í þá átt, að þeim líði betur en að undanförnu. Aðalástæðan fyrir því, að frumvarp þetta kemur fram nú, er sú, að þessi flokkur dýra mun, að mínu áliti, innan skams verða algerlega upprættur hér á landi, að minsta kosti á þeim stöðum, er þau hafa verið flest að undanförnu, nfl. á Fljótsdals- og Brúaröræfum í Múlasýslu. Á öðrum stöðum eru dálitlir hópar eftir af þeim enn þá, svo sem á Mývatnsöræfum og Reykjanesfjallgarðinum, en þó er sagt, að þau fækki mikið á þessum stöðum. Til dæmis um það, hve mjög hreindýrum fækkar nú, skal eg benda á, að fyrir 10 til 20 árum munu á Fljótsdals- og Brúaröræfum hafa verið 5—800 dýr, en nú eru að kunnugustu manna sögn eigi meira en kringum 50 dýr á öllum Fljótsdalsöræfum. Hvernig skyldi nú standa á þessu? Jú, það stendur svo á því, að á síðari árum hafa mennirnir gert alt sitt til þess að eyðileggja þessar aumingja skepnur. Þeir, sem næstir búa afréttunum, hafa útvegað sér ágætis rifla, beinlínis til hreindýraveiða, og með þessu verkfæri fara þeir svo í hópum til að skjóta dýrin. Árangurinn af þessum veiðum hefir orðið sá, að þessum skepnum hefir fækkað, eins og eg áður sagði, á fáum árum, og ef eitt eða tvö ár líða enn, svo þau ekki verði friðuð, þá verða þessar skepnur útdauðar á austurlandi innan fárra ára, ef þessu heldur áfram. Menn geta nú að vísu sagt, að það geri hvorki til né frá, þótt þessar skepnur líði undir lok, þær séu hvort sem er gagnslausar, nema til þess að veiða þær og éta. Þetta getur nú máske satt verið; en mér finst það vera minkun fyrir oss einungis fyrir græðgis- eða rángirnis sakir að eyðileggja þá einu villi-

dýra tegund, sem til er hér á landi og sem jafnframt er eins skaðlaus, meinlaus, falleg og hugþekk sem þessi dýr eru. Eg vil ekki fara út í að lýsa því, hvernig veiðar á hreindýrum fara fram. Þær eru oft svo ómannúðlegar, að það er næstum því synd að segja frá því. Eg skal að eins benda á, að þegar búið er með riffilkúlunum að reka dýrin saman í hnapp á ýmsa vegu, og hleypa svo alt að 50 skotum á hnappinn og drepa fleiri eða færri úr honum, þá má nærri geta hversu mörg vesalings dýr, sem af komast, muni þjást af beinbrotum og sárum.

Í fyrstu var það meining mín að fá þessi dýr friðuð að öllu leyti, og eg veit, að fjöldamargir, sem þekkja til, hafa þá skoðun, að réttast væri að hafa þau alveg friðuð um nokkurt árabil; en ástæðan til þess, að eg eigi fór fram á það, var hliðsjón af útlendum ferðamönnum, sem eg veit að oft spyrja um þessi sjaldgæfu dýr, og gera sér jafnvel stöku sinnum ferð á afrétti, til þess að veiða þau.

Einu ákvæði gleymdi eg, sem eg hefi hugsað að bæta inn í frumvarpið til 2. umræðu, nfl. að auk sektanna fyrir brotið skuli einnig veiðin gerð upptæk; eg hefði líka gjarnan viljað hafa sektirnar helmingi hærri og mun máske einnig koma með breyt.till. í þá átt.

Axel V. Tulinius: Eg vil leyfa mér að stinga upp á, að nefnd verði skipuð í þetta mál, af því að eg hef í huga að koma með frumvarp, um breyting á lögum $^{16}/_{12}$ 1885, sem gefin voru út um breyting á lögum 17. marz 1882 um friðun fugla og hreindýra, og sem einnig hljóðar um lenging á friðunartíma anda. Úr því stungið er upp á breytingum á lögunum á annað borð þá álít eg heppilegt að setja nefnd til að íhuga þau rækilega og koma fram með tillögur til breytinga á þeim í heild sinni.

3 manna nefnd sþ.

ATKV.GR: Kosningu hlutu:
Axel V. Tulinius með 10 atkv.
Gutt. Vigfússon — 10 —
Jul. Havsteen — 4 —
1. umr. frestað.

Framhald 1. umr., 24. júlí (C bls. 231, 357).

Framsögumaður (Guttormur Vigfússon): Um daginn þegar nefnd var kosin í þetta mál, talaði eg nokkuð ítarlega um ástæðurnar til frumv. þessa. Nefndin er flutningsmanni samdóma um það, að frv. væri á góðum og gildum rökum bygt og hefir ráðið h. þingd. til að samþykkja frumv. — Nefndin hefir samt komið fram með smábreytingar á frumv., sem hún telur vera til mikilla bóta, og við 2. umr. málsins mun eg gera grein fyrir þeim, eftir því, sem þurfa þykir. Skal eg ekki fjölyrða um málið að sinni, en vona að eins, að það gangi sína leið til 2. umr.

ATKV.GR: Frumv. vísað til 2. umr í e. hlj.

Önnur umr., 26. júlí (C bls. 231, 357).

Framsögumaður (Guttormur Vigfússon): Eg vona, að eg þurfi ekki að fara mörgum orðum um frumv. þetta og breyt.till., sem nefndin hefir komið fram með, því fremur sem helztu ástæðurnar fyrir þeim eru teknar fram í nefndarálitinu. Breytingarnar eru aðallega þessar. Við 1. gr. frumv. hefir nefndin stungið upp á, að hreindýr væru friðuð að öllu leyti í 10 ár. Nefndarmönnum kom saman um, að úr því að það væri aðaltilgangur frumv. að koma í veg fyrir, að hreindýr yrðu að fullu upprætt eða þeim að minsta kosti fækkað til muna fram úr því, sem nú er, — þá væri rétt að lofa þeim að fjölga um nokkurra ára tímabil, og mætti þá sjá, hvort ástæða væri til að leyfa veiði þeirra aftur eða setja ákvæði um, á hvern hátt mætti leyfa veiði þeirra. Sérstaklega vakti fyrir nefndinni, að ef leyfð væri veiði á

þeim í júlí og ágúst, sem að vísu er sá tími, er erfiðast er að eiga við veiði þeirra, þar sem þau þá sízt hittast í stærri hópum, — þá mundu það helzt verða kýrnar eða kvenndýrin með kálfunum, sem hægast yrði að ná í. Með því móti mundu menn helzt skjóta dýrin frá ungunum, sem auðvitað yrðu þá ósjálfbjarga og óhæfir til þess, að standa af sér vetrarharðindin, en veiðin sjálf auðvitað lítilsvirði. Ef friðunartíminn væri takmarkaður og hafður að eins nokkurn hlut ársins, þá gæti það einnig orðið nokkurs konar skálkaskjól fyrir einstaka menn. Við þekkjum það vel frá eldri friðunarlögum t. d. á rjúpum og hreindýrum. Þegar komist hefir upp, eftir að friðunartíminn var útrunninn að þó dýr eða fuglar hafi verið skotin á friðunartímum, þá frelsa menn sig með því, að halda því fram, að það hafi ekki verið gert á sjálfum friðunartímanum, heldur eftir að friðunartíminn var úti, og hafa þannig komist hjá réttlátri hegningu.

Hin breytingin miðar að öllu leyti að því, að gera mönnum ekki fært að brjóta lögin, nema þá að verða fyrir miklum peningaútlátum. Það kom til tals í nefndinni, hvort ekki væri ástæða til að fella burt seinni málsgr. 3. gr. sem óþarfa. En nefndinni kom þó saman um að lofa henni að standa, ef lögfræðingarnir hefðu ekkert á móti því.

Axel V. Tulinius: H. flutnm. hefir svo vel og rækilega gert grein fyrir gerðum nefndarinnar í þessu máli, að eg hefi eigi miklu þar við að bæta; hann hefir gert grein fyrir þeim aðalbreytingum, sem nefndin hefir stungið upp á, og álít eg óþarfa, að taka það upp aftur.

Eg vildi að eins benda á eitt atriði, sem mér finst ekki hafa verið tekið greinilega fram, nefnilega það, að með því að friða þessi dýr alt árið, þá er eigi að eins komið í veg fyrir, að þessar veiðar eigi sér stað, heldur verða dýrin einnig rólegri og fá betra tækifæri til að margfaldast; því að þó sá tími sé stuttur, sem frumv. gerir ráð fyrir að hreindýrin skuli ekki vera friðuð, þá er hann samt nægilega langur til þess að fæla þau og hleypa þeim inn á öræfi, og mundu þau þá ekki leita eins rólega til bygða; en ef þau væru friðuð alt árið, mundu þau verða rólegri og venjast við að leita strax til bygða, til þess að bjarga sér í harðindum. Eftir því sem eg þekki til hreindýraveiða, eins og þeim hefir verið lýst nákvæmlega fyrir mér, þá er lítið gagn að þeim stutta tíma, sem þau eru friðuð; því að ef leyfilegt er að skjóta þau, þó ekki sé nema í júlí og ágúst, þá er það nægilegur tími til að eyða þeim. Þeir, sem gera sér þessar veiðar að atvinnu, fara langar ferðir með marga hesta og tjöld, sem þeir hafast við í; þegar þeir svo hafa njósnað, hvar dýrin eru, mæla þeir sér mót, til þess að elta þau, og láta svo skothríðina ganga bæði fyrir framan og aftan þau, og þegar þeir svo hafa rekið þau saman í hnapp, demba þeir kúlum yfir hópinn. Af þessu leiðir svo, að auk þeirra dýra, sem þeir drepa, særist einnig fjöldi annara. Þetta hefir að vísu verið tekið fram áður af h. flutnm. (G. V.) þessa máls, en eg álít samt gott að benda á það aftur nú, til þess að leiða athygli h. deildarm. að því, hve nauðsynlegt það er að friða þessi dýr. Það eru ekki meira en rúm 100 ár síðan þau voru flutt hingað til landsins, og þau geta ekki fjölgað eða dafnað, nema því að eins, að sporið sé stigið fullt út, þannig að þau séu friðuð algerlega fyrst um sinn. Ef þeim svo fjölgaði mjög mikið á 10 árum, þá væri hægurinn hjá að semja strangari lög, til að fækka þeim aftur, ef á þyrfti að halda.

Eg skal svo eigi fjölyrða frekar um þetta mál, en vona, að þetta frumv. fái góðan byr, bæði hér í deildinni og annars staðar í þinginu.

ATKV.GR.: 1. brt. á þskj. 180 við 1. gr. sþ. í e. hlj.

2. brt. á þskj. 180 við 1. gr. sþ. í e. hlj.
1. gr. breytt sþ. í e. hlj.
2. gr. sþ. í e. hlj.
3. gr. sþ. í hlj.
Fyrirsögnin samþ. í e. hlj.
Frumv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Þriðja umr., 31. júlí (C bls. 384).

Framsögumaður (Guttormur Vigfússon): Eg hefi í rauninni engu að bæta við það, sem eg áður hefi sagt í þessu máli, en vona að eins, að það gangi sinn gang, eins greitt og hingað til Eg hefði ekki staðið upp, ef það hefðu ekki verið lítilsháttar atriði nokkur í 2. gr., sem lítið eitt mætti minnast á.

Í 2. gr. er gert ráð fyrir, að sektir fyrir brot gegn lögum þessum, renni að hálfu í sveitarsjóð, en hinn helmingur til uppljóstarmanns. Það er gert ráð fyrir, að ætið eigi sér uppljóstur stað Þetta ákvæði er tekið nákvæmlega eftir gömlu lögunum, og eg sé ekki betur, en að við svo búið verði að standa. Eg hefi ekki íhugað það grandgæfilega, á hverja vegu brot geti komist upp, nema því að eins að uppljóstur eigi sér stáð. Samt minnir þetta atriði mig á lítið atvik, sem einu sinni átti sér stað. Maður nokkur, sem hafði brotið lögin í þessu efni, gekk rakleiðis til lögreglustjóra eða hreppstjóra, kvaðst hafa skotið og játaði brotið, en krafðist helming sektarfjárins fyrir uppljósturinn. Eg veit líka, að þegar svo hefir verið ástatt, hefir hlutaðeiganda verið neitað um sinn part. En hvernig þessu ætti að koma haganlega fyrir, ákvæðunum um það efni, — þá er þar mér hæfari mönnum á að skipa, til að koma því vel fyrir sem sé lögfræðingarnir.

ATKV.GR.: Frv. sþ. í e. hlj. og afgreitt til forseta Nd.

Friðun fugla I.

FRUMVARP til laga um breyting á lögum 16. des. 1885 um breyting á lögum 17. marz 1882 um friðun fugla og hreindýra; 1. umr., 24. júlí (C bls. 364).

Guttormur Vigfússon: Í nefndinni, sem skipuð var, til að segja álit sitt um frumv. það, er síðast var til umræðu, kom það til tals, hvort ekki væri ástæða til að taka öll friðunarlögin nokkuð ýtarlegar fyrir til íhugunar, og jafnvel hvort ekki væri ástæða til að taka öll friðunarlögin fyrir í einni heild og breyta þeim að mun í ýmsum greinum. Nefndin hvarf þó frá því aftur, þar sem hún áleit, að nú væri naumast timi til að sinna því máli, en á hinn bóginn var hún á því, að nauðsyn bæri til nú þegar að leiða í lög lík ákvæði og borin eru fram í þessu frv. um friðun á öndum. Vonast nefndin til, að h. þingd. lofi frumv. þessu að ganga til 2. umr. og mun þá nánar verða gerð grein fyrir málinu.

Kristján Jónsson: Eg vildi að eins gera örstutta athugasemd, til þess að leiða athygli nefndarinnar að því, hvort henni fyndist eigi fara betur á því, að breyta fyrirsögn frumv. þannig, að hún væri: Frumv. til laga um friðun fugla, því að eins og hún nú er orðuð, er hún mjög óviðkunnanlegur titill, og mundi eigi þykja hentug fyrir dómara eða lögfræðinga, sem þurfa að leggja á minnið dagsetning laga og fyrirsagnir.

Eg mundi þess vegna vera nefndinni þakklátur fyrir, ef hún gæti komið fyrirsögninni í dálítið viðkunnanlegra form, og mætti gera breyting í þá átt við aðra umræðu.

Guttormur Vigfússon: Eg er viss um, að nefndin er fús á, að taka til íhugunar athugasemd þá, sem h. 3. kgk. þm. (Kr. J.) hefir gert viðvíkjandi fyrirsögn frumvarpsins, og það því fremur, sem nefndinni sjálfri þótti fyrirsögnin

mjög ljót og leiðinleg, en nefndin sá í svipinn eigi tök á, að hafa hana öðruvísi enda mun svipuð fyrirsögn vera á ekki allfáum nýrri lögum.

Julius Havsteen: Eg hefi að vísu ekkert á móti því, að fyrirsögn lagafrumv. sé breytt þannig, en mér virðist samt standa enn þá eftir partur af lögunum 17. marz 1882, og þá fengju menn tvenn lög um friðun fugla, og að eins lögin 16. des. 1885 numin úr gildi, en í þeirra stað kæmu þessi nýju lög; þá yrði sem sé eftir grein af lögunum frá 17. marz 1882, og þess vegna finst mér sá titill ekki eiga við, sem stungið var upp á. Það væri öðru máli að gegna, ef menn vildu alveg breyta báðum hinum gildandi lögum, eða réttara sagt, láta þau falla niður og setja ný lög í staðinn; þá kynni eg vel við, að kalla nýju lögin lög um friðun fugla, og taka upp í þau ákvæðin úr lögunum frá 17. marz 1882, sem ekki hafa verið feld burt.

Kristján Jónsson: Það er sjálfsagt, að athuga það, sem h. 1. kgk. þm. (J. H.) benti á, og er líklegt, að bezt fari á því, að nema úr gildi bæði hin áminstu lög, eins og hann vék að, en í sambandi við þetta er annað atriði, sem þyrfti að athuga um leið, nfl. orðin í enda frv., þar stendur: Með lögum þessum eru lög 16. des. 1885 um breyting á lögum 17. marz 1882 um friðun fugla og hreindýra úr gildi numin. Ef þetta er þannig orðað, verður spurning um það, hvort lögin frá 17. marz 1882 þá eigi af sjálfu sér komi aftur í gildi? Það væri rétt að hafa lagafrv. svo víðtækt, og laga þetta svo, að öll ákvæði í eldri lögunum, sem koma í bága við þetta frumvarp, séu beinlínis feld úr gildi. Þeirri spurningu hefir áður verið hreyft, þegar lög um breyting á eldri lögum hafa verið feld úr gildi, hvort eldri lögin þá eigi komi í fullt gildi aftur; en allt þetta er rétt að fela vísdómi nefndarinnar, sem fengið hefir málið til meðferðar.

ATKV.GR.: Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Önnur umr. 26. júlí (C. bls. 364).

Guttormur Vigfússon: Út af umr. um frv. þetta síðast, þegar það var til 1. umr., þá hefir nefndin tekið til íhugunar þær athugasemdir, sem þá voru gjörðar við það, og hefir komist að þeirri niðurstöðu, sem h. 3. kgk. þm. (Kr. J.) benti á, að réttast væri að draga saman í eitt lög þau, sem til væru um friðun fugla, og breyta þá um leið þessari löngu fyrirsögn. Nefndin hefir því komið fram með nýtt frumvarp um friðun fugla, sem hún ætlar að leggja fyrir deildina, en taka aftur frv. það, sem hér liggur fyrir.

Forseti lýsti yfir, að frv. væri tekið aftur.

Friðun fugla II.

FRUMVARP til laga um friðun fugla; 1. umr., 27. júlí (C bls. 378).

Guttormur Vigfússon: Eg hefi mjög lítið að segja um þetta mál annað en það, sem eg mintist á í gær. Eiginlega er það aðalkosturinn, við frumv. þetta, að fuglafriðunarlögin eru sett saman í eina heild.

Inn í frumv. hefir slæðst sú prentvilla eða ónákvæmni, að tvisvar er tekið fram, hvaða lög séu úr gildi numin með frumv. En eg álít, að það þurfi ekki breyt.till., til að laga það, heldur megi laga það við atkvæðagreiðsluna við 2. umr. málsins. Annars hefi eg ekkert frekar að segja um málið að þessu sinni.

ATKV.GR.: Frumv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Önnur umr., 31. júlí (C bls. 378).

A. V. Tulinius: Einasta breytingin,

sem frumv. fer fram á frá núgildandi lögum, er í því fólgin, að endur, að undanskildum fiskiöndum, skulu friðaðar einum mánuði lengur en áður. Ástæðan til þess, að friðunartíminn var lengdur, er sú, að 20. júlí eru andarungarnir ekki orðnir sjálfbjarga, jafnvel ekki þeger bezt árar, eins og t. d. í ár. Eg hefi sjálfur verið sjónarvottur að því, að þeir eru mjög smáir um það skeið, einkum þegar illa vorar. Endur eru sú fuglategund, sem einna mest er til af á Íslandi. Þær eru ekki farfuglar, eins og kunnugt er, og því alinnlendar. Það er því ástæða til, að þær séu friðaðar sem bezt og vandlegast, þó að það sé ekki gert að öllu leyti, þó samt svo, að ungunum sé með öllu óhætt, þegar friðunartíminn er úti. Eg gæti fært mörg dæmi máli mínu til sönnunar, en þau eru kunnug flestum, sem eitthvað kunna til veiða. Það eru margir, sem hafa ekki hjarta í sér til að drepa endurnar frá ungunum eftir 20. júlí, en samt eru sumir, sem gera það af hugsunarleysi og af því, að þeir hafa ekki vit á slíku.

Þess vegna kom nefnd þeirri, sem skipuð var, til að íhuga frv. um friðun hreindýra, saman um að bera fram frv. um lenging friðunartímans fyrir endur um einn mánuð, og þá væri tilgangi laganna náð.

Það hefði ef til vili verið ástæða til að koma með fleiri breytingar í þessa átt, en bæði voru skiftar skoðanir um það í nefndinni og eins máske hætta á, að frumv. hefði þá síður orðið afgreitt frá þinginu svo að betra þótti að taka ekki fyrir nú, nema þetta atriði, sem var svo bráðnauðsynlegt.

Vona eg, að málið fái góðan framgang og því verði einnig tekið vel, þegar það kemur til h. Nd.

Eg skal geta þess, að í frv. (C 205) hefir af vangá komist inn tvítekning á úrfelling eldri laga, nefnil. í 1. gr. ætti síðasta málsgrein, að falla burt, þar eð það ákvæði er tekið að fullu upp í 4. gr., og mætti þá bera upp 1. gr. í tvennu lagi.

ATKV.GR.: 1. gr., fyrri kafli að orðunum: „Með lögum . . . o. s. frv. sþ. í e. hlj.

1. gr. frv. síðari málsgrein feld með 10 shlj. atkv.

2. gr. sþ. í e. hlj.

3. — — - —

4. — — - —

Fyrirsögn frv. sþ. í e. hlj.

Frv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Þriðja umr., 3. ágúst (C bls. 450).

Frv. sþ. í e. hlj. og afgr til forseta Nd.

Ein umr., 23. ágúst (C bls 736).

Axel V. Tulinius: Nefndin, sem sett var í þetta mál, hefir haldið fund með sér og komist að þeirri niðurstöðu, að réttast væri að fella frumv. eins og það nú er. Það er vitaskuld, að sum ákvæði í því eru góð, en gallarnir eru svo miklir, að nefndin vill fyrir sitt leyti leggja til, að furmv. sé felt, þar sem tíminn er svo naumur, að ekki er hægt um það að bæta. Í 1. gr. eru meðal annars kriur taldar réttdræpar, slíkt get eg ómögulega fallist á, það er kunnugra en frá þurfi að segja, að krían er nytsamur fugl og er alls eigi rétt að drepa hana. Margir af fuglum þeim, sem taldir eru upp í frumv., hafa áður verið friðaðir með lögum alt árið um kring, en nú eru þeir hinir sömu fuglar að eins friðaðir frá 1. apr. til 1. sept., og tel eg það enga bót frá núgildandi lögum. Þar er farið fram á að friða farfugla á þessum tíma, eins og t. a. m. spóann, en nú þar sem hann er farfugl, þá mun hann oftast nær farinn 1. sept. Eg álít líka mjög óþægilegt að friða spóann vegna útlendinga, sem hér koma. Það eru fuglar, sem útlendingar hafa hvað mesta ánægju af að skjóta. Yfir höfuð hefir frumv. þetta svo mikla galla, eins og eg hefi bent á, að mér finst rétt að fella það.

Kristján Jónsson: Eg ætla að leyfa mér að segja fáein orð um frumv. þetta, sem stefna alveg í sömu átt og orð h. 1. þm. Suður-Múlas. (A. T.). Mér virðist frv. þetta nú eigi svo lagað, að það eigi það skilið að öðlast samþ. þessar h. deildar, og það á það eigi heldur skilið, að það sé í nefnd sett, heldur er að mínu áliti rétt, að fella það umsvifalaust. Frv. þetta segist vera: „Frumv. til laga um friðun fugla", — svo er fyrirsögnin —, en í fyrstu gr. er þó aðalákvæðið það, að vissir tilteknir fuglar, og þeir mjög margir, skuli vera réttdræpir, og hygg eg það víst, að lítil friðun sé í því því fólgin. Þetta orð „réttdræpur" álít eg líka allsendis óhafandi í þessu sambandi. Það er bæði í fornu og nýju máli að eins haft um þá menn, sem til dauða eru dæmdir, eða hafa unnið lífleysisverk, en það mun þó líklega ekki vera meining þessa frumv., að fuglar þessir hafi unnið þau verk, að þeir eigi að sæta dauðarefsingu fyrir. Að því leyti er orðið brúkað hér í alveg rangri merkingu og þar af leiðandi ómögulegt.

Eins og h. 1. þm. S.-Múl. (A. V. T.) benti á, þá eru taldir upp fuglar í þessu frumv. „sem réttdræpir", er eigi hafa áður verið taldir meðal ófriðaðra fugla, eins og t. d. uglur, hegrar, kríur, súlur, skarfar, sefandir, helsingjar og gæsir, og skil eg eigi, hvað þessir fuglar hafa til saka unnið. H. 1. þm. S.-Múl. (A. V. T.) tók einnig fram, að margir aðrir fuglar, sem áður hafa verið, friðaðir alt árið að lögum eru nú eftir frumv. þessu að eins friðaðir frá 1. apríl til 1. sept, en „réttdræpir" aðra tíma árs. Þessu er þannig varið með langflestar fuglategundir vorar, alla aðra fugla en þá, sem nefndir eru í 1. og 2. málsgrein í 1. gr. frumv. Þetta er töluverð afturför frá því, sem nú er eftir lögunum 17. marz 1882; nú eiga menn að hafa leyfi til að drepa sólskrikjur og þúfutitlinga og maríerlur og marga aðra fugla jafnmeinlausa, þegar þeim lízt á tímabilinu frá 1. sept. til 1. apríl. Net má eigi hafa við lunda- eða fýlaveiði, en þó háfa og er ekkert hægra en að fara í kring um þetta. Úr því að brúka má háfa, þá er minstur vandinn, að búa net svo út, að þau líkist háf eða sé hornmynduð eða sé stikilmynduð eins og háfur. Þá er þetta alt er athugað, þá leyfi eg mér að koma fram með sömu tillögu og h. 1. þm. S.-Múl., sem sé, að frumv. sé ekki hleypt lengra, en að það sé dæmt „réttdræpt" og felt.

ATKV.GR.: Frumv. felt með 10 : 1 atkv.

Bólusetningar.

FRUMVARP til laga um bólusetningar; 1. umr. 4. júlí (C. bls. 135).

Jónas Jónassen: Eins og h. þd. mun vera kunnugt, hefir verið óánægja mikil með nýju bólusetningarlögin frá 1898 bæði meðal lækna og alþýðu. Þess vegna hefir þótt nauðsyn á að gera breytingar á þeim. Eg var vel kunnugur frv., eins og það fór til stjórnarinnar, og sé, að stjórnin hefir breytt því í ýmsum greinum og ekki til bóta. Leyfi eg mér því að stinga upp á, að 3 manna nefnd verði sett í málið, þegar menn hafa rætt það á þessum fundi.

Ólafur Ólafsson: Þó að það megi segja, að það sé ekki gamalt fat, sem frv. á að leggja bót á, þá getur það samt vel orðið til bóta, en samt er ýmislegt í því, er athuga þarf rækilega. Eg álít, að stefna frv., sem er sú sama, og í lögunum frá 26. febr. 1898, sé alveg rétt, sú að losa prestana við bólusetningar og fela læknastéttinni þær á hendur. Þó að hitt væri gamall vani, þá er þeim þó betur komið hjá læknunum.

Líka álít eg gott, að yfirsetukonur séu hafðar sem aðstoðarbólusetjarar. Að eins álít eg heppilegt, að ákvæði væri sett

inn um það, að ljósmæður lærðu að bólusetja, um leið og þær lærðu ljósmóðurfræði.

Þetta frv. er í mínum augum viðurkenning þess, að það hafi ekki verið rétt breytt við prestastéttina, meðan hún hafði bólusetningarnar á hendi, og að þörf hafi verið á, að láta sér farast betur við þá, sem þeim störfum ættu að gegna.

Það er tvennt eftirtektarvert í frv., að það vill gjöra bólusetjurunum sem hægast fyrir, með því, að safna börnunum saman, og að þeir fái borgun fyrir hvern, sem bólusettur er, hvort sem bólan kemur út eða ekki. Þetta var ekki svo áður, meðan prestarnir höfðu þetta starf á hendi. Þeir urðu oft að fara á hvert einasta heimili, til að bólusetja, en fengu enga borgun fyrir þá, sem bólan kom ekki út á. — Það er gleðilegt, að bæði stjórn, þing og þjóð hafa nú fallist á, að þetta hafi ekki verið rétt.

Eg skal taka eitt dæmi. Einu sinni fekk prestur bólusetningarefni frá lækni og var að bólusetja fólk með því á aðra viku, en þegar til kom, reyndist bóluefnið ónýtt, og prestur fekk enga borgun fyrir verk sitt. En fyrir þetta og annað eins er nú girt í þessu frv. — Ýmislegt er samt, sem athugunar þyrfti og er eg því meðmæltur, að nefnd verði sett í málið, til að íhuga það nánar.

ATKV.GR.: 3 manna nefnd sþ. í e. hlj.

KOSNINGU HLUTU:

J. Jónassen með 11 atkv.
Ól. Ólafsson — 8 —
Sig. Jensson — 6 —

1. umr. frestað.

Framhald 1. umr., 18. júlí (C. bls. 135. 272).

Framsögumaður (Jónas Jónassen): Eins og hinir háttv. deildarmenn geta séð af athugasemdum stjórnarinnar aftan við frv. hennar, þá lá við sjálft, að stjórnarráðið legði það til að samþykkja eigi þau bólusetningarlög frá 26. febr. 1898, sem nú eru í gildi, vegna hinna mörgu galla, sem á þeim eru bæði að formi og efni. Reynslan hefir líka sýnt, að þau hafa vakið almenna óánægju meðal þjóðarinnar og einkum meðal læknanna sjálfra. Þessir gallar eru teknir fram í athugasemdunum við stjórnarfrumvarpið. Nú hefir stjórnin lagt bólusetningafrv. fyrir þingið, og er það frv. í heild sinni mjög vel lagað til þess að verða bólusetningalög fyrir Ísland. Í nefndarálitinu er tekið fram, að breytingar þær, sem nefndin hefir gert, séu fáar. Það er einungis ein aðalbreyting, sem nefndin eftir nákvæma umhugsun hefir komið sér saman um að gerð væri á frumvarpi stjórnarinnar, nfl. sú, að skifta ekki bólusetningarstarfinu milli tveggja, bæði lækna og yfirsetukvenna, heldur skulu yfirsetukonur aðallega verða bólusetjarar, meðfram vegna þess, að yfirsetukonur fá svo lítið fyrir störf sín; nefndin áleit því, að það gæti orðið nokkur tekjuauki fyrir þær, ef þær jafnframt yrðu bólusetjarar. Eg efast eigi um, að yfirsetukonur muni, þegar tímar líða fram, geta náð þeirri fullkomnun, að þær geti haft þennan starfa á hendi svo að það verði fullnægjandi; það er eigi svo mikill vandi að bólusetja, að þeim sé eigi vel trúandi fyrir því, ef þær eru ekki gamlar og hafa ekki skjálfta á höndunum. Á hinn bóginn áleit nefndin rétt, að fela héraðslæknunum yfirumsjón með bólusetningunum og ábyrgð á þeim. Hún vildi vitaskuld ekki, að læknum væri bannað að bólusetja, eins og líka er sagt í frv., en vildi ekki, að það væri tekið fram í lögunum, að bólusetningunum sé skift milli þeirra og yfirsetukvenna.

Í öðru lagi vildi nefndin gera lög þessi sem einföldust og óbrotnust, og vildi ekki láta þau fela í sér ákvæði, sem að eins væru dauður bókstafur, svo sem ákvæði 7. greinar um sektir; bæði af því að þau koma í bága við 2. gr., eins og nefndin

hefir orðað hana, og af því að nefndin hefir ekki trú á, að þessi ákvæði muni koma að notum í framkvæmdinni, þá hefir nefndin lagt til, að 7. gr. falli burt. Það er áreiðanlegt, að ef yfirsetukonur sem bólusetjarar ættu að beita sektum, þá mundu þær verða svo illa liðnar, að þær vildu helst komast hjá því, og afleiðingin mundi verða sú, að þessi sektarákvæði yrðu dauður bókstafur. Hinar aðrar breytingar nefndarinnar eru lítilfjörlegar, og sé eg því eigi ástæðu til að fjölyrða um þær. Eg vona að hin háttv. deild kannist við, að þetta frv. verði til bóta á því ástandi, sem nú er, og lofi því að ganga til annarar umr.

Landshöfðingi: Eg er þakklátur háttv. nefnd fyrir undirtektir hennar undir frv. stjórnarinnar, og ýmsar af breytingum hennar eru ef til vill til bóta, að minsta kosti ekki til skemda, þótt einstöku gr. þurfi að yfirvegast nánara, og af því að háttv. frms. (J. J.) nefndi einstöku breytingar nefndarinnar, þá álít eg líka, að mér sé heimilt að minnast á 2 eða svo. Það er sérstaklega sú uppástunga nefndarinnar, að miðkafli 12. gr. falli burt, sem mér finst athugaverð. Í 1. gr. nefndarfrv. stendur, að héraðslæknar skuli hafa gætur á og bera ábyrgð á, að bólusetningar fari fram samkvæmt lögum þessum. Ef héraðslæknar eiga að hafa þetta eftirlit og þessa ábyrgð, þá er óumflýjanlegt fyrir þá að takast við og við ferð á hendur, til þess að geta haft nægilegt eftirlit með bólusetningunum, og þá hafa þeir líka rétt til sömu borgunar fyrir þessar ferðir, eins og fyrir aðrar ferðir í þarfir hins opinbera, og þess vegna finst mér ekki rétt að fella burt ákvæðið í 2. málsgrein 12. greinar. Nefndin hefir að líkindum fellt þetta ákvæði burt af þeirri ástæðu, að það gæti naumast komið fyrir, að héraðslæknar þyrftu að takast slíkar ferðir á hendur; en af því að 1. gr. nefndarfrv. er orðuð, eins og hún er, þá finst mér, að það hljóti að koma fyrir. Þar sem nefndin er svo mikið á móti sektum, þá get eg eigi séð, að hún sé fullkomlega samkvæm sjálfri sér, því að hún hefir sjálf tekið upp í 4. gr. frv. sektarákvæði, sem eru nauðsynleg, og eins látið standa öll sektarákvæðin í 15. gr. stjórnarfrv. Það gleður mig, að nefndin hefir þó eigi svo mikla óbeit á sektum, að hún vildi alveg fella þær burt; enda verður eigi hjá því komist, að leggja sektir við, ef þær skyldur eru eigi uppfylltar, sem lögin kveða á um, og þess vegna eru sektirnar alveg nauðsynlegar. Í sambandi við þetta vildi eg benda nefndinni á, hvort það er fullkomið samræmi milli 2. kafla 4. gr., eins og hann er orðaður í nefndarálitinu og 1. kafla 15 gr. í stjórnarfrv., sem nefndin hefir eigi gert neinar athugasemdir við. Í 1. kafla 15. gr. stjórnarfrv. eru sektirnar ákveðnar 5—50 kr. fyrir að koma ekki til bólusetningar, en í 4. gr. nefndarfrv. eru sektirnar ekki nema 2—20 kr. ef barn, sem er orðið 5 ára gamalt, ekki hefir verið bólusett og því tvívegis hefir vanrækt að koma til bólusetningar. Er þá eigi rétt að hafa hærri sekt, ef forsómunin hefir átt sér stað tvisvar en einu sinni? Eg er samþykkur nefndinni í, að yfirsetukonum skuli alstaðar falið að bólusetja, einnig þar sem þær eru nálægt læknum; en þó veit eg ekki, nema ástæða væri til að gera undantekningu í kaupstöðum; en þó skal eg ekki gera ágreiningsatriði úr því.

Sigurður Jensson: Eg vil að eins leyfa mér að gera stutta athugasemd út af orðum hins hæstv. landsh. um ákvæðin í 1. kafla 15. gr. stjórnarfrv., þar er sem sé talað um almenna bólusetning, sem skipuð er fyrir í 10. gr. stiórnarfrv., en hitt er hin opinbera bólusetning, sem talað er um í 4. gr. nefndarfrv., svo að það er ekki um neina ósamkvæmni að ræða frá nefndarinnar hálfu að því, er sektarákvæðin í téðum greinum snertir.

Landshöfðingi: Það er ósamkvæmni í því, að hafa sektirnar ekki nema 2—20 kr., eins og ákveðið er í 4. gr. nefndarfrumvarpsins fyrir tvöfalda forsómun á bólusetningu, þar sem sektin í 15. gr. stjórnarfrv. er hærri fyrir forsómun í eitt skifti, og þó í öðru tilfellinu sé talað um almenna bólusetningu, en opinbera í hinu, þá hafa menn samt leyfi til að bera sektirnar saman.

Hallgrímur Sveinsson: Eg skal að eins leyfa mér að gera örlitla athugasemd, og er það mest í þeirri meiningu að benda nefndinni á, ef henni þætti ástæða til að víkja orðalaginu á frv. lítið eitt við hér og hvar. Nefndin kemst í áliti sínu svo að orði, að sú eða sú grein frv. orðist þannig. Nú skyldi maður halda, að það sé að efninu til sama greinin og í frv. stjórnarinnar, sem skuli orðast svo eða svo, en það er eigi ávalt þannig; í 2. gr. nefndarfrumvarpsins er vísað til efnis, sem stendur í 1. gr. stjórnarfrumvarpsins; í 4. gr. nefndarfrv. er blandað saman efni í 5. og 7. gr. stj.frv.; í 5. gr. nefndarfrv. er blandað efni í 4. gr. hins upphaflega frumvarps. Það er þetta, sem mér finst athugavert, að segja að sú eða sú grein orðist þannig, og svo þegar að er gætt, þá er efnið tekið úr annari grein, þar sem það eigi er til. Þetta álít eg eigi alls kostar heppilegt. Í 2. gr. hafa fallið burt orðin: „eða ef engin yfirsetukona er í umdæminu“; eg veit eigi, hvort það er af ásettu ráði, en mér finst rétt að taka það fram, hvað gera skuli, ef umdæmið er yfirsetukonulaust. Í sömu grein er talað um, að víkja aðstoðarbólusetjara frá, ef han gerir eigi skyldu sína; en þetta ákvæði hefir ekki verið tekið upp í 2. gr. nefndarfrumvarpsins, og finst mér athugavert að sleppa því, að læknirinn hafi heimild til að gera þetta, ef misfellur eru á bólusetningunni. Í 13. gr. frv. stendur „löggildum“ lækni, en á víst að vera löggiltum.

Í 5. málslið 15. gr. stjórnarfrumvarpsins stendur: „Ef aðstoðarbólusetjari brýtur skyldur þær, er á honum hvíla samkvæmt lögum þessum eða reglugerð þeirri, er 14. gr. getur um, þá varðar það sektum alt að 100 kr.“; en eftir breytingartillögu nefndarinnar er þetta ákvæði um aðstoðarbólusetjarann horfið; hér verður því, að eg hygg, að setja bólusetjari í stað hins orðsins. Eg vildi að eins benda nefndinni á, hvort hún ekki fyndi ástæðu til að breyta þessu.

Framsögumaður (Jónas Jónassen): Ut af orðum hins hæstv. landsh. um vantandi ákvæði um, að héraðslæknar fái borgun fyrir bólusetningaferðir, þar sem þeim samkvæmt ákvæðum 1. gr. er gert að skyldu að bera ábyrgð á, að bólusetningar fari fram samkvæmt lögum þessum, þá er það bæði rétt og sjálfsagt, að þar sem héraðslæknar hafa þessa ábyrgð, þá fái þeir líka borgun fyrir þessar ferðir sínar í þarfir hins opinbera eftir þeim taxta, sem um slíkar ferðir gildir; eftir þessu verður þá líka rétt að taka ákvæðið í 2. málsgrein 12. gr. inn í frumvarpið, og það mun verða gert. Þau atriði, sem hinn h. 2. kgk. (H. Sv.) minntist á, mun nefndin taka til íhugunar til annarar umræðu.

ATKV.GR.: Frv. vísað til 2. umr. í e. hljóði.

Önnur umr. 20. júlí (C. bls. 135, 272, 336).

Framsögumaður (J. Jónassen): Þegar málið var til 1. umræðu, fékk það svo góðar undirtektir, að ekki er þörf að tefja tímann með löngum umræðum.

Það voru einstök atriði, sem tekið var fram af hæstv. landshöfðingja og öðrum að þyrfti að athuga. Það hefir nefndin gert og fallist á, að koma með breytingar í þá átt á þskj. 150; álít eg óþarfi að fara frekar orðum um þær. H. þdm. mun vera það ljóst, hvernig þeim er háttað og málinu í heild sinni, og vona eg, að það fái góðar undirtektir nú sem fyr.

Julius Havsteen: Aðalbreytingin, sem nefndin hefir gert á stjórnarfrv., er fólgin í því, að læknar hafi ekki framvegis bein afskifti af bólusetningunni eða séu ekki skyldir að bólusetja sjálfir, en nú er það aðallega læknarnir, sem eiga að hafa þann starfa á hendi, eftir gildandi lögum. Áður en þeir tóku við bólusetningarstarfinu, var það að mestu leyti falið prestunum, þó að læknarnir hefðu þá líka bólusetning á hendi. Á þessu er gerð breyting í nefndarálitinu við frv. og gengið enn lengra, þar sem ákveðið er, að yfirsetukonur skulu einar hafa bólusetningarstarfið á hendi yfirleitt. Eg er ekki á móti þessu að öllu leyti, en það getur verið óheppilegt fyrirkomulag á sumum stöðum að taka bólusetningarstarfið úr höndum læknanna t. d. hér í Reykjavík. Eg ímynda mér, að yfirsetukonurnar hér geti ekki komist yfir það að bólusetja börn líka, að minsta kosti að dæma af því, hve mikill asi er á þeim, þegar þær eru á ferð hér á götunum. Ef þeim væri fyrirskipað alment að bólusetja börn, þá mundu þær ekki hafa tíma til að annast þann starfa. Vildi eg því mega skjóta því til h. nefndar, hvort hún vildi ekki taka þetta atriði til íhugunar.

Hvað 4. gr. frv. snertir, þá stendur í henni, eins og nefndin vill orða hana, að hvert barn skuli bólusetja, áður en það er fullra 3 ára að aldri. En svo stendur í annari málsgrein, að það sé ekki vítavert, þó að það sé látið dragast í 2 ár enn að bólusetja barn. Eg get ekki skilið, hvaða samræmi er í þessu. Annaðhvort eru menn skyldir til að láta bólusetja börn, áður en þau eru fullra 3 ára, eða ekki. Annars þyrfti nefndin að gefa nánari skýring á þessu atriði.

Í 14. gr. er talað um reglugerð, sem landsh. á að gefa út um bólusetningar og bóluskoðanir. Í frv. stjórnarinnar er tekið fram, að í henni skuli standa meðal annars, hvaða skrár, bækur og skýrslur *prestar* og aðrir skuli halda og láta af hendi, en nefndin vill láta fella burt ákvæðið um prestana í þessu efni. Það er spursmál, hvort það er ekki réttara og óbrigðulla að skylda prestana til að gefa skýrslur um, hvaða börn séu á þeim aldri, að þau eigi að bólusetja, því að það er efamál, hvort ætlast megi til svo mikils af yfirsetukonunum, að þær geti vitað áreiðanlega, eins og prestarnir, um aldur barna í því efni.

A. V. Tulinius: Í 2. gr., eins og nefndin vill orða hana, stendur: „Nú telur héraðslæknir yfirsetukonu ekki færa til að annast bólusetning og skipar hann þá einhvern annan, karl eða konu sem bólusetjara í umdæminu“, og svo aftur í sömu grein síðast: „Yfirsetukonur njóta kauplausrar kenslu í bólusetningu, um leið og þær nema yfirsetukvennafræði“. Mér virðist ekki vera gott að koma þessum tveim setningum vel heim og saman. Fyrra ákvæðið gefur læknum heimild til að víkja yfirsetukonum frá bólusetningarstarfinu og eins, þó að þær séu lærðar og hafi notið fyrirskipaðrar kenslu í bólusetningu. En læknar ættu ekki að hafa rétt til þess að geta tekið þetta starf frá yfirsetukonunum, ef þær geta sýnt fullnægjandi prófsvottorð um það, að þær séu álitnar fullvaxnar þeim starfa, því að það er mjög óheppilegt, að læknar geti þannig hvenær sem er tekið fram fyrir hendurnar á kennurum þeirra. Hér ætti miklu heldur við, að læknum væri þá gefin heimild til að kæra þær, ef svo bæri undir. Vildi eg að eins benda h. deild á þetta, að ekki sé rétt að heimila læknum að mega víkja þeim yfirsetukonum frá, sem hafa lært bólusetningar, um leið og þær hafa numið yfirsetukvennafræði.

Ólafur Ólafsson: Eg ætla að eins að svara fáum orðum þeim athugasemdum, sem h. 1. kgk. þm. (J. H.) gerði við nefndarálitið. Eg skildi hann svo, sem hann áliti það ekki heppilegt, að yfirsetukonur

hefðu á hendi bólusetningar jafnt í þeim umdæmum, sem læknar væru búsettir í, sem öðrum, og hann nefndi sem dæmi Reykjavik. Það vakti fyrir nefndinni, að ekki væri ástæða til að gera þar neinar undantekningar frá þeirri reglu, sem nefndin vildi fylgja, að fela yfirsetukonum bólusetningarstarfið yfirleitt, þar sem það er jafnframt gert af þeirri ástæðu, að viðurkent er, að laun þeirra séu lítil og hér væri veitt uppbót á launum þeirra. Virtist þá ekki ástæða til að svifta yfirsetukonur í þeim bólusetningarumdæmum, sem læknir væri búsettur í, þessari uppbót eða tekjuauka. Þó er eftir 13. gr. hverjum löggiltum lækni heimilt að bólusetja, ef hann hagar sér eftir ákvæðum þeim, er gilda um bólusetningar. Nefndin hugði, að læknar mundu og gera það í þeim umdæmum, þar sem þess væri þörf, t. d. ef yfirsetukonur kæmust ekki yfir að bólusetja, eins og t. d. í Rvík., og þá líka, að þau heimili, sem eins og þar er títt hefðu sinn heimilslækni, notuðu hann til bólusetniga, eins og heimilt er eftir 13. gr., En það áleit nefndin rétt, að eitt ætti að ganga yfir allar yfirsetukonur, hvort sem þær væru í bólusetningaumdæmi, er læknir væri búsettur í, eða ekki.

Þá minntist h. 1. kgk. (J. H.) á ákvæði 4. gr., að hvert barn væri skylt að bólusetja, áður en það er fullra 3 ára að aldri, en þó væri ekki gert ráð fyrir neinum sektum, þó að bólusetning væri látin dragast, þar til börnin væru orðin 5 ára að aldri. — Nefndið áleit, að þó að sektir væru lagðar við vanrækslu á að láta bólusetja börn 3—5 ára, þá munu þær naumast verða annað en dauður bókstafur. En ef það drægist lengur, eftir að þau væru orðin fullra 5 ára. þá væri sjálfsagt að leggja sektir við, eins og tekið er fram í síðari málsgrein 4. gr.

Þá er að minnast á þá breyting, sem nefndin hefir gjört á 14. gr., að hún hefir felt orðið „presta“ úr stjórnarfrv., af því að hún hafði það fyrir augum, að úr því bólusetningarstarfinu einu sinni var létt af prestunum, þá væri engin ástæða til að blanda prestunum meir í það mál. Í sjálfu sér væri það ekki nauðsynlegt, að prestarnir héldu bækur eða gæfu skýrslur um aldur og bólusetningar, því að bólusetningaumdæmin væru ekki stór og yfirsetukonur mundu hafa nógu ljósa hugmynd um aldur manna í því efni. Nefndin kunni því ekki við, að farin væri þessi krókaleið til prestanna heldur sneru yfirsetukonurnar sér í þeim efnum beint til læknanna. Úr því að yfirsetukonur fá borgunina fyrir bólusetingarnar, þá er líka rétt, að þær hafi alla fyrirhöfnina sem af þeim leiðir, og alveg sjálfsagt að leysa prestana að fullu frá öllum þesskonar störfum. Ef yfirsetukonur eru hæfar á annað borð til að bólusetja, þá eru þær um leið færar um að láta slíkar skýrslur af hendi, og á þá bezt við, að þær snúi sér beint til hjeraðslæknis.

H. 1. þm. S.-Múl. (A. T.) gjörði aths. við 2. gr., eins og nefndin vill orða hana, Hann taldi það mótsögn, að héraðslæknir mætti skipa annan bólusetjara í stað yfirsetukonu, sem hann teldi ekki færa til þess að annast bólusetningar, og þó ættu þær að njóta kenslu í bólusetningu, um leið og þær næmu yfirsetukvennafræði, eins og tekið er fram síðast í greininni. Í þessu fann hann ekki samræmi. Þegar lög þessi koma nú í gildi, þá munu ekki allar yfirsetukonur hafa lært bólusetningar, um leið og þær hafa numið ljósmóðurfræði; þá á læknum að vera heimilt að setja aðrá í stað þeirra yfirsetukvenna, sem þannig kann að standa á fyrir eða sem ekki þykja hæfar til að fara að læra af nýju. Þetta vakti fyrir nefndinni, er hún samdi þetta ákvæði. Það er satt, að það gæti verið álitamál, hvort læknum ætti að vera heimilt að víkja yfirsetukonum frá, upp á sitt eiudæmi, og hvort ekki væri heppilegra að fara aðra leið.

En nefndin gjörði ráð fyrir, að læknar væru alment svo vandaðir, að þeir mundu ekki víkja yfirsetukonum frá bólusetningarstarfanum, nema fullgildar ástæður væru fyrir hendi. En það má vel vera, að orða mætti ákvæðið eitthvað lítið á annan veg.

Eiríkur Briem: Eg ætla að eins að minnast á orðabreyting, sem nefndin hefir stungið upp á við 11. gr. og mér finst ekki vera til bóta, að í stað „Sveitarstjórnir" komi: Bæjarstjórnir og sveitarstjórnir. Eg hygg að sveitarstjórnir sé fullnægjandi ákvæði, því að eg veit ekki betur, en að það orð nái yfir bæjarstjórnir líka.

Ólafur Ólafsson: Nefndinni þótti tryggilegra að auka inn í 11. gr. þessu ákvæði. Það er orðin málvenja og hún rík, að kalla hér í kaupstöðum bæjarstjórn, en ekki sveitarstjórn. Þess vegna þótti eðlilegra að orða þetta þannig. Þrátt fyrir andmæli h. 6. kgk. þm. (E. B.), er eg ekki sannfærður um, að ummæli hans séu á sæmilega fullum rökum byggð. Ástæða nefndarinnar var sú, að hún vildi taka það skýrt fram, að kaupstaðir og stjórn þeirra væru engu síður undir þetta ákvæði gefnir en sveitir og sveitarstjórnir.

Á þgskj. 150 hefir nefndin aukið nýju ákvæði við 11. gr., og fylgt í því efni bending frá hæstv. landsh. Hún getur fúslega kannast við, að ástæða verði til fyrir læknana að takast ferð á hendur, til að líta eftir ýmsu við bólusetningarnar, ef einhverju skyldi vera ábótavant. Sumir í nefndinni álitu, að þeir gætu leyst það verk af hendi, um leið og þeir færu aðrar ferðir í embættiserindum, þar sem þeir hvort sem er væru svo mikið á faraldsfæti, og þyrftu því ekki að takast á hendur sérstakar ferðir til þess. Þess skal þó getið, að aðrir voru þessu ekki fyllilega samdóma, getur líka hugsast, að vanbrúka mætti þetta ákvæði, sem hér er bætt við, ef gjört er ráð fyrir, að læknarnir séu ekki eins góðir, og þeir ættu að vera. En meira hluta nefndarinnar virtist ekki ástæða til að drótta neinu að læknum í þessu efni að óreyndu.

Guðjón Guðlaugsson: Eg hefi annaðhvort ekki fengið breyt.till. nefndarinnar á þskj. 150 eða tynt þeim aftur. En eg er þakklátur h. þm. A.-S. (Ól. Ól.), að hann hefir mint mig á þær. Eg er algerlega á móti því ákvæði, sem þar er bætt inn í, að læknar fái sérstaka borgun fyrir ferðir, er hann fer samkvæmt lögum þessum. Það var tekið fram, að það væri ekki ástæða til að ætla, að þessu ákvæði yrði misbeitt. En eg veit ekki, hvað er gild ástæða til að ætla slíkt, ef reynslan sjálf sýnir það ekki. Og reynslan sýnir það, hvaða stórkostlegt „humbug" á sér stað dags daglega, þar sem lík ákvæði gilda um læknana, nefnilega við sóttvarnarráðstafanir svokallaðar, sérstaklega gegn hinni alræmdu skarlatssótt. Þær ferðir, sem læknarnir sumstaðar fara í slíkum skarlatssóttarerindum, eru nokkurs konar skálkaskjól, til að útvega sér peninga fyrir ekkert. Svo þýðingarlausar eru þessar ferðir þeirra og svo „humbugskendar", að það veitir sannarlega ekki af, að löggjafarvaldið taki eitthvað í taumana. Það er alls eigi þörf á því, að borga sérstaklega læknum fyrir þessar ferðir til að líta eftir, sem það á að heita; ef yfirsetukonurnar eru ekki hæfar til bólusetninga, geta læknarnir gert það sjálfir. Ef þær eru hæfar til starfans, þá eru þessar eftirlitsferðir eingöngu til þessa notaðar, að næla sér peninga frá því opinbera í skjóli laganna.

Það er því hrein og bein uauðsyn, að þetta ákvæði verði fellt sem algerlega óþarft.

Landshöfðingi: Að því er snertir 2. breyttil. nefndarinnar á þskj. 150 um það, að héraðslæknir geti hve nær sem er vikið bólusetjara frá, ef hann gerir ekki skyldu sína, þá finst mér héraðslæknum með þessu ákvæði vera gefið nokkuð mikið vald, og eins og þm. Strand. (G. Guðl.)

tók fram, þá eru þeir breyskir, eins og aðrir menn. Að vísu er eg ekki beinlínis á móti þessari breyttill., en eg vildi leyfa mér að skjóta því til nefndarinnar, hvort henni ekki fyndist ástæða til að bæta því ákvæði við, að héraðslæknar séu skyldugir til að tilkynna landlækni í hvert skifti, sem þeir víkja bólusetjara frá. Viðvíkjandi 3. breyttill. á sama þingskj. við 11. gr., þá tók eg það fram við 1. umr., að nauðsynlegt væri, að héraðslæknar fengju borgun fyrir þær ferðir, sem þeir kynnu að þurfa að takast á hendur samkvæmt 1. gr. frv., til að hafa eftirlit með bólusetningum, en þeir kunna líka að þurfa að takast ferðir á hendur samkvæmt 8. gr. stjórnarfrv. nfl. til þess að vísa bólusetjara á þá, er taka megi úr bóluefni. Það getur staðið svo á, að ekki sé kúabóluefni til, og að það þurfi að taka bóluefnið úr einhverjum manni, og þar sem aðstoðarbólusetjarar mega ekki nota, nema það bóluefni, sem þeir fá frá héraðslæknunum, þá getur komið fyrir, að læknirinn þurfi að gera sér ferð á þann stað, þar sem einhver sá á heima, er bóluefni má taka úr, og þá finst mér það vera til of mikils ætlast, að læknirinn fari slíka ferð fyrir ekkert; þess vegna finst mér, að þessi 3. breyttill. nefndarinnar á þskj. 150 sé alveg nauðsynleg.

Ákvæðið í 4. gr. nefndarálitsins, að hvert barn skuli bólusett, áður en það er fullra 3 ára að aldri, finst mér ekki nægilægilega ljóst, og að eftir því megi bólusetja það, hvenær sem er, áður en það er 3 ára, eða eins snemma og vera vill. En mér hefir skilist það á læknum, að ekki megi bólusetja börn á mjög ungum aldri; þess vegna álít eg, að betra hefði verið, að þetta hefði verið orðað eins og í 2. málsgr. nefndarálitsins; þar stendur: „Vér teljum það rétt, að skipa svo fyrir, að börn séu alment bólusett á því ári, þegar þau eru fullra 3 ára, og endurbólusett á því ári, þegar þau eru fullra 13 ára“. Eg vildi því einnig skjóta því til nefndarinnar, hvort henni fyndist eigi rétt, að orða fyrri málsgrein 4. gr. nefndarálitsins þannig, að það standi: „Hvert barn skal bólusetja á því ári, þegar það er fullra 3 ára“. Eg geng út frá því sem gefnu, að það hafi verið meining nefndarinnar að orða málsgreinina svo, úr því það er tekið fram í nefndarálitinu, og endurbólusetningin er tekin fram í 5. gr. nefndarfrv., þar sem stendur, að hvert barn skuli endurbólusetja á því ári, er það verður fullra 13 ára, og í 2. málsgr. 4. gr. hins upphaflega frumv. er þetta einnig orðað svo.

Framsögumaður (Jónas Jónassen:) Út af ræðu hins hæstv. landsh. skal eg leyfa mér að tala fáein orð, einkum að því, er snertir athugasemdir hans viðvíkjandi 4. gr. nefndarfrv., þar sem kveðið er svo á, að hvert barn skuli bólusett, áður en það er fullra 3 ára að aldri.

Eins og hagar til hér á landi, eru oft vandkvæði á því, að fara með kornung börn til bólusetningar, enda munu flestir kynoka sér við það. Meining nefndarinnar með því að orða þessa málsgrein þannig var, að þau ekki skyldu vera eldri en 3 ára, er þau væru bólusett, fram að þeim tíma væri dráttur á bólusetningunni hættulaus Það er aðgætandi, að hér á landi hagar öðruvísi til, en annarstaðar, að því er snertir flutning barna á bólusetningastað, og þess vegna verður að gefa nokkurt svigrúm, þegar um tímatakmarkið er að ræða. Hingað til hefir það gengið allvel með bólusetningar hér á landi, kringumstæðurnar leyfa ekki að farið sé strangt í sakirnar í því efni, og því hygg eg ekki, að þetta ákvæði, þannig orðað, geti orðið til neins baga. Að því er snertir ákvæðið um ferðakostnað læknanna í þarfir bólusetninganna, þá álít eg fullkomlega rétt, að láta það standa. Ef héraðslæknirinn á að geta sagt, úr hverjum bóluefnið skuli taka, ef það er eigi til, þá verð-

ur hann máske að gera sér ferð á þann stað, þar sem hann tekur lifandi bóluefni úr manni; og ef það er langur vegur, þá er eigi rétt að neita honum um þóknun fyrir það. Þess vegna finnst mér rétt að halda þessu ákvæði í því trausti, að læknar eigi misbrúki það. Það er auðvitað misjafn sauður í mörgu fé meðal læknanna líka, en yfir höfuð verðum vér að gera ráð fyrir, að þeir séu svo heiðarlegir og samvizksamir menn, að þeir noti eigi þessar ferðir, til þess að smyrja upp ósanngjarna reikninga. Viðvíkjandi því ákvæði, að héraðslæknir geti hvenær sem er vikið bólusetjara frá, ef hann eigi gerir skyldu sína, þá verð eg að telja það rétt, að láta héraðslækninn einráðan um það. Að því er þetta atriði snertir, þá getur komið svo margt til skoðunar; héraðslæknirinn getur vikið yfirsetukonunni frá bólusetjara stöðunni fyrir það, að hún sé orðin of gömul, eða of skjálfhent; enda geri eg ráð fyrir, að héraðslæknar muni ekki beita þessu valdi sínu, nema full ástæða sé til þess. Ef þetta ákvæði stæði ekki í lögunum, myndu margar yfirsetukonur vilja þrauka við bólusetjarastarfann, þótt þær eigi væru færar um það, vegna þess tekjuauka, sem því er samfara, og ekki kunna við, að segja af sér, og því finst mér sjálfsagt, að héraðslæknar hafi vald til að setja þær af; það gæti líka hugsast, að yfirsetukonan væri svo óþrifin, að hún mætti til að fara frá, þá finst mér réttara að héraðslæknirinn setji hana af, en að landlæknir geri það.

Landshöfðingi: Mér fanst háttv. frsm. (J. J.) tala móti sínum eigin orðum að því, er snertir ákvæðið í upphafi 4. gr. nefndarfrv. nfl., að hvert barn skuli bólusetja, áður en það er fullra 3 ára, þar sem nefndin á næstu bls. á undan telur það rétt, að börn séu alment bólusett á því ári, þegar þau eru fullra 3 ára, svo að nefndin kemst í beina mótsögn við sjálfa sig, ef hún er á móti breyttill. um þetta atriði, og komi hún ekki með breytingartillögu um það við 3. umr., mun eg sjálfur gera það. Viðvíkjandi viðbót við 2. breyt.till. nefndarinnar við 2. gr., þá get eg eigi séð, að það sé að taka vald frá héraðslæknunum til að víkja bólusetjara frá, þótt honum sé gert að skyldu að tilkynna landlækni, að hann hafi gert það. Eg hef ekkert á móti því, að héraðslæknir mætti gera þetta, en að eins með því móti, að hann geri landlækni aðvart um það, svo að hann gæti tekið í taumana, ef honum sýndist ástæða til; ef hann gæti vikið yfirsetukonu frá sem bólusetjara, þá ætti hann líka að geta um leið vikið henni frá sem yfirsetukonu. Eg mun líka koma fram með breytingartill. í þessa átt við 3. umr., ef nefndin ekki gerir það.

Axel V. Tulinius: Hæstv. landsh. hefir tekið af mér ómakið með þær athugasemdir, sem eg ætlaði að gera út af ræðu háttv. framsögumanns, nfl. að ef héraðslæknar hafa vald til að víkja yfirsetukonum frá sem bólusetjurum, þá hafa þeir einnig vald til að víkja þeim frá að öðru leyti sem yfirsetukonum, án þess að leita álits landlæknis um það.

Guðjón Guðlaugsson: Eg fekk upplýsingar hjá framsögumanni og hæstv. landsh. um það, að nauðsynlegt væri að læknar fengju borgaðar ferðir þær, sem þeir tækjust á hendur, til að setja lifandi bólu; en eg efast um, að þau tilfelli yrðu svo mörg, að það væri tilfinnanlega rangt, þótt þeim ekki væri launað fyrir það sérstaklega, því að eg óttast sem sé, að margir hverjir mundu nota tækifærið til þess að smyrja upp reikninga, ef þeim væri gefið það fyrirheit, að þeir fengju borgun fyrir allar slíkar ferðir, hvort sem þeir bólusettu eða eigi. Þar sem frsm. tók það fram, að læknir mundi verða sóttur, ef glas brotnaði hjá yfirsetukonu, þá hygg eg, að það sjaldan mundi koma fyrir, því að yfirsetukonur eru ráðsettar, og kvennfólki er ekki hættara við að brjóta en læknunum sjálf-

um, og eg hygg, að það gæti fult eins vel komið fyrir, að sumir af læknastéttinni gætu brotið glas, eins og þær. En til þess að sýna, að eg tali ekki alveg út í bláinn, þá hef eg þekt lækni, sem var á móti skipun læknahéraðanna, af því að hann vildi eigi missa dálitla sneið af héraði sínu; en það var ekki af því, að hann mundi missa praxis við það, að því er hann sjálfur hafði sagt, þar sem hann væri „virtur og elskaður“ af öllum sínum héraðsbúum, og því yrði sín vitjað eftir sem áður til hinna sjúku í hinum væntanlega afsneidda hluta héraðsins, heldur af þeirri ástæðu, að hann tapaði ferðum út af nýju bólusetningunum og blessaðri skarlatssóttinni, sem landssjóður væri svo góður að borga og það vel. Þetta var það, sem vakti mig til þess að mæla á móti þessu ákvæði um borgun handa læknum fyrir þessar ferðir, þótt ef til vill í örfáum tilfellum væri hallað á læknastéttina með því að fella þetta ákvæði burt.

ATKV.GR.:

Breyt.till. (105) við 1. gr. sþ. í e. hlj.

1. Breyt.till. (150) við 2. gr. sþ. í e. hlj.

2. Breyt.till. (150) við 2. gr. sþ. með 8 atkv.

2. gr. breytt sþ. m. 9 atkv.

3. gr. sþ. í e. hlj.

Breyt.till. (105) við 4. gr. sþ. með 8: 1 atkv.

Breyt.till. (105) við 5. gr. sþ. í e. hlj.

Breyt.till. (105) við 6. gr. sþ. í e. hlj.

6. gr. breytt sþ. í e. hlj.

Breyt.till. (105) við 7. gr. sþ. í e. hlj.

Breyt till. (105) við 8. gr. sem verður 7. gr. sþ. með 10 atkv.

Breyt.till. (105) við 9. gr. sem verður 8. gr. sþ. í e. hlj.

Breyt.till. (105) við 10. gr. sem verður 9. gr. sþ. í e. hlj.

9. gr. breytt sþ. í e. hlj.

Breyt.till. (105) við 11. gr. sem verður 10. gr. sþ. með 7: 2 atkv.

10. gr. breytt sþ. með 10 atk.

Breyt.till. (105) við 12. gr. sem verður 11. gr. sþ. í e. hlj.

3. Breyt.till. (150) við 12. gr. sem verður 11. gr. sþ. með 7: 3 atkv.

3. málsgr. 11. gr. sþ. í e. hlj.

11. gr. breytt sþ. í e. hlj.

4. Breyt.till. (150) við 13. gr. sem verður 12. gr. sþ. í e. hlj.

12. gr. breytt sþ. í e. hlj.

Breyt.till. (105) við 14. gr. sem verður 13. gr. sþ. í e. hlj.

13. gr. breytt sþ. í e. hlj.

5. Breyt.till. (150) við 15. gr. sem verður 14. gr. sþ. í e. hlj.

14. gr. breytt sþ. í e. hlj.

16. gr. sem verður 15. gr. sþ. í e. hlj.

17. gr. sem verður 16. gr. sþ. í e. hlj.

18. gr. sem verður 17. gr. sþ. í e. hlj.

Fyrirsögnin sþ. í e. hlj.

Frv. vísað 3. umr. í e. hlj.

Þriðja umr. 23. júlí (C. bls. 341, 344).

Framsögumaður (Jónas Jónassen): Hæstv. landsh. hefir komið fram með 2 breyt.till. á þskj. 157, og get eg verið fáorður um þær. Við þá fyrri, að aftan við orðin: „ef hann gerir ekki skyldu sína“ komi: „en skýra skal hann þá landlækni frá því með fyrstu póstferð“, hef eg ekkert að athuga. Hvað hina síðari snertir, er fer fram á, að hvert barn skuli bólusetja á því ári, er það verður fullra 3 ára, þá get eg ekki séð, hver ástæða er til þessarar breytingar. Það var meining nefndarinnar, að börn skyldi bólusetja áður en þau yrðu fullra 3 ára. Í nefndarálitinu er reyndar tekið fram, að rétt sé að skipað sé fyrir, að börn séu alment, yfir höfuð bólusett á því ári, en það var ekki tilætlun nefndarinnar að binda bólusetningar einstrengingslega við þetta ákveðna tímabil. Við sáum enga ástæðu

til að fara að gefa lög um það, á hvaða aldursári börn skuli bólusetja. Það hefði þá alveg eins mátt tiltaka takmarkið, þegar barnið væri $1^1/_2$ árs eða annað því líkt. En til þess er ekki minsta ástæða, því að ef þessu ákvæði væri skotið inn í, sem farið er fram á í breyt.till. hæstv. landsh., þá mundu flestir skilja það svo, að ekki mætti þá bólusetja börn fyr en þau væru á þessum tiltekna aldri. Englendingar hafa bólusetningartakmarkið þannig, að börn skuli bólusetja áður en þau eru 10 mánaða að aldri, og annars staðar eru aftur önnur takmörk. En það er ekki rétt að binda bólusetningar við víst aldursár, því það gæti verið bagalegt, og auk þess geta ýmsar kringumstæður valdið því, að nauðsyn sé á að bólusetja, þó að barnið sé á öðrum aldri en fullra 3. ára. Eg vil taka til dæmis, þegar farið er með börn til Vesturheims; en eftir lögunum gæti það skilist svo, að ekki mætti bólusetja börnin, af því að þau hefðu ekki hinn vissa tiltekna aldur til þess. En það er mín meining, að það sé hættulaust, að bólusetja börn frá því þau eru nýfædd og til þess þau eru 3 ára. Eg get því ekki verið með breyt.till. hæstv. landsh. um að einskorða bólusetningar við þetta eina ár.

Julius Havsteen: Það var að eins lítið atriði í ræðu h.þm. (J.J.), er eg ætla að gera athugasemd við. Hann virtist leggja þá þýðing í seinni breyt.till. hæstv. landsh., að menn mundu verða fúsir á að skilja hana á þá leið, að ekki mætti bólusetja börn fyr en þau væru orðin fullra 3 ára. En það get eg ekki skilið að sé rétt. Aftur er það heppilegt, að bólusetningar fari fram á ákveðuum tíma og er hægðarauki fyrir bólusetjarana; þetta mun hafa vakað fyrir hæstv. landsh., og er sú hugsun í alla staði á rökum bygð.

Þess mun ekki getið í frumv., hvert sektir þær eigi að falla, sem talað er um bæði í 4. og sérstaklega í 14. gr. frumv. Það er leiðinlegt, þegar þess háttar ákvæðum er gleymt í lögum, og það væri heppilegt, að úr þessu yrði bætt.

Kristján Jónsson: Ef menn hugsa til að laga frumv. í þessu efni, þá sé eg ekki, að það verði gert á annan hátt, en að frumv. verði nú tekið út af dagskrá.

Forseti ákvað, að málið yrði tekið út af dagskrá.

Framhald 3. umr., 25. júlí (C bls. 341, 344, 365).

Jónas Jónassen: Mál þetta var tekið út af dagskrá síðast, sökum þess, að einn h. þm. benti á, að hvergi væri tilgreint í frumv., hvert sektir þær, er tilgreindar eru í 14. gr, ættu að renna. Nefndin hefir komið fram með breyt.till., sem prentuð er á þgskj. 191, þess efnis, að sektirnar skuli renna í landssjóð.

Að öðru leyti hefi eg ekki margt að taka fram nú, en lýsi því yfir, eins og eg gerði við síðustu umr. málsins, að eg sé ekki ástæðu til að binda sig við það tímatakmark, að bólusetja barnið, er það er á 3. árinu, eins og gert er í breyt.till. hæstv. landsh. Eg álít fullnægjandi að ákveða, að hvert barn skuli bólusett innnan 3 ára, eins og farið er fram á í frumv.

Að öðru leyti hefi eg ekkert við málið að athuga.

ATKV.GR.: Breyt.till. á þskj. 157, tl. 1., sþ. með 10 shlj. atkv.

Brt. á þskj. 157, tl. 2, feldur með 8 : 3 atkv.

Brt. á þskj. 191 sþ. í e. hlj.

Frumv. með áorðnum breyt. sþ. í e. hlj. og afgreitt til Nd.

Ein umr. 7. ágúst (C bls. 466, 495).

ATKV.GR.: Frv. sþ. í e. hlj. og afgreitt til landsh. sem lög frá alþingi.

Heilbrigðissamþyktir.

FRUMVARP til laga um heilbrigðissam-

þyktir í kaupstöðum, kauptúnum og sjóþorpum á Íslandi; 1. umr., 27. júlí (C bls. 382).

Jónas Jónassen: Af því mér finst mál þetta svo þýðingarmikið, leyfi eg mér að stinga upp á 3 manna nefnd, til að íhuga málið.

ATKV.GR.: Samþ. í e. hlj. að kjósa 3 manna nefnd í málið og hlutu þessir kosningu:

Jónas Jónassen með 10 atkv.
Magn. Andrésson — 6 —
Hallgr. Sveinsson — 5 —

1. umr. frestað.

Framhald 1. umr., 5. ágúst (C bls. 382, 460).

Framsögumaður (Jónas Jónassen): Vér, sem vorum kosnir í nefnd, til að athuga frumv. þetta, eins og það kom frá neðri deild, höfum komist að þeirri niðurstöðu, að við það er örlítið að athuga frá því, sem það var samþ. í neðri deild. Breytingarnar, sem vér höfum gert, eru að eins orðabreytingar, að undantekinni einni efnisbreytingu við 2. gr. þess. Efnisbreyting þessi liggur í því, að oss virðist betra, að heilbrigðismál liggi undir umsjón og framkvæmdir færri en fleiri manna. Eins og farið er fram á í nefndarálitinu, álítum vér heppilegra, að sem fæstir fjalli um slík mál. til þess að draga úr vafningum og framkvæmdaleysi, og þess vegna eigi það að vera hreppstjórinn einn, sem hefir aðalumsjónina auk tveggja manna og sé annar úr hreppsnefnd, en hinn úr sýslunefnd. Sömuleiðis hefir oss virzt sjálfsagt að bæta því atriði við 2. gr., að sýslumaður skuli sitja í nefndinni í stað hreppstjóra, ef sýslumaður er búsettur í viðkomandi kaupstað eða kauptúni, eins og bæjarfógeti í kaupstöðum.

Aðrar breytingar, sem vér höfum gert á frumv., eru sem sagt orðabreytingar og býst eg svo við, að frumv með þessum breytingum fái góðar viðtökur, bæði hér í deildinni og h. Nd., því að þessar breytingar, sem vér höfum gert, eru þó heldur til batnaðar það, sem það er.

ATKV.GR.: Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Önnur umr., 7. ágúst (C bls. 382. 460).

ATKV.GR.:

1. brtl. (460) við 1. gr. sþ. í e. hlj.
2. — — — — — — - —
3. — — — — — — - —
4. — — — — — — - —
5. — — — — — — - —
1. gr. breytt sþ. í e. hlj.
1. brt. (460) — 2. gr. sþ. - —
2. — — — — — - —
3. — — — — — - —
4. — — — — — - -
2. gr. breytt sþ. í e. hlj.
3. gr. frv. sþ. í e. hlj.
4. — — — - —
5. — — — - —

Fyrirsögn frv. sþ. í e. hlj.
Frumv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Þriðja umr., 9. ágúst (C bls. 517, 546).

Samþ., að viðaukatill. á þskj. 383 komist að við þessa umr.

Kristján Jónsson: Eg hefi ásamt 2 öðrum h. þdm. komið fram með ofurlitla viðaukatill. (C 383). Það stendur svo á henni, að með lagafrv., sem var hér fyrir deildinni um daginn, um breyting á bæjarstjórnarlögum Reykjavíkur, var sú breyting gerð á gildandi lögum, að feldur var úr gildi 1. liður 16. gr. í tilsk. um bæjarstjórn í Reykjavík 20. apríl 1872, en þá stendur eftir síðari málsl.gr., sem ætti að falla burt samkvæmt þessum lögum, sem nú eru til umr., og fer viðaukatill. fram á það, að það verði gert. Þingmenn úr Nd., sem hafa haft frumv. til meðferðar þar, hafa bent oss á þetta, og vona eg, að deildin samþykki tillöguna.

ATKV.GR.: Viðaukatill. á þskj. 383 sþ. með 10 shlj. atkv.

Frv. með áorðinni breyt. sþ. með 10 shlj. atkv. og endursent Nd.

Sóttvarnir.

FRUMVARP til viðaukalaga við lög 31. jan. 1896 um varnir gegn útbreiðslu næmra sjúkdóm. 1. umr. 5. ágúst (C. bls. 459).

Jónas Jónassen: Þetta frv. kom frá h. Nd., og gekk það umtalslaust í gegnum þá deild, sem eg vona að og verði hér. Mál þetta hefir þó allmikla þýðing. Hinn yfirstandandi tími sýnir og bert, að brýn þörf er á því, að hafa slík lög, þar sem nú gengur sjúkdómur, sem smátt og smátt breiðist út um land allt, og er mjög vægur, en hefir kostað landssjóð nú þegar milli 30 og 40 þús. kr. Þetta er ljós vottur um það, að 2. gr. í núgildandi sóttvarnarlögum þarf að breyta. Eg vona því, að hin h. deild greiði frv. gang og frv. þetta verði að lögum.

Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv.

Önnur umr. 7. ágúst (C. bls. 459).

Eiríkur Briem: Eg hefi leyft mér að koma fram með viðaukatilögu við frv. á þskj. 356, og fer hún fram á, að lög þessi skulu öðlast gildi, jafnskjótt sem skýrt er frá staðfesting þeirra í B.-deild Stjórnartíðindanna eða 12 vikum fyr en annars, og ef menn álíta, að lög þessi séu hentug, þá er líka æskilegt að þau komi sem fyrst í gildi. Eg vildi því óska, að þessi viðaukatill. mín á þskj. 356 yrði samþykt.

ATKV.GR.:

Meginmál frv. sþ. í e. hlj.

Viðaukatill. á þskj. 356 sþ. í e. hlj.

Fyrirsögnin sþ. í e. hlj.

Frv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Þriðja umr., 9. ágúst (C bls. 516).

ATKV.GR.: Frv. sþ. í e. hlj. og endursent forseta Nd.

Ósútaðar húðir.

FRUMVARP til laga um bann gegn innflutningi ósútaðra skinna og húða. 1. umræða, 5. ágúst (C. bls. 455,).

Vísað til 2. umr. með 10 samhljóða atkvæðum.

Önnur umr. 7. ágúst, (C. bls. 455 251).

Breyt.till. hafði komið á þskj. 361, en eigi með nægum fyrirvara, og var samþ. í e. hlj. að hún kæmist að.

Eiríkur Briem: Eg og tveir aðrir háttv. þingm. höfum komið með breytingartill. á þingskjali 361. Okkur þótti ákvæði frumv. svo löguð, að lítil trygging væri í því, eins og það kom frá háttv. Nd., úr því ákvæði er um það, að leyfa að flytja húðir, ef þær að eins eru saltaðar og óhertar. Eg er heldur á þeirri skoðun, að fara megi í kring um slík lög; það er ekkert hægra en það að bleyta upp hertar húðir og salta þær, þótt reyndar sama sóttkveikjuhætta geti stafað af þeim. Fyrir þessu höfum vér, sem komum með breytingartill., viljað fá trygging með því móti, að þessum útlendu, ósútuðu húðum, fylgdi embættisvottorð frá yfirvaldi eða hinum danska konsúl á staðnum þaðan, sem þær voru fluttar, um að eigi sé ástæða til að óttast sóttkveikju af þeim. Með þessu móti er það ætlun vor flutningsmanna þessarar breytingartillögu, að sá tilgangur náist, sem hin háttv. Nd hefir ætlast til að næðist með þesssu frv.

Hallgrímur Sveinsson: Eg vildi vekja athygli háttv. þingdm. á því, að þegar nú slíkar húðir verða hingað fluttar, mun að líkindum eitt embættisvottorð gefið með svo og svo mörgum húðum í einu lagi, en með því virðist mér sem

eigi sé fullkomin trygging fyrir því, að kaupmaðurinn, sem þær fær, geti ekki einnig fengið húðir án vottorðs og selt þær í skjóli áður fengins vottorðs, því hver getur haft næga gát á slíku? Þess vegna þyrfti einhverja trygging fyrir því, að kaupmenn seldi engar aðrar. Heppilegast held eg að væri, að vottorðið, væri áfast hverri húð eða með einhverjum hætti stimplað á hana til þess að tryggja kaupandanum, að húðin hefði fengið þetta vottorð. Eg vil um leið geta þess, að á frv. á þskj. 279 hafa nöfn flutningsmanna í neðri deild verið prentuð með, en þau áttu að hverfa við prentunina.

Eiríkur Briem: Háttv. 2. kgk. þm. tók fram, að með breytingartillögunni vær engan vegin fengin full trygging fyrir því, að ósaknæmar húðir yrðu fluttar til landsins. Þetta er öldungis rétt, en eg álít þó, að tillagan sé til bóta, því að fullkomin trygging fæst aldrei fyr en með aðalflutningsbanni. Oss fanst þetta vera þó til bóta frá því, sem frumv. kom frá Nd., úr því ekki er alveg bannaður innflutningur á húðum, því að það er ekki einhlítt, þótt þær sé blautar og saltaðar. Það er því auðvitað ekki meining okkar, að full trygging fáist, en vér hyggjum þó, að síður sé hætt við, að til landsins flytjist þær húðir, sem hætta er að.

Axel V. Tulinius: Mér datt það í hug, að það tilfelli gæti komið fyrir, að menn fengju húðir frá öðrum löndum en Danmörku, og þá þyrfti að fylgja þeim vottorð frá danska ræðismanninum í því landi eða á þeim stað, sem húðirnar flytjast frá, en ef þær flytjast yfir Danmörku þá einnig frá yfirvaldi þar. Þessu finst mér ekki megi blanda saman og þyrfti að hafa skýr ákvæðin um þetta.

Kristján Jónsson: Það er vitanlegt, að það geta verið ýms vandkvæði á þessu, en þau verða varla meiri, þótt breytingartillagan sé samþykt. Það er vitaskuld, að ransaka þarf með tilliti til allra þessara húða, um leið og þær koma hingað til lands, hvort þeim fylgi hið fyrirskipaða vottorð eða ekki, og auðvitað verður það gert, um leið og hleðsluskrár eru ransakaðar. Að sjálfsögðu á danski konsúllinn að gefa þessi vottorð með húðunum í þeim löndum, sem liggja fyrir utan hið danska ríki. Í Danmörku eru yfirvöld á staðnum, sem geta gefið vottorðin. Þetta er vitaskuld meining laganna, og er eg í engum vafa um, að þetta eru þó nokkrar tryggingar því til hindrunar, að hingað flytjist sóttnæmar húðir eða húðir með sóttkveikju-efni í sér. Auðvitað er ekkert fulltrygt annað en að banna algerlega innflutning á þessum húðum Neðri deild hefir nú ekki samþykt algert bann, en samt sem áður veit eg, að flestir eru sammála um það, að gera þurfi svo alvarlegar ráðstafanir í þessu efni, sem frekast er unt. Slíkt er fylsta nauðsyn, því að miltisbruni er einlægt við og við að gjósa upp og drepa stórgripi, og nú fyrir skemstu hefir hann gert vart við sig í Þingeyjarsýslu og drepið 3 stórgripi þar á einum bæ. Reyndar hafði hann gert þar vart við sig fyrir 3 árum, en það er samt víst, að sóttkveikjan hefir borist þangað í sumar með útlendum húðum. Þá má og minnast þess voðatilfellis, sem kom fyrir í sumar hér í Reykjavík, að miltisbruni varð manni að bana, og var mesta happ, að hann varð ekki fleirum að bana. Það þarf því að setja svo verulegar tálmanir, sem frekast er unt í þessa átt að því, er snertir innflutning útlendra ósútaðra húða, og vil eg því leyfa mér að mæla með því, að breytingartillagan á þskj. 361 verði samþykt hér í háttv. efri deild.

Axel V. Tulinius: Eg hef ekkert á móti frumvarpinu fyrir mitt leyti, en ef það á að verða að lögum, þá held eg, að það hafi ekki sérlega mikla þýðing. Eg skil ekki, að ef nú húðirnar eru ekki frá Danmörku sjálfri, heldur keyptar að annarsstaðar frá, að þá geti þetta vottorð orðið gefið,

allra sízt svo, að það komi að nokkrum notum. Því að það segir sig sjálft, að ef ekki eru hafðar gætur á því í útlöndum, að láta slíkar húðir, sem hætta getur verið af, ganga kaupum og sölum, þá getur engin gefið slíkt vottorð í Danmörku um þær húðir, sem keyptar eru frá öðrum löndum, án þess að vita neitt, hvaðan þær eru til komnar eða hvort nokkur hætta getur stafað af þeim

Jónas Jónasen: Þetta mál að banna innflutning á ósútuðum skinnum er ekki nýtt hér á þingi. Mál þetta er sannarlega ekki svo lítilsvarðandi, þegar maður lítur á síðu manna hér, og það mundi verða tilfinnanleg ekla á skæðaskinni, ef frumv. þetta yrði að lögum. Menn geta ekki gengið hér á klossum eða stígvélum að þeim verkum, sem menn ganga hér alment að. Eg sé ekki annað en, að til beinna vandræða horfði, ef slíkt frumvarp yrði að lögum. Því með lögum þessum er lagt bann fyrir, að skinn eða húðir séu fluttar inn, nema söltuð sé og blaut.

Sóttkveikjan, sem berst í skinnum þessum, hefir við og við drepið skepnur, en örsjaldan menn. En hin söltuðu skinn, sem flytja ætti inn, eru engu óhættulegri, því sóttkveikjan getur alveg eins borist í þeim.

En það er mönnum sjálfum að kenna, að mörg af þessum sorglegu tilfellum hafa komið fyrir, eins og tilfelli það, sem kom fyrir hér í Reykjavík ekki alls fyrir löngu. Eg var margbúinn að aðvara manninn, en hann lét sér ekki segjast að heldur.

Menn fara svo óvarlega með þessar húðir, að menn leggja þær í bleyti í vatni, sem engin straumur er í, svo komast skepnur í og drekka af vatninu og sýkjast, ef sóttkveikjan hefir verið í viðkomandi húðum. Það er og hefir verið ilt að eiga við Íslendinga í þeim efnum að fara varlega, því trassaskapurinn hefir verið svo rótgróinn og yfirgnæfandi.

1891 var stjórninni falið á hendur að rannsaka, hvað gerlegt væri í þessu máli. Hún leitaði upplýsinga hjá heilbrigðisráðinu í Kaupmannahöfn, og það gaf það ráð að leggja húðirnar til varúðar í uppleysing af klórkalki, og þessu ættu menn að hlýða, því þá færi betur.

Eg er því á móti frumv., því að eg hygg, að til vandræða horfi með að fá eitthvað á fæturna, því sauðskinn eru eins og menn vita öldungis endingarlaus, og smali, sem færi með nýja skó að heiman, mundi vera búinn að slíta þeim, er hann kæmi heim.

Hvernig eiga menn að fara að? Jeg bið menn vel að athuga það. Eg álít, að meiri óþægindi mundu stafa af þessu almenna skóleysi, heldur en af einstöku miltisbrunatilfelli. Það er heldur ekki gefið, að miltisbruni stafi ávalt af húðunum; sóttkveikjan getur borist á annan hátt.

Viðvíkjandi breytingartillögunni á þskj. 361 um, að konsúlar eigi að gefa vottorð um að, húðirnar hafi ekki sóttkveikjuna í sér fólgna, þá held eg, að það hafi alls enga þýðing, því enginn konsúll er fær um að gefa slík vottorð.

Kristján Jónsson: Mér kom satt að segja mjög á óvart ræða hins h. 4. kgk. þm. (J. J.). Eg held, að bændunum í Nd. hefði verið innan handa að fella frumvarpið, ef þeir hefðu eins og hann verið afarhræddir við skæðaskinnsvandræði; en málið hefir gengið í gegnum þá deild og verið rækilega íhugað þar. Hitt hefði eg hugsað, að hann mundi álíta það skyldu sína að styðja svona lagað frv. eða ráðstafanir í líka átt sakir umhyggju hans fyrir heilbrigðisástandinu í landinu.

Ræða hans gekk út á að sýna fram á, að ekki stafaði verulegur voði af húðum þessum, en það er þó eigi vafamál, að sanna, má fyrir honum, og sanna fyllilega, að þrásinnis hafa stórgripir, sem eru okkar fémætustu húsdýr, einmitt drepist úr miltisbruna, sem stafað hefur af ósútuðum húðum, og er það ekki lítill fjármuna-

hnekkir fyrir þá, sem fyrir því verða. Eg leyfi mér að vitna í „Búnaðarritið", sem nýlega er útkomið, í ritgerð dýralæknisins, sem þar er prentuð, og trúi eg skýrslunum þar betur, en staðhæfingum hins háttv. sessunautar míns.

Miltisbrunabakterian er ákaflega hættuleg bæði fyrir menn og skepnur, og einkarnæm, eftir skýrslu dýralæknisins. Eigi alls fyrir löngu sýkstist maður fyrir austan, í Árnessýslu, af því að hann fór með hníf, sem skepna hafði verið gjörð til með, er drepist hafði úr miltisbruna; var hann mjög þungt haldinn, en eg veit ekki gjör, hvort sóttin dró hann til dauða.

Hér í Reykjavík kom fyrir tilfelli það, sem eg hefi minnst á, og mönnum er í fersku minni; maðurinn dó af miltisbruna, það get eg staðhæft, — en ekki af „þráa", eins og hinn háttv. sessunautur minn vildi kalla dauða-orsökina. Auðvitað væri það heppilegast, að allir hefðu vit á að gæta sín, en hér gildir hið sama, og um allar sótvarnir yfir höfuð. Vill hinn h. 4. kgk. þm. (J. J.) t. d. láta nema úr gildi ákvæðin um varnir gegn bólusótt. Eg held síður en svo. Ræða hans átti að sanna það, að eigi mætti tálma því eða gjöra það erfitt, að bændur gætu skætt vinnuhjú sín. Hér á landi er talsvert af selskinnum, hross-skinnum, nautsskinnum og sauðskinnum, og spursmál er um, hvort ekki muni svara kostnaði, að flytja inn og nota sútuð skinn, sem talin eru alveg hættulaus. Hitt væri þó ákjósanlegra, ef hér væri alment farið að súta skinn þau, er vér höfum, enda væri með því um leið hlynt að sútaraiðn þeirri, sem þegar er komin á stofn hér á landi, nfl. fyrir austan. Á þennan hátt hygg eg, að bæta mætti úr skæðaskinnsvandræðunum, sem honum óx svo mjög í augum. Hvað viðvíkur aths. hans við brtill. á þskj. 361., þá er þar ekki farið fram á annað en það, sem vér heimtum af hverju skipi, sem sé, að það hafi heilbrigðisvottorð frá yfirvaldinu á þeim stað, sem skipið lagði frá, eða frá danska ræðismanninum þar. Það er þetta sama, sem yfirvaldið eða ræðismaður á nú að votta, nfl. að varan sé að hans áliti eigi svo, að óttast þurfi sóttkveikju af hennar völdum. Annars er ekki talin svo mikil hætta af þessum húðum úr nálægum löndum; þær húðir, sem koma frá Suður-Ameríku, Suður-Afríku og Ástralíu eru þær, sem mest hætta stafar af. — Eg hélt annars ekki, að um þetta mál mundi verða sérlega miklar umræður, því að eg bjóst við, að menn væru svo á einu máli í þessu efni. Eg vildi fyrir mitt leyti helzt fá algerlega bannaðan innflutning á ósútuðum húðum frá útlöndum, en úr því það er ekki unt, þá vil eg, að settar séu sem mestar skorður fyrir honum.

Guttormur Vigfússon: Eg virði mjög mikils við h. 4. kgk. þm. (J. J.), hve ant honum er altaf um, að alþýða manna verði ekki í vandræðum með skæðaskinn. Eins og menn muna, var á síðasta þingi frumv. fyrir líks efnis og þetta, og kom þá fram hin sama umhyggja hans fyrir almenningi, því hann barðist þá mjög öflugt móti málinu. En eg held, að ekki þurfi að hræðast skæðaskinnsleysi vegna þessa frv. — Því tilgangurinn með því er aðallega sá, að koma í veg fyrir innflutning ósútaðra, hertra húða, sem fluttar eru frá öðrum heimsálfum, Ameríku og Afríku, en það eru sérstaklega þær húðir, sem sóttnæmis hættan stafar einkanlega af. Aftur á móti er svo sem engin hætta af skinnum, er flytjast frá Danmörku, eða öðrum nærilggjandi löndum, því að þar eru strangar reglur um meðferð á skepnum þeim, sem drepast úr næmum sjúkdómum, svo sem miltisbruna. Ef litið er á, hve mikill innflutningur er af ósútuðum húðum, þá sést, hver ósköp þarf af þessum húðum til skóleðurs. En ástæðan til þessa mikla innflutnings er að miklu leyti sú, að allur helmingurinn af því er bráðónýtt og til

einskis gagns. Skæðaskinn þetta er oft mjög ódýrt, 70—80 aur. pd., en það er líka haldgott eftir því. Þegar 10 ára unglingar hafa gengið á þessu skinni einn dag, eru skórnir oft útslitnir, svo þarf að gera þeim aftur skó næsta dag. Eg ímynda mér, að með frumv. vinnist það, að skinn það, sem inn verður flutt, verði svo miklu haldbetra, að menn mundu græða á því, og hætt verði að flytja hin ódýrari og endingarlausu skóleður. — Það skal eg játa, að menn ættu í rauninni að búa svo vel, að þeir hefðu altjend nóg skæðaskinn og það álít eg auðvelt fyrir hvern sveitabónda, því frekar, sem auðvelt mun að gera okkar íslenzku skinn miklu haldbetri með betri verkun, því eftir því sem eg hefi átt tal við sútara, sem sezt hefir að á Seyðisfirði, þá taldi hann það víst, að ef menn létu súta skinnin sín hér á landi, þá mundu íslenzku skórnir okkar verða endingarbetri.

Guðjón Guðlaugsson: Þó að frumv. sé ekki stórt, hygg eg þó, að það sé með meiri vandamálum á þingi. Eg finn glögt til þess, að það þurfa sterk ákvæði, til þess að tryggja það, að sjúkdómar berist ekki inn í landið, en eg finn og, að hinir hafa líka mikið til síns máls, sem telja frumv. athugavert vegna þeirra tálmana, sem það leggur í veg fyrir, að almenningur geti fengið það skæðaskinn, sem brýn þörf er á í landinu, og ekki er hægt að bæta á annan hátt.

Eg hefi reynsluna fyrir mér í því efni, þó að eg sem landbóndi geti komist af, án þess að kaupa húðir, en eg þekki önnur dæmi, sem eru svo sterk, að eg skil ekki, hvernig mönnum getur komið til hugar að banna innflutning þessarar vöru þrátt fyrir hættuna, sem af henni getur stafað. Eg hefi reynslu fyrir mér um það, hve fólkið bar sig illa í einum verzlunarstað, þar sem var skortur á skæðaskinni að eins lítinn tíma árs, svo að horfði til stórra vandræða. Þegar bætt var úr þessu og húðum skipað upp, þá voru þær horfnar, áður en því varð við komið að setja verð á þær. Það var eins og fólkið gæti ekki náð í hinar vörurnar, fyr en það hefði fengið eitthvað á fæturna. Og í þessu héraði er þó næst því enginn þurrabúðarmaður, svo að nærri má geta, hvernig fer í sjóplássunum; eg get hugsað mér mismuninn, þegar eg tel líklegt, að héraðið hjá mér þurfi 10 sinnum minna af skæðaskinni en sjóplássin t. d. hér suður með sjó, þar sem gengið er mikið á hrauni og hlýtur að vera lítið til af íslenzku skóleðri. Eg var þar á ferðinni um daginn og barst þá talið að þessu, og töldu menn, ef tálmanir væru lagðar fyrir innflutningi húða, sem yrði sama sem bann, þá skyldu þeir ekki annað, en að það yrði til þess, að menn hlytu að fara af landi burt vegna skóleysis.

H. 3. kgk. þm. (Kr. J.) talaði um, að það væri nóg skæðaskinn til í landinu sjálfu. Það er þó víst, að út úr landinu fer ekki eitt pd. af skæðaskinni, sem notandi er. Það eru sauðskinn af slátursfé kaupmanna, sem út eru flutt, af því að það borgar sig ekki að verka þau hér og hrein neyðarúrræði að hagnýta sér þau, og svo selskinn, helzt kópaskinn, sem eru enn verri til afnota en sauðskinnin, og svo eru þau líka í mjög háu verði.

Ekkert notanlegt skæðaskinn er flutt út; samt nægir ekki það, sem í landinu er til, heldur er afarmikið flutt inn af því frá útlöndum, og þrátt fyrir það er iðulega kvartað yfir, að ekki sé nóg til af því. Það er því varhugavert, að gera þær ráðstafanir, er tálmi innflutningi á skæðaskinni. Það er athugavert, hvort þetta sé ekki eins iskyggilegt, eins og hitt, er menn hafa fært fram, sem meðmæli með frumv. — Eg fyrir mitt leyti tel frumv. hreinustu fjarstæðu og því er ekki láandi neinum, þó að hann mæli á móti þeim tálmunum, sem frumv. auðsjáanlega hefir í för með sér.

Eg er ekki á móti frumv. hvað heilbrigðisráðstafanirnar út af fyrir sig snertir, en ákvæðin í frumv. mega ekki um leið gera mönnum ómögulegt að hafa skóleður á fæturna.

ATKV.GR.: 1. gr. frv. sþ. með 9 : 2 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

já:

Ól. Ólafsson,
Axel Tulinius,
Eiríkur Briem,
Guðjón Guðlaugsson,
Guttormur Vigfússon,
Hallgr. Sveinsson,
J. Havsteen,
Kristján Jónsson,
Magnús Andrésson.

nei:

Sig. Jensson,
J. Jónassen.

Viðaukatill. á þskj. 361 við 1. gr. sþ. með 9 : 1 atkv.

2. gr. frv. sþ. með 9 atkv.
3. — — — — 9 —
4. — — — — 8 —

Fyrirsögn frv. sþ. með 8 atkv.

Frv. vísað til 3. umr. með 10 shlj. atkv.

Þriðja umr., 14. ágúst (C bls. 516, 601, 609).

Kristján Jónsson: Það lítur út fyrir, að lög þessi ætli að verða harla flekkótt, ef breyt.till. þessar verða samþyktar, sem eg vona að verði. Eg lét það í ljósi við fyrri umræður þessa máls, að réttast væri að banna gersamlega allan innflutning ósútaðra húða af þeim ástæðum, er eg þá tók fram og sem eg fyrir mitt leyti álít gildar og góðar, en eg hefi komist að raun um, að slík forboðslög mundu ekki fá nægilegt fylgi, hvorki hér í þessari deild né í h. Nd. Þá kom eg fram með viðaukatillögu við frumv., til þess að gera það strangara og kraftmeira en áður, og var hún samþykt hér í deildinni. En síðan hefi eg fengið vissu fyrir því, að frv. með þeirri breytingu muni ekki fá framgang á þessu þingi. Eg tel mál þetta mikið nauðsynjamál og illa farið, ef engin ákvæði yrðu sett í þá átt, sem h. Nd. ætlaðist til, úr því að hún tók málið fyrir. Þess vegna hefi eg, til þess að bjarga málinu, ásamt 3 öðrum h. þdm. komið fram með br.till. á þskj. 440 í þá átt að breyta aðalákvæðum frumv. þannig, að eigi sé bannað með lögum að flytja inn ósútaðar húðir, en að stjórnarráðinu aftur á móti sé gefin heimild til, þegar þörf krefur og ástæða virðist til, að banna innflutning þeirra, nema trygging sé fyrir því, að ekki felist í þeim sóttnæmi. Eg verð að álíta, að ef breyt.till. þessi nær fram að ganga, þá sé þó nokkuð unnið, því að það er viðurkent, að hér er um mikilsvarðandi mál að ræða og að strangar varúðarreglur þurfi að setja, til að stemma stigu fyrir sjúkdómi þeim, sem af innflutningi slíkra húða getur hlotist. Fyrir nokkrum árum, 1891, hinn 11. des. voru gefin út lög, sem veittu stjórninni heimild til að setja reglur um það, hvernig fara skuli með aðfluttar ósútaðar húðir, til þess að varna miltisdrepi, en mér er ekki kunnugt, hvern árangur þau lög hafa haft eða að þau hafi haft nokkurn árangur. En þessi lög, sem nú liggja fyrir, mætti þá skoða sem áréttingar- eða herzlulög í sambandi við hin lögin um sama efni, er eg nefndi. Frv. fer í rétta átt og kemur eigi í bága við eldri lögin, sem ekki verða numin úr gildi, þó að þetta frv nái fram að ganga. — Enn fremur liggja fyrir tvær aðrar breyt.till. við frv., sem eru nauðsynlegar afleiðingar af hinni fyrstu breyt.till. á þskj. 440, bæði breyt. till. á þskj. 448 um að breyta fyrirsögn frv. og breyt.till. á þskj. 467, að fyrir „téðum lögum", komi: „téðum brotum". Eg leyfi mér að mæla með öllum þessum breyt.till., að þær verði samþyktar.

Landshöfðingi: Gagnvart því, sem h.

3. kgk. þm. (K. J.) tók fram til styrktar breytingartill. á þskj. 440, skal eg leyfa mér að láta þess getið, að þar sem í lögunum frá 11. desbr. 1891, sem hann nefndi, eru ákvæði um það, að landstjórninni veitist heimild til að setja reglur um það, hvernig fara skuli með aðfluttar ósútaðar húðir, til þess að varna miltisdrepi, þá sneri landstjórnin sér, undir eins og lögin voru staðfest, til dýralæknaráðsins og bað það um leiðbeiningar í þessu efni, en fékk það svar hjá dýralæknaráðinu, að það gæti ómögulega gefið neinar leiðbeiningar til þess að fara svo með ósútaðar húðir, að þær eigi gætu valdið miltisdrepi, nema með þeim ráðum, sem gjörðu þær ómögulegar sem verzluuarvöru. Þess vegna er eg hræddur um, að ef breyt.till. á þskj. 440 verða samþyktar, þá verði afleiðingarnar nokkuð líkar eins og þá, þær að stjórnin mundi leita til dýralæknaráðsins og spyrja, hvaða trygging gæti fengist fyrir því, að ekki felist sóttnæmi í ósútuðum húðum, og ef dýralæknaráðið gæfi sama svar, eins og það gaf 1891, að eigi sé hægt að fá trygging fyrir þessu, þá mundi stjórnarráðið annaðhvort banna allan innflutning á ósútuðum skinnum og húðum eða nota eigi þá heimild, sem því er gefin með þessum lögum, ef breyt.till. á þskj. 440 verða samþyktar. Þess vegna finnst mér vel til fallið að samþykkja ekki þessar breytingaðtillögur. Þá væri meiri meining í því að banna algjörlega innflutning ósútaðra húða hingað til lands; en eins og h. 3. kgk. þm. (K. J.) tók fram áðan, mundi slíkt bann naumlega fá framgang í þinginu. En sem sagt held eg ekki, að þessi ákvæði leiði til þess, að fá praktiskan árangur.

Kristján Jónsson: Það lítur út fyrir, að þetta ætli að verða sannarlegt vandræðamál, og að eigi verði unt að sjá nokkurn útveg til að bjarga því. Eg álít það þó þess vert, að reynt sé til þess.

Eg vona nú samt sem áður, að nokkur trygging fáist fyrir því, að eigi fælist sóttnæmi í þeim húðum, sem hér ræðir um, ef breytingartillögur okkar á þskj. 440 verða samþyktar. Eg er samdóma hæstv. landshöfðingi um það, að ef frv. ætti að ganga fram í þeirri mynd, sem það er nú, þá mundi það hvorki verða samþykt í h. Nd. eða hér í þessari deild.

Ef breyt.till. okkar fá framgang, þá hefur stjórnarráðið heimlld til að banna að flytja þessar skaðræðis húðir hingað til lands; ef það eigi fær trygging fyrir því, að ekki felist í þeim sóttnæmi, þá verður afleiðingin af því sú, að það(stjórnarráðið) bannar innflutning á þeim. *(Landshöfðingi:* Þá notar stjórnin ekki þá heimild, sem henni er gefin með breyt.till. á þskj. 440). Eg skil það á hinn veginn. Eg hef litið svo á, að stjórnin mundi ekki banna innflutning hingað til lands á ósútuðum húðum frá hverju landi sem er, nfl. ekki frá þeim löndum, sem talin eru hættulaus í þessu efni, en það er álitið, að ekki stafi neinn verulegur háski af ósútuðum skinnum og húðum, sem fluttar eru inn hingað frá Danmörku og Norðurlöndum, og jafnvel Englandi og Þýzkalandi, en að hann stafi mest eða einkanlega af þeim húðum, sem koma frá öðrum heimsálfum, svo sem Suður-ameríku, Suður-afríku og Ástralíu. Eg get eigi betur séð, en að það sé rétt, að veita stjórnarráðinu þessa heimild, og að í henni einmitt felist það, að ætlast sé til þess, að jafnaðarlega verði bannaður innflutningur þessara húða frá þeim löndum, sem talin eru háskasamleg í þessu efni, svo sem Suður-Ameríku og Ástralíu, nema fyllilega sé sannað, að þær séu ósóttnæmar, en að heimildinni verði eigi beitt, til að banna innflutning ósútaðra húða frá öðrum löndum, sem eigi álítast tortryggileg, nema sérstakar ástæður séu til þess, þannig að stjórnarráðið verði að leggja algjört bann fyrir innflutning allra ósút-

aðra húða, frá hverju landi sem er. Að öðru leyti skal eg fela hinni h. deild að skera úr þessu máli á þann hátt, sem henni þykir hagkvæmast.

Hallgrímur Sveinsson: Mér virðist ekki svo hægt fyrir þingið að gefa um þetta efni beint bjóðandi lög, á meðan það á ekki kost á að afla sér nægra upplýsinga. Það hafa nú komið hér fram staðhæfingar um, að hingað flyttust hættulausar húðir frá vissum löndum; en eg álít það þó eigi fulltryggt að leyfa skilyrðislausan innflutning þeirra; því að stundum gæti einnig þar einhver hætta verið á ferðum. En eg hygg, að naumast geti verið meir stór vankvæði á því að byrgja sig upp með hættulausar húðir, ef menn skiftu t. d. við hið stóra slátrunarhús í Kaupmannahöfn og fengi það til að gera húðir, er þar falla til, að verzlunarvöru hér, því að um þær má hafa vissu, að þær sé hættulausar. Vitanlega gæti verið sama máli að gegna um húðir frá öðrum Norðurlöndum og t. d. Þýzkalandi; innflutningi þaðan gæti sáralítil hætta verið samfara. En hér stendur stjórnin miklu betur að vígi en vér, til að útvega áreiðanlegar upplýsingar, og er líklegt, að hún noti svo stöðu sína, að hún komist eftir, hvaðan vér getum fengið hættulausar húðir. Það þurfa landsmenn að fá að vita, svo að þeir kaupi ekki skæðaskinnið svo dýrt, að eiga á hættu líf manna og gripa sinna. Stjórnin getur hvervetna snúið sér til hinna dönsu konsúla og komist eftir því, hvort húðir þær, sem á boðstólum eru á hinum ýmsu mörkuðum, muni vera hættulausar eða ekki. Það er því helzt stjórnin, sem ætti að geta séð þessu máli sæmilega borgið, en þingið á ekki hægt með að nota löggjafarvald sitt í þessu efni, fyr en það hefir fengið nægar upplýsingar. því að, eins og nú er, vantar þær allsendis, en hin háttv. stjórn á kost á að fá þær nálægt sér.

ATKV.GR.: 1. brt.till. (440) við 1. gr. sþ. með 6 : 4. atkv.

2. brt.till. (440) við 2. gr. sþ. með 7 shlj. atkv.

Brt.till. (467) við tl. 3 á þskj. 440 sþ. með 9 shlj. atkv.

4. brt.till. (440) við 4. gr. sþ. með 6 atkv.

Brt.till. (448) við fyrirsögn frv. sþ. með 7 atkv.

Frv. sþ. með 6 : 4 atkv. og endursent til foseta Nd.

Ein umr. 22. ág. (C. bls. 709).

ATKV.GR.: Frv. samþ. með 8 atkv. og afgreitt til landsh. sem lög frá alþingi.

Læknishéraðaskipun.

FRUMVARP til laga um breyting á 1. gr. í lögum 13. okt. 1899 um skipun læknishéraða á Íslandi o. fl.; 1. umr. 13. júlí (C. bls. 231).

Flutningsmaður (Guðjón Guðlaugsson): Þetta litla frv., sem hér er til umr., er ekki nýtt mál. Það er að eins tekinn upp orðrétt tilsvarandi kafli, sem var í frumv. því, er lá fyrir þinginu 1897 og sem gekk þá fyrir stjórnina, en var synjað staðfestingar konungs. Þessi breyting, sem varð á, og sem gerir það að verkum, að það þarf nú að koma nýtt frv., var samþ. á þingi í Nd. 1899 með eins atkv. mun af sérstökum óhöppum; það valt á einu atk. af mönnum, sem voru ókunnugir staðarháttum. Það, sem eg tók fram þá, hefir sýnt sig, að var á nægilegum rökum byggt, því að það var þó aðaltilgangur læknaskipunarlaganna að bæta kjör þjóðarinnar í því efni að eiga hægra með að ná í lækni, þegar slys ber að höndum, og að það væri að minsta kosti hvergi afturför frá því, sem áður var. En reynslan hefir orðið sú, að í suðurhluta Strandsýslu hefir orð-

ið ákaflega mikil afturför í þessu efni; það er nefnil. í Bæjarhreppi. Sá hreppur lá áður undir Dalalæknishérað, og var ekki vel settur með læknishjálp, því að það var að fara yfir langa heiði, sem hefir ógreiðan veg og ekki hættulausan. Sá hreppur þurfti því einhverra endurbótar; en í stað þess hefir hann fengið það, sem var miklu verra, að liggja undir hérað, sem kallað er Miðfjarðarhjerað, svo að menn verða að fara frá Bæjarhreppi inn með öllum Hrútafirði, annaðhvort í kringum hann, eða yfir hann, þá fara yfir Hrútafjarðará, síðan yfir Hrútafjarðarháls og yfir Miðfjarðará. Þó að þetta væri nú orðið, eins og það stendur í bókstafnum og læknirinn væri í Miðfirði, þá væri það þó eigi að síður stór afturför frá því, sem áður var, að sækja lækni suður yfir Laxárdalsheiði í Dalasýslu. En nú er ekki því að heilsa; því var þannig vísdómlega niðurraðað, að Húnavatnssýslu var skift í 2 læknisbéruð, Blönduóshérað með 1700 kr. launum og eftirlaunarétti, en Miðfjarðarhérað með 1500 kr. laun og hefir engin eftirlaun; þetta hérað hefir vitanlega nokkuð færri íbúa, en er að öllu leyti langt um óaðgengilegra, svo að það eru engar líkur til, að við fáum lækni fyrst um sinn. Og ástæðan fyrir því, að þessi breyting var gerð — að færa takmörk læknishéraðanna í Húnavatnssýslu austur að Gljúfrá í stað þess að skifta undir Miðfjarðarhálsi — ástæðan fyrir þeirri breytingu var svo illkynjuð hreppapólitik sem hún gat framast orðið. Þetta hefir líka borið ríkulega ávexti, Það hefir borið þá ávexti, að það eru öll líkindi til, að það verði að borga þessum lækni stórkostlegar skaðabætur, sem verða tilfinnanlegar fyrir landssjóð, eða þá að fara í mál og þingið hafi stóra vanvirðu af gjörðum sínum. En ef sú breyting, sem hér er farið fram á, hefði komist á, þá hefði þessi læknir setið í Blönduóshéraði og setið á þeim stað, sem er vel mögulegur til að þjóna því héraði, svo af því leiðandi hefði aldrei komið til sliks; svo eg hygg að eitt meðal annars, sem hljóti að mæla með þessu frv., sé það, að það verði til að ráða bót á þessum stórvandræðum. Um það þarf eg ekki að tala, hvílíkir erfiðleikar eru á því að ná í læknishjálp úr Bæjarhreppi, eins og nú stendur. Eg skal geta þess sem dæmis, að sýslumaðurinn varð fyrir slysi, gekk úr liði á honum handleggurinn um öxlina, og varð hann að liggja um 3 sólarhringa, áður en handleggnum yrði kyppt í lið. Það var farið til Dalalæknisins, sem var ekki skyldugur til að koma, af því hægra þótti að ná í hann en hinn, en alls ekki af því Dalalækninum væri treyst betur en lækni Húnvetninga, sem að áliti þeirra í mínu héraði, sem þekkja hann, er fremur góður læknir.

Hér er tekið upp það, sem með yfirgnæfandi atkvæðafjölda var samþ. 1897, annað en það, að þá var Svartárdalurinn lagður undir Seiluhérað í Skagafirði; en eftir því sem eg kemst næst, er þetta, sem sérstakt hérað ekki lengur til; því var breytt á þingi 1899. Eg játa, að Blönduóshérað verður fremur stórt með þessu, en að það sé fyrir það óviðráðanlegt, get eg ekki séð, þar sem þrátt fyrir þessa breytingu verður þó styttra á yzta jaðar héraðsins að vestan — þar sem bætt er við, — en austur og út á hinn mótsetta jaðar, þegar reiknað er frá hinu ákvarðaða læknissetri Blönduósi, sem nú má heita að sé í vesturrönd héraðsins. Héraðið er líka óþarflega hálaunað, að launa það með 1700 kr.; það mun hafa verið gert með sérstöku tilliti til þess, að læknirinn ætti að sitja á Blönduósi. En eftir því sem nú hagar til með búskap, má það miklu fremur teljast hagur að mega sitja í kauptúni, heldur en að lifa þurrabúðarlífi uppi í sveit eða baslast við búskap, sem ekki borgar sig. Ekki er heldur ástæða til að hafa þetta læknishérað svo

hálaunað af því að þar sé svo mikið að gera; það er alt öðruvísi ástatt í öðrum kauptúnum t. d. Patreksfirði, þar sem er viðkomustaður margra skipa, fjölda útlendra fiskimanna. sem stór hætta getur stafað af; en þetta er með svo leiðinlega lélegri höfn, að það gerir sér ekkert skip ferð þangað, nema þau, sem eru neydd til þess; og er því eiginlega ekkert, sem mælir með því, að hérað þetta hafi svona há laun, nema það, sem eg skal ekki neita, að það er nokkuð stórt.

Þó eg þykist nú hafa fært nokkuð glöggar ástæður fyrir frv., þá álít eg þó rétt að skipa nefnd í málið, svo að ekki verði sagt, að þetta sé líka hreppapólitik frá minni hálfu, og eg sé að gera öðrum nágrannahéruðum skaða. Og vil eg leyfa mér að stinga upp á, að kosin sé 3 manna nefnd, til að íhuga málið.

ATKV.GR.: Samþ. að kjósa þriggja manna nefnd, og hlutu kosningu:

Guðjón Guðlaugsson	með	10 atkv.
Eiríkur Briem	—	10 —
Jónas Jónassen	—	6 —

1. umr. frestað.

Framhald 1. umr. 17. júlí (C. bls. 231, 258).

Framsögumaður (Guðjón Guðlaugsson): Eg hefi mjög litlu að bæta við þær athugasemdir um frumvarpið, er eg tók fram við fyrstu umræðu. Eins og sjá má á nefndarálitinu, þá eru hinir háttv. meðnefndarmenn mínir sammála um, að samþykkja frumvarpið óbreytt. Eg gleymdi að geta þess við fyrstu umræðu, að þetta mál er eigi upphaflega komið frá mér, heldur eftir áskorun á tveimur sýslfundum í Strandasýslu og á þingmálafundi, og eg skal einnig láta þess getið, að það stendur í sambandi við fjárbeiðni frá læknum í Blönduóshéraði, sem álítur þetta vera enn þá, eins og upphaflega, hina einu réttu skifting. Eg skal eigi að þessu sinni ganga inn á einstök atriði frumv., en óska að eins að heyra álit hins hæstv. landsh. um það, hvort breyta þyrfti frumvarpinu að öðru leyti, þótt til þess kæmi, að 2. gr. yrði feld burt, og hvort það sé formgalli á frv., þótt eigi sé tekið fram, í hvaða flokki læknishéraðanna Steingrímsfjarðarhérað verði, af því að hér er engin breyting,nema að nafninu til. Ef þörf væri á að taka þetta nánar fram, þá væri hægt að orða greinina á annan hátt.

Landshöfðingi: Eg get ekki skilið, að ef Nd. vill fallast á breyting læknishéraðanna í Húnavatnssýslu, að hún þá felli burt 2. gr. frumvarpsins; það verður þó að vera ákvæði um, í hvaða flokki Hrútafjarðarhérað skuli teljast; eg skil því ekki, að það geti komið til tals, að fella burt 2. gr. Þetta er í raun og veru nýtt hérað, sem nær yfir part af Strandasýslu, sem það ekki gerði áður, og part af Húnavatnssýslu í viðbót. Hið einasta, sem eg get ímyndað mér, að Nd. gæti fundið frumvarpinu til foráttu er það, að Blönduóshérað verði of stórt, þar sem það nær yfir allan austurhluta Húnavatnssýslu frá Miðfjarðarhálsi og að sýslumörkum Skagafjarðarsýslu. Eg man ekki, í hvaða flokki hið gamla Miðfjarðarhérað taldist, (Guðjón Guðlaugsson: í 4. flokki); en þótt Nd. eigi gæti fallist á, að Hrútafjarðarlæknishérað yrði fært upp — sem þó er sennilegt — þar sem það var tilgangur síðasta þings að fjölga eigi þeim læknisembættum, sem geti haft rétt til eftirlauna, þá mundi þetta nýja herað komast í sama sæti, eins og Miðfjarðarhérað áður, ef Nd. skyldi fella 2. gr. frumvarpsins burt. Eins er það með Strandahérað, ef því verður breytt í Steingrímsfjarðarhérað, þá gerir það ekkert til, og að það heldur sama flokki og áður, nema ef þingið gerir hausavíxl á héruðunum og færir Strandahérað niður úr 3. flokki, en Hrútafjarðarhérað upp í 3. flokk. Það, sem því er sérstaklega íhugunarvert við þetta frumvarp, er það, hvort hið nýja Blönduóshérað verði

eigi of stórt, og þar sem læknir sá, sem áður var í Húnavatnssýslu, heimtaði skaðabætur, en fekk eigi, þá mundi hann heldur eigi falla frá þeim, þó þetta frv. yrði að lögum. Það, sem hann heimtaði skaðabætur fyrir, var fyrir að flytja burt frá eignarjörð sinni Klömbrum, en eg hygg ekki, að sýslunefndin í Húnavatnssýslu mundi fallast á það, að héraðslæknirinn í Blönduóshéraði fengi að sitja á Klömbrum, þó héraðaskipuninni yrði breytt, eins og hér er farið fram á.

ATKV.GR.: Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Önnur umr. 19. júlí (C. bls. 231, 258).

Framsögumaður (Guðjón Guðlaugsson): Eg þarf ekki að fara mörgum orðum um frv., því að eg hef tekið það helzta fram áður, og líklega þarf ekki að búast við, að frv. mæti mótspyrnu hér í deildinni. Eg skal að eins minnast á einstakar ástæður fyrir breytingum þeim, sem frv. fer fram á.

Aðalástæðan, sem liggur til grundvallar fyrir frv., er sú, að gera það mögulegt fyrir suðurhluta Strandasýslu að ná sem fyrst og greiðast til læknis. Það er þá fyrst nyrzt, að breyting er gerð á læknisskipuninni í Strandasýslu og auk nafnbreytingarinnar, að láta læknishéraðið ná yfir norðurhluta Strandasýslu að Ennishöfða, í stað þess það nú nær að Víkurhöfða. Bitrufjörður bætist þá við Hrútafjarðarhérað, en er tekin frá Steingrímsfjarðarhéraði. Því er svo háttað, að fyrir norðan Bitrufjörð skerst hæsta fjallið þvert yfir landið alveg niður til sjávar. Fyrir Ennishöfða er ógreitt yfirferðar. Verður að fara eftir hárri sillu, sem ekki verður komist upp á með hest tímum saman, og verður þá að fara yfir hálsinn, sem er snjóasamur og oft slæmur yfirferðar að vetrinum. Þetta er reyndar ekkert aðalatriði, sem mér er neitt verulegt kappsmál um. Eg kom með það, til þess að breyta sem minst eða helzt í engu því, sem búið var að ákveða af þinginu 1897, með því mér og öðrum, sem líta hlutdrægnislaust á málið, er það ljóst, að þessi skifting er í alla staði eðlilegri og betri, því að fyrir sunnan Bitrufjörð tekur við greiðfær háls með góðum vegi og litlu sem engu snjókyngi. Steingrímsfjarðarhérað er líka stórt hérað, og vegna Árneshrepps, sem að víðáttunni til er nægilega stórt læknishérað — enda hefir verið áður beðið þar um sérstakan aukalækni — verður læknirinn að sitja við Steingrímsfjörð innarlega, og þá er líka ervitt fyrir hann að vitja sjúklinga suður fyrir Bitruháls, og svo getur hann verið lengi fyrir norðan Trékillisheiði teptur af vondum veðrum, yfirferð eða sjúkdómstilfellum. Það má líka búast við fólksfjölgun við Steingrímsfjörð ýmsra ástæðna vegna og að því leyti má íremur gera ráð fyrir breyttri framtíð hjá því héraði en Hrútafjarðarhéraði og því get eg ekki trúað, að mönnum komi til hugar, að hafa víxli á héruðunum að því, er eftirlaun snertir, því ef annað verður endilega að vera án eftirlaunaréttar, þá verð eg að álíta, að það eigi fremur að vera Hrútafjarðarhérað.

Hvað nafnbreytinguna snertir, þá fer betur á, að Strandahérað (rétt nefnt svo, er það náði yfir alla hreppa Strandasýslu nema einn) skifti um nafn, þegar tveir hrepparnir ganga undan og verði kent við Steingrímsfjörð, sem verður aðalmiðdepill héraðsins. En annars legg eg ekki neitt kapp á, hverju nafni héraðið er nefnt.

Hvað Hrútafjarðarhérað snertir, þá er eðlilegt, að það verði nefnt svo, þar sem Hrútafjörðurinn verður miðdepill héraðsins og aðsetur læknisins yrði að sjálfsögðu annaðhvort að austanverðu eða vestanverðu við fjörðinn, sem er örstutt yfrum og þar því tíðar samgöngur. — Þess vegna er réttara að nefna héraðið Hrútafjarðarhérað heldur en að kenna það við Miðfjörðinn, sem að tilætlun frv. verður

utan í röndinni á héraðinu, því að tekin er sneið af héraðinu að austanverðu og svo aftur bætt við það að norðanverðu, eins og áður er áminst.

Eg hefi tekið það fram áður, að breyting þess er ekki að eins nauðsynleg, heldur eftir óskum þeirra, er hlut eiga að máli og liðið hafa við það fyrirkomulag, sem áður hefir átt sér stað í þessu efni.

Áreiðanlegast verður í þessu máli fyrir h. þdm. að skoða uppdrátt Íslands nákvæmlega; þá sjá þeir, hvað er réttast í þessu efni, því að eg vil ekki, að menn dæmi hér í blindni eftir ósk minni. Einnig mætti benda á kunnuga menn, sem menn gætu fengið upplýsingar hjá og óhlutdrægir eru. Ef menn líta á uppdrátt Íslands, sjá menn þegar, að Blönduós, þar sem læknirinn hlýtur og á að hafa aðsetur, má heita í röndinni, því að allir erfiðleikarnir eru á hinn veginn, en suður og vestur á við eru þeir litlir sem engir, og því er þar bætt við einum hreppi. En styttri vegur er þó af Blönduósi og greiðfærara að fara vestur yfir á Vatnsnestá í Þverárhreppi, heldur en út á Skagatá og jafnvel fremst fram í dalina Blöndudal og Svartárdal.

Blönduóshérað er þó ekki eða verður með þessari breytingu stærra og því síður erfiðara yfirferðar en mörg önnur héruð, sem ekki eru launuð með nema 1500 kr., og sum, sem hafa engan eftirlaunarétt. En það verður óneitanlega full stórt og með fólksfleiri sveitahéruðum, en það hefir líka 200 kr. hærri laun, en nokkuð annað sveitahérað, sem ekkert verpláss eða fjölmennt kauptún hefir eða kauptún, sem er tíður viðkomustaður fyrir útlendinga.

Þá er 2. gr. frv., sem fer fram á, að Hrútafjarðarhérað, sem svo á að nefnast, verði talið í 3. flokki læknishéraðanna, eða hafi eftirlaunarétt. Það er ekki af þeirri ástæðu, að þetta hérað verði erfiðara eftir breytinguna, heldur verður það ef til vill aðgengilegra og þægilegra við hana. En það er meining mín, að það hafi verið algerlega rangt upphaflega 1899 að setja héraðið í 4. flokk, þegar það er borið saman við önnur héruð. Mér er þetta ekki kappsmál, en þar sem mér fanst öll sanngirni mæla með því, þá lofaði eg því að fljóta með. Þeir, sem vilja fella þetta atriði burt, þeir skerða ekki með því aðaltilgang frv.

Eg hef svo ekki meira að segja um þetta mál, en vildi að eins benda mönnum á að skoða uppdrátt Íslands nákvæmlega og eins leita sér upplýsinga hjá kunnugum mönnum óháðum og óhlutdrægum, og vil eg t. d. leyfa mér að nefna h. 6. kgk. þm. (E. B.) í þeim efnum, sem er gamall Húnvetningur og sem engin þarf að ímynda sér, að ranglega fari að halla á sitt gamla hérað, sem hann var lengi búsettur í.

Kristján Jónsson: Eg get verið samdóma h. flm. um það, að þessi niðurskipun læknishéraðanna, sem hér er um að ræða, sé eðlilegri og heppilegri en sú, sem nú á sér stað. Að sömu niðurstöðu komst og þingið 1897 og er frv. samkvæmt því, sem þá var samþykt í þessari deild. Eg er þess vegna ekki á móti frv. í aðalefninu — miklu fremur meðmæltur því — en hef að eins á móti 2. gr. frv., sem flm. taldi sér ekkert kappsmál vera. Úr því að það er ekki, og ákvæðið í þessari grein að eins er aukaatriði, sem má fella úr frv., án þess að framgangur aðalmálsins verði heftur fyrir það, þá held eg, það væri hyggilegt af flm. að leggja það til, að þessi grein verði feld burt, áður en frv. fer til h. Nd. — Ef breyting sú snertandi eftirlaunarétt læknisembættanna yrði samþykt, sem farið er fram á í 2. gr., nfl. að eitt læknishérað, sem áður hefir ekki haft eftirlaunarétt, yrði hafið upp í þann flokkinn, sem eftirlaun fylgja, þá get eg ímyndað mér, að það ákvæði geti orðið til þess

að alt frumv. verði felt í heild sinni í h. Nd., og væri þá illa farið, eða að minsta kosti mundi þeim þykja það, sem álíta, að frumv. fari í rétta átt og geri heppilega breyting á læknaskipunarlögunum. Eg hefi hugsað mér að greiða atkvæði gegn 2. gr., en vildi þó fyrst gera h. flutnm. (G. G.) aðvart um það og benda honum á, hvort honum virtist ekki heppilegt að nema burt greinina; það er á hinn bóginn alveg óhætt, eftir því hvernig frumv. er samið og orðað, því að í 1. gr. stendur, að Hrútafjarðarhérað skuli nefnast Miðfjarðarhérað, og kemur það þá, Hrútafjarðarhérað, að öllu leyti í stað hins eftir því, sem fyrir er mælt í eldri lögum, og verður þá eins og áður í 4. flokki.

Framsögum. (Guðjón Guðlaugsson): Eg get verið mjög þakklátur h. síðasta ræðum. (Kr. J.), af því að ræða hans var gersamlega sprottin af velvild til aðalmálsins. Eg sé þó ekki ástæðu til að greiða sjálfur atkvæði móti 2. gr. að sinni, en læt þingdeildina ráða, hvað hún gerir í því efni. Ef gr. fær að halda sér óbreytt, mun nefndin taka hana til íhugunar til 3. umr.

ATKV.GR.: 1. gr. frv. sþ. í e. hlj.
2. gr. frv. feld með 7 : 4 atkv.
3. gr. frv. sþ. í e. hlj.
Fyrirsögn frv. sþ. í e. hlj.
Frv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Þriðja umr., 22. júlí (C bls. 327).

ATKV.GR: Frv. sþ. með 9 shlj. atkv. og afgreitt til Nd.

Geðveikrastofnun.

FRUMVARP til laga um geðveikrastofnun; 1. umr., 20. ágúst (C bls. 685).

ATKV.GR.: Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Önnur umr., 22. ágúst (C bls. 685, 702, 733).

Julius Havsteen: Það gat ekki annað en glatt mig, að sjá þetta frumv., sem miðar að því, að bæta ástandið í landinu að því leyti, er snertir meðferð á geðveiku fólki, sem er næsta ábótavant; en það gladdi mig ekki, að fá að eins einn spítala í eftirdragi. Eg verð nú samt að sætta mig við það. Eg kann ekki við það ákvæði, sem stendur í niðurlagi 4. gr. frumv., að amtmaður skuli annast um innheimtu á spítalagjaldinu; á hann að gera út mann á sinn kostnað, til að lögsækja þá, er að vitfirringunum standa, til þess að fá þetta gjald borgað? Þess vegna hefi eg leyft mér að koma fram með breyt.till. um, að taka megi þetta gjald lögtaki á kostnað landssjóðs, ef til kemur. Annars eru engin ákvæði í frv. um, að spítalinn standi undir umsjón hins opinbera; það mun þó vera siður í útlöndum, að stjórnin hafi eftirlit með slíkum stofnunum, sem privatmenn eiga að reka. Nú hefir einn h. þm. vakið athygli mína á því, að ef breyt.till. mínar fengju framgang, þá væri málið þar með eyðilagt, og þó mér þyki það leitt, þá vil eg heldur taka þær báðar aftur; en þá er þetta frumv. ekki eins fullkomið, eins og slíkt frumv. ætti að vera.

ATKV.GR.: 1. gr. frv. sþ. með 10 atkv.
2. gr. frv. sþ. með 9 atkv.
3. — — — — 9 —
4. — — — — 8 —
Fyrirsögn frv. sþ. með 9 atkv.
Frv. vísað til 3. umr. með 10 atkv.

Þriðja umr., 24. ágúst (C bls. 685).

ATKV.GR.: Frv. sþ. í e. hlj. og afgreitt til landsh. sem lög frá alþingi.

Barnakennarastyrkur.

TILLAGA til þingsályktunar um skilyrði

fyrir landssjóðsstyrk til barnakenslu; fyrri umr., 22. ágúst (C bls. 700).

ATKV.GR.: I. með undirliðum sþ. með 5 : 3 atkv.

II. 1—5 felt með 5 : 4 atkv.

Upphaf og fyrirsögn sþ. með 5 shlj. atkv.

Till. vísað til síðari umr. með 5 : 3 atkv.

Síðari umr., 24. ágúst (C bls. 775).

Julius Havsteen: Það vildi svo heppilega til, þegar þingsályktunin var fyrir síðast til fyrri umr., að helmingur hennar var feldur burt. Eg vildi helzt óska, að hinn helmingurinn mætti falla líka. Við höfum hvort sem er allar þær reglur, sem teknar eru fram í henni; að eins er breytt frá því, sem nú er, að heimtuð er kensla í helztu köflum úr sögu Íslands, en eins og menn vita, er engin heppileg kenslubók til í þeim efnum. Svo er enn fremur heimtuð heilbrigðisfræði. Eg hefi lagt til, að hið síðara falli burt, ef þingsályktunin á annað borð verður samþykt. Eg álít það ekki eiga við, að fara að gera heilsufræðina að sérstakri kenslugrein, sem börnunum sé gefinn vitnisburður fyrir. Það er nóg, að kennararnir leibeini bæði börnum og foreldrum alment í því efni.

Þá er í 3. lið till. sýslunefnd komin í leikinn, sem á að kjósa mann í skólanefndina. Eg get ekki séð, hvað sýslunefnd sé við það mál riðin, og mun þetta að eins vera sett í ályktunina án nægrar umhugsunar. Það er ekki sýslunefndin, sem á að sjá um uppeldi barna, heldur hreppsnefndirnar, samkvæmt því, sem fyrirmælt er í sveitastjórnarlögum vorum, og það eru hreppsnefndirnar, sem leggja fé til barnaskólanna. Svo er í öllum reglugerðum þeirra barnaskóla, sem stiftsyfirvöldin hafa samþykt, ákveðið, að kenslunefndarmennirnir skuli kosnir af hreppsnefnd.

Ef það er ætlun deildarinnar að sinna tillögunni til þessarar þingsályktunar, þá vildi eg mælast til, að hún samþykkti breytingaruppástungur *mínar* á þskj. 611, en að hinu leytinu vildi eg helzt óska þess, að tillagan í heild sinni væri feld.

Hallgrímur Sveinsson: Eg get tekið í sama strenginn, og h. 1. kgk. þm., (J.H.), að úr því búið er að fella úr II og 2. viðaukagrein, sé eg ekki, að þær umbætur, sem þessi tillaga flytur, séu þess verðar, að vert sé fyrir það að samþykkja tillögu þessa. Það verður erfitt að framfylgja skilyrðunum, hvað Íslandssögu og heilsufræði viðvíkur, eins og h. 1. kgk. þm. (J. H.) tók fram. Í þessum greinum eru engar kenslubækur til, en í barnaskóla er það bráðnauðsynlegt, að hvert barn hafi sína bók, og bækur séu sem allra ódýrastar. Mér finst því ekki rétt að skylda barnaskólana til þessara kenslugreina, fyr en hæfilegar bækur eru komnar.

Fyrir nokkrum árum var innleitt í barnaskólana að kenna undirstöðuatriði náttúruvísindanna, því gert var ráð fyrir, að hver viðunanlega mentaður barnakennari hefði kynt sér þá grein. Þar höfðum við þó bækur, sem ekki voru óaðgengilegar, eins og t. d. 3 bæklingar, sem bókmentafélagið hafði gefið út o. fl. Auk þess hefir h. landlæknir samið kver um eðli og heilbrigði mannlegs líkama og er mér kunnugt um, að það er oft notað, með því að það er handhægt og ódýrt.

Það hefir verið kent sumstaðar alt, en sumstaðar einstakir kaflar úr því. Í 2. lið er tekið fram, hve lengi kenslan skal standa og í 6. lið, að nauðsynlegustu kenslu-áhöld skuli notuð við kensluna. Að framfylgja 6. lið getur verið töluverðum erfiðleikum bundið, og er því farið vægt í þær kröfur, en á hinn bóginn reynir hver samvizkusamur kennari að útvega sér þau kenslu-áhöld er bráðnauðsynlegust eru. Eg hygg, að þó að tillaga þessi verði samþ., að hún geri lítið gagn. Hún er

sem sé nú orðin allt öðru vísi löguð, en hin háttv. kenslumálanefnd ætlaðist til, og tvær viðaukagreinar, sem henni efalaust hefir verið töluvert ant um, eru feldar: um að ráða kennara með skriflegum samningum, og ef völ eru á kennara, sem hefir kennarapróf, þá skuli hann að öllu öðru jöfnu tekinn fram yfir. Eg segi fyrir mitt leyti, að mér er ekki sárt um tillöguna, þegar þetta er fallið.

ATKV.GR.; 1. Breyt.till. (611) sþ með 6 : 4. atkv.

2. breyt.till. (611) sþ. með 8 shlj. atkv.

Tillagan með áorðnum breyt. felld með 7 : 2. atkv.

Gufuvélafræði við stýrimannaskólann.

FRUMVARP til laga um próf í gufuvélafræði við stýrimannaskólann í Reykjavík; 1. umr. 5. júlí (C. bls, 162).

Axel Tulinius: Eg álít heppilegt að nefnd verði skipuð í þetta mál, eigi af því, að frv. þurfi mikilla breytinga við, heldur sérstaklega vegna orðalagsins á því. Það mætti einnig hnýta aftan við það breytingum á lögunum frá 26. okt. 1893 um Suspension á § 12, er skyldar menn til að hafa lært vélafræði í Danmörku, þangað til búið er að koma á kennslu í þeirri grein við stýrimannaskólann.

Julius Havsteen: Eg veit eigi, hvort eg hef skilið rétt ræðu h. 1. þm. S.-Múl. (A. V. T.), en mér heyrðist hann segja að þörf væri á að bæta aftan við frv. ákvæðum um, hvernig ætti að fá vélastjóra, þangað til lög þessi kæmust í gildi, eða var það ekki meining hins h. þm.?

Axel Tulinius: Meinig mín var sú, að örðugt mundi verða að fá útlendan vélastjóra, meðan eigi væri völ á neinum hérlendum manni til þess, en eins og eg tók fram áðan, er það sérstaklega vegna orðfærisins á frv., að mér virðist ástæða til, að nefnd sé skipuð í málið.

Július Havsteen: Mér virðist naumlega eiga við að hnýta þeim ákvæðum aftan við frumv., sem hinn háttv. 1. þm. S.-Múl. (A. V. T.) gat um, enda mun þess væntanlega eigi langt að bíða, þangað til frv. þetta verður að lögum. Væri eigi hægt að komast af með þau ákæði, sem vér nú höfum til þess tíma?. Það gæti ef til vill málsins vegna verið ástæða til að setja nefnd í málið. Eg hef enn þá eigi kynnt mér frumv. til hlítar, en hér mundi vera nauðsynlegt að hafa danska textann við höndina, til þess að bera hann saman við íslenska textann.

Hallgrímur Sveinsson: Eg hafði eigi hugsað mér, að þörf væri á að setja nefnd í þetta mál, en að það mætti laga það, sem ábótavant kynni að vera, með breytingaratkvæði.

Önnur grein er að vísu óheppilega orðuð, en eg hafði hugsað mér, að hægt væri að kippa henni í lag án nefndar. Orðalagið á frv. er víðast nálega shlj. lögunum frá 22. maí 1890, um stofnun stýrimannaskólans. — Útaf ummælum h. þm. S.-Múl. (A. V. T.) skal eg taka fram, að mér er eigi ljóst, að hve miklu leyti þau ákvæði, sem hann nefndi, eiga vel við í þessum lögum, eða hvort heppilegra kynni að vera að setja þau í sérstöku frv. Réttast væri máske, að þetta væri íhugað í nefnd, sem þá um leið gæti lagað misfellur á frv., og vil eg því eigi vera nefnd mótfallinn. Nefndarskipun þarf eigi að valda löngum drætti eða gefa sérlega mikið umtalsefni.

Axel V. Tulinius stakk upp á 3 manna nefnd.

ATKV.GR.: 3 manna nefnd sþ. í e. hlj. og hlutu kosningu:

Axel Tulinius	með	10 atkv.
Julius Havsteen	—	8 —
Eiríkur Briem	—	5 —

1. umr. málsins frestað.

Framh. 1. umr., 15. júlí (C. 162, 244).

Framsögumaður (Axel V. Tulinius): Eins og háttv. þingd.m. sjá, fer nefndarálitið eingöngu fram á orðabreytingar, og eg finn því ekki ástæðu til að fara lengra út í það við þessa umr., en að eins leyfa mér að leggja til, að málinu verði vísað til 2. umr.

Mál. vísað til 2. umr. í e. hlj.

---

2. umr. 17. júlí (C. bls. 162 244).

Framsögumaður (Axel V. Tulinius): Eins og eg tók fram við fyrstu umr. þessa máls, þá eru þær breytingar, sem nefndin hefir gert á frv., að eins orðabreytingar; hún féllst alveg á frv., hvað efni þess snertir. Eg vona því, að hin háttv. deild samþ. breytingarnar á 2. og 4. gr., eins og þær komu frá nefndinn.

ATKV.GR.:

1. gr. frv. sþ. í e. hlj.

Brt.till. á þskj. 80 við 2. gr. sþ. í e. hlj.

2. gr. frv. fallin.

3. gr. frv. sþ. í e. hlj.

Brt.till. á þskj. 80 við 4. gr. sþ. í e. hlj.

4. gr. með áorðn. br. sþ. í e. hlj.

5. gr. frv. sþ. í e. hlj.

Fyrirsögn frv. sþ. í e. hlj.

Frv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

---

3. umr., 19. júlí (C. bls. 300 310).

Leyft var að taka til umr. brt.till. á þskj. 126, sem útbýtt hafði verið á fundinum.

Hallgrímur Sveinsson: Eg þarf varla að fara mörgum orðum um þær fáu breytingar við frv., sem eg ásamt 2 öðrum h. þm. hef komið með á þskj. 126. Það eru ekki efnisbreytingar, heldur orðabreytingar, og vona eg, að þær verði viðurkendar að vera heldur til bóta. Við fellum okkur betur við „þekking á því“ heldur en „þekking í því“, svo og við „varnir“ betur en við „vörn“. Að „skipa sem oddvita“ í stað „skipa oddvita“ mun vera miður rétt mál, og það fellur betur í munni að segja „tveir menn aðrir“ í stað „tveir aðrir menn“. Eg skal að vísu játa, að nokkuð af þessu orðalagi, er þegar tekið upp í lög um stýrimannaskólann í Rvík 22 maí 1890, en þótt svo sé, þá álítum vér þó rétt að nota tækifærið, til að koma heppilegra máli á þetta frv. -- Eg skal einnig benda á, að í 2. gr. er prentvilla „frumknýingu“ í stað „framknýingu“.

Framsögumaður (Axel V. Tulinius): H. 2. kgk. þm. hefir tekið af mér ómakið, bæði með því að benda á prentvilluna og minnast á breyt.till. Nefndin getur vel fallist á þær, þar sem þær eru að eins til að bæta málið á frv. og skal eg svo eigi fjölyrða um málið.

ATKV.GR.:

1. brt.till. (126) við 2. gr. sþ. í e. hlj.

2. — — — — — — — — —

3. — — — 3. — — með 10 shlj. atkv.

4. brt.till. (126) við 3. gr. sþ. með 10 shlj. atkv.

Frv. með áorðnum breyt. samþ. í e. hlj. og afgreitt til forseta Nd.

Húsnæði undir söfn landsins.

TILLAGA til þingsályktunar um bygging handa söfnum landsins.

Ein umr. 16. ágúst (C. bls. 624).

Sigurður Jensson: Mér finst engin meining í því að leggja fyrir stjórnina aðra eins tillögu og þessa, nema því að eins, að þingið hafi fastráðið með sér að byggja þessa bygging, sem hér er um að ræða; að öðrum kosti er þetta ekki til annars en að auka kostnað. Það er ekki hægt að segja, hvað komandi þing kann að gera, en nú á þessu þingi þykir landssjóður ekki hafa ofmikið aflögum. Það hefir nú t. d nýlega verið fellt í Nd. að byggja brú á Jökulsá í Öxarfirði, ekki af því, að fyrirtækið væri ekki talið þarflegt, heldur af

því að það var lítið svo til, að landssjóður hefði ekki peninga til þess. Mér finst, að menn þyrftu að gera sér þetta ljóst og hafa fyrir augum eitthvert fast áform að byggja þessa byggingu, áður en farið er að samþykkja þessa tillögu. Eg fyrir mitt leyti hygg, að ekki sé ráðlegt að ráðast í þetta fyrirtæki allra sízt fyrst um sinn, og mun eg því eigi greiða mitt atkvæði með tillögunni.

Landshöfðingi: Eg vona, að það sé öllum ljóst, að ef tillaga þessi er samþykt, þá hefir það kostnað í för með sér, eins og háttv. þm. Barðstr. (S. J.) sýndi fram á. Það kostar ekki svo lítið að útvega slíka uppdrætti og áætlanir, sem þarf, þegar um þess konar fyrirtæki er að ræða. Ef stjórnin er beðin um að útvega uppdrátt og kostnaðaráætlun, mun hún fara til einhvers þekkts byggingameistara, sem trúa mætti til að gera vandaðan uppdrátt og rétta áætlun um kostnaðinn, og semja við hann um borgunina fyrir það starf, sem ekki má búast við að yrði mjög lítil, því byggingarmeistarar kunna að meta, hvers virði störf þeirra eru. Ef því þingið samþykkir ályktunina, verður það að veita fé henni til framkvæmdar. Þetta hefir verið gert áður t. a. m. þegar stjórnin var beðin að útvega áætlun um kostnað við að byggja landsspítala og sjúkrahús; var henni þá veitt fé til að borga þann kostnað, sem af því leiddi. Það er því ekki til neins, að fela stjórninni að útvega þá nauðsynlegu uppdrætti og áætlanir um þetta efni, nema því að eins að gert sé ráð fyrir þeim kostnaði, er af því leiðir í fjárlögunum.

ATKV.GR.: Tillagan var feld með 8 samhlj. atkv.

Prentsmiðjulaga-viðauki.

FRUMVARP til laga um viðauka við lög um prentsmiðjur 4. des. 1886.

Fyrsta umr. 23. júlí (C. bls. 341).

ATKV.GR.: Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Önnur umr. 25. júlí (C. 341).

ATKV.GR.:

1. gr. frv. sþ. í e. hlj.

2. gr. frv. sþ. í e. hlj.

Fyrirsögn frv. sþ. í e. hlj.

Frv. vísað í e. hlj. til 3. umr.

Þriðja umr. 27. júlí (C. bls. 341).

Frv. samþ. í e. hlj. og afgreitt til landshöfðingja sem lög frá alþingi.

Verkkaupsgreiðsla.

FRUMVARP til laga um greiðslu verkkaups; 1. umr. 6. ágúst (C. bls. 464).

Kristján Jónsson: Eins og h. þingdm., sem sátu hér á þingi 1899, mun reka minni til, kom hér fram frv. um sama efni í hitt eða fyrra. Það komst gegn um báðar deildir þingsins, en stjórnin neitaði frv. staðfestingar; ástæðan, sem stjórnin bar fyrir sig, var sú, að slæðst hafði inn í frv. refsingarákvæði, sem ekki átti þar að vera, og var komið inn fyrir vangá eina. Það stóð svo á, að frv. þetta var afgreitt frá þinginu síðustu dagana í miklum flýti og þá gleymdizt að fella burt ákvæði þetta, sem eigi gat staðist vegna annara breytinga, sem gerðar voru á frv. Að öðru leyti er ekki að sjá, að stjórnin hafi verið frv. mótfallin. Þetta frv. er í öllu verulegu samhljóða frv. frá 1899 að frá teknu þessu refsingarákvæði, sem eg mintist á áðan. Þó er það frábrugðið hinu að því leyti, að lögin áttu þá því að eins að koma til framkvæmdar, að ekki væri öðru vísi um samið af hlutaðeigendum; þetta ákvæði er nú eigi tekið upp í frv., nema þegar um borgun með skuldajöfnuði er að ræða. Sumum mun ef til vill virðast þetta mikil breyting á

meginreglunni í frv. 1899, en svo er ekki í raun og veru. Það er aðgætandi, að frumvarpið bannar að greiða megi kaupið með skuldajöfnuði, nema um það sé samið fyrirfram, en vitanlega meinar það eigi hlutaðeigendum eftir á, að koma sér saman um annan greiðslumáta, hvort heldur er með skuldajöfnuði eða á annan hátt. Eg álít rétt að fara svo langt og að það varði mikils hinn umkomulausa og lítilsigldu vinnulýð, að lögin hamli því, að hægt sé að gera bindandi samninga um greiðslu kaupsins fyrirfram á annan veg en með peningum. nema um skuldajöfnuð sé að ræða.

Eg verð því að mæla með því, að frv. fái að ganga sína leið og verði samþykt af h. deild.

Guðjón Guðlaugsson: Eg er ekki á sama máli og h. 3. kgk. þm. (Kr. J.) að gildar ástæður séu til þess, að þetta frv. verði samþ. Mér finst, að þingið geti fremur vafsast í öðru en að vera að grípa inn í samningafrelsi manna eða hlutast til um, hvernig vinnuveitendur gjaldi vinnuþiggjendum; eg álít það bæði óeðlilegt og ótilhlýðilegt.

Mér er það nokkur efi, hvort frv. þetta, þó að lögum verði, komi að tilætluðum notum. Að vísu er svo til ætlast, að ekki verði hægt að kúga vinnuþiggjendur til að taka vörur með uppskrúfuðu verði sem borgun á kaupinu, en eg hygg að þetta verði aldrei nema á pappírnum. Það er ekki löggjafarvaldsins verk að skifta sér beint af þessu, heldur er það uppfræðsla, mentun og vaxandi þekking, sem á að kenna mönnum það að gæta sín í þessu efni og láta ekki gabba sig, eins og þegar mönnum t. d. er sagt að þeir skuli fá 3 kr. í kaup á dag, en þeir fá að eins 2 kr., af því að þeir láta borga sér með uppskrúfuðum vörum. Ef skuldir hafa legið á mönnum áður, þá geta þeir samið um að vinna af sér skuldina, en þá eru vörurnar ekki metnar til rétts peningaverðs. Ef hægt væri að koma þessu í annað horf, þá væri mikið unnið. En sumar verzlanir lána takmarkalaust upp á hvað sem er, og svo láta þær fyrst leggja alt inn hjá sér, því næst veðsetja sér allar eigur og að lokum leggja þeir sjálfa sig inn í verzlunina. Eg veit dæmi til líkra aðfara, t. d. er ekki ólíkt þessu ástandið sumstaðar, þar sem fiski- og verzlunarfélagið. er á verzlanir við Breiðafjörð t. d. Skarðstöð, ræður yfir. Fyrst fá menn takmarkalaus lán, svo leggja menn alt inn, sem hægt er við sig að losa. Menn láta ærnar frá nógum heyjum, þegar þó allur fjárútflutningur er liðinn að haustinu; tryppin veturgömul frá nægum högum, sem ekkert var annað hægt að hafa upp úr o. s. frv. Svo fara pantsetningar fram þessu næst; þá er gengið að kúm í fjósunum og þær afsalaðar sem eign verzlunarinnar, og að endingu eru þessir aumingja menn sjálfir, eða ef þeir hafa ráð yfir einhverjum, teknir með fast ákveðnu kaupi, til þess að afplána skuldirnar. Þetta sama getur alveg eins átt sér stað eftir sem áður, þó að frv. þetta verði að lögum. Það er samið fyrir þá, sem eru óháðir öllum skuldum, en þeir geta vanalega bezt séð fyrir sjálfum sér.

Eg álít því rétt að fella þetta frv., sem hér liggur fyrir.

Kristján Jónsson: Ástæður háttv. þm. Strandam. (G. G.) voru bæði ljósar og glöggvar, en mér virðast þær benda í þveröfuga átt við það, sem hann vill vera láta, nfl. á það, að rétt sé að halda fram og samþykkja frv., því að það fer í þá átt að gera menn óháðari verzlunum og vinnuveitendum en áður hefir átt sér stað. Hin hræmulega lýsing þingmannsins á ástandi og högum verkmannalýðsins, sem hann kom með í ræðu sinni, bendir á, að nauðsyn sé til, að vernda hina fátækari, verkamannalýðinn, svo að þeir þurfi ekki að eiga mikið undir hinum stærri vinnuveitendum, einkum verzlunum, og að þeir

þurfi ekki að taka hvers konar skran úr búðunum upp í kaup sitt eða kvitta með því gamlar skuldir með afföllum á kaupinu. Mér virðist, að aðalstefnan, sem kom fram í ræðu h. þm. Strandm., vera frv. til meðmælis. Það vill vernda rétt einstaklingsins gagnvart hinum stærri vinnuveitendum.

Vitaskuld eru þessi lög ekki einhlít í þessu efni og ná nokkuð skamt, og það mun hafa vakað fyrir h. þm., er hann kom með aðfinningar sínar. En svo er með öll lög, er snerta samninga- eða atvinnufrelsi manna því að gangi þau lengra, fara þau í harðstjórnaráttina og gera alt frjálsræði ómögulegt, og geta þá eyðilagt hagsæld bæði vinnuveitenda og vinnuþiggjenda.

Það er hlutverk löggjafarvaldsins að vernda vinnulýðinn, og þar sem frv. fer í þá átt, þá álít eg rétt að samþykkja það. Þar sem farið er fram á það í frv., að þeirri almennu reglu, að hver sá, sem á að borga öðrum eitthvað, skuli gera það með gjaldeyri landsins, með löglegum peningum, skuli einnig beitt við hina stærstu vinnuveitendur, þá sýnist það ekki geta verið neitt háskalegt né athugavert. —

Axel V Tulinius: Eg hlýt að vera á móti frv. þessu, þar sem það miðar að því að skerða frelsi einstaklingsins og setur höft á viðskiftalíf manna. Sömuleiðis hygg eg, að ekki sé svo auðgert að koma því í kring, sem frumv. þetta fer fram á, eins og verzlunarástandið er hér á landi, því þá yrðu menn fyrst að borga allar verzlunarskuldir, en það hygg eg að eigi langt í land. Eg get sagt um það, að á Austurlandi er vöruverð ekki mjög hátt, því samkepni meðal kaupmanna er þar svo mikil og borgun í vöru er fullkomin borgun, eins og þar hagar til. Enda eru margir, sem taka til láns og borga stundum ekki fyr en ári síðar og stundum aldrei. Eg hygg því, að frv. þetta sé ekki til neinna bóta, eins og nú er ástatt, og greiði atkvæði á móti því.

Guðjón Guðlaugsson: Það eru einmitt þessi orð „og má eigi greiða kaupið með skuldajöfnuði, nema svo hafi verið áður sérstaklega um samið“, sem eiginlega heimila að greiða kaupið með vöru, svo framarlega sem áður hafi verið þannig um samið. Allir, sem skulda í verzlunum verða því að sitja við hið gamla. Meiningin með frumv. er, að skuldir, sem þegar eru stofnaðar, sé ekki hægt að jafna með því að vinna þær af sér. En þeir, sem eru í botnlausum skuldum og fjötraðir í skuldahelsi, geta ekki fengið málsverð hjá kaupmanninum til næsta máls. Hvað er nú eðlilegra en það, að fátæklinga, sem svo er ástatt fyrir, sé hægt að fá til að segja, að samningar hafi verið áður gerðir um að borga skuldina með vinnu. Það er að vísu lofsvert og fagurt, að stétt, sem ofar stendur í mannfélaginu, vill vernda stétt, er stendur skör lægra; en aftur á móti er það ísjárvert, að hjálpa henni til að kúga þær stéttir, er í raun réttri allur þunginn hvílir á. Margir vinnuþiggjendur sitja í miklu betri kjörum en vinnuveitendur, ef þeir kynnu með að fara og sóuðu ekki fé sínu ráðlauslega. Svo er þeim líka innan handar, ef nokkur manndáð er í þeim, að komast í sams konar stöðu í mannfélaginu; jafnvel margir þeirra eiga við betri kjör að búa en sjálfir embættismenn þjóðarinnar.

Eg álít enga þörf á lögum þessum og ekki rétt að vernda þá stétt, sem stendur betur að vígi en nokkur önnur stétt í landinu, ef sparsemi og dugnað ekki vantar.

ATKV.GR.: Frumv. vísað til 2. umr. með 6 : 4 atkv.

Önnur umr., 8. ágúst (C bls. 464).

ATKV.GR.: 1. gr. frv. sþ. með 5 : 4 atkv.

2. gr. frv. sþ. með 6 : 4 atkv.
Fyrirsögn frv. sþ. með 6 atkv.
Frv. vísað til 3. umr. með 6 : 4 atkv.

Þriðja umr., 10. ágúst (C bls. 464).
ATKV.GR.: Frv. sþ. með 6 : 4 atkv. og afgreitt til landsh. sem lög frá alþingi.

Vinnuhjú og daglaunamenn.

FRUMVARP til laga um vinnuhjú og daglaunamenn; 1. umr., 18. ágúst (C bls. 666).

Guttormur Vigfússson: Eins og mönnum hér er kunnugt, þá var sams konar frv. hér fyrir þingi í hitt eð fyrra 1899, nefnilega frv. til laga um vinnuhjú og daglaunamenn. Það var þá sett hér í nefnd, sem starfaði rækilega að málinu. Þá er nefndin hafði unnið að því hér, gekk það í gegn breytingalaust. Fór það þá til neðri deildar og var sett þar í nefnd, en varð aldrei útrætt. Nú kom í sumar sama málið til umræðu í neðri deild og var það tekið upp, eins og Ed. skildi við það 1899, en því miður hefir deildin hér lítinn tíma, þegar nú frumv. þetta loks kemur hingað. Eg hefi gert mér far um að kynna mér frumv. og borið það saman við frumv. frá 1899, eins og það kom þá hér frá deildinni, og þá er eg gerði það, komst eg að því, að það var í fáum atriðum breytt, en þó í nokkrum. Eg held að frumv. sé þó ekki yfirleitt verra fyrir þessar breytingar, en þó finst mér eitt atriði heldur hafa skemst. Það er nefnilega niðurlagið á 22. gr. Aðaltilgangur frv. er að koma meira samræmi en áður hefir verið milli húsbænda og vinnuhjúa og gera skyldur hjúsins gagnvart húsbóndanum sem eðlilegastar, því að eftir gömlu lögunum er því ekki sem bezt fyrirkomið. Frumv. fer heldur ekki í þá átt, að halla á nokkurn hátt rétti hjúsins, miklu fremur er með því leitast við að hlynna að vinnuhjúastéttinni, með því að veita henni ýms réttindi, og tel eg til þess ákvæðin um það, sem hjúin eiga að hafa fram yfir lausamenn og daglaunamenn. Kaflinn um daglaunamennina var ekki til í eldri lögum, en það er þó mikil nauðsyn á, að hann fái framgang. Eg vildi helzt ekki láta setja mál þetta í nefnd, en þó að svo færi, að það væri sett í nefnd, þá þyrfti það ekki að tefja svo mjög fyrir, ef nefndin hefði einlægan vilja á að koma málinu fram, að það þyrfti að stranda, því að það er nú ekki orðið svo umfangsmikið. Eg vildi gjarnan koma mér saman við menn um einhverjar lítilsháttar breyt. við frumv. og ekki meira en svo, að það gæti gengið greitt og gæti orðið fullbúið frá neðri deild í tækan tíma.

Það væri mjög slæmt, ef mál þetta dæi, þegar búið er að undirbúa það svo rækilega í tveimur deildum á tveimur þingum og legðist svo fyrir þriðja þingið og ef til vill ekki komast heldur fram þá. Eg vil þó beygja mig undir það, ef einhverjir stinga upp á nefnd, en sjálfur vildi eg leiða hjá mér að gera það.

Kristján Jónsson: Mál þetta hefir nú verið allítarlega rætt hér á alþingi. 1899 var það rætt hér í deildinni, var hér í nefnd og var frv. líkt þessu, er nú liggur fyrir oss, þá afgreitt héðan til Nd., en þar dagaði það uppi í nefnd. Nú í ár var málið borið upp í Nd., hefir fengið þar rækilegan undirbúning í nefnd og á annan hátt og hefir svo verið afgreitt hingað; eg býst við, að það verði ekki látið ganga í gegnum þessa deild, án þess að það sé vandlaga íhugað. Ýms atriði í frumv. þessu þurfa athugunar við; eg skal sérstaklega benda á niðurlag 22. gr., sem eg álít harla varhugavert ákvæði, enda var það ákvæði lagafrv. 1899, sem þótti athugaverðast. Eg get ekki gefið frv. óbreyttu atkv. mitt, og kysi eg helzt að

málið væri sett í nefnd, þó að það yrði þá ekki útrætt á þessu þingi.

Kristján Jónsson: Fyrst engin ætlar að taka til máls frekar, leyfi eg mér að stinga upp á 3 manna nefnd.

ATKV.GR.: Samþ. með 8 atkv. að kjósa 3 manna nefnd og hlutu kosningu:

Gutt. Vigfússon með 7 atkv.
Kristján Jónsson — 6 —
Julius Havsteen — 3 —

að viðhöfðu hlutkesti milli hans og Guðjóns Guðlaugssonar, er einnig hafði fengið 3 atkv.

1. umr. málsins frestað.

Fiskiveiðasamþyktir.

FRUMVARP til laga um breyting á lögum nr. 28, 14. des. 1877 um ýmisleg atriði, er snerta fiskiveiðar á opnum skipum; 1. umr., 30. júlí (C bls. 386).

Flutningsmaður (Guðjón Guðlaugsson): Eg ímynda mér, að h. þdm. kannist við lög þau, sem hér ræðir um, og að rétt sé að vera viss í, hvort koma skuli fram með breytingar á þeim, nfl. viðvíkjandi samþyktum þeim, sem gerðar hafa verið og áttu að vera til bóta og til þess að tryggja atvinnuveg manna við fiskiveiðar á opnum skipum.

Eg er enn á því, og hefi altaf frá því eg fór að hugsa um þetta mál, verið þeirrar skoðunar, að þingið, sem hið eina og rétta löggefandi vald, hafi gengið nokkuð langt í að gefa frá sér sneið af löggjafarvaldi sínu, með því að gefa héruðunum heimild til þannig lagaðs lagasmíðis, sem oft er borið fram af örfáum mönnum með aðstoð þeirra, sem alt gera fyrir bón, en ekkert meina sjálfir.

Með áðurgreindum lögum hafa verið samþykt bönd á þeim atvinnuvegi, sem þar ræðir um, nefnilega fiskiveiðunum, bönd, sem lögð eru með þvingun af meiri hluta á minni hluta og bönd, sem hafa í för með sér fullkomið ófrelsi, til að reka þennan atvinnuveg á þann hátt, sem viðkomandi mönnum, sjómönnunum, finst sjálfum hagkvæmast og bezt bæði fyrir sig og aðra. En úr því að löggjöfin fór svo langt, að gefa héruðunum þetta samþyktarvald, — þá verður því ekki neitað, að hún hefir farið rétt að, með því að leyfa ekki litlum meiri hluta að þvinga stóran minni hluta og því sett það sem skilyrði að $^2/_3$ atkv. þeirra, sem atkvæðisrétt hafa til alþingis, á fundi, sem haldinn væri í þessu skyni, skyldi vera með málinu. Og svona almennan vilja heimta lögin, af því þingið hefir séð, að hér var um þvingun að ræða og um óeðlilegt band á atvinnufrelsi manna; þingið hefir þó viljað tryggja sér það, að slík bönd væru ekki á lögð, nema með töluvert almennum vilja.

Eg álít rétt hugsað, að leyfa eigi almenn bönd á þessum atvinnuvegi, nema því að eins, að mjög stór meiri hluti sé því meðmæltur, og það því fremur, sem hér er um þau atriði að ræða, sem enginn af atkvæðisbærum fundarmönnum hefir fullkomna þekking á, hvort samþyktin er til bóta. Samþyktir þessar eru að mínu áliti yfirleitt bygðar á ágizkun, hjátrú, hleypidómum og töluverðri einfeldni, og það sem verst er, að við þetta er oft tvinnuð ekki svo lítil öfund yfir því, ef aðrir hafa betri kringumstæður til að bjarga sér, eða öfund hinna óduglegri yfir afla dugnaðarmannanna. En þegar nú heimtaður er svona stór meiri hluti fyrir því, að koma samþykt á, meðan allir eru ófróðir um það, hvort samþyktin getur orðið til gagns eða ekki, þá er það ósamkvæmni og í alla staði rangt, að þegar reynslan og oft breyttar kringumstæður sýna, að samþyktin er gagnslaus og stundum skaðleg, þá skuli litlum minni hluta — $^1/_3$ - vera unt að halda stórum meiri hluta í þessum hjátrúarinnar og heimskunnar viðjum, þá geta t. d. af 300 atkvæðisbærum mönnum, sem mæta á slíkum samþyktarfundi 101 borið

199 ofurliða og um leið mjög marga duglega og reynda sjómenn, sem eftir eðli málsins ættu að hafa atkvæðisrétt í þessu efni, vilja hið sama og meiri hluti hinna og af eigin reynslu hafa einna bezta þekking á málinu, en geta ekkert sagt, af því að þeir af öðrum ástæðum hafa ekki atkvæðisrétt. Þetta er sú ótilhlýðilega ósamkvæmni þetta óstjórnlega ófrelsi, sem eg vil minka með þessu litla frv., með því að láta nægja einfaldan meiri hluta til þess að nema samþykt úr gildi, eða losa um meira eða minna af ófrelsisböndunum. — Þá kemur fram ósamkvæmnin og rangindin í þessu efni gegn sýslunefndunum. Þar er nefnd, sem samanstendur af kosnum mönnum, einum úr hverjum hreppi, og því oftast af nýtum mönnum, og má því gera ráð fyrir, að tillögur sýslunefndar séu sem oftast á einhverju viti bygðar. Þessi nefnd tekur mikinn þátt í þessu lagasmiði, sem hér er um að ræða, þar sem ekkert ákvæði getur komist inn í fiskiveiðasamþykt, nema með hennar samþykki; en þegar um það er að ræða, að nema samþykt úr gildi, þá hefir hennar samþykki ekkert að segja, þó það sé samkvæmt ósk meiri hluta héraðsbúa, ef rúmur þriðjungur kosningarbærra manna til alþingis vill ekki aðhyllast afnámið. Þá hefir nefnd valinna manna — eins þó hún sé öll á sama máli — ekkert að segja móti nokkrum viljalitlum mönnum, sem eru leiddir af héraðsríkum mönnum, nágrönnum sínum til hnekkis.

Eins og menn sjá, er breyting sú, sem frumv inniheldur, að afnema megi samþykt með samþykki sýslunefndar og meiri hluta atkvæða á samþyktarfundi; en eg játa, að hér er í rauninni alt of skamt farið í því, að gefa mönnum tækifæri til þess að losa sig við þessar samþyktir; en þegar eg samdi frumv., hugkvæmdist mér ekki annað en það, sem hér er farið fram á; en einn h. þdm. benti mér á nú í fundarbyrjun, að rétt væri, að allar samþyktir féllu þegjandi úr gildi eftir ákveðinn tíma, nema þær væru endurnýjaðar á sama hátt og þær voru stofnaðar. Þetta sé eg að er það æskilegasta og um leið það réttasta, því með þessu er áframhaldandi heimtaður sá sami stóri meiri hluti, sem upphaflega, og ef eg ætti von á fylgi með slíku ákvæði, mundi eg verða mjög fús á að gera þannig lagaða breytingu á frumv. — Eg skal geta þess, að eg flyt þetta frumv. eftir ósk margra héraðsbúa minna, og er sú ósk ekki gerð að ástæðulausu, því þeir, sem þessa hafa óskað, hafa um nokkur ár verið fjötraðir í þessum margnefndu samþyktarviðjum, er þeir ekki hafa getað losað af sér. Hér er því ekki talað út í bláinn. Fyrst var haldinn auka-sýslunefndarfundur með nokkrum kostnaði eingöngu fyrir þetta mál — að afnema samþykt — svo almennur fundur, en alt að árangurslausu, þó sýslunefndin væri nálega öll með og stór meiri hluti fundarins. Á síðasta sýslufundi var þetta endurnýjað og fór alt á sömu leið, því að á samþyktarfundinum fengust ekki nema 21 atkv. með afnáminu, en 17—18 atkv. móti og þau réðu meira. Þetta, sem eg nú hef tekið fram, er ástæðan til þess, að eg hef komið fram með þetta frumv., og vona eg, að h. þdm skilji meininguna með því, og að þeir séu hlyntir stefnu þess yfirleitt.

ATKV.GR.: Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Önnur umr., 1. ágúst (C. bls. 386).

Flutningsmaður (Guðjón Guðlaugsson): Eg stend upp að eins til að geta þess, að eg hef átt tal við nokkra þingdeildarmenn utan fundar, er létu það í ljósi, að rétt væri að breyta frv. í þá átt, sem eg tók fram síðast, að samþyktirnar væru numdar úr gildi eftir ákveðinn tíma og gætu síðan orðið endurnýjaðar á sama hátt. Orsökin til þess að þessu var eigi haldið fram í frv. strax frá byrjun, var sú, að

mér var fyrst síðar bent á, að þannig lagað ákvæði mundi öðlast samþykki deildarinnar og úr því að eg nú veit, að þessi er skoðun manna hér í deildinni, þá er eg þeim mjög þakklátur í því efni, því að þetta er stór bót og fer í rétta átt að lina á böndunum, sem legið hafa á sjávarútveginum, og fer þetta svo stórum fram úr því, er frv. upphaflega fór fram á, að það væri nærri því kák í samanburði við þessa réttarbót.

En til þess þarf að umsteypa frumvarpsgreininni og mætti koma þeirri breyting að við 3. umr.

ATKV.GR.:

Meginmál frv. sþ. með 9 shlj. atkv.
Fyrirsögnin — — 6 — —
Frv. vísað til 3. umr. — 10 — —

Þriðja umr., 5. ágúst (C. bls. 386, 461).

Breytingartillaga á þskj. 287, samþ. í einu hljóði.

Frumv. samþ. í e. hlj. og afgreitt til forseta Nd.

Ein umr., 22. ág. (C. bls. 709).

Ksistján Jónsson: Eg veit eigi, hvort h. þingdm. hafa tekið eftir því, í hverju breyting h. Nd. á frumvarpinu er fólgin, og vil eg því leyfa mér að benda á það. Í síðari málsgr. frv. stóð áður: „fyr en 1 ár er liðið“, en Nd. hefir breytt því í: „fyr en 5 ár eru liðin“ og hefir þannig lengt umrætt tímabil úr 1 ári upp í 5 ár. Eg get ímyndað mér, að h. deild vilji ganga að þessari breytingu fyrir sitt leyti og eg sé eigi, að hún geri frv. óaðgengilegt, þó að hún sé varla til bóta. —

ATKV.GR.: Frv. samþ. með 10 atkv. og afgreitt til landsh. sem lög frá alþingi.

Fiskiveiðar hlutafélaga í landhelgi.

FRUMVARP til laga um fiskiveiðar hlutafélaga í landhelgi við Ísland; 1 umr., 4. júlí (C. bls. 111).

Ólafur Ólafsson stakk upp á að setja 3 manna nefnd í málið, er var samþykt í e. hlj.

Kosning hlutu:

Axel V. Tulinius með 8 atkv.
Guðjón Guðlaugss. — 7 —
Eiríkur Briem — 6 —

1. umr. málsins frestað.

Framhald 1. umr., 13. júlí (C. bls. 111, 237).

Framsögumaður (Axel V. Tulinius): Eg skal við þessa fyrstu umræðu málsins aðeins taka það fram, fyrir hönd nefndarinnar, að hún hefir í öllum aðalatriðum getað fallist á frv. stjórnarinnar; hún hefir að eins komið fram með efnisbreytingu, sem miðar að því, að koma í veg fyrir að aðrir en þegnar Danakonungs geti rekið fiskiveiðar í landhelgi hér við land, með því að gera það að skilyrði, að hlutafélögum yrði gert að skyldu að hafa búsetu á Íslandi og taka þátt í þeim byrðum, sem hvíla á hérlendum mönnum á þeim stað, er þau reka atvinnu sína frá. Aftur á móti virtist nefndinni ekki rétt að gera þetta að skyldu fyrir danska þegna, sem búa í ríkinu. Eg skal jafnframt geta þess, að í annari málsgrein nefndarálitsins annarar gr. hefir orðið „en“ fallið burt; „að öðrum þegnum Danakonungs“ o. s. frv., á að vera: að öðrum en þegnum Danakonungs. Að öðru leyti mun eg við 2. umr. málsins koma nánar inn á einstök atriði frv.

Landshöfðingi: Eg get eigi fullkomlega verið samþykkur þeirri einu efnisbreytingu, sem nefndin hefir gert á frv. stjórnarinnar, nfl. breytingunni á 1. gr. Eins og hún er orðuð í frv. frá stjórninni, þá er

fyrst ákvæði um, að engir aðrir en danskir þegnar megi stunda fiskiveiðar í landhelgi; en svo kemur þar á eftir ákvæði, sem rýmkar til að því, er hlutafelög snertir; en þessu hefir nefndin vikið verulega við. Fyrst hefir hún sett sömu almennu ákvæðin um, að engir nema þegnar Danakonungs megi stunda fiskiveiðar í landhelgi, en í stað þess svo að rýmka til að því, er hlutafélög snertir, þá þrengir nefndin ákvæðin, frá því, sem þau eru orðuð í frv. stjórnarinnar. Þar er látið sama ganga yfir hlutafélög, eins og einstaka menn, að það er nóg, að þau hafi aðsetur í löndum Danakonungs, á Íslandi eða í Danmörku; en eftir tillögu nefndarinnar mega hlutafélög því að eins reka fiskiveiðar í landhelgi, ef félagið hefir heimilisfang á Íslandi og meiri hluti stjórnarinnar búsettur á Íslandi; nefndinni hefir eigi þótt nóg að þeir séu búsettir í Danmörku. Með þessu ákvæði er takmarkaður réttur hlutafélaga meira en einstakra manna.

Þetta finst mér óviðkunnanlegt og getur orðið til þess að koma í veg fyrir það, sem þó er tilgangur frumvarpsins í heild sinni, nfl. að gefa útlendu fjármagni tækifæri til að verða notað við fiskiveiðar hér við land, og með þessu ákvæði er eigi að eins útlendu heldur líka innanríkis kapítali bægt frá að verða notað.

Eg verð því að álíta, að frumvarpið sé búið að vera, ef það verður samþykt með þessari breytingu nefndarinnar. Ef því hin háttv. þingd. eigi getur fallist á frumv., eins og það kom frá stjórninni að því, er snertir ákvæði 1. gr., þá er betra að fella það en að, samþykkja það með þannig lagaðri 1. gr., eins og það kom frá nefndinni.

Eiríkur Briem: Út af orðum hæstv. landsh. skal eg leyfa mér að taka það fram, að sami réttur, sem í gildandi lögum 19. júní 1888 er gefinn síldarveiðarfélögum, er eftir tillögu nefndarinnar útvíkkaður þannig, að hann skuli ná til allra hlutafélaga, sem fiskiveiðar reka; en ef eg ekki hef misskilið orð hæstv. landsh., þá virtist honum takmarkaður réttur þeirra hlutafélaga, sem að eins þegnar Danakonungs eiga hlut í; en það liggur ekki í breytingu nefndarinnar, og í sambandi við þetta skal eg leyfa mér að geta þess, að í 2. gr. frv. er gert ráð fyrir hlutafélögum, sem ekki eiga heimilisfang á Íslandi og sem eingöngu þegnar Danakonungs eiga þátt í.

Landshöfðingi: Eins og eg drap á áðan, er það einmitt tilgangurinn með frv. stjórnarinnar að gefa útlendu kapítali kost á að komast að við fiskiveiðar hér við land; eftir breytingu nefndarinnar á 1. gr. er það gert miklum mun erfiðara, þar sem hlutafélög, er utanríkismenn eiga hlutdeild í, mega því að eins stunda fiskiveiðar í landhelgi, að þau hafi heimilisfang á Íslandi og meir en helmingur félagsstjórnarinnar sé búsettur þar. Með þessum ákvæðum er naumast við því að búast að útlent kapítal geti komist að.

Eftir lögum þeim, sem gilda í Danmörku, er öllum þegnum Danakonungs, jafnfrjálst að reka þar atvinnu, og hið sama mun vera grundvallarreglan eftir íslenzkum lögum. Þessi grundvallarregla um jafnrétti allra danskra þegna til atvinnu hér á landi virðist mér vera brotinn með br.-uppástungu nefndarinnar við 1. gr., þar sem hlutafélög, er utanríkismenn eiga fé í, því að eins mega reka fiskiveiðar í landhelgi við Ísland, að félagið eigi heimilisfang á Íslandi, og sömuleiðis, að meira en helmingur þeirra, er í stjórn félagsins sitja, séu þar búsettir, en ekki sams konar félög, sem eiga heimilisfang í Danmörku með stjórnendum búsettum þar. Eftir frv. er ekkert því til fyrirstöðu, að einstakir þegnar Danakonungs, hvar sem þeir eru búsettir innanríkis, reki fiskiveiðar í landhelgi með fé utanríkismanna, en þá er ó-

samkvæmni að gera hlutafélögum erfiðara fyrir í því efni.

Framsögumaður (Axel V. Tulinius): Það vakti fyrir nefndinni að ef útlendingum væri gefinn réttur til að reka fiskiveiðar í landhelgi, án þess að vera búsettir á Íslandi, þá mundi það eigi verða til þess að efla sjávarútveginn hér við land, heldur mundi Ísland verða nokkurs konar selstöð fyrir hin útlendu fjelög, og að það mundi eigi verða því til hags, heldur Danmörku eða útlendingum. En vegna jafnréttis danskra þegna í ríkinu, þá þótti nefndinni eigi rétt að sleppa orðunum í 2. gr. frv.: „eða ef félagið hefir ekki heimilisfang á Íslandi," þótt það hefði verið heppilegast fyrir sjávarútveginn, að dönskum þegnum, sem reka fiskiveiðar hér í landhelgi, sé gert að skyldu að hafa heimilisfang á Íslandi; en til þess eigi að gera á móti þessu jafnrétti, áleit nefndin heppilegt að hafa eigi sömu skylirðin fyrir þá.

1887 áleit nefnd sú, sem þá var sett, sérstaka hættu af því búna, ef síldarveiðafélögin hefðu heimilisfang annars staðar en á Íslandi. Reynslan hefir sýnt það á Austfjörðum, að undir eins og síldarfréttir koma héðan frá Íslandi, þá kemur sægur af Norðmönnum með veiðarfæri sín til Austurlandsins; þeir eiga svo hægt með að fá einhvern lítilsigldan, gróðafýkinn Íslending sem lepp til fiskiveiðanna fyrir þá; reka svo fiskiveiðar í 2 mánuði, fá hlaðið skip af síld, fara síðan til útlanda með aflann, og gjalda að eins 20 au. toll af tunnunni; að öðru leyti hefir enginn hér neitt gagn af afla þeirra. Eg verð að álíta það mjög óheppilegt að hleypa útlendingum inn á fiskimið vor, ef landið hefir ekkert gagn af því um leið. En á hinn bóginn getur það verið gott, ef kapítal vantar, ef þeir borga til sveitar og taka þátt í byrgðum landsmanna. Þess vegna höfum vér betar getað þolað Norðmenn en aðra hér uppi, af því að þeir hafa verið búsettir hér og goldið til sveitar og tekið þátt í byrðum landsmanna, þar sem hinir hafa að eins komið hingað, til þess að raka saman auðæfum landsins með því að ná í lítilsigilda leppa meðal landsmanna, sem þeir hafa gert sér að vinum, til þess að ná í auðsuppsprettur sjávarins og verða þeirra aðnjótandi. Eg álít hættulegt fyrir okkur að gefa útlendingum litla fingurinn að því, er þessa atvinnugrein snertir, því að þá er hætt við, að þeir taki alla höndina. Eg vil eigi gefa þeim aðgang að fiskistöðvum vorum, nema því að eins að Ísland hafi sérstakan hag af því. Það er því álit mitt og nefndarinnar, að þótt eigi væri ráðlegt að gera þetta að skilyrði fyrir danska þegna, þá hefði það þó jafnvel verið heppilegra.

ATKV.GR.: Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Önnur umr., 16. júlí (C. bls. 111, 237).

Framsögumaður (Axel V. Tulinius): Við 1. umr. málsins tók eg fram helstu ástæðurnar fyrir efnisbreytingum þeim, sem nefndin hefir lagt til að gerðar yrðu við frv. Eg skal samt með fáum orðum benda enn einu sinni á helztu breytingarnar. Samkvæmt lögum 19. júní 1888, er hlutafélögum, sem útlendir þegnar eiga hlut í, ekki leyft að stunda fiskiveiðar í landhelgi við Ísland, nema síldveiðafélögum, sem þá var rýmkað til við og sérstök ákvæði gefin um. En nefndin hefir fallist á að veita félögum, sem útlendir þegnar eru hluthafar í, þennan rétt, ef félögin hafa heimilisfang á Íslandi. Í flestum öðrum löndum er þeirri reglu fylgt, að útlendum þegnum er ekki veittur réttur til fiskiveiða í landhelgi. Eins og hæstv. landsh. hefir bent á, þá er ekki fullt samræmi milli 2. gr. frv. og 1. gr., eins og nefndin vill orða hana. Nefndin hefir athugað þetta og er fús að breyta því og koma því í rétt lag við 3 umr., sérstaklega ákvæðin í 2. gr. 2. línu: ". . . eða, ef félagið hefir ekki heimilisfang á Íslandi", því að það kemur dálítið óþægi-

lega við 1. gr., eins og nefndin leggur til að hún sé orðuð. Eins mætti bæta við í 1. gr., eins og nefndin vill orða hana, á eftir orðunum: „Fiskiveiðar í landhelgi mega eigi aðrir reka, en þegnar Danakonungs“, því ákvæði: „hvort sem eru einstakir menn eða hlutafjelög“. Einnig mætti bæta inn í á eftir orðinu: „Fiskiveiðar“ í svigum: „(þar á meðal síldveiðar“; með þeim hætti yrði ekki hætt við, að lögin yrðu misskilin.

Eg skal svo að eins mælast til, að frv. fái að ganga sinn gang til 3. umr.

Landshöfðingi: Eg skal að eins ítreka það, sem eg tók fram við 1. umr. þessa máls, að eg er mjög mótfallinn þeirri breytingu, sem nefndin hefir gert á frv., að hlutafélög, sem aðrir eru hluthafar í en danskir þegnar, megi því að eins stunda fiskiveiðar í landhelgi hér við land, að þau hafi heimilisfang á Íslandi og stjórn þeirra sé skipuð þegnum Danakonungs þannig, að einnig meiri hluti hennar sé heimilisfastur á Íslandi. Eg verð að álíta það eðlilegra og einnig fulltryggilegt, að nægilegt sé að setja þau ákvæði í því efni, sem tekin eru fram í stjórnarfrv., að stjórn félaganna sé skipuð mönnum, sem búsettir eru í konungsins ríki og löndum, og hafi aðsetur á Íslandi eða í Danmörku. Eins og eg hefi áður tekið fram, verður annars misréttur milli einstakra manna og félaga, er stunda fiskiveiðar í landhelgi. Þegar um einstaka menn er að ræða, þá útheimtist ekki meira, en að þeir séu búsettir einhvers staðar í Danakonungs ríki og löndum, hvort sem þeir nota til þess fé utanríkisþegna eða ekki. En ef um félög er að ræða, þá er það ekki nægilegt eftir tillögum nefndarinnar, — þá verða þau líka að hafa heimilisfang á Íslandi. Eg álít, að það komi betur saman við jafnrétti það, sem á að vera milli Íslendinga og Dana, að sama gildi fyrir hlutafélög sem fyrir einstaka menn. Ekki gera dönsk lög í þessu efni mun á þegnum á Íslandi og í Danmörku. Íslendingar hafa jafnrétti á við Dani til allrar atvinnu í ríkinu, þar er ekki annað skilyrði en að hafa rétt innborinna manna, og þann rétt hafa jafnt Íslendingar sem Danir.

Eg verð því að leggja mikla áherslu á það, að þeim ákvæðum verði haldið, sem standa í frv. stjórnarinnar.

Framsögumaður (Axel V. Tulinius): Eg skal lýsa því yfir, að þrátt fyrir það að nefndin hefir fallist á, að dönskum þegnum sé leyfilegt að reka fiskiveiðar í landhelgi, þá álítur hún það þó ekki heppilegt ákvæði. Reynslan hefir sýnt það, að þegar félög hafa stundað fiskiveiðar frá Danmörku hér við land, þá hafa þau oftast orðið að hætta innan örstutts tíma; það hefir gengið svo illa fyrir þeim. Að nefndarinnar áliti er ástæðan sú, að ekki er hægt að stjórna þeim úr fjarlægð, og það kemur ekki landinu að neinu gagni, þar sem þau standa að eins stutta stund. Þess vegna áleit nefndin ekki heppilegt, að danskir þegnar stunduðu fiskiveiðar hér í landhelgi, en við því verður ekki gert, úr því að ekki er hægt að banna þeim það. En þegar um utanríkismenn er að ræða og þeir eiga í hlut, þá áleit nefndin sjálfsagt, að sleppa þeim ekki með sömu ákvæðum, heldur gera þeim að skyldu að fá búsetu á Íslandi.

ATKVGR.: Brt. við 1. gr. á þskj. 70 sþ. með 8 : 2 atkv.

1. gr. frv. þar með fallin.
2. gr. frv. sþ. með 8 atkv.
3. — — — — 9 —
4. — — — — 9 —
5. — — — — 9 —

Fyrirsögn frv. sþ. með 9 atkv.

Frv. vísað til 3. umr. með 9 atkv.

Þriðja umr., 18. júlí (C bls. 272, 278).

Framsögumaður (Axel V. Tulinius): Hvað breyt.till. nefndarinnar snertir, skal eg að eins geta þess, að hún er gerð til þess að gera skýrari ákvæði laga þess-

ara. Í breyt.till. hefir læðst inn prentvilla: „hlutafélagið“ í stað: „hlutaféð“, sem yrði þá leiðrett síðar.

Julius Havsteen: Eg stend upp, að eins til þess að gera grein fyrir því, að eg mun ekki greiða atkv. með frumv., eins og það liggur fyrir, þar sem það ákvæði er sett í 1. gr., að meiri hluti stjórnar hlutafélaganna skuli vera heimilisfastur á Íslandi. Með því er vikið frá þeirri grundvallarreglu. að þegnar Danakonungs skuli hafa alstaðar jafnan rétt til atvinnu,en réttur þeirra þegna, sem búa ekki á Íslandi, er skertur í þessu frumv. Eg veit ekki til annars, en að Íslendingar hafi fullan rétt til allrar atvinnu í Danmörku ; sama rétt eiga Danir að hafa á Íslandi. En það hafa þeir ekki eftir þessu frumv., ef þeir eru í fiskiveiðafélagi, sem útlendingar líka taka þátt í.

Af þessum ástæðum verð eg að greiða atkv. á móti frv.

ATKV.GR.: 1. málsgr. í brt. á þskj. 104 sþ. með 8 shlj. atkv.

2. málsgr. í brt. á þskj. 104 sþ. með 9 shlj. atkv.

Frv. með áorðnum breyt. sþ. með 9 : 2 atkv. og afgreitt til forseta Nd.

Löggæzla við Færeyjar og Ísland.

FRUMVARP til laga fyrir Ísland um tilhögun á löggæzlu við fiskiveiðar fyrir utan landhelgi í hafinu umhverfis Færeyjar og Ísland; 1. umr., 10. ágúst (C bls. 513).

Hallgrímur Sveinsson: Þetta frumv. er mjög svipað öðru máli, sem var samþykt hér í sumar fyrst af h. Nd. og síðan af h. Ed. — Efri deild gerði breytingar á því frumv. og h. Nd. samþykti það síðan með þeim breytingum. Nú, þar sem þetta frumv., sem hér liggur fyrir, er hinu nær því samhljóða að niðurskipun, efni og orðfæri, þá væri réttast, að þau fylgdust að og væru algerlega samhljóða, en h. Nd. hefir látið það liggja milli hluta, af því að hún vegna anna hefir ekki veitt því eftirtekt eða viljað leggja sérstaka áherzlu á það.

Eg álít rétt, að sama orðfæri væri haft á þessu frumv. sem hinu, þar sem breytingar þær, er hér voru gerðar, miðuðu til bóta; þess vegna mun eg koma með brt. er fara í þessa átt og er eg í engum efa um, að þær muni verða samþyktar af h. deild.

Eg álít sjálfsagt, að frumv. verði hiklaust látið ganga leið sína, þar sem það miðar til þess, að vernda fiskiveiðar vorar í fyllri mæli, en áður hefir átt sér stað, og veitir okkur nokkur hlunnindi í þá átt, er ekki hafa verið áður viðurkend.

ATKV.GR.: Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Önnur umr., 13. ágúst (C bls. 513, 565).

Hallgrímur Sveinsson: Það er að eins vegna þess, að eg hefi komið með breyt.-till. við þetta frumv., að eg stend upp. Eins og eg mintist á við 1. umr., miða þessar breytingar að eins að því, að koma frumv. í sama form með sömu orðatiltækjum og er á öðru líku frumv., sem báðar deildir hafa nýlega samþykt, að því leyti sem efni frumvarpanna er samhljóða. Vona eg því, að h. deild sé þessu samþykk og fallist á þessar breyt.till.

ATKV.GR.: 1.brt.á þskj. 480 sþ. í e.hlj.

1. gr. frv. breytt sþ. í e. hlj.

2. brt. á þskj. 480 sþ. í e. hlj.

2. gr. breytt sþ. í e. hij.

3. — frv. sþ. í e. hlj.

3. brt. á þskj. 480 sþ. í e. hlj.

4. gr. frv. breytt sþ. í e. hlj.

Fyrirsögn frv. sþ. í e. hlj.

Frv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Þriðja umr., 15. ágúst (C bls. 618).

ATKV.GR.: Frv. sþ. með 10 atkv. og endursent til Nd.

Lögæzla í Norðursjónum.

FRUMVARP til laga fyrir Ísland um tilhögun á löggæzlu við fiskiveiðar í Norðursjónum; 1. umr., 11. júlí (C. bls. 225).

ATKV.GR.: Frv. vísað til 2. umr. í e. hljóði.

Önnur umr. 15. júlí (C. bls. 225).

Kristján Jónsson: Þetta frv. er, eins og sést af athugasemdum stjórnarinnar, að eins frv. til laga um staðfesting á bráðabirgðarlögum, sem stjórninni hefir virzt nauðsynlegt að gefa út, og leggur nú fyrir þingið samkvæmt ákvæðum stjórnarskrárinnar. Og það sýnist ekki vera neitt á móti því, að téð bráðabirgðarlög verði staðfest með samþykki þingsins. En eg vildi leyfa mér, að beina þeirri fyrirspurn til hæstv. landsh., hvort ekki megi víkja við orðalagi þessara laga. Það er ætlast til, að þessi lög standi í lögbók vorri, og því er óviðkunnanlegt, að á þeim finnist annað eins lýti, og er á 4. greininni. Eins og greinin er orðuð, gefur hún enga meining, en þetta má lagfæra, með því að breyta orðalaginu lítið eitt eða jafnvel að eins greinarmerkjum á einum stað. Ef tilorðning þessara laga er þannig, að ekkert er því til fyrirstöðu, að þessu mætti breyta, vildi eg koma mér saman við nokkra h. þm. um að koma að breytt. um þetta, við 3. umr. málsins.

Landshöfðingi: Eg get ekki séð annað, en að gera megi breyting, ekki einungis á 4. gr., heldur á hverri grein þessara og annara sams konar laga, ef það einungis ekki er efnisbreyting, sem fer í bága við alþjóðlegar samþyktir.

ATKV.GR.:

1. gr. sþ. í e. hlj.
2. — — - — —
3. — — - — —
4. — — - — —

Fyrirsögnin — - — —

Frv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Þriðja umr., 18. júlí (C. bls. 225, 258).

Kristján Jónsson: Eins og eg gerði ráð fyrir við 2. umr., hef eg ásamt 2 öðrum háttv. þdm. komið fram með breyttill. við frv. á þgskj. 95. — Aðallega er það síðasta grein frv., sem þarf að færa í betra horf, þar sem hún er bæði lítt skiljanleg og mjög óíslenzkuleg, eins og hún er orðuð í stjórnarfrv. En úr því að breyta þarf þessari grein, þá höfum við um leið notað tækifærið, til að koma að nokkrum öðrum smábreytingum á 1. og 2. gr. frv. Eru það að eins orðabreytingar, sem eg hygg vera til bóta á málinu. — Legg eg svo til, að h. þingd. samþ. þessar br.till.

ATKV.GR.:

1. br.till. (þskj. 95) sþ. í einu hlj.
2. — — — — — — —
3. — — — — — — —
4. — — — — — — —
5. — — — — — — —

Frv. með áorðnum breytingum sþ. í e. hlj. og afgreitt til forseta Nd.

Síldarnætur.

FRUMVARP til laga um síldarnætur; 1. umr., 15. júlí (C. bls. 238).

Axel Tulinius: Eins og frv. þetta ber með sér, kemur það frá nefndinni í málinu: Frv. til laga um fiskiveiðar hlutafélaga í landhelgi við Ísland, og skal eg leyfa mér að skýra í fám orðum ástæður þær, er liggja til að það kemur fram. Eins og eg hef áður tekið fram, er það altítt á Norður- og Austurlandi, þar sem síldfiski er stundað, að útlendingar þyrpist hingað til fjarðanna, þegar síldarfregnir berast til útlanda. Eru það mest einstakir menn, sem stunda þessa atvinnu. En nú er það svo, að þótt síld komi, stendur hún oftast við stuttan tíma, sérstaklega er það svo á Austfjörðum, því þar er reglan, að síldin helzt við 1—2

mánuði í senn. Þurfa því þeir, sem ætla að sinna síldinni, að koma ár sinni fljótt fyrir borð. Útlendingar koma með skip sín, nótabáta, síldarnætur og nótafólk, 15—17 manns í hverju nótabrúki, er þeir hafa með sér að heiman. Nú hafa útlendingar þessir lögum samkvæmt engan rétt til að reka atvinnu hér og verða því að fara í kring um lögin. Til þess nota þeir menn, sem verða hverjum bitanum fegnir, og selja sig þannig útlendingum. Þetta verður oftast á þann hátt, að búnir eru til samningar, þar sem útlendingurinn selur Íslendingnum alt nótabrúk sitt, en Íslendingurinn veðsetur útlendingum það aftur með fyrsta veðrétti. Þegar veiðin er úti, fer útlendingurinn burt með alt og tekur það upp í skuld, en skilur eftir Íslendinginn, sem er þannig efnum búinn, að það væri hlægilegt að leggja útsvar á hann. Til að koma í veg fyrir þetta hefir ýmsra ráða verið leitað, en ekki heppnast; en nú hygg eg, að með þessu frv. sé fundið ráð, sem dugi. Eg hafði í fyrstu stungið upp á að banna allan útflutning á síldarnótum og skal eg skýra nokkuð ástæðurnar fyrir því. Allir útlendingar, er síldarveiði stunda hér, kaupa óuppsettar nætur og láta setja þær upp hér; þessar nætur þarf ekki að senda út, hvorki til að bæta þær né selja, enda er fragtin svo dýr og svo vandfarið með þær, að það borgar sig ekki. Í öðru lagi er útgerðin svo dýr og mannfrek, að það er um að gera fyrir útvegsbændur, að fólk það, sem þeir þurfa á að halda, tvístrist ekki, þegar veiðin hættir, svo menn séu viðbúnir, ef síldin kemur aftur. Þetta fólk má nú nota til að bæta næturnar, og er það atvinnugrein, sem margir geta fengið vinnu við. — En af því vér gátum búist við, að till. um að banna algerlega útflutning á síldarnótum mundi þykja nokkuð hörð, færði nefndin þetta ákvæði svo niður, að hún tiltók 6 mánaða tíma. Að öðru leyti skal eg geyma rétt minn til að segja fleira og vona eg, að hin h. deild vísi málinu til 2. umr.

ATKV.GR.: Frv. vísað til 2. umr. í e. hljóði.

Önnur umr., 18. júlí (C. bls. 238, 300).

Axel Tulinius: Við 1. umr. gerði eg grein fyrir ástæðum þeim, sem frv. þetta byggist á, og álít eg óþarft að endurtaka þær hér. Einungis vil eg minnast á br.-till. á þgskj. 119, sem nefndin hefir komið fram með við 2. gr. frv., að hæstu sektir fyrir brot á lögum þessum verði hækkaðar úr 200 kr. upp í 500 kr., af þeirri ástæðu, að nefndin taldi þær of lágar til þess að hafa þau áhrif, sem ætlast er til að þær hafi eftir tilgangi laganna.

Skal eg svo ekki fara fleirum orðum um málið, en vænti þess, að það fái að ganga sinn gang í gegnum háttv þingd.

ATKV.GR.:

1. gr. frv. sþ. í e. hlj.

Breyt.till. (119) við 2. gr. sþ. í e. hlj.

2. gr. með áorðinni breyt. sþ. í e. hlj.

Fyrirsögn frv. sþ. í e. hlj.

Frv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Þriðja umr. 20. júlí (C. bls. 311).

Frv. sþ. í e. hlj. og afgreitt forseta Nd.

Ein umr. 3. ágúst (C bls. 407, 451).

Frv. sþ. með 9 shlj. atkv. og afgreitt til forsetaNd.

Síldar- og ufsaveiði með nót.

FUMVARP til laga um viðauka við tilskipun fyrir Ísland 12. febr. 1872 um síldar- og ufsaveiði með nót; 1. umr., 3. ágúst (C .bls. 445).

Julius Havsteen: Eins og mönnum er kunnugt, eru síldarveiðar og ufsaveiðar með nót verndaðar með tilskipun 12. febr. 1872, og er það eðlilegt, þar sem síld-

veiðar eru arðsöm atvinna, og oft er einnig mikil björg í ufsaafla, er kemur fátækum oftsinnis að miklu gagni, þar sem hann ber að landi. Í tilsk. eru þannig ákvæði um, að nótamenn hafi rétt til að taka upp lagnet og veiðarfæri til að koma sínum veiðarfærum að. Nú hefir það sýnt sig, eftir að þilskipastóllinn hefir aukist á síðari árum, að sá atvinnuvegur hefir komið nokkuð í bága við síldar- og ufsaveiði með nót, á þann hátt, að þilskipum er lagt svo nálægt landi, þar sem ufsaeða síldarveiði er, að með engu móti verður komið nótum að fyrir þeim. Og mér er kunnugt um, að skipaeigendur hafa einnig gjört það, þó að þeir væru alls ekki neyddir til þess, og nóg pláss væri fyrir skipin annarstaðar. Eg þekki til þessa á nokkrum stöðum, þannig t. d. á Eyjafirði rétt fyrir utan Oddeyri, þar sem oft er mikil síldarveiði. Þar er þilskipum lagt í vetrarlegu á haustin og er þá síldveiði strax farin og útilokuð. Eins í Hafnarfirði, þar sem ufsaveiði hefur verið mikil, en síðan skipum var farið að leggja þar í vetrarlegu, hefir veiðin stórum minkað. Líka hefir skipum verið lagt inni við Gufunes til vetrarlegu, og að vísu hefir þar ekki verið beinlínis spillt veiði, en þar hefir heldur ekki verið reynt enn, hvort þar megi stunda síld- eða ufsaveiði. Þetta frv. er nú framkomið, til að tryggja og vernda rétt þeirra, er stunda vilja þessar veiðar, en um leið er ekki að neinu leyti gengið á hlut þeirra, sem eru þilskipaeigendur eða hafa þilskipaútgerð. Bæði er það, að nægilegt rúm er til fyrir þau á flestum stöðum, enda má leggja þeim lengra frá landi, en oftsinnis er gjört. Þar sem frv. er ekki vafningsmikið, mun ekki þörf á, að nefnd verði sett í málið, en eg vil að eins mæla með því, að það verði látið ganga sinn gang til 2. umr.

ATKV.GR.: Frv. vísað til 2. umr. með 7 shlj. atkv.

Önnur umr. 6. ágúst (C. bls. 445, 471).

Axel V. Tulinius: Eins og frv. þetta ber með sér, er eg annar flutningsmaður að því. Þó skal eg lýsa því yfir, að eg er ekki að öllu leyti fyllilega ánægður með það, eins og það hefur komið fram, en eg álít, að það hafi svo mikla þýðing, að nauðsynlegt sé að koma fram breytingum í þá átt, sem frv. fer fram á. Breyt.till. h. 6. kgk. þm. (E. B.) bætir svo mikið úr, að eg álít, að frv. geti orðið að góðum lögum, ef þær verða teknar með.

Eg er svo kunnugur síldarveiðum, sem stundaðar eru með nót með 200 faðma streng í lengsta lagi, að eg veit, að þær er ekki hægt að stunda, nema þar sem ekki er brim eða mikill sjávargangur, og það annaðhvort innst inn í fjarðarbotnum eða á víkum inn úr fjörðunum. Nú vill svo til, að á þeim firði, Eyjafirði, sem síldveiðar eru aðallega reknar á Norðurlandi, þar er einnig þilskipaútvegur mikill, en þegar þilskipin hafa verið notuð til veiða, verður að láta þau liggja á vetrum fyrir akkerum og þá á sér sama stað, sem með nótaveiðar, að til þess eru hentugastir staðir, þar sem hafsjór kemst ekki að, og helst þá í víkum eða fjarðarbotnum. Það er mjög óheppilegt, að sömu staðirnir skuli þannig vera hentugastir til hvorstveggja, síldarveiði með nót og til vetrarlegu fyrir þilskip.

Hvorttveggja er arðsamur atvinnuvegur og tvent er í veði, síldveiðar annars vegar með öllum sínum ágóða og hinsvegar hættan á, að fá skipin ekki vátryggð, ef þau komast eigi í vetrarlegu á óhultum stöðum.

Frv. fer nú fram á það, að vernda síldveiðar á þann hátt, að færa megi þilskip burtu, þegar þess er þörf. Með breyt.till. er því komið í það horf, að þetta sé gjört með samþykki landeiganda eða ábúanda, og álít eg það góða bót, því að báðum málspörtum hlýtur að vera ant um að fá staði

óhulta, þar sem nætur geta verið óraskaðar á vetrum og þilskip legið í friði. Ef frv. yrði að lögum með þessari breytingu, þá gæti það fengið því ágengt, að samkomulag næðist um það meðal manna í firðinum, að útséðir væru vissir staðir, sem teknir væru fyrir vetrarlegu fyrir þilskip.

Á Austfjörðum er minni ástæða til að óttast, að líkt geti komið fyrir í þessu efni eins og á Eyjafirði, enn sem komið er, þar sem þilskipaútvegur er eystra enn í barndómi, en vonandi er, að hann aukist og taki stórum framförum, áður en langt um líður.

Eg skal því mæla með því sérstaklega, að frv. nái fram að ganga með þessari breytingu. Öðrum breytingum var naumast til að dreifa, því að örðugt viðfangs hefði t. d. orðið, að fara að fela lögreglustjórnum að ákveða, hverjir staðir væru hentugastir í þessu efni, og líka efasamt, hvort landeigendur hefðu ekki risið upp á móti slíkum ákvörðunum. Það er heppilegra og betra, að landeigendur komi sér sjálfir saman um þessa staði; það er þeim sjálfum í hag, að spilla ekki fyrir síldveiði, svo að þeir missi ekki fyrir bragðið landhluta.

Eiríkur Briem: Eg get verið þakklátur h. 1. þm. S.-Múl. (A. V. T.) fyrir undirtektir hans undir breyt.till. mína. Eg álcit hana nauðsynlega, því að eins og frv. er nú úr garði gjört, þá getur svo farið, að hvergi sé hægt að leggja þilskipum, af því að víðast geti verið einhver von um síldveiði. Eins og frv. er orðað, þá er eiginlega hvergi örugt að leggja þilskipum, því að, þó að síldveiði hafi ef til vill aldrei verið stunduð á þeim stað, sem þilskipi er lagt á, þá má samt færa það úr stað, ef einhverrar síldarveiðar er þar von, og þá von geta menn alls staðar fengið. Það kynni líka að vera, að menn gætu notað sér þetta sem hrekkjabragð og sagt, að þarna og þarna vildu þeir nú leggja síldarnætur, og þess vegna yrði að flytja þilskipin burt. Á Faxaflóa er eg hræddur um að það yrði lítið um staði, sem þilskipum mætti leggja, svo að þar væri ekki annaðhvort síldveiðar eða ufsaveiðar von, en það er þó nauðsynlegt, að því verði við komið. Ef frumv. væri haldið, eins og það liggur fyrir, þá verður ekki girt fyrir það, að menn geti orðið reknir með skip sín úr einum stað í annan, og væri slíkt fyrirkomulag óþolandi fyrir skipseigendur.

Eftir breyt.till. minni við frumv., þá er farið fram á, að í þessu efni geti menn náð samningum við landeigendur eða ábúendur, og að þá hafi eigi aðrir heimild til að heimta, að skipin séu flutt í burtu. Ef það ekki tekst á einum stað, þá má leita fyrir sér á öðrum, og eg get ekki ímyndað mér, að það verði svo þröngt um í því efni, að þilskipaeigendur geti ekki komið skipum sínum fyrir einhvers staðar, þar sem nægileg trygging er fyrir því, að þau geti legið óröskuð og í friði til næstu vertíðar. Eg skal því mikillega óska þess, að þessi breyt.till. mín nái fram að ganga.

Julius Havsteen: Mér gezt mjög vel að breyt.till. h. 6 kgk. þm. (E. Br.) og álít þær til bóta. Hvað snertir ræðu h. meðflutnm. míns (A. V. T.), þá skildi eg hann svo, sem hætt væri við því á Eyjafirði, að ekki væri nægilegt pláss handa þilskipum til vetrarlegu. En svo er ekki. Það má leggja þeim, hvar sem vera skal í firðinum, hvort sem er við Oddeyri, Svalbarðseyri, Skjaldarvík, Gáseyri, Hjalteyri eða Hrísey og ekki annað heimtað hér, en að þau liggi 180—200 faðma eða svo langt frá landi, að hægt sé að koma fyrir nót með svo löngum streng. Þó að þilskipastóllinn væri tífalt stærri, væri nóg pláss fyrir hann þar. Mér er ekki kunnugt, hvort aftur í Hafnarfirði sé nóg pláss fyrir þilskip þar; um það er annar þm. hér í deildinni kunnugri en eg og gæti gefið upplýsingar í því efni. En hér

í nánd við Reykjavík er plass mjög víða. Aftur er ekki mikið um nótaveiðar hér, helzt lítið eitt ufsaveiði og þá í fjörunni í sjálfum kaupstaðnum. Meðflutnm. minn tók það fram, að ekki væri hætt við plássleysi fyrir austan, því að þilskip væru þar ekki mörg enn þá, en aftur er þar yfirgnæfandi atvinna við síldveiðar.

Eg vil því leggja til, að frumv. fái að ganga sína leið með breytingu þeirri, sem h. 6 kgk. (E. B.) hefir komið fram með.

ATKV.GR.: 1. brt. á þskj. 307 við 1. gr. sþ. í e. hlj.

2. brt. á þskj. 307 við 1. gr. sþ. í e. hlj.

1. gr. breytt sþ. með 10 atkv.

2. gr. sþ. með 9 atkv.

Fyrirsögn frv. sþ. með 10 atkv.

Frv. vísað til 3. umr. með 9 atkv.

Þriðja umr., 8. ágúst (C bls. 510).

ATKV.GR.: Frv. sþ. í e. hlj. og afgreitt til forseta Nd.

Ein umr., 23. ágúst (C bls. 733).

Július Havsteen: Frumv. þetta er nú komið hingað frá h. Nd. aftur, og hefir því verið breytt þar lítilsháttar. Helztu breytingarnar eru viðvíkjandi því að tryggja rétt skipseigenda Eg hefi ekkert á móti þessum ákvæðum, þar eð eg hygg, að í frumv. voru hafi ekki verið tekið nægt tillit til þessa atriðis. Eg og hinn h. meðflutnm. minn álítum því breytingar þessar til bóta og vonum, að frumv. verði samþ., eins og það nú liggur fyrir.

ATKV.GR.: Frumv. samþ. með 10 shlj. atkv. og afgreitt til landsh. sem lög frá alþingi.

Laxveiðar.

FRUMAARP til laga um laxveiðar; 1. umr., 19. ágúst (C bls. 663).

Jónas Jónassen stakk upp á 3 manna nefnd.

ATKV.GR.: Nefnd sþ. með 6 atkv. og í hana kosnir:

J. Jónassen með 8 atkv.
Ól. Ólafsson — 5 —
Magn. Andrésson — 4 —

með hlutkesti milli hans og J. Havsteens, sem báðir höfðu fengið jöfn atkv.

1. umr. frestað.

Verðlagsskrár.

FRUMVARP til laga um viðauka við lög 6. nóv. 1897 um undirbúning verðlagsskráa; 1. umr., 3. júlí (C. bls. 145).

Julius Havsteen: Eins og athugasemdirnar við frv. þetta bera með sér, hefir það til orðið fyrir hvöt stiptsyfirvaldanna, er hafa fundið til þess, hve seint og illa undirbúnar verðlagsskýrslurnar hafa komið til sýslumanna, og hefir þetta þannig haft þær afleiðingar, að verðlagsskrárnar hafa eigi getað komið út á sama tíma, og að sumar þeirra naumast hafa birst nógu tímanlega. Ýms óregla kvað hafa átt sér stundum stað, og hefi eg jafnvel heyrt, að það hefði komið fyrir, að einstakir nefndarmenn hafi leyft sér að gera breytingar á skýrslunum, eftir að þær voru undirritaðar af nefndinni í heild sinni. Eg hefi að vísu eigi rannsakað þetta enn til hlítar, en hefi í hyggju að gera það. Mál þetta er einfalt í sjálfu sér, og álít eg fyrir mitt leyti eigi nauðsynlegt að skipa nefnd í það, og skal eg því leyfa mér að mæla með því að það gangi til 2. umr.

ATKV.GR.:

Frv vísað til 2. umr. í e. hlj.

Önnur umr. 5 júlí (C. bls. 145).

Julius Havsteen: Eg gat þess við fyrstu umr. þessa máls, að eigi væri þörf á að skipa nefnd í það, en eftir að eg

hefi athugað það nánara, sé eg, að málfærið á því er víða óviðfeldið, svo að nauðsynlegt er að gera breyt.till. við það; en með því að tíminn er svo naumur, vil eg skjóta því til hins háttv. forseta, að hann láti taka málið út af dagskrá.

Málið tekið út af dagskrá.

Framhald 2. umr. 20. júlí (C. bls. 145, 185).

Julius Havsteen: 2. kgk. þm., (H.Sv.) þm. Mýr. (M.A.) og eg, höfum leyft oss að koma fram með br.till. við frv. þetta, Eins og fljótt má sjá, eru það engar efnisbr., sem vér höfum stungið upp á, heldur höfum vér að eins lagað orðfæri á 1. gr. frv. Þannig hafa verið tekin út úr 1. gr. ákvæðin um þær réttarfarsreglur, sem meðhöndla ætti mál þau eftir, er risu út af brotum gegn lögunum, og sett í sérstaka grein út af fyrir sig, eins og vandi er til. — Eg leyfi mér að láta þá von í ljósi, að háttv. deild samþykki þessar br.till., og að frv. fái að ganga áfram til 3. umræðu.

ATKV.GR.:

Breyt.till. (35) við 1. gr. 1. stfl. sþ. með 10 atkv.
1. gr. frv. þar með fallin.
2. gr. frv. samþ. með 10 atkv.
Viðaukatill. (35) — — — —
Fyrirsögn frv. — — — —
Frv. vísað til 3. umr. — — —

Þriðja umr., 12. júlí (C. bls. 232).

Frv. sþ. í e. hlj. og afgreitt til forseta Nd.

Verðlag.

FRUMVARP til laga um verðlag; 1. umr. 14. ágúst (C. bls. 594).

Julius Havsteen: Eg verð að játa það, að mér er ekki alveg ljóst þetta frv. Eg veit ekki, hvort það er meiningin að ákveða með því fasta meðalalin. Standa þá önnur lög um verðlagsskrár í gildi? *(Landshöfðingi:* Já). Þá get eg ómögulega séð, að það sé unnið neitt með þessu frumv. yfir höfuð og held jafnvel, að það sé alls ekki rétt í sjálfu sér að láta það komast í gegnum þingið.

Sigurður Jensson: Eg get ekki verið því samþykkur, að meðalalinin sé ákveðin af löggjöfinni. Það getur vel verið, að það megi benda á ýmislegt, sem ábótavant er við samning verðlagsskránna, eins og nú er, en það er eg sannfærður um, að þetta frumvarp verður ekki til að bæta úr því. Ef frumvarp þetta væri í sömu mynd, eins og eg einu sinni sá það í Nd., þar sem ákveðið var verðlag á ýmsum helztu vörutegundum og þannig gert alveg óþarft að semja nokkra verðlagaskrá, þá gæti eg skilið, að það væri nokkur ávinningur. Það væri þó unnið við það, að þá gæti sparast bæði tími og kostnaður við undirbúning verðlagsskráa. Þannig væri eitthvað unnið, en eins og frv. nú er, getur það haft mjög óheppilegar afleiðingar. Meðalalin er sá grundvöllur, sem margir skattar og gjöld byggjast á, og þegar löggjafarvaldið ákveður meðalalinina, þá ákveður það um leið upphæð gjaldanna í hverri einstakri sýslu. Afleiðingin af þessu yrði eðlilega sú, að strax kæmu fram óskir um að hafa meðalalinina sem lægsta, því að menn vilja helzt, að gjöldin séu svo lág, sem hægt er. Fyrst kæmi beiðni til þingsins frá þeim sýslum, þar sem meðalalinin er sett hæst, að lækka hana, svo að hún verði jöfn um land alt, því að hvers vegna eiga hinir opinberu skattar að vera hærri í einni sýslu en annari? Þeir eru að vísu nú mismunandi í hinum ýmsu sýslum, en það má segja, að það sé afleiðing af því, að verðlagsskýrslurnar séu í þessu sem öðru óáreiðanlegur grundvöllur til að byggja á. Ef þingið á að ákveða meðalalinina, þá mundi einlægt vera reynt til að færa hana niður

og eg gæti vel trúað, að það yrði gert að kosningaspursmáli, og þingmenn látnir lofa við kosningar að lækka meðalalinina fyrir kjördæmi sitt.

Eg vildi því helzt, að málið yrði skoðað í nefnd, en eg er algerlega á móti því í þessu formi, eins og það er nú komið frá neðri deild. Er eg því helzt að hugsa um að stinga upp á nefnd.

Landshöfðingi: Eins og háttv. þingm. Barðstr. tók fram, þá yrði afleiðingin af því, ef þingið tæki að sér að búa til lög um meðalalinina, þá þyrfti ekki að búa verðlagsskrár til. Nefndin í Nd hafði ætlast til, að samning verðlagsskráa félli að öllu leyti burt, en uppástunga hennar í þessa átt var ekki samþykt, heldur er frv. stjórnarinnar um undirbúning verðlagsskráa afgreitt frá deildinni. Það liti því nokkuð undarlega út, ef nú væru samþykt önnur lög, sem færu fram á að afnema verðlagsskrárnar með öllu, þannig að frá þinginu kæmi tvenn lög: önnur um undirbúning og hin um afnám verðlagsskráa.

Hallgrímur Sveinsson: Eg vil játa, að þetta sé annað vandræðamálið frá ekki síður en um aðflutning húðanna. Það hefir oftar en einu sinni verið reynt að koma heppilegu fyrirkomulagi á verðlagsskrárnar, en ekki tekist, og nú er komin ein tilraunin enn í þá átt, en þrátt fyrir alt og alt eru ákveðin um samning verðlagsskránna alt annað en full trygg og nægileg. Til að samfærast um missmíðin, þarf ekki annað en benda á þá yfirlitstöflu, sem landbúnaðarnefndin hefir samið um meðalalin margra undanfarinna ára. Það er nokkuð óskiljanlegt og óeðlilegt, hvað þessar verðlagsskrár breytast og meðalverð þeirra á einu ári, eins og til dæmis í einni sýslu skuli meðalverðið breytast úr 71 eyrir niður i 40 au. (*Landshöfðingi*: Það var nú af sérstakri ástæðu, að það var gert í Dalasýslu). Það var í Dalasýslu 1899, en auðvitað var það af sérstakri ástæðu, eins og hæstv. landsh. tók fram, en það er ekki lítið, að því skuli muna um 31 eyrir. Það er vitaskuld, að eðlileg atvik geta valdið töluverðum mismun á verðlagi frá einu ári til annars. En stór stökk eru óeðlileg og ættu ekki að eiga sér stað. Það er of mikið, að meðalalin skuli geta breyzt um 18 eða 20 aur. á ári. Slíkt getur valdið talsverðum óþægindum fyrir gjaldendur. Menn eru skyldir að gjalda af ákveðnum gjaldstofni, en mælikvarðinn, sem gjalda skal eftir, er æði mislyndur. Nú er það ákaflega þýðingarmikið, hvort menn þræða vandlega meðalveginn eða freistast til að setja vörutegundir annaðhvort hærra eða lægra en að réttu lagi bæri að vera. En nú er það kunnugt, að mennirnir eru ekki eins góðir og þeir ætti að vera, og geta þeir því vitanlega freistast til að hækka sumar vörutegundir, sem þeir geta búist við að komi þeim að notum eða orðið þeim til hags að einhverju leyti. Það er líka býsna mikið vandamál fyrir presta, sem leggja sinn skerf til undirbúnings verðlagsskráa, að verða að hafa að áhrif á það hlutfall, sem tekjur þeirra eiga að greiðast eftir. Hér er því margt athuga og margt að varast. Það verður nú alls ekki sagt, að nein vanþörf sé á nýrri tilraun, geti hún gefið von um betri árangur til að fyrirbyggja þann óeðlilega mun og ótrúlegu breytingu, sem komið getur á verðlagsskrárnar. Með þessa galla á núverandi ástandi fyrir augum er það alls ekki óskiljanlegt, að mönnum hafi komið til hugar að láta lögin ákveða einhverja normeraða meðalalin, því að það er sannarlega þörf á, ef það gæti tekist að fá normeraða meðalalin sem viðunanlegan mælikvarða, því að það er stórslys sem komið geta fyrir með þann mælikvarða, sem vér nú höfum. Gæti það þá orðið til þess að fyrirbyggja þessar stóru og snöggu breytingar á meðalverði verðlagsskránna. Þyrfti þetta mál því að

verða rækilega íhugað og ekki rétt af deildinni að greiða atkv. með því, eins og það liggur nú fyrir. Vildi eg stinga upp á nefnd í málið án þess þó að taka orðið frá þeim, sem tala vilja fleira um þetta efni.

Július Havsteen: Eg er þess fullviss, að ef lög verða búin til í þessu skyni, þá koma ótalbeiðslur um að breyta meðalalininni, eins og átti sér t. d. stað í þessu umrædda tilfelli í Dalasýslu. Mönnum varð þá svo mikið um, að sýslunefndin þar skrifaði styftsyfirvöldunum, og fór þess á leit, að meðalalinin, sem var 71 aur., yrði sett niður. Nú kemur líka til greina hér, hvernig fara skuli að, þegar svo hefir verið ákveðið í samningum og byggingarbréfum, að gjöld skuli greiðast eftir meðaltali verðlagsskrárinnar. Eg fæ eigi betur séð, en að slíkt geti gefið tilefni til ágreinings milli partanna, sem ómögulegt sé að útkljá. Mér væri þökk á því, að hinn háttv. 2. kgk. þm. vildi gefa einhverja leiðbeiningu hér að lútandi. Að öðru leyti tek eg undir það, að mér finst sjálfsagt að setja þetta mál í nefnd, ef menn hugsa til að koma því áfram á einhvern hátt.

Hallgrímur Sveinsson: Eg vil leyfa mér að svara spurningu h. 1. kgk. þm. (J. H.). Hvað ætti að skoða sem meðalalin verðlagsskrár? Vitanlega eiga þessi orð illa við, þegar meðalalin er fastákveðin og eigi sett í verðlagsskrá, eins og þetta frumv. gerir ráð fyrir. En með því að hin lögákveðna meðalalin kemur í staðinn fyrir meðalalin verðlagsskrár, þá mundi í slíkum samningum, sem hér er um að ræða, vera rétt að líta svo á, að fara eigi eftir hinni ákveðnu meðalalin. Þetta er þó nauðsynlegt að athuga, til þess að samningar einstakra manna lendi í engum torfærum. Öllu þessu ætti væntanleg nefnd að reyna til að ráða bót á.

Guðjón Guðlaugsson: Mér þykir leiðinlegt, að frumv. þetta skuli hafa komið þannig úr garði gert frá h. Nd., að það þurfi að fá eins slæmar undirtektir hér í þessari deild. og raun er á orðin. Eg ætla mér ekki að taka fram þá nauðsyn, sem frumv. þetta fer fram á, því að h. 2. kgk. þm. (H. Sv.) hefir gert það svo rækilega og hygg eg, að enginn geti mótmælt því, að ummæli hans hafi verið á góðum rökum bygð.

En það, sem eg vildi vekja athygli h. deildar á, er það, að mér finst alls eigi ógerandi að breyta þessu frumv. með því að taka upp í það aftur ákvæði þau, sem feld voru burt úr því í h. Nd. og sem geri það mögulegt, að frv. verði samþykt, en eins og frv. nú liggur fyrir, er ómögulegt að samþykkja það, þar sem ætlast er til, að verðlagsskrá sé samin eftir sem áður, er eigi samsvari verðlagi þessarar meðalálnar, sem hér ræðir um. Þess vegna verður að taka upp í frv. ákvæði um þá helztu gjaldaura, sem goldið er með og ákveða fast meðalverð á þeim, og þá var svarað spurningu h. 1. kgk. þm. (J. H.) nefnilega, þegar miðað er í byggingabréfum við meðalverð verðlagsskráa, eg skal taka til dæmis ljóstoll eftir meðalverði á tólg. Ef þær vörutegundir, sem líklegar eru til að koma fyrir í samningum verðlagsskráa yrðu teknar upp í frumv. eins og áður var gert í h. Nd., þá hygg eg, að einmitt þessi lög komi fyrir verðlagsskrár. Af því að eg er svo hjartanlega samþykkur h. 2. kgk. þm. (H. Sv.) um það, að nauðsyn beri til að breyta lögunum í þessa átt, þá er eg því fullkomlega samþykkur, að þetta frumv. sé athugað í nefnd og að reynt sé að bæta það sem bezt.

Eg skal játa, að það er rétt, sem hæstv. landsh. tók fram, að leiðinlegt sé, að önnur lög fari frá sama þinginu um þetta efni, en þar sem þau þurfa eigi að koma í bága við þetta frv., þá ætti eigi að fella það algerlega; því að þótt grundvöllurinn

sé réttur fyrir samningu verðlagsskráa, þá eru samt ýmisleg ákvæði miður heppileg, eins og t. d. þau, sem geta jafnvel orðið siðspillandi, svo sem það, að gjaldendur og skatt-takendur hafi tækifæri til að ákveða gjöld sín og tekjur. Þetta álít eg mjög óeðlilegt og vil eg fastlega mæla með því, að nefnd verði skipuð í þetta mál.

Landshöfðingi: H. þm. Strand (G. G.) lét í ljósi þá ósk í ræðu sinni, að frumv. yrði breytt hér í deildinni þannig, að það yrði sett í það form, sem það kom í frá nefndinni í h. Nd. það er að segja, að sett verði inn í það verðlag á öllum helztu vörutegundum í verðlagsskránni. Til hvers er þá verið að búa til árlegar verðlagsskrár, þegar búið er að ákveða með lögum fast ákveðið verðlag meðalálnar og í ýmsum helztu vörutegundum? Því er þá verið að setja verðlag á smjör, ef verðlagið er fastákveðið með lögum fyrir hverja sýslu? Það yrði þá að afnema öll ákvæði um verðlagsskrár yfir höfuð og hætta að búa þær til; það er engu tapað við, þó það væri gert; en eg tek það upp aftur sem eg tók fram áðan, að það er leiðinlegt og óviðfeldið, að þingið samþykki tvenn lög, sem ómögulegt er að sameina og sem koma í bága hvor við önnur. Það er óviðkunnanlegt að gera viðauka við lögin 1897 og samtímis ákveða, að engar verðlagsskrár skuli vera samdar. Þetta finst mér vera svo neyðarlegt fyrir þingið, að það geti eigi verið þekt fyrir að láta slíkt fara frá sér.

Guðjón Guðlaugsson: Fyrri ástæðu hæstv. landsh. get eg vel svarað strax. Það var meining mín, að ef sett yrðu inn í frumv. ákvæði um verðlag á öllum helztu vörutegundum í verðlagsskránum, þá yrði um leið numið úr gildi, að semja verðlagsskrár; en að því er hitt atriðið snertir, þá skal eg játa, að það er leiðinlegt fyrir þingið að senda samtímis frá sér tvenn lög, sem ómögulegt er að sameina; en það er hin deildin, sem hefir gert sig seka í því, að afgreiða hitt frv. sem lög frá þinginu og senda svo þetta frumv. þannig úr garði gert hingað upp í deildina. Þó eg finni, að þessi breytni þingsins, að semja tvenn lög, sem ekki geta samrýmst og ekki verða staðfest, sé mjög óviðfeldin, þá verð eg samt að halda því fram, að æskilegt væri að þetta mál væri sett í nefnd, til þess að íhuga það betur. — Eg gleymdi áðan að svara h. þm. Barðstr. (S. J.) að þar sem hann talaði um, að eftir þessu frumv. væri misjöfn meðalalin, þá fæ eg ekki skilið það. Er hægt að bera á móti því, að þar sem landaurar eru í hærra verði, þar sé meðalalin hærri? Í mínu kjördæmi er hún ákveðin 53 aurar, en í Skaftafellssýslum báðum og Rangárvallasýslu að eins 47 a., eftir þessu frv.

Eg veit nú eigi, hvort þetta er nákvæmlega rétt ákveðið, en mér finst þó ekkert sérlegt við það að athuga. Eg get ekki neitað því, að t. d. ær að verðlagi eru miklu meira virði í Strandasýslu en víða annarstaðar, og því ætti þá ekki að setja þar hærri meðalalin? Þá er ósanngjarnt að hafa sömu meðalalin alstaðar. Eg skal svo leyfa mér að stinga upp á 3 manna nefnd í þetta mál.

Guttormur Vigfússon: Eg vildi að eins leyfa mér að segja örfá orð til athugunar fyrir þá nefnd, sem væntanlega verður kosin til að íhuga þetta mál. Fyrst mönnum þykir það svo óviðkunnanlegt, að áður eru samþykt frá þinginu lög, sem koma í bága við þetta frv., þá finst mér, að það mætti gera við því með því að kveða svo á, að þessi lög skuli fyrst koma í gildi 1903, og nema þá hin lögin úr gildi á næsta þingi. — Viðvíkjandi því, sem háttv. þm. Barðstr. (S. J.) tók fram, að með því að þingið gengi inn á þessa braut, gæti það orðið kappsmál fyrir kjördæmin, að fá meðalalininni breytt á hverju þingi, og þannig yrði mál þetta að agitations spursmáli við alþ.kosningar, datt

mér í hug, hvort eigi væri heppilegra að lögin eigi giltu um óákveðinn tíma, heldur um visst, t. d. 5 eða 10 ára bil, og að þá væru aftur samin lög svipuð þessum; þá væri grundvöllurinn til, ef verðlagsskrá yrði samin árlega. Þetta hefði þann kost, að þó verðlagsskráin eins og oft hefir komið fyrir, yrði mismunandi, þá yrði það síður tilfinnanlegt, þegar meðaltal væri tekið af fleiri ára tímabili eða með öðrum orðum, ef tekið væri meðaltal þeirra verðlagsskráa, er hefðu gilt um síðustu t. d. 10 ár.

Eg skal svo eigi orðlengja frekar um þetta mál, en vildi að eins beina þessari athugasemd til hinnar væntanlegu nefndar, hvort henni fyndist ekki tiltækilegt, að lögin væru takmörkuð á þennan hátt.

Axel V. Tulinius: Eg vildi að eins leyfa mér að gera fyrirspurn um, hvað meint er með meðalin, hvort það er meðalverð allra meðalverða eða meðalalin í friðu sem það líka getur verið; en sú nefnd sem væntanlega verður skipuð í þetta mál, getur athugað þetta nánar.

3 manna nefnd sþ. í e. hlj.

Kostning hlutu:

Guðjón Guðlaugson með 8 atkv.
Hallgr. Sveinsson — 8 —
Julius Havsteen — 4 —

1. umr. málsins frestað.

Verðmerki og vöruseðlar.

FRUMVARP til laga um bann gegn verðmerkjum og vöruseðlum; 1. umr., 16. ágúst (C. bls. 559).

Frumv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Önnur umr., 19. ágúst (C. bls. 559).

Sigurður Jensson: Eg efast ekki um það, að hinum háttv. flutningsm. þessa frv. hafi gengið gott til þess að koma með slíkt frv., en eg fæ ekki séð, að það miði til nokkurs gagns. Hafi það vakað fyrir þeim að útiloka hér með alla vöruskiftaverzlun, þá hefði þurft meira með. Til þess að koma í veg fyrir vörskiftaverzlunina, þá þyrfti að banna að kaupa íslenzkar vörur fyrir annað en peninga, en meðan vöruskiftaverzlunin helzt, verður ávalt tvenns konar verðlag hjá kaupmönnum, annað mót peningum og hitt móti vörum. Það er meinið við alla verzlun að minsta kosti út um landið, hvað lítið af peningum er á gangi, en í Reykjavík er þetta farið að lagast að minsta kosti nú á síðari árum. Viðskifti manna þar ganga mestöll í gegnum verzlanirnar og innskriftir til verzlananna eru því gjaldgengur miðill manna á milli. Verzlunarreikningarnir grípa því ekki að eins yfir viðskifti verzlunarinnar sjálfrar heldur og ýms viðskifti manna á milli. Hver maður, sem er í bók hjá verzluninni, fær í vezlunarreikningi sínum ekki einungis upptalning á vörum, sem hann hefir lagt inn og tekið út, en skrá yfir inn- og útborganir til þeirra manna, sem hann á saman við að sælda, og þetta eykur verzlunarmönnum talsverða fyrirhöfn. Til þess nú að spara sér mikla bókfærslu, sem af þessu leiðir, hafa menn notað þessi verðmerki. Það er vöruskiftaverzlunin, sem er ógæfa fyrir landið, en þessi vörumerki eru að eins meðal, sem notað er, til að spara sér ómak. Einhver borgar mér t. d. 50 kr. í innskrift, sem hann fær með því skilyrði, að eg taki vörur út á innskriftina, þá má mér standa á sama, hvort eg fæ upphæðina skrifaða inn í minn verzlunarreikning, eða eg fæ vörumerki og vöruseðla, sem eg get tekið út á, þegar mér hentar. En einmitt þetta, að eg fæ vöruseðlana sparar verzluninni töluvert ómak og bókfærslu. En mér má á sama standa. Meðan ekki er hægt að koma í veg fyrir vöruskiftaverzlunina, þá sé eg ekki að neitt sé unnið með því að fyrirbjóða verðmerkin. Ef þar á móti eitthvert ráð finst til að koma peningum á gang,

svo menn fái vörur sínar borgaðar í peningum, þá hverfa þessir vöruseðlar af sjálfu sér.

Axel Tulinius: Eg ætla að eins að gera stutta aths. Mér skildist meiningin með vöruseðlunum og verðmerkjum, að þau kæmu fyrir innskriftir og þá er eg með frv., því að taka verðmerki sem innskriftir er sama, sem að fá peniga. Það eru engin lög fyrir því, að kaupmaðurinn eigi ekki að borga í peningum út á innskriftir. Sá sem því hefur verðmerki verður að fá peninga hjá verzluninni. Að minnsta kosti er það praxis fyrir austan, þar sem eg þekki til.

Jónas Jónassen: Eins og h. þingdeildarmönnum er kunnugt, gekk frv. þetta orðalaust gegnum h. Nd., enda er það mjög eðlilegt. Eg get alls ekki skilið í því, að nokkur maður geti haft nokkuð á móti þessu frv. Eg skil ekki að h. 1. þm. S.-Múl. (A. V. T.) geti meint það, sem hann sagði áðan. Mér hefur fundist vörumerki þessi vera á takmörkunum og jafnvel ganga fram yfir takmörkin með að vera brot á móti lögunum frá 9. ágúst 1899. Eg skil ekki, að menn skuli yfir höfuð nokkurs staðar hafa liðið þessa vöruseðla, enda munu þeir aðallega vera í gildi einungis á Eyrarbakka og á Bíldudal, og mér finnst alveg sjálfsagt, að bannað sé með lögum að búa til slíka seðla, sem eru svo líkir útlendum seðlum.

Þegar eg var fyrir vestan í sumar, kom maður nokkur snemma morguns um borð til okkar til að selja kola. Eg spurði hann þá, hvað hann seldi kolann, og komst að raun um, að hann seldi hann fyrir hátt verð. Þegar maðurinn tók upp budduna sína, sá eg að hann hafði mikið af peningum í henni, og að hann hafði mikið af gulli; sagði maðurinn mér þá, að þetta væru nú ekki eiginlega gjaldgengir peningar, heldur væru það peningar frá kaupmanninum hans. Það er mjög undarlegt, að nokkrum skuli vera liðið að gefa út slíka peninga til almennings. Það er afleitt að geta ekki fengið út á slíka peninga, nema hjá þeim kaupmanni, sem gefur þá út, eins og t. d. fyrir þessa gulu 10 eyringa frá Thorsteinsson á Bíldudal. H. þm. Barðstr. (S. J.) sagði, að það væri nauðsynlegt að gefa út slík verðmerki, af því að það vantaði peninga, en hversu mörgum 10 krónum skyldi ekki vera kastað í sjóinn út um allt, sem aldrei koma til kaupmannsins, og sem beinlínis er týnt? Með slíku fyrirkomulagi eru menn bundnir á klafa, það er til stórra hagsmuna fyrir kaupmanninn, en óþolandi fyrir „publicum", að slík vörumerki gilda ekki annarstaðar en t. d. á Bíldudal. Ef menn, sem hafa þessi vörumerki frá Bíldudal, flytja suður eða í einhverja aðra landsfjórðunga, hafa ósköpin öll af þessum gagnslausu peningum, þá er slíkt óheyrilega ranglátt. Eg álít beinlínis hneykslanlegt fyrir þessa deild að samþykkja ekki þetta frv., sem gekk orðalaust gegnum h. Nd.

Sigurður Jensson: Út af orðum h. 1. þm. S.-Múl. (A. V. T.), skal eg geta þess, að þar sem hann skildi mig svo, að þessi vörumerki kæmi í staðinn fyrir innskrift, þá er það rétt, að það er að nokkru leyti innskrift, sem teknar eru út á vörur. Ef maður, sem á að borga skuld, segði við kaupmanninn: „Eg vil fá innskrift, til þessa manns og ætlast til að fá hana í peningum, þá fengi hann alls ekki þessa innskrift og kaupmaðurinn vildi eigi taka að sér að borga fyrir hann, Þar sem h. 4. kgk. þm. var svo mjög á móti þessum vörumerkjum, þá hygg eg, að það muni koma til af því, að hann er Reykvíkingur og hefir ekki sett sig inn í, hvernig þessu er varið. Hann sagði, að þessi vörumerki væru alveg óhafandi, en það er eðlileg afleiðing af vöruskiftaverzluninni; það er hún, sem h. þm. ætti að fyrirdæma og banna; en úr því að hún er nú á annað borð, þá er þetta neyðarúræði,

sem menn verða að grípa til, af því að peningana vantar. Þessi vörumerki hafa ekki verið bönnuð, af því að þau hafa verið álitin praktisk, en þeim hefir ekki verið neytt upp á neinn. Menn geta að eins fengið út á þau vörur, en það er af því, að það eru ekki til nægir peningar. Það er það, sem vantar, að finna eitthvað, til þess að nægir peningar séu í umferð í landinu. Þá eru þessi lög óþörf, og vörumerkin og vöruseðlarnir hverfa af sjálfu sér.

Axel V. Tulinius: Eg get ekki séð, að það séu nein vandræði fyrir þá menn, sem fá innskrift hjá kaupmönnum. Þeir geta fengið hana út borgaða í peningum og þurfa alls ekki að taka þessi vörumerki, þeir þurfa ekki annað en að lögsækja viðkomandi skuldunaut, og geta fengið hann dæmdan til að borga. Eg er að vísu ókunnugur fyrir vestan, og getur verið, að verzlunarástandið sé öðruvísi þar en annarstaðar, þar sem eg þekki til, en það veit eg, að á Austurlandi álíta menn sjálfsagt, að kaupmenn borgi innskrift í peningum, og það, sem menn eiga inni hjá kaupmönnum, fá menn einnig í peningum. Hvað það snertir að afnema ætti alla vöruskiftaverzlun, þá er eg alveg samdóma h. þm. Barðstr. (S. J.) um það; en eg sé enga ástæðu til, að magna hana enn þá meira en nú er. Þessi vörumerki ganga einmitt í þá átt, að halda henni við, en ekki að koma í veg fyrir hana. Af þessum ástæðum, sem eg nú hef tekið fram, verð eg því að vera alveg á móti þessum vörumerkjum og vöruseðlum.

Julius Havsteen: Eg er alls eigi í efa um, að það ætti alveg að banna þessi verðmerki og vöruseðla og það sem fyrst. Hversvegna eiga einstakir menn að hafa leyfi til að gefa út nokkurs konar peninga, því að annað eru þessi verðmerki og vöruseðlar ekki, hvað sem h. þm. Barðstr. (S. J.) segir um þá? Eg get hugsað mér, að sú misbrúkun yrði á þessum verðmerkjum, að eigi fengjust vörur út á þá, nema með afslætti á þessum vöruseðlum, enda hef eg heyrt, að slíkt kæmi fyrir. Eg get þá heldur eigi séð nokkra nauðsyn á þessum verðmerkjum. Þau þekkjast hvorki fyrir norðan eða austan (í Múlasýslunum), en einungis í Barastr.sýslu, á Ísafirði og Eyrarbakka. Eg álít nauðsynlegt, að stemma stigu fyrir þeim. Þess vegna mun eg greiða atkvæði með þessu frv.

ATKV.GR.:

1. gr. frv. sþ. með 8 atkv.
2. — — — — 8 —
3. — — — — 8 —

Fyrirsögnin sþ. — 8 —

Frv. vísað til 3. umr. með 8 atkv.

Þriðja umr. 21. ágúst (C. bls. 559).

ATKV.GR.:

Frv. sþ. með 9 atkv. og afgreitt sem lög frá alþingi.

Vaxtaforgangsréttur veðhafa.

FRUMVARP til laga um forgangsrétt veðhafa fyrir vöxtum; 1. umr., 11. júlí (C. bls. 226).

ATKV.GR.:

Frumv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Önnur umr., 19. júlí (C. bls. 226, 237, 244).

Kristján Jónsson: Eg á ásamt tveimur öðrum háttv. þm. br.till. við frv. þetta á þskj. 67. Í fljótu bragði virðist hún vera nokkuð viðtæk, þar sem við höfum lagt það til, að texti laganna, þ. e. alt lagafrv. skuli orðast svo sem þar stendur; en þó eru það í raun og veru ekki nema tvö atriði, sem farið er fram á, að breytt sé í lögunum, og vildi eg leggja það til, að hin háttv. þingd. samþykki þessa br.till. Eg skal svo reyna að færa ástæður fyrir

því. Það er nú meir en öld, síðan að lög sama efnis komust á í Danmörku og Noregi, nfl. með tilsk. 12. marz 1790, en þau fara í þá átt, að tryggja rétt síðari veðhafa þannig, að skuldunautur geti eigi rýrt hann með því að láta vextina hlaðast upp og skuldina þannig aukast. Þessi lög eru byggð á alveg réttum grundvelli og réttri skoðun, enda veit eg, að ýmsir dómendur álíta, að sú grundvallarregla, sem fyrgreind lög byggjast á, sé einnig gildandi hér á landi, þótt eigi séu til um það skrifuð lög, og þetta var mín skoðun á mínum sýslumanns árum, en þá fekk eg fleirsinnis tilefni til að athuga þessa spurningu. Í nefndum lögum stendur með berum orðum, að þau komi því að eins til greina, að vextirnir „betros" skuldunaut, en þetta danska orð þýðir hér það, að skuldunaut sé veittur gjaldfrestur á þeim; í texta lagafrv. stendur nú: „ef vextir af skuld eru látnir standa inni hjá skuldunaut" o. s. frv.; þetta er eigi nógu ljóst og getur misskilist. Nú fer breyt.till. okkar fram á, að leggja áherslu á það ákvæði, sem ótvíræðlega á að felast í lögunum, sem sé að veðhafi því að eins skuli missa forgangsrétt sinn fyrir vöxtunum, að hann hafi veitt skuldunaut gjaldfrest á greiðslu þeirra. Þetta getur hann gert bæði beinlínis með loforðum og samningum, og óbeinlínis með því að láta vextina að nauðsynjalausu og ófyrirsynju standa inni hjá skuldunaut ókrafða þannig, að svo verði á að líta eftir öllum atvikum, að umlíðun sé veitt á þeim. Það hefði mátt orða texta laganna þannig, að staðið hefði:

„Ef vextir . . . . . eru látnir standa að ófyrirsynju inni hjá skuldunaut" o. s. frv.; og hefði markmið laganna þá verið nægilega skýrt til greint. Að því er hitt atriði breyt till. snertir, nfl. að í staðinn fyrir: „verr tryggðum veðbréfum", komi: síðari veðhöfum. þá er þess að gæta, að síðari veðhafar geta haft alt eins góða tryggíng og hinir fyrri; hér eru eigi höfð fyrir augum gæði veðréttarins eða gildi hans fyrir veðskuldina, heldur hitt eingöngu, hvor veðrétturinn á að standa framar eða aftar, er til skuldalúkningar kemur af veðinu. Markmið laganna er að tryggja annan veðrétt, og með því móti gera það auðveldara, að lán geti fengist gegn öðrum veðrétti. Það er kunnugt, að allflestir lánveitendur, t. d. allir opinberir sjóðir veita ekki lán upp á meira en helming af verði veðsins, og getur þess vegna það verið mikilsvert fyrir veðeiganda, að geta fengið lán með öðrum veðrétti; en það verður því að eins hægt að fá það, að fyrsta veðhafa eða fyrri veðhöfum líðist ekki að láta vextina standa inni að nauðsynjalausu og skuldina aukast, svo að fyrsti veðréttur gleypi upp alt veðið. Breyt.till. fer því í þá átt, að tryggja verðgildi fasteigna til veðsetningar og rétt síðari veðhafa. —

Frá þessu sjónarmiði held eg ekki, að breyt.till. á þingskj. 81 sé nauðsynleg eða hafi við veruleg rök að styðjast. Eg skal svo eigi að þessu sinni fjölyrða frekar um hana, með því að eg býst við að sá, sem á hana, leiði rök fyrir henni, en óska að eins að hinn háttv. deild samþ. breyt.till. okkar á þskj. 67.

Ólafur Ólafsson: Þegar eg samdi br.till. mína, þá var eg ekki búinn að sjá eða lesa brt.till. á þskj. 67, frá hinum h. 1. 2. og 3. kgk. þm. Eg get strax játað það, að eg er alveg samþykkur háttv. 2. kgk. þm. (K. J.) um margt af því, sem hann hefir sagt um stefnu frv., en mín breyt.till. raskar alls eigi grundvallarstefnu frumv., eftir því sem eg fæ bezt skilið, og þó breyt.till. verði samþ., þá getur það ekki komið til greina, að vextirnir hrúgist upp á fasteignir í fyrsta veðrétti. Gjaldfresturinn getur eigi orðið lengri en tvö ár. Hvað það snertir, að það geti verið hættulegt, ef 2. eða 3. veðréttur er í fasteign, að það megi hrúga

vöxtum í fyrsta veðrétti upp á fasteign, þá má geta þess, að það getur líka verið viðsjárvert og óþægilegt fyrir veðhafa með 2. eða 3. veðrétti, að skyndilega sé gengið að veði þeirra. Það er greinarmunur á þeim stofnunum, sem taka vexti við byrjun, og þeim, sem taka þá við lok lánsársins; en nú getum við slegið stryki yfir þær allar í þessu frv.

Eins og kunnugt er, lánar landsbankinn út með þeim hætti, að vextirnir séu greiddir fyrirfram. Það er einnig kunnugt, að mörgum, sem jafnvel eru í góðum efnum, þykir þessi ákvæði bankans erfið. Ef 2 menn taka lán, annar í landsbankanum, hinn í sparisjóði, sem eigi heimtar vexti fyr en lánsárið er úti, þá fæ eg eigi betur skilið, en að þessir 2 skuldunautar verði að sæta misjöfnum kjörum. Ef lánið hefir verið tekið 11. júní 1900, þá á annar að borga það strax, en hinn ekki fyr en 11. júní 1901; ef hann eigi hefir einhvern bakhjall til að borga fyrir hann, þá verður gengið að veði hans 10. júní 1902, en sá, sem tekið hefir lán í öðrum sjóði, hefir heilt ár að hlaupa upp á þangað til gengið verður að hans veði. Af þessu leiðir einnig að sá, sem hefir veðsett part í fasteign með fyrsta veðrétti, verður að afhenda hann, fyr en sá, sem tekið hefir lán upphaflega í öðrum sjóði. Að vísu mun satt vera, að vanskil eigi sér oft stað bæði við bankann og aðrar stofnanir, og er það ofurskiljanlegt, þar sem peningavandræðin knýja menn til þess að verða óskilvísir; en á hinn bóginn getur oft staðið svo á; að sumir geti borgað vexti fyrir tvö ár í einu seinna árið, þótt þeir ekkert gætu borgað fyrra árið, og ef menn með góðu móti geta borgað vexti fyrir tvö ár seinna árið, þá er hart, að ganga að veðinu strax. Eg get því eigi séð, að þessi breyt.till. mín, geti gert neinn skaða, ef hún yrði samþ., heldur verð eg að álíta hana sanngjarna, og að hún miði til jafnari réttar á báðar hliðar. Mér er líka kunnugt um, að margir mundu verða henni sinnandi í Nd., ef frv. kæmi þangað aftur, og mundi hún því að öllum líkindum verða samþ. þar; skal eg svo eigi orðlengja frekara um þessa breyt.tillögu mína.

Landshöfðingi: Mér fanst hinn háttv. flutningsmaður að breytingartillögunni á þingskjali 81 vilja sanna meira en hann þurfti fyrir því, að hans tillaga væri rétt, því að mér fanst ræða hans beinlínis ganga út á, að það væri of stuttur frestur, að skuldunaut væri veittur 1 ár, en að það þyrftu að vera 2 ár. Þar sem fim. gat þess, að oft gæti staðið svo á, að menn gætu borgað vexti fyrir tvö ár í einu eftir á, þá verður munurinn ekki nema fyrsta árið, því að úr því hafa báðir í þeim tilfellum, sem flutnm. nefndi heilt ár frá gjalddaga fyrir sér til að borga vextina; sá, sem borgar fyrir fram, hefir heilt ár fyrir sér til þess að borga og sá, sem borgar vextina eftirá hefir heilt ár fyrir sér líka. Eg get því eigi séð, að neinn munur sé á þeim, nema að eins í fyrsta sinn. Breytingartillagan gefur reglu fyrir því, hvort vextirnir borgast fyrirfram eða eftir á. Ef nú vextirnir eiga að borgast á miðju ári, hvernig á þá að fara að? Eg held þess vegna, að það sé rétt, að samþykkja ekki breytingartill. á þskj. 81. Aftur á móti er mín sannfæring, að breytingartill. á þskj. 67 frá 1., 2. og 3. kgk. þm. sé góð réttarbót, en að frv. mundi verða spilt, ef breyt.till. á þskj. 81 væri samþykt, og vil eg því leggja til, að hún eigi verði samþykt, en aftur á móti breyt.till. á þskj. 67.

Kristján Jónsson: Eg vildi að eins leyfa mér að segja örfá orð út af athugasemdum þm. A.-Sk. um br.till. hans. Við höfum talað saman um þessa breyt.till. hans áður, og þrátt fyrir útskýring hans á henni, er mér enn þá ómögulegt að skilja hugsunargang hans og röksemdafærslu fyrir breyt.till. Eg hefði ef til vill

getað látið mér röksemdir hans lynda, ef hann hefði miðað við aðrar lánsstofnanir en bankann, lánsstofnanir, sem mér voru ókunnar, en breyt.till. miðar eingöngu og beinlínis við landsbankann. Hann hefir skýrt frá starfsganginum þar, og þá ætti honum að vera það ljóst, að þessi breyting, sem hann fer fram á, hefir enga þýðingu fyrir bankann né fyrir lánþega bankans. Þegar vextir af bankaláni eru komnir í gjalddaga, líður hvenær sem er aldrei nálægt því ár, áður en krefja verður um þá og krafið er um þá. Hvað það atriði snertir að bankinn neyðist til að ganga að veðunum fyrr, ef frv. þetta væru lög, þá er það alt annað mál, og er eigi heldur rétt; bankinn getur dregið það þrátt fyrir svofeld lög; spurningin verður þá að eins um það, hvernig halda skuli forgangsrétti vaxtanna við, og það verður með því að krafið sé á formlegan hátt um vextina. Þá er eigi gjaldfrestur veittur á þeim. Þegar þetta er athugað og breyt.till. er miðuð eingöngu við bankann og starfsmáta hans, þá er mér eigi unt að skilja, hvað meint er með henni. Þar sem gjalddaginn á vöxtum í bankanum er settur fyrir fram, þá breytir það í engu afstöðu málsins, en það á að vera til hagræðis fyrir bankann. Það er eftir þessari regln skylda bankastjórnarinnar, að ganga eftir, að vextirnir séu greiddir fyrfram, og ef hún gerir það ekki, þá gerir hún eigi skyldu sína. Um vextina hlýtur því ætið að vera krafið á fyrsta ári eftir gjalddaga þeirra, og það oftar en einu sinni, en þar fyrir er engin nauðsyn á, að svo fljótt sé gengið að veðinu.

Eg er fullkomlega samþykkur athugasemdum hins hæstv. landsh. um breytingartill. á þskj. 81; eg álít að það sé rétt, að hún verði ekki samþykt.

ATKV.GR.:

Br.till. á þskj. 67 samþ. með 6 : 2. atkv.

Viðaukatill.á þskj. 81 felld með 7 : 4 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:

Ólafur Ólafsson,
Axel Tulinius,
Guðjón Guðlaugsson,
Guttormur Vigfússon.

Nei:

Sigurður Jensson,
Eiríkur Briem,
Hallgrímur Sveinsson,
Jónas Jónassen,
Julius Havsteen,
Kristján Jónsson,
Magnús Andrésson.

Fyrirsögn frv. sþ. í e. hlj.

Frv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Þriðja umr., 23. júlí (bls. 326).

Frumv. sþ. í e. hlj. og endursent Nd.

Löggilding verzlunarstaðar I.

FRUMVARP til laga um löggilding verzlunarstaðar á Hjallasandi í Neshreppi utan Ennis innan Snæfellsness- og Hnappadalssýslu; 1. umr., 17. ágúst (C. bls. 645).

Sigurður Jensson: Af því að mér hefir verið send bænarskrá um, að á Hjallasandi verði löggiltur verzlunarstaður, vildi eg mælast til, að menn kyntu sér þá bænarskrá, sem lögð hefir verið fram á lestrarsalinn, áður en þeir greiði atkv. gegn þessu frv. Bænarskráin er frá merkum manni þar í plássinu, sem hefir látið sér mjög ant um að fá þessari löggildingu framgengt.

ATKV.GR.: Frv. vísað til 2. umr. með 7 shlj. atkv.

Önnur umr., 19. ágúst (C. bls. 645).

ATKV.GR.:

Meginmál frvs. samþ. með 6 : 1 atkv.
Fyrirsögnin — — 6 —
Frv. vísað til 3. umr. — 6 —

Þriðja umr., 21. ágúst (C. bls. 645).

ATKV.GR.: Frv, sþ. með 9 : 1 atkv. og afgreitt til landsh. sem lög frá alþingi.

Löggilding verzlunarstaðar II.

FRUMVARP til laga um löggilding verzlunarstaðar við Sandgerðisvík í Gullbringusýslu; 1. umr., 17. ágúst (C. bls. 645).

Hallgrímur Sveinsson: Eg ætla að lýsa að nokkru skoðun minni á þessum löggildingarmálum, sem svo oft liggja fyrir þinginu. Eg hef jafnan verið á móti þessum sífeldu löggildingum, er eg hef álitið óþarfar. Eg álít ekki nauðsynlegt að löggilda þennan verzlunarstað, þar sem hann liggur svo nálægt Keflavík. Eins og h. deildarmenn muna, eru ekki mörg ár síðan, að löggiltur var verzlunarstaður við Vogavík í Gullbringusýslu, af því að þinginu hefir verið yfirleitt ljúft að fjölga löggiltum verzlunarstöðum, og er það töluverður sægur af höfnum, þar sem löggiltir hafa verið verzlunarstaðir á síðari árum. Sumstaðar hefir löggildingarleyfið verið notað, en á mörgum stöðum hafa engar verzlanir risið upp, og engin líkindi til, að þar komi upp verzlanir um langan aldur. Eftir því sem verzlunarstöðunum fjölgar, að sama skapi aukast erfiðleikar með tolleftirlitið. Og það er óumflýjanlegt, að allir þessir smáu verzlunarstaðir, sem menn eru að setja upp án nokkurrar þarfar, dragi kraptinn úr hinum stærri kaupstöðum og verði þeim til hnekkis. Auðvitað hafa sumir þessara nýju verzlunarstaða orðið blómlegir, eins og t. d. Akranes og Borgarnes, sem engan þarf að iðra að hafa löggilt. En ef vér lítum á smáverzlunarstaðina t. d. í Eyjafirði og Dýrafirði, þá er víst mjög efasamt, hvort þær löggildingar hafi verið heppilegar. Það er of mikið til ætlast af löggjafarvaldinu, að það fari að rýmka svo mikið til í þeim efnum, að það fari að löggilda svo að segja hverja vík og vog til verzlunar, því að það gæti orðið til töluverðs ógagns.

Eg get því ekki verið með þessu frv. og svo mun ef til vill vera um fleiri h. þdm.

ATKV.GR.: Frv. vísað til 2. umr. með 8 : 1 atkv.

Önnur umr, 19. ágúst (C. bls. 645).

ATKV.GR.:

Meginmál frv. sþ. með 6 : 1 atkv.
Fyrirsögnin — — 6 — —
Frv. vísað til 3 umr — 6 : 1 —

Þriðja umr. 21. ágúst (C. bls. 645).

ATKV.GR : Frv. sþ. með 7 : 1 atkv. og afgreitt til landsh. sem lög frá alþingi.

Afnám saltkjötstolls í Noregi.

TILLAGA til þingsályktunar um afnám tolls á íslenzku saltkjöti í Noregi; ein umr., 24. ágúst (C. bls. 782).

ATKV.GR : Till. samþ. í e. hlj. og afgreidd til landsh. sem þingsályktun frá alþingi.

Skrásetning skipa.

FRUMVARP til laga um breyting á 1. gr. laga 13. des. 1895 um skráretning skipa; 1. umr., 5. júlí (C. bls. 99).

Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Önnur umr., 4. júlí (C. bls. 99).

Sigurður Jensson: Eg get eigi betur séð, en að þetta mál sé skylt frumvarpi því um fiskiveiðar hlutafélaga, sem nefnd hefir verið sett í, og skal eg því leyfa

mér að stinga upp á, að máli þessu verði vísað til þeirrar nefndar.

ATKV.GR.: Uppástungan feld með 7 : 3 atkv.

Meginmál frumv. sþ. í e. hlj.

Fyrirsögn frumv. sþ. í e. hlj.

Frv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Þriðja umr., 12. júlí.

ATKV.GR.: Frv. sþ. með 10 atkv. og afgreitt til Nd.

Ein umr. (1. umr.), 17. ágúst (C bls. 647).

Landshöfðingi: Viðvíkjandi hinni formlegu hlið þessa frv. skal eg gera nokkrar athugasemdir. Eg geri ráð fyrir, að h. þdm. muni naumast þekkja það frumv. aftur, sem þeir afgreiddu héðan til h. Nd. snemma þingtímans og þá var að eins ein einasta grein, en er nú komið aftur til h. Ed. í lok þingtímans í fullum fimm greinum. Á dagskránni stendur, að málið sé til einnar umr. Eg álít vafasamt, hvort það sé rétt vegna þess, hvort ekki sé ástæða til að líta svo á, sem þetta sé nýtt frumv., er hér liggur fyrir. Aðalákvæðin eru fólgin í 2.—5. gr., sem h. Nd. hefir sett inn í hið upprunalega frumv. og þessi þingd. hefir alls ekki séð fyr en nú. Ef mál þetta yrði nú leitt til lykta á þinginu, þá gæti það orðið til þess, að meðferð þingsins á frv. yrði ekki álitin fullnægjandi, svo að frumv. gæti eigi hlotið staðfestingu. Þess vegna væri rétt, að frumv. yrði rætt hér í deildinni í þremur umræðum, eins og nýtt frumv. Ef það væri afgreitt nú frá þinginu, hefði það í raun og veru að eins verið rætt í 3 umræðum í öllu þinginu, tveimur í Nd. og einni hér í Ed. Þetta álít eg viðsjárvert, og eg sé ekki neina hættu á ferðum, hvað frumv. snertir, þó að þessari einu umræðu hér væri snúið upp i fyrstu umræðu. Þetta vildi eg biðja h. þd. að athuga og sérstaklega skjóta því til forseta, hvort ekki væri vissara í öllu falli að gera þá breyting, að þessi eina umr. yrði skoðuð sem 1. umr. málsins, því að það er eingöngu fyrirsögn frumv., sem þetta frumv. á sammerkt við hitt frumv. um skrásetning skipa, og það getur aldrei álitist aðalatriðið.

Forseti kvaðst ekki hafa átt kost á að bera það frumv., sem hér lægi fyrir, svo vandlega saman við hitt frumv., er upprunalega hafði verið til meðferðar í deildinni í byrjun þings, að hann geti fullyrt, að þetta frumv. sé í heild sinni sama frumv. Oft og tíðum sé efasamt, þegar staða frumvarpa hvers til annars væri rannsökuð, hvort þau mætti telja hin sömu, og jafnvel mundi oft heldur verða að hallast að því, að frumv. sé álitið nýtt frumv. Forseti áleit því betra ex tuto eða vissara, að frv. yrði rætt í þremur umr. eftir beiðni hæstv. landsh. og ef deildin ekki óskaði, að málið yrði meðhöndlað öðruvísi. — Umræðunni yrði því haldið áfram sem 1. umr.

ATKV.GR.: Frumv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Önnur umr., 19. ágúst (C bls. 647, 681).

Kristján Jónsson: Frumv. þetta var eigi stórt né umfangsmikið, þegar það snemma á þessu þingi fór héðan til h. Nd. Þegar það upprunalega fór frá þessari deild, var frumv. að eins ein grein, og var óbreytt eins og það kom frá stjórninni; frumv.sgrein þessi var samhljóða 1. gr. fyrirliggjandi frumv. En h. Nd. hefir svo bætt við 2., 3., 4. og 5. gr. og ekki álitið það varhugavert, að gera og samþykkja þessar breytingar á lögunum 13. des. 1895 um skrásetning skipa. Það, sem frumv., eins og það nú er, aðallega fer fram á í áminstum viðbótargreinum, er að leggja störf þau, sem þar ræðir um, undir landshöfðingjaskrifstofuna og álít eg það vel til fallið og get yfir höfuð verið

stefnu frumv. hlyntur. En af því að mér sýnast vera gallar á frumv., þá hefi eg leyft mér að koma fram með breyt.till. við það, sem lesa má á þskj. 529, og skal eg þá fyrst benda á breyt.till. við 4. gr. að í staðinn fyrir: „og ber honum að sjá um“, komi: og ber henni að sjá um. Þetta „honum“ o: landshöfðingja, held eg að eigi sé rétt, heldur eigi það að vera „henni“ o: skrásetningarskrifstofu þeirri, sem hlut á að máli. Eftir því sem eg hefi heyrt, þá mun þessi villa að eins vera sprottin af athugaleysi í h. Nd.

Hin breytingin við sömu grein, nefnil. fyrir orðið: „auglýsingar“ í næstsíðustu línu, kæmi: upplýsingar, væri sjálfsögð, með því að þetta er augljós prentvilla; en eg hefi leyft mér að setja orðið „skýrslur“ í staðinn fyrir „auglýsingar“ (upplýsingar), til þess að haft sé sama orðið, eins og í lögunum 13. desbr. 1895. Hinar aðrar (2) breyt.till. mínar miða eingöngu að því að gera titil laganna og niðurlagsákvæði þeirra viðfeldnari og liðlegri. Í þessu skyni hefi eg lagt það til, að fyrirsögn frumv. verði: Frumv. til laga um breyt. á lögum 13. des. 1895 um skrásetning skipa. Eg álít eigi nauðsynlegt, að meira sé tekið upp í titilinn en þetta eða að það fari vel á því að gera það. — Breyt.-till. við 5. gr. er til bóta, að því leyti, að greinin nú verður svo víðtæk, eins og þörf er á.

Eg skal svo leyfa mér að leggja það til, að frumv. verði samþ. með þeim br.-till. sem eg hér hefi útlistað.

ATKV.GR.: 1. gr. frv. sþ. í e. hlj.
2. gr. frv. sþ. í e. hlj.
3. — — — - —
1. brt. á þskj. 529 við 4. gr. sþ. í e. hlj.
2. — - — — — — — — - —
4. gr. frv. breytt sþ. í e. hlj.
Fyrri brt. á þskj. 529 við 5. gr. sþ. í e. hlj.
Síðari brt. á þskj. 529 við 5. gr. sþ. án atkv.gr.
5. gr. breytt sþ. í e. hlj.
Brt. á þskj.529 við fyrirsögnina sþ. í e.hlj.
Frv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Þriðja umr., 21. ágúst (C bls. 695, 732).

Kristján Jónsson: Mér hefir þótt ástæða til að gera lítla breyting við þetta frumv., sem tefur ekkert fyrir málinu, þar sem það þarf hvort sem er að fara aftur til Nd.

Í síðari málsgr. 2. gr. er talað um skírteini, „sem um er rætt í annari grein“, og mætti helzt skilja það svo, sem hér væri átt við 2. gr. frv. þessa, en hér er átt við 2. gr. í lögum 13. des. 1895, sem eru vanalega nefnd skrásetningarlög, og hefi eg því lagt til, að aftan við orðin: „annari grein“ verði bætt: „skrásetningarlaganna“. Vona eg, að h. deild samþ. breyt.till. þessa.

ATKV.GR.: Brt. á þskj. 587 samþ. í e hlj.

Frv. með áorðinni breyt. sþ. í e. hlj. og endursent forseta Nd.

Vopnasending til Kina.

FRUMVARP til laga, er banna að flytja vopn og skotföng frá Íslandi til Kína; 1. umr., 4. júlí (C. bls. 146).

ATKV.GR.:

Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Önnur umr., 8. júlí (C. bls. 146).

ATKV.GR.:

1. gr. frv. sþ. í e. hlj.
2. — — — - - —
3. — — — - - —
4. — — — - - —

Fyrirsögn frv. sþ. í e. hlj.

Frv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Þriðja umr., 10 júlí (C. bls. 146).

ATKV.GR.:
Frv. sþ. með 10 atkv. og afgreitt til forseta Nd.

Samgöngumálanefnd.

TILLAGA til þingsályktunar um samgöngumál, ein umr.; 31. júlí (C bls. 375).

Sigurður Jensson: Það, sem oss flutningsmönnum gekk til að koma með tillögu þessa, var það, að þessari deild gæfist kostur á að taka þátt í samningum þeim, sem háttv. Nd. er nú að gera við fulltrúa sameinaða gufuskipafélagsins. Það er sjálfsagt, að þeir samningar geta ekki orðið fullgerðir, nema þessari deild gefist kostur á að tala með um það mál, en mál þetta getur komið svo seint frá Nd., að þessari deild gefist ekki tækifæri á að ihuga málið eins rækilega og ella, en úr því á þessi nefndarkosning að bæta. Aðalverk nefndar þessarar er það að minni skoðun að taka þátt í samningum um strandferðirnar, hvernig þeim skuli haga eftirleiðis, en svo getur þessi nefnd athugað ýmislegt annað, er að samgöngum lítur. Eg geng út frá því sem vísu, að hin h. deild vilji kjósa nefnd þessa og ætla því ekki að fara fleiri orðum um þetta mál.

ATKV.GR.: Sþ. með 10 shlj. atkv. að kjósa nefnd í málið. Kosning hlutu:

Sigurður Jensson með 9 atkv.
Guðjón Guðlaugss. — 6 —
Ólafur Ólafsson — 4 —

Póstlög.

FRUMVARP til póstlaga; 1. umr., 3. júlí (C. bls. 113).

Sigurður Jensson stakk upp á 3 manna nefnd.

ATKV.GR.: 3. manna nefnd sþ. í e. hlj. Kosningu hlutu:

Sigurður Jensson með 8 atkv.
Julius Havsteen — 7 —
Magnus Andréss. — 7 —

1. umr. málsins frestað.

Framh. 1. umr. 15. júlí (C. bls. 113, 242).

Framsm. (J. Havsteen): Nefnd sú, sem hefur haft þetta frv. til meðferðar, getur yfirleitt felt sig við það, og eins og nefndarálitið ber með sér, þá er það að eins ein efnisbreyting, sem hún fer fram á að gjörð verði. Breytingin er sú, að nefndin leggur til, að það verði felt úr frv, að gera póstþjónum að skyldu, að líma frímerki á bréf þau, sem komið er með á pósthús. Að vísu gildir þetta ákvæði í Danmörku, en þar er öðru vísi ástatt. Þar eru póstgöngur tíðar og jafnar, og störf póstþjónanna því nokkurn veginn jöfn, og þeir geta því jafnaðarlega komið því við, að líma frímerki á bréf fyrir menn, án þess að vanrækja önnur störf sín. Hér eru póstgöngur miklu strjálari, og þess vegna verður meira að gera fyrir póstþjónana í hvert sinn, sem afgreiða þarf póst. og því virðist ekki rétt að leggja þessa byrði á þá. Það sýnist heldur ekki vera þörf á því. Í Danmörku stafar þetta ákvæði að líkindum frá þeim tíma, að menn alment þektu ekki, hvernig fara átti með frímerki en nú er ekki gerandi lengur ráð fyrir því, og sýnist þá engum ofætlun, að menn límí sjálfir frímerki á sín eigin bréf.

Að öðru leyti er ekki spursmál um neinar breytingar frá nefndarinnar hálfu, nema orðabreytingar, og því skal eg ekki tala frekar um málið að sinni, en að eins leggja til, að það fái að ganga til 2. umr.

ATKV.GR.: Frv. vísað til 2. umr. í e. hljóði.

Önnur umr., 17. júlí (C. 113, 242)

Framsögumaður (Julius Havsteen): Eg tók það fram við síðustu umr., að það er að eins á einum stað, sem nefndin hefir

gert efnisbreyting við frv., og útlistaði eg þá, í hverju breyting sú væri fólgin. Hún er sú, að í 13. gr. 1. málsgr. falli burt orðin: „Ef sá eigi límir sjálfur, er borgar undir, gera póstmenn það“. — Að öðru leyti er ekki um annað en orðbreytingar að ræða. Þær eru allar taldar í nefndarálitinu, og álít eg enga ástæðu til að taka þær upp aftur hér. Eg skal að eins geta þess, að við höfum lagt til, að orðið „frímerki“ kæmi í stað „póstfrímerkis“ í stj.-frv., þar sem hið fyrnefnda er alment notað í daglegu tali.

Eg skal svo leyfa mér að leggja það til, að tillögur nefndarinnar, jafnt efnis- sem orðabreytingar, verði samþyktar.

Að eins skal eg bæta því við, að það var ætlun nefndarinnar að breyta fyrirsögninni á 1. kafla frv., en þess hefir þó ekki verið getið í nefndarálitinu. Þar sem það má skoða orðabreyting eina, nefnilega að „Stjórn póstmála“ komi í staðin fyrir „Stjórn og verksvið póstmálanna“, vildi eg skjóta því að h. forseta, hvort ekki mætti leiðrétta það við „redaktionina“ án sérstakrar breyt.till. frá nefndinni.

Forseti gaf leyfi til þess.

ATKV.Gr.:

1. gr. frv. sþ. í e. hlj.
2. — — — — —
1. br.till. (þskj. 75) við 3. gr. sþ. í e. hlj.
3. gr. með áorðn. breyt. sþ. í e. hlj.
4. — — — —
2. br.till. (þskj. 75) við 5. gr. — — —
3. — — — — 5. gr. — — —
4. — — — — 5. gr. — — —
5. gr. með áorðn. breyt. — — —
6. — — — —
Fyrirsögn I. kafla redaktionsbr. — — —
7. gr. — — —
5. br.till. (þskj 75) við 8. gr. — — —
8. gr. með áorðn. breyt. — — —
6. br.till. (þskj. 75) við 9. gr. — — —
7. — — — — 9. gr. — — —
9. gr. með áorðn. breyt. sþ. í e. hlj.
10. — — — —
Fyrirsögn II. kafla — — —
8. br.till. (þskj. 75) við 11. gr. — — —
9. — — — — 11. gr. — — —
10. — — — — 11. gr. — — —
11. gr. með áorðn. breyt. — — —
12. — — — —
11. br.till. (þskj. 75) við 13. gr.
sþ. með 8 atkv. : 3
12. br.till. (þskj. 75) við 13. gr. sþ. í e. hlj.
13. — — — — 13. gr. — — —
13. gr. með áorðn. breyt. — — —
14. — — — —
15. — — — —
Fyrirsögn III kafla — — —
16. gr. — — —
17. — — — —
Fyrirsögn IV. kafla — — —
18. gr. — — —
19. — — — —
20. — — — —
21. — — — —
22. — — — —
23. — — — —
Fyrirsögn V. kafla — — —
24. gr. — — —
25. — — — —
26. — — — —
27. — — — —
28. — — — —
29. — — — —
Fyrirsögn VI. kafla — — —
Fyrirsögn frv. — — —
Frv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Þriðja umr., 19. júlí, (C bls. 291, 318).

Framsögum. (*Julius Havsteen*) gat þess, að komin væri fram brtill. frá nefndinni við frv. á þskj. 136 og óskaði, að deildin tæki hana til greina, hún væri að eins lagfæring á orðfærinu.

ATKV.GR.: 19. júlí (C. bls. 291, 318).

1. br.till. á þskj. (136) sþ. í e. hlj.
2. — — — — — —

3. br.till. á þsk. (136) sþ. í e. hlj.
4. — — — — — —
5. — — — — — —

Frv. með áorðn. breyt. sþ. í e. hlj. og afgreitt til Nd.

Frímerki.

TILLAGA til þingsályktunar um frímerki; ein umr., 22. ágúst (C bls. 685).

ATKV.GR.: Till. sþ. með 9 : 1 atkv. og afgr. til landsh.

Eimskipaútgerð. I.

FRUMVARP til laga um, að lög 25. okt. 1895 um leigu eða kaup á eimskipi og út gerð þess á kostnað landssjóðs skuli úr gildi numin; 1. umr., 3. júlí (C. bls. 134).

Julius Havsteen: Eg stend að eins upp til að mæla með því, að frv. fái að ganga til næstu umr., þar sem eg eigi get álitið nauðsynlegt að setja nefnd í málið.

ATKV.GR.:

Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Önnur umr. 5. júlí (C. bls. 134).

ATKV.GR.:

Meginmál frumv. sþ. í e. hlj.
Fyrirsögn — — í e. hlj.
Frv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

ATKV.GR.:

3. umr. 8. júlí, (C. bls. 134).

Frv. samþ. í e. hlj. og afgreitt til forseta Nd.

Eimskipaútgerð II.

FRUMVARP til laga um frestun á framkvæmd laga 25. okt. 1895 um leigu eða kaup á eimskipi og útgerð þess á kostnað landssjóðs; 1. umr. 14, ágúst, (C. bls. 594).

ATKV.GR.:

Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Önnur umr., 16. ágúst, (C. bls. 594).

ATKV.GR.:

Meginmál frv. sþ. í e. hlj.
Fyrirsögn frv. sþ. í e. hlj.
Frv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

---

3. umr., 19. ágúst, (C. bls. 594).

ATKV.GR.:

Frv. sþ. með 9 shlj. atkv. og afgreitt til landsh. sem lög frá alþ.

Bæjarstjórn í Reykjavik.

FRUMVARP til laga um breyting á tilskipun 20. apríl 1872 um bæjarstjórn í kaupstaðnum Reykjavik; 1. umr., 27. júlí, (C. bls. 381).

Kristján Jónsson: Eg býst við því, að mál þetta sé rækilega undirbúið, þar sem það upphaflega hefir farið í gegnum hendur bæjarstjórnarinnar og fyrir hennar tilstilli kom fyrir þingið 1899, en nú er frv. komið frá stjórninni, og ætla eg því ekki að fara mörgum orðum um málið í heild þess að svo stöddu. En það er niðurlags-ákvæðið í 4. gr. frv., að ef lóðareiganda þykir rétti sínum hallað með úrskurði bæjarstjórnar eða byggingarnefndar í þeim málum, er greind eru í 2. gr., þá megi hann skjóta honum til landsh., er þá „leggur fullnaðarúrskurð á málið", sem mér þykir athugavert. Hingað til hefir þessum málum verið skotið undir úrskurð amtmanns, en eg hefi ekki skilið opið bréf um stofnun byggingarnefndar í Reykjavík 29. maí 1839 svo, að með þessu ákvæði sé mönnum varnað að leita dómstólanna. Þvert á móti held eg, að heimild hafi verið til þess þrátt fyrir ákvæði opna bréfsins um úrskurðarvald amtmanns.

En ef einstaklingurinn er sviftur rétti til þess að leita til dómstólanna, þegar honum þykir rétti sínum þröngvað, álít eg það illa farið og rangt. Eg veit ekki, hvort þetta er meiningin með niðurlagsákvæðinu í 4. gr., en orðin virðast benda til þess. Eg vildi leita mér upplýsinga um það, hvort meiningin sé með þessu ákvæði, að privatmenn skuli vera útilokaðir frá því að leita réttar síns hjá dómstólum, þegar um deilu-efni þau er að ræða, sem greinin gerir ráð fyrir, og ef svo álízt vera, mun eg koma með breyt.till. við þessa grein á sínum tíma. Ef málið kemur í nefnd, þyrfti og að lagfæra 3. gr. frv., því þar er meiningarvilla, sem stafar af prentvillu (nfl.: „sem nefnd eru gr. 2.“, og sömuleiðis þyrfti að athuga það, að þar sem ákveðið er í 6. gr., að 16 gr. í tilskipun um bæjarstjórn í kapstaðnum Reykjavík 20 apr. 1872 falli úr gildi, þá er það að eins fyrri hluti téðrar greinar, sem á að nemast úr gildi með þessum lögum, því að síðari liður greinarinnar hljóðar um annað efni, sem sé heilbrigðisnefndir, og er sérstakt lagafrv. um þær fyrir deildinni. Eg vil leyfa mér að leiða athygli hinnar háttv. deildar að þessum atriðum málsins.

Julius Havsteen: Eg fyrir mitt leyti álít það praktiskara að láta umboðsvaldið skera úr þeim málum, er nefnd eru í 4. grein frumvarpsins, heldur en að láta dómstólana gera það. Mér finst því vel viðeigandi, að landshöfðingi felli fullnaðarúrskurð í slíkum málum, eins og amtmennirnir gerðu áður, og eru hlutaðeigendur því útilokaðir frá því að fara í mál. Mér finst, að spursmál um aðgerðir byggingarnefnda viðvíkjandi byggingu og legu húsa séu ekki svo afarmerkileg, að það taki því að fara í mál út af slíku. En það eru ýms atriði í frv., sem þyrfti nánari íhugunar, og leyfi eg mér því að stinga upp á 3 manna nefnd.

Samþ. í e. hlj. að kjósa 3 manna nefnd og í hana kosnir:

Kristján Jónsson með 9 atkv.
Eiríkur Briem — 8 —
Julius Havsteen — 8 —

1. umr. málsins frestað.

Framh. 1. umr., 31. júlí (C bls. 381, 411).

Framsögumaður (Kristján Jónsson): Þar eð nú er framhald 1. umr. í máli þessu, skal eg ekki fara mörgum orðum um frumv., og þar sem nú er komið nefndarálit um það, get eg vísað til þess um álit vort á því. Vér, sem í nefndina vorum kosnir, höfum gert örfáar breytingar við frumv., og er þar á meðal að eins ein lítil efnisbreyting við 4. gr. þess. Ef málið kemst til 2. umr., mun verða gerð frekari grein fyrir breytingunum.

ATKV.GR.: Málinu vísað til 2. umr. í e. hlj.

Önnur umr., 3. ágúst (C bls. 381, 411).

Framsögumaður (Kristján Jónsson): Við 1. umr. þessa máls mintist eg á þetta mál, aðaltilgang þess og hvernig frv. það er til orðið, og ætla því nú ekki að fara að endurtaka það.

Nefnd sú, er kosin var, til að íhuga málið, hefir gert örfáar breytingar á frv. og eru þær þessar:

Hinn rétti titill á op. br. 29. maí 1839 er: „Op. br. viðvíkjandi byggingarnefnd í Reykjavík“, og leggjum vér til, að hann sé hafður þannig í tilvitnuninni í 2. gr. Vér kunnum því betur, að þegar lög eru tilgreind, sé hafður sá hinn sami titill og lögin eru tilfærð með í lagasöfnunum.

Inn í 3. gr. hefir slæðst prentvilla, þar sem stendur „gr. 2“ í staðinn fyrir: „í 2. gr.“ og leggjum vér til, að þessu sé breytt.

Eina efnisbreytingin, sem nefndin hefir farið fram á, er að síðari hluti 4. gr. frá orðunum „er leggur“ o. s. frv. til enda

greinarinnar, falli burt. Þetta hefir nefndin gert, til þess að svifta eigi einstaklinginn þeim rétti, að leita til dómstólanna, ef honum þykir rétti sínum hallað á einhvern hátt. Verður þá í þessu efni látið sitja við hið sama, eins og áður hefir verið, meðan amtmenn hafa haft slík mál til meðferðar.

Með því að greinin í stjórnarfrv. um heilbrigðissamþyktir og heilbrigðismál er feld úr frv., og hefir verið tekin upp í sérstakt frv., sem nú liggur fyrir deildinni til meðferðar, er eigi rétt að nema úr gildi með þessum lögum alla 16. gr. í tilsk. um bæjarstjórn 20. apr. 1872, því að 2. liður þessarar greinar ræðir um heilbrigðisnefndir. Leggjum vér því til, að í 6. gr. fyrir „15. og 16. gr.“ komi „15. gr. og fyrri málsliður 16. gr.“

Eg hefi nú gert grein fyrir breytingum nefndarinnar og leyfi mér að leggja það til, að þær fái fram að ganga og frumv. síðan verði samþ. og látið ganga til 3. umr.

ATKV.GR.: 1. gr. frv. sþ. með 9 atkv.
Brt. á þskj. 248 við 2. gr. sþ. með 9 atkv.
2. gr. breytt sþ. með 9 atkv.
Brt. á þskj. 248 við 3. gr. sþ. með 9 atkv.
3. gr. breytt sþ. með 9 atkv.
Brt. á þskj. 248 við 4. gr. sþ. með 9 atkv.
4. gr. breytt sþ. með 9 atkv.
5. gr. sþ. með 9 atkv.
Brt. á þskj. 248 við 6. gr. sþ. með 9 atkv.
6. gr. breytt sþ. með 9 atkv.
7. gr. sþ. með 9 atkv.
Fyrirsögn frv. sþ. með 9 atkv.
Frv. vísað til 3. umr. með 9 atkv.

Þriðja umr., 6. ágúst (C bls. 471).

ATKV.GR.: Frv. sþ. með 10 shlj. atkv. og endursent forseta Nd.

Byggingarnefnd í Reykjavík.

BRUMVARP til laga um breyt. á 1. gr. í lögum 2. febr. 1894 um breyt. á opnu bréfi 29. maí 1839 um byggingarnefnd í Reykjavík; 1. umr., 1. ágúst (C bls. 405).

ATKV.GR.: Frv. vísað til 2. umr. með 10 shlj. atkv.

Önnur umr., 3. ágúst (C bls. 405).

ATKV.GR.: 1. gr. sþ. með 9 atkv.
2. gr. sþ. með 9 atkv.
Fyrirsögn frv. sþ. með 9 atkv.
Frv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Þriðja umr., 6. ágúst (C bls. 405).

ATKV.GR.: Frv. sþ. í e. hlj. og afgreitt til landsh. sem lög sþ. af alþingi.

Manntal í Reykjavík.

FRUMVARP til laga um manntal í Reykjavík; 1. umr., 3. júlí (C bls. 174).

Hallgrímur Sveinsson: Þótt mál þetta sé eigi umfangsmikið, þá virðist mér samt rétt að íhuga það rækilega, þar sem í því felast algerð nýmæli og ýms ákvæði, sem ef til vill mætti koma betur fyrir, og þar eð naumast er auðið að gera nefndarlaust þær breytingar, sem ástæða kynni að þykja til, leyfi eg mér að geyma mér rétt til þess að stinga upp á nefnd í málinu, en vil bíða með það, ef fleiri óska að taka til máls.

Stakk upp á 3 manna nefnd.

ATKV.GR.: 3. manna nefnd sþ. í e. hlj. Kosning hlutu:

Hallgr. Sveinsson	með 9 atkv.
J. Jónassen	— 6 —
Magnús Andrésson	— 5 —

1. umr. frestað.

Framhald 1. umr., 11. júlí (C bls. 174, 226).

Framsögumaður (Magnús Andrésson): Í athugasemdunum aftan við stjórnarfrv. er skýrt frá ástæðunum fyrir því, að það

er komið fram, og er því deildarmönnum kunnugt um það. Nefndinni þótti þessar ástæður gildar, og ræður því þingd. til að samþ. frumv. nálega óbreytt að efninu til, en nokkuð breytt að orðalagi.

Efnisbreyting, sem nefndin ræður til, er í fyrsta lagi sú, að tilgreindur skuli í manntalsskránum fæðingarstaður hvers manns þannig, að sjá megi, á hvaða bæ og hreppi maðurinn sé fæddur. Nefndin hélt, að þetta mundi koma sér vel, einkum þegar svo stendur á, að rannsaka þarf, hvar einhver maður eigi sveit. Flestir menn vita, hvar þeir eru fæddir, en ekki nærri allir, hvaða ár þeir eru fæddir eða nákvæmlega um aldur sinn; en ef menn vita fæðingarstaðinn, þá er oftast vegur til að útvega fæðingarvottorð. Það hefði ef til vill mátt sleppa dálkinum, sem hefir að fyrirsögn „aldur“, en setja aftur í þess stað, að fæðingardagur væri tilgreindur. En nefndin hélt, að margir mundu eigi geta sagt nákvæmlega, hvaða ár þeir eru fæddir, og því vildi hún halda dálkinum „aldur“, þar eð flestir geta sagt, hve gamlir hér um bil þeir eru, þó ekki viti þeir fæðingarártal sitt. Og að því er snertir fæðingardaginn, þá vildi nefndin eigi fara svo langt, að heimta upplýsingar um hann, enda þótt æskilegt væri, að skýrslurnar gæfu einnig upplýsingar um hann, þar eð það er greinilegasta auðkenningin á tveim mönnum, sem báðir bera sama nafn, t. d. Jón Jónsson, ef það sést í skýrslunum, hvaða ár og hvaða dag hvor þeirra er fæddur; en svo langt vildi nefndin, sem sagt, eigi fara, af því að hún hélt, að tiltölulega fáir mundu geta gefið upplýsing um þetta.

Önnur efnisbreytingin er sú, að í stað þess, sem í 2. gr. frv. stendur, að húsráðandi skuli skyldur að tilkynna lögreglustjóra innan 24 klukkustunda, er einhver maður, er setja ber á manntalsskrá, flytur í hús hans eða úr því, þá vildi nefndin láta koma tvo sólarhringa; hún hélt sem sé, að vel gæti staðið svo á, að húsráðanda, sem býr langt frá lögreglustjóra, sé stundum lítt auðið, eða mjög erfitt, að gefa tilkynning þá, er hér ræðir um, innan svo skamms tíma, sem eins sólarhrings. Aðrar breytingar, sem nefndin hefir gert á frv., eru að eins orðabreytingar, sem eg tel óþarft að fara neinum orðum um, enda er eigi leyfilegt að fara út í einstakar greinar frumv. við þessa umr.

Julius Havsteen: Eg vildi að eins leiða athygli nefndarinnar að því, að eins og 4. gr. frv. nú er orðuð í frumv., þá er eigi tekið fram, hver eigi að hafa sektir þær, er 2. gr. ákveður, en þetta má taka til íhugunar við næstu umr. málsins.

Magnús Andrésson gat þess, að hægt væri að laga þetta við 2. umr.

ATKV.GR.: Frumv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Önnur umr., 13. júlí (C bls. 174, 226 237, 243).

Framsögumaður (Magnús Andrésson): Í ógáti hafði fallið burt í 4. gr. ákvæði um það, hvert sektirnar fyrir brot á lögum þessum ættu að renna, og þess vegna hefur nefndin komið fram með viðaukatill. (þskj. 79), til þess að setja ákvæði um það inn í frv.

Þá hefur komið fram breyt.till. frá h. 6. kgk. þm. (E. Br.) á þskj. 69, sem fer fram á, að fyrir orðið „aldur“ komi: „fæðingardag, ef þess er kostur“. Eg tók það fram við 1. umr. þessa máls, að eg og meðnefndarmenn mínir töldu það æskilegt, að manntalsskrárnar innihéldu bæði fæðingardag og fæðingarár, þó að nefndin hins vegar vildi ekki taka það upp í tillögur sínar af þeirri ástæðu, að það yrðu svo tiltölulega fáir, sem gætu sagt rétt til um fæðingardag sinn.

Nefndin er því ekki á móti breyt.till. að aðalefninu til. En það er að eins spurningin, hvort „aldur“-dálkurinn á skránum má falla burt alveg fyrir það, eins og

farið er fram á í breyt.till. Hann mætti auðvitað falla burt, ef hver og einn gæti sagt rétt til um fæðingardag sinn, en það er sem sagt ekki nema tiltölulega fáir, sem gætu tilgreint hann með áreiðanlegri vissu, og þá væri gott að geta skrifað í „aldur"-dálkinn, hvað gamlir menn eru hér um bil, því að flestir geta eitthvað sagt um það. — Þess vegna álít eg heppilegra að orða greinina svo, að eftir orðið „aldur" komi: „fæðingarár og fæðingardag, ef þess er kostur".

Eiríkur Briem: Viðvíkjandi því, sem h. frsm. (M. A.) tók fram í tilefni af breyt. till. minni, þá skal eg geta þess, að ef hvorttveggja væri tilgreint, aldur og fæðingarár, þá er hætt við, að aldurinn yrði að eins tilfærður og fæðingarárið svo reiknað út eftir því. En það er þýðingarmeira, að fæðingarárið sjálft sé tilgreint og fest í minni. Ef það er ekki gjört, þá er mjög hætt við, að ruglingur komi á réttan aldur fjölda manna. Eg man það þegar eg var prestur í Húnavatnssýslu, þá var þar gömul kona, sem hafði verið lengi í prestakallinu; það vildi svo til, að eg sá manntalsbækur í því prestakalli, sem hún hafði áður fyrrum búið í, og komst þá að raun um, að það munaði um 7 ár á aldri hennar. Eg held, að það verði altaf áframhaldandi ruglingur, ef menn ekki festa í minni sér fæðingarárið, heldur að eins aldursárið; aldursárið er breytilegt, en fæðingar árið ekki, og að muna fæðingarárið er höfuðatriðið, og það muna menn heldur eða leggja á minnið, ef menn eru spurðir um það á ári hverju og „aldurs"- dálkurinn er látinn falla alveg burt. Annars tilgreina menn aldurinn skakkan oft og tíðum og svo er farið að reyna að reikna út fæðingarárið eftir aldrinum. Það væri mjög æskilegt, að menn lærðu að festa í minni einnig fæðingardaginn. Það er gefin skýrsla um það, þegar fermt er og ef menn væru svo spurðir um það stöðugt, þá færu menn að muna það. Það er tekið fram, að manntalið skuli fara fram síðari hluta októbermánaðar. Það getur komið fyrir, að sami aldur sé með réttu tilfærður á 2 árum, hvort eftir annað, eða að tveggja ára munur sé á aldri manns í einu manntali og öðru, sem næst fer á eftir, ef afmæli mannsins er síðari hlut oktobermánaðar, og það er ómögulegt að varast rugling, nema með því að fæðingardagurinn sé settur og tilgreindur. — Ef menn eru fæddir í Reykjavík, og það yrðu auðvitað mjög margir, þá er létt að fá upplýsingar um þetta; en þegar um aðra er að ræða, sem ekki eru fæddir í bænum, þá er það að vísu erfiðar viðfangs, ef hlutaðeigandi maður veit eigi afmæli sitt, en sé einu sinni fengin upplýsing um það, þá er líklegt, að menn framvegis gleymi því ekki, eða fyrra árs skýrsla sýni, hvenær það er.

Framsögumaður (Magnús Andrésson): Ef dálkurinn fyrir „aldur" á að falla burt, þá er mér ekki ljóst, hvernig fara ætti með alla þá menn, sem geta ekki sagt, hvaða ár þeir eru fæddir, en hafa þó hugmynd um, hve margra ára hér um bil þeir eru.

En það má gera ráð fyrir, að landshöfðingi geti ráðið bót á þessu, er hann setur þær reglur, sem skrárnar skulu samdar eftir.

Guðjón Guðlaugsson: Mér kom til hugar, þegar eg hlustaði á ræðu h. 6. kgk. þm. (E. B.) eitt faktiskt atriði, sem eg mundi eftir, og styrkir það, að það sé rétt álitið, að það sé þýðingarmeira og rettara að leggja til grundvallar, að mönnum væri gjört að skyldu að leggja fremur á minni fæðingardag og ár, heldur en aldursárin.

Eg skal nefna sem dæmi, að manni var stefnt fyrir rétt, til að bera sannleikanum vitni í opinberu máli. Eins og lög gjöra ráð fyrir, var sú spurning lögð fyrst fyrir vitnið, hve gamall hann væri. Með því

að hann að sjálfsögðu var ruglaður í aldrinum og að mínu áliti og fleiri, fyrir ósk prestsins síns, einnig hafði ásett sér að segja ekki eitt orð satt, þá byrjaði hann á því að segja sig 25 ára í stað 35 ára. Menn geta sannarlega ruglast þannig í aldrinum, og sérstaklega ef einhverjar aðrar ástæður eru til þess, að menn vilja ruglast.

Ólafur Ólafsson: Eg ætlaði að eins að gjöra stutta aths. Eg vildi skjóta því til nefndarinnar, hvort hún gæti ekki orðið samdóma mér um það, að þar sem talað er um „alllanga dvöl" í 1. gr. frv., þá sé þar nokkuð óákveðið til orða tekið. Hins vegar stendur, að ekki skuli setja gesti eða ferðamenn á skrá. Þetta virðist geta orðið nokkuð teygjanlegt ákvæði sérstaklega gæti það orðið skilið mismunandi, ef sömu mennirnir taka ekki manntalið að jafnaði. Hvað er átt við með „alllangri dvöl?" 6, 4 eða tveir mánuðir eða yrði það ekki eitthvað líkt og að vera gestur. Um það gætu orðið jafnmargar skoðanir og þeir yrðu margir, sem manntalið taka.

Eg vildi skjóta því til nefndarinnar, hvort hún vildi ekki setja eitthvert ákveðið tímatakmark í staðinn, því að ákvæðið í frumv. má misskilja og verður misskilið í framtíðinni.

Guttormur Vigfússon: Eg get ekki að eins fyllilega fallist á breyt.till. og ræðu h. 6. kgk. þm. (E. Br.), heldur teldi eg líka æskilegt, að slík ákvæði næðu til manntals um land alt, með því móti mundu skrárnar verða réttari og áreiðanlegri hjá prestunum en þær nú eru. — Með þessu móti væri líka ekki lengur eingöngu bygt á ónákvæmri umsögn manna um aldur sinn, þannig, að hvað rekur sig á annað, eins og oft vill verða. Eins og kunnugt er, hefir það mikla þýðing viðvíkjandi ýmsum borgaralegum skyldum, að aldur manna sé áreiðanlega rétt talinn. Eg get tekið til dæmis verkfæra menn, skyldu til að inna af hendi styrktarsjóðsgjald o. fl., sem miðað er við 60 ára aldur. Eg hefi reynslu fyrir því, að sömu mennirnir, sem í einni sveit hafa ekki verið taldir gjaldskyldir fyrir aldurs sakir, reynast, þegar þeir flytjast í aðra sveit og eru teknir þar á manntalsskýrslur, oft þetta 2—3 árum fyrir innan sextugt. Eg ímynda mér, að prestarnir hér í deildinni séu svo kunnugir þeim ruglingi, sem oft er í manntalsskránum og þeim óþægindum, sem af því getur stafað, að þeir vildu gjarnan fá því breytt í þá átt, sem h. 6. kgk. þm. (E. Br.) fer fram á. Eg fyrir mitt leyti mun sjálfsagt greiða atkvæði með breyt.till.

Framsögumaður (Magnús Andrésson): Mér hefir fundist, eins og þeir tveir h. þm., er seinast töluðu, hafi skilið mig eða nefndina svo, eins og við værum að hafa nokkuð á móti því, sem breyt.till. fer fram á, en eg tek það fram, að nefndin hafði ekki á móti því, og áleit það vera æskilegt. Að eins er spurning um, hvort þessi dálkur um „aldur" megi þá falla burt. En að því er snertir spurning h. þm. A.-Sk. (Ól. Ól.), þá get eg ekki svarað henni öðru en því, að nefndin hugsaði sér, að á manntalsskrána væru engir þeir teknir, sem ættu hingað að eins snögga ferð og hyrfu héðan aftur að afloknum erindum eftir fárra daga dvöl, með öðrum orðum: engir gestir. Allir aðrir, sem aðsetur hafa hér, eiga að teljast, hvort sem þeir dvelja hér lengri eða skemmri tíma af árinu, þannig t. d. skólapiltar og aðrir námsmenn og námsmeyjar, lausamenn og lausakonur, sem hér hafa vetrarvist, þótt heima eigi annars staðar o. s. frv. Hann spurði um, hvort maður, sem dvalið hefði hér 6 mánuði, 4 mánuði eða 2 mánuði, yrði talinn að hafa haft „all-langa" dvöl. Meining nefndarinnar var, að allir slíkir ættu að teljast á skránni; en við treystum okkur ekki til að ákveða þetta nákvæmar, eða öðru-

vísi, en eins og gert er í stjórnarfrumv. — En að öðru leyti stendur hér í greininni, að manntalið gerist eftir ítarlegum reglum, er landsh. setur, og þá gerðum við ráð fyrir, að hann mundi ákveða þessi takmörk nánar, ef á þyrfti að halda.

Hallgrímur Sveinsson: Eg vildi að eins gera fáeinar athugasemdir út af þeim mótmælum eða athugasemdum, sem komið hafa fram gegn frumv., til viðbótar við það, sem h. framsögum. hefir tekið fram.

H. þm. A.-Sk. (Ól. Ól.) gerði athugasemd um, hvað meint væri með: „all-löng dvöl", og nefndi til sem dæmi 6, 4, 3 og 2 mánaða dvöl. Eg álít, að alt þetta komist undir orðin: „all-löng dvöl". Í raun og veru er skýring á þessum orðum: „all-löng dvöl" í þessu, sem kemur seinna, þar sem ákveðið er að gesti eða ferðamenn skuli ekki telia.

Allir aðrir eiga þá einhverja dvöl, sem getur verið í mánuðum, fleiri eða færri, en er þó „dvöl" og eiga því að sjálfsögðu að teljast. Það var hugsun nefndarinnar: Allir aðrir enn þeir, sem eru gestir eða ferðamenn. Í frumv. því, sem fór frá stiftsyfirvöldunum, var ákvörðunin þannig: allir aðrir en þeir, sem væru gestir eða ferðamenn. En stjórnin hefir ekki felt sig við þetta og kunnað betur við að binda það við „all-langa dvöl". Nú vildum við ógjarnan fara að breyta þessu aftur, vegna þess, að það getur verið erfitt að orða þetta á alveg fullnægjandi hátt; enda er ekki annað ætlandi, en að menn geti smámsaman komist upp á að skilja þetta rétt, enda mætti tiltaka þetta nákvæmar í reglum, sem landsh. gæfi út, og verð eg því að vona, að þetta geti ekki valdið neinum verulegum misfellum eða misskilningi, þar sem orðin: „all-löng dvöl" takmarkast af skýringu, sem síðar er gefin.

Hvað það snertir, að það væri æskilegt, að hafa fæðingarár og fæðingardag hvers manns, þá er það aldrei nema satt, og eg er fullkomlega samþykkur h. 6. kgk. þm. (E. Br.), að það væri æskilegt. Eg hefi sjálfur haft tækifæri til að komast að því, hversu ýmsir menn eru ófróðir um aldur sinn; eg hefi komist að því, að menn hafa eftir eitt eða tvö ár verið orðnir nokkrum árum yngri enn áður, eftir því, sem þeir hafa sagt sig. Eg gerði mér töluvert far um, meðan eg var dómkirkjuprestur, að komast eftir réttum aldri manna, eftir því sem eg gat, sumpart með að grafast eftir því í gömlum kirkjubókum og sumpart með að leita mér upplýsinga á annan hátt, og sagði mönnum svo til aldursins um leið og eg húsvitjaði. Sumir könnuðust við og trúðu því; aðrir voru nokkuð efandi.

Fulla vissu í þessu efni og fullkomna upplýsing mundi mönnum ekki hægt að gefa, nema með því að hver maður hefði skírnarseðil sinn. Einfaldasta ráðið væri, ef menn sæju það hægt, að gefa út skipun- eða lagafyrirmæli um það, að hver maður skyldi hafa skírnarseðil, er hann gæti sýnt, þegar ástæða væri til. Slíkt á sér stað að nokkru leyti um menn í vissri stöðu að eg ætla, eins og t. a. m. þeir, sem stunda iðnað, munu þurfa að skýra frá fæðingardegi sínum; eg hugsa líka, að sjómenn, sem eru ráðnir á skip og reglulega lögskráðir, þurfi þess hins sama. Ýmsir prestar munu gefa fermingarbörnum aldursskírteini, en það mun vafasamt, hvort fermingarbörnin geyma það eða ekki.

Það má að öðru leyti búast við, að það fari brátt að verða betri tök á því, að minsta kosti hér í Rvík, að vita um aldur langflestra manna á landinu, þar sem hér safnast nú saman „ministerial"-bækur kirknanna, auk þess, sem hingað koma aldursskírteini langflestra manna, þeirra, er fermingaraldri hafa náð, í hinum árlegu fermingarskýrslum. Ef einhver maður, sem ekki veit aldur sinn, man, hvar hann er fermdur, þá má hafa

aldurinn upp með að leita í skýrslunum. Það kann að þurfa að leita í skýrslum fyrir ein 2, 3 eða 4 ár, en með því að leita í þeim, má hafa aldurinn upp. Eg verð að taka undir það, sem h. framsm. sagði, að í ýmsum tilfellum mundi verða mjög erfitt að fá fæðingardag og fæðingarár með fullri vissu; en eg vil líka geta þess, að eg er fullkomlega samþykkur því, að alt þetta ætti að vera í skýrslunni, bæði dálkur fyrir aldur og sömuleiðis fyrir fæðingardag og fæðingarár, og vil mjög gjarnan, að því gæti orðið framgengt ef unt væri, að hver maður ætti sjálfur fæðingarskírteini sitt, sem hann gæti sýnt, hvenær sem ástæða væri til að grenslast eftir aldri hans. Það má vera, að það mætti gefa fyrirskipun um það í lagaformi, sem gjörði menn að minsta kosti hirðusamari en verið hefir.

Ólafur Ólafsson: Eg kann h. nefndarmönnum þakkir fyrir skýringar þær, sem þeir hafa gefið. En eg verð þó að taka það fram, að skýring nefndarinnar í sambandi við 1. gr. er ekki fullnægjandi að mínu áliti; og eg hygg, að afleiðingin af þessu fyrirkomulagi verði sú, að manneskjur gæti orðið tvítaldar í manntalinu.

H. framsm. nefndarinnar og 2. kgk. þm. (H. Sv.) sögðu, að námsmenn eða námsmeyjar, sem dvelja í Reykjavík, og eru komin til Reykjavíkur síðari hluta októbermánaðar, eigi að setjast á skrána; með öðrum orðum teljast meðal íbúa kaupstaðarins. Þessar manneskjur eru taldar í því prestakalli, sem þar eiga lögheimili í; af þessu leiðir það, að sumir menn verða taldir hér sem íbúar Reykjavíkur og líka þess prestakalls, sem þeir eiga lögheimili í. Það var þessi athugasemd, sem eg vildi gera, til þess að nefndin gæti íhugað hana, og ef henni sýndist, komið með breyt.till. til 3. umr. Eg get bent á það, þeim, sem ekki vita, að það er ekki venja að telja þær manneskjur burtfluttar úr einu prestakalli, sem fara til náms; að minsta kosti hefi eg ekki vanist því.

Magnús Andrésson: Út af ræðu h. þm. A.-Sk. (Ól. Ól.), skal eg leyfa mér að geta þess, að til þess er einmitt ætlast, að hver maður, sem hefir hér aðsetur, er manntalið er tekið, en á eiginlegt heimili sitt annarsstaðar, skuli talinn í sálnaregistri bæði hér og þar. Því er það tekið fram í breyt.till. nefndarinnar við 1. gr. frv., að jafnframt og maður er talinn hér á því heimili, er hann hefir þá um stundsakir aðsetur á, skuli einnig tilgreina lögheimili hans sé það annars staðar, svo að það þarf eigi að valda neinum ruglingi, þótt eiginlegur sóknarprestur manns telji hann einnig þar, sem hann á lögheimili, ef manntalsskrárnar hér taka skýrt fram, hvar lögheimili mannsins sé.

ATKV.GR.: 1. brt. á þskj. 53 við 1. gr. sþ. með 9 atkv.

Brt. á þskj. 69 sþ. með 9 atkv.

1. brt. á þskj. 53 við 2. gr. sþ. í e. hlj.

Viðaukat. á þskj. 79 sþ. í e. hlj.

2. brt. á þskj. 53 við 2. gr. sþ. í e. hlj.

3. — — — — — — — - —

4. — — — — — — — - —

2. gr. breytt sþ. í e. hlj.

3. gr. frv. sþ. í e. hlj.

Breyt.till. á þgskj. 53 við 4. gr. sþ. í e. hlj.

5. gr. frv. sþ. í e. hlj.

Fyrirsögn frv. sþ. í e. hlj.

Frv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Þriðja umr., 16. júlí (C bls. 251).

ATKV.GR.: Frv. sþ. í e. hlj. og afgr. til forseta Nd.

Ein umr., 30. júlí (C bls. 367, 384).

Framsögumaður (Magnús Andrésson): H. Nd. hefir gert þá breyting á þessu frumv. frá því að það fór frá þessari deild, að hún í stað orðanna í 1. gr.: „Á skrá þessa skal setja alla, er eiga fast aðsetur eða all-langa dvöl í lögsagnarum-

dæmi kaupstaðarins", hefir sett: „Á skrá þessa skal setja alla, er eiga fast aðsetur eða hafa ársfjórðungs dvöl í lögsagnarumdæmi kaupstaðarins". Þetta er aðalbreytingin, að þetta eina orð „ársfjórðungur" hefir verið sett í staðinn fyrir „all-langa dvöl". Nefndin, sem hafði þetta mál til meðferðar hér í deildinni, hefir álitið, að þessi breyting væri fremur til að spilla, en til bóta. Fyrst gæti verið spurning um það, við hvað ætti að miða þessa ársfjórðungs dvöl, hvort t. d. ætti að telja mann og setja á skrá, sem hefði þegar dvalið næstum fjórðung árs á staðnum, þegar manntalið er tekið, en ætlaði sér burt eftir 2—3 daga, eða að eins þann mann er ætlaði að dvelja ársfjórðung í bænum frá þeim degi, er manntalið væri tekið. Líka sýnist þetta tímatakmark alveg sett af handahófi. Því mátti ekki setja það eins tvo eins og þrjá mánuði? Það er og ekki altaf auðvelt fyrir menn að segja með vissu, hvað lengi þeir ætla að dvelja í bænum.

Aðalgallinn á þessari breyting er þó sá, að hún er lítt samþýðanleg við þann tilgang frumv., sem bent er á í 2. gr., að lögreglustjóri skuli geta séð á hverjum degi og svo að segja á hverri stund sem er, hverjir dvelja í bænum, aðrir en gestir og ferðamenn.

Þess vegna leggur nefndin til, að þetta ákvæði „ársfjórðungsdvöl" verði felt úr frumv. og í stað þess sett orðið „dvöl", sem hefir víðari merking og getur átt bæði við lengri og skemmri verutíma, en að eftir orðið „dvöl" sé svo sett ákvæðið, er áður var síðar í frumv.: „þó skal eigi telja gesti eða ferðamenn", og er það nánari takmörkun á, hvað skilja skuli við „dvöl". Það, sem þá gerir greinarmuninn milli þeirra, er teljast eiga við manntalið, og hinna, er ekki eiga að teljast, er það, hvort dvöl þeirra sé þess eðlis, að þeir geti með réttu kallast að eins gestir eða ferðamenn. Sé hún þess eðlis, eru þeir ekki settir á skrána; ella eru þeir teknir á hana. Með því að hafa þetta orð „dvöl" eru landshöfðingja gefnar frjásar hendur til að ákveða þetta nánar í reglum þeim, sem honum er ætlað að gefa um, hvernig manntalinu skuli hagað.

ATKV.GR.: 1. Breyt.till. (214) við 1. gr. sþ. í e. hlj.

2. breyt.till. (214) við 1. gr. sþ. í e. hlj.

Frv. með áorðinni breytingum sþ. í e. hlj. og endursent forseta Nd.

Arnarhólstún.

TILLAGA til þingsályktunar um Arnarhólstún; ein umr., 15. ágúst (C. bls 565).

ATKV.GR.: Till. sþ. í e. hlj. og afgreidd til landshöfðingja.

Slökkvilið á Seyðisfirði.

FRUMVARP til laga um að stofna slökkvilið á Seyðisfirði; 1. umr. 26. júlí (C. bls. 368).

ATKV.GR.: Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Önnur umr. 30. júlí (C. bls. 368).

ATKV.GR.:

1. gr. frv. sþ. í e. hlj.
2. — — — — — —
3. — — — — — —

Fyrirsögn frv. sþ. í e. hlj.

Frv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Þriðja umr. 1. ágúst

ATKV.GR.: Frv. sþ. með 10 shlj. atkv. og afgreitt til landsh. sem lög frá alþingi.

Sótarar í kaupstöðum.

FRUMVARP til laga um skipun sótara í kaupstöðum, öðrum en Reykjavík; 1. umr., 5. ágúst (C. bls. 460).

Kristján Jónsson: Eg vildi leyfa mér að koma fram með ofurlitla aths. um þetta frv. Það er farið fram á það í frv., að gjald fyrir hreinsun reykháfa í kaupstöðum öðrum en Reykjavík skuli bæjarstjórnin ákveða með gjaldskrá, og skuli svo mega taka gjald þetta lögtaki, sem önnur bæjargjöld. Að því er þetta ákvæði snertir, þá held eg, að það sé mjög óvanalegt eftir löggjöf vorri, að slík gjöld séu ákveðin með gjaldskrá, settri af bæjarstjórn eða sveitarstjórn einni saman, og þannig að gjöldin svo hafi lögtaksrétt. Mér þykir rétt og enda nauðsynlegt, að það væri tekið fram í frv. þessu, að gjaldskrár þessar skyldu vera staðfestar af yfirvaldi annaðhvort af amtmanni eða landshöfðingja. Eg segi fyrir mitt leyti, að eg er ekki svo hrifinn af þessu frv., að mér þyki miklu kostandi upp á það, en þó finst mér nauðsynlegt að gera áminsta breyting á frumv., ef það á að fá framgang.

ATKV.GR.: Frv. vísað til 2. umr. í e. hljóði.

Önnur umr., 7. ágúst (C bls. 460, 495).

Kristján Jónsson: Eg á örlitla br.till. við frv. á þskj. 344, sem fer fram á, að á eftir orðunum „með gjaldskrá", komi: „er landsh. staðfestir". Hér er um það að ræða, að gjald fyrir hreinsun reykháfa skuli hafa lögtaksrétt, sem önnur bæjargjöld, og kann eg betur við, að gjaldskrá sú, sem gjaldið er krafið eftir, sé þá staðfest af æðra yfirvaldi, sem sé landsh., sem skipaður er yfir bæjarstjórnirnar. — Ef gjöld eiga að hafa lögtaksrétt, þá verður beint að ákveða það með lögum fyrir hvert einstakt gjald, eða gjöldin verða að byggjast á niðurjöfnun samkvæmt lögum eða samkvæmt skrá eða taxta, sem staðfestur sé af æðra yfirvaldi. Samkævmt þessu hafði eg í hyggju að leggja það til, að skrá þessi væri staðfest af amtmanni, en eftir bendingu h. 1. kgk. þm. (J. H.), hef eg stungið upp á, að landsh. skuli staðfesta hana. Eg verð að álita, að þessi litla breyting á frv. sé til bóta, og miði fremur til þess að það geti öðlast staðfesting á sínum tíma, ef það gengur gegnum þingið, og þess vegna vil eg óska, að br.till. á þskj. 344 verði samþykt.

ATKV.GR.:

Br.till. á þskj. (344) sþ. í e. hlj.
Meginmál frv. breytt — — —
Fyrirsögnin — — —
Frv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Þriðja umr., 9. ágúst (C. bls. 516).

ATKV.GR.: Frv. sþ. í e. hlj. og endursent forseta Nd.

Sveitar- og sýslusjóðir.

FRUMVARP til laga um breytingar á ýmsum atriðum, er snerta sveitarsjóði og sýslusjóði; 1. umr., 31. júli (C. bls. 395).

Flutningsmaður (Ólafur Ólafsson). Eg skal taka það fram nú þegar, að í 5. gr. frv. hefir fallið úr við prentunina, að með lögunum séu úr lögum numin ákvæði í tilskipun um sveitastjórn 4. maí 1872, er koma kunna í bága við lög þessi; enn fremur er prentvilla 1886 í stað 1880 og á eftir orðunum „3. og 4. kafla" vantar inn í „laga".

Þó að eg sé flutningsmaður frv. þessa hér í deildinni, þá er eg það samt ekki, af því að eg hafi samið frv. þetta eða verið höfundar þess. Frv. er samið af vitrum og velmetnum þingmanni í Nd. og það er fyrir atvik eitt, að það er komið

fram fyrst hér í h. Ed. Eg tek þetta fram, af því að eg er ekki sjálfur að öllu leyti ánægður með frv., og hef eg því skýrt frá afstöðu málsins til að fyrirbyggja allan misskilning.

Aðaltilgangur frv. er sá, að gera alla reikningsfærslu bæði hreppssjóða og sveitarsjóða óbrotnari og einfaldari en áður hefir verið. Reykningsárinu er því breytt og talið frá nýjári til nýjárs, í stað þess að það nú er talið frá fardögum til fardaga. Það er orðið vanalegast í flestum tilfellum að miðað sé við almanaksárið nú orðið, en ekki fardagaárið. Svo á sér stað við flesta opinbera sjóði og stofnanir og sama gildir um flesta kirkjureikninga, að miðað er við almanaksárið Annað atriði hefir og vakað fyrir þeim, sem samdi frv., að það er algengt, að hreppsnefndir setja ýmsa liði ranglega í sveitarreikninginn, sem eiga ekki að fylgja því ári, er reikningurinn er saminn fyrir, og kemur það til af því, að miðað er við fardagaár, en ekki almanaksár, (t. d. hundaskattur o. fl.).

Um leið gæti ef til vill verið ástæða til að athuga, hvort ekki ætti einnig að breyta tímatakmarkinu, er sveitargjöldum væri jafnað niður, því að í sumum sveitum þykir tími sá, er hingað til hefir verið tiltekinn í því efni, ekki hentugur. Eindagi á sveitargjöldum hefir verið settur í tvennu lagi í frv., en það má vel vera, að þar komi til greina, að „sínum augum líti hver á silfrið“. Eg veit, að víða á það sér stað, að allur ársins tími gengur meira eða minna til þess að heimta inn sveitargjöldin. Væri það þá ef til vill réttara, að hafa 2 eindaga á þeim og ganga þá eftir þeim heldur frekar.

Það er sérstaklega 3. gr., sem eg er ekki ánægður með og svo mun ef til vill vera um fleiri en mig. Ef frv. fær að ganga sinn gang, þá hef eg hugsað mér að breyta mætti greininni í þá átt, að hreppsvegagjöldin renni beint í sveitasjóðina, og sýsluvegagjöldin beint í sýslusjóðina.

Enn er ein breyting, sem frv. fer fram á, hvernig jafna skuli niður kostnaði við flutning þurfamanna. Það er stundum hentugt, að kostnaðinum þurfi ekki að skifta niður á marga hreppa. Það hefir t. d. komið fyrir að sýslumenn þurfa að skifta nokkrum krónum niður á 7—8 hreppa. Það er í þeim tilfellum og fleirum betra, að kostnaðurinn sé greiddur allur beint úr sýslusjóði.

Eg skal svo ekki fara fleirum orðum um málið. Eg á'it réttast að nefnd verði skipuð í málið og þá geta þær breytingar komsit að, sem bæði eg og aðrir þdm. vildu gera við frv.

Guðjón Guðlaugsson: Þetta mál, sem hér liggur fyrir, er heldur smámál, og þegar eg lít á það, þá get eg eigi séð, að þær breytingar, sem hér er farið fram á, séu stórum til bóta í heild sinni frá því ástandi, sem nú er; en eitthvað kann það samt að hafa í sér fólgið, sem geri það að verkum, að eg geti gefið því atkvæði mitt. Eg skal strax játa það, að sú breyting, að reikningsár sveitarsjóðanna skuli eftirleiðis talið frá nýjári til nýjárs, hefir nokkuð til síns ágætis; reikningsfærslan verður með því hægari og auðveldari og síður hætt við villum hjá hreppsnefndum, eins og h. flutnigsmaður tók fram, nfl. að gjöld og tekjur verði rangt talin á annað ár, en þau heyra til. Eg er því meðmæltur þessu atriði, að breyta reikningsárinu þannig, eins og farið er fram á í frv. Eg vil eigi fara út í einstakar greinar frv. nú, enda þótt eg gjarnan vildi minnast á eitt ákvæði, sem eg óska breytingar á, nfl. að reikningarnir skuli liggja hreppsbúum til sýnis á auglýstum stað með tilheyrandi fylgiskjölum. Eg er full viss um, að reynslan mundi sýna, að slíkt ákvæði sem þetta yrði aldrei til neins gagns og yrði því

að eins á pappírnum. Eg vildi því helzt nema þetta ákvæði alveg burt, en setja þá heldur einhver önnur ákvæði í staðinn. Eg hygg, að það sé nóg, að reikningarnir liggi frammi hjá reikningshaldara hinn lögskipaða tíma, og að eigi þurfi frekari auglýsingar við. Þá vildi eg minnast á eitt atriði, sem h. flutningsmaður tók fram að væri til bóta, nfl. ákvæði 2. gr. um að eindaginn á sveitargjöldum skuli vera að hálfu fyrir lok janúarmánaðar og að hálfu fyrir lok ágústmánaðar það ár, sem gjaldið er lagt á fyrir.

Eg vildi leiða athygli h. deildarmanna að því, að eg hef ekki getað skilið þessi ákvæði frv. — Jú, eg skil það að vísu að það skuli vera 2 eindagar, en eg skil eigi, að það skuli eiga að vera á þessum tíma, sem hér er farið fram á, og þessa ákveðnu daga og sérstaklega í sambandi við þessi orð, að það skuli vera í lok þeirra 2 mánaða, sem nefndir eru, það ár, sem gjaldið er á lagt fyrir.

Eg skil því, að meiningin með þessu ákvæði sé sú, að þeim gjöldum sé jafnað niður, sem eigi koma fyr til reiknings en næsta nýjár, en það er með öllu ómögulegt, og þess vegna hefir fardagaárið alt af mikla þýðing, af því að svo margt er miðað við það, og ýmsum gjöldum er skift við fardagaárið, af því að það er eigi hægt að gera niðurjöfnun fyrir almanaksárið; hún verður að eins að vera fyrir það ár, sem yfir stendur. Ef niðurjöfnun á að fara fram á haustin, þá verður hún að vera bygð á þeim útgjaldapóstum, sem kæmu árið eftir; en á því er eigi hægt að byggja. Menn geta eigi sagt, hvaða ómagar færi burt úr einni sveit og hverjir aðrir komi í stað þeirra, sterkir gjaldendur geta farið og aðrir máttarminni komið í þeirra stað; þetta gerir það að verkum, að ómögulegt er að hugsa sér, að þessi gjöld, sem hér ræðir um, séu lögð á í byrjun ársins fyrir það sama ár. Eg verð því að líta svo á, sem þetta ákvæði sé algerlega vanhugsað, eða það er þá misskilningur minn, ef það er eigi svo.

Þá virðist mjer ákvæðið í 3. gr. um hreppavegagjaldið og sýsluvegagjaldið heldur eigi heppilegt, og sízt ákvæðið um hreppavegagjaldið, því að með því ákvæði kemur þetta gjald niður á alt öðrum mönnum en þeim, sem það upphaflega stafar af. Eg álít því ekki heppilegt að auka þau gjöld, sem bygð eru á þessum grundvelli. Af því að efni og ástæður eru látin ráða að því, er þessi gjöld snertir, þá mundi það gera það að verkum, að efnalitlir menn, svo sem húsmenn og lausamenn mundu óbeinlínis verða á sveit með því ekki væri hægt að leggja á efni þeirra og ástæður jafnmikil útgjöld, og sveitin hefði af veru þeirra, það liggur í því, að ef þetta gjald yrði lagt á sýslusjóðina, þá mundi gjaldið til sýslusjóða hækka, og þetta gjald yrði aftur lagt á hreppsbúa eftir efnum og ástæðum, en miðað við verkfæra menn í hreppunum; ef þessir verkfæru menn eru fátækir, þá er eigi hægt að leggja svo mikið útsvar á þá, sem svarar útgjöldum þeim, sem á hreppnum hvíla, af því þeir dvelja í hreppnum; afleiðingin verður þá sú, að hreppurinn verður að gjalda því meira, sem efnalitlu íbúarnir eru fleiri; en ef ákveðið gjald er lagt á hreppsbúa, þá verða þeir að borga það, hvort sem efni þeirra eru mikil eða lítil; og eg hygg, að það sé eigi um of, þótt þeir styrki mannfélagið að því leyti.

Sama er að segja um hreppavegagjaldið, að með því að leggja það á hreppssjóðina, þá er hreppsnefndunum lagt í hendur ótakmarkað vald, hve mikið skuli greitt til hreppsvega; og ef þeim væri litið umhugað um það, þá mundu þær naumast leggja mikið á sig til vegagjörða, en aftur kanske aðrir miklu meira en sanngjarnt væri. Það gæti valdið óánægju, að þetta gjald kemur ranglega og ójafnt

niður á þá, sem allar aðrar byrðir hvíla þyngst á, nfl. bændunum, en ekki eins mikið á lausafólk, sem að öðru leyti borgar lítið til opinberra stétta. Að því er snertir ákvæðið um kostnaðinn við flutning þurfamanna, þá álít eg það heppilega breyting. Að vísu hefur það ekki stórmikla þýðing, en gjörir þó það að verkum, að sýslusjóðsgjöldin koma nokkuð meira niður á verkfæra menn. Það, sem eg því aðallega tel frv. þessu til gildis, eru ákvæðin um, að reikningsárið skuli bundið við nýjár, og svo enn fremur ákvæði um kostnaðinn við flutning þurfamanna. Að vísu eru þetta eigi mikilsverð ákvæði, en þeirra vegna mun eg samt eigi greiða atkvæði móti þessu frumvarpi.

Julius Havsteen: Ef frv. þetta verður að lögum, þá er það 13. bótin á tilskipun 4. maí 1872, um sveitarstjórn á Íslandi, og er þá komið nóg til þess að taka hana fyrir ásamt bótunum og búa til úr þeim nýtt fat. Þess vegna finnst mér, að það myndi eiga bezt við að geyma þetta frv. fyrst um sinn. Það mætti svo á sínum tíma taka hæfilegt tillit til þess, þegar öll sveitarstjórnarlöggjöf vor væri endurskoðuð. Í annan stað er frv. þetta ekki svo fullkomið, sem vera skyldi, og er samband þess við hina eldri löggjöf um þetta efni eigi svo ljóst, sem skyldi, en það er mjög áríðandi, að hreppsnefndirnar, sem eiga að nota þau fyrirmæli, sem felast í frumvarpinu, þurfi ekki að vera í neinum vafa um, hvað sé gildandi lög og hvað ekki. Að vísu eru í síðustu grein frumvarpsins ákvæði um það, hver lög það sé, sem falli úr gildi, en þessi ákvæði eru ekki úttæmandi, enda er gripið til þess, sem mér ávallt hefir fundist vera óheppilegt, að segja: „önnur þau ákvæði úr gildi numin, sem koma kunna í bága við þessi lög“. Slík ummæli eru of almenn og ótiltekin. Eg skal enn fremur taka það fram hér, að sá, sem samið hefir frumvarpið, hefir alveg gleymt að nefna lög 15. febr. 1895 um breyt. á 1. gr. laga 9. jan. 1880 um breyt. á tilskipun 4. maí. 1872 um sveitarstjórn á Íslandi.

Eins og eg sagði áður, þá er frv. [illegible]eig svo ítarlegt og fullkomið, sem vera skyldi og mun nauðsynlegt að fela það nefnd til íhugunar.

Axel V. Tulinius: Eg ætla að taka það fram, þótt það sé ýmislegt, sem er athugavert við frv. þetta og sér í lagi 2. gr. þess, þá er það allt þannig lagað, þótt stutt sé, að það þarf vandlegrar yfirvegunar. Eg vil að nefnd sé sett í málið og vil eg þá leyfa mér að stinga upp á þriggja manna nefnd.

Julius Havsteen: Má ekki vísa málinu til þeirrar nefndar, sem væntanlega verður sett, til að athuga 6. málið á dagskrá um stjórn fátækramálefna og sveitarstjórn o. s. frv.

Guttormur Vigfússon: Eg vildi sömuleiðis benda á að réttast muni að setja þetta mál í samband við tillögu til þingsályktunar um fátækramál, sem er 6. mál á dagskrá í dag, þegar það kemur til umr. Eg er alveg samdóma h. 1. kgk. þm. (J. H.) um það, að það sé mjög óheppilegt, að koma með 13. bótina við sveitarstjórnarlögin nú, því frekar sem eg álít frv. í mörgu ábótavant. Eg mun þó ekki greiða atkv. móti því, að málinu verði vísað til nefndar, og er það með sérstakri hliðsjón af því, að þingsál.till. þeirri, er eg nefndi áðan, verði vísað til sömu nefndarinnar, enda eru mál þessi svo náskyld. —

Ef nefndin nú kæmist að þeirri niðurstöðu, sem eg álít réttasta, að sþ. þingsál.till., tel eg sjálfsagt að fella frv., en ef þingsál.till. yrði feld, verður líklega sem neyðarúrræði, að sþ. frv. með fleiri breytingum, sem nauðsynlegar eru, og deildin kemur sér saman um.

Kristján Jónsson: Eg ætla að eins að segja fáein orð um þetta mál, eins og það nú liggur fyrir, og gjöra örstutta aths.

Mér finnst vera réttast og felli mig yfir höfuð vel við það, að sett sé sama nefndin, til að íhuga þetta mál, og til að athuga tillöguna á þskj. 232, sem væntanlega verður fengin nefnd til meðferðar. Ef svo fer, að sama nefndin á að fjalla um bæði þessi mál, eins og mér virðist háttv. þingdeildarmenn hér vera ásáttir um, þá álít eg bezt við eiga, að hún sé kosin nú þegar. Mér er að vísu ekki ljóst enn, hvernig sú nefnd muni líta á málið, en eg býst við, að hún muni komast að þeirri niðurstöðu, að rétt sé, að milliþinganefnd sé skipuð, til að taka allt fátækra- og sveitarstjórnamálið til rannsóknar og meðferðar og að málinu samkvæmt því verði ekki ráðið til lykta á þessu þingi, enda álít eg það yfirgripsmeira en svo. Ef nefnd verður kosin nú þegar, þá ætti að vísa tillögunni til þeirrar nefndar, en hún ætti að vera nokkuð fjölmenn, og helst fjölmennari en venjulegt er hér í deildinni.

ATKV.GR.: Samþykt með 9 atkv. að kjósa 5 manna nefnd í málið.

Kosning hlutu:

Julius Havsteen	með	9	atkv.
Ólafur Ólafsson	—	9	—
Kristján Jónsson	—	7	—
Guðjón Guðlaugss.	—	6	—
Eiríkur Briem	—	5	—

Frv. tók flutningsmaður (Ól. Ól.) aftur við framhald einnar umr. um tillögu til þingsályktunar um milliþinganefnd í fátækramálinu 3. ágúst (sjá 216. dálk).

Brunabótafélag.

FRUMVARP til laga um stofnun brunabótafélags; 1. umr. 16. ágúst (C. bls. 626).

Julius Havsteen: Í fyrra sumar var amtmanninum sunnan og vestan og sömuleiðis amtmanninum norðan og austan falið á hendur að leita upplýsinga um, hvort kauptún og Ísafjarðarkaupstaður vildu ganga inn í innlent brunabótafélag, og hafa svörin orðið á þá leið, að menn yfirleitt í mínum ömtum voru á móti þessu, og kváðust sjálfir geta séð sér um vátrygging húsa sinna. Eg get því sagt fyrir Suður- og Vesturamtið, að þessum lögum verður ekki vel tekið.

Sömuleiðis er landssjóði lögð þung byrði á herðar, ef lagafrumvarp þetta verður að lögum; eg verð að efast um, að málið sé þess vert. Það er auk þess ómögulegt að sinna svona löguðu máli, nema því að eins, að nefnd væri skipuð til að íhuga það en til þess er tíminn satt að segja of stuttur.

Axel V. Tulinius: Eg leyfi mér að stinga upp á 3 manna nefnd, til að íhuga málið.

Samþ. með 6 atkv. að kjósa 3 manna nefnd.

Kosning hlutu:

Julius Havsteen	með	8	atkv.
Axel Tulinius	—	7	—
Eiríkur Briem	—	7	—

1. umr. málsins frestað.

Nautgripaábyrgð.

FRUMVARP til laga um samþyktir um ábyrgðarsjóði fyrir nautgripi; 1. umr., 7. ágúst (C. bls. 485).

Ólafur Ólafsson: Eg fyrir mitt leyti vil taka vel á móti þessu frv. Tilgangurinn með því er að tryggja einn af helztu atvinnuvegum landsins með því að stofna ábyrgðarsjóði fyrir nautgripi, Það er öllum skiljanlegt, að nautgripirnir eða kýrnar eru verðmeiri fyrir búendur en flest annað, og að það er næsta mikið undir því komið, hvort þeim notast að nautgripum sínum eða ekki. Mér er sérstaklega ant um, að frv. þetta fái framgang, af því að eg hef reynslu fyrir mér í þessu efni. Í minni sýslu hafa verið gerðar tilraunir

til að koma slíkum ábyrgðarsjóðum á með frjálsum almennum samtökum, en það hefir eigi tekist. Sýslunefndin í Árnessýslu hefir nfl. fyrir nokkru gert tilraunir til að koma upp ábyrgðarsjóði fyrir nautgripi á líkan hátt og hér er farið fram á, en það hefir eigi tekist; það er sannarlega eigi af því, að menn eigi hafi viðurkent þörfina á ábyrgðarsjóðunum, heldur hafa menn eigi getað komið sér saman um ýms ákvæði í reglugerðinni, og hafa eigi haft nauðsynlegan félagsskap í sér, til þess að hrinda þessu máli áfram. Það verður oft mikið tjón af því, að fátækir menn missa bjargargrip sinn, og þess vegna er eigi horfandi í fyrir menn að borga hið litla iðgjald, sem leiðir af ábyrgðarsjóðum þessum. Eg get eigi séð, að það séu meiri erfiðleikar eða vandkvæði á því fyrir landbónda að hafa nautgripi sína í ábyrgð, en fyrir sjávarbóndann að hafa bát eða skip í ábyrgð. Í Árnessýslu hafa flestir skipaeigendur skip sín og báta í ábyrgðarsjóði, sem er undir stjórn góðra og valinkunnra manna. Ef frv. þetta nær fram að ganga og sýslunefndir semja reglugerð fyrir þessa ábyrgðarsjóði, þá mun sú raunin á verða, að þótt menn eigi í fyrstu yrðu ánægðir með þá, mundu þeir með tímanum læra að sjá gagnsemi þeirra, og að það sé bæði gott og rétt fyrir hvern þann, sem á góðan grip að tryggja hann, eigi síður en skip eða báta. Þótt eg eigi sé meira við frv. þetta riðinn en aðrir h. þd. menn, þá vil eg samt mæla með, að það fái að ganga sína leið, með því að eg er sannfærður um, að það verður landbúnaðinum til bóta.

ATKV.GR.: Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Önnur umr., 9. ágúst (C. bls. 485).

Hallgrímur Sveinsson: Eg benti á það um daginn, eg hygg þm. A.-Skaftfell., reyndar privat, að þar sem hann væri hlyntur frv., væri rétt fyrir hann að koma með breyt.till. við 2. gr. frv., þar sem einu orði „þeir“ er ofaukið. Þetta hefir ekki verið leiðrétt, en til þess er enn tími til 3. umr. og mundi eg verða til að styrkja breyttill. í því efni.

ATKV.GR.:

1. gr. frv. sþ. í e. hlj.
2. — — — — —
3. — — — — —
4. — — — — —
5. — — — — —
6. — — — — —

Fyrirsögn frv. sþ. í e. hlj.

Frv. vísað til 3 umr. með 10 shlj. atkv.

Þriðja umr. 12 ágúst, (C, bls. 485, 562).

Breyttill. á þskj. 411 samþ. með 7 samhlj. atkv.

Frv. þannig breytt samþ. í e. hlj. og afgreitt til Nd.

Alþingiskosningalög.

FRUMVARP til laga um breyt. á 18. gr. í lögum um kosningar til alþingis 14. sept. 1877; 1. umr., 15. ágúst (C, bls. 619).

Kristján Jónsson: Þegar eg sá þetta frumvarp, furðaði mig á því, að slíkt mál skyldi koma fram á þessu þingi. Hinum háttv. deildarm. getur ekki verið ókunnugt um, hvernig afstaða mín hlýtur að verða í þessu máli, því að við 2. umr. í stjórnarskrármálinu tók eg fram ýms atriði, sem verða að ráða stefnu minni í þessu máli. Það var sem sé þá farið fram á það af 2 háttv. þm. að gera víðtæka breyting á kjördæma-skiftingunni hér á landi, og að taka þar að lútandi ákvæði upp í stjórnarskrárfrv., en eg áleit, að málið væri svo lítt undirbúið og athugað, að eigi væri rétt, né einu sinni unt að útkljá það nú á þingi. En á hinn bóginn er það bráðnauðsynlegt, — og er það viðurkennt af þeim flokki á þinginu, sem eg

tel mig til —, að setja innan skams nýjar reglur um kjördæmaskiftinguna í landinu, og það verður sjálfsagt að vera hlutverk aukaþings þess, sem væntanlega kemur saman að ári, að fjalla um það mál, og ráða því til lykta. Fyrir því er afstaða mín þannig í þessu máli, að eg get verið því meðmæltur, að íhuga það, hvort ekki mætti byrja nú þegar að undirbúa breytingar og nýja niðurskipun á kjördæmum landsins, og kemur þá til álita kjördæmis-skifting sú, sem þetta frv. fer fram á; eg mun því stinga upp á því, að nefnd sé skipuð í málið, þegar búið er að ræða það að þessu sinni.

Guðjón Guðlaugsson: Eg er fullkomlega hlyntur þeirri breytingu sem frumv. þetta fer fram á, og það fremur öðrum, því að fyrir þing 1899 var eg á ferð um Ísafjarðarsýslu, og fóru þá margir mikilsmetnir menn þess á leit við mig, að eg flytti fram á þingi frv., er færi í sömu átt, og frv. það, er hér liggur fyrir. En þar eð eg áleit réttara, að þingmenn kjördæmisins flyttu það, skoraðist eg undan því þá. Í þingbyrjun 1899 fekk eg skriflega áskorun frá mikilsmetnum mönnum þar í sýslu, og var eg og annar háttv. þm. í Nd. byrjaðir að semja frv., en það fórst svo fyrir sökum anna. En þetta er nú ekki einhlít ástæða fyrir mig að vera með frumv.

En þar sem hér kemur til greina eindreginn vilji sýslubúa, svo og að sýslufélögin eru 2 í kjördæminu, er margt, sem mælir með því, að Ísafjarðarsýslu sé skift í 2 kjördæmi.

Þessar óskir eru ekki ástæðulausar, vegna þess, hve mikla erfiðleika strjálbygð, ferðalög og vegalengdir baka mönnum.

Það er því eðlilegt, að menn vilji að sér sé gert sem hægast fyrir að nota hinn dýrmæta rétt að kjósa til alþingis. Enn er ein ástæða til að skifta kjördæmum, sem kjósa 2 þingmenn, og gera mönnum með því hægara fyrir að sækja kjörfund og koma á meira jafnrétti en nú á sér stað.

Tveir menn búa hvor við hliðina á öðrum, og annar hefir helmingi meiri réttindi í þessu efni en hinn. Þannig er því varið við Hrútafjarðarbotn. Sá sem býr Strandasýslumeginn hefir ekki rétt til að kjósa nema einn, en Húnvetningurinn, sem er nágranni hans kýs 2. Frv. þetta fer því í rétta átt, þar sem auk þess, að gera mönnum hægra fyrir að nota réttindi sín, miðar að því að koma á jafnrétti manna á meðal. Eg álít því réttast að skifta öllum þeim kjördæmum, sem kjósa 2 menn til þingsetu. Í brtill. mínum við stjórnarskrármálið var farið fram á nýja kjördæmaskifting, að minsta kosti til bráðabirgða, þangað til óskir manna í hinum ýmsu kjördæmum væru fyllilega í ljós komnar, og þar eð það er álit mitt, að slíkt eigi heima í stjórnskipunarlögum.

Í byrjun þessa þings bjóst eg við af orðum, sem féllu hjá ýmsum þingmönnum, að gagngerð breyting yrði gerð á kjördæmaskiftingu og kosningalögunum í heild sinni, en úr því ekki hefir orðið neitt af því, þá vil eg ekki fara lengra en frv. þetta fer að sinni.

Hinn háttv. 3. kgk. (Kr. J.) vildi helst láta kjósa nefnd í málið, en eg sé enga ástæðu til þess, þar sem ekki er um margbrotnara mál að ræða en þetta, og glöggvar og greinilegar ástæður er fyrir hendi, og frv. stefnir í rétta átt, eins og eg hefi leitt rök að.

Svo getur hver einstakur íhugað málið rækilega út af fyrir sig, og nefnd því allsendis óþörf. Eg vil því leggja það til, að málið fái að ganga sinn gang gegn um deildina.

Kristján Jónsson: Mér finst satt að segja, er eg hugsa mál þetta nánar, það vera mjög óviðurkvæmilegt og óviðeigandi, ef þingið fer að samþ. frv. um þetta efni, þar sem stjórnarskrármálið er nú nýlega

afgreitt frá þinginu, og það væntanlega liggur fyrir, að taka alla kjördæmaskiftinguna á landinu innan skams til vandlegrar íhugunar og meðferðar. Ef nú á að fara að taka þetta eina kjördæmi fyrir, þá hygg eg, að það geti haft meinleg áhrif á síðari framkvæmdir í málinu. Ef stjórnarskrárfrv., sem nýlega var samþ., verður að lögum (stjórnarskipunarlögum), og ný kjördæmaskifting verður gerð samkvæmt þeim, má búast við því, að þetta umrædda kjördæmi, Ísafjarðarsýsla og kaupstaður fái ekki einungis 2, heldur jafnvel 3 þingmenn, og að kjördæminu verði að skifta eftir því. Það er því glappæði, að fara að hrapa að þessu máli nú, og mér er ekki vel ljóst, að það sé einu sinni eðlileg skifting, sem farið er fram á. Vestur-Ísafjarðarsýsla, sem á að verða annað kjördæmið, er 5 hreppar með nálægt því 2500 íbúum, en í Norður-Ísafjarðarsýslu eru 10 sveitarfélög með um 4500 íbúum. Þetta væri því harla ójöfn skifting, og það er mjög óvíst, að hún sé samkvæm vilja héraðsbúa. Mál þetta um kjördæmis-skiftinguna var að vísu samþ. í vestursýslunni á mjög fámennum fundi og mun einnig hafa verið samþ. af sýslunefnd, en sýslunefndin í hinum hlutanum hefir aldrei verið að spurð um það, og álits héraðsbúa þar eigi leitað. Mér finst þetta ekki vera rétt og ekki til meðmælingar fyrir málið. Eg verð og að efast um, að frv. styðjist við eindreginn vilja héraðsbúa, þótt það hafi verið samþykt á fundi, sem var mjög fámennur, og sem því vart hefir haft fullkomið eða nægilegt umboð til þess að gera slíka ályktun. Eg játa það, að það sé í sjálfu sé ekki óeðlilegt, að þessari sýslu sé skift í 2 kjördæmi, en það mætti líka segja það um Barðastrandasýslu, því að henni er einnig skift í 2 sýslufélög. Það getur vel verið, að fjölga verði kjördæmum, og að því mun reka, að það verði gert, en slíkt þarf að gera víðar en í Ísafjarðarsýslu, og þyrfti því að fara langtum lengra, en farið er í þessu frv. Ísafjarðarsýsla og kaupstaður ætti að líkindum að hafa, ekki einungis 2, heldur 3 þingmenn.

Eg er — sem annars er sjaldgæft —, þm. Strandm. (G. G.) þakklátur fyrir játning hans um það, að honum hafi ekki verið alvara um daginn í stjórnarskrármálinu að því, er breyttill. hans snerti um kjördæmaskiftinguna, og að þær hafi ekki verið bygðar á nægilegri rannsókn. En það er ekki þakklætisvert, að hafa barist eins harðmannlega — að eg eigi segi ósvífið — eins og hann gerði fyrir máli, sem ekki hefir verið honum alvörumál. Þingið hefir nú til meðferðar almenn kosningarlög eða frv. um gagngerða br. á kosningalögum vorum, en þeir menn, sem fyrir þessu frv. berjast, sem vér nú höfum til umr., eru ekki hlyntir á minstum almennum kosningarlögum, og sést af því, að þeim er eigi alvara með, að gera nauðsynlega breyting á kosningarlögunum og kjördæmaskiftingunni, er nái yfir land alt. Þessi almennu kosningarlög hafa verið í nefnd í Nd. síðan í byrjun þingtímans í sumar, og hefi eg fyrir satt, að mest hafi þar verið tafið fyrir málinu af hálfu þeirra manna, sem fastast sækja þetta frv. um skifting Ísafjarðarsýslu í 2 kjördæmi. Kosningalagafrv. var alkunnugt orðið löngu fyrir þing, því að það var í vetur prentað í Tímariti Bókmentafélagsins. — Að lokum skal eg taka það fram, að eg get eigi verið hlyntur þessu frv. um skifting Ísafjarðarsýslu í 2 kjördæmi, og að eg vil stinga upp á, að nefnd sé skipuð í málið. —

Julius Havsteen: Ef frv. þetta hefði komið beint inn á þing hér í deild, þá hefði verið rétt að setja það í nefnd, en þar sem það kemur nú frá Nd., finst mér það ekki einungis óþarft, heldur virðist mér það vera að eins til þess gert að eyðileggja frv., þar sem tíminn er orðinn svo naumur, og það er því betra, að fella

frumvarpið þegar, ef menn eru á móti því, en að setja það í nefnd til málamynda. Vér þurfum hér ekki annað en heyra yfirlýsing h. þm. Strand. (G. G.) um það, að þetta er vilji manna þar vestra og finst mér, að ekkert geti verið á móti því, að verða við óskum þeirra; hér er líka um tvö sýslufélög að ræða.

Guðjón Guðlaugsson: H. 3. kgk. þm. (Kr. J.) mintist á þetta mál í sambandi við stjórnarskrármálið og kvað þessa breyting á kosningalögunum koma óþægilega við það stjórnarskipunarlagafrumv., sem afgreitt hefði verið sem lög frá þinginu. hann áleit ekki neina bráða nauðsyn til þess vegna að láta þetta frumv. fara frá þinginu nú í sumar, því að ný kosningalög væru í vændum og ný kjördæmaskifting kæmist þá á. En hver veit, hvað langt verður þangað til, að hin nýju kosningalög, sem eru á ferðinni, komast á? Þó að ekki yrði langt þangað til, væri samt ekkert á móti því, að samþykkja nú þannig lagað frumv., eins og hér liggur fyrir, þegar það hefir ekki neitt það við sig, sem hægt er að hefja mótmæli gegn. H. 3. kgk. þm. (Kr. J.) mundi ekki hafa neina mótbáru gegn þessu frumv., ef ákvæði þess væru í hinum nýju kosningalögum. Hvað breyt.till. okkar snertir um sama efni við ákvæði stjórnarskrárinnar um stundarsakir, þá voru þær að eins framkomnar, til þess að gert væri mögulegt að framkvæma stjórnarskipunarlögin, og eg tók fram þá um daginn, að eg hefði ekki lagt svo mikla áherzlu á, að öll kjördæmaskiftingin væri, eins og hver sýsla mundi á kjósa, þar sem þess var heldur engin kostur, er allar skýrslur vantaði því viðvíkjandi.

H. 3. kgk. þm. (Kr. J.) bar brigður á, að þetta væri almennur vilji sýslubúa, að þessi skifting færi fram. sem hér um ræðir, sérstaklega mundi það ekki vera í norðursýslunni. Það er einmitt þar, sem kjörfundurinn er altaf haldinn og allir geta notið kosningarréttar síns, svo að það er ekki mikið að marka, þó að þeim sé ekkert áfram um þetta þar nyrðra. Það á ekki að taka mikið tillit til þess, heldur hins, hvað sá hlutinn, sem verður út undan við kosningar og býr lengst frá kjörstaðnum, óskar eftir,

H. 3. kgk. þm. (Kr. J.) bar þetta saman við Barðastrandarsýslu og kvað þá ástæðu til að skifta henni í tvö kjördæmi. En þar stendur öðruvísi á. Þar er ekki nema einn þingmaður fyrir alla sýsluna. Eg taldi heldur ekki það sem aðalástæðu fyrir skiftinguninni, að sýslan væri tvö sýslufélög, heldur tók eg fram, að það mælti með skiftingunni, að svo stæði á. Þegar einnig er litið á það, að sundurleitar skoðanir á aðalmálum landsins eru í norður- og vesturhluta sýslunnar, þá er ekki nema eðlilegt, að kosið sé í hverjum hluta fyrir sig. Það er ekki rétt að láta höfðatöluna ráða í öðrum partinum, en hinn sé fyrir borð borinn.

H. 3. kgk. þm. (Kr. J.) lagði áherzlu á, að sömu mennirnir í Nd., sem hefðu lagt mest kapp á að frumv. þetta næði fram að ganga, hefðu gert alt sitt, til að tefja fyrir nýju kosningalögunum, er þar væru á ferðinni. Eg hefi ekki rannsakað, hvort svo sé, og þetta mun ekki vera á margra manna vitorði, nema h. 3. kgk. þm. (Kr. J.) og vildarmanna hans. En það væri ekki þessum mönnum láandi, þó að þeir hefðu tafið fyrir þeim, því að eins og h. 3. kgk. þm. (Kr. J.) tók fram, viðvíkjandi þessu frumv., að það ætti að bera það undir hlutaðeigandi héruð, eins munu menn vilja bera bæði kjördæmaskifting og tölu þingmanna í hinum nýju lögum undir hlutaðeigandi héraðsbúa. Þá ætti hann líka sjálfur að kjósa það helzt, að málinu væri ekki hraðað í Nd. á þessu þingi.

Guttormur Vigfússon: Mér er þetta frumv. ekkert kappsmál. En út af því sem h. 3. kgk. þm. (Kr. J.) sagði um það, að það væri opinbert launungarmál, að

þeir í Nd., sem hefðu verið ákafastir fylgismenn þessa frumv., hefðu gert alt, er í þeirra valdi stæði, til að hamla því, að hin nýju kosningalög, sem eru á ferðinni í Nd., næðu fram að ganga, verð eg að segja nokkur orð til leiðréttingar. Eg veit nú ekki, hvort h. deildarmenn muna, hverjir skipa nefndina, sem hefir kosningarlagamálið til meðferðar í Nd. Af þeim fimm, sem í hana voru kosnir, eru þessir: Þórður Thoroddsen, formaður, Guðlaugur Guðmundsson, skrifari, og sjálfur flutningsmaðurinn, Björn Kristjánsson. Þessi meiri hluti sýnist líklegur, eða hitt þó heldur, til að tefja málið, þar sem þeir allir voru á móti þessu frumv. og á hina hliðina gátu þeir víst hæglega flýtt kosningalögunum, þó hinir tveir hefðu viljað tefja fyrir þeim, sem alls ekki mun hafa við nein rök að styðjast. Þess vegna eru orð h. 3. kgk. þm. (Kr. J.) nokkuð einkennilega á snið við sannleikann í þessu efni, og áleit eg skyldu að leiðrétta þessa „missögn“ h. 3. kgk. þm. (Kr. J.).

ATKV.GR.: Nefnd feld með 6 : 5 atkv.

Frv. vísað til 2. umr. með 6 : 5 atkv.

Önnur umr., 17. ágúst (C bls. 619, 657, 658).

Axel V. Tulinius lýsti því yfir, að hann tæki aftur breyt.till. sína á þskj. 504.

Ólafur Ólafsson lýsti því yfir, að hann tæki aftur breyt.till. sína á þskj. 503.

ATKV.GR.: Meginmál frv. felt með 6 : 5 atkv.

Kjörgengi kvenna.

FRUMVARP til laga um kjörgengi kvenna; 1. umr. 19. júlí (C bls. 289).

ATKV.GR.: Frv. vísað til 2. umr. með 7 : 3 atkv.

Önnur umr., 22. júlí (C bls. 289, 346).

Breyt.till. á þskj. 163 hafði verið útbýtt með ónógum fyrirvara og leitaði forseti atkv. deildarinnar um það, hvort hún yrði tekin til umr. Var það sþ. í e. hlj.

Kristján Jónsson: Mál þetta hefir verið til meðferðar áður á undanfarandi þingum í þessari h. deild, og hefi eg þá, eins og h. þm. er kunnugt, verið á móti málinu, en nú mun eg greiða atkvæði með frumv. eins og það liggur fyrir. Eg get því ekki látið hjá líða, að lýsa þeim hugsunargangi, sem hefir leitt mig til þess að breyta skoðun minni á málinu.

Frumv. þetta snertir eingöngu rétt kvenna til að taka þátt í stjórn sveitarmála, bæði hinni æðri og hinni lægri, svo og safnaðarmála. Fram yfir 1870 var þessum málum stjórnað „autokratiskt“ á tyrkneska eða rússneska vísu, ef eg má segja svo, af presti og hreppstjóra, og var þá eigi um það að tala, að aðrir en karlmenn stjórnuðu þeim. Árið 1872 var gerð breyting á sveitar-, sýslu- og amtsstjórnarlögum; var stjórn þessara mála fengin í hendur kosnum nefndum, en konum þó ekki veittur kosningaréttur, því síður kjörgengi til nefndanna; svo með lögum 12. maí 1882 var ekkjum og öðrum ógiftum konum, sem standa fyrir búi eða á einhvern hátt eiga með sig sjálfar, veittur kosningarréttur, er kjósa skal í hreppsnefnd, sýslunefnd, bæjarstjórn og sóknarnefnd, svo og safnaðarfulltrúa.

Það hefir sýnt sig, að enginn voði hefir af þessu stafað í þau 19 ár, sem þessi lög hafa verið í gildi og má því álíta, að tími muni vera til kominn að veita konum einnig kjörgengi í téðar nefndir, eins og frumv. þetta fer fram á. Þessi sögulegi gangur málsins er í sjálfu sér næg ástæða til réttlætingar því, að eg hefi skift skoðun á málinu.

En það eru samt sem áður aðrar og dýpri ástæður, sem nú ráða atkv. mínu í málinu. Þegar talað er um, hvað útheimtist til þess að vera fær um að gegna vel

opinberum störfum, er svarið venjulega: vitsmunir og þekking.

Flestir eru samdóma um það, að konur standi engu ver að vígi en karlmenn að því, er vitsmuni snertir, og er því engin ástæða til að bægja þeim frá hlutdeild í opinberum störfum fyrir þá sök. Að því er þekking snertir, þá er það eðlilegt, að karlmenn standi þar öllu betur að vígi, þar eð þeir hafa einir frá alda öðli fjallað um þau mál, er hér ræðir um, og styðjast því í þessu efni við vana og æfing, þar sem konur eigi hafa það fyrir sig að bera. En þetta mundi einnig lærast konum með timanum og við æfinguna jafnframt og tækifærið býðzt til að taka þátt í störfum þessum. Eins og kunnugt er, taka konur þessar allmikinn þátt í stjórn ýmsra félaga nú orðið og sitja þar jafnaðarlega í valdasessi, eins og t. d. í stærsta og fjölmennasta félagi hér á landi, Good-Templarfélaginu.

En nú er það ekki eingöngu mannvit og þekking, sem útheimtist til þess að inna vel af hendi, störf og embætti í almennings þarfir, heldur er það öllu öðru fremur drengskapur, manndygð og manndáð, sem til greina á að koma. Í hérumbil fjórðung aldar hef eg sem valdsmaður, dómari og alþm. haft tækifæri til að kynnast mönnum, við opinber og alþýðleg störf, og get ekki með óblandaðri gleði lýst reynslu minni í þessu efni; það hefir alt of oft komið fyrir, að þeir menn, sem nauðsyn var á að treysta mætti, hafa brugðist og enda rofið gerð heit og loforð; eg hef alt of oft orðið þessa var, séð rofin orð og eiða, og séð hlaupið undan merkjum, er mest á reið og á átti að herða, og það enda „á æðri stöðum", sem kallað er, og jafnvel á alþingi sjálfu; menn hafa því miður oft eigi sýnt þann drengskap, sem ófrávíkjanlega verður að heimta, þegar um afskifti af almenningsmálum er að ræða. Ragmenska og þrællund og sviksemi í slíkum málum hefir sannarlega of oft komið í ljós, og geri eg ráð fyrir, að fáir séu þeir í þessum sal, sem ekki hafa orðið þess varir.

Maður gæti haldið lengi áfram á þessa leið og skýrt frá atvikum, sem alls ekki eru óvanaleg, en sem hljóta að miða að því að veikja traustið á þessum hluta kynslóðarinnar nfl. karlmönnunum. Þegar þessu er nú þannig varið, verður manni fyrir að líta í kring um sig og hugsa sig um, hvernig megi fylla þau skörð, sem verða sakir léttúðar og ódrengskapar karlþjóðarinnar, og er þá eðlilegt, að vér lítum til hins helmings mannkynsins, kvennþjóðarinnar. Eg fullyrði það, að mannvit kvennþjóðarinnar sé fullkomlega eins gott og mikið eins og karlmannanna, en að manndygð og manndáð og drengskapur, sem miklu mest er um vert, þegar um það er að ræða, að rækja störf í almenningsþarfir, sé enda og miklu fremur og áreiðanlegra að finna hjá kvennþjóðinni, eins og ljós dæmi og sannanir má fá um í lífssögu þjóðarinnar bæði fyrrum og nú. — Vér höfum því eigi ráð á því og megum eigi við því, að missa kvennfólkið frá almenningsstörfum á þessu fámenna landi, þótt það hafi aukið starf og erfiði í för með sér fyrir kvennþjóðina, og verði byrði fyrir það.

Eg hef nú fært ítarlegar ástæður fyrir því, hvers vegna eg nú greiði atkv. mitt með frumv. þessu, sem eg áður hef verið mótfallinn. –

Guttormur Vigfússon: Hinn háttv. 3. kgk. þm. talaði mjög vel og rækilega með frumvarpi þessu. Kom mér það að vísu á óvart, þar sem hann alt til þessa hefir verið móti málinu, en gleðst nú samt sem áður yfir því, þrátt fyrir það, þó það væri töluvert á kostnað okkar karlmannanna. Eg hef komið fram með breyt.till., sem prentuð er á þskj. 163. Eftir nánari athugun á breyt.till. sá eg, að hún hefði þurft að vera nokkru viðtækari, til þess að koma að tilætluðum notum. Sökum

þessa ætla eg að taka breyt.till. aftur og lofa frv. að standa óbreyttu, eins og það liggur fyrir.

Julius Havsteen: Mér finst vera lítil ástæða til þess að koma með frumvarp þetta nú inn á þingið; stjórnin hefir tvívegis synjað um staðfesting þess og felt var það í Ed. 1899. Eg fæ heldur ekki séð, að minsta gagn sé að frv. þessu og gat heldur ekki samfærst um það af ræðu hins háttv. 3. kgk. þm.

Það geta verið skiftar skoðanir um það, hvort konur standi karlmönnum að nokkru leyti hærra, en eg fyrir mitt leyti er helzt á því, að konur séu hvorki betri né verri en karlmennirnir. Það er satt, sem hinn háttv. ræðumaður sagði, að ekkert ilt hefir hlotist af lögum þeim, sem heimila konum kosningarrétt, enda hafa þær mér vitanlega lítið notað þá réttarbót. Eins held eg, að fáar konur verði kosnar í þær nefndir, sem á að gefa þeim aðgang að, þótt frumvarp þetta yrði að lögum; það hefur að mínu áliti enga praktiska þýðing.

Eg verð því að greiða atkvæði á móti því, eins og á þingi 1899.

Eirikur Briem: Eg álít, að þetta mál hafi ekki mikla praktiska þýðing, og er eg í því efni samdóma 1. kgk. þm. (J. H.). En eg vildi minnast á, hvernig frumvarp þetta er að skilja, kjörgengi kvenna, — eða hvað átt er hér við með, hvort það er einungis rétturinn til að geta fengið kosning, eða skyldan til að taka á móti kosningu. — Mér virðist næst liggja að skilja frumv. svo, sem hér sé átt bæði við réttindin og skylduna til að taka á móti kosningu. En ef skyldan er með, þá mundi það geta orðið mjög tilfinnanlegt fyrir kvennmenn, að vera kosnir nauðugir hvort heldur er í hreppsnefndir eða önnur þvílík störf, og finst karlmönnum það fulltilfinnanlegt, og þó myndi kvennmönnum — oft og einatt vera það miklu tilfinnanlegra. Eg vildi gjarnan heyra álit hinna háttv. þingdeildarmanna um þetta mál.

Landshöfðingi: Út af orðum hins háttv. 6. kgk. þm, (E. Br.) skal eg leyfa mer að taka það fram, að á undanförnum þingum hefir það hvað eftir annað verið tekið fram sem aðalmótbára móti þessu frv. af þeim, sem ekki vildu aðhyllast það, að hverjum réttindum fylgja skyldur, og að um leið og konur fá kjörgengisrétt til þeirra nefnda, sem hér ræðir um, þá fylgdu því einnig skyldur til að taka á móti kosningu. Þess vegna hafa svo margir verið á móti þessu frv., af því að þeim þótti það of þung skylda á ekkjum og ógiftum konum að gera þeim að skyldu að taka á móti kosningu í þessar nefndir, þar sem þeim kynni að vera það mjög ógeðfelt að sitja í þeim. eins og háttv. 6. kgk. þm. tók fram. Það er ógeðfeldara fyrir konur en karlmenn, og þess vegna finst mér það vera mjög viðsjárvert að gera konum þetta að skyldu og að það mundi verða óvinsælt og þeim mjög á móti skapi.

Guttormur Vigfússon: Eg veit ekki betur, en að frv. þetta hafi ávalt verið skilið svo frá því fyrsta, að með kjörgengi kvenna í nefndir þær, sem hér ræðir um, fylgdi sem sjálfsögð skylda að taka á móti kosningu í þær; þegar þetta frv. var til umræðu síðast hér á þingi, kom hinn þáverandi 6. kgk. þm. fram með breyt.till. í þá átt, að konur þyrftu eigi að taka á móti kosningu í þessar nefndir; en br.till. hans fékk eigi meðhald, og var þá skýrt tekið fram, að konur ættu að sjálfsögðu að hafa þessa skyldu, um leið og þær fengju kjörgengisréttindin. Ef kvennfólkinu er það kappsmál að fá sömu réttindi og karlmenn, þá finst mér líka, að þær hljóti að hafa sömu skyldur, og eg fyrir mitt leyti greiði atkvæði með þessu frv. í þeim tilgangi, að kvennfólk það, sem eftir frv. þessu öðlast kjörgengisrétt, hljóti

einnig að takast á hendur þær skyldur, sem þeim réttindum fylgja.

Eiríkur Briem: Mér sýnist ekki réttindi og skyldur þurfa að fara beinlínis saman í þessu tilliti; mér finst rétturinn aðallega snerta kjósendur, nfl. að þeir megi kjósa í þessar nefndir þá persónu, sem þeir álíta hæfasta til þeirra starfa, sem hér ræðir um, og að kvennmaður, sem heimilt væri að kjósa í þessar nefndir, þyrfti eigi að hafa skyldu til að taka á móti kosningu í þær; ef þetta yrði gert gildandi, þá gæti það orðið mjög tilfinnanlegt fyrir kvennfólk að vastra í öllum þeim störfum, sem hreppsnefndum eru samfara, og því hygg eg, að þær mundu flestar vilja vera þeim undanþegnar. Eg veit til þess, að fjölda karlmanna þykir þetta mjög tilfinnanleg skylda, og að þess eru dæmi, að menn hafa flutt sig burt úr einni sveit, einungis til þess að lenda ekki í hreppsnefnd; en svo tilfinnanleg sem þessi skylda er fyrir karlmenn, þá er hún þó enn tilfinnanlegri fyrir kvennfólk. Eg get því ekki gefið frumv. atkvæði mitt, ef þetta ætti að vera svo.

Kristján Jónsson: Það hefir verið tekið fram af hæstv. landsh., að það beri að skilja frumv. þetta á þann hátt, að þeim réttindum, sem ekkjum og öðrum ógiftum konum með því eru gefin, fylgi einnig skyldur, sem sé: skyldan til að taka að sér og leysa af hendi áminst opinber störf, og er það að mínu áliti alveg rétt, að þannig beri að skilja lagafrumvarpið, en hugsunargangur sá, sem eg áður talaði um að leiddi til þess, að eg féllist á frv., fer einnig beint í þá átt. Eg álít, að vér höfum eigi ráð á, megum eigi við því, að missa kvennfólkið frá opinberum störfum, en af því leiðir, að leggja verður þá skyldu á kvennfólkið, að taka að sér störfin, sem hér eru höfð fyrir augum; þessi byrði er eigi þyngri fyrir konur en fyrir karlmenn, en að eins óvanalegri; þær mundu smátt og smátt venjast við hana, og eftir 10—20 ár mundi hún ekki vera óvanaleg fyrir þær. Það er og aðgætandi, að hér er að eins um lítið brot af kvennþjóðinni að ræða, nefnilega ekkjur og aðrar ógiftar konur, sem standa fyrir búi, eða á einhvern hátt eiga með sig sjálfar, og þær konur eru víst teljandi í sýslu- og bæjarfélögum, sem uppfylla þessi skilyrði. Þegar lögin um kosningerrétt kvenna 12. maí 1882 komu út, voru ekki nema 10—20 konur í allri Kjósar- og Gullbringusýslu, sem höfðu kosningarrétt til sýslunefndar, samkvæmt lögum þessum; eg man þetta glögt, því að þá um það leyti var kosið til sýslunefndar í nefndri sýslu, og ekkjur og aðrar ógiftar konur sem kosningarrétt höfðu eftir lögunum, settar á kjörskrá. Eg held því ekki, að þessi byrði verði svo stórkostlega mikil, að þess vegna sé varhugavert, að samþykkja frumv. Eg álít það alveg sjálfsagt, eins og eg tók fram áðan, að kjörgengisréttinum fylgi einnig skylda fyrir konur til þess að gegna sýslunum þeim, sem hér ræðir um.

ATKV.GR.: Brt. á þskj. 163 tekin aftur.

Meginmál frumv. sþ. með 6 : 5 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

já:

Ólafur Ólafsson,
Sigurður Jensson,
Axel Tulinius,
Guðjón Guðlaugsson,
Guttormur Vigfússon,
Kristján Jónsson.

nei:

Eiríkur Briem,
Hallgrímur Sveinsson,
Jónas Jónassen,
Julius Havsteen,
Magnús Andrésson.

Fyrirsögn frv. sþ. með 6 atkv.

Frv. vísað til 3. umr. með 6 : 5 atkv.

Þriðja umr., 24. júlí (C bls. 289).
ATKV.GR.: Frv. felt með 6 : 5 atkv.

Sýslumannslaun.

FRUMVARP til laga um breyting á 4. gr. laga 14. des. 1877 um laun sýslumanna og bæjarfógeta; 1. umr., 12. júlí (C bls. 232).
ATKV.GR.: Frv. vísað til 2. umr. með 10 atkv.

Önnur umr., 15. júlí (C bls. 232).

Julius Havsteen: Raunar er eigi þörf á að standa upp, til þess að gera grein fyrir þessu frumv., því að ástæðurnar fyrir því eru svo nákvæmlega teknar fram í athugasemdunum aftan við frumv. stjórnarinnar.

Það er ekki nema réttmæt krafa, að laun þessa sýslumannsembættis séu hækkuð nokkuð; þar sem launaákvæði um það voru upphaflega svo lág, þá kom það til af því, að aukatekjurnar af utanríkisskipum voru miklu meiri þá en nú; áður voru þar allmiklar aukatekjur af skipum þessum, en á síðari árum hafa þær farið þverrandi og eru nú langtum minni en áður; en á hinn bóginn hafa störf þessa embættis farið mjög vaxandi. Frá mínu sjónarmiði hefði það eigi verið of mikið, þótt embætti þessu hefðu verið lögð þau laun, sem stjórnin upphaflega hefir stungið upp á, en það verður nú líklega að sitja við það, sem komið er, eða þær 3000 kr., sem nú er farið fram á. Eg skal svo að eins leyfa mér að mæla með því, að h. deild lofi frumv. þessu að ganga sína leið og að hún á endanum samþykki það.

Sigurður Jensson: Mér finst h. deild vera nokkuð mislagðar hendur, ef þetta mál verður látið ganga umræðulaust gegn um hana, þar sem svo miklar umræður urðu um þá litlu uppbót til prestukalls, er hér var til umræðu í gær. Eg ætla nú ekki að fara eins að nú, eins og þá var gert, að ráðast á þá stétt, sem um er að ræða hér, hvorki á embættismanninn sjálfan né embættisbræður hans, eins og gert var í gær á alla prestastéttina, þegar ræða var um þá litlu viðbót handa litlu prestakalli, en það vil eg segja, að mér er eigi fullkomlega ljóst, hvort hér liggi fyrir nokkrar sérlegar ástæður til þess að hækka laun þessa eina sýslumanns, sem hér á hlut að máli.

Eg hefi að vísu lesið athugasemdir stjórnarinnar við frumv. og heyrt meðmæli h. 1. kgk. þm. (J. H.) með því, en eg get hugsað mér, að alveg sömu ástæður geti mælt með því, að hækka laun fleiri sýslumanna. Eg álít, að það hljóti að vera einhver sérstök ástæða til, að frv. þetta gekk svo greiðlega gegnum Nd. og sérstaklega til þess, að það hlaut þar meðmæli 2 þm., nefnilega þm. Borgf. (Bj. Bj.) og 2. þm. Árn. (H. Þ.), sem annars látast ekki vera meðmæltir launahækkunum til embættismanna; þeir hafa því séð einhverjar sérlegar ástæður þessu frumv. til stuðnings, en hverjar þessar ástæður eru, er mér eigi ljóst. Eg gæti hugsað mér, að finna mætti alveg sömu ástæður til að hækka laun hinna aunara sýslumanna, sem hafa 2500 kr. í laun, svo sem sýslumanna Barðastrandasýslu, Dalasýslu, Strandasýslu, sem allir eru með 2500 kr. launum, og sýslumannsins í Vestmanneyjasýslu, sem er að eins með 2000 kr. launum. Mér finst ástæða til að athuga það, hvort rétt sé að hækka launin hjá einum sýslumanni, án þess að gera það hjá hinum líka, þar sem líkt er ástatt. Í fyrra voru hækkuð laun hjá sýslumanninum í Norður-Múlasýslu; nú kemur aftur fram frumv. um að hækka þau hjá öðrum; við getum sjálfsagt átt von á fleiri slíkum frumv. í framtíðinni. Þar að auki gefur stjórnin í skyn, að hún finni ástæðu til — nú eða síðar — að sýslumönnum verði veitt uppbót til skrifstofuhalds. Mér

finst rétt, að athuga þetta alt í sameiningu og að deildin hugsi sig um, hve langt hún vilji ganga, og þess vegna leyfi eg mér að stinga upp á 3 manna nefnd.

Landshöfðingi: Þar sem hinn háttv. þm. Barðstr. (S. J.) gaf það í skyn, að búast mætti við, að stjórnin legði fram frv. fyrir þingið viðvíkjandi skrifstofufé til sýslumanna og það jafnvel á þessu þingi, þá skal eg leyfa mér að geta þess, að mér vitanlega er eigi von á neinu slíku frv., Yfirleitt fannst mér þm. farast svo orð, sem hér væri um það að ræða, að gefa einum tilteknum manni bitling; en það er alls eigi meiningin með þessu frv., heldur er hér að eins um það að ræða, að flytja þessa sýslu úr 3. launaflokki upp í 2. launaflokk, af því að S.Múlasýsla hefði réttilega aldrei átt að vera í 3. flokki, heldur hærra flokki. Það verður að taka tillit til þess, hve mikið er þar að gjöra og hve kostnaðarsöm sýslan er. Þegar stjórnin lagði frv. fyrir alþingi um laun sýslumanna, þá var S.-Múlasýslu sett í 2. flokk, en á þinginu var hún færð niður í 3. flokk. Nú hefir stjórnin séð, að þetta var eigi rétt, og þess vegna vill hún nú laga það aftur, og nú hefir meiri hluti Nd. viðurkent, að eftir annríki því og kostnaði þeim, sem sýslu þessari er samfara, þá sé rétt að láta hana vera í 2. flokki. Eg sé enga ástæðu til að íhuga frv. þetta í nefnd í sambandi við alt önnur atriði, sem alls ekki koma þessu máli við. Hér er spurningin að eins um það, hvort réttara sé, að þessi sýsla sé í öðrum eða þriðja flokki, og það getur hver einstakur þm. sannfært sig um án nefndar.

Julius Havsteen: Eg hélt alls eigi þeirri meiningu fram í gær, að eg sæi ofsjónum yfir 300 króna uppbótinni til Einholtssóknarprestakalls, heldur var eg á móti aðskilnaðinum frá Bjarnarnessprestakalli, af þeirri ástæðu, að eg sé eigi til neins að vera að búa til jafnaumleg prestaköll, og þessi prestaköll yrðu. Eins og hæstv. landsh. tók fram, þá er hér að eins um það að ræða, að bæta kjör einnar sýslu með því að flytja hana í æðri flokk. Þetta er ekki nýtt; það hefir verið gert áður á þingi; þannig hefir verið breytt launum Strandasýslu, Þingeyjarsýslu, og á síðasta þingi var bætt 200 krónum við laun sýslumannsins í N.-Múlasýslu líka; og get eg ekki séð annað, en að það megi meðhöndla þessa sýslu á sama hátt. Að því er nefndarsetningu snertir, þá sé eg alls enga ástæðu til að setja slíkt „apparat“ í gang, til þess að tala um alt aðra hluti en þá, sem liggja fyrir. Eg vona sem sagt, að þetta frv. fái að ganga sinn gang gegn um deildina.

Sigurður Jensson: Eg get eigi betur séð, en að þessa launahækkun megi vel setja í samband við hækkun á launum annara embættismanna, er alveg sömu laun fá og sjálfsagt hafa sömu þörf á að fá launin hækkuð, eins og þessir sýslumenn, sem eg nefndi áðan. Eg ætlaði alls ekki að ámæla háttv. 1. kgk. þm. (J. H.) fyrir það, að hann greiddi atkvæði á móti frv. í gær um aðskilnað Einholtstóknar; mér stóð alveg á sama, hvernig hann greiddi þar atkv., og satt að segja tók eg aldrei einu sinni eftir því, hvort hann var þar með eða móti. En eg mintist á það mál, einungis til þess að taka það fram, hvað mér þótti það óviðurkvæmilegt, að það mál skyldi vera notað til þess að ráðast á alla prestastéttina í heild sinn. *(Landshöfðingi:* Hvað kemur það þessu máli við?) — Hvað sem landsh. segir um þetta mál, sem hér liggur fyrir, þá álít eg, að það standi í nánu sambandi við launamál annara sýslumanna, sem líkt stendur á fyrir, eins og þeim embættismanni, sem hér á hlut að máli, og það eigi því ekki að samþykkja þessa launahækkun, fyr en þingið hefir vel athugað, hvað aðrar breytingar á lögunum um laun sýslumanna

hljóta að leiða af þessari breytingu. Eg skal svo leyfa mér að stinga upp á 3 manna nefnd.

Nefnd feld með 6 : 4 atkv.

ATKV.GR.:

Meginmál frv. sþ. með 6 atkv.

Fyrirsögn — — — — —

Frv. vísað til 3. umr með 6 atkv.

Þriðja umr. 20. júlí (C, bls. 232).

Magnús Andrésson: Við 2. umr. þessa máls, greiddi eg atkv. með nefnd í því og enn er svo, að mér finnst þörf að fela nefnd að athuga það; því að eftir því sem eg hefi hugsað meir um frv., eftir því hafa ástæðurnar aftan við frv. minna fullnægt mér. Frv. þetta fer fram á að hækka hin föstu laun, sem ákveðin eru sýslumannsembættinu í S.-Múl. úr 2500 kr. upp í 3000 kr. Það hefir verið samþ. hér við 1. og 2. umr., og verði það samþ. í dag, verður þetta frv. hið fyrsta frv., er afgreitt er sem lög frá þessari deild á öldinni, nokkurs konar frumburður deildarinnar á öldinni.

Er það vel fallið til slíks? Af öllum hinum mörgu embættum landsins hefir stjórnin útvalið þetta eina embætti, til að bæta það upp, og hún fer í sínu frv. fram á, að launin séu hækkuð um 1000 kr. Þetta væri skiljanlegt, ef þetta embætti væri eitt af hinum lægst launuðu á landinu. En svo er ekki, heldur hið gagnstæða. Hér er ekki eitt af hinum láglaunuðu læknaembættum með 1300 kr. laun og án eftirlaunaréttar; ekki heldur eitt af þeim hinum mörgu prestaköllum, sem mikils virtur þingmaður hér í deildinni, sem sjálfur er í bóndastöðu, lýsti nýlega þannig, að þeir, sem í þeim sætu, væru, ef þeir hefðu ekki við annað en launin að styðjast, sjálfdæmdir til örbirgðar og vesaldóms, af því, hversu afarlítil laun þeir hefðu.

Í annan stað eru hér á landi margir aldraðir embættismenn, lúnir og hálfútslitnir af langri og dyggri embættisþjónustu, en búa við þröngan hag og hefðu bæði sanngirniskröfu og mikla þörf á, að hagur þeirra væri bættur. En engan slíkra manna hefir stjórnin borið fyrir brjósti með frv. þessu, heldur er í embætti því, er hún vill hér bæta upp, ungur og vaskur maður, sem er líklegur til að geta við tækifæri fengið annað embætti, ef hann vildi skifta um. Þetta embætti hefir svo há laun, að það er meiri hluti embætta á landinu, sem hefir þau lægri, flest jafnvel miklu lægri. Þá liggur það ekki opið fyrir mér, hvers vegna farið er fram á launahækkun í því einu. Hitt hefði verið skiljanlegt, að stjórnin hefði viljað láta setja milliþinganefnd, til að athuga embættaskipun og embættislaun hér á landi, hvar þyrfti að hækka þau og hvar mætti lækka. Eg þykist þannig ekki geta gefið atkv. með frumvarpinu, eins og stendur. En væri nefnd skipuð, kynni málið að skýrast betur og því leyfi eg mér að stinga upp á, að 3 manna nefnd sé kosin, til að athuga það.

Julius Havsteen: Eg tók það fram síðast, að þetta frumvarp væri ekki annað en breyting á einstöku atriði í téðum lögum, en ekki nein endurskoðun á launum sýslumanna, og er þetta ekki í fyrsta skifti, sem gerð hefir verið breyting á lögunum frá 14. des. 1877. Það nær alls engri átt að tala um almenna launaendurskoðun í sambandi við þetta mál. Hér liggja skjöl og skilríki fyrir, og málið er að öllu leyti svo vel upplýst, að eg vildi óska, að öll mál væri eins vel úr garði gerð, sem koma fyrir þingdeildina.

Að því, er málefnið sjálft snertir, þá þykist eg geta gefið mönnum upplýsingar um þetta mál, þar sem eg hef verið amtmaður í Norður- og Austuramtinu í 13 ár. Mér er það vel kunnugt, að Suður-Múlasýsla er með örðugri sýslum á landinu, og fara embættisstörf sýslumanna þar ávalt vaxandi; það er fjarstæða að líkja

læknaembættum saman við sýslumannaembættin, því að það er ólíkt meiri kostnaður, sem sýslumannaembættin hafa í för með sér. Vegna þess álít eg sanngjarnt að hækka laun þessa sýslumanns, enda þótt meira hefði verið, en hér fer fram á.

Forseti bar til atkvæða uppástungu um að kjósa 3 manna nefnd, og var það felt með 6 atkv. gegn 5 að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:

Ólafur Ólafsson,
Sigurður Jensson,
Eiríkur Briem,
Kristján Jónsson,
Magnús Andrésson.

Nei:

Axel Tulinius,
Guðjón Guðlaugsson,
Guttormur Vigfússon.
Hallgrímur Sveinsson,
Jónas Jónassen,
Julius Havsteen,

ATKV.GR.: Frv. samþ. með 6 samhlj. atkv. og afgreitt til landsh. sem lög frá alþingi.

Hreppstjóralaun.

FRUMVARP til laga um viðauka við lög um borgun til hreppstjóra og annara, sem gera réttarverk frá 13 jan. 1882; 1. umr., 19. ágúst (C. bls. 665).

Axel V. Tulinius: Eg stend upp, að eins til þess að mæla með frumv. þessu. Mér finst það bæta talsvert úr reglugerðinni frá 1894 um þetta efni. Það fer fram á þóknum til hreppsstjóra eða þeirra annara, sem gera réttarverk. Hingað til hafa slíkir menn enga þóknun fengið fyrir það, en eg álít, að þetta sé heldur til hagnaðar fyrir þá, sem í hlut eiga, og yfirleitt mjög heppilegt. Eg held því, að frumv. þetta, ef það verður að lögum, geri miklu fremur gagn en skaða. Mér finst mjög ósanngjarnt að láta menn gera slíkt fyrir ekkert. En þetta, sem farið er fram á í frumv., er ekki nema lítil þóknun í samanburði við þann kostnað, sem leiðir af því að senda alla skipspappíra með „express“ til sýslumanns. Eg vil því ekki stinga upp á nefnd í þetta mál, heldur að hin háttv. deild lofi því að komast sína leið.

Kristján Jónsson: Það er alveg rétt, að þetta frv. er réttarbót á núgildandi lögum, það er aukatekjulögunum 2. febr. 1894. Það hefir reynst erfitt fyrir sýslumenn, að fá menn til þess að gera þetta verk endurgjaldslaust. Það er oft og einatt talsverður kostnaður, að senda með öll skipaskjölin til sýslumanns, sem ekki ætti að vera nauðsynlegt, þegar ekki er um neinar tollskyldar vörur að ræða,— þá er það auðvitað óhjákvæmilegt, — en þegar skip eru einungis hlaðin með timbur eða kol eða salt eða aðrar ótollskyldar vörur, þá er það ekki til annars, en til þess að gera kostnað, að heimta að skjölin séu send til sýslumanns. Hjá því mætti komast, ef sýslumaður hefði jafnan umboðsmann á hafnarstaðnum, en við því verður varla búist, nema einhver þóknun sé ákveðin umboðsmanninum fyrir starf hans, eins og var ákveðið í hinum eldri lögunum fyrir 1894. Eg álít því, að frv. fari í rétta átt, og eigi það skilið, að verða samþykt, en eg skil ekki, að ákvæðið um gjaldið („alt að 5 aur.“) geti staðist, og eg hef aldrei séð gjald slíkt sem þetta eða af sama tagi áður ákveðið í lögum á þennan hátt. Hver á að ákveða gjaldið í hverju einstöku tilfelli, hvort það á að vera 2, 3, 4, eða 5 aurar? Því er eigi svarað með frv. og þarf að breyta því.

Eg skal svo eigi fara fleiri orðum um frv. í þetta sinn, en eg mun koma með breytingartillögu þá, sem eg hef vikið að, við 2. umræðu og þarf það ekki að tefja svo fyrir, að málið geti ekki þrátt fyrir það orðið afgreitt af þinginu. —

Axel V. Tulinius: Háttv. 3. kgkj. þm. (Kr. J.) skildist ekki, hver ætti að ákveða þetta gjald, en eg ætla að leyfa mér að svara því. Mér er kunnugt um það í Suður-Múlasýslu, að skipstjórar sérstaklega á seglskipum og kaupmenn eru fúsir á að borga 5 aur. af hverri tollskyldri vöru. (*Kristján Jónsson:* Setjum þá 5 aura). Já, eg geng líka út frá því, að það verði ætíð teknir 5 aur.

ATKV.GR.: Frv. vísað til 2. umr. með 6 atkv.

Önnur umr., 21. ágúst (C. bls. 665, 695).

Kristján Jónsson: Eg gat þess við 1. umr. málsins, að eitt atriði í frv. væri þannig lagað, að óvíst væri, að frv. gæti hlotið staðfesting þannig orðað. það er einkennilega orðað í frv., að gjaldið, sem greiða skuli umboðsmanni lögreglustjóra, skuli vera alt að 5 aurum af hverri smálest, en ekki tiltekið fast ákveðið gjald fyrir hvert einstakt tilfelli. Eg held, þetta geti varla staðist, því að hver á þá að ákveða gjaldupphæðina, þegar til innheimtu kemur? Þess vegna hef eg komið með breyt.till. á þskj. 659 um, að gjaldið skuli vera fast 5 aurar, en ekki alt að 5 aur. og vona eg, að h. deild samþykki þá breyt.till. mína.

ATKV.GR.:

Br.till. (559) sþ. með 10 atkv.

Meginmál fr. sþ. í e. hlj.

Fyrirsögn frv. sþ. í e. hlj.

Frv. vísað. til 3. umr. í e. hlj.

Þriðja umr., 23. ágúst (C. bls. 737).

ATKV.GR.: Frumv. samþ. í e. hlj. með 11 atkv. og endursent Nd,

Eftirlaun.

FRUMVARP til laga um eftirlaun; 1. umr. 5. ágúst (C. bls. 457).

ATKV.GR.: Frv. felt frá 2. umr. með 6 : 5 atkv.

Landsreikningur 1898—99.

FRUMVARP til laga um samþykt á landsreikningnum fyrir 1898 og 1899; 1. umr., 6. ágúst (C. bls. 465).

ATKV.GR.: Frumv. vísað til 2. umr. í e. hljóði.

Önnur umr. 8. ágúst (C. bls. 465).

ATKV.GR.:

I. kafli frv. samþ. í e. hlj.

II. — — — — —

Fyrirsögn — — — —

Frv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Þriðja umr., 10. ágúst (C. bls. 465).

ATKV.GR.: Frv. samþ. í e. hlj. og af greitt til landsh. sem lög frá alþ.

Fjáraukalög 1898—99.

FRUMVARP til fjáraukalaga fyrir árin 1898 og 1899; 1. umr., 6. ágúst (C bls. 463).

ATKV.GR.: Frv. vísað til 2. umr. í e. hljóði.

Önnur umr., 8. ágúst (C. bls. 463).

ATKV.GR.:

2. gr. frumv. samþ. í e. hlj.

3. — — — — —

4. — — — — —

5. — — — — —

6. — — — — —

7. — — — — —

1. — — — — —

Fyrirsögn — — — —

Frv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Þriðja umr., 10. ágúst (C. bls 463).

ATKV.GR.: Frv. samþ. í e. hlj. og afgreitt til landsh. sem lög frá alþingi.

Fjáraukalög 1900—1901.

FRUMVARP til fjáraukalaga fyrir árin 1900 og 1901; 1. umr., 31. júlí (C bls. 404).

ATKV.GR.. Málinu vísað til 2. umr. í einu hljóði.

Önnur umr., 8. ágúst (C. bls. 404, 450).

Landshöfðingi: Eg hef leyft mér að koma fram með breytingaruppástungu við þetta frv. Eins og háttv. deild mun vera kunnugt, þá er farið fram á það í frv. til fjárlaga 1902—'03, að 500 kr. sé veittar á ári sem þóknun til verkfróðs manns fyrir aðstoð við endurskoðun á skipamælingum. Því að það er kunnugra en frá þurfi að segja, að það fyrirkomulag, sem nú er, er lítt viðunandi bæði fyrir umboðsstjórnina og skipseigendur. Það liggur nú fyrst og fremst í augum uppi, að það er ekki heimtandi af embættis mönnum, að þeir geti mælt skip og reiknað það rétt út. Eg vil geta þess, að það er svo mikill vandi að mæla skip og þá sérstaklega gufuskip að það er að eins fárra meðfæri. Eg hef heyrt, að það væri ekki meira en einn eða tveir menn í allri Danmörku, sem kynnu nokkurn veginn að mæla gufuskip rétt og reikna út rúmmál þeirra. Hér er því farið fram á, að landsh. sé útveguð aðstoð við þessi störf, það er að segja maður, sem hefir gefizt tækifæri til að kynna sér skipamælingar, en til þess þarf, að hann hafi notið tilsagnar á skrásetningarskrifstofunni í Kaupmannahöfn. Stjórnin hefir því falið mér að fara þess á leit við þingið, að það veiti slíkum manni styrk til að fara til Kaupmannahafnar og dvelja þar, meðan hann er að afla sér þeirrar þekkingar, sem hann þarf með. Eg hafði því gert breytingaruppástungu við fjáraukalagafrv. í Nd. þess efnis, að veittar væru 700 kr. í umgetnu skyni, en deildin vildi að eins veita 200 kr., sem er alveg ónóg fjárveiting, því að það er ekki að hugsa til, að nokkur maður vilji fara utan, til að læra skipamælingar, ef honum er ekki veittur svo mikill styrkur til fararinnar, að hann geti komist af með hann. Orsökin til þess, að styrkveitingin varð svo naum hjá Nd., var sú, að svo var til ætlast af fjárlaganefndinni, að forstöðumaður stýrimannaskólans hefði þetta starf á hendi, og ætlaði nefndin því, að nóg væri að veita honum 200 kr. til að afla sér kunnáttu í skipamælingum, úr því að hann er nú í Khöfn á annað borð. En mér er það fullkunnugt, að maður sá, sem settur er sem forstöðumaður stýrimannaskólans hefir hvorki neinn tíma aflögum, meðan hann dvelur í Kaupmannahöfn, til að afla sér þekkingar í skipamælingum, né heldur hefir hann tíma, eftir að hann er kominn heim, til að vera aðstoðarmaður við skipamælingar. Hann gerði það fyrir mín orð að lofa að taka að sér umsjón með vitunum hér í Faxaflóa og að kynna sér hirðing á vitum, meðan hann væri í Kaupmannahöfn, en hann lét í ljósi, að hann ætti mjög erfitt með að taka vitaumsjónina að sér, þar sem hann hefði svo mikið annríki þá 7—8 mánuði, sem kenslan fer fram á stýrimannaskólanum. Af þessu virðist það auðsætt, að hann getur ekki þar á ofan tekið að ser eftirlitið með skipamælingunum.

Eg vil því ætla, að fjárveiting þessi, eins og hún er nú í frumv., sé ónóg, þar sem Nd. þó kannast við, að nauðsynlegt sé að útvega landshöfðingjadæminu þessa aðstoð handa manni, til þess að læra skipamælingar. Mér finst því, að hið háttv. þing ætti að sjá það, fyrst það á annað borð kannast við, að umboðsvaldinu sé nauðsyn á þessu, að fjárframlagið má ekki minna vera en 700 kr. Það er ekki hægt

að fá mann fyrir minna, til þess að læra þetta starf. Eg sting upp á þessari upphæð vegna þess, að sama upphæðin var veitt Markúsi sáluga Bjarnasyni, til þess að búa sig undir að taka að sér umsjónina með vitunum. Honum voru veittar 700 kr. þá til dvalar hans erlendis. Eg verð því að álíta, að rétt sé, ef það er ósk þingsins, að landshöfðingjadæminu sé veitt þessi aðstoð, að séð verði um að fá vel hæfan mann, til þess að láta hann fara til Danmerkur að kynna sér skipamælingar, og veit eg þá, að honum nægir ekki minna til þeirrar farar en 700 kr. Leyfi eg mér því að mælast til þess, að þessi breytingartillaga verði samþykt.

Hallgrímur Sveinsson: Eg álít sjálfsagt, eins og hinn hæstv. landsh. tók fram, að sjá um, að hæfur maður fáist til að framkvæma mælingar þessar og honum sé goldin hæfileg þóknun.

Eftir því, sem mér skildist á ræðu hæstv. landsh., þá hefir hinn núverandi forstöðumaður stýrimannaskólans þvertekið fyrir að taka þessar mælingar að sér. (*Landsh.* Já).

Það barst þó í tal í vor, áður en hann sigldi, ef eg man rétt, að hann byggist við, að jafnframt því að hann kynti sér umsjónina með vitunum, kynni ráðaneytið að kveðja sig til að kynna sér einnig skipamælingar. Það er ekki óhugsandi, að ef hann hefir tíma afgangs geti hann einnig sint því. En hafi hann ekki tök á því, heldur hann að sjálfsögðu fast við neitun sína. Mér finst því sjálfsagt að veita upphæð þessa, enda mun hún ekki öll verða notuð, nema þess sé full þörf.

ATKV.GR.:

Breyt.till. (267) við 2. gr. samþ. með 10 shlj. atkv.

2. gr. breytt samþ. í einu hlj.

3. gr. samþ. með 7 atkv.

4. gr. samþ. í e. hlj.

1. gr. samþ. með 10 atkv.

Fyrirsögn sþ. með 10 atkv.

Frumvarpinu vísað til 3. umr. með 10 atkv.

Þriðja umr., 10. ágúst (C, bls. 554).

ATKV.GR:

Frv. sþ. í e. hlj. og endursent til Nd.

Ein umr. 17. ágúst (C. bls. 645).

Eiríkur Briem: Það hafa engar aðrar breytingar verið gerðar á þessu frv., en að 700 kr. hefir verið breytt í 500 kr. í Nd., þar sem átt er við kostnað til að læra skipamælingar. Annað hefi eg ekki að athuga við þetta frv.

ATKV.GR.:

Frv. sþ. í e. hlj. og afgreitt til landsh. sem lög frá alþingi.

Fjárlög 1902—1903.

FRUMVARP til fjárlaga fyrir árin 1902—1903; 1. umr., 12. ágúst (C, bls. 571).

Sigurður Jensson: Eg leyfi mér að stinga upp á, að kosin verði 5 manna nefnd.

Þá barst forseta skjal frá nokkrum þm. þess efnis, að nefndin yrði kosin með hlutfallskosningu og hlutu þessir kosningu í nefndina:

Sigurður Jensson,
Eiríkur Briem,
Guðjón Guðlaugsson,
Kristján Jónsson og
Magnús Andrésson.

1. umr. frestað.

Framh. 1. umr. 17. ágúst; (C, bls. 571, 674).

Framsögumaður (Kristján Jónsson): Eg þarf ekki að vera margorður við þessa umr. málsins, sem er framh. 1. umr. Nefndin hefir varið hinum stutta tíma, sem

henni var leyfður, til að ganga gegn um frv., rannsaka það, og semja nefndarálitið, og vona eg, að stefna sú, sem kemur fram í nefndarálitinu, og breyt.till. nefndarinnar beri með sér, hvert markmið nefndarinnar hefir verið við meðferð málsins. Það hefir verið aðalmark og mið nefndarinnar að spara eða fara svo varlega, sem unt er, í öllum fjárveitingum. Hún hefir ekki viljað auka útgjöldin, nema þar sem beint knýjandi ástæður voru fyrir hendi, og á hinn bóginn hefir hún leitast við að færa niður útgjöldin, eftir því sem hún hefir framast séð sér fært. Eg vona, að háttv. deild fallist á þessa stefnu nefndarinnar. Nefndin lítur samt á hinn bóginn svo á, að fjárhagur landsins sé í allgóði lagi, ekki lakari en undanfarin ár, og að horfurnar séu fremur góðar, góðar í því efni, þegar á alt er litið. En þrátt fyrir það, hefir tekjuhalli sá, sem gert er ráð fyrir í frv., 18. gr. þess, og sem er óvenjulega mikill, hlotið að hafa þau áhrif á stefnu nefndarinnar, að hún hefir aðallega haft sparnaðinn fyrir augum í tillögum sínum. Mér virðist ekki ástæða til að ræða frv. frekar að þessu sinni, en við 2. umr. málsins mun eg ræða bæði tekjukaflann fyrir sig, og gjaldakaflann sérstaklega, svo og hinar einstöku brt.till. sem þá munu liggja fyrir. Skal eg svo að eins æskja þess, að málið fái að ganga sinn gang til 2. umr.

ATKV.GR.:

Frv. vísað til 2. umr. í e. hlj.

Önnur umr. 20. ágúst; (C, bls. 571, 674, 682, 683, 684, 689, 693, 694, 695).

Fyrst var tekjukaflinn tekinn til umr.

Framsögumaður (Kristján Jónsson): Framh. 1. umr. þessa máls bar svo brátt að, að eg gat þá ekki bent á ýmisleg atriði í nefndarálitinu, er rangprentast hafa og þurfa að lagfærast. Það er þá fyrst í 6. málsgr. á 1. bls., þar sem talað er um spítalann á Patreksfirði, að þar stendur: „sem nú er upp kominn og kostaður er aðallega af sýslufélaginu í Barðastrandasýslu". Þetta á að vera: „og kostaður er aðallega af sýslufélaginu í Vestur-Barðastrandarsýslu" Þá er 2. bls. nefndarálitsins neðst misprentun: „2500 kr. aðalupphæð brauðauppbótanna", þetta á að vera: „2800 kr." Þá er á 3. bls. í 8. málsgr. að ofan orðin: „til útgáfu bóka," það á að vera: „til útgáfu árbókar" Þá er misprentun á 4. bls. 1. l.: „viðurlitamikið", sem á auðvitað að vera: „viðurhlutamikið". Sömuleiðis er á bls. 7. í aths. við 13. gr. B VIII. „Styrkur til Stefáns Eiríksson", þar vantar eignarfallsending; á að vera „Eiríkssonar". Það hefir fallið úr nefndarálitinu, að minnast á þessa breyt.till.. og mun eg sérstaklega gera það síðar, þegar að henni kemur. Fleiri villur hefi eg eigi orðið var við í nefndarálitinu og brt.till. nefndarinnar. —

Að því er tekjukafla laganna snertir, sem nú er fyrir til umr., þá höfum vér, nefndin, engar breyt. gert á honum, en þó þykja oss þar tveir tekjupóstar fremur of hátt reiknaðir nefnilega útflutningsgjald af fiski og lýsi og aðflutingsgjald af kaffi og sykri. Fyrra gjaldið er stopult, fer eftir sjávarafla. og hefir venjulega verið rýrari, en hér er sett, en aðflutningsgjaldið af kaffi og sykri er stöðugra, en það er sett hér nærfellt svo hátt, sem það hefir verið frekast. Nefndin hefir þó engar breytingar gert við þessa tekjupósta. Af því að hér er að eins um tekjurnar að ræða, þá hefi eg ekki fleira að athuga á þessu stigi málsins.

Var þá tekjukaflinn í frv. (426) borinn upp til atkvæða.

ATKV.GR.:

2. gr. frv. (426) sþ. í e. hlj.
3. — — — — — —
4. — — — — — —
5. — — — — — —
6. — — — — — —
1. — — — — — —

Því næst var 2. kafli frumv., útgjöldin, tekinn til umr.

Framsögumaður (Kristján Jónsson): Það eru fyrst nokkrar almennar athugasemdir, sem eg ætlaði að gera að þessu sinni um frv. þetta. Það hefir verið aðalmark og mið nefndarinnar að leitast við að lækka sem mest hinn áætlaða tekjuhalla, sem 18. gr. frv. sýnir. Í þessu efni höfum vér sett oss þá reglu að samþ. engin ný gjöld, nema þau, sem eru bráðnauðsynleg, eða þá augljóslega mjög gagnsamleg. Þó að vér eigi höfum treyst oss til, að færa tekjurnar upp, höfum vér leitast við að færa gjöldin svo mjög niður, sem oss hefir virzt fært, felt sum alveg burtu og lækkað ýms önnur, en engum bætt við og enginn gjöld hækkuð, nema til þess hafi verið brýnar ástæður að áliti nefndarinnar. —

Eg vil svo leyfa mér að minnast á þær breyt.till. nefndarinnar, sem eiga við þann kafla frv. sem nú liggur fyrir. 1. br.till. vor er við 11. gr. 6. a, að í stað 400 — 400 komi 200 — 200 kr., (launaviðbót yfirhjúkrunarkonunnar við holdsveikisspítalann). Oss finnst, að þar sem hér er um persónul. launaviðbót að ræða, þá sé fullnóg að setja hana 200 kr. og lækka því upphæð frv. um 200 kr. hvort árið. Oss finnst það sæmilegt kaup handa kvennmanni, sem annars hefir alt frítt. Eg vil um leið benda á, að útgjöldin til þessa spítala fara sívaxandi og lítur út fyrir, að hann ætli að verða landssjóði mjög þung byrði. Vér höfum samt viljað fara nokkuð eftir ósk dr. P. Beyer's í þessu efni, — en honum kvað þessi launahækkun vera áhugamál, — því að hann á gott skilið af oss, og hefir nefndin því viljað taka beiðni hans til greina að helmingi eða til hálfs og mælir því með 200 kr. launahækkun. en það álítur hún nóg; á hinn bóginn getur nefndin eigi kannast við, að dr. Beyer eða spítalastórnin geti sett þinginu nein lög í þessu efni. Þá eru tvær viðbótartillögur, sem nefndin hefir leyft sér að fara fram á að bætt verði inn í 11. gr. tölulið 8 á eftir staflið d. Það er fyrst og fremst styrkur til sjúkrahússins á Patreksfirði 200 kr. Héraðsbúar þar eiga viðurkenning skilið fyrir dugnað sinn og framtakssemi, að koma þessum spítala upp, og mér hefir verið tjáð af kunnugum manni, að spítalinn sé myndarlegur; og auk þess má líta á það, að Patreksfjörður er einn af aðalsóttvarnarstöðum landsins, og er því eðlilegt, að spítala þessum sé lagður styrkur af landsfé í notum þess, að hann verði brúkaður af hinu opinbera sem sóttvarnarhús. Nefndinni þótti það sanngjarnt, enda er hér ekki um háa upphæð að ræða. Þá er tillaga vor við 12. gr. A. 2., að athugasemdin þar falli burt. Ætlumst vér til, að fjárveitingin sjálf standi 41,000 kr., eins og hún var samþ. af Nd., en það er 1000 kr. hærri upphæð en í stjórnarfrv., en vér álítum eigi rétt, að fjárframlagshækkunin (1000 kr.) sé með fjárlögunum ákveðin til handa einstökum mönnum eða félögum, heldur þykir oss bezt fara á því að póststjórninni sé falið á hendur að haga þessu eftir því, sem bezt hentar. Vér höfum sem sagt látið upphæðina standa, en leggjum til að athugasemdin við 12. gr. A. 2. falli burtu.

Vér höfum enn fremur gert viðbótartillögu við 11. gr., sem eg hefi hlaupið fram hjá; ætlumst vér til, að aftan við hana bætist nýr liður, er verði 10. liður. Er það uppbót til Júl. læknis Halldórssonar fyrir flutning hans til Blönduóss, 2500 kr. fyrra árið. Nefndin vill leyfa sér að mæla með þessari fjárveitingu og vonar, að þingið samþ. hana. Oss hefir borist málaleitun frá téðum lækni um þessa uppbót, og skýrir hann þar frá því, — sem oss annars er kunnugt —, að hann vegna hinnar nýju læknaskipunar, sem lögleidd var 1899, hafi orðið að rífa sig upp af bújörð sinni Klömbrum og flytja

til Blönduóss, og varð hann að skilja þar við jörðina óbyggða og húsið óleigt, sem hann hafði komið upp með ærnum tilkostnaði. Hver sök á á því skakkafalli, sem læknirinn hefir orðið fyrir með þessu móti, skal eg ekkert um segja, hvort það er að kenna ákvæðum hinna nýju læknaskipunarlaga, eða því, hvernig þeim hefir verið beitt gagnvart téðum lækni. Eg skal ekkert dæma um skilning landsstjórnarinnar á ákvæðum læknaskipunarlaganna um skyldu læknisins í þessu efni. Það er víst, að þegar hinu forna héraði læknis þessa var skift í Miðfjarðarhérað og Blönduósshérað, treysti hann sér eigi til að þjóna Miðfjarðarhéraði, með því að við það var lagður Bæjarhreppur vestan Hrútafjarðar, en í þessu héraði er heimili læknisins (Klömbur) og þó mjög nálægt austur-takmörkunum. Hann óskaði reyndar helzt, að hann hefði fengið að halda sínu héraði óskiftu, en það fékkst eigi, og hefir nú þessi rekstur staðið í 2—3 ár, og lauk svo, að hann varð að flytja til Blönduóss með ærnum kostnaði og fjártjóni, sleppa miklum hluta þess héraðs, sem hann hefir veitingu fyrir síðan 1876, og yfirgefa eignarjörð sína, og mikið og vandað steinhús, sem nú verður honum gagnslítið og vafalaust lítið fé úr. Vér höfum því komið oss saman um, að leggja það til, að hann fái helming þess fjár, sem hann hefir beðið um, og verða það 2500 kr. Eg vil alvarlega mæla með því, að þingið samþ. þetta, til þess að fyrirbyggja frekari rekstur í þessu máli, því svo gæti reyndar farið, að þetta mál yrði ekki svo þægilegt fyrir landssjóð og vafasamt er, hvernig hann kæmist út af því.

Þá eru næst tillögur vorar um ráðstöfun á vegabótafénu. Áðalbreyting vor er sú, að vér höfum tekið upp í fjárlögin sjálf með nafni flutningabrautir þær og þjóðvegi, sem fé skal leggja til. Þetta hefir háttv. neðri deild ekki gert, fremur en áður, en látið sér nægja, að geta hinna einstöku vega í nefndarálitinu. Breytingar vorar eru að öðru leyti ekki miklar; vér ætlumst til, að til flutningabrautarinnar í Eyjafirði skuli nægja 12000 kr. fyrir fjárhagstímabilið og að 12000 kr. hvort árið muni vera nægilegt fé til viðhalds brautunum, en það verða 24000 kr. bæði árin. Vér höfum sparað þannig nokkuð af fé því sem neðri deild hefir lagt til þessara vega, en ætlumst til, að því, auk annars meira fjár, sé varið til flutningabrauta á Fagradal í Múlasýslu og til flutningabrautar upp Borgarfjörð frá Borgarnesi að Hábrekkum og áleiðis á aðalpóstleiðina frá Varmalæk yfir Norðtungu norður á Holtavörðuheiði. Vér álítum, að eigi megi lengur draga að byrja á þessari vegarlagningu, sem vér álítum mjög áríðandi. Til brautarinnar á Fagradal, viljum vér leggja 8000 kr., en til brautarinnar frá Borgarnesi að Hábrekkum 6000 kr. Þar sem um aðrar breytingar á vegafénu er að ræða, þá höfum vér alstaðar lækkað upphæðirnar, og svo er um tillagið til vegarins frá Urriðaá til Hítarár, sem vér höfum lækkað úr 25000 ofan í 20000 kr. Sú upphæð virðist oss allsæmileg, og ætlum, að það muni mega fullgera veginn fyrir hana. Til vegagerðar á Hrútafjarðarhálsi, viljum vér veita 8000 kr., — teljum það muni nóg vera -- en sleppa Miðfjarðarhálsi. Þar er nýlagður vegur og má ætla, að gera megi við hann af fé því, sem lagt er til vegabóta og viðhalds almennt í Norðuramtinu. Eg skal þó bæta því við í tilefni af breyt.till. hins hæstv. landsh., að nefndin getur fallist á það, að upphæðin til Hrútafjarðarháls-vegarins sé hækkuð upp í 10000 kr., ef viðbótin er tekin af almennu vegabótafé norður-amtsins —.

Þó höfum vér lagt það til, að Suður- og Vesturamtinu yrðu lagðar til vegabóta almennt og vegaviðhalds 13000 kr. Til brúar á Skaftá og til vegar á Mýrum í Austur-Skaftafellssýslu höfum vér ætlað

hið sama og neðri deild (7000—3000) kr. Til vegagerðar á Fjarðarheiði í Múlasýslu höfum vér ætlað 6000 kr. Vegagerðin á Fagradal er eigi undir þessum fjárveitingalið, heldur meðal flutningabrauta, en að nokkru leyti með tilliti til þessarar fjárveitingar höfum vér lækkað fjárveitinguna til vegabóta alment og vegaviðhalds í Múlasýslum ofan í 6000 kr. úr 12000 kr. En nú er komin fram breyt.till. um að skifta þessu fé milli sýlnanna (Múlasýslnanna) og ákveða það 4000 kr. fyrir hvora þeirra, en lækka jafnframt fjárframlagið til flutningabrautar á Fagradal um 2000 kr., og mun nefndin geta aðhylst þessa breyting. Að því er fjárframlög til fjallvega og sýsluvega snertir, þá höfum vér getað aðhyllst ákvæði frv., en vér leggjum það til, að sýsluvegir þeir, sem styrktir eru af landsfé, séu teknir upp í sjálft frv., og tilgreindir með nafni. Að lokum skal eg geta þess, að þar sem fé er ætlað til vegagerðar í Hrútafirði meðal þjóðvega, þá á að vera: „Hrútafirði vestanverðum“.

Þá hefir nefndin lagt það til, að í sömu grein C. 2. b. sé 3500 kr., færðar niður í 3000 kr. Það er tillagið til gufubátsferða á Ísafjarðardjúpi. Þetta er sem fleira gert til sparnaðar af nefndinni, enda hyggur hún, eftir því sem henni hefir verið frá skýrt, að hægt muni vera að fá bátinn til ferða þessara fyrir um 3200, og má þá ætlast til, að sýslan skjóti því til, sem á vantar. Nokkuð öðru máli er að skifta með gufubátsferðirnar á Breiðafirði. Vér hyggjum, að til þeirra gagni ekki minna en alt að 8000 kr., og að ferðirnar muni alls ekki komast á þar, nema svo há upphæð sé veitt. Svo sem kunnugt er, er byggð fjölmenn umhverfis Breiðafjörð, en sjóleiðir þar mjög hættulegar og torveldari að minsta kosti fyrir hin stærri skipin, en á nokkrum öðrum stað við Ísland. Væri því mjög æskilegt, að fá bát þar til ferða, eigi minni en bátinn „Reykjavík“ hér á Faxaflóa. Ætti bátur sá að taka að sér ferðir um allan fjörðinn, bæði norðanmegin og sunnanmegin, milli eyjanna á firðinum, inn á Gilsfjörð og Hvammsfjörð, svo og milli verzlunarstaðanna Stykkishólms, Skarðstöðvar o. s. frv. til Stykkishólms og víðar. Ætlar nefndin þessu fyrirtæki ekki minna en 8000 kr. og leggur til, að það sé veitt. Þá höfum vér lagt það til við 12. gr. E h., að upphæðin til vörðuvitans á Gerðatanga verði færð upp úr 50 kr. í 75 kr. Hyggjum vér, að annars sé hætta á, að gæzla á vita þessum muni niður falla, eftir því sem oss hefir verið tjáð, þótt eigi höfum vér skjalleg skilríki fyrir því. Vonum vér því, að þingið heimili, að þessi upphæð sé færð upp um þetta lítilræði, því að hækkunin, þó lítil sé, getur að vonum haldið lífinu í vita þessum, sem fyrir löngu mun hafa verið settur á sjókortin, að minsta kosti hin dönsku.

Landshöfðingi: Eg hefi leyft mér að koma fram með nokkrar breyt.till., sumpart við fjárlögin sjálf, sumpart við brt. nefndarinnar.

Fyrst er þá breyt.till. á þskj. 540 við 10. gr. B 2, að ritfé handa bæjarfógetanum í Reykjavík verði hækkað úr 1400 kr. upp í 2200 kr. Eins og h. dm. er kunnugt, kom til stjórnarinnar í haust er leið bænarskrá frá bæjarfógetanum, studd af bæjarstjórn, þess efnis, að embættinu væri skift í 2 embætti, vegna þess, að honum væri ómögulegt, eins og störfin nú væru orðin, að leysa verk það af hendi, sem á honum hvílir, svo að fullnægjandi sé, nema hann þá fengi mikla aðstoð eða að öðrum kosti, að störfunum yrði skift milli tveggja, sem hann kaus heldur. Stjórnin vildi ekki aðhyllast þá tilögu, að embættinu væri skift, en áleit það á fullum rökum bygt, að ómöglegt væri að gegna embættinu fullnægjandi, nema bæjarfógeti fengi sér til aðstoðar lögfróðan mann, sem hann gæti haft von um að halda lengi, en hlypi ekki burt, þegar

hann væri farinn að fá nokkra æfing í þeim störfum og honum byðist skárra, eins og raun hefir á orðið. Bæjarfógeti hefir síðustu árin heldur kosið að hafa ólöglærðan mann, sem hann væri viss um að geta haldið um lengri tíma, heldur en löglærðan, sem hann gæti átt von á, að hlypi frá honum fyr en hann varði. — Stjórnin vildi nú leggja til fyrir sitt leyti, að ritfé handa bæjarfógetanum væri aukið svo, að hann gæti launað löglærðum aðstoðarmanni 2000 kr. og látið hann að auk hafa einhverjar aukatekjur, t. d. innheimtu á uppboðsfé. Minna áleit stjórnin ekki, að væri hægt að bjóða vel hæfum lögfræðingi, sem ætti að gegna þeim störfum og ílengjast við þau. Stjórnin gekk út frá, að eðlilegt væri, eins og á sér stað í Danmörku, að bæjarfógeti legði fram eitthvað af sínu fé til skrifstofuhaldsins. Aukatekjur embættisins hafa verið að meðaltali 5 síðustu árin 2500 kr. og áleit stjórnin rétt, að bæjarfógeti legði fram 8—900 kr. frá sjálfum sér, en það sem á vantaði, ætlaðist stjórnin til að skotið væri til úr landssjóði. Því var það, að eg kom með breyt.till. í Nd. um, að ritfé væri hækkað úr 1400 kr. upp í 2850 kr. En þar eð það var felt með mjög miklum atkvæðafjölda, er hér að eins farið fram á 800 kr. hækkun á ritfénu, og bæjarfógeti sjálfur yrði þá að leggja til 1200 kr. og svo t. d. innheimtulaun af uppboðsfé til að launa fastan aðstoðarmann. Hér er þá ekki heimtað svo ýkjamikið af landssjóði. Öllum, sem til þekkja, er það ljóst, að það er ómögulegt fyrir bæjarfógetann, eins og nú er, og hvað mikið, sem hann leggur á sig, eins og hann vitanlega gerir, að leysa störf sín svo fullkomlega af hendi, sem hann sjálfur óskar eftir; sérstaklega eru hin eiginlegu bæjarmál honum til byrði og tefja fyrir hinum störfunum, sem heyra meira undir administrationina. — Eg vildi því mjög mæla með, að þessi breyt.till. væri samþykt.

Þá er breyt.till. við 10. gr. C 7. um að til milliþinganefndar til að íhuga fátækra- og sveitarstjórnarlöggjöf landsins séu veittar „eftir reikningum alt að 3000 kr.“ í stað 2000 kr., sem að minni hyggju mundi verða of lítið fé eftir þeirri reynslu, sem á hefir orðið fyr í þeim efnum. Það er ætlast til, að í nefndinni sitji þrír menn og reynslan hefir sýnt áður, að naumast mun veita af minna en 1000 kr. handa hverjum. Þessir menn mundu ekki allir verða úr Reykjavík, að minsta kosti mundu tveir af þeim verða úr öðrum landsfjórðungum og þurfa ferðakostnaðar; dagpeninga mundu þeir fá hina sömu, sem alþingismenn, og mundi þá ekki verða komist af með minna en 3000 kr. Ef 2000 kr. væru veittar og þær svo reyndust ónógar, þá yrði ekki komist hjá að fara fram á aukafjárveitingu og það er alténd leiðinlegt fyrir umboðsvaldið.

Þá er breyt.till. við 12. gr. A 4 c, sem ekki er annað en leiðrétting á breytingu, er varð við atkvæðagreiðsluna í Nd.; áður var þessi liður í réttu samræmi við liðina á undan, en svo var liðnum b vikið við, þannig að orðunum „til sama“ var slept, og því verður að breyta staflið c þannig, að í stað „sama“ komi „póstmeistara“.

Þá hefi eg komið fram með breyt.till. við breyt.till. nefndarinnar um styrk til vegagerða í Norðuramtinu. Nefndin hefir ætlað til vegagerða á Hrútafjarðarhálsi 8000 kr. Í haust er vonast til að vegagerðin á hálsi þessum verði hálfnuð þ. e. komin að eða yfir Sveðjustaðá og þá yrði eftir að eins helmingurinn niður að Staðarbakka. Til þess að honum yrði nú lokið á næsta ári, væri rétt að veita á fjárlögunum 10000 kr. í stað 8000 kr., því að það er óheppilegt, að þurfa að hætta í miðju kafi vegna fjárskorts, þegar lítill spotti er eft-

ir. Útgjöld landssjóðs þurfa ekki að aukast við það, því að jafnframt hefi eg lagt til, að liðurinn til vegabóta og viðhalds á þjóðvegum í Norðuramtinu verði færður niður að sama skapi, úr 20000 í 18000 kr, sem eg vona að h deild verði ekki mótfallin.

Þá kemur liður við 12. gr. B 5, sem er nokkuð óþægilegri viðfangs, en sem nauðsynlegur er, eftir því sem nefndin hér í deildinni vill breyta orðuninni á styrknum til vegabóta. Liðurinn er nýr og fer fram á 10000 kr. til að kaupa áhöld fyrir og verkfæri til vegagerða. Það hefir ekki hingað til þurft á sérstökum lið að halda til þessa, þegar styrkurinn til þjóðvega og sýsluvega var veittur í einu lagi, en ekki partað niður milli ýmissa sýslna og vegagerða á sjálfum fjárlögunum. Þegar því er fyrirkomið, eins og nefndin hér leggur til, að fénu til flutningabrauta, þjóðvega og fjallvega sé varið til hverrar sýslu og einstaks fyrirtækis í ákveðnum liðum, þá er auðvitað, að hlutaðeigandi sýslufélög heimta, að alt féð sé að fullu brúkað hjá hverju þeirra um sig til vegagerðarinnar sjálfrar, eins og reynslan hefir sýnt hér áður, og þegar það er gert, þá er ekkert fé fyrir hendi til áhalda og verkfæra. Þess vegna er nauðsynlegt, að veita fé til, þessa í sérstökum lið og hefi eg lagt til, að upphæð fjárins sé 10000 kr. fyrir fjárhagstímabilið. Öll útgjöldin til vegabóta verða ekki meira en ákvæðin eru í stjórnarfrv. fyrir það 150,000 kr., 100,000 kr. til þjóðvega, sem fært hefir verið niður í 90,000 og 50,000 til flutningabrauta og fjallvega, sem hefir verið fært lítið eitt upp í Nd. — Þetta eru aðalbreyt.till. mínar við þennan kafla frv., sem hér liggur fyrir til umr.

Enn fremur hefi eg komið með litla breyt.till. við launaupphæð vitavarðarins á Reykjanesi. Þessi maður hefir verið vitavörður þar í mörg ár og reynst mjög vel og væri skaði að missa hann frá þeim störfum. Hann hefir tjáð landsstjórninni, að hann gæti ómögulega komist af með þau laun sem hann nú hefir, vegna þess, að kostnaður við vitahaldið hefir aukist svo á síðustu árum. Hann verður að halda 2 ársmenn vegna vitagæzlunnar. Í skammdeginu verða ávalt tveir menn að vaka í vitanum og þeir skiftast þá þrír á að vaka. Áður fengust vinnumenn á vitann fyrir 100—200 kr. kaup, en eins og menn vita, hefir hjúakaup farið vaxandi á síðari árum, og nú er ómögulegt að fá vinnumenn á Reykjanesi fyrir minna en 200 kr. og alt frítt, og jafnvel tæplega fyrir það. Hann verður því að borga vinnumönnunum 400 kr. og svo kost og þjónustu af launum sínum, sem eru 1200 kr. og þá er ekki mikið eftir. En það er ekki nóg með það. Þó að hann borgi þeim þetta þá er hann ekki viss um að geta haldið þeim til lengdar; þeir hlaupa eftir fá ár burt á þilskip þar sem þeir fá meira, 3—400 kr. fyrir vinnu frá marz til ágúst og hafa svo frí hinn hluta ársins, og þykir þeim það stórum betri kostur. Það kemur fyrir á hverju ári, að menn hlaupa frá honum og af því leiðir, að hann verður að eiga við viðvaninga og á erfitt með að fá menn til þessa starfa. Þess vegna hefir hann sótt um það til landstjórnarinnar, að laun sín væru hækkuð upp í 1500 kr. — Nd. hefir að eins viljað bæta við hann 100 kr., sem er sama sem ekki neitt. Þess vegna er hér farið fram á, að í stað 100 kr. komi 300 kr. Menn munu ef til vill segja, að hann þurfi ekki á ársmönnum að halda, til þess að gæta vitans í skammdeginu. En menn verða að gæta þess, hvernig til hagar á Reykjanesi, að þar er ekki hægt að fá menn þar í grendinni mánuð og mánuð; þeir fást ekki nema sem ársmenn. Ef hér hefði verið um vitann á Gróttutanga eða Skagatá að ræða, þá hefði verið hægra að útvega aðstoð fyrir mánuð og mánuð,

en þar syðra er það ei mögulegt. Líka hafði vitavörður áður gagn af að geta látið ársmenn sína róa og notið afla þeirra. En nú hefir bátaútveginum hnignað, eins og kunnugt er og er orðinn sama sem ekki neitt, svo að vitavörðurinn er hættur að senda menn sína til sjávar, og þó að þeir séu sendir í kaupavinnu, þá mun öllu verða til skila haldið, svo að það borgi sig. Eg vona, að h. deild fallist á þessa breyt.till. mína af þeim ástæðum, sem hér eru teknar fram.

Hvað breyt.till. nefndarinnar snertir, þá get eg sagt, að eg yfirleitt er samþykkur stefnu nefndarinnar og eins og h. frsm. (Kr. J.) tók fram, að nefndin hefði haft það aðalmark og mið fyrir augum, að spara fyrir landssjóðinn, þá er það einnig að öllu leyti eftir mínu skapi. Eg skal þó minnast á nokkrar breyt.till. nefndarinnar.

Á 17. tölul. á atkvæðaskránni er brt. við féð til flutningabrauta og ákveðið að leggja 6000 kr. til flutningabrautar upp Borgarfjörð, frá Borgarnesi að Hábrekkum. Eg álít þessa veiting mjög viðsjárverða, eins og hún er orðuð. Í vegalögunum frá 1894 stendur, að flutningabraut skuli lögð upp Borgarfjörð, en ekki hvar hún skuli lögð, hvort hún skuli liggja frá Borgarnesi, Seleyri eða Akranesi. Í 4. gr. vegalaganna 1894 stendur: „Landshöfðingi ákveður eftir tillögum sýslunefnda, amtsráða og vegfræðings, hvar leggja skuli flutningabrautirnar um héruðin. Það er enn ekki ákveðið, hvar flutningabraut þessi, er hér er um að ræða, skuli liggja, en það er ekki alþingi, sem á að ákveða það í fjárlögunum. Ef þessi liður yrði samþyktur, er þar með tekið fram fyrir hendurnar á umboðsvaldinu, þvert ofan í lög, sem alþingi hefir sjálft samþykt. Það heyrir ekki undir verksvið þingsins að ákveða, hvar flutningabrautir skuli liggja, heldur að eins það að veita fé til þeirra. Það gæti einnig verið, að héraðsmenn yrðu ekki ánægðir með, að brautin yrði lögð þannig, sem hér er ákveðið, frá Borgarnesi og upp að Hábrekkum og þar við bætist, að þetta ákvæði er að öllu leyti óformlegt eftir 4. gr. vegalaganna 1894.

Hvað flutningabraut á Fagradal snertir, þá hefir nefndin stungið upp á, að til hennar væri veittar 8000 kr., en h. 2.kgk. þm. (H. Sv.) hefir gert breyt.till. við þá upphæð og vill færa hana niður í 6000 kr. Þetta álít eg mjög ópraktist, því að það er ekki nema lítill spotti, sem lagður verður fyrir 6000 kr. — Þar á að gera akveg, sem á að vera vel vandaður og 6 álnir á breidd, og það verður lítið, sem hægt er að gera af honum fyrir þessa upphæð á hverju ári. Það þyrfti hvorki meira né minna en 12 fjárhagstímabil, til þess að brautin yrði fullger frá Reyðarfirði og upp að Lagarfljóti, og það er varla meining þingsins, að til þessa yrði varið svo löngum tíma. Það væri þess vegna réttast, að feldur væri burt liðurinn um flutningabraut upp Borgarfjörð og bíða þess, að ákveðið verði, hvar sú braut skuli liggja, en bæta þeim 6000 kr., sem til hennar eru ætlaðar, við flutningabrautina á Fagradal, því að þá yrði lokið við spotta sem dálítið munaði um, en fyrir 6000 kr. yrði tiltölulega lítið gjört, það yrði mest flutningur á fólki og verkfærum og lítilsháttar byrjun. Eg vildi því skjóta því til nefndarinnar, hvort hún vildi ekki leggja til, að felld væri burt flutningabrautin upp Borgarfjörð, en ákveðið í staðinn til Fagradals 12000 kr.

Framsögumaður (Kristján Jónsson): Eg skal svara aths. hæstv. landshöfðingja um flutningabrautirnar á Fagradal og upp Borgarfjörðinn. Ef einhver villa hefur orðið hjá nefndinni í tillögum hennar um þetta efni, þá verður það eigi lagað nú, en það má gera við 3. umr. Hvað flutningabraut upp Borgarfjörð snertir, þá mun að áliti nefndarinnar eigi geta

verið um annað að tala en að leggja hana frá Borgarnesi upp fjörðinn upp að Hábrekkum, og eg hefi tekið svo eftir eða eg hefi litið svo á, þegar verið var að mæla vegina þar upp eftir, þá hafi það verið gjört vegna þessarar fluttningabrautar, eða þar sem hún átti að liggja. (*Landshöfðingi:* Nei). Á þessu áliti byggði nefndin tillögu sína; ef það er rangt og er eigi enn búið að ákveða, hvar flutningabraut þessi á að liggja, þá má vel breyta til í þessu efni. — En nefndin hugði, að brautin ætti að liggja þessa leið, sem er mjög fjölfarin, og virðist liggja beinast við að verði valin til akbrautar-stæðis.

Nefndin kannast við, að það er lítil upphæð, sem veitt er til flutningabrautar á Fagradal, og vill þó jafnvel aðhyllast enn lægri upphæð, en hún upphaflega lagði til að veitt væri; nefndin ætlaðist eigi heldur til annars, en byrjað væri á því bráðnauðsýnlegasta, snertandi þessa vegagjörð; vildi koma henni á rekspölinn. Það er auðvitað leiðinlegt, að neyðast til að hafa upphæðina svo litla, en þingið hefur í mörg horn að líta og það er ekki hægt að skamta öllum stórt.

Þá skal eg minnast á breytill. landsh. á þskj. 540 um að hækka ritfé bæjarfógetans í Reykjavík. Nefndin getur ekki fyrir sitt leyti fallist á þá brt.till. Eftir upplýsingum, sem gefnar voru í h. Nd., eru tekjur þessa embættis svo miklar, einkanlega aukatekjurnar, að embættismanni þessum verður eigi álitið það ofætlun, að launa sjálfur 2 sæmilegum aðstoðarmönnum, og að kaupa að auki nauðsynlega skrifarahjálp, og þess vegna gat nefndin ekki fallist á brt.till. Það hefur reiknast svo til, að þó að bæjarfógeti borgaði 2 aðstoðarmönnum, hvorum þeirra 1200—1400 kr., sem verður að teljast nægilegt, einkum ef þeir eru ekki löglærðir, eins og nú er, og fyrir skrifarahjálp að auki 6—800 kr., þá mundu laun hans óskert þó verða að minnsta kosti um eða yfir 5000 kr., sem mega teljast allsæmileg laun. Nefndin hefði þó ef til vill getað verið með brt.till. um að hækka skrifstofukostnað þessa embættismanns upp í 1800 kr., eða þar um bil, af því að kostnaðarendurgjaldið væri ekki nægilegt, og með tilliti þess að embættismaður sá, er hlut á að máli, er mesti eljumaður og hæfileikamaður, og hefur unnið vel og mikið í landsins þarfir, og alls góðs maklegur.

Þá er brtill. frá landsh. við 10. gr. C 7 á þskj. 540, að til millipinganefndar í fátækramálum sé veitt 3000 kr. í stað 2000 kr. Nefndin getur verið henni samþykk og sama er að segja um brtll. á sama þskj. við 12 gr. A 4 e, að í stað „sama“ komi: póstmeistarans. Nefndin ætlaði sjálf að leiðrétta þetta, en það gleymdist, af því að nefndarálitið með breytingartillögunum var samið í svo miklum flýti.

Hvað snertir brtill. landsh. á sama þskj. um hækkun á launum vitavarðarins á Reykjanesi, þá hefir nefndin í heild sinni ekki séð sér fært að fallast á 300 kr. viðbót, en eg fyrir mitt leyti mundi geta verið með því, að vitavörður fengi 200 kr. hækkun á launum sínum, því að eg verð að viðurkenna, að laun hans eru fremur lág, en hann er búinn að gegna sýslan þessari bæði lengi og vel.

Hvað snertir brtill. landsh. á þskj. 539 um fé til vegagjörða á Hrútafjarðarhálsi, þá er nefndin henni samþykk, eins og eg hefi áður drepið á, og eins er um brtill. á sama þskj. um fé til vegabóta og viðhalds í Norðuramtinu, en brtill. þessar jafnast upp hver á móti annari.

Aftur á móti getur nefndin ekki verið með síðari brtill. á sama þskj., að bætt verði inn í nýjum lið „til að kaupa áhöld og verkfæri til vegagjörða 10000 kr.“ Þetta er mikil upphæð, sem hefir í för með sér mjög verulega hækkun á út-

gjöldunum, það var mark og mið nefndarinnar, að hækka ekki aðalupphæð fjárveitinganna til vegagjörða og vegabóta, — þótti hún þegar nógu há; nefndin álítur, að fé til þessa, til áhalda og verkfærakaupa, megi taka af liðunum til vegabóta og viðhalds undir þjóðvegafjárveitingunum, og jafnvel að nokkru leyti af fénu til viðhalds flutningabrauta, sem er 12000 kr. hvort árið. Það verður að vera á valdi landsstjórnarinnar, hvernig hún skiftir því niður á þessa liði.

Landshöfðingi: Eg ætla að gera stutta athugasemd út af flutningabrautinni í Borgarfirði. Eg hélt sannast að segja, að öllum hlutaðeigendum, ekki síst þm. Mýr., sem, að eg hygg, líka er sýslunefndarmaður í sinni sýslu, væri fullkunnugt um, að ekkert væri ákveðið um, hvar hún ætti að liggja upp fjörðinn. Í fyrra eða hitt ið fyrra kom beiðni til mín um, að verkstjóri yrði látinn skoða vegarstæði meðfram Norðurá frá Borgarnesi upp að Munaðarnesi, og hugði eg, að það væri gjört í því skyni, að sýslubúar ætluðu að gera vegabætur á þessu svæði, af því þar er sýsluvegur. Hins vegar getur ekki komið til tals, að veg þessum sé lagt fé af þjóðvegafé, því að þjóðvegur er þar ekki og getur trauðlega orðið. Að gera vegabætur á þessari leið af sýslufé getur aldrei orðið annað en kák, ef hann með tímanum á að verða flutningabraut. Mér finst því réttast, að alþingi ákveði ekkert fé til þessa vegar nú en láti það bíða næsta þings. Það er auðvitað ákveðið í vegalögunum, að flutningabraut skuli liggja upp Borgarfjörð, en það hefir ekkert verið ákveðið um, hvar hún ætti að liggja um héraðið, hvort heldur frá Akranesi, frá Seleyri eða frá Borgarnesi og er það í valdi landsh. að ákveða það eftir tillögum sýslunefnda, amtsráðs og vegfræðings. En orsökin til þess, að eigi hefir verið ákveðið neitt fyr um þetta, er sú, að því var slegið föstu á þinginu 1897 eða 1899 að byrja ekki á nýjum flutningabrautum, veita ekki annað fé til þeirra, en til viðhalds og til að ljúka við þær brautir, sem byrjað væri á, en leggja mest fé til þjóðveganna. Hefir því stjórnin ekki álitið neina þörf á að rannsaka, hvar flutningabrautir ættu að liggja né leggja fé til þess. Ætti því helzt að sleppa að koma með nýjar flutningabrautir inn á fjárlögin, en styrkja þjóðvegina þeim mun meira.

Julius Havsteen: Flestallar breytingartillögurnar, sem eg hef komið með við þetta frv., snerta holdsveikraspítalann. Það virðist helzt svo nú orðið, að menn eigi bágt með að líta þessa stofnun réttum augum, en það er af því að þekkinguna vantar á henni. Sumir af þeim, sem farið hafa fram á að draga af framlögunum til spítalans, hafa ekki einu sinni komið í hann og kynt sér hann. Þeir hafa látið sér nægja, að líta hann héðan úr bænum.

Spítalinn hefir ýmislegt til síns ágætis, og má fyrst telja það, að hann er stærsta stofnun landsins og stærsta hús á landinu. Annað er það, að hann er einhver gagnlegasta stofnun landsins og hin nauðsynlegasta; það væri enginn sómi fyrir landið, ef spítalinn eigi væri til, og er það öllum kunnugt, hvílíkur ósómi það var fyrir landið, hvernig farið hefir verið með holdsveika menn hér áður en spítalinn tók til starfa. Í þriðja lagi legg eg áherzlu á það, að spítalinn er gjöf, og er í því fólgin sérstök hvöt fyrir oss til þess að fara vel með hann.

Það fer fjærri því, að stjórn spítalans hafi sýnt nokkra eyðslusemi heldur hefir hún viðhaft alla viðleitni til að spara sem mest og ef til vill sýnt of mikla sparsemi. Eg skal svo leyfa mér að fara nokkrum orðum um breytingartillögur mínar og meðflutningsmanns míns, og lúta þær allar að því, að færa fjárveitingarnar í samt lag, sem þær voru

í upphaflega í fjárlagafrumvarpi stjórnarinnar, eða sem næst því. Laun starfsmanna eru nú orðin 5065 kr. í stað 5185 kr. og eru þannig lækkuð um 120 kr., sem sé um 50 kr. fyrir hvorn vinnumanninn og um 10 kr. fyrir ræstingarkonurnar, hvora um sig.

Hér hefir fjárlaganefndinni í Nd. skjátlast, þar sem hún hefir gengið út frá því, að þess væri farið á leit í frumv. stjórnarinnar, að kaup hvorrar ræstingarkvennanna ætti að hækka um 10 kr. Það var að eins farið fram á, að þær fengu hvor um sig 5 kr. í viðbót. Eftir þessu hefði það verið nóg fyrir nefndina, að stinga upp á 110 kr. lækkun alls. Í breytingartillögu vorri förum vér fram á, að hin upphaflega upphæð, 5185 kr., verði sett inn aftur í frumv. Vér verðum, að halda því föstu, að eigi sé hægt að fá góðan vinnumann hér fyrir minna en 250 kr. Þá er um eldsneytið að ræða. Kolin, sem vér höfum beðið um og sett á 4615 kr., hafa verið færð niður í 3000 kr. Vér höfðum gert, að 1000 skp. þyrfti til spítalans, en 800 skp. er álitið nægilegt af fjárlaganefndinni. Auðvitað er það rétt, að kolin hafa lækkað í verði, síðan vér sömdum þessa áætlun, en það gátum vér ekki vitað þá, að þau mundu lækka í verði. En Nd. hefir fært skippundatölurna 1000 niður í 800, en það er alt of lítið ætlað til eldsneytis á spítalanum. Það er yfir höfuð að tala örðugt að gera áætlun um kolaeyðslu, sem liggur í því, að kolin eru svo misjöfn. Eg hef sjálfur haft reynslu í því efni, og hefir í minu húsi stundum eyðst 50, stundum 60 og 65 skp. yfir árið, þrátt fyrir það þótt sama fólkið haldi á og hafi gengið um kolin. Í því tilfelli, sem hér er um að ræða, held eg sé alt af betra að hafa birgðir, en að hafa það knappasta og ef menn verða uppiskroppa, þá fá menn að finna til þess, að kolin eru orðin dýr hér seinni part vetrar. Eg vildi því stinga upp á, að fjárveitingin verði hækkuð upp í 3750 kr. fyrir kol, svo spítalinn geti fengið 1000 skp. eins og upphaflega var ætlast til. Þá er næsti liðurinn, sem er ljósmeti eða steinolía. Fé það, sem áætlað var í frv. stjórnarinnar til ljósmetis hefir fjárlaganefndin í Nd. fært niður, eg nefndin hér í deildinni fallist á það. Nefndarmenn hafa auðsjáanlega eigi grenslast neitt eftir tölu lampa á spítalanum, lögun þeirra eða gerð, og eftir því, hve lengi er kveikt á þeim. Þá er kostnaður á viðhald á húsum gert að 3200 fyrra árið, en 1200 kr. seinna árið. Aukakostnaður fyrra árið stafar af nauðsyninni á að mála spítalann að utan, og átti málun þessi eftir áætlun málaranna hér í bænum, Langes og Jørgensens, að kosta 2400 kr.; þess vegna var kostnaðurinn talinn 3600 kr. í stjórnarfrumvarpinu. Með því orð var haft á því, að áætlun þessi væri of há, var búin til ný áætlun, sem byggingarmeistari Thuren, er var hér staddur, samþykti að öllu leyti. Eftir henni átti kostnaðurinn að verða 2143 kr. 85 aur., og samkvæmt þessu hef eg leyft mér að leggja það til, að fjárveitingin fyrra árið verði 3350 kr.; allur munurinn er þá hér 150 kr.

Þar sem frumv. setur kostnaðinn við þvott og ræsting 600 kr. fyrir hvort árið um sig, viljum við fara fram á, að það verði fært aftur upp í 800 kr. hvort árið. Í hittið fyrra sannaðist það líka, að ekki mun veita af þessu fé, þar eð slíkur kostnaður varð þá yfir 700 kr. Eg held því, að ekki sé nokkur minsta ástæða til að færa þetta gjald niður. Þá höfum við gert breyt.till. við liðinn, o. að fyrir 1000—1000 komi: 1200—1200, það er sem sé liðurinn til ýmislegra útgjalda. Hann var fyrst settur 1200 kr. hvort árið, en lækkaður niður í 1000, en eg held að brýn þörf sé á að setja hann ekki lægra en 1200 kr. hvort árið.

Þá er síðast kostnaðurinn við bygging

geymsluhússins. Þar höfum við gert br.-till. að í staðinn fyrir 1500 kr. fyrra árið komi: 4000 kr., eins og upphaflega var til ætlast. Spítalanum fylgja ekki önnur útihús, en hesthús handa 6 hestum með lofti til heygeymslu, en sótthreinsunarhúsið og líkskurðarhúsið verða eigi notuð sem geymluhús, og kjallarinn undir suðurenda spítalans nægir ekki. Framsögumaður sagði að 1500 kr. mundi nægja til þess að byggja annan geymsluskúr í viðbót við þann skúr, sem spítalastjórnin sá sig neydda til að byggja haustið 1898, en skúr þessi kostaði rúmlega 400 kr. Það liggur í augum uppi, hve illa það lítur út, að byggja tóma skúra úr járni kringum svo fallegt hús sem spítalinn er. Eg vil því gera tilraun til að fá hina upphaflegu fjárveiting, þótt eg hafi harðla litlar vonir um, að það muni tækast gagnvart þeirri óvild, sem spítalinn virðist verða fyrir. Eg er þá búinn að tala um breyt.till. þær, er vér höfum gert við frv. Nefndin, sem kosin var hér í deildinni hefir fært niður launaviðbótina til núverandi hjúkrunarkonu, sem fjárlaganefndin í Nd. hefði fallist á. Það þýðir lítið að vera að ausa í Dr. P. Beyer alskonar complimentum og fögrum orðum, og svo ekki taka neitt tillit til tillögu hans og beiðni í þessu efni, og það á mjög illa við að viðhafa þau orð, að hann sé að fyrirskrifa oss lög í þessu efni, eins og komist er að orði í nefndarálitinu. Eg ímynda mér, að hin háttv. nefnd hér hafi séð bréf það, sem Dr. P. Beyer sendi fjárlaganefndinni í Nd. og sýndi fram á í því, að hann treysti sér ekki til að útvega hjúkrunarkonu, nema hún fengi 1000 kr. laun árlega. Eg er þar að auki viss um, að það er hagur fyrir spítalann að hafa þessa núverandi hjúkrunarkonu. Eg vona því, að hin háttv. nefnd taki aftur tillögu sína um, að þessar 400 kr. verði færðar niður í 200 og láti sitja við það, sem stóð í frumvarpinu, þegar það kom hingað úr háttv. Nd.

Eg er þá búinn að tala um holdsveikraspítalann, og skal leyfa mér að minnast á breytingartillögu mína við 9. tölulið 11. gr. um ferðastyrk handa læknaskólakennara Guðm. Magnússyni. Nd. hefir viljað veita honum 1200 kr., sem hin háttv. nefnd hér í deildinni hefir látið standa, en hann fór fram á að fá 1500 kr. Eg held að ekki þurfi mörg orð um það gagn, sem bæði landið, læknaskólinn og einstakir menn geta haft af ferð þessa framúrskarandi læknis til útlanda, til þess að kynna sér hinar nýjustu framfarir í læknisfræðinni; eg verð að álíta, að hann sé ekki ofhaldinn af 1500 kr. Vona eg nú, að þessi tillaga mín fái góðan byr hjá hinni háttv. deild.

Framsögumaður (Kristján Jónsson): Eg vildi leyfa mér að fara nokkrum orðum um breytingartill. þær, sem fram eru komnar frá hinum h. 1. kgk. þm. og öðrum h. þm. Nefndin hefir eigi getað fallist á þær. Þar sem háttv. 1. kgk. sagði, að menn gætu naumast litið holdsveikraspítalann réttum augum, þá hygg eg, að það hafi eigi við rök að styðjast. Það eru nú lagðar 59 þúsundir króna til þessarar stofnunar af landsfé, og munu fáar stofnanir hér fá eins mikið fjártillag. Það er vitaskuld, að vér höfum þegið spítalann að gjöf, og vér eigum að láta oss farast sæmilega við hann, en vér megum um leið gæta þess, að gjöfin sligi oss ekki í fjárhagslegu tilliti. Vér eigum að gæta þess að fara eigi frekar en þörf er á í tillögum vorum til hans. Eg hygg, að alt of langt sé farið í breyt.till. á þskj. 533, þar sem ætlast er til, að fyrir 1500 kr. komi 4000 kr., til að byggja geymsluskúr. Eigi hefir oss fundist rétt að hækka þessa fjárveiting fram úr því, sem hún var ákveðin af Nd., og mun eg víkja að því síðar. — Eins og eg hefi áður skýrt

frá, þótti nefndinni ástæðulaust að hækka laun núverandi yfirhjúkrunarkonu um meir en 200 kr. á ári, — og sumum þykir það enda óþarft; — eg held að minsta kosti, að launin, eins og þau þá verða (800 kr.), séu mjög boðleg, þar sem konan auk þessa hefir alt frítt á spítalanum, og eg get eigi kannast við það, að þingið sé skyldugt, að samþykkja hvaða launahækkunarkröfu, sem fram kynni að koma úr þessari átt. Hvar ætti staðar að nema? við 1000 kr. eða 2000 kr.? — Að því er tölul. 6 a, laun starfsmanna, snertir, skal eg ekki neita því að vera má, að fjárveiting þessi sé 20—30 kr. lægri en hún mætti vera, en um slíkt má lengi þrátta. Væri eg fyrir mitt leyti ekkert á móti, að hún væri hækkuð um 20—30 kr., en varla meira. Þá eru kolin. Nefndin hyggur, að upphæðin, sem hún áætlar til kolakaupa, muni vera nægileg, þar sem kol nú hafa fallið mjög í verði. Spurningin er eiginlega um það, hve mörg skippund spítalinn þurfi, og hyggjum vér, að 800 skp. myndu nægja, eins og fjárlaganefnd Nd. gerir ráð fyrir. Eg skil ekki heldur, að nein vandræði þyrftu að verða eða mundu verða, þótt þetta reyndist eigi nóg; það er þá alt af hægt að kaupa meiri kol, ef þrot koma, og það er eigi hætt við, að það verði eigi gjört. — Alveg sama er að segja um olíuna. Það er svo sem engin hætta á, að það yrði slökt á lömpunum í spítalanum, ef olían reynist ónóg; ráðsmaðurinn eða ráðskonan fer strax og kaupir olíu. Eg hygg, að það sé ekki rétt að hafa fjárveitinguna hærri en ætla má að þurfi, því að mínu áliti verður það til þess, að gefa spítalastjórninni undir fótinn, ef svo má segja, með að fara ekki eins gætilega, og ella, enda er það sannreynt, að þegar gnótt er fyrir hendi, er eigi farið eins gætilega í brúkunina, eins og þegar framlagið er af skornum skamti; maðurinn, sem hefir 1000 kr. milli handa, fer tæplega eins varlega í gjaldgreiðslum sínum, eins og hinn, sem eigi hefir nema 500 kr. til sömu gjalda. Eg og vér í nefndinni vildum því, að þetta væri ekki haft hærra, en það má minst vera. Það er eigi meining vor, að myrkur skuli ríkja á spítalanum eða menn þar skuli eiga að búa við kulda og næðinga. Nefndin hefir ekki getað öðru trúað, en að fullvel væri ílagt við liðina e og f, eins og þeir eru í frv. frá háttv. Nd. Og ef þeir skyldu reynast of lágir, mun eldsneyti og ljósmeti verða keypt til spítalans alt að einu eftir þörfum, og er það sjálfsagt.

Þá hyggur nefndin, að 1000 kr. sé nóg til ýmislegra útgjalda eins og fjárlaganefnd Nd. hefir sett, og 1500 kr. nægilegt til þess að byggja fyrir sæmilegan skúr eða geymsluhús. Eg álít, að það eigi ekki að vera neitt skrauthýsi svo sem í samræmi við spítalann með útskotum og útúrbyggingum; eg hef litið svo á, að það mætti komast af með útihús eða skúr úr timbri og járni og ætti hann eigi að verða mjög dýr, fráleitt dýrari en nemur hinni áætluðu upphæð, þegar til þessaværi einnig brúkað efnið úr skúr þeim, sem þar er nú, og sem má álíta sjálfsagt, því að þetta fyrirhugaða hús á að koma í staðinn fyrir hann. Ef byggja á hús þetta öðruvísi og með meiri kostnaði, álít eg það að eins til þess, að ausa sem mest út fé landsins. Að því er snertir tillöguna á þingskjali 534 nfl. siglingarstyrkinn til Guðm. læknis Magnússonar, þá getur nefndin ekki verið henni samþykk. Þessi mikilsmetni heiðursmaður, sem um er að ræða, er auðvitað alls góðs maklegur, en hann er maður fremur vel staddur í efnalegu tilliti og hefir ekki þungt hús. Hann er líka sæmilega launaður í sínu embætti og hefir að eg ætla mjög mikla „praxis“. Hyggjum vér ástæðulaust, að veita honum svo mikið fé, að hann verði að öllu leyti skaðlaus af hinni fyrirhuguðu siglingu í peningalegu tilliti;

Þykir oss hann mega leggja citthvað dálitið til sjálfur af eigin efnum, ef ferðin annars verður svo kostnaðarsöm, og álítum hann vel sæmdan með 1200 kr. Nefndin mun því greiða atkvæði á móti brr.till. á þskj. 534.

Magnús Andrésson: Út af mótbárum hins hæstv. landsh., gegn þeirri 6000 kr. upphæð, sem nefndin hefir ætlað til flutningabrautarinnar upp Borgarfjörð (frá Borgarnesi að Hábrekkum), skal eg leyfa mér að mæla fáein orð.

Eins og kunnugt er, var ákveðið með lögum 13. apríl 1894, að flutningabraut skyldi vera lögð upp Borgarfjörð.

Sýslunefndin í Mýrasýslu lét nokkru síðar þá ósk í ljósi, að sem fyrst yrði ákveðið, hvar flutningabraut þessi skyldi lögð, til þess að hún gæti hagað sér nokkuð eftir því með vegabætur í sýslunni. Svo var það löngu síðar, eg man ekki, hvort í fyrra eða hitt eð fyrra, að Erlendur vegfræðingur, eða vegaverkstjóri Zakaríasson kom upp á Mýrar, til þess að mæla út vegarstæði frá Borgarnesi upp að Hábrekkum, og ætla eg, að mér sé óhætt að fullyrða, að hann kvaðst vera sendur til þess af landsh., og að bæði einn og annar, þar á meðal einnig sýslunefndin, skildi það svo, að þar væri að ræða um hina lögákveðnu flutningabraut upp Borgarfjörð. En að þar væri um sýsluveg að ræða, það gat mönnum ekki til hugar komið eftir atvikum. Vegurinn var strikaður út með merkjum og áætlun gjörð um kostnað við lagning hans, sem með brúm hljóp upp í 54000 kr. fyrir brautina alla upp að Hábrekkum. Þegar af því atviki gat ekki komið til tals, að sýslan léti gera slíkan veg, enda var Erlendi Zakaríassyni eigi borgað af sýslunni fyrir að mæla upp veginn, og sýslunefndin hafði eigi óskað, að slík mæling á sýsluveginum væri gerð, heldur að eins hitt, að flutningabrautin væri ákveðin. Erlendur gerði og teikning yfir brautina og liggur sú teikning hér á skrifstofunni. Af því að sýslunefndin skildi þetta verk Erlendar þannig, og hélt, að nú væri þegar ákveðið, hvar flutningabrautin skyldi liggja, þá sótti hún til þingsins um, að nú yrði eitthvert fé veitt til þess, að byrjað yrði að leggja hana. Þess vegna lagði eg það til í fjárlaganefndinni, að eitthvert fé yrði lagt til þessarar flutningabrautar og nefndin félst á það, að veita til hennar 6000 kr. Hæstv. landsh. talaði um, að það væri óákveðið, hvar brautin skyldi liggja, og að hún gæti eins legið upp frá Seleyri eins og frá Borgarnesi; en það finst mér undarlegt, að leggja ætti brautina frá þeim stað, þar sem engar skipaferðir eru og engin höfn, og þar sem færri hefðu not af henni. Það getur að ætlun minni trauðla komið til mála, að leggja hana annars staðar en upp frá Borgarnesi.

Flutningabraut frá Borgarnesi upp að Hábrekkum og þaðan yfir á þjóðveginn um Norðtungu til Norðurárdals mundi, einkum nú, þegar reglubundnar gufubátaferðir eru komnar á milli Reykjavíkur og Borgarness, hafa afarmikla þýðingu, þá væri jafnvel ekki ómögulegt, að komast á einum degi frá Reykjavík norður í Hrútafjörð og á þeim stað yrði brautin til hins mesta hagræðis og nota fyrir eigi að eins allan austurhluta Mýrasýslu og uppsveitir Borgarfjarðarsýslu, heldur einnig fyrir menn af öllu vesturlandi vestan Bröttubrekku og fyrir Norðlinga. Hvað sem nú þessu líður, þá verður hér að fara eftir því, að háttv. landsh. hefir nú upplýst um það, að enn sé ekki búið að ákveða, hvar braut þessi skuli vera. En eg vona, að úr þessum formgalla megi bæta svo, að hann þurfi ekki að standa í vegi fyrir fjárveitingu þeirri, er hér ræðir um. Mun eg hugsa um það til 3. umræðu. En svo mikið er víst, að útmælingingin hefir vilt mig og sýslunefndina í Mýrasýslu; merkin sýna verkin. Ef maður ríður frá Borgarnesi upp að Hábrekkum, sér maður

merkin, sem E. Zakaríasson setti upp, til að sýna, hvar vegur þessi skyldi liggja. Eg vildi leyfa mér að biðja um upplýsingar hjá hæstv. landsh. um, hver muni hafa borgað Erl. Zakaríassyni fyrir þessa mælingu hans, ætli það hafi ekki verið borgað úr landssjóði? Svo mikið er víst að sýslunefndin borgaði það ekki. Erlendur var eigi við neina vegagerð þar efra aðra en þessa útmælingu; hann kom beina leið þangað frá Reykjavík einmitt í þeim erindagjörðum, að því mér er kunnugt, og á sýslunefndarfundi, sem þá var haldinn í Mýrasýslu, talaði hann við okkur um þetta, og sýndi okkur áætlun sína og teikning.

Af þessum ástæðum héldum vér í nefndinni, að eigi væri óformlegt að sækja um, að byrjað væri að leggja þó nokkuð fé til þessarar lögákveðnu brautar, sem þegar var, að ætlun vorri, búið að mæla út.

Landshöfðingi: Eftir áskorun þm. Mýr. (M. A.) skal eg gefa honum þær upplýsingar, að kostnaðurinn við rannsókn Erl. Zakaríassonar á veginum frá Borgarnesi upp með Norðurá var greiddur úr landssjóði af fé því, sem veitt er í 12. gr. B 2. til verkfróðra aðstoðarmanna við hinar vandaminni samgöngubætur. Þegar Erl. Zakaríasson gerði rannsóknir sínar á þessari leið, þurfti hann að fara þangað upp eftir hvort sem var út af vegagerðum í Mýrasýslu og gera ráðstafanir viðvíkjandi ýmsu þar uppfrá, og af því að menn óskuðu, að hann rannsakaði þessa leið, hvort sem það nú er eftir ósk sýslunefndarinnar eða einhverra sýslubúa, þá gaf eg leyfi til þess, án þess að mér kæmi til hugar, að það kæmi neitt spurningunni um flutningabraut upp Borgarfjörðinn við, því að það var auðvitað ekki mögulegt að ákveða neitt um hana, fyr en fengið væri álit sýslunefnda, amtsráðs og vegfræðings. Ef það hefði verið meining landsstjórnarinnar að láta rannsaka þennan veg, til þess að leggja þar flutningabraut, þá hefði enginn óbrotinn verkstjóri verið sendur til þess, heldur hefði vegfræðingur verið sendur þangað, til þess að skoða brautarstæðið. Þetta hefði sýslunefndin getað sagt sér sjálf. Það er rétt, sem h. þm. Mýr. (M. A.) tók fram, að verkstjórinn misskildi ætlunarverk sitt með því að stinga út flutningabraut. Honum var að eins falið að skoða plássið, hvar hentugast væri að leggja veg, og þess vegna var það skoðað eins og verk, sem borgað skyldi af þeim lið fjárlaganna, sem ætlaður er til verkfróðra aðstoðarmanna við hinar vandaminni samgöngubætur.

Eins og eg tók fram áðan, þá álít eg ekki rétt að leggja út í mikinn kostnað, til þess að ákveða flutningaarautir, af því að á þingunum 1897 og 1899 var eindregið lagt til, að leggja ekki fé til nýrra flutningabrauta, heldur að eins til þjóðvega, og að einungis skyldi lagt fé til þess að viðhalda eða fullgera þær flutningabrautir, sem þegar væru komnar eða byrjað að leggja.

Axel V. Tulinius: Eg er þakklátur h. fjárlaganefnd fyrir það, að hún samkvæmt uppástungu minni hefir lagt það til, að nokkuð fé verði veitt á fjárlögunum til flutningabrautar á Fagradal. Þótt þessi fjárveiting sé ekki stór, þá vona eg samt, að hún verði nóg til þess að byrja með og að hún verði riflegri á næsta þingi, þegar Eyjafjarðarflutningbrautin er frá. Ef menn spyrja um ástæðuna til þess, að flutningabraut verði lögð á Fagradal, þá get eg sagt, að það er meiri ástæða til akbrautar þar en annars staðar á landinu. Eg skal leyfa mér að lýsa því í fáum orðum, hverjar eru helztu ástæðurnar til þess, að flutningabraut verði lögð þar. Af því að eg geng út frá því, að sumir af h. þingdm. séu ekki kunnugir þar eystra, þá skal eg í fám orðum leyfa mér að lýsa því, hvernig landslagi er þar háttað. Eins og menn vita, eru afarhá fjöll milli fjarðanna og héraðanna þar

eystra, og enginn vegur til, nema yfir há fjöll milli fjarðanna og héraðanna nema leið yfir Fagradal. Þessi vegur er af náttúrunnar hendi svo útbúinn, að hann skarar fram úr flestum akbrautarvegastæðum, þar sem hann liggur á hentugasta stað; milli Reyðarfjarðar og Lagarfljóts. Reyðarfjörður er miðpunkt ur Austurlandsins, hinn langstærsti og fiskisælasti fjörðurinn á Austfjörðum. Þar er ágæt innsigling og fyrirtaks höfn og því gott fyrir skip að leita þar til hafnar. Eg þykist þekkja þessa höfn fult eins vel, eins og aðrir og tala því hér af reynslu; eg skal enn fremur geta þess, að t. d. kapt. Hovgaard álítur þessa innsiglingu eina af þeim, sem bezt er að leita til á á Austfjörðum. Í miðjum Reyðarfirði er djúp renna í sjávarbotninum 70—100 faðma djúp. sem nær 10 mílur út til hafs og byrjar langt inn í firði.

Ef skip lenda í þoku þar fyrir framan, þá þurfa þau ekki annað en lóða sig fram með ströndinni og geta þau svo haldið þessa rennu alla leið inn undir Hólma í Reyðarfirði. Fyrir utan fjörðinn er hólmi, sem kallaður er Skrúður, og er hið bezta sjómerki; auk þess leita öll skip lands við Gerpi, þegar þau koma úr hafi og er þá Reyðarfjörður fyrsti fjörðurinn fyrir þau til að leita sér hafnar. Vegurinn gegnum Fagradal frá Reyðarfirði liggur að Eigilsstöðum, sem er miðdepill héraðsins og eru þaðan $3^3/_4$ mílur upp í Lagarfljótsbotn og $3^3/_4$ mílur út að fossi. Eitt meðal annars, sem mælir með því, að leggja flutningabraut á þessum stað, er einmitt Lagarfljót, sem rennur gegnum eitt af stærstu og auðugustu héruðum landsins. Fagridalur er alveg sléttur, á honum er enginn bratti, er teljandi sé, og hefi eg því til sönnunar sýnt myndir af allri leiðinni. Þar er því ágætt vegarstæði og efni er þar gott alstaðar við hendina. Einn kost hefir Fagridalur fram yfir alla aðra staði til slíkrar brautarlagningar, sem sé þannig að hann er auður 5—6 mánuði af árinu þegar illa árar og síðastliðið ár frá því í maí og þangað til nú hefir ekki fallið þar svo mikill snjór, að akbraut hefði ekki staðið upp úr honum, en þetta er einmitt helzta skilyrði fyrir því, að hægt verði að nota vegarstæðið sem lengstan tíma ársins.
Eins og nú er ástatt, eru bændur neyddir til þess að flytja allar nauðsynjavörur sínar um hásléttinn. Ef akbraut yrði lögð á Fagradal þá mundu Egilsstaðir verða aðalverzlunarstaður fyrir Héraðið, kaupmenn mundu flytja þungavöruna þangað, en bændur þaðan á prömmum og bátum upp í fljóts botn og ofan að fossi og þaðan á vögnum út alt hérað. Brattinn Reyðarfjarðarmegin er svo lítill, að hann er sama sem ekkert eða 1 : 15 eða $^1/_3$ minni halli en á Bakarastígnum í Reykjavík.

Ef akbraut yrði lögð á Fagradal, þá mundi, eins og eg tók fram áðan, aðalverzlunarstaðurinn verða á Egilsstöðum. Þetta gæti haft þá þýðing fyrir bændur, að þeir gætu sparað hesta sína og að miklu leyti þyrftu ekki að nota annað en fljótið til allra flutninga, og mundi það verða þeim miklu ódýrara. Þá væri líka hægt að flytja kol upp að Egilsstöðum, og þá gætu menn brent þeim í staðinn fyrir að brenna taði og öðrum áburði. Að því er enn fremur vegarstæðið snertir, þá er því svo háttað, að hvergi er hætt við áföllum af skriðum eða snjóflóði. Eins og kunnugt er, hefir efnið í Lagarfljótsbrúna síðastliðinn vetur verið flutt um Fagradal, þar á meðal 50 st. járn, 14—1500 pd. þung, og 24 álna löng tré; þeir menn, sem unnu að þessu, bygðu sér kofa í dalnum og lágu þar við allan veturinn. Sá, sem stóð fyrir verkinu, hélt dagbók yfir, hvernig viðraði þar í dalnum, og athugaði, hvort nokkur hætta væri þar af skriðufalli, og komst hann þá að raun um, að svo var alls ekki. Dagbók þessi

sýnir, að í vetur voru 7 vinnudagar fleiri í Fagradal en í bygðinni.

Þetta sýnir, að Fagridalur rennur fult svo snemma sem bygðin. Það er hvergi meðfram fjörðum eins slétt vegarstæði fyrir akbraut, eins og á Fagradal. Eg vona þess vegna, að h. deild samþykki uppástungu nefndarinnar um þessa fjárveitingu.

Julius Havsteen: H. framsm. (Kr. J.) lýsti því yfir, að breyt.till. mínar hefðu eigi fundið náð fyrir augum h. fjárlagan.; en ástæðurnar, sem hann færði fyrir því, voru sama sem engar. Þær voru helzt fólgnar í „oss sýndist“ svo og „fjárlaganefnd efri deildar sýndist svo“ o. s. frv.

H. framsm. (Kr. J.) heldur, að það sé ekki vert að leggja of mikið til kola og eldsneytis og ljósmetis, af því að hann var hræddur um, að vér mundum þá sýna eyðslusemi og brúka of mikið. Það er undarleg kenning þetta. Eg hélt, að það væri sá bezti búskapur að hafa nóg.

Eg skal taka til dæmis hey, ef menn ekki hafa nóg hey að haustinu til, þá fá þeir að kenna á því á næsta vori, ef þeir hafa ekki byrgt sig upp með því að sumrinu til. Alveg eins er því varið með kol. Að vísu gat h. framsm. (Kr. J.) þess til, að þau mundu lækka í verði, en hann veit ekkert um það; en það veit hann, að þau verða dýrari, þegar líður á veturinn. Alveg það sama er að segja um steinolíu. Það er hyggilegast bæði fyrir prívatmenn og stofnanir að hafa nóg af henni, en þurfa ekki að kaupa hana, þegar verst gegnir.

Svo kemur ræstingin.

H. framsm. (Kr. J.) tekur ekkert tillit til þess, þótt eg hafi sýnt fram á, að hún kostaði yfir 700 kr. 1899. Það er eigi svo hægt, að fá kvennfólk til þess að þvo föt af holdsveikum mönnum og það er alls eigi óeðlilegt, þó heimtað sé hærra kaup fyrir þann þvott, en venjulegan þvott; þess vegna furðar mig stórlega á því, að nefndin skuli ekki taka þessa tillögu mína til greina. Eg felst heldur á þá útskýringu hans, hvers vegna nefndin hefði eigi séð sér fært, að taka tillit til brt. minnar við liðinn o um ýmisleg útgjöld. Það á líka að vera eyðslusemi að byggja almennilegt og sæmilegt geymsluhús fyrir 4000 kr., og í þess stað á að byggja skúr fyrir 1500 kr. Það er alls ekki meiningin, að spítalanefndin ætlist til, að bygt sé neitt útskorið skrauthýsi, en oss finst ekkert leiðinlegra, en þessir járnskúrar, sem mundi taka sig mjög illa út við hliðina á jafnfallegri byggingu, sem holdsveikraspítalanum. Eg held þess vegna, að það færi bezt á því að hnýta eigi slíkum járnskúr við þessa stofnun, enda mun slíkt ekki tíðkast annars staðar. Það mundi mælast illa fyrir, ef fjárveitingarvaldið færi að draga úr nauðsynlegum tillögum til þessarar stofnunar.

Magnús Andrésson: Hæstv. landsh. sagði, að ef það hefði verið meining landstjórnarinnar að láta rannsaka veginn frá Borgarnesi að Hábrekkum, til þess að leggja þar flutningabraut, þá mundi Erl. Zakaríasson ekki hafa verið sendur, til að gera það, heldur verkfræðingurinn. En gagnvart þessu skal eg leyfa mér að taka það fram, að það var einmitt verkfræðingurinn, sem fór þangað uppeftir einhvern tíma áður, til þess meðal annars að að aðgæta þetta, sérstaklega, hvar væru helzt brúarstæði á ám. Sýslunefndin í Mýrasýslu hafði og, eins og eg áður gat um, oft látið í ljósi þá ósk, að brautarstæðið yrði ákveðið og mælt út, og er útmælingin ef til vill af þeim toga spunnin; en hvort það kom til amtsráðsins, er mér ekki kunnugt um.

Guttormur Vigfússon: Eg á fáeinar breyt.till. við þennan kafla fjárlaganna, og vildi eg leyfa mér að fara um þær fáum orðum. Hin fyrsta þeirra er við 11. gr. 3, að sá töluliður með athugasemd falli burt, nefnilega styrkurinn fyrir

2 læknisferðir á ári til Öræfinga. Þetta er auðvitað lítil og óveruleg fjárupphæð, en samt sýndist mér rétt að minna á hana með fáum orðum. Eg hygg, að upphæð þessi hafi fyrst verið veitt á þinginu 1895, enda var þá fleiri læknum veittur sams konar smáferðastyrkur, styrkurinn var þá bundinn þessu sama skilyrði sem nú, en eg veit ekki til, að þingið hafi fengið að vita, hvort þessu skilyrði hefir verið fullnægt, og svo mikið er víst, að hlutaðeigandi læknir hefir víst aldrei sótt um hann; eg álít, að þingið eigi helzt ekki að veita hann, nema eftir beiðni manns sjálfs, og að ekki sé ástæða til, að veita hann þegjandi ár eftir ár, sízt nema vissa sé fyrir, að unnið se fyrir honum. Nú hafa, eins og vér vitum, læknalögin verið samin, síðan þetta ákvæði var sett í fjárlögin, og þó var umdæminu eigi ætluð nema 1500 kr. laun; en með þessari fjárveitingu 150 kr. er því ætluð 1650 kr. upphæð. Nú vildi eg mega spyrja, er þetta persónuleg uppbót fyrir þennan mann, sem hér á hlut að máli og er ekki meiningin að hver sá, sem síðar gegnir þessu embætti, skuli fá þennan ferðastyrk? En þá sýnist mér, að réttast væri að hækka laun embættisins, en ekki láta það standa, eins og bitling á fjárlögunum ár eftir ár. Það er ekki af því, að mér sé það neitt kappsmál að fella burt þennan lið, að eg hefi komið með breyt.till, en mér finst rétt, ef þessi uppbót á að vera persónuleg launaviðbót fyrir hlutaðeigandi lækni, að hann þá að minsta kosti gefi skýrslu um, að hann hafi farið þessar tvær ferðir til Öræfanna; en eg man ekki til, að nein þvílík skýrsla frá hlutaðeigandi embættismanni hafi nokkurn tíma legið fyrir þinginu 3 síðustu árin.

Þá er önnur breytingartillaga við 12. gr. B A, að á eftir tölul. 7 komi nýr liður, er verði 8. liður, „til brúargerðar á Lagarfljót, auk áður veittrar upphæðar fyrra árið 15,000 krónur". Meining mín var, að fé væri veitt alt að þessari upphæð, en ekki fast ákveðið. Þetta er aðallega bygt á áætlun verkfræðings landsins. Brúargerð þessi hefir yfir höfuð farið mjög slysalega af ýmsum ástæðum og margt orðið dýrara fyrir brúna, en ráð var fyrir gert. Svo var hún ofan á alt saman 50 metrum of stutt, þegar til kom. Verkfræðingur hefir áætlað, að lenging brúarinnar myndi ekki kosta minna en 8000 krónur. Oss Múlasýslubúum sýndist, að réttast væri að setja þetta nú þegar inn á fjárlögin og þar sem vissa er fyrir, að féð þurfi að brúka og verði brúkað á þessu fjárhagstímabili, þá virðist réttara að veita það nú strax, heldur en bíða með það til aukafjárveitingar. Vér höfum í höndum glögga áætlun verkfræðings, sem nú er nýkominn að austan og þekkir manna bezt allar ástæður. Fleira hefi eg svo ekki að athuga við þennan kafla, en eg vildi leyfa mér að minnast á eina tillögu nefndarinnar við 12. gr. A í frumv. Nefndin leggur til, að athugasemdin: „þar af 1000 kr. til O. Wathnes Arvinger" o. s. frv. falli burt. Nefndin ræður til að láta upphæðina standa, en ekki ákveðið neitt nánar um, hvernig því fé skyldi verja. Bænin um fjárveiting þessa mun vera komin frá austfjörðunum, sérstaklega Seyðisfirði. Það hafa oft heyrst kvartanir yfir því eystra og það með rökum, hversu það er óþægilegt, að þurfa að senda öll peninga- og ábyrgðarbréf, sem eiga að fara til útlanda með póstum yfir land til Reykjavíkur og sömuleiðis, að allar peningasendingar og ábyrgðarbréf frá útlöndum verða að ganga í gegnum Reykjavík, og þaðan yfir land austur. Eins og kunnugt er, eru skipaferðir mjög tíðar meiri hluta ársins milli Seyðisfjarðar og útlanda, en þessi skip flytja ekki peningasendingar eða ábyrgðarbréf, og út af því mun þetta tilboð vera komið frá O. Wathnes Arvinger um að taka að sér flutning slíkra

sendinga gegn þóknun, og vil eg mæla með, að athugasemdin sé látin standa óbreytt á fjárlögunum, þar sem varla er um önnur skip að tala, er gangi eftir vissri áætlun vetur og sumar milli Austur- og Norðurlandsins og þaðan til útlanda. Eg hygg því, að það sé misráðið að breyta þessu og það bæti yfir höfuð ekkert úr skák. Þá vildi eg minnast lítið á br.till. frá háttv. 2. kgk. þm. (H. Sv.) á þingsk. 553 við breyt.till. nefndarinnar. Hann vill breyta athugasemdinni: „Til vegagerðar á Hellisheiði í Múlasýslum" þannig, að í staðinn komi: Til vegagerðar á sýsluveginum frá Fossvöllum norður á Brekknaheiði í Norðurmúlasýslu". Þessi tillaga fer í sömu átt og sýslunefndin í N.-Múl. ákvað á fundi sínum í vor, nfl. að leggja fé til vegarins alla leið; ef veginn hefði að eins átt að leggja yfir Hellisheiði eina, þá hefði það verið lítil meining, þar sem hún er stuttur fjallvegur á þessum vegarkafla. Eg fellst algerlega á þessa br.till., og vil leyfa mér að mæla með því, að hún verði samþ.

Ólafur Ólafsson: Það er breytill. frá háttv. 2. þm. S.-Múl. (G. V.) á þskj. 549, sem knýr mig til þess að standa upp. Hún er við 11. gr. frumv., og fer fram á það, að töluliður 3. í téðri grein með athugasemdinni falli furt. Hann gat þess, án þess að gera grein fyrir, að liður þessi hefði komist þegjandi inn á fjárlögin fyrir 6 árum. Eg skil það varla, að hann hafi aldrei heyrt orð um það, hvernig og hvenær þetta komst á. Það hefir kostað orð og þau mörg, þó að h. 2. þm. S.-Múl. hafi ekki heyrt þau. Hann vill þá draga það í efa, að þessum skilyrðum, sem farið er fram á í athugasemdinni, hafi alt af verið fullnægt. Þess er eg fullviss, að þeim hefir alt af verið fullnægt. Ferðirnar hafa verið auglýstar, og dreg eg engan efa á, að hlutaðeigandi læknir uppfylli þetta skilyrði. Það er heldur ekki meiningin, að þessi styrkur sé veittur vegna læknisins eða það sé hann sjálfur, sem fyrir þessu standi. Það er að eins gert fyrir Öræfinga. Eg vildi því leyfa mér að skýra málið, þar sem eg sé að menn skilja það ekki rétt og vita ekki, hvernig í öllu liggur. Menn vita það þó líklega, að Öræfin eru eitthvert hið allraeinmanalegasta hérað á öllu landinu. Sitt hvoru megin við þessa sveit liggja tvær stærstu eyðimerkur landsins, Skeiðarársandur að vestan og Breiðamerkursandur að austan. Á þessum eyðimörkum til beggja handa eru svo þar á ofan verstu vatnsföllin austanlands. Á Skeiðarársandi er Skeiðará og á Breiðamerkursandi er Jökulsá. Er því ekki nema um annað hvort að gera, að fara vestur yfir Seiðará og Núpsvötn og vestur á Síðu, eða þá austur yfir Jökulsá á Breiðarmerkursandi og Hornafjarðarfljót austur í Neshrepp, ef lækni þarf að ná. Af þessu geta menn séð, að það er ekki í mörg hús að venda fyrir Öræfinga og eg held því, að mér sé óhætt að segja, að það sé einmanalegasta hérað landsins. Eg er reyndar ekki svo vel kunnugur, að eg geti sagt um, hvernig er norður á ströndum, en þó hygg eg, að þar sé ekki eins afskekkt og einangrað, að minnsta kosti eru þar ekki vatnsföllin, en sem eru báðum megin við Öræfin. Það er svo áætlað, að læknirinn fari þangað tvær ferðir á ári og eru sérstaklega áætlaðar fyrir það 150 kr. Eftir því sem eg þekki til, þá hygg eg, ef nokkuð er réttlátt, þá sé þetta réttlátt og sanngjarnt. Eg get ekki skilið, að menn geti farið að gera svo lítið úr sér að svifta þessa litlu einmanasveit þessari hjálp. Það væri líkt með þetta, eins og ef Vestmanneyingar ættu að sækja lækni upp að Stórólfshvoli, og vildi eg þó heldur fara þá leið, oft og tíðum. en úr Öræfum og austur í Neshrepp. Eg skal játa það, að fjárhagurinn þyldi, að þetta sandkorn væri sparað, en það þarf enginn að ætlast til, að Öræfingar fái læknirinn kostnaðarlaust yfir þennan

veg. Þeir, sem ekkert þekkja til, geta sagt sitt af hverju um þetta, en háttv. 2. þm. S.-Múl. (G. V.) þekkir þó dálitið til, og skil eg þess vegna ekkert í, að hann skuli telja þetta eftir. Eg leyfi mér því að vænta þess, að breyt.till. 2. þm. S.-Múl. (G. V.) verði feld, því að eg tek það fram einu sinni enn, að þetta er ekki gert læknisins vegna, heldur vegna héraðsbúa, (Öræfinga).

Framsögumaður (Kristján Jónson): Mér fannst háttv. 1. kgk. (J. H.) taka nokkuð strangt og óstint till. þær, út af breyttill. hans, sem eg hefi komið fram með fyrir nefndarinnar hönd, og samþ. voru á fundi hennar í morgun. Oss hefir fundist nægilegt fé lagt til holdsveikraspítalans og hyggjum, að ekki muni þurfa meira. En ef svo fer, að spítalinn þarf á meira að halda, þá mun varla vera hætt við, að það verði ekki útvegað og lagt til bæði kol og ljósmeti. Eg skal geta þess, að vér munum geta verið með einum liðnum í breyt till. hans á þskj. 533 stafl. i, að í stað 600 — 600 komi: 800 — 800 fyrir þvott og ræsting. Eg segi fyrir mitt leyti, að eg er með þessari breyt.till., eftir að eg hefi heyrt ástæður hins háttv. flutnm. (J. H.) fyrir henni.

Að því er snertir breyt.till. hins háttv. 2. þm. S.-Múl. (G. V.) á þskj. 572 við 12. gr. frv. B. A., að á eftir 7. lið komi nýr liður um fjárveiting til Lagarfljótsbrúarinnar, skal eg taka það fram, að nefndin er algerlega á móti því framlagi að þessu sinni. Eftir því sem það mál liggur nú fyrir, og að svo miklu leyti sem þinginu er kunnugt um framkvæmdir þær, sem orðið hafa í sumar á Lagarfljótsbrúarmálinu, þá held eg, að ekki sé ástæða til að veita stórum aukin útgjöld til þessa stór-fyrirtækis að þessu sinni. Reyndar kvað nú vera hætt við brúargerðina í sumar, en það virðist hafa verið mesta ólag á öllum framkvæmdum í málinu, það sem af er; það er eigi heldur enn full-ljóst, að minnsta kosti eigi hér á þinginu, hvað til þess hafi komið, að það varð að hætta við brúarstarfið í sumar; eg held, að landsstjórninni sjálfri sje eigi enn fullkunnugt um það; að minsta kosti var það að heyra á orðum hæstv. landsh. fyrir skemstu í Nd., er hann þar var spurður um málið. Þetta mál þarf því vafalaust að rannsakast betur, og ætti að fresta því að sinni, en undirbúa það rækilega, áður en þingið af nýju leggur mikil fjárframlög til fyrirtækisins. Eg hygg því bezt, að láta sitja við svo búið, og verð samkæmt því að mótmæla breyt.till.

Þá er önnur breyt.till. frá sama háttv. þm. (G. V.) á þskj. 549 við 11. gr. frv., að 3. tölul. þessar gr. með athugasemd falli burt. Háttv. þm. A.-Sk. (Ó. Ó.) hefir mótmælt þessari breyt.till., og rökstutt mótmæli sín ítarlega. Nefndin álítur það eigi rétt, að fella þennan lið burt, sem um all-langt árabil hefir staðið á fjárlögunum. Eins og háttv. þm. A.-Sk. (Ó. Ó.) tók fram, þá er þessi fjárveiting ekki sett vegna læknisins, heldur vegna Öræfinga. Mér virðist eigi ástæða til að þrátta um það mál, en eg verð að láta í ljósi, að mér fyrir mitt leyti virðist, að eigi hafi verið sýnd nægileg rök fyrir því, að rétt sé, að fella fjárveitinguna niður.

Að því er snertir flutningabrautina frá Borgarnesi að Hábrekkum, og fjárveiting til hennar, þá mun nefndin taka það mál til nýrrar yfirvegunar, eftir bendingum þeim, sem fram hafa komið frá hæstv. landsh. —

Hallgrímur Sveinsson: Eg vildi gera grein fyrir breyt.till. þeim, sem eg hefi komið með í þessu máli, og ástæðum mínum til þeirra. Hinn háttv. framsm. hefir nú reyndar vikið að öllu sem að þessu lýtur, og sömuleiðis hefir hann vikið að því, að nefndin væri hlynt sumum þessum breytingum. Háttv. 2 þm. S.-Múl. (G. V.) hefir gefið skýringar við ýmislegt, sem sízt hefir verið vikið að. Hafa þeir báðir ver-

ið þessum breytingum hlyntir og vona eg því, að eins muni hin háttv. deild gera það. Leyfi eg mér að benda á ræður þessara tveggja háttv. þm. og hygg, að það muni nægja til skýringar máli mínu, þar sem mér veitir næsta örðugt að tala eins og hinir háttv. deildarm. heyra. Að því er vegagerðina á Hellisheiði snertir, þá virðist mér betur fara, að leggja eigi styrkinn eingöngu til þess vegarkafla, heldur til sýsluvegarins í heild sinni, sem þessi heiði er einn kafli af. Þetta er einnig ósk sýslunefndarinnar, og virðist mér ástæða fyrir þingið að taka hana til greina. Getur þá og sýslunefndin notað féð, eins og henni þykir haganlegast. Það er líka töluvert unnið við það, að þessi ákveðna fjárveiting geti komið að notum á löngu svæði, og alt norður að N.-Múlas. Eg hefi líka farið fram á, að lækkað verði tillagið til vegarins á Fagradal úr 8000 niður í 6000 kr. Það munar 2000 kr. og er það ekki mikið. Hæstv. landsh. gat um, að féð væri of lítið, en þegar um stóra vegagerð er að ræða, þá er ekki að búast við að fá lagt til hennar á einu fjárhagstímabili nema nokkurn hluta kostnaðarins. Hér er um byrjun að ræða, en engin ástæða er til að ætla, að á næstu þingum verði sama litla upphæð veitt, svo að verkið dragist alt að 24 árum, eins og hæstv. landsh. veik að. Eg er þvert á móti, sannfærður um, að upphæðirnar verða síðar stærri, og að ef þingið vill koma veginum á, þá muni tveggja ára tillagið síðar ekki vera 6000 kr., heldur tvöfalt eða þrefalt meira. Það er nauðsynlegt, að bæta við annað vegafé í þessum sýslum og þótti mér þá hagfeldara í þessu efni að draga af Fagradal í þetta sinn, til þess að vegaféð í heild sinni þyrfti ekki að hækka. Eg leyfi mér svo að vona, að háttv. deild gefi þessum tillögum atkv. sitt.

Guttormur Vigfússon: Það er fjarri mér, að eg vilji gera Öræfingum ógreiða í nokkuru tilliti eða óleik með þessum breyt.till. mínum. Eg get aldrei skilið, að þessi ferð læknisins tvisvar á ári hafi sérstaklega mikla eða verulega þýðingu. Eg væri ekkert á móti því, að styrkur þessi væri jafnvel hærri, ef eg vissi, að hann gæti komið að verulegum notum. Eg hygg því, að réttast væri, að upphæð þessi væri greidd til fátæklinga í hreppnum til þess að létta undir með þeim að sækja læknirinn, þegar þeim liggur á, en það liggur í augum uppi, að oft þarf að sækja lækni á öðrum tímum ársins, en þegar læknirinn er á ferðinni, og verður þá dýrt fyrir þá, sem fátækir eru, að vitja hans, en fyrir það er engan veginn girt með þessu, því að það eru alt af fleiri og færri, sem þurfa að vitja læknisins austur, þrátt fyrir þessar vitjunarferðir. Það, sem eg því óttast mest, er, að Öræfingum komi þessi styrkur ekki að neinum notum. *(Ólafur Ólafsson:* Miklum notum.) Það getur orðið að notum með langvarandi sjúkdóma, en hvernig fer með hastarlega sjúkdóma, sem upp á geta komið? þá getur það einmitt orðið tilfinnanlega erfitt fyrir fátæklinga að vitja læknisins austur í Nes. Eg tek það fram, að eg sé ekkert eftir þessum kr., ef eg vissi, að þær næðu tilganginum, eg skyldi vera fyrsti maður, sem greiddi atkvæði með því, að varið sé 300 til 400 kr. handa Öræfingum, sem þeim gæti orðið gagn að verulega, og efnalegur sparnaður að einhverju leyti.

Að því er till. mína snertir gagnvart Lagarfljótsbrúnni, þá var hinn háttv. 3. kgk. (Kr. J.) á móti því. En eg veit vel, að þó þessi fjárveiting verði ekki í þetta sinn sett á fjárlögin, þá hlýtur hún að koma fyrir á árinu, þá sem aukafjárveiting, ef ekki öðruvísi. Eg hefi í höndum áætlun um kostnað þennan, en eg veit ekki, hvort 3. kgk. þm. (Kr. J.) hefir séð

þessa áætlun eða kynt sér hana, því að mér barst hún ekki fyr en rétt nýlega.

Julius Havsteen: Eg vildi að eins leyfa mér að gera þá stuttu athugasemd viðvíkjandi tillögu minni um laun hjúkrunarkonunnar á holdsveikraspítalanum, að nefndin hefir eigi haft fyrir sér bréf frá Petrus Bejer þessu viðvíkjandi, né heldur bréf stjórnarnefndarinnar, hvað eg verð að furða mig mjög á, en hefði svo verið, þá er eg viss um, að nefndin hefði komist að annari niðurstöðu. Það er mjög leiðinlegt, ef ósk P. Bejers í þessu tilliti eigi verður tekin til greina.

Framsögumaður (Kristján Jónsson): Það eru að vísu ekki öll skjöl lesin, sem koma til þingsins, snertandi öll mál þau, sem til meðferðar eru; til þess leyfðist nefndinni enginn tími, en hún hafði hins vegar næga þekkingu á þessu máli og kunnugleika um það, þótt hún sæi eigi bréf Beyers, og þurfti því eigi frekari upplýsinga um það, en hún þegar hafði fengið.

Eg hef ekki sannfærst um það, af ástæðum þeim, sem fram hafa verið færðar, að nefndin eigi í þessu efni að víkja út af þeirri leið, sem hún álítur vera hina einu réttu; hún álítur enn nægilegt og viðunanlegt, að veita það fé, sem hún hefir lagt til í þessu efni. Annars skal eg í þessu sambandi leyfa mér að benda á, að holdsveikraspítalinn hefir í sumar reynst okkur „voðagripur"; hann hefir sem sé unnið það ódæði, að hann hefir drepið landsspítalann. Það er alkunnugt, að það var hræðsla við væntanlegan kostnað við spítalann, sem hamlaði þingmönnum í Nd. frá að samþykkja stofnun hans, og höfðu þeir þar einmitt fyrir augum hinn sívaxandi kostnað við holdsveikraspítalann. Þeim miklaðist svo þessi kostnaður, að þeir árædtu eigi að leggja á landssjóðinn kostnað við almennan spítala landsins. Háttv. Nd. var fús á að veita fé til spítalabyggingar, ef ekki hefði verið í vændum þessi voðakostnaður af viðhaldinu; og þetta er bein afleiðing af holdsveikraspítalanum. Annars er ekki til neins að vera að munnhöggvast um þetta; þetta er álit mitt á þessu máli og eg held einnig nefndarinnar yfirleitt, og hefi eg leitast við að rökstyðja þetta álit með ýmsum athugasemdum og skýringum. En að öðru leyti stóð eg upp nú, til að lýsa því yfir, að nefndin mun gefa br.till. á þskj. 553 um ráðstöfun vegafjár í Múlasýslu atkvæði sitt, og verði hún samþykt, mun nefndin taka aftur þær tillögur sínar í nefndarálitinu, er snerta vegina í báðum Múlasýslum. Þá býst eg við, að búið sé að ræða þenna kafla til fullnustu.

Landshöfðingi: Eg vildi að eins leyfa mér að gera stutta athugasemd út af launum hjúkrunarkonunnar við holdsveikraspítalann. Þeir af háttv. þm., sem voru á þinginu 1897, muna sjálfsagt, hversu mikil „Begejstring" var þá hjá mönnum yfir þessari stofnun, og hversu mikið menn þá vildu leggja í sölurnar, til þess að hún gæti komið landinu að notum. Þá var það skilyrði sett, að ef landið fengi spítalann að gjöf, þá skyldi stórsir Oddfellow-reglunnar, Dr. P, Beyer, hafa rétt til að skipa hjúkrunarkonu við spítalann, og var honum þá jafnframt gefið loforð um, að henni skyldi verða svo sómasamlega launað, að hún vel gæti unað við það. Þetta var álitið sjálfsagt þá og enginn mælti á móti því, að stórsírinu fengi leyfi til, að skipa þá hjúkrunarkonu, sem hann vildi, og að hún fengi þau laun, sem henni og stórsírnum þættu viðunanleg. En nú var fjárlaganefnd Nd. í sumar skýrt frá, að hjúkrunarkonan færi burt frá spítalanum, ef hún ekki fengi 1000 kr. laun; og það finst mér 1 ka vera mjög skiljanlegt og sjálfsagt, þar sem hún hefir svo mikið saman við holdsveika að sælda, að hún verður að leggja dálítið til hliðar til ellinnar, þar sem hún ekki hefir von um

Pension, en hættan fyrir að smittast vofir yfir henni.

Ef þessi kona skyldi nú verða fyrir því böli á besta aldri að smittast af þessari veiki. þá er skiljanlegt, að hún vilji hafa svo góð kjör, að hún gæti lagt svo mikið frá, að hún gæti staðið straum af sér ef sú ógæfa bæri að höndum. Af þessum ástæðum hefir fjárlaganefnd Nd. lagt það til, og Nd. samþykt að veita hjúkrunarkonu holdsveikraspítalans, sem er stöðugt yfir þessum sjúklingum, hærri laun en öðru fólki í líkri stöðu. — Það hefir komið ljóst fram bæði hér í deildinni og í háttv. Nd. að mönnum blöskrar kostnaðurinn við holdsveikraspítalann. Hverjum er það að kenna? Engum nema alþingi sjálfu. Á þinginu 1897 var það uppástunga stjórnarinnar, að nokkuð af kostnaðinum við spítalann yrði greitt af þeim holdsveiku mönnum, er nytu þar hjúkrunar, eða af sveitarfélögum þeirra. Þá var „Begejstringen“ svo mikil fyrir þessari stofnun í þinginu, að það var álitið sjálfsagt, að landið legði ríflega af mörkum til hennar, og að allur kostnaður við hana væri borgaður úr landssjóði, en nú þegar „Begejstringen“ er farin að kólna, þá þykir mönnum þessi stofnun vera nokkuð dýr og vilja gjarnan klípa nokkuð af. Það er ekki stjórninni að kenna, að kostnaðurinn er svo mikill; en sú skuldbinding, sem eitt þing tekur á sig, verður að ganga yfir á hin eftirfarandi, og syndir hinna fyrri þinga verða að bitna á þeim þingum, sem á eftir koma.

ATKV.GR.

II. kafli.

Útgjöld.

8. gr. samþ. í e. hlj.

9. gr. samþ. í e. hlj.

10. gr. A samþ. í e. hlj.

10. gr. B 1, samþ. í e. hlj.

Br.till. (540) við 10. gr. B 2 feld með 6 : 5 atkv.

10. gr. B 3—4 sþ. í e. hlj.

10. gr. C 1—6 sþ. í e. hlj.

Br.till. (540) við 10. gr. C 7 samþ. í e. hlj.

10. gr. C breytt samþ. í e. hlj.

11. gr. 1.—2. tölul. sþ. í e. hlj.

Br.till. (549) við 11. gr. tölul. 3 feld með 9 : 2 atkv.

11. gr. 4.—5. tölul. sþ. í e. hlj.

Br.till. (533) við 11. gr. 6 a feld með 7 : 4 atkv.

Br.till. (527) við 11. gr. 6 a samþ. með 7 : 4 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:

Ólafur Ólafsson,
Sigurður Jensson,
Eiríkur Briem,
Guðj. Guðlaugsson,
Gutt. Vigfússon,
Kristján Jónsson,
Magnús Andrésson.

Nei:

Axel Tulinius,
Hallgr. Sveinsson,
Jónas Jónassen,
Julius Havsteen.

11. gr. 6 b 1—2 samþ. í e. hlj.

11. gr. 6 c—d samþ. í e. hlj.

Br.till. (533) við 11. gr. 6 e feld með 6 : 4 atkv.

Br.till. (533) við 11. gr. 6 f feld með 7 : 4 atkv.

Br.till. (533) við 11. gr. 6 g feld með 7 : 2 atkv.

Br.till. (533) við 11. gr. 6 i sþ. með 8 atkv.

Br.till. (533) við 11. gr. 6 o feld með 7 : 3 atkv.

Br.till. (533) við 11. gr. 6 p feld með 9 : 2 atkv.

Br.till. (533) við 11. gr. 7—8 d samþ. með 10 atkv.

Br.till. (527) við 11. gr. 8 samþ. með 10 atkv.

Br.till. (534) við 11. gr. 9 feld með 5 : 6 að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:

Axel Tulinius,
Gutt. Vigfússon,
Hallgr. Sveinsson,
Jónas Jónassen,
Julius Havsteen,

Nei:

Ólafur Ólafsson,
Sigurður Jensson,
Eiríkur Briem,
Guðj. Guðlaugsson,
Kristján Jónsson,
Magnús Andrésson.

Br.till. (527) við 11. gr. samþ. í e. hlj.

11. gr. breytt með fyrirsögn sþ. með 10 atkv.

Br.till. (527) við 12. gr. A 2 sþ. með 8 : 2 atkv.

Br.till. (540) við 12. gr. A 4 c samþ. í e. hlj.

12. gr. A breytt samþ í e. hlj.

12. gr. B 1—2 samþ. í e. hlj.

1. Br.till. (527) við 12. gr. B 3 samþ. með 9 atkv.

2. Br.till. (527) við 12 gr. B 3 tekin aftur.

Br.till. (553) við 12. gr. B 3 samþ. með 8 atkv.

3. br.till. (527) við 12. gr. B 3 sþ. með 8 atkv.

4. Br.till. (527) við 12. gr. B 3 sþ. í e. hlj.

1. Br.till. (527) við 12. gr. B 4 samþ. með 8 atkv.

2. Br.till. (527) við 12. gr. B 4 sþ. með 8 atkv.

Br.till. (539) við 12. gr. B 4 samþ í e. hljóði.

3. Br.till. (527) við 12. gr. B 4 þar með fallin.

4. Br.till. (527) við 12. gr. B 4 sþ. í e. hljóði.

5. Br.tili. (527) við 12. gr. B 4 samþ. með 10 atkv.

6. Br.till. (527) við 12. gr. B 4 samþ. í e. hl.

7. Br.till. (527) við 12. gr. B 4 samþ. með 9 atkv.

Br.till. (553) við 12. gr. B 4 samþ. í e. hl.

8. Br.till. (527) við 12. gr. B 4 þar með fallin.

Br.till. (539) við 12. gr. B 4 samþ. með 10 atkv.

9. Br.till. (527) við 12. gr. B 4 þar með fallin.

10. Brtill. (527) við 12. gr. B 4 sþ. í e. hlj.

Brtill. (539) við 12. gr. B 5 feld með 7 : 3 atkv.

12. gr. B 5 sþ. i e. hlj.

1. Brtill. (527) við 12. gr. B 6 sþ. í e. hlj.

Brtilll. (553) við 12. gr. B 6 sþ. með 10 atkv.

2. Brtill. (527) við 12. gr. B 6 (upphæðin) sþ. í e. hlj.

3—5 Brtill. (527) 12. gr. B 6 sþ. í e. hlj.

12. gr. B 7 sþ. með 10 atkv.

Brtill. (572) við 12. gr. B feld með 7 : 3 atkv.

12. gr. B breytt sþ. í e. hlj.

Brtill. (527) við 12. gr. C 2 b samþ. með 8 atkv.

Brtill. (527) við 12. gr. C 2 c sþ. með 9 atkv.

12. gr. C hreytt sþ. í e. hlj.

12. gr. D sþ. með 10 atkv.

Brtill (540) við 12. gr. E c 1 feld með 6 : 5 atkv.

Brtill. (527) við 12. gr. E b samþ. með 8 atkv.

12. gr. E breytt sþ. í e. hlj.

12. gr. í heild sinni sþ. í e. hlj.

Var þá tekinn til umr. útgjaldakaflinn, 13.—19. gr.

Kristján Jónsson: Eg skal þá leyfa

mér að skýra frá breytingartillögum nefndarinnar við þennan hluta fjárlaganna, og er þá fyrst til að taka, að vér leggjum til við 13. gr. A, b, 2., að Gufudalsprestakall sé tekið upp í athugasemdina með 300 kr. tillagi, sem vér álítum mjög sanngjarnt og mikla þörf fyrir, þar eð prestakallið er mjög fátækt; það hefur um undanfarin ár haft tillag af landssjóðsfé, en eigi nema um 150 kr., sem er alt of lítið, þegar litið er á allar ástæður. Aftur á móti hefur nefndin lagt til, að tillagið til Reynistaðarprestakalls sé fært niður um 100 kr., þar eð búast má við, að prestakall þetta fari óðum batnandi, að því er tekjur snertir, með því að verzlunarstaðurinn Sauðárkrókur er í miklum uppgangi, en hann er í prestakallinu. — Þá er næsta breyt.till. nefndarinnar við 13. gr. B IV. 3. um, að færður sé niður styrkurinn til aðgerðar á skólahúsinu á Möðruvöllum fyrra árið úr 2200 kr. niður í 1200 kr. Nefndin ætlar eigi ráðlegt, að ákveða hærri upphæð til þessa, þar eð því nú á síðari árum hefur verið alvarlega hreyft að flytja skólann frá Möðruvöllum til Akureyrar, enda hefir nú á þingi komið fram ákveðin tillaga um það í lagafrv, í Nd. Ef úr því yrði, væri það varhugavert, að verja miklu fé til þessarar aðgerðar, og leggur nefndin því til, að ekki sé varið meiru fé til hennar en bráðnauðsynlegt þykir í því skyni.

Þá er næsta breyt.till. við 13. gr. B. VI. a, 2. um að fyrir framan „til kenslu“ komi: „til sama“, nfl. til Kvennaskólans í Reykjavík, þar eð ætlast er til, að skóli þessi verði styrksins aðnjótandi; nefndin vill taka þetta skýrt fram, til að girða fyrir allan misskilning.

Þá er næsta breyt.till. nefndarinnar við 13. gr. B. VI. a. 5. um, að töluliðurinn falli burt. Nefndin treystir sér eigi til að leggja með því, að landsjóður styrki kvennaskóla Húnvetninga og Skagfirðinga með 4000 kr. aukreitis, fram yfir hið árlega tillag til skólans, einkum þar sem styrkur þessi líklega mundi verða til þess, að tálma því eða seinka fyrir því, að kvennaskólarnir á Norðurlandi yrðu sameinaðir, sem nefndin álítur að æskilegast væri.

Þá hefur nefndin lagt til við 13. gr. B, VI. i, að stafliðurinn falli burt. Það er styrkur til Magnúsar Einarssonar söngkennara; það er álit nefndarinnar, að landssjóður eigi ekki að svo komnu fjárhagsins vegna að styrkja slíka kenslu með fjárframlagi, nema á einum stað á landinu, sem sé í Reykjavík, en hér hefur um allmörg ár verið veittur styrkur af landsins fé til slíkrar kenslu, svo sem kunnugt er. Þykir mega una við það fyrst um sinn.

Þá er næst breyt.till. við 13. gr. B VI. m. um, að stafliðurinn falli burt. Hann er um styrk til unglingaskóla í Dalasýslu. Nefndin sér það eigi fært, að landssjóður fari að styrkja skólastofnun þessa, enda ber hún og kviðboga fyrir því, að skólinn verði sýslufélaginu of þung byrði og muni jafnvel koma því á kné, sem annars er mjög skuldugt, ef stofnunin á að vera svo úr garði gjörð, að hún geti heitið myndarleg; nefndinni virðist málið enn lítt undir búið og efast um, að skólastofnunin verði að tilætluðum notum, eða meira en nafnið tómt.

Þá er loks síðasta breyt.till. nefndarinnar við 13. gr. B VIII um, að fjárstyrkurinn til Stefáns Eirikssonar sé færður niður um 200 kr. hvort árið, þannig að honum verði veittar 1200 kr. fyrra árið og 800 kr. síðara árið, til að iðka tréskurð, sem hann er álitinn mikill meistari í, og halda uppi kenslu í teikningu o. s. frv. Oss þykir 800 kr. vera sæmileg upphæð í þessu skyni með 400 kr. uppbót fyrra árið og að varla sé ráðlegt að veita meira, þegar á fjárhaginn er litið. Þetta getur nú verið álitamál,

en fjárhagur landsins leyfir eigi að veita fé svo ört, að allir verði ánægðir.

Þá koma breyt.till. við 14. gr. og er þá fyrst 14. gr. A, 4. um að töluliðurinn falli burt. Það er styrkur til landsskjalasafnsins og landsbókasafnsins, til þess að gefa út heimildarrit að sögu Íslands. Nefndin álítur, að ef þörf væri á að gefa slíkt rit út, þá ætti Bókmentafélaginu að veitast styrkur til þess sem aðal-vísindafélagi landsins, enda hefur það áður gefið út rit, er lúta að sama efni. Vér könnumst eigi við, að landsskjalasafnið og landsbókasafnið séu stofnanir, sem ætlaðar séu til þess eða hentugar séu til þess, að gefa út vísindaleg rit: og vér vitum eigi til þess, að stjórn landsbókasafnsins sé þetta áhugamál. Svo má og líta á það, að margt annað er miklu nauðsynlegra nú en þetta fyrirtæki, þó það sé gott og gagnlegt í sjálfu sér.

Þá leggjum vér til, að af styrk þeim, sem Bókmentafélaginu er ætlaður í 14. gr. A. 5., séu aðeins 500 kr. bundn r því skilyrði, sem hnýtt er við fjárveitinguna; og er það samkvæmt því, sem er í núgildandi fjárlögum. Þá höfum vér lagt til, að styrkurinn til fornleifafélagsins 14. gr. A. 8 sé hækkaður um 100 kr. hvort árið og sömuleiðis, að orðin við liðinn „til útgáfu árbókar“ falli burt. Nefndin áleit, að rétt væri að hækka þennan styrk samkvæmt tillögu, er borin var fram af einum nefndarmanninum, með því að henni er kunnugt um, að félagið hefur í hyggju að leysa allmerkilegt verkefni af hendi bráðlega, sem sé að rannsaka forna hörga nýfundna norður í Þingeyjarsýslu, og þarf til þess eigi alllítið fé.

Þá leggur nefndin til við 14. gr. A. 14, að þessi töluliður falli burt. Það er [illegible] til Þorsteins Erlingssonar. [illegible] álitur eigi rétt að fjölga persónu[illegible] styrkveitingum fram yfir nauðsyn, [illegible] henni virðist eigi ástæða til að styrkja þennan mann, með því að hann er maður á bezta aldri og getur unnið sér brauð með penna sínum og hæfileikum; þá má og álíta það v rhugavert að setja slíkar styrkveitingar inn í fjárlögin, því að eigi er þá útlit fyrir annað, en að þær verði fastur útgjaldaliður ef irleiðis. Það er hægra að koma þessum gjöldum inn í fjárlögin, en að losna við þau síðar. Þá höfum vér lagt til, að á eftir 14. gr. A. 18 komi nýr töluliður svo hljóðandi: Styrkur til Biblíufélagsins til nýrrar þýðingar og útgáfu á ritum gamla testamenntisins 1000 kr. hvort árið.

Þetta höfum vér álitið ráðlegt, með því að ótilhlýðilegt er, að eiga ekki viðunanlega þýðingu af þessu stórmerkilega ritverki, — hvernig sem annars er á það litið, en það eigum vér ekki. Biblíufélagið, sem hefur þetta starf með höndum og er þegar byrjað á verkinu, er eigi svo efnum búið að það geti af eigin rammleik kostað það að öllu leyti. Að minsta kosti mundi það þá eyða öllum þeim sjóði, sem það nú á, og þó eigi duga til; en sjóðurinn er eftir tilgangi sínum þó ætlaður til annars og fleira en útgáfu á ritum gamla testamenntisins.

Þá leggjum við til, að töluliðurinn 14. gr. A 19. falli burt. Nefndinni þykir varhugavert, eins og eg áður hefi tekið fram, að setja slíkar styrkveitingar inn í fjárlögin, sem búast má við að verði að föstum útgjaldalið fyrir landssjóð, þó nefndin á hinn bóginn geti kannast við hæfileika þessa manns, Jóns Jónssonar, og viðurkenni það, að honum sé sýnt um að rita um þau efni, sem hér ræðir um. Þá verður nefndin að benda á það, að engin skylyrði eru sett fyrir styrkveitingunni, er tryggi það, að hún verði að tilætluðum notum, eða að styrkþegi verji honum, eins og ætlast er til, og svo að hann verði til eflingar mentun og vísindum á þessu landi. — Sömuleiðis leggjum vér til, að styrkur til Sighvatar Grímssonar 200 kr. fyrra árið, 14. gr. A 21, falli burt, af því

að oss er ókunnugt um hæfileika þessa manns til þess starfa, sem honum er ætlað að inna af hendi, þó vér efumst eigi um að hér sé um fróðleiksmann að ræða. Oss þykir það og ólíklegt, að þessi litli styrkur geti orðið til nokkurs verulegs gagns fyrir styrkþega, og enn síður að hann geti stutt svo vísindalega starfsemi hans, að hún verði að almennings-gagni. —

Þá er tillaga vor við 14. gr. A. 23, að upphæðin 1000 kr. síðara árið til Einars Jónssonar myndasmiðs falli burt. Hann hefir eigi sótt um meira en 2000—2400 kr., og það er honum veitt fyrir fyrra árið (2000 kr.), en oss þótti því óþarfi að veita honum meira en hann hefir beðið um.

Á eftir 14. gr. A. 23 hefir nefndin lagt til, að komi nýr töluliður sem sé styrkur til Halldórs Lárussonar, til að kenna hraðritun og semja kenslubækur í hraðritun, 400 kr. hvort árið. Vér lítum svo á, að styrkur sá, sem hann hefir fengið í þessu skyni og notið í 2 undanfarin ár, geti ekki komið að tilætluðum notum, nema því að eins, að hann fái að njóta styrksins að minsta kosti um 4 ára tíma, því að eins og kunnugt er, þarf mjög mikla æfingu og ástundun til þess að geta orðið vel fær í hraðritun. Vér hyggjum, að styrkur sá, sem þegar hefir verið veittur, muni sýna lítinn árangur, nema því að eins, að styrkveitingunni sé enn haldið áfram um 2 ár. —

Þá leggjum vér til við 14. gr. B. 1. c., að styrkurinn til Búnaðarfélagsins verði færður niður um 2000 þús. kr. Í stjórnarfrv. er farið fram á 7000 kr. og þykir oss það fullrífleg uppfærsla, að hækka upphæðina um 3000 kr. Má búast við, að félagið geti talsvert afrekað með 10000 kr. árlegum landssjóðsstyrk. — Hvorki í þessum né öðrum efnum þykir það rétt, að spenna bogann mjög hátt.

Við 14. gr. B. 1. f. leggjum vér til, að tölul. falli burt. Það er styrkurinn til Búnaðarfélagsins, til að undirbúa stofnun slátrunarhúss og kjötsölutilrauna í útlöndum. Vér álítum þetta mál eigi nægilega undirbúið, til þess að vér getum lagt með þessari styrkveitingu. Svo er og það, að Búnaðarfélagið hefir eigi beiðst eftir þessari fjárveitingu, og held eg megi fullyrða, að það girnist alls eigi að fá fé þetta til umráða og ráðstöfunar. Á hinn bóginn getur nefndin verið því meðmælt og álitið það æskilegt, að slíkt fyrirtæki kæmist á stofn, en hún hyggur, að heppilegra væri að styrkja einhvern einstakan framtakssaman og duglegan mann, til þess að koma fyrirtækinu í verk, eða þó sérstaklega veita einstökum manni styrk til þessa, ef hann þegar væri búinn að koma slíku fyrirtæki á einhvern rekspöl. Mætti við 3. umr. málsins koma með breyt.till. sem færi í þessa átt, að ákveða einstökum manni þenna styrk með nauðsynlegum tryggingar-skilyrðum.

Við 14. gr. B. 1. g. leggur nefndin það til, að styrkurinn til skóræktartilrauna sé færður upp úr 5000 í 6000 síðara árið, með því að hún álítur, að fyrirtæki sem þetta hafi stór-mikla þýðing fyrir land og lýð, eða að minsta kosti geti haft það, sé skynsamlega farið á stað, og fyrirtækið verði eigi látið veslast upp fyrir sakir féleysis. Eg álít, að ekkert hafi meiri þýðingu fyrir þetta land í framfaraáttina, en það, ef takast mætti að rækta hér og græða út skóg, og jafnframt, að halda við og rækta og hlynna að hinum litlu skógarleifum, sem enn eru eftir.

Þá er breyt.till. nefndarinnar við 14. gr. B. 1. j., um að liðurinn orðist þannig: „Til þess að varna skemdum á Örfirisey, fyrra árið alt að 4500 kr.

Bæjarstjórnin hefir skrifað nefndinni og boðist til að kaupa eyna, ef landssjóður léti bæta skemdir þær, er sjógangur hefir valdið á eynni. Samkvæmt áætlun þeirri, er bæjarstjórnin hefir látið gera, verður kostnaðurinn við aðgerðina um 4500 kr., og býðst bæjarstjórnin til að kaupa hana

fyrir sama verð. Einnig upplýsir hún um það, að hafnarsjóðurinn í Rvík muni eigi geta lagt til helming á móts við landssjóðsstyrk þann, sem ákveðinn var í Nd., og verði téður styrkur því eigi notaður. Nefndin álítur nú, að þar sem landssjóður á eyna, og með því að það er sannað, að hún liggur undir skemdum og eyðileggingu af sjávar-ágangi, ef eigi verður undin bráður bugur að því, að stemma stigu fyrir skemdunum, þá sé það sjálfsagt, að landssjóður varni því, og leggi fram það fé, sem til þess þarf. En það verður þá eigi með öðru móti, en þessu, úr því að bæjarstjórnin eigi sér sér fært eða álítur sér skylt, að taka þátt í aðgerðarkostnaðinum.

Þá leggur nefndin til, að launaviðbót dýralæknisins (14. gr. B. 2. b.)sé hækkuð úr 400 kr. hvort árið, upp í 600 kr. hvort árið, þannig að laun hans verði 1800 kr. á ári, og hefir nefndin fengið til meðferðar málaleitun í þessa átt. Þetta álítum vér sanngjarnt, með því að ekki er hægt að komast af með öllu minna fyrir kvæntan mann hér í Rvík, og þar sem aukatekjur hans munu svo sem engu nema. Á hinn bógin er dýralæknis-starfið mjög áríðandi, og maðurinn sem í hlut á, er samviskusamur áhugamaður, og stendur vel í sinni stöðu.

Við 14. gr. B. 4 leggjum vér til, að styrkurinn til kláðafræðings 6000 kr. fyrra árið, sé færður niður í 4000 kr. Vér álítum það nægilega þóknun handa manni, sem til þess verður fenginn, þótt hann verði fenginn frá Noregi, ef hann á að ljúka starfi sínu hér á einu ári, sem búast má við að verði nægilegur tími; en eigi hann að verða hér 2 ár, mundi 6000 kr. reynast ónóg upphæð. Annars er mál þetta lítt undirbúið, og spurningin lítt rannsökuð, hvernig bezt og haganlegast má koma þessu í verk. —

Þá er breyt.till. við 14. gr. B. 7, að styrkurinn til Bjarna Sæmundssonar falli burt síðara árið. Það er álit nefndarinnar, að eigi sé ástæða til að styrkja þessar fiskirannsóknir lengur með fjárframlagi úr landssjóði; upphaflega var styrkur þessi aðal-lega veittur manni þessum til lífsviðurværis, af því að hann var efnismaður, en fátækur, og hafði enga lífvænlega stöðu, nú er hann kominn í góða stöðu, sem mun fullnægja þörfum hans, og þess vegna sér nefndin ekki ástæðu til að halda styrknum áfram, nema eitt ár enn, þar sem það er áreiðanlega víst, að styrkurinn var upphaflega veittur aðallega til lífsuppeldis. Nefndin vill þó eigi fella styrkinn niður fyrirvaralaust, og þess vegna leggur hún það til, að hann haldist fyrra ár fjárhagstímabilsins.

Hvað snertir breyt.till. við 14. gr. B. 8, þá er hún sjálfsögð, þar sem hér er að eins um prentvillu að ræða.

Þá er styrkurinn til Rögnvalds Ólafssonar til að læra húsgerðarlist. Nefndin hefir fært hann upp úr 600 kr. í 700 kr. Það er mjög líklegt, að hann geti ekki komist af með minni styrk en þennan, sem hann hefir sótt um, þar sem hann er bláfátækur og á engan styrktarmann. Hann er mikill efnismaður og hefir sterka löngun til að leggja stund á þetta nám, en mjög er nauðsynlegt, að einhver leggi það fyrir sig, svo að hann geti síðar verið til leiðbeiningar í því efni hér á landi, þar sem enginn hefir lært hér húsgerðarlist enn sem komið er. Fátt mun þó vera nauðsynlegra en það, að hafa þekkingu og vit á því, hvernig haganlegast má byggja húsin yfir okkur.

Hvað snertir 14. gr. B. 12, styrkinn til Halldórs Guðmundssonar, til að nema „Elektroteknik“, þá sá nefndin eigi ástæðu til að veita þann styrk. Maðurinn er ópekktur, og eftir vottorðum þeim, sem fylgdu styrkbeiðninni, að dæma, þá voru þau ekki svo eindregin, að nefndin gæti byggt á þeim að styrkja þennan mann með allmiklu fjárframlagi í 2 ár.

Þá hefir nefndin lagt til, að aftan við 14. gr. B 13, um styrkinn til Lífsábyrgðarfélags sjómanna sé hnýtt þeirri athugasemd, að landshöfðingi staðfesti lög félagsins og að það sé háð eftirliti landsstjórnarinnar. Nefndin áleit frágangssök að veita svo mikinn styrk, nema slíkt skilyrði væri sett.

Hvað snertir styrkinn til refaskyttu Jóhanns Halldórssonar í 16. gr., þá getur verið, að nefndin hefði átt að vera svo miskunsöm að veita þennan styrk, en það er ekki ætíð rétt að láta þær tilfinningar eða brjóstgæðin ein ráða, þegar útbýtt er styrktarfé af landssjóði. Nefndin gat ekki betur séð, en að hér væri um eiginlegan fásækrastyrk að ræða, og áleit, að það væri þá fremur skylda hlutaðeiganda hrepps eða sýslufélags, heldur en landsjóðs að styrkja þennan heiðursmann. Nefndinni þótti ástæða fjárlaganefndarinnnar í Nd. fyrir styrkveitingunni sú, að Jóhann þessi hefði lagt að velli 800 refi, ekki fullnægjandi, til þess að hann yrði tekinn upp á fjárlögin sem styrkþegi, að sjálfsögðu til æfiloka. —

Þá hefir nefndin lagt það til, að á eftir 1. málsgr. 19. gr. bætist inn ný grein svo hljóðandi: Úr viðlagasjóði má verja til lána handa kirkjum og prestaköllum 15000 kr. hvort árið. Lánið veitist gegn 4% vöxtum og afborgun í 15—25 ár". Það er vel kunnugt, að kyrkjur og prestaköll eiga oft erfitt með að fá lán til bráðnauðsynlegra umbóta eða að gera að kirkjum og á prestssetrum, eða til annara nauðsynlegra ráðstafana, sem eigi má fresta. Hagur þessara stofnana, kirkna og prestakalla, er svo vaxinn, að þeim verður eigi ætíð gott til lána, þótt þörf þeirra kunni að vera mikil, og liggja til þess ýmsar ástæður, sem eg eigi þykist þurfa að útlista hér. Í landsbankanum er þeim þannig oftast synjað um lán, af því að bankanum hefir ekki þótt nægilega tryggð endurborgun lánanna. Landstjórnin hefir aftur á móti tæki til að tryggja sig betur gagnvart prestaköllunnm og enda kirkjunum, með því að hún hefir veitingarvaldið í hendi sér, og getur þá við veitingu prestakallanna sett þau skilyrði um endurborganir lána og trygging fyrir þeim, sem þörf krefur. Það getur hvorki landsbankinn né einstakir sjóðir. Eg hefi margoft rekið mig á það þessi ár, sem eg hefi verið við stjórn landsbankans riðinn, hverjum vandkvæðum það er bundið fyrir prestaköllin að fá nauðsynleg lán. Fyrir þessa skuld vill nefndin eftir tillögu eins h. deildarm. leggja það til, að kirkjum og prestaköllum sé sérstaklega heimilaður lántökuréttur úr viðlagasjóði, með þeim skilyrðum, sem sett eru í breyt.till.

Þá hefir nefndin lagt til, að 7. og 8. málsgrein 19. gr. um lán til þilskipakaupa og ísgeymslufélaga falli burt. Nefndin áleit ekki frekar þörf á, að fjárlögin veittu sérstakan rétt til slíkra lána úr landssjóði, þannig, að þessir lántakendur ættu að sitja fyrir öðrum lántakendum. Það hefir þegar verið keyptur fjöldinn allur af þilskipum, og sýnist nú mega nægja, að einstakir menn geri slíkt upp á eigin spýtur, án þess að þeir geti í því efni spekúlerað í væntanlegum lánum úr landssjóði, sem oft reynast ófáanleg, þegar til kemur, af því að fé er þá ekki fyrir hendi. Getur það þannig einnig orðið til ginningar fyrir menn, að halda þessari lánveitingarheimild, þar sem það jafnan er óvíst, hvort lánið muni fást á einum tíma. Árið sem leið munu þessi lán alls eigi hafa fengist, svo teljandi sé, þótt heimildin stæði í lögunum, þar eð féð brást.

Sama má segja um lánsheimildina til ísgeymslufélaga. Nefndin álítur hennar ekki lengur þörf og telur jafnvel, að hún gæti orðið til ginningar fyrir almenning, sé hún látin standa í lögunum.

Aftur leggur nefndin til, að síðasta

málsgrein um heimild til láns til að byggja skipakví eða gera dráttarbrautir (slips), standi óbreytt, nema að því leyti, að lánið sé veitt með venjulegum vöxtum 4% í stað $3^1/_2$%. Sjáum vér eigi neina ástæðu til að heimila hér lægri vaxtagreiðslur, en hina venjulegu.

Eg hefi þá minst á hverja einstaka breyt.till. nefndarinnar við þennan kafla frv. og skal ekki orðlengja frekar um málið að sinni.

Landshöfðingi: Breyt.till mínar við þennan kafla frv. eru hvorki margar né þýðingarmiklar. Breyt.till. við 14. gr. B 13 er ekki efnisbreyting, en að eins orðabreyting.

Breyt.till. við 19. gr. á þskj. 540 leiðir af sjálfu sér, að lánin úr landssjóði veitist því að eins, að fé sé fyrir hendi í viðlagasjóði. sem án megi vera. Í raun og veru þyrfti ekki þennan fyrirvara, en eg álít þó réttara að hafa hann, til þess að minna menn á, að reiða sig ekki of mikið á þessi lán. Hann stendur og í núgildandi fjárlögum, og ef hann stæði ekki i þessum fjárlögum,þá yrði ef til vill litið svo á, að þessu væri öðruvísi varið en áður.

Eg skil ekki, hvað nefndin hefir meint með því að fara að veita heimild til lána 15000 kr. hvort árið úr viðlagasjóði handa kirkjum og prestaköllum. Landstjórnin þarf enga heimild þingsins til þess; hún hefir fullkomna heimild til að veita slík lán án þess að hún sé veitt í fjárlögunum.

Líkt má segja um lánið í síðustu málsgrein 19. gr. til skipakvíar eða dráttarbrautar, eftir að nefndin hefir fært vextina af því upp í 4% og landstjórninni er frjálst að setja þá afborgunarskilmála, er henni virðist við eiga. Það er að eins, ef vextirnir af lánum eiga að vera minni en 4% eða vægari kröfur gerðar með veð, að sérstaka heimild þarf til þess á fjárlögunum.

Eg get ekki annað en minst að nokkru breyt.till. nefndarinnar við 14. gr. B 1 j um að veita 4500 kr. til að varna skemdum á Örfirisey, eða helmingi meira en ákveðið er í frumv. Þessi fjárveiting hjá nefndinni er mjög ísjárverð. Það gengur næst ráðleysi að kosta svo miklu fé upp á einstaka eign, að það nemur miklu meiru en eignin er verð, þó aldrei nema að bæjarstjórn Reykjavíkur hafi lofað að kaupa þessa eign af landssjóði, þegar hann er búinn að kosta varnargarðinn, fyrir jafnhátt verð og garðurinn hefir kostað landssjóð, þá er það sama, sem að landssjóður láti hana fyrir ekki neitt. Því þá ekki að gefa bæjarstjórninni eignina strax og láta hana svo sjálfa kosta varnargarðinn? Eg get ekki séð betur, en að þannig lagað tilboð sé nokkurs konar tálbeita af hendi bæjarstjórnarinnar, að bjóðast til að kaupa eyna auðvitað með löngum afborgunarskilmálum, eftir að landssjóður hefir kostað fé til varnar skemdum á eynni.

Eg get verið samþykkur flestum breyt.till. nefndarinnar við þennan kafla, er fara í sparnaðaráttina.

Mér kom á óvart brt. á þskj. 556,um styrkveiting til Vesturamtsins,til að kaupa búnaðarskólann í Ólafsdal með tilheyrandi jörðum og búi, 12,000 kr., sem aftur er br.till. við á þskj. 577 að verði 10,000 kr. Eg hefði skilið það, ef breyt.till. í þá átt hefði komið frá forseta amtsráðsins í Vesturamtinu eftir umboði amtsráðsins, en mig furðar á, að hún skuli koma frá einum einstökum þingmanni. Það getur verið að hann hafi umboð til þess frá amtsráðinu að biðja um slíka fjárveiting og að það hafi séð sig aftur um hönd og vilji nú kaupa Ólafsdal. Mér er það ekki kunnugt. En það vita allir, að það var annað hljóð í amtsráðinu í sumar, þegar rætt var um að kaupa skólann. Hvort amtsráðinu hefir snúist hugur síðan og falið þessum manni á hendur að biðja þessarar bónar eða gjafar af landssjóði,

skal eg láta ósagt. Eg vil sem sé ekki geta þess til, að tilgangurinn með fjárveitingunni sé sá, að kúska amtiðið til að kaupa þennan skóla því þvert um geð. Ef til vill á það að vera nokkurs konar yfirlýsing frá þinginu um það, að amtsráðið eigi að kaupa skólann, en þingið getur ekki gefið slíka yfirlýsing. Mér finst styrkveiting þessi borin upp að ófyrirsynju frá mínu sjónarmiði.

Framsögumaður (Kristján Jónsson): Það getur verið, að nefndin hafi með tillögu sinni um Örfirisey ginið yfir beitu frá bæjarstjórninni, þó að það væri ekki á vitund hennar. Nefndin var áður helzt á því að fella burt liðinn (fjárveitinguna), eins og hann kom frá h. Nd. Þegar svo tilboðið kom frá bæjarstjórninni, þá áleit nefndin það ekki frágangssök að sinna tilboðinu og fara fram á þessa fjárveiting. Það vakti fyrir nefndinni, að minsta kosti sumum í henni, að það væri jafnvel réttast að láta Reykjavíkurbæ fá eyna fyrir ekki neitt, ef hann að eins varðveitti hana fyrir skemdum og héldi henni við, svo að það yrði þó einhver eign í henni. Sú hugsun vakti að minsta kosti fyrir mér þegar eg gaf atkvæði mitt um málið í nefndinni, svo að hæstv. landsh. átti þar kollgátuna. Nefndinni er þetta ekki neitt kappsmál, en úr því að ákvæði um viðgerð á eynni er tekið inn í fjárlögin, þá vill hún heldur að tillaga sín sé samþykt en ákvæðið, eins og það kom frá Nd., sem vér hyggjum að verði alveg þýðingarlaust, og þess vegna til einskis gagns fyrir málið. Má þá líklega horfa í það, að þessi eign landssjóðsins ger eyðileggist, án þess nokkuð sé aðhafst.

Viðvíkjandi lánveitingaheimildunum í 19. gr., sem hæstv. landsh. mintist á, þá hefi eg skilið það svo að svo framarlega sem fé sé fyrir hendi í viðlagasjóði, þá ættu lántakendur þessir að ganga fyrir öðrum lántakendum eftir þeirri röð, sem þeir eru settir í greininni, svo og fyrir privatmönnum. Eg hefi skilið það svo og eg held það eigi að skiljast svo; annars væru þessar heimildir þýðingarlausar, nema þegar um einhver sérstök vilkjör er að ræða, eins og t. d. við lánveitinguna til mjólkurbúa, þar sem vextirnir eru settir 3%, og lánin eiga að vera afborgunarlaus í 5 ár o. s. frv

Breyt.till. hæstv. landsh. við 19. gr. um viðbótina við nefnda grein, er nefndin fullkomlega samþykk og mun greiða atkvæði með henni.

Axel V. Tulinius: Eg ætla fyrst að minnast á brt. nefndarinnar við 19. gr. um að fella burt lánsheimildina til þilskipakaupa. Það er satt að það er búið að kaupa fjöldamörg þilskip hingað til landsins, en mestmegnið af þeim þó til Reykjavíkur en ekki í önnur héruð landsins. Eg álít því heppilegt, að þetta ákvæði fengi að standa óhaggað í fjárlögunum. Eg veit, að á Austurlandi vilja menn af áhuga fara að efla þilskipaútveginn, þó að hann sé þar skamt á veg kominn enn sem komið er, og ef lánsheimildin héldist á fjárlögunum, mundu menn nota sér hana þar eystra og koma sér að fáum árum liðnum upp talsverðum þilskipaflota.

Þá hefi eg komið fram með breyt.till. við 14 gr A 21, að bætist við nýr liður: til Leikfimis- og skotfélags Eskifjarðar 400 kr. (fyrra árið) Á fjárlögunum er nú veittur mikill styrkur til margra lista, en í aðra átt, sem sé til andlegra lista, nema til sundkenslu. Hér er farið fram á styrk til félags, til að efla krafta líkamans. Hefðu forfeður vorir setið hér á þingi, þá efast eg ekki um, að þeir hefðu fremur verið með þessum styrk, en mörgum öðrum styrk í hina áttina. Menn vilja enn sem komið er lítið sinna þeirri nauðsyn hér á landi að efla og auka líkamsíþróttir, en leggja alla áherzluna á andans krafta. En menn ættu að muna eftir spakmæli hinna fornu Rómverja: sana

mens in corpore sano. Hraustur líkami hlýtur að vera skilyrði fyrir styrkri sál. Eg efast ekki um, að h. þdm. séu mér samdóma í þessu efni.

Eg ætla þá að lýsa ástæ'uum fyrir þessari breyt.till. minni um styrk til leikfimis- og skotfélags Eskfirðinga. Félagið var stofnað 1896 um haustið og hefir síðan stundað og styrkt líkamsæfingar og stendur nú í blóma sínum. Það er fyrsta fyrirtækið í þá átt, sem lifað hefir í 5 ár hér á landi. Það væri ekki ástæða til að styrkja þetta félag, ef það hefði ekki annað að flagga með en þetta. En félagið hefir einnig haft mannskap og dug til að koma sér upp húsi, sem er 20 álnir á lengd, 8 álnir á breidd og $6^1/_2$ al. undir loft, og kostað hefir 2000 kr. En það eru ungir menn í fjörðum þar eystra, sem hafa komið þessu á legg, og þeir eru engir efnamenn; þess vegna er félagið í stórri hússkuld og verður líklega að hætta fyrirætlan sinni, ef það fær ekki þennan styrk. Það hefir sýnt æfingar á hverju ári fyrir sýslunefnd Suður-Múlasýslu og það hefir einnig fengið viðurkenning fyrir starf sitt, 50 kr. úr sýslusjóði og 50 kr. úr amtssjóði. Eg vona, að menn sjái, að hér er ekki um neitt kák að ræða, því að þá hefði amtið ekki styrkt þetta félag. Allir vita, hve áhuginn er stórmikill erlendis á öllum líkamlegum íþróttum og eg vona, að h. þingdm. gangi nú á undan á þessari nýju öld og votti þeim, sem unna hinum fögru og gagnlegu líkamsíþróttum af alhuga virðing sína og hlynni að framförum þeirra með því að veita leikfimisfélaginu þennan styrk.

Guðjón Guðlaugsson: Eg á hér breytingartillögu á þskj. 556 um, að við 13. gr. B. 1. a. á eftir 4. komi nýr liður svo hljóðandi: 5. Til Vesturamtsins styrkur til að kaupa búnaðarskólann í Ólafsdal 12000 kr. (fyrra árið) og við þessa breytingartillögu er komin fram önnur breytingartill. um, að upphæð þessi sé færð niður í 10000 kr. og get eg gengið inn á hana, með því að eg veit, að hún mun hafa fylgi. Eg ætla mér því að skýra þetta mál lítið eitt fyrir hinni háttv. þingdeild og drepa á sögu málsins.

Þessi búnaðarskóli er hinn elzti búnaðarskóli á landinu og þessi maður, sem hér á hlut að máli, er hinn fyrsti maður, sem fór að hreyfa við búnaðarskólastofnun hér á landi og með atorku sinni og dugnaði að koma þeim í viðunanlegt horf. Hann var sannfærður um það, að til þess að koma því í framkvæmd, var eini vegurinn að fræða menn og menta í þeim efnum og það var sá grundvöllur, er hann vildi byggja á. Réðst hann því í það stórkostlega fyrirtæki að stofna skóla þann, sem hér ræðir um. Hann hóf þetta starf sitt sem algerlega efnalaus maður og varð því að taka lán og sökkva sér æ dýpra og dýpra í skuldir og leggja alt sitt að auk í þetta fyrirtæki. Lengi framan af var ekki eyris virði varið til styrktar af landssjóði honum og ávalt hefir tillagið til hans verið af skornum skamti. Fyrir hér um bil 6 árum voru öll hús nálega eyðilögð, og af því að þetta var einstaks manns eign, varð annaðhvort að leggja niður skólann sem slíkan og byggja eins og var við hæfi bónda, er sæti jörðina, eða að bæta húsagerðina með fjárframlögunum af almanna fé.

Þegar þetta var borið undir sýslunefndirnar, voru þær flestar með því að halda skólanum áfram og amtsráðið veitti honum að gjöf 3000 kr., til þess að létta undir með honum og hafa því sýslunefndir og amtsráð óbeinlínis með því ákveðið að endurnýja skólann. Hann bygði því öll hús að nýju og nam sá kostnaður ekki minna en rúmum 20 þús. króna. Þó að hann hafi fengið 3000 kr. að gjöf, þá er eðlileg afleiðing af því að hleypa sér í svona stórfeld fyrirtæki, að erfitt er að komast fram úr rentum og afborgunum af slíkum höfuðstól og maðurinn kominn

á efra aldur og farinn að þreytast. Alt þetta var þess valdandi, að hann 1899 treystist eigi til að halda skólanum áfram á sama hátt, og að undanförnu, og leitaði til Vesturamtsins og bauð því að kaupa skólann, en það neitaði því. Flestar sýslunefndirnar voru á því, að æskilegt væri, að skólinn héldi áfram sem prívatskóli og fáeinar lögðu það til að amtið keypti hann, en því neitaði amtsráðið sem sagt, sökum þess að það óttaðist, að skólinn yrði sér til töluverðrar byrðar, og þegar óskir almennings voru ekki eindregnara með því en þetta.

Hann hélt skólanum samt áfram 2 ár enn og í sumar endurnýjaði hann tilboð sitt, og ef amtið ekki tæki því, kvaðst hann mundu leggja skólann niður. Eins og kunnugt er, neitaði amtið enn á ný. Í raun réttri hefir amtsráðið eigi lagt niður skólann, heldur hann sjálfur, þar eð hann treysti sér ekki til að halda áfram við sömu kosti og áður. Eg skal ekkert dæma um það, hvort það hafi verið rétt eða rangt af amtinu að kaupa ekki skólann, það er vandaspurning og amtsráðið hefir ekki haft nægan tíma til að brjóta málið svo til mergjar, sem nauðsynlegt hefði verið. Það, sem hér er um að ræða, er að nú liggur við, að skólinn verði lagður niður. Það á að upphefja eða eyðileggja stofnunina. Ef þessi stofnun hefði unnið sér eitthvað til óhelgis, þá væri þetta eðlilegt og ekkert um það að segja, en hér er ekki um slíkt að ræða, heldur þvert á móti. Þetta er elzti skólinn, rótin til annara skóla. Ekki er þessi skóli heldur lakari en aðrir, heldur hefir ávalt verið álitinn fremstur. Ekki hefir aðsóknin verið minni á hann, heldur en aðra, því hann hefir alt af verið eins fullur og á hann gat komist og fengið færri en vildu að komast á hann. Þó hann sé elztur, er hann samt sá, sem nýjastur er að öllum útbúnaði og mannvirkjum og ekki líkur til að gera þurfi við nokkuð þeirra í 10 árin næstu að minsta kosti. Þó er það ihugunarverðasta, að manninum var gefin hvöt með styrk og orðum til að endurreisa skólann, og því er ótilhlýðilegt að hann hefir fullnægt öllum kröfum í þessu efni einungis fyrir almenning og skólinn er kominn á sitt hæsta stig, til þess að gera fullkomið gagn, og maðurinn hefir lagt aleigu sína í þetta (*Landsh.*: Hver gerir það?) Eg segi ekki að neinn geri það beinlínis, en óbeinlínis er það gert, eins og sjá má, þegar prívatmaður hefir lagt fé sitt í opinbera byggingu, þá er það tapað fé, ef hætt er við stofnunina sem slíka. Allir geta séð, að þegar um rúma 20 þúsund króna eign er að ræða, sem útbúin er í sérstöku augnamiði, að hún hlýtur að vera lítils eða einkis virði fyrir lítilfjörlegan bónda.

Eg hef gert mér far um að rannsaka málið og þykist sjá, að ekki muni ókleift fyrir Vestur-amtið að kaupa skólann, en hins vegar finst mér eðlilegt, að það hafi hikað við að ráðast í þetta fyrirtæki. Þingið viðurkennir skólann og manninn sem einn af nýtustu sonum þessa lands, og ef þetta nær fram að ganga, gerir það sitt til að styrkja amtið til að viðhalda þeirri stofnun, sem getið hefir sér almanna lof og hjálpa nýtum manni.

Margir halda, að það sé óbærileg byrði sem amtinu legðist á herðar, ef það gengi að kaupunum, en hún væri ekki óbærileg, ef það fengi styrk til þess. Útgjaldaaukningin frá því sem er, við að leggja skólann niður, yrði naumast meiri en 380—390 kr. á ári fyrstu 10 árin en 600 kr. meiri, ef styrkurinn fengist ekki. Eg vonast til, að þingið finni hvöt hjá sér til að forða nýtri stofnun og nýtum manni frá falli, því eg er sannfærður um, að enginn annar vegur er mögulegur. Eg fæ ekki annað séð, en heiður þingsins sé að meiri, ef það bregzt drengilega við í þessu máli.

Hinn hæstv. landsh. fann það að þess-

ari breytingartill., að hann kynni ekki við formið að því leyti, að hún væri borin fram af einstökum þingmanni, en ekki formanni amtsráðsins, þar sem hann ætti sæti hér í deildinni. Það má segja hér, að sínum augum lítur hver á silfrið. Eg fæ ekki séð, að það sé neinn formgalli í þessu fólginn. Vestur-amtinu var boðið og beðið að kaupa skólann, en eins og málið lá þá fyrir, neitar það boðinu eða beiðninni. Formaður amtsráðsins hefir ekki meiri rétt hér í deildinni, en hver annar þingmaður, og sem formaður amtsráðsins hefir hann ekkert umboð til að rekast neitt í því máli, sem það hefir neitað að sinna. En aftur á móti hefir hver þingmaður leyfi til að bjóða hjálp fram, ef amtsráðið vill breyta skoðun. Við skulum taka ofurlítið dæmi til skýringar. Ef eg annaðhvort byði eða beiddi hæstv. landsh. að kaupa eitthvað og það væri í því formi, sem tilboðið hljóðaði upp á, eitthvað varhugavert fyrir hann og hann neitaði að ganga að því með þeim skilmálum, væri þá nokkuð að því, að einhver vinur minn byðist til þess við hæstv. landsh. að fullnægja þeim skilyrðum, sem landsh. setti? Væri nú ekki eðlilegra, að h. landsh. segði þessum manni eða mér, að braska í því, að fá þeim atriðum fullnægt, sem leiddu til þess, að hann gæti orðið við bón minni eða tekið boði mínu, en að hann fari að gera sér ómök til þess að geta gert það, sem hann var búinn að neita að gera.

Mér er kunnugt um, að amtsráðsfundur hafði mjög tæpan tíma og gat því ekki yfirvegað málið til hlýtar og vissi ekki almennings viljann, en síðan hafa fjölda margar raddir látið til sín heyra um, að þjóðin vilji ekki missa þessa stofnun.

Hér sannast því hið forna máltæki, að enginn veit hvað átt hefir, fyr en mist hefir.

Eg hef heyrt þær mótbárur, að jörðin sé ekki hentug skólajörð. Eg þekki nú eins vel til og hver annar og get því borið hér um ekki síður. Jörðinni fylgja 2 aðrar jarðir og hún er um leið svo þægileg og hættulaus og kostar lítil umsvif og er því framtíðar skólajörð. Kostunum fylgja að vísu ókostir, en ekki eru þeir miklir í samanburði við ókosti þá, sem eru á Hvanneyri, sem er 10 sinnum dýrari en Ólafsdalur og þarf vegna þessara ókosta og hættna ágæta stjórn sérstaks dugnaðarmanns og stendur og fellur með sínum herra, en Ólafsdalur er framtíðarskóli, því hann stenzt fullkomlega, ef honum er viðunanlega stjórnað af meðalmanni. Og ef maður ransakar kosti og ókosti, þá hygg eg, að menn kæmust að þeirri niðurstöðu, að ókostirnir séu ekki meiri en kostirnir. Eg er ekki í vafa um það, að þingið gerði hreint og beint happastryk, ef það styrkir kaupin. Með þessu er ekki lögð nein pressa á Vestur-amtið til að kaupa Ólafsdal; sú pressa á eðlilega að koma frá gjaldöndum Vestur-amtsins. Þegar því búið er að rannsaka málið, þá getur amtið gengið að eða frá og þá borgast upphæðin aldrei út, ef ekki er keypt.

Þingið sýnir með þessu að eins sinn góða vilja og eg hef fylsta rétt til þess að stuðla að því, að þingið veiti þessa hjálp, en þetta er alls ekki svo að skilja, að þingið vilji neyða Vestur-amtið á nokkurn hátt.

Guttormur Vigfússon: Eg skal leyfa mér að fara nokkrum orðum um br.till. þær, sem eg á við þessa grein. Hin fyrsta þeirra er við 13. gr. A. 2. Eins og kunnugt er, hefir legið fyrir þinginu töluvert af bænaskrám um uppbót á fátækum brauðum, og hefir þingið tekið þeim misjafnlega og flestar þeirra fengið aldurtila í háttv. Nd. En því undarlegra þykir mér nú, að þegar fjárlögin koma frá Nd., þá eru þau með langan nýjan kafla um fjárveitingar til fátækra brauða, þannig að 2,800 krónur eru ætlaðar til bráðabirgða-uppbóta.

Reynistaðarprestakalli eru ætlaðar 300

kr., til Kálfafellsstaðarprestakals 100 kr., til Kálfatjarnarprestakals 125 kr., til Eyvindarhólaprestakals 300 kr., til Staðarprestakals í Grunnarvík 120 kr. og til Staðarprestakals í Aðalvík 120 kr. Nú hefir fjárlaganefnd Ed. knýtt einu prestakalli enn þar aftan við; breyt.tillaga mín fer fram á, að þessi ákvörðun strykist út en að tölurnar haldist samt óbreyttar; því að það er ekki meining mín að minka að neinum mun fjárupphæð þá, sem Nd. og nefndin hafa farið fram á, heldur vil eg stemma stigu fyrir, að þingið taki þá braut, að nafngreina hvert brauð á fjárlögunum; eg hef lagt það til, að athugasemdin skuli orðast svo, að landsh. úthluti styrknum eftir tillögum biskups; með því að eg hygg, að það verði fult eins réttlátt, þegar fram í sækir, eins og ef þessi stefna, sem nú er byrjuð, verður tekin. Eg skal í þessu sambandi minna á, að það kom til tals á dögunum, þegar verðlagsskrárnar voru til umræðu hér í deildinni að það gæti orðið að kappsmáli fyrir kjósendur, að láta þingmennina sína hækka þær sem mest; alveg eins vel hygg eg, að það mundi geta orðið kosningarspursmál fyrir kjósendur að biðja þingmennina að koma því eða því prestakalli með styrkveitingu inn á fjárlögin; það er alls eigi ólíklegt einkum af því, hvernig þingið hefir tekið nýu lögunum um að bæta prestaköllin. En svona löguðum bitlingum mundu þingmenn oft geta smeygt inn, máske að nauðsynjalitlu.

Eg vona að h. deild fallist á þessa breyt.till. mína; því að eg álít mjög sanngjarnt og nauðsynlegt að samþykkja hana. Þar sem eg upphaflega fór fram á, að aðalupphæðin skyldi vera 3800 kr., þá var það dálítill misskilningur, því að eg tók með í ógáti 600 kr., sem ætlaðar eru brauðum í fyrverandi Hólastifti, og gerði því breyt.till. við fyrri breytingartill. mína um, að þessari upphæð yrði breytt í 3000 kr., en ætlast jafnframt til að bráðabirgðaruppbótin til Kvíabekks og Meðallandsþingaprestakalls skyldi einnig vera greidd af þessari sömu upphæð. Þá verða það 400 kr. minna alls en eftir uppástungu nefndarinnar, því að eftir uppástungu minni eru 3000 kr. ætlaðar til allra þessara brauða, þar sem nefndin ætlast ekki til, að Kvíabekks og Meðallandsþinga prestaköll fái sinn styrk af þessari upphæð.

Ef deildin álítur það of lítið, þá sé og minna á móti því, að færa töluna dálítið upp, heldur en að láta athugasemdina standa, eins og og hún nú er orðuð.

Eg mun því taka aftur 3. liðinn á þskj. 549. Hin háttv. fjárlaganefnd hefur stungið upp á, að fella burt styrkveitinguna til kvennaskólabyggingar á Blönduósi. Þar sem það mun hafa litla þýðingu að tala mikið móti þeirri tillögu, þá skal eg ekki vera langorður um það mál. Það hefur verið rækilega rætt um það í Nd. og hugsa eg því, að hv. þingd.mönnum séu ljósar ástæðurnar fyrir þeirri beiðni. Eins og menn vita, hafa Húnvetningar byggt stórt og vandað hús á Blöndaósi, sem þeir ætlast til að verði kvennaskólahús, því kvennaskólahús Húnvetninga, sem staðið hefir á öðrum stað, er nú orðið svo fornfáleg bygging, að sýslunefndin réðst í að byggja þetta hús að nýju til. Eg hef ekki getað skilið á umræðunum um þetta mál í Nd., hvaða kappsmál mönnum hefur verið að vilja ekki neitt hjálpa þeim mönnum, sem jafnmikið hafa lagt í sölurnar, til þess að vinna þarft og gott verk. Það hefur oft verið sagt, að það sé rangt að veita fé til fyrirtækja, sem ekki væri byrjað á, nema hlutaðeigendur legðu mikið af mörkum á móti, en þegar hér er búið að vinna þarft og kostnaðarsamt verk, þá vill þingið ekkert til þess leggja; þetta virðist mér hin mesta ósamkvæmni.

Þá hefur nefndin stungið upp á að fella burt styrkinn til Magnúsar Einarssonar organleikara á Akureyri. Þessi maður

hefir nú í fjölda mörg ár, mér er nær að halda 20 til 30 ár, barist fyrir að útbreiða söng og söngþekkingu á Norðurlandi, og eigi einungis á Norðurlandi, heldur hafa menn einnig á Austurlandi notið góðs af kenslu hans og þekkingu á söng. Þessi maður hefir ekki einungis kennt söng á Akureyri, heldur hefir hann líka lagt töluvert á sig, til þess að útbreiða söngþekkingu með kenslu á Möðruvöllum nú í fleiri ár, og með því álít eg, að hann hafi unnið þessum landsfjórðungi mjög mikið gagn. Hann hefir aldrei notið styrks af opinberu fé, svo að eg viti til; hann hefir unnið vetur og sumar að þessu eftir megni, um leið og hann hefir orðið að hafa ofan af fyrir sér með vinnu, því borgun fyrir kenslu hefir hann víst litla tekið. Hann er nú farinn að þreytast og bila til vinnu, og afleiðingin af því verður sú, að hann verður annaðhvort að hætta við kenslu, til þess að vinna fyrir lífi sínu, eða þá að þingið verður að hlaupa undir bagga með honum með því að veita honum nokkurn styrk, til þess að geta haldið áfram að kenna.

H. frsm. (Kr. J.) tók það fram, að nefndin hefði eigi séð sér fært, að verða við þessari fjárbeiðni vegna þess, að landssjóður ætti ekki að svo komnu fjárhagsins vegna, að styrkja slíka kenslu með fjárframlagi, nema á einum stað á landinu, sem sé í Reykjavík; en eg held, að það megi líta öðruvísi á þetta mál. Með því að styrkja þennan mann, þá eru um leið styrktir margir ungir menn, er vilja læra söng, en geta það ekki vegna efnaleysis. Það er allt annað fyrir fátæka menn á Norðurlandi að fara til Eyjafjarðar til að þess læra þar söng, en að fara suður til Reykjavíkur; það er svo mikill munur, að þeir í mörgum tilfellum mundu fara alveg á mis við þessa kenslu, sem þeir gætu fengið á Akureyri, ef þessi styrkur væri veittur. Eg vil þess vegna mikillega mæla með því, að þessi litli styrkur til Magnúsar Einarssonar verði samþyktur.

Þá er einn liður enn í 13. gr., sem eg vildi beina athygli deildarinnar að, en sem ekki hefir enn þá verið minnst á, nfl. styrkurinn til kenslu heyrnar- og málleysingja, 5000 kr. hvort árið. Það er alls ekki af því, að eg efist um, að þessum styrk kunni að vera vel varið, og þess vegna hefi eg heldur ekki gjört breyt. till. um að rýra hann neitt; en mér þykir undarlegt, að það skuli hafa liðið 3 fjárhagstímabil, án þess að nokkur skýrsla hafi komið til þingsins eða sést um þennan skóla. Eg vildi að eins vekja athygli þd. á þessu til leiðbeiningar fyrir þá menn, er njóta opinbers styrks, til þess að þeir framvegis létu í té skýrslur um árangurinn af slíkum fjárframlögum.

Þá vildi eg minnast lítið eitt á viðaukatillögu mína við 14. gr. A, á þskj. 572, að á eftir tl. 19. bætist inn nýr liður: Til Halldórs kennara Briem, fyrir að semja alþýðlega Íslands sögu 10—12 arkir, fyrra árið 400 kr., og að upphæðin borgist út, þegar ritið er prentað. Menn munu nú máske segja, að þetta sé óþörf fjárveiting, og eg veit ekki, hvort komið hefur fram nokkur beiðni um þetta í Nd. Eg hef tekið upp þessa viðaukatill., af því að mér virðist vera þörf á þessu, þar sem tilgangurinn með þessari fjárveitingu er að semja alþýðlega Íslands sögu, sem mikil þörf mun vera á, og ætluð væri til kenslu við unglingaskóla og alþýðuskóla. Það má nú kanské segja, að til séu fullt eins færir og jafnvel færari menn en þessi, til að semja slíka kenslubók; en eg held nú samt, að hann hafi töluvert til síns ágætis til þessa starfa. Hann er eins og kunnugt er kennari í sögu við Möðruvallaskólann, og hygg eg, að sá, sem kennir almenna sögu, hljóti einnig að hafa og þurfi að hafa þekkingu á sögu síns eigin lands. Auk þess hefir hann unnið að því áður að rita kenslubækur og hafa þær verið notaðar í ýms-

um skólum áður hér á landi og jafnvel í latínuskólanum. Þetta er lítil upphæð, sem hér er um að ræða, og því fremur sem nefndin er á móti því, að veita öðrum manni styrk til sagnfræðisrannsókna, með fram af því, að hún óttast, að það muni verða áframhaldandi styrkur, þá er ekki því að heilsa hér, þar sem að eins er farið fram á, að styrkur þessi verði veittur einu sinni fyrir allt, og að hann skuli ekki koma til útborgunar, fyr en ritið er samið og prentað,

Þá hefir nefndin stungið upp á, að styrkurinn til Einars Jónssonar frá Galtarfelli sé feldur burtu síðara árið, 1000 kr. Það má nú að vísu segja, að það komi mér ekki mikið við að tala um þennan lið, en eg vildi samt minnast lítið eitt á hann. Eins og kunnugt er, hefir þessi maður um mörg ár notið opinbers styrks og áreiðanlega gjört landi sínu mikinn sóma, og er allt útlit fyrir, að hann framvegis verði því til sóma, ef hann getur komist eins langt áleiðis í ment sinni, eins og hann óskar. Nefndin færir þær ástæður fyrir skerðingu styrksins, að hann hafi ekki sótt um meira, en eg held, að mér sé óhætt að fullyrða, að hér hafi farið dálítið milli mála af ýmsum atvikum. Eg veit fyrir víst, að maður hér í bænum var í sumar beðinn um að sækja um 2—3000 kr. styrk til fjárlaganefndarinnar í Nd. handa þessum manni, en þegar hann skrifaði umsóknina, mun honum ekki hafa verið full-ljóst, hversu mikil nauðsyn var á að veita hæstu upphæðina, og því farið að eins fram á 2400 kr. veitingu.

Eg hygg, að bæði h. Nd. í heild sinni og fjárlaganefndin í Nd. sérstaklega hafi fengið nokkuð skýrari upplýsingar um þetta eftir á og þess vegna veitt Einari þann styrk, sem hún gerði. Eg hygg, að þær upplýsingar hafi legið fyrir h. Nd., að hún hafi þózt viss um, að þessi maður gæti ekki komist af með minni styrk en þann, sem hún ætlaði honum. Ef það væri meiningin, að þessi maður ferðaðist mikið, til þess að menta sig frekar í list sinni, þá eru 2000 kr. allsendis ófullkominn styrkur, auk þess, sem það er tekið fram í bænarkrá hans, að hann hafi dýrt verk í smíðum sem hann ætli sér að fullgera. Eg vil biðja h. deild að athuga þetta nokkuð, áður en hún samþykkir breyt.till. nefndarinnar, og hvort henni finnist ekki rétt að leggja fram í seinasta sinn hið ítrasta, sem þessi maður biður um, til þess að veita honum það lið, sem síðar geti orðið honum og landinu í heild sinni til gagns og sóma.

Þá kem eg enn að breyt.till. mínum á þskj. 549. Viðaukatill. þessi er þannig til komin, að eg vissi ekki betur, en að það lægi við, að 2 skólar hér á landi yrðu lagðir niður, og þess vegna þótti mér rétt, að hnýta athugasemdinni aftan við tölul. 4, eins og hún er orðuð á þskj. 549; en í trausti til þess, að landsstjórnin borgi ekki út þetta fé, ef skólarnir ekki halda áfram, þá tek eg aftur þessa breyt.-till. mína. Þá kem eg að síðustu breyt.-till. minni á þskj. 549 við 14. gr. B 11, um, að styrkurinn til Rögnvaldar Ólafssonar falli burt.

Eg get ekki séð, hvaða nauðsyn er á eða ástæða til þess, að veita þennan styrk fremur en margt annað, sem nefndin hefir synjað um, heldur jafnvel minni. Að vísu er mér sagt, að þessi maður sé efnilegur stúdent, sem hefir verið eitt ár á prestaskólanum, og dettur mér ekki í hug að bera brigður á, að hann sé efnilegur maður; en eg get ekki betur séð, en að hér sé farið út á þá braut, sem ekki verði til fulls gagns fyrir landið. Það er ætlast til, að þessi maður læri húsagerðarfræði, og er auðsjáanlegt, að þingið muni verða um langan tíma að styrkja hann, til þess að hann geti orðið nokkurn veginn fullnuma í þessari iðn. Þegar hann svo er búinn að læra, þá er svo sem sjálf-

sagt, að þingið verður að búa til handa honum nýtt embætti, til þess að hann haldist hér við, og standi fyrir stærri byggingum. Það er nú auðvitað gott og blessað, ef við hefðum þá nokkra peninga, til að byggja þessi stórhýsi fyrir, og ættum það ekki á hættu, annað hvort að verða að halda honum hér á föstum launum atvinnulitlum eða þá að missa hann út í heiminn, þar sem nóg verkefni er til handa honum, en til hvorugs þessa höfum við ráð; við höfum ekki ráð á að kosta hann sem launaðan embættismann, til þess að vinna það, sem við getum ekki lagt peninga til, og við höfum heldur ekki ráð á að senda hann út í heiminn handa öðrum löndum; og því síður er ástæða til þess, að liður þessi verði samþyktur, sem eg veit til þess, að maður er nú erlendis að læra sama starf; það er snikkari héðan úr Reykjavík, sem er kostaður til þess af Iðnaðarmannafélaginu. Sá maður hefir almenningsorð fyrir að vera mjög efnilegur, og hefir hann mjög góð meðmæli, sem komið hafa til þingsins. Ef hann verður fullnuma í þessari iðn og kemur hingað heim aftur, þá er mjög líklegt, að hann geti unnið fyrir sér með handverki sínu og jafnframt gert þau störf, sem oss nægði í stað hins. Mér finst, að þingið þurfi að vera varasamt í þessu tilfelli. Það liggur nú fyrir þinginu fjárveiting til tveggja annara manna, sem sjálfsagt verða styrktir af opinberu fé og launaðir úr landssjóði, þegar þeir eru búnir að læra; þessir menn eru Guðmundur Finnbogason og Ásgreir Torfason. Hinn fyrnefndi er maður, sem hefir numið sérfræði og sem sjálfsagt verður að launa, þegar hann kemur aftur og er búinn að kynna sér skólafyrirkomulag erlendis. Aftur á móti verður hinn síðarnefndi, Ásgeir Torfason, styrktur til að læra efnafræði, sem er sjálfsagt nauðsynlegt nám; en eg get ekki betur séð, en að afleiðingin af því verði sú, að þingið verði, þegar hann er orðinn útlærður, að styrkja hann til að lifa og starfa hér og það með miklu fé, ef hann ekki á að missast út í heiminn. En eins og eg tók frum áðan, þá höfum við ekki ráð á að missa þessa menn út í heiminn, þegar búið er að styrkja þá með ærnu fé til námsins.

Hallgrímur Sveinsson: Eg hefi leyft mér að koma fram með 2 breyt.till. við þenna hluta fjárlagafrumv. og ætla eg að skýra þær og styðja. Hin fyrri er við 13. gr. B VI. að á eftir C 3 bætist inn nýr liður þess efnis, að Jóni Þórarinssyni sé veittur 800 króna styrkur hvort árið, til þess að kynna sér ásigkomulag hinna lægri kenslumála hér á landi. Það er ætlast til, að hann ferðist um, skoði húsin, kensluáhöldin og kynni sér, hvernig kenslan fer fram, hvað sér-taklega þyrfti að bæta, og láti síðan landstjórninni í té skýrslur og leiðbeiningar. Þessi styrkur, að eins 800 kr. hvort árið, er eingöngu til ferðakostnaðar handa manninum, en hann leggur verk sitt og tíma sinn í sölurnar og er ánægður, ef hann að eins sleppur efnalega skaðlaus.

Eg skal geta þess, að tillaga í þessa átt, en upphæðin var 1000 kr. hvort árið, kom fram í Nd., en öðlaðist ekki samþykki deildarinnar. Nú eru það stiftsyfirvöldin, sem taka á móti skýrslum um barnaskóla og eiga að gera tillögur með hliðsjón af þeim um tillög til skólanna. Stiftsyfirvöldin eru ekki eins kunnug og æskilegt væri, þau hafa fæsta skólana séð og þekkja fæsta kennarana og verður því niðurjöfnunin óhjákvæmilega nokkuð af handahófi, einkum þar sem skýrslurnar eru alls eigi fullnægjandi né óyggjandi. Til þess að eftirlit með skólunum geti farið viðunanlega úr hendi, þurfa skýrslurnar að vera mjög nákvæmar og samvizkusamlega úr garði gerðar; þær þurfa að taka fram, hvenær skólinn byrjar og endar, lýsa prófum, hve mörg börn fái

tilsögn, svo og fjárhag og hvort mikil fébörf sé fyrir hendi. Ef vel ætti að vera, þyrfti þess utan að vera upplýsingar um, hvernig húsum sé háttað og hve stór, rúmmál kenslustofanna o. s. frv. Þetta alls þyrfti fjárveitingarvaldið að hafa áreiðanlegar skýrslur um, til þess að geta verið fullkomlega réttlátt gagnvart hinum einstöku skólum.

Menn munu nú segja, að hægt sé að fá skýrslur þessar á hægari hátt en þann að senda mann út um land alt; en nú ber þess að gæta, að litt mögulegt er að fá skýrslur, sem maður er nokkuru nær fyrir, hjá hinum einstöku skólastjórum, og svo er það þeirra eiginn skóli, sem þeir eru að lýsa, en aftur á móti, ef sami maður rannsakar kenslumálin, skólahúsin og ástandið í heild sinni, er það auðsætt, að hann hefir meiri skilyrði fyrir hendi, til að dæma um þessi efni, þar sem hann notar sama mælikvarða, hefir yfirlitið, samanburðinn yfir alla heildina og ekki sízt, þegar þetta er maður, sem er gagnkunnugur skólahaldi og kenslumálum, ekki einungis hér, heldur erlendis og hefir gert það að lífsstarfi sínu. Unglingakenslan er svo mikilsvarðandi mál, að menn ættu ekki að horfa í að leggja ofurlitið í sölurnar, til þess að koma henni í heppilegt horf. Eg álít því sjálfsagt að taka boði Jóns Þórarinssonar skólastjóra, með því að eg er þess fullviss, að starfi hans muni bera góðan ávöxt. Eg hef heyrt suma menn halda því fram, að styrkur þessi kæmi í bága við aðra styrkveitingu á fjárlögunum, sem sé styrkveitinguna til Guðm. Finnbogasonar, en það er hreinn og beinn misskilningur, heldur er þessi styrkveiting í bezta samræmi við hana og jafnvel alveg nauðsynlega í sambandi við hana, því að ef rannsókn sú fer fram, sem hér er farið fram á, er hinn bezti grundvöllur fyrir hr. Guðmund Finnbogason til að byggja á, þegar hann kemur aftur úr utanför sinni. Aftur á móti, ef engar slíkar rannsóknir lægju fyrir hendi, þegar hann kemur, hlyti hann að þurfa að takast ferð á hendur um landið, til að kynna sér ástandið hér, áður en hann kæmi með tillögur sínar og að sjálfsögðu þyrfti að styrkja hann á ný til þess, og hlyti þá að leiða af því, að framkvæmdunum á því að kippa skólafyrirkomulaginu í lag frestaðist enn um 2 ár.

Þá á eg aðra breyt.till. á þskj. 553 við 14. gr. B. 10. um, að styrkurinn til Iðnaðarmannafélagsins sé hækkaður um 200 kr. hvort árið Félag þetta er fátækt og þarfnast fjár. Þingið hefir í nokkur ár styrkt það lítið eitt og er það lofsvert að vilja hlaupa undir bagga með þessum félagsskap, honum hefir lengi verið lítill gaumur gefinn, og iðnaðarmenn hafa ekki haft sig mikið frammi og ekki kvabbað á þingið. Nú á seinni árum hafa þeir vaknað til áhuga um sín mál og eru farnir að gera meira fyrir sína stétt en áður. Um nokkur undanfarin ár hafa þeir haldið uppi kvöldskóla, til þess að veita iðnnemum tilsögn í teikningu og ýmsu fleiru, sem iðnaðarmönnum er bráðnauðsynlegt.

Nú ætlaðist h. Nd. til þess, að kvöldskóli þessi nyti góðs af þeim 1200 kr., sem deildin ætlaði til styrks félaginu, en helming fjárins væri varið til að styrkja efnilega unga menn til utanfarar, til þess að fullkomna sig hver í sinni grein. Til annara fyrirtækja og framkvæmda hefir félagið því að eins 600 kr., og sjá menn, að það fé muni vera harla ófullnægjandi, og minna en 600 kr. er ómögulegt að komast af með til siglinganna. Það má því ómögulega skerða það fé, sem til þess á að fara, því siglingarnar eru vegur til að fá nýtari, fjölhæfari og fullkomnari menn í iðnaðarmannastéttina.

Mér er kunnugt um, að félagið fær fjölda af styrkbeiðslum í þessa átt og verður að synja fleirum en æskilegt væri sökum þess, hve lítið fé það hefir yfir að ráða. Mér er líka kunnugt um það, að félagið styrk-

ir nú þann mann, sem háttv. 2. þm. Suð urmúlasýslu (G.V.) mintist á í ræðu sinni í sambandi við að styrkja mann til að læra byggingarfræði. Eins og hinir háttv. þm. sjá, hefir félagið í mörg horn að líta og er því eigi nema sanngjarnt að hækka styrki n úr 1200 kr. upp í 1400 kr. og ákveða 600 til siglinganna og 800 kr. til annara þarfa félagsins, og þar á meðal að koma skólanum í fullkomnara horf. Iðnaðarmenn eru ekki fjáðir menn og geta því ekki látið mikið af hendi rakna frá sjálfum sér, en hafa þó lagt á sig talsverð gjöld, til þess að koma skólanum í gott lag og fá að hafa kenslukrafta til hans. Þetta er lofsverður áhugi og sýnir, að þeir eiga fullkomlega þessa hjálp skilið. Nú kunna menn að segja, að félagið eigi sjóð og eitthvað geti þeir gert við hann. Satt er það að vísu, en honum hafa þeir varið til þess að byggja hið veglega hús, er þeir hafa reist hér í bæ, en urðu auðvitað að taka stórt lán til þess og þar að auki að leggja talsvert fé úr eigin vasa. Húsið er þeim til sóma og hefir bætt úr þörf bæjarmanna á samkomuhúsi. Til þess að borga vexti og afborgun þarf mikið fé, svo félagið hefir átt í vök að verjast.

Eg hygg því, að þingið gerði vel og þeim peningum sé vel varið, sem færu til að styrkja þetta félag.

Eg vona líka, að þetta verði samþykt og glöddu mig undirtektir eins háttv. þm. nfl. 2. þm. Suðurmúlasýslu (G.V.) og þau hlýju orð, er hann hafði um br.till. þessa. En aftur á móti get eg ekki verið honum samdóma um aðra styrkveitingu, er hann mintist á í sambandi við þetta, sem sé til cand. phil. Rögnvalds Ólafssonar. Hann óskaði þess, að hún væri burtu numin, þar eð hún yrði til byrðar fyrir landssjóð. Mér er kunnugt um, að þessi maður hefir bæði sérstaka löngun og sterkan áhuga til að fullkomna sig í þessari list. Við eigum engan lærðan byggingarmeistara, og húsagerð vor er á mjög lágu stigi og væri því bráðnauðsynlegt að gera eitthvað, til þess að kippa henni í lag.

Ef einhverjar stórbyggingar þarf að reisa, erum vér, eins og mörg dæmi sýna, nauðbeygðir til að fá teikningar og áætlun hjá útlendum byggingarmeisturum og eru þær oft miður áreiðanlegar, sökum þess að þeir þekkja lítt til ástandsins hér á landi. Væri þá ekki betra, að við fengjum mann, sem fullkomlega gæti jafnast við hina útlendu meistara að lærdómi, en hefði það fram yfir að þekkja hagi þjóðarinnar, veðurlag í ýmsum pörtum landsins, og hvernig hér er háttað og hefði íslenzkt blóð í æðum? Það er kunnugt, að á núgildandi fjárlögum sé veitt fé til þess að rannsaka byggingarefni hér á landi og koma með tillögur um fullkomnari húsagerð hér á landi, og væri enginn hæfari til þess en einmitt sá maður, er lært hefði húsagerðarlist frá rótum, en smiðir vorir hafa eigi þá undirbúningskunnáttu eða þekkingu, sem til þess þarf. Þessi maður hefir ágæta undirbúningsmentun, þar sem hann er stúdent með ágætiseinkun og hefir lagt mikla stund og frábæra alúð einmitt á þau efni, er hér ræðir um, svo búast má við, að hann verði ekki lengur en í hæsta lagi 4. ár að fullkomna námið. Landið gæti haft stórmikið gagn af starfsemi hans og skal eg að eins til dæmis taka, að hér á landi eru árlega reistar 6—8 og jafnvel stundum fleiri kirkjur, og fá þær að kenna á hinu ófullkomna formi og stílleysi sem hér ríkir í allri húsagerð, enda er kirkja sú, sem ætti að vera til fyrirmyndar, dómkirkjan í Reykjavík ekki sem heppilegust fyrirmynd, því turninn á henni er svo ófagur og óheppilegur, að það særir fegurðartilfinningu allra smekkvísra manna. Eg hef ferðast víða um landið og get um það borið, að hörmung er að sjá nýlegar kirkjur svona amlóðalega bygðar, eins og einatt vill verða, og þessa ómyndarkúfa, sem naumast geta kallast

því nafni að heita turnar. Eg segi ekki þetta smiðum vorum til ámælis; ýmsir þeirra eru svo færir, sem ætlandi er til eftir undirbúningi þeirra; en þeir hafa ekki fengið næga mentun. Oss vantar þekking og hæfa menn, til að hrinda þessu áfram.

Eg ætla nú að víkja fáum orðum að breyt.till. á þskj. (549) um að fella 3. 4, 5. töllulið í 13. gr. A í burt. Eg get ekki fallist á, að styrkveitingin falli í burt. en hins vegar get eg fyllilega játað, að það væri heppilegra að nema burtu sundurliðunina milli nafngreindra brauða og láta svo landsstjórnina úthluta styrknum eftir þörfum prestakallanna. Mér var mjög kært, að hin háttv. nefnd skyldi taka upp aftur styrkinn til biflíufélagsins.

Hinni háttv. deild er það ljóst, að hér er um verk að ræða, sem verðskuldar styrk. Stjórn Biblíufélagsins hefir skrifað guðfræðisdeild háskólans í Kaupmannahöfn og beðið um álit hennar á þýðingarmálinu og þeim reglum, sem vér fylgjum við verkið. Eg hefi nú heyrt með vissu, að guðfræðisdeildin hafi orðið við þessum tilmælum og sent álit sitt og í því farið mjög hlýjum orðum um þetta starf og sagt, að það sé öldungis rétt aðferð að leggja hebreska frumtextann til grundvallar við þýðinguna og einmitt fyrir það sé gildi þýðingarinnar miklu meira. Bréf þetta hefir komið til þingsins, þótt mér hafi ekki gefist kostur á að sjá það, en einhvern veginn farið í óskilum; en mér hefir verið skýrt frá efni þess og veit eg það, að hin h. deild tekur orð mín trúanleg. Það var því ekkert tildur eða fordild af Biblíufélaginu — eins og sumir menn héldu hér fram á þingi 1899 — að leggja hebreska textann til grundvallar, heldur er það dómur þeirra manna, sem mest bera skynbragð á málið, að einmitt það auki gildi þýðingarinnar að miklum mun, í stað þess að þýða eftir jafnvel hinum beztu útlendu biflíuþýðingum, sem sumir hafa haldið að vel mætti duga oss.

Þá stingur nefndin upp á því, að liðurinn 43. á atkv.skr. undir 14. gr. A. 19., styrkurinn til Jóns Jónssonar sagnfræðings, sé feldur burt. Eg hefði nú fremur óskað, að hann héldist kyrr. Hér er að vísu um ungan mann að ræða, en það er ekki ævinlega heppilegra að byrja að styrkja menn, þegar þeir eru orðnir gamlir, en hafna þeim, meðan þeir eru á yngri árunum, og það er naumast von um, að slíkar styrkveitingar verði að eins miklu gagni, eins og þegar styrktir eru menn í fullu fjöri og góðum starfshæfileikum. Hér er um mann að ræða, sem er á bezta aldri og með fullkomnu starfsþreki, og gefur það oss von um, að árangur verði að styrkveitingunni. Maður þessi hefir sýnt áður, að hann hefir töluverða hæfileika til sögulegra rannsókna, og hér er líka ekki að eins farið fram á, að hann eigi að safna og rita, heldur og að halda fyrirlestra úr sögu landsins. En hið lifandi orð hefir jafnan mikla þýðingu, og það er ekki ólíklegt, að slíkt geti vakið ást manna á sögufræðislegu námi, og ætti það að leggja til sinn skerf í því efni, þar sem vona má, að slíkt geti orðið að töluverðum notum. —

Hvað það snertir, að þessi maður yrði svo lengi handbendi landsjóðs, og óráð væri að styrkja hann af þeim orsökum, þá gæti hugsast, að hann áður langt um liði yrði kominn í þá stöðu, að hann ynni sér inn lífsuppeldi á annan hátt, enda er það á valdi þingsins, ef því þykir styrkurinn ekki koma að tilætluðum notum, að kippa honum burt, enda hefir það gert slíkt áður, og er ekki langt að leita í því efni. —

Þá hefir mér þótt leitt, að nefndin hefir viljað fella burtu tölul. 45., styrkinn til Sighv. Grímssonar, og er þó hér að eins

um mjög lítinn styrk að ræða, einar 200 kr. Hvað munar landssjóð um slíkt? og hvaða þýðingu hefir það fyrir fjárhag landsins að fella burt þennan styrk? Hér er líka um nógu gamlan mann að ræða, og það er engin hætta á því, að hann verði of gamall á landssjóðnum. Maður þessi hefir ákaflega mikinn áhuga á sagnafróðleik, hefir töluverða þekking í þeim efnum, og ritað mikið í þeirri grein, þó það sé ekki komið fyrir almennings sjónir. Eg veit að sönnu ekki, hvílíkt gildi slík rit hafa, og það má vel vera, að þau standist ekki fyrir ströngum dómi. En eftir vitnisburðum merkra manna, er fylgja styrkbeiðninni, munu þau þó hafa töluvert gildi, svo að vert væri að styrkja hann dálítið. Hann vinnur nú að söguriti einu, prestaævum, sem er mörg þúsund blaðsíður að stærð, en til þess að fullkomna það, þarf hann að geta dvalið hér í Rvík um nokkurn tíma, til þess að afla sér upplýsinga, sumpart hjá einstökum mönnum, en þó einkum á bókasöfnunum. Og þegar hér er að ræða um að gleðja aldraðan mann, og sýna honum viðurkenningu, vona eg, að þingið sjái ekki eftir svona lítilli upphæð, svo ritsafn þetta komið að fullu frá hans hendi.

Viðvíkjandi prestakallalánunum sagði hæstv. landsh., að til þess að veita þau, þyrfti ekki heimild þingsins. Þetta er að vísu satt, og hæstv. landsh. hefir veitt ýmsum prestaköllum lán á þennan hátt, þótt það hafi verið gert með nokkurri tregðu, enda hefir verið lítið um slík lán á hinum síðari árum. Hvað kirkjurnar snertir, hefir þeim verið vísað í kirkjusjóðinn, en hann er ekki svo á vegi staddur, að hann geti uppfylt lánsþarfir kirkna, nema að litlum mun, og á 2 hinum síðustu árum hefir hann orðið að vísa frá sér ýmsum lánbeiðnum, sem hann hefir ekki getað tekið til greina. Þar sem hann hefir ekki haft meira fé, en til að uppfylla eldri loforð um lán. Hvað eiga svo söfnuðirnir að gera, þegar byggja þarf kirkjur eða gera þarf við þær, en ekkert fé er fyrir hendi? *(Landshöfðingi:* Hvað var gert áður?) Það dugar ekki að vitna í það sem áður var, því nú er heimtað, að kirkjurnar sé dálítið viðunanlegri en áður, og menn una sér ekki við, að þær séu eins og moldarhrúgur, heldur heimta, að þær séu í sómasamlegu ástandi. Nú er engin kirkja bygð svo lítil, að hún kosti ekki 2—5000 kr., en söfnuðirnir hafa ekki mikið með höndum, til að byggja kirkjurnar af, þar sem ekki er nema um litla kirkjuportion að ræða, og engin aðgangur að neinum sjóði, er láni kirkjunni fé. Það mun verða sagt, að einstakir menn í söfnuðunum geti útvegað kirkjunum lán með því, að ljá fasteignarveð, og geti svo fengið lánið í Landsbankanum. En þess er að gæta, að þeir menn eru ekki margir, er geti léð jarðir sínar að veði, og þar að auki eru þær kirkjur ekki margar, er geti tekið t. d. 3000 kr. lán til 10 ára og staðið svo í skilum með 300 kr. afborgun á ári fyrir utan vöxtuna. Eg verð því að líta svo á, að landssjóður verði að hlaupa hér undir bagga. Eg skal nefna eitt dæmi upp á ástand kirkna. Það er Staðarkirkja í Aðalvík. Hlutaðeigandi prófastur skrifar mér nýlega, að kirkja þessi sé í ófæru ástandi, og eg skrifa honum aftur, að það verði að gera svo við hana, að hún verði messufær. Segir prófastur mér, að ekki sé fé til, því þótt gert sé við kirkjuna í ár, þyrfti að byggja hana upp að ári liðnu. Hefir verið beðið um lán til byggingar henni, en kirkjusjóðurinn getur ekki, fyr en eftir mörg ár, sint beiðni hennar, þrátt fyrir það þótt bráð nauðsyn sé á því, að endurbyggja hana næsta ár.

Julius Havsteen: Eg hefi ekki lagt mikið í umr. og eg skal lofa h. þd. að vera ekki langorður. Eg álít það tilgangslaust að fara að þræða allar þær athuga-

semdir fjárlaganna., sem eg kynni að hafa eitthvað út á að setja.

Það, sem sérstaklega hefir hvatt mig til að standa upp, er till. um styrk til Vesturamtsins, til þess að kaupa búnaðarskólann í Ólafsdal. Vildi ek leyfa mér að fylla nokkuð skýrslu háttv. þm. Stradam. (G. G.), og segja álit mitt um þetta mál. Eg skal taka fram, að eg yfirleitt get fallist á alt það, sem h. þm. Strandam. (G. G.) sagði, en hann vantaði að nefna annað aðalatriðið í málinu eða að geta þess, hvað skólinn með tilheyrandi jörðum ætti að kosta. Þegar Torfi skólastjóri Bjarnason bauð Vesturamtinu skólann vorið 1899 ásamt jörðinni og húsunum, áhöfn o. s frv., átti hann að kosta 44000 kr.. en amtsráðinu þótti ofmikið fyrir amtið, að binda sér slíka byrði á herðar. Í ár bauð skólastjórinn amtinu aftur skólann til kaups, en nefndi ekki annað, en að selja hann fyrir sanngjarnt verð, án þess að tilgreina neina ákveðna upphæð; eg hefi síðar heyrt, að skólastofnunin væri komin upp í 47000 kr. En það er ekki nóg, að veita Vesturamtinu styrk, til að kaupa skólann, skólastjórinn verður að segja til, fyrir hvaða verð hann vill selja, en meðan hann hefir ekki sagt það, er ekki hægt að segja um, hvort amtið treystir sér til að kaupa hann. Eg skal svo enn geta þess, að mál þetta var rætt mjög ítarlega af amtinu bæði á fundi þess 1899 og nú á þessu sumri, og gerði ráðið sér glöggva grein fyrir því, hvað skólahald og kaupin mundu kosta amtið, og hve mikið niðurlagning skólans mundi kosta.

Eg get þó ekki álitið, að fjárveiting þessi sé óeðlileg, þótt svo færi, að ekki yrði úr því, að amtið keypti skólann, og hún er ekki óeðlilegri en hin venjulega fjárveiting upp á 2500 kr. styrk, hvort árið, sem verður því að eins notaður, að skólanum verði haldið áfram.

Eg vil að eins geta einnar till. í frv., sem sé þeirrar að veita Rögnvaldi stúdent Ólafssyni styrk, til að nema húsagerðarlist, og verð eg að vera þar h. 2. þm. S.-Múl. (G. V.) samdóma í því, að það sé fágætur undirbúningur, sem þessi maður hefir haft til að læra „arkitektur“. Það er í fyrsta sinn, að eg fæ að vita úr annari átt, að til slíks undirbúnings heyri. að hafa gengið á latínuskólann og prestaskólann og tekið próf í heimspeki. Sá, sem vill nema hina nefndu húsagerðarlist, verður fyrst að vera múrari eða trésmiður, og eg er viss um, að styrkþegin verður að byrja á því, að taka verklega æfingu í annarihvorri þessari iðnaðargrein, áður en hann kæmist á þann skóla, þar sem slík list er kend.

H. 2. kgk. þm. (H. S.) lét í ljósi, að sér fyndist leitt, ef styrkveitingin til Sighvats Grímssonar væri feld. Eg get sagt hið sama um till., að 150 kr. styrkurinn til refaskyttunnar Jóhanns Halldórssonar sé feldur burt. Maður þessi er orðinn gamall og því má ekki búast við, að hann verði lengi handbendi landssjóðs; hann er þurfandi og steinblindur og hefir unnið landinu mikið gagn, meðan honum entist heilsa til, og vil eg því mæla með, að hann fái að halda þeim styrk, sem sþ. var í h. Nd., ef Sighvatur Grímsson verður látinn halda þeim styrk, sem honum hefir verið ætlaður.

Ólafur Ólafsson: Eg get tekið undir með h. 1. kgk. þm. (J. H.), að ræður eru orðnar langar, og vil eg því ekki þreyta þolinmæði h. þm. með langri ræðu, enda er það ekki margt, sem eg hefi að minnast á.

Eg skal fyrst víkja orðum mínum að h. 2. þm. S.-Múl. (G. V.), þar sem hann minnist á kenslu heyrnar- og málleysingja, og er eg honum samdóma um það, að réttara hefði verið, að skýrsla væri fyrir hendi um kensluna og árangurinn af henni á umliðnum tíma; en eg þori að fullyrða, að slík skýrsluvöntun er ekki

komin af kæruleysi né af því, að kenslan sé ekki í lagi. Eg mun vera sá, sem kunnugastur er í þessu máli hér á þingi, án þess eg vilji segja, að hæstv. landsh. og styftsyfirvöldin sé ekki kunnug þessu máli, en eg á heima í næsta prestakalli við kenslustofnunina og kem þangað oft, og hefi því tækifæri til að kynna mér, hvernig þessari kenslu er háttað. Fyrst og fremst stundar presturinn kensluna sjálfur og sýnir þá skyldurækni og dugnað, sem hann er kunnur að í hvívetna, og þar að auki hefir hann sér til aðstoðar 2 kenslukonur, sem báðar eru í almennu áliti fyrir skyldurækni og að þær standi vel í stöðu sinni. Hygg eg, að mér muni óhætt að lýsa yfir því sem kunnugur maður, þótt eg hafi ekki verið við prófin, að kenslan sé í mjög góðu lagi og meðferðin á heyrnar- og málleysingjunum ágæt í alla staði.

Þá vil eg snúa mér að tveimur eða þremur liðum öðrum og verður þá fyrst fyrir mér töluliðnr 35 á atkv.skr., breyt.till. við 13. gr. B. VI. m. Eg hefi hingað til verið svo heppinn, að eg hefi getað verið sammála h. fjárlagan. og till. hennar til þessa og tel eg mér það sóma, að geta haft sömu skoðun og hún, en þó get eg ekki verið nefndinni samdóma um nokkur atriði, sem hér koma á eftir. Að því er tölulið þann snertir, er eg mintist á, þá fer hann fram á, að feldur sé niður styrkurinn til unglingaskóla í Dalasýslu. Mér er jafnan viðkvæmt, þegar minst er á mentun alþýðunnar, enda hefi eg dvalið allan aldur minn meðal hennar, og er því kunnugur hugsunarhætti hennar. Eg hefi séð, að alþýðumenn eru misskilningi undirorpnir, og að það rætist á þeim, að „því er fífl, að fátt er kent“, en eg hygg, að alþýðan hér sé ekki að náttúrufari heimskari en fólk í öðrum löndum, og þó hún kunni að standa á baki öðrum þjóðum, þá sé það af því, að henni bjóðist svo lítill kostur á að afla sér fróðleiks og lítið tækifæri til að kynna sér það, sem glætt gæti þekkingu hennar.

Mig minnir, að h. frsm. (Kr. J.) talaði um, að skólamál þetta hefði haft svo lítinn undirbúning og teldi það styrkveiting þessari til forátttu. Verið getur, að undirbúningurinn sé ekki fullkominn, en þess ber að gæta, að menn þar vestra hafa mikinn áhuga á þessu máli. Það mun öllum kunnugt, að prófasturinn í Dalaprófasts dæmi er mesti ágætismaður og áhugamaður á því að menta sóknarbörn sín og hefur mikinn huga á því, að koma þar á fót einhverri kenslustofnun. Nokkur undirbúningur hefir þegar verið gjörður. Hús hefir verið bygt til kenslunnnar, kennari hefir verið ráðinn, og svo ætlar sýslusjóður að leggja til, að eg hygg, ekki óálitlegan skerf, til að borga með kensluna, og frekari undirbúning var ekki hægt að gera að svo stöddu. Álít eg því varhugavert fyrir þingið að neita um þessa litlu fjárupphæð. Eg játa það að vísu, að mentunarmál alþýðu er í molum og í megnu ólagi, en það er engin ástæða til að hafna þessu fyrir það, heldur einmitt hvöt til að hrinda því áfram. Mentamál alþýðunnar álít eg það mál, sem þolir enga bið, og að það sé skaði í hverju árinu, sem líður, án þess að ráðin sé bót á því. Eg ætla því fyrir mitt leyti, þó nefndin leggi til, að þessi liður falli niður. að gefa honum engu að síður atkvæði mitt, í þeirri von, að styrkurinn verði að einhverju gagni, því eg ber það traust til manna þar vestra og sérstaklega til prófastsins með sínum miklu hæfilegleikum, að hann sjái um, að fjárveitingin geti orðið að talsverðum notum.

Þá er annar liður, þar sem eg get ekki orðið samþykkur h. nefnd, það er 41. liður á atkv.skr. við 14. gr. A. 14, um 500 kr. árlegan styrk til skáldsins Þorsteins Erlingssonar, sem sþ. var í h. Nd. Fjárlaganefndin hér í Ed. hefir nú komið með þá till., að styrkur þessi falli burt. Þeg-

ar styrkur þessi var samþ. í Nd. var það sagt bæði innan þings og utan, að hann mundi verða feldur í Ed., af því að þar væru svo margir kirkjunnar menn. Eg veit ekki, hvaða skoðun aðrir kirkjunnar menn hafa á þessu, en eg segi fyrir mig, að þó eg sé kirkjunnar maður, eða öllu heldur, af því að eg er kirkjunnar maður, þá ætla eg að greiða atkvæði með því, að þessi fjárveiting standi. Í kirkjunni vildi eg hafa lært og kent að vera vægur í dómum og umburðarlyndur við þá, sem hafa aðra skoðun en kirkjan, sem eg er í. Það er satt, að þessi maður hefir stjakað óþyrmilega við kirkjunni og borið henni á brýn, að hún hefði sár, og væri ekki gerð af vel sterkum viðum. Eg held, að vér getum allir kannast við það, að kirkjan hafi sár, mikil sár, og að hið mannlega í henni sé mikið fúið. Það er gott að kannast við þetta, því þá sjáum vér, að oss ber að græða sárin og bæta hina fúnu síðu og setja aðra betri í þeirra stað eftir því, sem í manna valdi stendur.

Því hefir verið kastað fram hér í h. deild, að vér hefðum ekki efni á, að styrkja marga menn. Þetta er auðvitað satt, en enn þá síður höfum vér efni á því, að láta efnilega gáfaða menn verða að engu. Vér verðum að hafa það hugfast, að byrja öldina með því, að nota alla krafta þjóðarinnar, og mesti skaðinn er ekki það, að veita 4—500 kr. styrk á fjárlögunum, en hitt er meiri skaði, að rétta þeim ekki hjálparhönd, sem geta gert þjóðinni hið mesta gagn.

H. 2. kgk. þm. (H. Sv.) sagði það, sem eg vildi hafa sagt viðvíkjandi Jóni Jónssyni frá Ráðagerði. Eg veit ekki betur, en að viðurkent sé af öllum, að hann sé efnilegur maður, og ber það traust til hans að þó hann fengi þennan styrk til frambúðar, þá mundi hann verða að verulegu gagni, og því vel eg mæla með, að styrkur þessi standi óhaggaður, þar sem hann líka styður að þjóðlegum þrifum.

Nefndin hefir farið fram á það undir tölulið 51. að færa niður styrkinn til Búnaðarfélags Íslands úr 12000—12000 í 10000—10000. Þessu get eg ekki verið samþykkur. Eg þarf ekki að fara mörgum orðum um búnaðarástandið nú, því það er öllum kunnugt, og að það er brýn þörf að bæta úr því basli og bágindum, sem orðin eru við þennan atvinnuveg. Mér finst það ekki heppilegt, að spara fé með því, að draga úr þessum atvinnuvegi, sem er þjóðlegastur, gagnlegastur, og þarf mestrar hjálpar við. Þegar landbúnaðurinn líður undir lok eða verður sama sem að engu, ímynda eg mér, að íslenzku þjóðerni verði hætt, því það eflist ekki mikið við aukinn þilskipaútveg, en landbúnaður er og verður einna drýgstur fyrir íslenzkt þjóðerni.

Eg mun því vera á móti því, að styrkur þessi sé lækkaður, og mun greiða atkvæði á móti því.

Þá hefir nefndin lagt það til á tölul. 52. að styrkurinn til þess að koma slátrunarhúsi á fót hér í Reykjavík falli burt. Mér þykir það leiðinlegt, að nefndin, sem er skipuð svo vitrum mönnum og góðum búmönnum, skuli hafa komist að þeirri niðurstöðu, að fella þennan styrk. Mér þykir þetta leiðinlegt margra hluta vegna. Austur í Arnessýslu er þetta áhugamál bæði sýslunefndarinnar og fjölda annara manna, og er álitið, að vert sé, að veita fé til þess, því slíkt geti haft víðtækar afleiðingar. Það má telja því margt til gildis, að slátrunarhúsi væri komið hér upp, 1. mundi verða miklu betri meðferð á sauðkindum þeim, sem reknar eru til Reykjavíkur til slátrunar. Mér hefir oft blöskrað meðferðin á þeim, og hve tilfinningarlausir menn eru, að geta ekki fundið, hve harðýðgisleg sú meðferð er, þegar búið er að reka kindurnar hingað langar

leiðir að og yfir margar ár að hrekja þær hér úr einu portinu í annað, frá Heródesi til Pílatusar og frá Pílatusi til Heródesar aftur, meðan verið er að bjóða þær til kaups og láta þær standa hér langan tíma kaldar og hungraðar og bíða dauða síns. Á þessu mundi ráðast bót, ef hér væri til slátrunarhús. 2. með þessu mundi verða ráðin bót á þeim óþrifnaði, sem nú á sér stað æði víða við slátrunina, sem eg ímynda mér, að öllum sé kunnugt um. 3. Kjöt og allar afurðir mundu verða miklu útgengilegri vara fyrir þann, sem selur, og álitlegri fyrir þann, sem kaupir. — Að vísu er sumstaðar slátrað vel, en víða illa, og það er leiðinlegt að sjá, þegar lifandi kindur eru látnar standa yfirir því, meðan öðrum er slátrað.

Síðast en ekki sízt mundi slíkt slátrunarhús kenna mönnum, að verka svo kjötið, að það yrði útgengileg vara í útlöndum. Með því móti mundi saltkjöt verða flutt út, og áður langt um liði, mundi niðursuðuhús rísa upp við hlið slátrunarhússins, og með þessu móti mundi myndast betri og eðlilegri markaður fyrir sauðfénað vorn en nú er. Menn hafa svo mikið fyrir, að koma upp kindum sínum, að það má ekki minna vera, en að þegar á að lóga þeim, að þá sé alt gert, sem gert verður af þinginu og stjórn til þess, að þær geti komið eigandanum að sem beztum notum, og greitt sé sem bezt fyrir sölu þeirra. Eg álít þetta því þess vert, að þingið gefi því gaum. og verði þessi styrkur veittur, mun ekki vanta menn til að nota hann og ekki langur tími líða, áður hann ber góðan árangur. — Eg leyfi mér því, að láta þá ósk mína og von í ljós, að háttv. deild verði ekki sammála háttv. nefnd í þessu máli.

Þá er br.till. við 14. gr. A 23, og er eg þar samdóma nefndinni,

Sömuleiðis hvað styrkinn til Halldórs Lárussonar snertir til hraðritunar. Eg álít það ráðleysu, að kippa honum burt nú. Fyrst menn hafa sagt a, verða menn líka að segja b. Þingmönnum í báðum deildum mun það vel kunnugt, að styrkurinn hefir komið að góðu gagni. Styrkþegi hefir skrifað hér á þingi, og eg hef bæði heyrt og séð, að hann hefir komið að góðu liði. Það er því skynsamlegt að styrkja hann frekara, svo að hann geti kent öðrum og hraðritarar fáist inn á þingið.

Þá er 55. liðurinn á atkvæðaskránni, að launaviðbót dýralæknis hækki úr 400 kr. upp í 600 kr. Það er oft talað um, hve leiðinlegt það sé, að sami maður sé með bón um launaviðbót á hverju þingi, en hvað þessa beiðslu snertir, þá álít eg hana í alla staði eðlilega og þinginu sjálfu að kenna, að hún er framkomin. Það er vitaskuld, að úr því verið er að stofna þetta embætti, þá þarf að launa það sómasamlega, svo að maðurinn geti lifað, eins og aðrir embættismenn, og það er lítt mögulegt með fjölskyldu hér í Reykjavík fyrir minna en 1800 kr. Eg veit, að menn eru orðnir þreyttir á löngum ræðum og ætla eg því ekki að orðlengja þetta frekar.

J. Jónassen: Eg á hér nokkrar breyt.till. — Við 13. gr. B II 3 legg eg til, að bætt sé inn í liðinn „til verkfæra“, eins og áður hefir staðið í frumv.

Við 13. gr. B II 8 hefi eg lagt til, að „ýmisleg útgjöld“ til læknaskólans séu hækkuð úr 100 kr. upp í 200 kr. Upphæðin hefir verið of lítil, svo að eg hefi orðið að borga sjálfur úr mínum eiginn vasa upp í væntanlegt næsta árs tillag. Til prestaskólans eru og veittar í þessu skyni 200 kr. og munu „ýmisleg útgjöld“ þar minni en við læknaskólann. Ef læknaskólanemendur hafa átt að fá lík til kryfjunar, þá hafa þeir orðið að borga fyrir það úr sínum eiginn vasa. Þannig skutu þeir saman í vor 50—60 kr., til þess að fá lík úr Hafnarfirði til uppskurðar. Því að hvaðan átti að taka peningana? En

slíkt er ótilhlýðilegt, að nemendur séu að borga slíkt úr eiginn vasa.

Þá hefi eg komið með breyt.till. við 14. gr. B 6, að styrkurinn til að rannsaka fóður- og beitijurtir falli burt, 1000 kr. f. á. Þessi tvö fjárhagstímabil, sem styrkur þessi hefir verið veittur, hefir mér vitanlega engin skýrsla komið um þessar rannsóknir. Viðkomandi styrkþegi er mjög vel að sér í grasafræði, en það er nokkuð annað en fóður- og beitijurtafræði, og til slíkra rannsókna hefir hann enga kunnáttu. Hann hefir orðið að senda út það, sem hann hefir viljað láta rannsaka, og hefir engin grein verið gerð fyrir þeim rannsóknum, hvort þær hafi verið framkvæmdar eða ekki. Þess konar rannsóknir þurfa að vera ákaflega nákvæmar og verða ekki gerðar, nema með sérstökum tilfæringum á efnafræðislegu „laboratorii", sem er ekki til hér á landi. Það hefir alls ekkert komið fram, sem hefir sýnt, að þessar rannsóknir hafi orðið til nokkurs gagns, og hafa ekki haft og geta ekki haft hina minstu praktiska þýðing Eg hefi heyrt, að send hafi verið út sýnishorn af töðu og útheyi og beðið umsagnar um, hve mikið fóðurefni væri í hverju fyrir sig, og niðurstan hafi orðið sú, að það hafi verið meira fóðurefni í útheyinu en töðunni. Það er ljós vottur þess, hvað slíkar rannsóknir eru merkilegar og hafa mikla praktiska þýðing! Eg er sannfærður um, að styrkur til slíkra rannsókna er veittur beint út í bláinn, þar sem 1000 kr. á ári má eins vel fleyja út í sjóinn.

Eg get tekið undir með h. þm. A.-Sk. (Ól. Ól.), er hann áleit það illa farið, að styrkurinn til slátrunarhússins fengist ekki. Eg er sannfærður um, að styrkur þessi gæti orðið til mikils gagns og vil mjög mæla með því. að styrkur þessi fengist. Þó að það sé freistandi að minnast á ýmsar fleiri brt. nefndarinnar, ætla eg samt að sleppa því, af því að umræðurnar eru orðnar svo langar. Eg hygg, að sá, sem skrifað hefir nefndarálitið, hafi gleymt sér stundum t. d. þessari klausu: „Vér leggjum eigi til, að ný gjöld séu tekin upp í fjárlögin, nema þau, sem vér álítum óhjákvæmileg einhverra orsaka vegna".

Framsögumaður (Kristján Jónsson): Eg skal vera svo stuttorður, sem eg get, þar sem umræður hafa nú staðið svo lengi. Að því, er snertir ummæli h. þm., er síðast talaði, um, að nefndin muni hafa gleymt sér, þá held eg þó, að eg geti sagt með sanni, að hún hafi hvorki gleymt neinu af því. sem hún vildi fá framgengt, né hugsað tillögur sínar illa eða beitt þeim í ranga átt yfirleitt, og skal eg í því efni benda á, að ef tillögur hennar yrðu samþyktar, þá mundi það spara landssjóði um 9000 kr. Að vísu hefir hún farið fram á útgjalda-auka í stöku greinum fjárlaganna, en á hinn bóginn eru sparnaðar- og niðurfærslu-tillögur hennar svo margar og mikilsverðar, að ef allar tillögur hennar væru samþyktar, og engar aðrar, mundi tekjuhallinn lækka um rúmar 9000 kr.

Hvað snertir breyt.till. hæstv. landsh. á þsk. 540 við 14. gr. B 13, þá leiðir af sjálfu sér, að hún verði samþykt, því að það er að eins sjálfsögð leiðrétting á frv.

Sama er að mínu áliti að segja um viðaukatill. hans á sama þskj. við 19. gr. Það liggur í hlutarins eðli, að lán þessi geta eigi orðið veitt og komið til útborgunar (ɔ: „effektuerast") nema nægilegt fé sé til þess í viðlagasjóði.

Fyrri breyt.till. nefndarinnar á þskj. 560 við 13. gr. A b 2 gerði eg grein við upphaf þessarar umræðu, nefnil. því, að tillagið til uppbótar fátækum brauðum sé hækkað um 200 kr. Breyt.till. 2. þm. S.-Múl. (G. V.) við sama lið á þskj. 571 fer alveg í sömu átt og þarf því eigi að minnast frekar á hana.

Að því, er snertir ummæli sama þingmanns um að halda styrknum til skóla-

hússins á Blönduósi, þá er eg ekki sannfærður um, að þau hafi verið á gildum rökum bygð. Menn verða að athuga vel alla málavöxtu. Oss er kunnugt um tilraunir þær, sem gerðar hafa verið, til þess að sameina kvennaskólana á Norðurlandi, skóla Eyfirðinga og skóla Húnvetninga, sem að áliti nefndarinnar væri heppilegt að gæti fengið framgang. Hverjum var það að kenna, að sameiningin tókst eigi? Það eru full skilríki fyrir því, að Eyfirðingar, sem hafa kvennaskóla hjá sér á Akureyri, vildu sameina skólana og gerðu alt, sem í þeirra valdi stóð, til þess að fá slíkum samningum framgengt. Einnig munu Skagfirðingar hafa verið hlyntir þeim samningum, að minsta kosti austan Héraðsvatna. En að þeir komust ekki á, var því að kenna, að eg ætla, að Húnvetningar margir voru þessari skynsamlegu sameiningu mótfallnir, og tóku það þá upp hjá sér í fljótræði að drífa alt í einu upp kvennaskóla á Blönduósi. Með því hafa þeir bundið sýslufélagi sínu mjög þunga byrði, jafnframt og loku var skotið fyrir það, að fyrst um sinn gæti orðið nokkuð úr sameiningu skólanna, því að eigi mega þeir búast við því, að Eyfirðingar að svo komnu fari að flytja skóla sinn vestur á Blönduós Um byrði sýslufélagsins leiðandi af byggingu skólahússins á Blönduósi og öðrum kostnaði, er stendur í sambandi við það, er mér nokkuð kunnugt vegna stöðu minnar annars staðar. Eg get ekki lagt með því, að styrkja svo eftir á þessa sundrungarviðleitni með ríflega tillagi úr landssjóði. Eg gæti verið með styrknum, ef búið væri að sameina kvennaskólana, jafnvel þótt hann væri settur á Blönduósi.

Eins ef það hefði þótt ráðlegast að hafa hinn sameinaða kvennaskóla á Akureyri eða Möðruvöllum, þá hefði nefndin viljað styrkja þann skóla. En þennan styrk til sérstaks skólahúss á Blönduósi vill nefndin ekki leggja til að þiggið veiti.

H. 2. þm. S.-Múl. (G. V.) mótmælti því, að feldur væri burt styrkurinn til organ-ista Magnúsar Einarssonar á Akureyri. Honum fórust svo orð, að það leit ekki út fyrir það, að þessi styrkur væri veittur manninum, til að kenna sönglist og organslátt, heldur væri hann nokkurs konar fátækrastyrkur. Hann talaði um, að maðurinn væri orðinn þreyttur og hniginn á efri aldur. En eg hefi bent á áður, að ekki sé rétt að gera landssjóð að fátækrasjóði, það er hvorki pólitiskt né praktiskt rétt. — Það væri hægt að koma þessum styrk öðruvísi fyrir, og svo að betur færi á honum, svo sem að veita til söngkenslu við Möðruvallaskólann einhverja upphæð, 200—400 kr., og gæti þá þessi maður orðið fjárframlagsis aðnjótandi með því að taka að sér söngkensluna þar. Ef tillaga hefði komið fram í þá átt, þá hefði eg greitt henni atkvæði mitt, og það mætti koma henni enn að við 3. umr.

Sami háttv. þm. S.-Múl. (G. V.) hreyfði þeirri spurningu, hver grein væri gerð fyrir högum heyrnar- og málleysingjaskólans á Stóra-Hrauni, og hverjar skýrslur væru gefnar um kenslnna þar. Eg get svarað þessu þannig, að landstjórnin fær á hverju ári og hefir því í höndum reikninga yfir útgjöld skólans og skýrslu um kensluna við skólann. Reikningarnir yfir meðlagið með nemendunum eru byggðir á samningum, sem gerðir hafa verið við hlutaðeigandi yfirvöld. Mér var þetta kunnugt, þegar eg gegndi amtmannsstörfum í Suður- og Vesturamtinu; þá voru samningarnir gerðir við amtsráðin. Og landshöfðingi hefir sagt mér, að sömu borgunar-taxtar gildi enn, sem þá voru settir. (*Guttormur Vigfússon:* Má þingið ekki fá að sjá reikningana?) Það er sjálfsagt, en fjárlaganefndin hefir ekki þótzt hafa ástæðu til að biðja um að fá að sjá þá. —

Nefndin hefir lagt til að fella burt 1000 kr. síðara árið til Einars Jónssonar myndhöggvara. Eg skal ekki segja, hvað hann

hefir ætlað sér að sækja um, en í bænarskrá hans til þingsins er beðið um 2000 --2400 kr. og honum hafa verið veittar 2000 kr. f. á. Er ástæða til að veita mikið meira en hann biður um? leyfi eg mér að spyrja. Þessi mikli efnismaður hefir þegar fengið töluverðan styrk undanfarin ár og mun nú alment álitið svo, að þetta eigi að vera síðasta styrkveitingin. Ef það er rétt, að hann ætli sér suður í lönd til Rómaborgar, þá hygg eg, að þessar 1000 kr., þó að veittar væru, myndu hrökkva skamt.

H. þm. S.-Múl. (G. V.) mælti á móti styrknum til Rögnvalds Ólafssonar, en h. 2. kgk. þm. (H. Sv.) hefir aftur rækilega mælt með honum og gefið ítarlegar upplýsingar þar að lútandi. Nefndin var öll sammála um að hækka styrk hans upp í 700 kr. Mér getur ekki skilist, að það sé rétt, að það eigi að mæla móti þessum manni, að hann hefir fengið klassiska mentun. Að öðru jöfnu verður sjálfsagt að telja það góð meðmæli. Það er mikill misskilningur, að menn eigi að vera miður hæfir til að læra handiðn, af því að þeir hafi tekið stúdentspróf. Þetta gæti til sanns vegar færst, ef segja mætti, að maðurinn vegna stúderinganna væri orðinn of gamall. En nú er það ekki; maðurinn er korn-ungur, rúmlega tvítugur.

Nefndin getur ekki fallist á breyt.till. 2. þm. S.-Múl. (G. V.) við 13. gr. A. 2. á þskj. 549, en af því að eg býst við, að hann muni taka hana aftur, ætla eg eigi að minnast frekar á hana; og hvað br.till. hans á sama þskj. snertir við 13. gr. A. 3., 4. og 5. tölul., (að þeir falli burt), þá er ekki hægt, eins og þm. ætlast til, að skifta 4. tölul. á breyttill. þannig, að það sé sérstaklega borið upp, að 3. liður skuli falla burtu, en taka svo breyt.till. aftur að því er snertir 4. og 5. liðinn. Þetta er formlega ómögulegt. Enda virtist mér einnig koma eitthvað hik á þm., er hann var að fara fram á þessa skifting br.tillögunnar. Nefndin mun sem sagt vera með þeirri breytingunni á 13. gr. A. 2., að í stað 2800 kr. komi 3000 kr., en halda því fram, að hinir töluliðirnir haldist óbreyttir; þó skal eg geta þess, að nefndin hefir ekkert á móti því, að landshöfðingi úthluti styrknum öllum eftir tillögum biskups, og gæti þá athugasemdin alveg fallið burtu.

En þar sem allar þessar br.till. háttv. þm. S.-Múl. (G. V.) við 13. gr. A. (á þskj. 549 og 571) eru mjög ruglingslegar og óformlegar, þá væri réttast af honum að taka þær aftur og koma þeim betur fyrir til 3. umr.

Um breyt.till. hins h. 2. kgk. þm. (H. Sv.) á þskj. 553, skal eg geta þess, að nefndin fellst á þrjár fyrstu till. um vegina, og mun greiða atkv. með þeim, eins og eg hefi áður getið um í dag. Fjárskifting sú til veganna í Múlasýslu, sem breyt.till. fer fram á, er gerð til samkomulags og í samráði við fjárlaganefnd Nd., og ýmsa aðra Nd. þm. —

Um br.till. við 13. gr. B VI (fjárframlag til skólastjóra Jóns Þórarinssonar) er eg alveg samdóma flutningsm., og mun greiða atkv. með henni af ástæðum þeim, er h. 2. kgk. þm. (H. Sv.) tók fram, og sem nefndin felst á að hafi við góð rök að styðjast.

Þá er enn br.till. á sama þskj. um styrkinn til Iðnaðarmannafélagsins í Rvík, að hann sé færður upp um 200 kr. hvort árið; það skal fúslega játað, að félag þetta sé góðs maklegt, en nefndinni þykir því líka veitt töluverð viðurkenning og hjálp, þar sem ætlast er til, að það fái 1200 kr. styrk á ári, Það á við þennan lið, eins og svo margar aðrar fjárframlögur, að það verður að hafa fyrir augum, að íþyngja ekki landssjóði um of. Það má að vísu segja, að ekki muni mikið um einar 200 kr., en ekki þarf þó nema 5 × 200 kr. til þess að gera 1000 kr.

Nefndin hefir með þetta fyrir augum ekki séð sér fært að leggja til, að frekari upphæð sé samþ. en þessar 1200 kr. Hún kannast fyllilega við, að félagið sé myndarlegt og eigi gott skilið, og hún býst við, að geti það komið hinum fyrirhugaða skóla sínum og öðrum fyrirtækjum í gott horf, þá muni styrkurinn til þess síðar verða aukinn.

Þá mælti og háttv. 2. kgk. þm. (H. Sv.) með styrknum til Jóns sagnfræðings Jónssonar. Eg kannast við, að hér sé um efnilegan og flinkan mann að ræða, en það þarf meira en þetta eitt til þess, að hægt sé að verja það, að veita svo ríflegan styrk. Það má skoða svo, að styrkur þessi sé honum nægilegur til lífsuppeldis, þar sem hann er einhleypur maður; en nú hefir hann þó á hendi eins og kunnugt er starf, blaða-útgáfu eða ritstjórnarstörf, sem búast má við að gefi honum töluverðar tekjur, þegar fram í sækir, svo að frá því sjónarmiði einu er styrkur þessi sjálfsagt ríflegri en nauðsyn krefur. En aðalástæða nefndarinnar fyrir því, að leggja á móti styrkveitingu þessari, er sú, að eftir þeirri raun, sem á vill verða, býst hún við, að styrkur þessi muni festast á fjárlögunum, og að erfitt muni verða að losast aftur við hann, ef hann einu sinni er veittur. Þess er og hér að gæta, að maðurinn er á bezta aldri og á að eiga auðvelt með að vinna fyrir sér styrklaust með sínum miklu og góðu kröftum, og þó jafnvel geta lagt meiri eða minni stund á sögustundan sína.

Þá hefir nefndin lagt það til, að styrkurinn til Sighvatar Grímssonar væri látinn falla niður. Það eina, sem henni er kunnugt um mann þennan, er að hann er fróðleiksmaður, og mun hafa ritað nokkuð af söguþáttum í líkingu við Gísla Konráðsson. Það er annars svo, að myndast hefir hér á landi eins konar söguritaraskóli, sem tekið hefir sér Jón Espólín til fyrirmyndar; Gísli Konráðsson var einn af þeim skóla, og síðan hafa fleiri fetað í fótspor þeirra en óneitanlega virðist þessum skóla heldur fara hnignandi, og þótt Sighvatur Grímsson muni beyra honum til, veit nefndin ekki til, að hann hafi gert neitt það er varpi ljóma yfir þessa stefnu. Það er því fyrir þá skuld, að það brestur causam sufficientem (ɔ: nægilegt tilefni) fyrir fjárveitingu þessari, að nefndin hefir lagt á móti henni, því að það er svo sem sjálfsagt, að hver hlutur og hver athöfn á að hafa sína nægilegu orsök, einnig fjárveitingarnar á fjárlögunum.

Enn er hér br.till. frá háttv. 2. þm. S.-Múl. (G. V.) um að veita Halldóri kennara Briem 400 kr. styrk, til að semja alþýðlega Íslandssögu. Nefndin hefir ekki getað fallist á þessa breyt.till. og kannast hún þó við, að maður þessi hafi hæfileika til að semja alþýðufræðslubækur, og til að leiðbeina alþýðu, enda hefir hann og lengi verið alþýðukennari, og staðið vel í þeirri stöðu. En þrátt fyrir þetta fanst nefndinni ekki ástæða til að taka till. til greina. Nefndinni er ókunnugt um, hvort Halldór Briem sé þegar búinn að rita Íslandssögu sína; væri svo, að hann væri búin að því og handritið hefði, eins og oft er venja, þegar líkt stendur á, verið borið undir hæfa menn, og þeir gefið því meðmæli sín, þá gat verið umtalsmál um, að nefndin hefði fallist á að veita styrkinn, en eins og málið liggur nú fyrir, þá verður nefndin að hafna tillögunni.

Á þskj. 548 eru þrjár breyt.till. frá h. 4. kgk. þm. (J. J.). Nefndin getur fallist á tvær hinar fyrstu, en eigi á hina þriðju þeirra.

Styrkþegi sá, sem breyt.till. fer fram á að sviftur sé styrk, sem honum er ætlaður í frv., hefir um tveggja ára bil fengið fé, til þess að framkvæma og láta framkvæma vísindalegar rannsóknir á fóður- og beitijurtum. Þetta er mikilsvert starf. En varla er enn við því að búast, að árangurinn af rannsóknunum hafi getað orðið

mikill, og hætt við, að hinu veitta fé hafi hálfgert verið kastað í sjóinn, ef þegar nú á að kippa styrknum burtu. Vér vitum það, að styrkþeginn er efnilegur maður, og hefir bæði ritað vísindalega grasafræði, og ýmsar grasafræðislegar ritgerðir í innlend og útlend tímarit. Eg held það geti ekki dulist, að það hljóti að hafa mikla praktiska þýðingu fyrir landbúnaðinn, að rannsókn fóðurjurta fari fram. Ef landið, eða að minsta kosti landbúnaðurinn á að eiga sér nokkra framtíð, þá þarf að efla grasræktina, en þar er eitt undirstöðuatriðið, að fá að vita, hverjar fóðurjurtir séu gagnlegastar. Þetta er það hlutverk, sem styrkþeginn vill leitast við að leysa af hendi, og með því að varla mun vera hægt að benda á annan af vorum mönnum, sem færari sé til þess en hann, þá vona eg, að eigi verði haggað við upphæð þeirri, sem nú stendur í frv.

Þá kem eg að till. á þskj. 554 um að veita skotfélagi Eskifjarðar 400 kr. styrk. Nefndin getur ekki orðið sinnandi tillögu þessari, þótt hún játi, að hér sé um gott mál og gagnlegt að ræða; hún kynokar sér við að taka upp nýja gjaldapósta, nema bráðnauðsynlegir séu, og þrátt fyrir ummæli háttv. 4. kgk. þm. (J. J.), kannast nefndin ekki við, að hún hafi vikið frá þessari reglu; og þessa fjárveitingu getur hún ekki talið með hinu bráðnauðsynlegasta, og er líka í nokkrum vafa um, að hún geti komið að tilætluðum notum.

Þá er br.till. frá háttv. þm. Strandam. (G. G.) um að veita Vesturamtinu 12000 kr., til að kaupa fyrir búnaðarskólann í Ólafsdal; sömuleiðis liggur hér fyrir önnur till. frá h. 2. þm. S.-Múl. (G. V.) um, að upphæðin sé færð niður í 10000 kr. og mun nefndin öllu fremur aðhyllast þá till. Nefndin skilur till. þannig, að hér sé að eins farið fram á, að veita heimild, til að styrkja Vesturamtið til að kaupa skólann, svo framarlega sem það álítur kaupin tiltækileg; hún gerir ráð fyrir, að amtmaður og amtsráð skoði vandlega alla málavexti áður en ráðið verður af eða á um kaupin, og hún treystir því, að verði ráðist í kaupin, þá sé það vel ráðið, þar sem um málið eiga að fjalla þeir, sem einna mestan kunnugleik eiga að hafa á því. Nú sem stendur mun Vesturamtið eiga 17—18000 kr. hjá skólanum, og má vel vera, að því fé sé bezt borgið á þann hátt, að amtið kaupi skólann. Að öllu athuguðu er eg með því, að fjárveitingin sé tekin upp á fjárlögin. Að öðru leyti hefir h. þm. Strand. (G. G.) upplýst svo vel um afstöðu máls þessa, að eg þarf engu við það að bæta.

Þá skal eg út af orðum h. þm. A.-Sk. (Ól. Ól.) um unglingaskólann í Dalasýslu taka það fram, að það er ekki nóg til þess að vilja styrkja skóla þennan, að vera hlyntur unglingamentun. Menn verða að gera sér það ljóst um þennan skóla og hvern annan, hver líkindi muni vera til þess, að skólinn muni geta orðið að notum. Það er fjarri því, að nefndin sé í sjálfu sér fráhverf þessum skóla; en eftir upplýsingum þeim, sem fyrir liggja, er ekki útlit fyrir, að hann geti að svo stöddu komið að tilætluðum notum. Það er naumast hugsandi, að Dalasýsla, sem er lítil sýslu, og töluvert skuldug, muni geta haldið skólanum í því formi, sem gert er ráð fyrir í bréfi því, er fjárlaganefndinni barst frá h. þm. Dal. (B. B.). Það er að eins af þessu, að eg og fleiri í nefndinni erum því mótfallnir, að styrkja skólann. Vér erum hræddir um, að Dalasýsla muni með skólastofnun þessari binda sér þann bagga, er hún eigi örðugt með að rísa undir, og torvelt með að losa sig við, þótt hún vildi. Eg þekki skóla hér í landi, sem þessi skóli mun eiga að verða á borð við, og með hliðsjón af þeim kunnugleik, má búast við allt að 4000 kr. árskostnaði við skólann, ef ætlast er til, að hann hafi skaplega góða kenslukrafta

og útbúnað að öðru leyti. H. þm. A.-Sk. (Ól. Ól.) talaði um, að það væri ekki gott, að standa með tvær hendur tómar fyrir þá, sem skólanum vildu koma upp; þetta er satt; en það er ekki heldur gott að hafa tekið sér þunga byrði á herðar og standa svo með tvær hendur tómar með hana. Það þarf vel að athuga það, áður en ráðist er í að stofna skólann, hvort nokkur líkindi séu til, að hann geti haldið áfram í viðunandi horfi; og þessi líkindi virðast nú vera næsta lítil, jafnvel þótt samþyktur væri 1000 kr. árlegur styrkur úr landssjóði til hans. — H.þm.A.-Sk.(Ól.Ól.)mælti og fram með styrkveitingunni til Þorsteins skálds Erlingssonar. Eg hefi áður gert grein fyrir því, hví nefndin lagði það til, að styrkur þessi væri feldur burtu úr fjárlögunum, og eg býst ekki við, að ræða h. þm. (Ól. Ól.) hafa sannfært nefndina um, að henni hafi missýnst í tillögu sinni. Nefndin álítur það yfir höfuð varhugavert að ákveða ungum mönnum frekari styrk á þann hátt, sem hér er ætlast til; hún álítur, að til þess þurfi að vera alveg sérstakar og knýjandi ástæður, en hún finnur ekki, að þær séu hér. Vér vitum, að hér er um gáfumann og skáld að ræða, en því fremur má búast við, að hann geti aflað sér viðurværis með penna og munni, svo að hér geti ekki verið um nauðsynlegan styrk að ræða, til að hjálpa manninum til að lifa, og varla mun geta komið til mála, að hann hafi enn til heiðurslauna unnið af þjóðarinnar fé fram yfir önnur góðskáld vor, sem eigi njóta þeirra.

H. sami þm. (Ól, Ól.) gerði mikið úr niðurfærslu búnaðarstyrksins. En þess er þar að gæta, að hann er ekki færður niður, heldur upp um 3000 kr. frá því, sem hann var í stjórnarfrv. Það er að eins svo, að nefndin vill ekki færa hann upp að þessu sinni um 5000 kr., eins og h. Nd. hefir gert.

Eg hefi talað um þetta mál við einn þeirra, sem eru í stjórn búnaðarfélagsins og virtist mér hann telja styrk þann, er vér viljum veita félaginu, allsæmilegan, og eg verð að telja 10000 kr. styrk svo sæmilegan og verulegan, að það sé alveg ástæðulaust, að vera óánægður með hann. Það er vitanlegt, að margt þarf að styrkja, en ekki af miklu að taka, svo að ekki er unt að vera eins stórtækur og skyldi. Enn fremur fór h. þm. (Ól. Ól.) mörgum orðum um það, að nefndin vildi ekki styðja það, að komið yrði upp slátrunarhúsi hér í Reykjavík. H. þm. (Ól. Ól.) hefir víst ekki tekið eftir því, að eg tók það fram, að nefndin væri í sjálfu sér ekki móthverf styrkveitingunni, en að hún gæti ekki aðhylst hana í því formi, sem hún er komin fram í. Ef vissa væri fengin fyrir því, að einhver ákveðinn maður, sem hefði traust samborgara sinna, ætlaði að koma fyrirtæki þessu á fót. þá mundi nefndin því eigi móthverf, að honum væri veittur styrkur af landsfé til þess, en hitt gengur barnæði næst, að ætla að ánefna Búnaðarfélagi Íslands fé þetta, þar sem það hvorki hefir lofað að taka við því, né nokkur vissa fengin fyrir því, að það vilji að nokkru leyti beitast fyrir málinu. Þetta er nóg til þess að tillagan á að falla, eins og hún er nú; hitt er annað mál, að máske er hægt að búa hana svo úr garði til 3. umr., að hún verði aðgengileg.

Landshöfðingi: Eg ætla að fara fám orðum um lánveitingar þær úr landssjóði, sem heimilaðar eru í fjárlögunum. Eg er samdóma h. frsm. (Kr. J.) um það, að heimildina sé að eins að skilja á þann veg, að alþingi ætlist til, að lán þau, sem nefnd eru í fjárlögunum, eigi að ganga fyrir öðrum lánum úr landssjóði, sé þar fé fyrir hendi. Eg verð að halda því fram, að á síðasta fjárhagstímabili hafi engum einstökum mönnum verið veitt lán úr landssjóði, nema það væri samkvæmt fyrirmælum fjárlaganna. Það eru að eins nokkur sjálfsögð lán, sem látin hafa ver-

ið ganga fyrir lánum þeim, sem til eru tekin á fjárlögunum, svo sem lánið til Austuramtsins til útrýmingar fjárkláðanum. Nú eru á fjárlögunum nefnd svo mörg lán, er veitast skuli úr landssjóði, að varla er að búast við, að fé verði fyrir hendi á fjárhagstímabilinu til að geta veitt þau öll; vil eg því skjóta því til h. Nd. hvort hún eigi vilji setja þau í sömu röð á fjárlögin, sem þingið óskar að þau séu veitt í; á þann hátt er mest vissa fyrir, að einmitt þau lánin verði veitt, sem þinginu er annast um að veitt séu, en hin fremur látin sitja á hakanum. Eg get t. d. búist við, að h. þing vilji, að lánið til klæðaverksmiðjunnar sé látið ganga bæði fyrir láninu til trésmíðaverksmiðju í Reykjavík og láni til Bergs sútara á Seyðisfirði; en nú eru báðar þessar lánveitingar taldar á fjárlögunum á undan klæðaverksmiðjuláninu. Þetta bið eg h. nefnd að taka til íhugunar.

Svo er það að segja viðvíkjandi Örfirisey að eg ímynda mér, að landsstjórnin muni ekki voga sér út í það að láta hlaða varnargarð fyrir 4500 kr. Fjárupphæðin er alt of takmörkuð til þess. Í bréfi Knuds Zimsen's verkfræðings er enda sagt, að áætlunin sé alveg lausleg. Það er óhugsandi, að lagt verði út í slíkt verk, nema vissa sé fyrir því, að fjárveitingin sé nægileg til að fullgera verkið vel og traustlega, því annars verður að hætta í miðju kafi, undir eins og hið veitta fé er unnið upp. Eg ætla svo ekki að víkja að fleiri liðum, með því að mjög er áliðið tímans.

Guttormur Vigfússon: Eg ætla að eins að segja örfá orð viðvíkjandi breyt.till. nr. 25 á atkvæðaskrá um prestaköllin. Tilgangur minn með breyt.till. var aðallega sá, að landsh. úthlutaði styrknum; það er höfuðatriðið, en hitt aukaatriði.

Ofurlitla athugasemd ætla eg mér að gera við styrkveitinguna til Magnúsar organista Einarssonar. Eg skil ekki, hvernig framsögum. dregur það út úr orðum mínum, að þetta ætti að vera fátækra styrkur, því eg tók það fram, að styrkur þessi væri ætlaður til þess að hann nú geti gefið sig sem mest við söngkenslu. Mér skildist á hinum háttv. 2. kgk., að hann hefði skilið orð mín svo, að eg legði Rögnvaldi Ólafssyni það til lasts, að hann hefði lært á latínuskólanum, en það er mjög mikill misskilningur.

Eg ætla svo ekki að fjölyrða meir um þetta, með því áliðið er orðið og umræður langar.

Axel Tulinius: Eg ætla að eins að segja örfá orð. Háttv. framsögum. nefndarinnar tók það fram, að ekki væri vert að styrkja leikfimis- og skotfélag Eskifjarðar, og ef það verður felt, þá verð eg að beygja mig, en samt sem áður þykir mér það leitt, því eg er sannfærður um, að hér er um reglulegt velferðarmál að ræða. Hinir háttv. deildarmenn eru allir eldri en eg og eru því ekki kunnugir þeirri hreyfingu, sem vaknað hefir í útlöndum á síðari árum, að efla líkamsæfingar. Eg var sjálfur með og hefi tekið þátt í þessu í þau 7 ár, er eg dvaldi í Danmörku. Eg vil því mælast til, að hin h. deild samþ. þessa tillögu mína.

ATKV.GR.:

Br.till. (560) við 13. gr. A 2 sþ. í e. hljóði.

2. Br.till. (549) við 13. gr. A 2 tekin aftur.

Br.till. (571) við 13. gr. A 2 tekin aftur.

3. Br.till. (549) við 13. gr. A 2 sþ. með 10 atkv.

Br.till. (527) við 13 gr. A 2 þar með fallin.

Br.till. (549) við 13. gr. A 3 tekin aftur.

Br.till. (549) við 13. gr. A 4 og 5 þar með fallin.

Br till. (548) við 13. gr. B II. 3 sþ. í e. hlj.

Br.till. (548) við 13. gr. B II. 8 samþ. með 9 atkv.

Br.till. (527) við 13. gr. B IV. 3 samþ. með 7 atkv.

Br.till. (527) við 13. gr. B VI. a 2 sþ. í e. hlj.

Br.till. (527) við 13. gr. B VI. a 5 sþ. með 6: 5 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

Já:
Ólafur Ólafsson,
Sigurður Jensson,
Guðj. Guðlaugsson,
Hallgr. Sveinsson,
Kristján Jónsson,
Magnús Andrésson.

Nei:
Axel Tulinius,
Eiríkur Briem,
Gutt. Vigfússon,
Jónas Jónassen,
Julius Havsteen.

Br.till. (553) við 13. gr. B VI. sþ. með 6 : 5 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:
Ólafur Ólafsson,
Axel Tulinius,
Hallgr. Sveinsson,
Jónas Jónassen,
Julius Havsteen,
Kristján Jónsson,

Nei:
Sigurður Jensson,
Eiríkur Briem,
Guðj. Guðlaugsson,
Gutt. Vigfússon,
Magnús Andrésson.

Br.till. (527) við 13. gr. B VI. i feld með 6 : 5 atkv.

Br.till. (527) við 13. gr. B VI. m feld með 7 : 4 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:
Eiríkur Briem,
Hallgr. Sveinsson,
Kristján Jónsson,
Magnús Andrésson.

Nei:
Ólafur Ólafsson,
Sigurður Jensson,
Axel Tulinius,
Guðj. Guðlaugsson,
Gutt. Vigfússon,
Jónas Jónassen,
Julius Havsteen.

Br.till (527) við 13. gr. B VIII. samþ. með 7 atkv.

13. gr. með áorðnum breyt. sþ. í e. hlj.

Br.till. (527) við 14. gr. A 4 sþ. með 6 : 5 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:
Sigurður Jensson,
Guðj. Guðlaugsson,
Hallgr. Sveinsson,
Jónas Jónassen,
Kristján Jónsson,
Magnús Andrésson.

Nei:
Ólafur Ólafsson,
Axel Tulinius,
Eiríkur Briem,
Gutt. Vigfússon,
Júlíus Havsteen.

Br.till. (527) við 14. gr. A 5 sþ. með 8 atkv.

1. Br.till. (527) við 14. gr. A 8 samþ. með 9 atkv.

2. Br.till. (527) við 14. gr. A 8 samþ. með 6 atkv.

Br.till. (527) við 14. gr A 14 sþ. með 8 atkv.

Br.till. (527) við 14. gr. A 18 sþ. með 10 atkv.

Br.till. (527) við 14. gr. A 19 feld með 7 : 3 atkv.

Br.till. (572) við 14. gr. A samþ. með 6 : 4 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:
Ólafur Ólafsson,
Axel Tulinius,
Gutt. Vigfússon,
Jónas Jónassen,
Julius Havsteen,
Magnús Andrésson.
Nei:
Sigurður Jensson,
Guðj. Guðlaugsson,
Hallgr. Sveinsson,
Kristján Jónsson.

Eiríkur Briem greiddi eigi atkv.

Br.till. (527) við 14. gr. A 21 sþ. með 7 atkv.

Br.till. (554) við 14. gr. A 21 sþ. með 6 : 5 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:
Ólafur Ólafsson,
Axel Tulinius,
Guðj. Guðlaugsson,
Gutt. Vigfússon,
Hallgr. Sveinsson,
Julius Havsteen.
Nei:
Sigurður Jensson,
Eiríkur Briem,
Jónas Jónassen,
Kristján Jónsson,
Magnús Andrésson.

1. Br.till. (527) við 14. gr. A 23 samþ. með 7 atkv.

2. Br.till. (527) við 14. gr. A 23 samþ. með 8 atkv.

Br.till. (549) við 14. gr. B 1 a tekin aftur.

Br.till. (577) við 14. gr. B 1 a sþ. með 7 atkv.

Br.till. (556) við 14. gr. B 1 a samþ. breytt með 7 atkv.

Br.till. (527) við 14. gr. B 1 c sþ. með 6 : 1 atkv.

Br.till. (527) við 14. gr. B 1 f sþ. með 6 : 4 atkv.

Br.till. (527) við 14. gr. B 1 g sþ. með 10 atkv.

Br.till. (527) við 14. gr. B 1 j feld með 7 : 3 atkv.

Br.till. (527) við 14. gr. B 2 b sþ. með 8 atkv.

Br.till. (527) við 14. gr. B 4 sþ. með 9 atkv.

Br.till. (548) við 14. gr. B 6 feld með 9 : 1 atkv.

Br.till. (527) við 14. gr. B 7 sþ. með 8 atkv.

Br.till. (527) við 14. gr. B 8 samþ. án atkv.gr.

Br.till. (553) við 14. gr. B 10 sþ. með 6 atkv.

Br.till. (549) við 14. gr. B 11 feld með 9 : 1 atkv.

Br.till. (527) við 14. gr. B 11 sþ. með 9 : 2 atkv. að viðhöfðu nafnakalli, og sögðu:

Já:
Sigurður Jensson,
Axel Tulinius,
Eiríkur Briem,
Guðj. Guðlaugsson,
Hallgr. Sveinsson,
Jónas Jónassen,
Julius Havsteen,
Kristján Jónsson,
Magnús Andrésson.
Nei:
Ólafur Ólafsson,
Gutt. Vigfússon.

Br.till. (527) við 14. gr. B 12 sþ. með 8 atkv.

Br.till. (540) við 14. gr. B 13 samþ. án atkv.gr.

Br.till. (527) við 14. gr. B 13 sþ. í e. hljóði.

14. gr. með áorðnum breytingum samþ. í e. hlj.

15. gr. sþ. í e. hlj.

Br.till. (527) við 16. gr. sþ. með 8 atkv.

16. gr. breytt sþ. með 10 atkv.

17. gr. sþ. í e. hlj.

18. gr. með áorðnuum breyt. sþ. í e. hlj.

7. gr. sþ. í e. hlj.

1. breyt.till. (527) við 19. gr. sþ. með 8 atkv.

2. Breyt.till. (527) við 19. gr. sþ. með 7 : 3 atkv.

3. Breyt.till. (527) við 19. gr. sþ. með 8 atkv.

4. Breyt.till. (527) við 19. gr. sþ. í. e. hlj.

Breyt.till. (540) við 19. gr. sþ. í e. 19. gr. með áorð. breyt. sþ.í e. hlj.

Fyrirsögn frv. sþ. í hlj.

Frv. vísað til 3. umr. í e. hlj.

Þriðja umr. 22. ágúst (C bls. 710, 711, 734, 747, 748, 749).

Framsögumaður (Kristján Jónsson): Eins og hinir háttv. deildarmenn sjá, eru breytingartillögur þær, er fram eru komnar, eigi mjög víðtækar. Eg ætla mér nú að drepa á till. nefndarinnar með fáum orðum.

Það er þá fyrst breytingartillögur við 12. gr. B. 3. að orðin „frá Borgarnesi að Hábrekkum“ falli burt. Hinn hæstv. landsh. gat þess við 2. umr. málsins, að eigi væri búið að ákveða, hvar flutningabrautin upp Borgarfjörð ætti að liggja, og væri ekki rétt, að fastákveða það í fjárlögunum; þessa bendingu telur nefndin sjálfsagt að taka til greina, þó að hún sé eigi í neinum vafa um það, að flutningabrautin muni verða lögð frá Borgarnesi upp að Hábrekkum, og fyrir því er breyt. till. gjörð; fé verður því veitt til flutningabrautar upp Borgarfjörð, eins og hún er nefnd í vegalögunum 13. apríl 1894, án þess nánar sé tiltekið, hvar hún eigi að liggja.

Þá er breyt.till. við 12. gr. E. l. að liðurinn orðist þannig: „Til sjómerkja á Grímsey við Steingrímsfjörð og við innsigling á ýmsar hafnir fyrra árið 2000 kr“. Þessi liður var samþyktur við 2. umr. með 1000 kr. upphæð, en nefndin hafði þó þá þegar fengið munnlega málaleitun um sjómerki á Grímsey við Steingrímsfjörð, en með því að það mál var þá eigi nægilega undirbúið, gat hún eigi sint því, og afréð að fresta því til 3. umr. Nú hefir oss borist bréf frá kapt. Gottfredsen, á gufuskipinu „Skálholti“, dagsett í dag, þar sem hann eindregið leggur með því, að sjómerki séu sett upp á nefndri „Grímsey“, og kveður sjómerkisins brýna þörf; höfum vér lagt það til, að þetta sérstaka sjómerki sé reist og viljum hækka liðinn um 1000 kr. í því skyni, og vona eg, að hin h. deild taki vel í málið. Sýslunefndin í Strandasýslu hefir áður hreyft nauðsyn málsins; sömuleiðis hinn góðkunni Kapteinn á gufuskipinu „Laura“, Aasberg, og vér höfum fengið skýrslur um það, að kostnaðurinn við sjómerkjasetninguna muni verða 1000—1200 kr. Annars mun h. þm. Strand. gefa nákvæmari skýrslu um þetta efni.

Þá hefir nefndin komið fram með breyt.till. við 13. gr. B. III. c. 5. um launahækkun handa Bjarna Jónssyni cand. mag. um 300 kr. á ári.

Laun þessa kennara, sem er fastur aukakennari við lærða skólann eru allt of lág, þar sem þau eru að eins 1300 kr. á ári, og langt frá því að vera lífvænleg fyrir mann, sem er kvæntur og hefir fyrir fjölskyldu að sjá, en með því að engin beiðni hafði komið til þingsins frá honum sjálfum né frá skólastjórninni um bót á launum hans, þá var breytingu hér að lútandi eigi hreyft af nefndinni við 2. umr. fjárl. En nú hefur beiðni um hækkun launanna komið frá hinum nánasta aðstandanda hans, sem sé föður hans, þar eð kennari þessi sjálfur hefir ekki verið hér í bænum um sinn, og fylgdu beiðninni eindregin meðmæli frá rektor skólans, sem nú er nýkominn til bæjarins úr ferð, og hefir því ekki getað stutt að þessu fyr. Þar sem kennari þessi hefir haft einna mestan tímafjölda af kennurum skólans, er vel látinn og álitinn góður

kennari, vil eg fyrir nefndarinnar hönd eindregið leggja með því, að launin verði hækkuð upp í 1600 kr.; sjálfur væri eg því hlyntur, að hækka launin enn meira, því að eg tel það sanngjarnt og réttlátt, en þessi launahækkun var samþykkt af nefndinni, og mun eg fylgja tillögu hennar, því að „betri er hálfur hleifur en enginn".

Þá er næst breyt.till. við 14. gr. A. 18. um styrkveiting til Jóns Jónssonar, að liðurinn sé orðaður, eins og segir á þskj. 599, og að fjárveitingin sé bundin skilyrði, sem þar er sett.

Um daginn urðu talsverðar umræður um þessa fjárveitingu, og mælti eg þá í nafni nefndarinnar á móti henni, en hún var sþ. með afli atkv. Þess vegna eru ekki tiltök, að fella fjárveitinguna burt, en ef breyt.till., sem er þess efnis, að $^1/_2$ af fjárframlaginu sé varið fyrir unnið starf, vísindalegar söguritgerðir, 40 kr. fyrir örkina, verður samþykkt, þá get eg fyrir mitt leyti fallist á þessa styrkveitingu, sem eg annars hefði verið algerlega á móti. Með þessu á það þó að vera sæmilega trygt, að einhver árangur verði af fjárveitingunni, sem annars var eigi, því að fjárveitingin var alveg út í bláinn, eins og hún var upprunalega orðuð.

Þá kemur breyt.till. við 14. gr. B 1 a 5 um, að liðurinn orðist þannig: „Styrkur til Vesturamtsins, ef það kaupir búnaðarskólann í Ólafsdal með tilheyrandi búi". Í orðunum, eins og þau hljóða í frumv., getur legið það, að löggjafarvaldið álitist vilja hvetja Vesturamtið til að kaupa skólann, en það er ekki meining vor, að þingið láti neitt í ljósi í þá átt; amtið á að sjálfsögðu að hafa alfrjálsar hendur í þessu efni. Vér viljum eigi taka þá ábyrgð á oss, að hvetja amtið til kaupanna. Vér leggjum því til, að br.till., sem er saminn í þessu augnamiði, verði samþykt. Við 19. gr. 6. málsgrein er breyt.till. vor sú, að röðinni á lánveitingarheimildunum í greininni sé breytt þannig, að þessi málsgrein, um klæðaverksmiðjuna, verði 3. málsgreinin.

Svo er síðasta breyt.till. nefndarinnar um að fyrir $4^1/_2{}^0/_0$ í 8. málsgrein, komi: $4^0/_0$. — Í frumv. er þetta í rauninni ekki annað en prentvilla, en nefndinni þótti samt sem áður réttast að koma með formlega breyt.till., til að lagfæra það.

Þá ætla eg að víkja að hinum fáu breyt.till. frá öðrum en nefndinni, og þá eru fyrst breyt.till. þær, sem fram eru komnar frá hinum hæstv. landsh. á þskj. 585. Þar er fyrst breyt.till. við 11. gr. 6 a. „Persónuleg launaviðbót handa núverandi hjúkrunarkonu, að fyrir 200 kr. komi 400 kr." Um þetta atriði, launahækkun yfirhjúkrunarkonunnar við holdsveikra-spítalann var allmjög rætt við 2. umr., og virðast mér að vísu fullnægjandi rök hafa verið færð fyrir því, að eigi sé ástæða til að hækka laun hennar meir en um 200 kr., en alt að einu ætlar nefndin ekki að setja sig nú á móti þessari breyt.till., með því að aðstandendur spítalans virðast gera þetta að töluverðu kappsmáli, og vilja enda segja, að sómi þingsins sé í veði, sem eg þó sannarlega eigi get kannast við. En hitt get eg kannast við, að eigi sé ástæða til að gera neinn ógna-blástur út úr þessum 200 kr., og það vill nefndin ekki gera.

Hin breyt.till. frá hæstv. landsh. á sama þskj. er við 12. gr. E a 1, að til viðbótar við laun vitavarðar fyrir sjálfan hann komi 200 kr. fyrir 100 kr. Nefndin er þessari hækkun samþykk og telur hana hæfilega, og mun gefa henni atkvæði sitt.

Þá eru 2 breyt.till. (C 600 og 603) viðvíkjandi styrk til stofnunar slátrunarhúss og til kjötsölutilrauna (14. gr. B 1). Styrkveiting þessi var feld um daginn eftir tillögu nefndarinnar, en nefndin var fjárveitingunni þó eigi mjög mótfallin, ef hún hefði verið orðuð öðruvísi. Breyt.till. á þskj. 600 mun verða tekin aftur, að eg hygg, svo að það er breyt.till. við þá

breyt.till. á þskj. 603, sem kemur til athugunar og úrskurðar deildarinnar. Nefndin vildi fallast á það, að styrkur þessi væri veittur einstökum manni, prívatmanni, sem þegar hefði stofnað eða hefði í hyggju að stofna til þessa fyrirtækis, en ekki að búnaðarfélaginu væri veittur hann, til þess að það sjálft undirbyggi stofnunina og setti hana á fót; vér höfum enga vissu fyrir því, og litla von um það, að félagið vilji ráðast í það fyrirtæki; en nú er farið fram á að veita félaginu fjárupphæðina, til þess að styrkja stofnun slátrunarhússins og kjötsölutilraunirnar, og verður það þá sjálfsagt með því móti, að það styrki einhvern mann til þessara fyrirtækja. Nú er nefndinni það kunnugt, að einn eða tveir áreiðanlegir menn hér búsettir ætla að reyna að koma þessu fyrirtæki á gang, og sjáum vér þá ekkert því til fyrirstöðu, að féð sé ánafnað búnaðarfélaginu, sem svo mun hafa eftirlit með fyrirtækjunum,og eigi borga fjárstyrkinn út, nema því að eins að eitthvert framtak og gagnsemd verði í þeim.

Svo eru ekki fleiri breyt.till., sem eg ætla að gera að umræðuefni að þessu sinni.

En að því, er snertir fjárveitinguna í 13. gr. B 6 m til unglingaskóla í Dalasýslu, þá hefir nefndin falið mér að gera athugasemd um hana eða yfirlýsing fyrir nefndarinnar hönd. Hún vildi ekki taka upp tillögu um að fella þenna lið burtu, en ber þó kvíðboga fyrir, að fjárveitingin verði til lítils gagns og að hún verði hefndargjöf fyrir sýsluna. En nefndin ber það traust til landsstjórnarinnar, að hún borgi ekki út féð, nema því að eins að sæmilegur skóli komist á stofn í sýslunni með viðunanlegu húsi og áhöldum, að hann sæti tryggilegu eftirliti æðri yfirvalda, og að hann verði svo úr garði gerður og að honum verði hagað svo að því, er kenslukrafta og alla stjórn snertir, að hann geti orðið verulega gagnsamleg stofnun; og vildi eg leyfa mér að beina þessum orðum mínum til hæstv. landsh. fyrir hönd nefndarinnar. — Hefi eg svo ekki fleira að athuga. —

Landshöfðingi: Eg hefi komið fram með 2 breyt.till. og gerði ítarlega grein fyrir ástæðunum fyrir þeim við 2. umr. og þykist því ekki þurfa að verða langorður, einkum þar sem h. framsm. tók vel í þær.

H. framsm (Kr. J.) sagði, að aðstandendur spítalans legðu mikið kapp á, að launaviðbótin handa yfirhjúkrunarkonunni væri veitt óbreytt, og er það satt. Eg fyrir mitt leyti legg einnig kapp á það sökum þess, að sómi þingsins er í veði, ef þingið neitar um þessa launaviðbót, þar sem eg lít svo á, sem það eftir samningum þeim, sem fóru fram milli alþingisnefndar í Nd. í spítalamálinu 1897 og Dr. Beyers, sé skuldbundið til að veita yfirhjúkrunarkonunni þau laun, sem Dr. Beyer áskilur, og mega álítast sæmileg. Um hina breyt.till, hækkun á persónulegri launaviðbót til vitavarðarins á Reykjanesi um 100 kr., þarf eg ekki að fjölyrða, þar sem h. framsm. er henni fylgjandi.

Mér þótti vænt um, að h. nefnd skyldi taka upp þessa lítils háttar launahækkun til Bjarna kennara Jónssonar, og er eg fullkomlega samþykkur h. framsm. um, að hækkunin hefði átt að vera meiri, en honum er þó betra að fá 1600 kr. en það sem var, sem eiginlega var hvorki til að lifa eða deyja af.

H. nefnd hefir gert breyt.till. við 19. gr. um, að 6. málsgrein verði 3. málsgr., sem sé, að lánveiting úr viðlagasjóði til klæðaverksmiðju skuli vera 2., og hefi eg ekkert við það að athuga, að sú fjárveitveiting sé sett framarlega, en hitt þykir mér kynlegra, að kirkjulánin skuli eiga að vera þar fremst á blaði, ganga fyrir öllum lánum, eins og það sé það mestáríðandi, að veitt sé lán til byggingar

kirkna og staðarhúsa, meira áríðandi en lánveitingar til eflingar landbúnaðinum og öðrum framfarafyrirtækjum. Það er að vísu gott og blessað að styðja kirkjulífið, en mér virðist það samt koma eitthvað undarlega niður, þegar litið er á það, hvernig landssjóði ferst við sínar eigin kirkjur og vildi eg óska, að þingið sýndi hina sömu velvild gagnvart þeim kirkjum, sem landssjóður sjálfur á, eins og kirkjum, sem eru í ábyrgð presta eða safnaða. Stjórnin kom með beiðni til þingsins að veita fé til að leggja Reykjavíkur dómkirkju til nýtt kirkjugarðsstæði, sem landssjóður að sjálfsögðu á að annast. Þingið neitaði að veita þetta fé og vísar málinu til dómstólanna, og það er sama þingið, sem semur ítarleg lög um kirkjugarða og viðhald þeirra og endurnýjar þar ákvæðin um skyldur kirkjueiganda að leggja kirkjum sínum til kirkjugarðsstæði.

Sömuleiðis fór stjórnin fram á, að veitt væri fé til að gera við Langholtskirkju og Þykkvabæjarklausturskirkju, sem naumlega eru messufærar, og þar að auki vanta flest instrumenta og ornamenta sem kirkjum eiga að fylgja. Þetta var ekki krafa frá stjórnarinnar hálfu, heldur að eins kurteisleg bending um, að þessa þyrfti nauðsynlega við og að þingið tæki upp á fjárlögin fjárveiting, er að þessu lyti. Hvaðan á stjórnin að taka fé, til að gera við landssjóðskirkjurnar? Mér er það óskiljanlegt, og þó ekki, því stjórninni hlýtur að vera heimilt að borga úr landsjóði, hvað sem þingið segir, það fé, sem útheimtist til að uppfylla lagaskyldur, sem á landssjóði hvíla. Þingið neitar að útvega kirkjunni í Rvík kirkjugarð, og neitar sömuleiðis að gera Prestsbakka- og Langholtskirkjur messufærar, en því er kappsmál, að lán sé veitt úr landssjóði, til að endurbæta beneficerkirkjur eða safnaðakirkjur á Hornströndum. Eg fæ ekki betur séð, en að þinginu sé talsvert mislagðar hendur að því, er snertir kirkjur og prestaköll. Eg ætla svo ekki að tefja lengur umræðurnar.

Axel V. Tulinius: Eg vildi að eins leyfa mér að mæla fáein orð viðvíkjandi breyt.till. á þskj. 599 við 12. gr. E. l. Það er ekki svo að skilja, að eg sé á móti þessari breyt.till., en hins vegar verð eg að segja, að mér kom hún nokkuð óþægilega og óvart, af þeirri ástæðu, að eg er sannfærður um, að það er full ástæða til að veita fé, til þess að reisa við gömul sjómerki víða og byggja ný, og þess vegna efast eg alls ekki um, að þessi fjárveiting sé í alla staði sanngjörn og rétt; en vegna þess að til eru svo margir aðrir staðir, þar sem líkt er ástatt, þá hefði eg helzt kosið, að ekki hefði verið nefndur neinn sérstakur staður til sjómerkja undir þessum lið, heldur væri kveðið svo á, að landsh. úthlutaði þessu fé til sjómerkja eftir þörfum. Jeg skal sérstaklega nefna sjómerkin á Berufirði, sem þyrftu viðreisnar við. Þau voru sett af herskipinu „Diana“ í fyrra á 3 skerjum, en eru nú fallin öll, og þyrfti því nauðsynlega að reisa þau við. Eg vænti, að fjárveitingin til sjómerkjanna á Grímsey við Steingrímsfjörð verði ekki svo mikil, að þessi sjómerki, sem eg nefndi, geti ekki notið góðs af þeim 2000 kr., sem ætlaðar eru til þessara sjómerkja víðs vegar kringum landið. Hv. framsm. gerði ráð fyrir, að kostnaðurinn við sjómerkin á Grímsey við Steingrímsfjörð mundi nema á að giska 1200 kr., og er það almennt álitið sennilegt; en eg hefði ímyndað mér, að 1000 kr. mundi vera hæfileg kostnaðaráætlun í því tilliti. Eg skal enn fremur taka það fram, að eg gerði tilraunir til að fá nokkurn styrk, þegar skift var fénu til kostnaðar við að reisa „Böjer“ bæði fyrir Austulandi og víðar; en þá var ekki fé fyrir hendi til þess, og heldur ekki liggur nein slík styrkveiting fyrir þinginu nú, og þess vegna hefi eg ekki viljað hreyfa því í þetta sinn, en vona, að

næsta þing veiti ríflegt fé til þessa fyrirtækis, af því að það er bráðnauðsynlegt.

Landshöfðingi: Eg vildi að eins leyfa mér að gera stutta athugasemd út af orðum háttv. 1. þm. S.-Múl. (A. V. T.) sérstaklega viðvíðvíkjandi því sjómerki, sem nefnt er á þskj. 599. Eg skal láta þess getið, að þetta sjómerki hefir verið reist upp fyrir nokkru, og er þegar komið í öll sjókort og þegar svo er, þá er það skylda landstjórnarinnar að sjá um, að því sé haldið við. Á þessu byggist það, að þótt það ekki hefði verið nefnt í fjárlögunum, heldur að eins hækkaður styrkurinn undir þessum lið í 2000 kr., þá hefði landsstjórnin samt álitið sér skylt, að koma upp aftur þessu sjómerki fremur en reisa annað nýtt, sem ekki er til á kortunum. Að því er snertir sjómerkið við Berufjörð, þá hefi eg fengið skýrslu um, að eini vegurinn til þess að gera það tryggt, væri að nota til þess járnstengur, sem væru steyptar eða lóðaðar inn í klettana; en það mundi kosta mikið fé.

Skipstjórinn á Lauru hefir verið beðinn um að segja álit sitt um kostnaðinn við þess konar sjómerki á Grímsey við Steingrímsfjörð, og hefir hann metið þann kostnað um 10,000 krónur. En ef reisa ætti mörg slík sjómerki við Berufjörð, þá mundi þingið ekki sjá sér fært að leggja út í þann kostnað.

Axel V. Tulinius: Eg er þakklátur h. landsh. fyrir þær upplýsingar, sem hann gaf í þessu máli, og skal eg fúslega kannast við, að ef það yrði svo dýrt að reisa sjómerki við Berufjörð, þá væri ekki rétt að verja svo miklu fé til sjómerkja, heldur væri miklu betra að verja því til þess að byggja vita á þessum stað.

Framsögumaður (Kristján Jónsson): Eg hefi litlu við það að bæta, sem eg áður hefi sagt. Eg bjóst við, að það mundi verða talað af flutningsmönnunum um þær br.till., sem hér liggja fyrir, en úr því að það hefir ekki verið gert, þá finn eg mér skylt að fara um þær nokkrum orðum. — Að því er snertir ummæli hins hæstv. landsh. um breyt.till. nefndarinnar við 19. gr., þá kannast eg fullkomlega við, að klæðaverksmiðjan eigi að vera þar framarlega í röðinni, en af því að lánveiting sú, sem ætluð er handa kirkjum og prestaköllum, er ekki hærri en 15000 kr., þá þótti nefndinni það ekki varhugavert, að setja það á undan klæðaverksmiðjunni, auk þess sem líklega má búast við því, að eigi verði þörf fyrir fullar 15000 kr. til þessara lána. Að því er snertir hinar aðrar athugasemdir hæstv. landsh., um kirkjugarðinn hér í Reykjavík og um þær 2 landssjóðskirkjur, sem hann nefndi, og meðferð löggjafarvaldsins á þeim málum, er snerta þær, er eg honum fullkomlega samþykkur, og álít eins og hann, að landsstjórnin þurfi ekki neina lagaheimild til þess að verja fé til nauðsynlegra umbóta á kirkjum þessum, vegna þess að sú lagaskylda hvílir á landssjóði að sjá sómasamlega fyrir þessu og má vafalaust fá landssjóðinn knúðan til þess með dómi, og er eg því hæstv. landsh. fyllilega samdóma í þessu efni; en eg skal í þessu sambandi láta þess getið, að engin tillaga hefir legið fyrir fjárlaganefnd Ed. um þessi atriði, og nefndin hafði því eigi tilefni til að koma fram með breytingartillögu um þau. Að vísu var minst á kirkjugarðsmálið í nefndinni, en nefndin komst að þeirri niðurstöðu, að ekki væri að þessu sinni tiltækilegt að bera upp neina breytingartill. um fjárframlag til kirkjugarðsins, með því að von væri á nýjum lögum, um kirkjugarða, þar sem sett eru ótvíræð ákvæði, er munu til fullnustu skera úr um mál þetta. Þykir nefndinni rétt, að beðið sé eftir téðum lögum.

Um breyt.till. við 14. gr. A 14 þskj. 592 frá 3 h. þingmönnum um að hækka styrkinn til stórstúku Good-templara á Íslandi til eflingar bindindi, úr 800 kr.

hvort árið upp í 1000 kr., er það að segja, að þótt nefndin viðurkenni verðleika þess félags, sem hér á hlut að máli, og kannist við, að það hafi komið miklu góðu til leiðar, þá gat hún samt ekki álitið það tiltækilegt að samþykkja eða mæla með þessari verulegu hækkun á fjárstyrknum til félagsins, og hafði hún það fyrir augum, að álitið er, að félagið sé auðugt félag til þess að gera, að það hefir að undanförnu haft mjög verulegan styrk úr landssjóði, sem það á að fá að halda framvegis, en að á hinn bóginn verður að fara sem sparlegast með fé landssjóðs sökum tekjuhallans og sökum þess, í hve mörg horn er að líta. Nefndin verður því að mæla móti breyt.till.

Út af br.till. á þskj. 598 við 14. gr. A 3 um, að á eftir þessum lið komi nýr liður, eins og þar segir, skal eg láta þess getið, að fyrri kafli þessa liðs var feldur við atkvæðagreiðsluna um fjárlögin við 2. umr. hér í deildinni, svo að það hlýtur, ef eg svo má segja, að felast einhver mikill og nýr vísdómur í síðari hluta þessarar breyt.till., ef hún á að vera aðgengilegri nú en áður. Þar stendur: „Fyrir útgáfu þessara rita standi 5 manna nefnd, og sé í henni: 1. landsskjalavörðurinn; 2. maður sá úr landsbókasafnsnefndinni, er sú nefnd sjálf kýs; 3. maður, er stjórn Reykjavíkurdeildar Bókmenntafélagsins kýs; 4. og 5. mann í nefndina skipar landsstjórnin í landinu". Því var ekki farið enn lengra? Því voru ekki teknir með í nefndina amtsbókaverðirnir fyrir norðan, vestan og austan? Mér er óskiljanlegt, að þessi breyting, þó samþykt væri, geti haft þau áhrif á deildina, að hún geti nú álitið þá fjárveitingu aðgengilega, sem hún dæmdi alveg óaðgengilega í fyrra dag. Mér finst það vera hégómi og barnaskapur að skipa slíka nefnd sem þessa, til að standa fyrir útgáfu þessara rita, þar sem vér höfum nærfelt hundrað ára gamalt félag merkilegt og öllum kunnugt, sem eftir starfsemi sinni og augnamiði ætti að sjálfsögðu að taka á móti þessari fjárveitingu, ef hún væri veitt á annað borð; eg á hér við Bókmentafélagið; ef þessi fjárveiting væri samþykt, ætti að fá hana í hendur stjórn bókmentafélagsins, en með þeim nánari skilyrðum, sem landsstjórninni þætti ástæða til að setja; gæti þá landsstjórnin, ef henni sýndist svo, nefnt mann til þess að taka þátt í útgáfustarfinu ásamt félagsstjórninni, ef henni sýndist svo.

Eins og eg tók fram við aðra umræðu þessa máls, þá væri eg ekki mótfallinn þessari fjárveiting, ef hún væri bundin því skilyrði, að Bókmentafélagið ætti að annast um útgáfu þess rits sem hér ræðir um; en eins og breytingartill. nú er orðuð, verð eg að vera á móti henni, og býst eg við, að h. deild verði líka á móti henni nú, eins og í fyrra dag.

Eg gæti vel orðlengt þetta frekar, en vil ekki vekja óþarfa þrátt um þetta mál, og legg undir atkvæði deildarinnar að skera úr um þetta atriði.

Ólafur Ólafsson: Af því að eg er viðriðinn nokkrar breyt.till. við þessa umræðu fjárlaganna, þá skal eg leyfa mér að fara um þær fáum orðum; og skal eg þá fyrst geta þess, að eg tek aftur br.-till. á þskj. 600, sem eg hef komið fram með ásamt 2 öðrum h. þm., vegna þess að eg hef komið fram með aðra breyt.till. á þskj. 603, sem fer alveg í sömu átt, að eins er orðalagið annað á henni en hinni. Síðan atkvæðagreiðslan fór fram hér í deildinni í fyrra dag hefir sú breyting komið á þetta mál, að eg hef fengið skriflega yfirlýsingu 2 góðra og valinkunnra kaupmanna hér í bænum um, að þeir hafi í huga að stofna hér slátrunarhús í bænum, annaðhvort hvor út af fyrir sig eða í sameiningu; eg hefi þessa upplýsingu þeirra í höndunum, og er öllum velkomið að lesa hana. en eg álít ekki þörf á að lesa hana upp.

Mér er engin launung á því, hverjir þessir menn eru; það eru kaupmennirnir Gunnar Einarsson og Jón Þórðarson. Eg get enn fremur gefið þá upplýsingu, að annar þessara kaupmanna hefir þegar haft þetta í huga um undanfarinn tíma, og hefir þegar sent mann til Kaupmannahafnar, til þess að kynna sér slátrunarstörf á einu af hinum stærstu slátrunarhúsum þar. Þetta bendir á, að þessum kaupmanni er þetta alvörumál, og eg efast eigi um, að hann muni ráðast í þetta fyrirtæki að ári. Það hefir verið farið fram á, að styrkurinn til þessa fyrirtækis yrði veittur Búnaðarfélagi Íslands; en h. frsm. hefir þegar rækilega tekið það fram, að þetta eigi eftir eðli sínu að vera fyrirtæki einstakra manna, sem þá mætti styrkja af almannafé, og er eg því samþykkur. Eg vona því að háttv. deild og fjárlaganefnd samþykkir þessa breyt.till. mína með því, að gefa henni atkvæði sitt. Eg þarf ekki að fara mörgum orðum um, hversu mikil þörf er á þessu fyrirtæki bæði vegna Reykjavíkurbæjar og sveitanna hér sunnanlands; eg hef þegar bent á þetta áður við aðra umræðu þessa máls.

Svo á eg ásamt 2 öðrum h. þingm. brtill. á þskj. 592. Háttv. frsm. hefir að vísu lýst því yfir, að meiri hluti nefndarinnar hafi ekki verið hlyntur þessari fjárveitingu. Með henni, er farið fram á að hækka styrkinn til Stórstúku Íslands um 200 kr. hvort árið. Eins og öllum háttv. þdm. er kunnugt, hefir þetta félag mikið starf með höndum og munu þeir án efa allir viðurkenna, að það hafi komið miklu góðu til leiðar hingað til, og vona, eg, að það muni líka eftirleiðis gera það, þar sem um það er að ræða, að uppræta og eyða lakasta þjóðarlestinum hjá oss, sem bakar fjölda manna hin mestu fjárútgjöld, en miklu meira tjón í öðrum skilningi.

Eg er auðvitað þakklátur þinginu fyrir þann drjúga styrk, sem félagið hefir notið að undanförnu; en hins vegar vona eg, að h. þdm. sjái, að félag þetta hefir þörf á ríflegri styrk vegna hinna stóru útgjalda, sem á því hvíla, bæði með því að gefa út fleiri eða færri rit og með því að senda út menn, til þess að útbreiða bindindi og margt fleira. Af skýrslum félagsins má auðvitað sjá, að það, er ekki beinlínis fátækt; en á hinn bóginn er aðgætandi, að eigur þess standa mest í húsum og bókum, en ekki í arðberandi eignum.

Eg skal svo ekki fara fleirum orðum um þær breytingartillögur, sem eg hef fram að bera, en vona að eins, að hv. deild verði þeim hlynt og greiði atkvæði með þeim.

Landshöfðingi: Viðvíkjandi breytingartillögunni á þskj. 592, þar sem farið er fram á að hækka styrkinn til Stórstúku Good-Templarreglunnar um 200 kr. hvort árið, get eg gefið þær upplýsingar, að fjárlaganefndinni í Nd. barst bænaskrá frá Stóstúkunni um talsverða hækkun á styrkveitingu þeirri, sem stúkan hefir notið undanfarin ár, úr 800 kr. upp í 1500 kr. að mig minnir, og var það tekið fram í bænarskránni, að tilgangurinn með þessum aukna styrk væri sá, að verja honum til þess að „agitera“ fyrir innflutningsbanni á áfengi. Þetta leizt fjárlaganefndinni í Nd. ekki vel á, hún gat ekki fallist á, að landssjóður ætti að styrkja með fjárframlagi, starfsemi, sem hefði fyrir markmið að fella tekjur hans um 150 þús. kr. á ári, enda var eigi bent á, hvaða tekjur ættu að koma í staðinn, til að fylla upp í skarðið. Þar sem fjárlaganefndin í Nd. sá sér ekki fært að verða við þessari hækkun, þá er hætt við, þó hér sé farið fram á minni hækkun en í Nd., að tilgangurinn með þessari beiðni sé hinn sami nfl, að nota þennan landssjóðsstyrk, til þess að láta „agitera“ fyrir aðflutningsbanni á áfengi, og getur það frá sumra sjónarmiði verið gott og blessað, en frá landssjóðs sjónarmiði getur það aldrei verið gott, því að eg veit ekki, hvaðan lands-

sjóður ætti að fá þær tekjur, sem aðflutningsbann á áfengi hingað til lands hefði í för með sér.

Ólafur Ólafsson: Eg vildi að eins leyfa mér að taka það fram, að þessi fjárbeiðni er komin fram eftir ósk Stórstúkunnar. Eg skál alls ekki bera brigður á, að það er alveg satt, sem hæstv. landsh. benti á, að fé þessu mundi verða varið til „agitationa“ fyrir málefnum félagsins og þá líka til þess að „agitera“ fyrir innflutningsbanni á áfengi. Eg álít, að landssjóður hefði ekki neitt illt af því, þótt innflutningsbann á áfengi kæmist á, því að þá mundi koma einhver annar skattur í staðinn, svo að tekjur hans þyrftu ekki að rýrna tilfinnanlega við það. Eg álít einmitt, ef innflutningsbann á áfengi kæmist á, að þá yrðu menn færari um að bera þungan skatt. Áfengistollurinn kemur fram í svo mörgum myndum og ekki sem einfaldur, heldur sem margfaldur tollur fjölda manna til eymdar og ama. Þegar tolllögin voru til umr. hér í deildinni um daginn, tók eg ekki til máls, ekki af því að eg hefði ekki getað haft ýmislegt að athuga við þau, heldur af því að eg stóð nærri því einn uppi með þessa skoðun; og þó eg standi einn uppi með hana enn þá, þá álít eg það samt ekki rétt eða hollt fyrir þjóðfélagið í heild sinni að gera þetta stærsta böl þess að gróðaefni fyrir landssjóð.

Eg get vel ímyndað mér — eins og þegar hefir verið spáð — að það muni koma á daginn, að fé þessu yrði varið til þess að „agitera“ fyrir innflutningsbanni á áfengi, og væri því þá að mínu áliti mjög vel varið, því að eg er sannfærður um að þjóðin mundi græða stórkostlega á því bæði í andlegu og siðferðislegu tilliti, þó með því væru lagðir á hana nýir skattar og tollar.

Framsögumaður (Kristján Jónsson): Eg vildi einungis leyfa mér að gjöra þá athugasemd enn, viðvíkjandi breytingartillögunni á þskj. 598, að gjaldagrein sú, sem þar ræðir um, var samþykt í Nd. fyrir algjörðan misskilning. Eg hef skilríkan mann fyrir mér í því, að eigi voru í raun og veru nema 10 eða jafnvel 9 atkvæði með þessari fjárveitingu í Nd., og að meiri hlutinn þar þess vegna óski, að þessi liður væri feldur burt. Verði fjárveiting þessi samþykt hér í deildinni, get eg með fullri vissu spáð því, að hún verði feld burtu í h. Nd.

Axel V. Tulinius: Eg vildi að eins leyfa mér að gjöra þá stuttu aths., að eg hef skrifað undir breyt.till. á þskj. 592, ekki sem flutningsmaður, heldur einungis af því, að eg er málinu hlyntur. En eftir að eg hef fengið upplýsingar hjá h. flutningsmanni um það, að tilgangurinn með þeirri auknu styrkveitingu, sem þar ræðir um, sé með fram sá, að nota hann til þess að „agitera“ fyrir innflutningi á áfengi og spilla með því fyrir tekjum landssjóðs, þá mun eg greiða atkv. á móti þessari breytingartillögu.

Guðjón Guðlaugsson: Eg vildi að eins leyfa mér að fara fáum orðum um breyt.till. á þskj. (599) um fjárveitinguna til sjómerkja á Grímsey við Steingrímsfjörð, sem frsm. hefir mælt svo vel fram með, sérstaklega af því að eg hefi orðið þess áskynja, að sumir þdm. hafa misskilið orð hæstv. landsh., er hann sagði, að skipstjóri Aasberg hefði gert áætlun um, að það sjómerki mundi kosta um 10000 kr. Það er ekki meiningin, að þau sjómerki, sem hér ræðir um, mundu kosta svo mikið, heldur var það sagt í sambandi við athugasemd háttv. 1. þm. S.-Múl. (A. T.) um sjómerkin á Djúpavogi. Hugmynd Aasbergs var sú, að fá sjómerki úr járni á Grímsey, og gaf hann upplýsingar um að þau mundu kosta 7—10000 kr.; en hann hætti við það, vegna þess að honum þótti það alt of kostnaðarsamt, en áleit á hinn bóginn áreiðanleg merki úr

tré, og hefir áætlað, að þau mundu kosta 1000—1500 kr.

Sjómerki þessi standa ekki á skeri, heldur á hárri eyju, sem er lík Drangey á Skagafirði. Bæði skipstjórinn á Skálholti og Aasberg álíta það alveg nauðsynlegt að koma merkjunum upp og þess vegna hefir verið byrjað á því; en það var sýslunefndinni ofvaxið að setja upp svo sterk merki, og það var að eins af vinsældum við skipstjóra Aasberg, að hún tók að sér að setja upp 2 vörður, sem kostuðu hátt upp í 300 kr. Auk þess fékk hún allan við inn fluttan kostnaðarlaust. Næsta vetur fauk önnur varðan um.

Skipstjóri lét setja þetta sjómerki í öll kort, og þegar hann sá, að það var fokið, vildi hann fá sýslunefndina til að láta byrja á því á ný, en sýslunefndin hafði ekki fé til þess, og lét Aasberg þá reisa vörðuna sjálfur; en 20. sept. í haust brotnaði ofan af henni niður til miðju. Annars þarf eg ekki að orðlengja frekar um þetta mál, vegna þess að nefndin hefir tekið svo vel undir það og hæstv. landsh. líka.

Þó að mitt nafn standi aftast á br.till. á þskj. 598, þá leyfði eg því að standa þar, til þess að tillagan kæmist að, en ekki beint til þess að greiða atkv. með henni, enda geri eg það ekki.

Viðvíkjandi styrknum til „stórstúkunnar", þá er eg ekki með því að hann sé hækkaður. Eg skal auðvitað viðurkenna starfsemi þessa félags og viðleitni, en mér virðist samt upphæðin til þess fullmikil, og alls ekki ástæða til að hækka hana, og allra sízt ef á að brúka hana til „agitatióna". Við höfum fengið nógu marga „agitatora" upp um sveitirnar og kærum okkur ekki um þá fleiri. Því held eg, að þetta sé ekki nauðsynlegt, og slíkir sendimenn vinni bindindinu lítið gagn *(Ólafur Ólafsson:* Ónýtir agitatorar), og tölur þeirra eru miklu fremur til leiðinda, en að þær vinni bindindi nokkurt minsta gagn.

ATKV.GR:

1. Br.till. (585) við 11. gr. 6. a samþ. með 8 : 1. atkv.

1. Br.till. (599) við 12. gr. B. 3. samþ. í e. hlj.

2. Br.till. (585) við 12. gr. E. a 1 sþ. í e. hlj.

2. Br.till. (599) við 12. gr. E. 1. samþ. 10 shlj. atkv.

3. Br.till. (599) við 13. gr. B. III. c. 5 sþ. í e. hlj.

Br.till. (598) við 14. gr. A. samþ. með 6 : 5. atkv.

Br.till. (592) við 14. gr. A. 14 feld með 8 : 2. atkv.

4. Br.till. (599) við 14. gr. A. 18. sþ. með 10 shlj. atkv.

5. Br.till. (599) við 14. gr. B. I. a. 5. sþ. í e. hlj.

Br.till. (603) við 14. gr. B. samþ. í e. hlj.

Br.till. (600) við 14. gr. B. tekin aftur.

6. Br.till. (599) við 19. gr. 6. samþ. í e. hlj.

7. og 18. gr. frv. sþ. án atkv.gr.

Frv. með áorðnum br. sþ. í e. hlj. og og endursent forseta Nd.

Ein umr. 24. ágúst (C bls. 797, 820).

Framsögumaður (Kristján Jónsson): Eins og háttv. þingdeildarm. sjá á nefndarálitinu, hefir nefndin komið sér saman um, að ráða háttv. þingd. til að samþ. frv. óbreytt. eins og það er komið frá háttv. Nd., þótt ýmsar þær br., sem gerðar hafa verið á frv. þar, séu að voru áliti mjög óheppilegar. Eg skal svo stuttlega leyfa mér að benda á, að hverju leyti frv. þetta er frábrugðið því frv., sem var afgreitt héðan til Nd. í fyrra dag.

Við 12. gr. A. 2. hefir athugasemdin, sem feld var í burt hér í deildinni, verið sett inn aftur í Nd. Enn fremur hefir

við 12. gr. B, verið gerð sú breyting, að „til verkfræðings“, hefir verið breytt í „til verkfræðings landsins“, og formálinn „til aðstoðar“ o. s. frv., verið feldur í burtu, en eftir stafl. a. og b. hefir verið bætt inn svo hljóðandi klausu: „Verkfræðingnum skal undir yfirumsjón landsh. falin á hendur öll framkvæmd á vegagerðum landsins og ráðning verkstjóra og verkamanna“. Enn fremur hefir við 4. tölulið í sömu gr., verið gerð sú breyting, að sett hefir verið við liðinn: „Til brúargerðar á Skaptá“, þetta ákvæði: „gegn því að sýslan leggi til 1000 kr.“, í staðinn fyrir að í frv., eins og það fór héðan, stóð: „Gegn því að sýslan leggi til það, sem á vantar“. Þá hefir sú breyting verið gerð við sömu gr. C. 2., að styrkurinn til gufubátaferða á Ísafjarðardjúpi hefir verið færður upp um 500 kr., úr 3000 kr. upp í 3500 kr. Þá skal eg jafnframt geta þess, að í sömu grein undir E. j. er prentvilla „hann“, sem á að vera „byggingu hans“, en í næsta tölulið á eftir, staflið k.. á þar á móti að standa „hann“, í stað „byggingu hans“; orðin hafa þannig skifst á.

Við 13. gr. A. b. 2 hefir upphæðin til bráðabirgðaruppbótar fátækum brauðum verið færð niður úr 3000 kr. í 2800 kr.

Reynistaðarprestakall hefir verið tekið út úr þessum lið og sett sérstaklega undir tölulið 6, og tillagið til þess hækkað um 100 kr. Þá hefir við sömu grein B IV um Möðruvallaskólann verið bætt svo hljóðandi aths., að amtmanninum í Norðuramtinu skuli falin á hendur umsjón með skólanum. Þá hefir á bls. 16 við sömu grein VI a 3 verið gjörð sú breyting, að bætt hefir verið við töluliðinn viðvíkjandi kvennaskóla Húnvetninga orðunum „og Skagfirðinga“, og álít eg vafasamt, að það sé formlega rétt. Skólinn á Blönduósi er víst enn að eins skóli Húnvetninga. Þá er í sömu grein eftir tölul. 4 settur inn sem tölul. 5 styrkur til byggingar skólahúss á Blönduósi fyrir kvennaskóla Húnvetninga og Skagfirðinga 4000 kr. fyrra árið. Þá hefir verið fellt úr sömu grein tölul. b. 4. 800 kr. hvort árið til Jóns skólastjóra Þórarinssonar fyrir þann starfa, sem þar var ákveðinn. Þá er við sömu grein VIII, styrkurinn til Stefáns Eiríkssonar, til að halda uppi kenslu í teikningu og tréskurði í Reykjavík, færður upp úr 800 kr. í 1000 kr. síðara árið. Þá er við 14. gr. A 3 eftir staflið e feld burt fjárveitingin til útgáfu heimildarrita að sögu Íslands frá síðari öldum. Þá hefir undir tölul. 12 í sömu gr. verið bætt inn fjárveitingu til Þorsteins Erlingssonar 500 kr. hvort árið. Þá hefir verið gjörð lítilfjörleg breyting á því, hvernig orðuð er fjárveitingin til Jóns Jónssonar sagnfræðings, tölul. 19 í sömu grein, bætt við klausuna: „og halda sagnfræðislega fyrirlestra“. Þá hefir fjárveitingin til Halldórs kennara Briem 400 kr. fyrra árið, fyrir að semja alþýðlega Íslandssögu, verið feld burt, sem var tölul. 20 í sömu gr. Þá hefur tölul. 22 styrkurinn til leikfimis og skotfélags Eskifjarðar 400 kr. fyrra árið, verið feldur burt. Þá hefur verið gjörð sú breyting á tölul. 23 í sömu gr., að bætt hefir verið við 1000 kr. síðara árið, en það er fjárveitingin til Einars Jónssonar myndhöggvara. Þá hefir styrkurinn undir B c til Búnaðarfélags Íslands verið færður úr 10000 kr. upp í 12000 kr. hvort árið. Þá hefir styrkurinn til skógræktunartilrauna verið færður niður í 5000 kr. síðara árið, stfl. B g í sömu gr. Þá hefir liðurinn B 26, launaviðbót handa dýralækni Magnúsi Einarssyni, verið færður úr 600 kr. niður í 400 kr. Þá hefir tölul. 4 í sömu gr. B, fjárveitingin til kláðafróðs manns til aðstoðar við ráðstafanir gegn fjárkláða í Norður- og Austuramtinu á fjárhagstímabilinu, verið færð upp úr 4000 kr. í 6000 kr. Þá hefir verið sett inn í frv. ný fjárveiting sem tölul. 5 í sömu gr., nfl. 210 kr. fyrra árið til jafnaðarsjóðs Aust-

uramtsins sem endurgjald á tolli af 600 pd. af tóbaki til fjárkláða lækninga.

Eg skal taka það fram, að nefndin hefir fengið upplýsingar snertandi þetta atriði frá amtmanninum yfir Norður- og Austuramtinu, sem nú er staddur hér, og hefir oss eftir þeim skýrslum komið saman um, að sjálfsagt væri að láta þessa fjárveitingu standa.

Þá hefir styrkurinn til Rögnvaldar Ólafssonar, tölul. 12 í sömu gr. B, verið færður úr 700 kr. niður í 600 kr. hvort árið. Þá hefir úr 19. gr. verið feld burt 15000 kr. lánveitingar heimild til kirkna og prestakalla, en bætt við annari 15000 kr. lánveitingarheimild, nfl. handa þurrabúðarmönnum utan kaupstaða, til jarðræktar, og húsabóta.

Þá hefir enn verið bætt við í 19. gr. ákvæði um heimild, til þess að veita allt að 30000 kr. lán úr Viðlagasjóði hvort árið til þilskipakaupa frá útlöndum, og er sá liður látinn vera síðast í nefndri grein. Þá hefir að lokum athugasemdin í 19. gr. um, að öll þessi lán skuli því að eins veitast, að fé sé fyrir hendi í viðlagasjóði, sem án megi vera, verið feld burt.

Loks skal eg geta þess, að tölul. 20 í 14. gr. A (Styrkur til Sighvats Grímssonar) á að falla í burtu, þó að hann standi í frumv.; það er af vangá, því að fjárveiting þessi var feld í Nd.

Þetta eru þá þær breytingar, sem h. Nd. hefir gert á frumv. og hefir nefndin hér í þessari deild komist að þeirri niðurstöðu, eins og eg tók fram áðan, að réttast muni vera, að samþykkja frumv. óbreytt, eins og það er komið frá Nd. og ekki hætta á að láta það fara í sameinað þing. Það kom fyrir atvik í Nd. síðast, sem sýnir það glögt, að það getur verið varasamt að flækja frumv. fram og aftur milli deildanna. Það kom nefnilega fram í Nd. við 7. umr. fjárlaganna á þessu þingi tillaga um að leggja nýja gjaldagrein á landssjóðinn, sem nam 7500 kr., en h. Nd. hafði lag á að koma í veg fyrir það, að skaðræði hlytist af tillögunni, með því að sinna henni ekki og fella hana. Ef nú frumv. kæmi í sameinað þing, þá gæti vel farið svo, að það hefði ekki jafngott lag á því, að hafa hemil á meðlimum sínum, eins og h. Nd. hafði, og einhverjir þeirra kynnu að fá þessu lík vitfirringarköst, og tækju upp á því, að koma með algerlega óundirbúnar tillögur, og ef til vill gætu laumað þeim inn í fjárlögin. Það er ekki gott að vita, hvaða atvik kynnu að geta komið fram, ef frumv. kæmist í sameinað þing og þess vegna höfum vér lagt það til, að það verði samþykt óbreytt hér í deildinni, eins og það nú liggur fyrir, þó með því fororði, að breyt.till. þær, sem fram eru komnar, verði teknar aftur, enda hefir mér heyrst, bæði á hæstv. landsh. og á öðrum h. þm., sem á breyt.till. fyrirliggjandi, að svo muni verða gert. Ef svo er, þá er vonandi, að vér verðum svo heppnir að afgreiða frv. frá þinginu nú á þessum fundi, og eins og eg hefi tekið fram áður, hefir nefndin óskað, að svo gæti orðið.

Landshöfðingi: Eg á hér nokkrar breyt.till. við frumv., eins og það var samþ. í h. Nd. — Að vísu er ýmislegt fleira í frumv., sem þyrfti að leiðrétta, til þess að það mætti heita vel úr garði gert. H. framsm. (Kr. J.) tók fram, að það væri nokkur áhætta að láta frumv. koma í sameinað þing, og get eg verið því samþykkur, og álít, sem hann, hollast að una við það, eins og það nú liggur fyrir, þó að því sé í ýmsum atriðum ábótavant. Eg tek því aftur breyt.till. mínar við frumv.

Julius Havsteen: Þó að mér þyki það leitt, neyðist eg til að taka aftur breyt.till. mína við frumv., úr því að hæstv. landsh. hefir tekið breyt.till. sína aftur við sama lið. Hér var að eins farið fram á litla launaviðbót handa dýralæknunum, og helzta viðbáran gegn henni var sú, að

hann hefði fengið lítilfjörlega viðbót við laun sín í hitt eð fyrra. Það hefir þó komið margoft fyrir, að menn hafa fengið launaviðbætur hvað eftir annað, og þó ekki verið fundið að því. Laun dýralæknisins eru svo skammarlega lítil, að eg vona, að engum embættismanni verði nokkurn tíma framvegis boðin svo lítil laun, og að þeir dýralæknar, sem síðar verða skipaðir, fái meiri laun, en þessum hafa verið ætluð.

ATKV.GR.: Frumv. samþ. í e. hlj. og afgreitt til landsh. sem lög frá alþingi.

Lenging þingtimans.

Eftir beiðni forseta á fundi Ed. 10. ág. veitti landshöfðingi, samkvæmt heimild, sem honum er gefin til þess í konungsbréfi 17. maí þ. á., leyfi til þess, að þingtíminn væri lengdur um 14 daga eða til 24. ágúst.

Kosnir utanþings-starfsmenn.

Á ÞRIÐJA FUNDI í sameinuðu þingi, 16. ágúst, var kosinn framkvæmdarstjóri Söfnunarsjóðs Íslands

Eiríkur Briem með 31 atkv.

Á FUNDI Ed. 21. ágúst var kosinn yfirskoðunarmaður landsreikninga 1900 og 1901

prof. Sigurður Jensson með 10 atkv.

Á sama fundi kosinn gæzlustjóri Landsbankans

Kristján Jónsson yfirdómari með 10 atkv.

Á sama fundi kosinn gæzlustjóri við Söfnunarsjóð Íslands

Jón Jensson yfirdómari með 11 atkv.

Á FJÓRÐA FUNDI í sameinuðu þingi 26. ágúst var kosinn endurskoðunarmaður reikninga Landsbankans

Jón Jakobsson með 17atkv.

Ávarp til konungs.

TILLAGA til þingsályktunar um ávarp til konungs; ein umr., 17. ágúst (C bls. 619).

ATKV GR.: Samþ. með 6 atkv. að setja nefnd, til að semja ávarp til konungs. Kosnir voru:

Hallgr. Sveinsson	með	8 atkv.
Kristján Jónsson	—	7 —
Axel V. Tulinius	—	6 —

Ein umr., 26. ágúst (C bls. 819).

Eftir nokkrar umræður fyrir luktum dyrum, komu fram svo látandi breyt.till. við þskj. 638:

1. Við enda 1. málsgreinar bætist: „Enda hefir þessi skoðun komið fram á þingi í sumar hjá mörgum þingmönnum“; samþ. með 8 atkv.

2. Við aðra málsgrein fyrir „yður“ í 7. línu, komi: „Yðar Hátign“; samþ. með 8 atkv.

Ávarpið síðan samþ. með 8 atkv. að viðhöfðu nafnakalli og sögðu:

já:

Ólafur Ólafsson,
Sigurður Jensson,
Axel Tulinius,
Eiríkur Briem,
Hallgr. Sveinsson,
Julius Havsteen,
Kristján Jónson,
Magnús Andrésson.

Fjarverandi voru Guðjón Guðlaugsson, Gutt. Vigfússon og Jónas Jónassen.

Landshöfðingja síðan falið á hendur að afgreiða ávarpið til konungs.

Þinglok í efri deild.

Á fundi deildarinnar 26. ágúst, að lokinni dagskrá, var gjörðabók þess fundar lesin upp, samþ. og undirskrifuð, og að því búnu

fundi slitið.

Ferðakostnaðarnefnd.

Á 3. FUNDI, í sameinuðu þingi 16. ágúst var

kosin nefnd, til að úrskurða ferðakostnaðarreikninga alþingismanna.

Kosning hlutu:

Guttormur Vigfússon	með	25 atkv.
Klemens Jónsson	—	22 —
Sigurður Jensson	—	20 —
Valtýr Guðmundsson	—	19 —
Þórður Thoroddsen	—	19 —

Gjöf Jóns Sigurðssoar.

Á 2. FUNDI í sameinuðu þingi, 9. júlí var lögð fram skýrsla frá nefndinni um „Gjöf Jóns Sigurðssonar“ (C. þskj. 27), en á 3. fundi í sameinuðu þingi 16. ágúst var lagður fram reikningur yfir hana (C. þskj. 406), og kosin verðlaunanefnd samkvæmt 3. gr. í reglum um „Gjöf Jóns Sigurðssonar“. — Í nefndina voru kosnir:

Eiríkur Briem	með	30 atkv.
Steingrímur Thorsteinsson	—	27 —
Björn M. Ólsen	—	25 —

Þingi slitið.

Á 4. FUNDI í sameinuðu þingi, mánudaginn 26. ágúst, að aflokinni dagskrá, lýsti *landshöfðingi* því yfir í nafni Hans Hátignar konungsins, að

Alþingi væri slitið.

Stóð þá upp þm. Rvík, Tryggvi Gunnarsson, og mælti: „Lengi lifi konungur vor, Kristján hinn níundi“. Tóku þingmenn undir það með níföldu fagnaðarópi og gengu síðan af þingi.